



**HÁSKÓLI  
ÍSLANDS**

# **Ölvis rímur sterka og Bragða-Ölvis saga**

**Handrit, miðlun og þróun**

Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs 2025

**HUGVÍSINDASVIÐ**

**ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD**



Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands  
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar við  
doktorspróf í íslenskum bókmenntum

Dagsetning 4. september 2025  
Gauti Kristmannsson deildarforseti

Doktorsnefnd:

Aðalheiður Guðmundsdóttir, leiðbeinandi

Haukur Þorgeirsson

Matthew J. Driscoll

*Ölvis rímur sterka og Bragða-Ölvis saga: Handrit, miðlun og þróun*

© Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík

Reykjavík 2025

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar

ISBN: 978-9935-9811-6-5

ORCID: 0009-0002-7923-4346



## Ágrip

Rannsókn þessi fjallar um *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis sögu* og miðast við að endurmeta aldur rímnanna sem og prósagerðarinnar, auk þess sem leitast er við að varpa ljósi á þróun íslenskra bókmennta með sérstakri áherslu á *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*. Í upphafi er fjallað um þróun rímnahefðarinnar fram til síðbreytingar, og í framhaldinu eru rímurnar og sagan athugaðar og settar í samhengi við bókmenntaþróun síðmiðalda. Textaútgáfur á rímunum og sögunni, eftir öllum varðveittum textavitnum, fylgja verkinu í viðauka, þar sem efnið er að mestu óútgefið. Rannsóknin miðast því ekki einungis við það að auka við þekkingu á bókmenntaflóru Íslands á fyrri öldum, sagnaþróun og samblöndun hefða, heldur tryggir hún einnig aðgengi að þessum áður óútgefnum textum og kemur þeim þar með inn í fræðilega jafnt sem almenna umræðu.

Í ritgerðinni er leitast við að útskýra íslenska bókmenntahefð og sagnaþróun og skilja hvernig frásagnir „flökkuðu“ á milli bókmenntategunda og voru aðlagðar í breytilegu formi í takt við samfélagið. Leitast er við að aldursgreina rímurnar og prósagerðina, greina samband þeirra innbyrðis (breytingar á efnistöfum, lesbrigði og tilfærslu milli miðlunarforma) en einnig samband þeirra út á við (þ.e. tengsl við annað efni og hvernig efnið um Ölvi passar inn í bókmenntahefð og þróun á Íslandi). Spurt verður hvaða efni hafi legið að baki rímunum og hvernig efnið um Ölvi tengist *fornaldarsögum*, *ridðarasögum* og *konungasögum*, en formgerð, eða flétta, í rímunum virðist benda til þess að flóknari, lengri og ítarlegri frásögn hafi verið uppspretta rímnaflokkans um Ölvi. Þar sem rímur voru, næstum undantekningarlaust, ortar eftir áður skrifuðum og þekktum sögum er ekki fjarri lagi að spyrja hvort efnið um Ölvi sé komið frá glataðri prósafrásögn. Í framhaldinu er svo spurt hversu gamlar *Ölvis rímur sterka* eru og hvenær sagan sem lá að baki hafi verið þekkt, hvaða sagnahefð efnið tilheyri og hvaða þróun sé greinileg af breytingum þess.

Að lokum er spurt eftir hvaða leiðum efnið varðveittist og hvernig það breyttist við tilfærslu á miðlunarformum og milli handrita, hvaða lögmál eru bundin við frásagnarformið og hvar mörk skrifarans til að hafa áhrif á textann liggja. Reynt verður að svara þeim spurningum hvenær og hvernig prósagerðin varð til og hvað breyttist við tilfærslu efnis milli miðla, svo sem frá prósa yfir í rímur og aftur úr rímum yfir í prósa. Leitast verður við að skýra tengsl *Ölvis rímna sterka* við aðra rímnaflokk og rímnahefðina í heild sinni ásamt tengslum *Bragða-Ölvis sögu* við bókmenntir miðalda og aðrar afleiddar rímnasögur. Áhersla er lögð á að tengja söguna bókmenntaþróun á Íslandi og þróun rímnahefðarinnar á elstu skeiðum. Í þessu samhengi verður spurt hvað breytingar á efninu og textanum geti sagt okkur um ritunartímann, samfélagið sem varðveitti söguna og hugmyndafræði þess.

## Abstract

This study is centered around *Ölvis rímur sterka* and *Bragða-Ölvis saga* and focuses on reassessing the age of the rímur and of the derivative prose version, as well as trying to shed light on literary development with special emphasis on *Ölvis rímur sterka* and *Bragða-Ölvis saga*. The material will be examined and placed in the context of the literary development of the late Middle Ages. Text editions of the rímur and the saga, based on all preserved manuscripts, have been prepared and made available in an appendix to this study, as the material is mostly unpublished. The research is therefore not only aimed at increasing knowledge of the literary flora of Iceland in previous centuries, the development of sagas and the blending of traditions, but it also ensures access to these previously unpublished texts and thereby brings them into academic as well as general discussion. An effort is made to explain the Icelandic literary tradition and the development of stories and to understand how narratives “wandered” between literary genres and were adapted in a changing form in line with societal changes. The study will attempt to date the rímur and the saga, analyze their internal relationship (changes in subject matter, reading variations and shift between literary forms) but also their relationship externally (i.e. connection with other material and how the material about Ölvir fits into literary tradition and development in Iceland). An attempt will also be made to describe the development of the rímur tradition until the Reformation.

It will be asked what material lay behind the rímur and how the material about Ölvir is related to *foraldarsögur*, *riddarasögur* and *konungasögur*, as the structure and narrative thread in the rímur seems to indicate that a more complex, longer and detailed narrative was the source of the rímur. Since rímur were, almost without exception, based on previously written prose sagas, it is not far-fetched to ask if the material about Ölvir might derive from a lost prose narrative. One might also ask how old the rímur are and when the saga that they are based upon might have been known, which literary tradition it belongs to and what development can be discerned from its changes.

Questions will be posed considering the preservation of the material and how it changed during the transfer of media forms and between manuscripts, what laws are bound to the narrative form and where the limits of the writer to influence the text lie. An attempt will be made to answer when and how the prose version was created and what changed when the material was transferred between media, such as from prose to rímur and again from rímur to prose. An effort must be made to clarify the relationship between *Ölvis rímur sterka* and other rímur cycles, and the rímur tradition, as well as the relationship between the *Bragða-Ölvis saga* and medieval literature and other rímur-derived sagas. It will also be investigated what the changes in the material and in the text can tell us about the time of writing, the society that preserved the story, its ideology, or about literary development in Iceland and the development of the rímur tradition in the earliest periods.

## Þakkarlisti

Doktorsverkefnið hefur notið góðs af styrkjum, verkefnið hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, sem veittur var til þriggja ára frá 2016 til 2019. Þar að auki fékk verkefnið í tvígang Ríkisstyrk Árna Magnússonar til handritarannsókna í Kaupmannahöfn, fyrst árið 2016 og aftur árið 2019. Þá hefur hluti af ritgerð þessari, þó í breyttri mynd, birst sem grein í tímaritinu *SÓN: tímarit um óðfræði* og texti *Bragða-Ölvis sögu* verið gefin út með aðlagðri stafsetningu í *Hetjur fyrri alda: Fjórar gleymdar fornsögur* árið 2023.<sup>1</sup>

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa stutt mig á þessari vegferð minni, en sérlegar þakkir fá:

Aðalheiður Guðmundsdóttir leiðbeinandi minn ásamt Hauki Þorgeirssyni og Matthew J. Driscoll sem sátu í doktorsnefnd, fyrir gefandi samstarf, góð ráð og stuðning síðustu ára.

Afi og amma, Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttir fyrir prófarkalestur og leiðréttingar.

Anne Scherman fyrir að útvega myndir í góðum gæðum af handriti Jóns Eggertssonar í Stokkhólmi, Holm papp. 67, fol.

Katelin Parsons fyrir aðstoð og upplýsingar varðandi handrit í Vesturheimi og Katrínu Nielsdóttur, bókaverði í Manitoba, fyrir að útvega myndir af handriti Alberts Jóhannessonar í Manitoba, MB 034.

Katarzyna Kapitan fyrir að deila með mér myndum af doktorsritgerð Alfred Hoopers frá bókasafninu við University of Leeds.

Gottskálk Jensson fyrir aðstoð og þýðingar miðaldalatínu yfir á íslensku.

Guðrún Nordal fyrir meðmælabréf og aðstoð varðandi rannsóknarferð á British Library.

Árnastofnun á Íslandi og starfsfólki hennar fyrir vinnuaðstöðu, auðsýndan stuðning og fræðilegt vinnuumhverfi.

Árnastofnun í Kaupmannahöfn fyrir vinnuaðstöðu tímabundið.

---

<sup>1</sup> Teresa Dröfn F. Njarðvík, „Ölvis rímur sterka: Aldur og bragfræði“, *SÓN: tímarit um óðfræði*, 15. árg. (2017), bls. 109-142; Teresa Dröfn F. Njarðvík, *Hetjur fyrri alda: Fjórar gleymdar fornsögur* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2023).

# EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	1
1. RÍMUR FRÁ MIÐÖLDUM .....	6
1.1 RÍMNAHEFÐIN OG ÞRÓUN HENNAR .....	8
1.1.1 BÓKMENNTIR OG MUNNMENNTIR .....	15
1.2 MIÐALDARÍMUR: 1350-1550 .....	21
1.2.1 EFNI RÍMNA .....	24
1.2.2 MANSÖNGVAR .....	26
1.2.3 BRAGFRÆÐI .....	30
1.2.4 SKÁLDAMÁL OG STÍLL .....	33
1.3 TILFÆRSLA MILLI MIÐLUNARFORMA .....	35
2. SAGNAEFNIÐ UM ÖLVI HÁKONARSON .....	40
2.1 EINKENNI SAGNAEFNISINS OG BYGGING .....	41
2.1.1 SÖGUSVIÐ .....	41
2.1.2 EFNISÞÆTTIR .....	42
2.1.3 GREINING EFNISÞÁTTA: BYGGING .....	48
2.1.4 KJARNI SÖGUNNAR: FRYGÐ, MEYDÓMUR OG GETULEYSI .....	58
2.1.5 GERÐ OG MINNI .....	68
2.1.5.1 BLIND MINNI OG STÝFÐ MINNI .....	74
2.2 SAGAN UM ÖLVI HÁKONARSON Í BÓKMENNTALEGU SAMHENGI: TENGLS VIÐ AÐRAR MIÐALDASÖGUR .....	80
2.2.1 SAGNARITUN MIÐALDA .....	80
2.2.1.1 PÁFABRÉF GREGORÍUSAR VII .....	80
2.2.1.2 ADAM FRÁ BRIMUM .....	82
2.2.1.3 ÆLNOTH FRÁ KANTARABORG .....	84
2.2.2 KONUNGASÖGUR OG KONUNGASAGNAÞÆTTIR .....	85
2.2.2.1 MAGNÚS SAGA GÓÐA .....	86

2.2.2.2	KNYTTLINGA SAGA .....	87
2.2.2.3	ÁGRIP AF NOREGS KONUNGA SÖGUM .....	88
2.2.2.4	HÁKONAR SAGA HÁREKSSONAR .....	89
2.2.2.5	AUÐUNAR ÞÁTTUR VESTFIRSKA .....	91
2.2.2.6	SLYSA-HRÓA SAGA .....	92
2.2.2.7	HEMINGS ÞÁTTUR ÁSLÁKSSONAR .....	93
2.2.3	ÍSLENDINGASÖGUR .....	94
2.2.3.1	KRÓKA-REFS SAGA .....	94
2.2.3.2	VÍGA-GLÚMS SAGA .....	95
2.2.3.3	VATNSDÆLA SAGA .....	96
2.2.3.4	BRENNU-NJÁLS SAGA .....	96
2.2.3.5	KORMÁKS SAGA .....	97
2.2.4	FORNALDARSÖGUR .....	98
2.2.4.1	HERVARAR SAGA OG HEIDREKS .....	98
2.2.4.2	ÞORSTEINS SAGA VÍKINGSSONAR .....	99
2.2.5	MINNI ÚR KELTNESKRI HEFD .....	100
2.2.5.1	AIDED CHELTAIR .....	100
2.2.5.2	ÁLA-FLEKKS SAGA .....	101
2.3	ÁLMEÐN UMRÆÐA UM TEGUNDARGREININGU MIDALDABÓKMENNTA .....	103
2.4	TEGUNDAREINKENNI SAGNAEFNISINS UM ÖLVI HÁKONARSON OG FYRRI FLOKKUN .....	106
2.4.1	SAGNAEFNIÐ UM ÖLVI HÁKONARSON SEM KONUNGASAGNAÞÁTTUR .....	111
2.5	FLOKKUN ÖLVIS RÍMNA STERKA OG BRAGÐA-ÖLVIS SÖGU .....	122
3.	ÖLVIS RÍMUR STERKA .....	124
3.1	HANDRIT OG VARÐVEISLA .....	126
3.1.1	HÓLSBÓK – AM 603 4TO (H) .....	127
3.1.1.1	MÁLLÝSING .....	129
3.1.2	AM 616 D 4TO (C) .....	132

3.1.2.1 MÁLLÝSING .....	133
3.1.3 NKS 1133 FOL. (B) .....	135
3.1.3.1 MÁLLÝSING .....	137
3.1.4 JS 65 4TO .....	139
3.2 SAMANBURÐUR TEXTAVITNA .....	140
3.2.1 MISMUNUR TEXTAVITNA NKS 1133 FOL. – AM 616 D 4TO .....	143
3.2.1.1 TAFLA YFIR MISMUN TEXTAVITNA Í I. RÍMU .....	143
3.2.1.2 TAFLA YFIR MISMUN TEXTAVITNA Í II. RÍMU .....	145
3.2.1.3 TAFLA YFIR MISMUN TEXTAVITNA Í III. RÍMU .....	147
3.2.1.4 TAFLA YFIR MISMUN TEXTAVITNA Í IV. RÍMU .....	149
3.2.1.5 TAFLA YFIR MISMUN TEXTAVITNA Í V. RÍMU .....	151
3.2.1.6 TAFLA YFIR MISMUN TEXTAVITNA Í VI. RÍMU .....	153
3.2.1.7 MISMUNUR TEXTAVITNA: SAMANTEKT .....	155
3.2.2 ORDMENGFJAFRÆDILEG STÍLRANNSÓKN Á TEXTAFJARLÆGÐ Í ÖLVIS RÍMUM STERKA .....	156
3.2.2.1 FJARLÆGÐ INNBYRÐIS TEXTAVITNA .....	156
3.2.2.2 FJARLÆGÐ MILLI TEXTAVITNA – HEILD .....	158
3.2.2.3 FJARLÆFD VÍSNA INNAN I. RÍMU .....	159
3.2.2.4 FJARLÆFD VÍSNA INNAN II. RÍMU .....	160
3.2.2.5 FJARLÆFD VÍSNA INNAN III. RÍMU .....	161
3.2.2.6 FJARLÆFD VÍSNA INNAN IV. RÍMU .....	162
3.2.2.7 FJARLÆFD VÍSNA INNAN V. RÍMU .....	163
3.2.2.8 FJARLÆFD VÍSNA INNAN VI. RÍMU .....	164
3.2.3 SKÁLDAMÁL ÖLVIS RÍMNA STERKA EFTIR TEXTAVITNUM .....	168
3.2.3.1 SKÁLDAMÁL Í <i>HÓLSBÓK</i> .....	169
3.2.3.2 SKÁLDAMÁL Í AM 616 D 4TO .....	171
3.2.3.3 SKÁLDAMÁL Í NKS 1133 FOL. ....	179
3.2.3.4 SAMANTEKT UM SKÁLDAMÁL .....	186

3.2.4 MUNNLEG EINKENNI OG BREYTINGAR Í MUNNLEGRI GEYMD .....	186
3.3 BRAGFRÆÐI OG ALDURSGREINANDI EINKENNI Í ÖLVIS RÍMUM STERKA .....	189
3.3.1 ÖNNUR ALDURSGREINANDI EINKENNI Í BRAGFRÆÐI OG MÁLEINKENNUM ÖLVIS RÍMUM STERKA .....	191
3.4 SAMANBURÐUR Á SKÁLDAMÁLI .....	194
3.5 SAMANBURÐUR Á BRAGARHÁTTUM .....	199
3.6 ALDUR ÖLVIS RÍMNA STERKA .....	201
4. BRAGÐA-ÖLVIS SAGA .....	203
4.1 VITNISBURÐUR HANDRITA FRÁ 17. ÖLD .....	205
4.1.1 AM 601 B 4TO .....	205
4.1.1.1 ATHUGASEMDIR ÁRNA MAGNÚSSONAR Á SPÁSSÍU .....	208
4.1.1.2 MÁLFYRNING JÓNS EGGERTSSONAR .....	210
4.1.2 HOLM PAPP. 67 FOL. ....	213
4.1.3 LBS. 222 FOL. ....	215
4.1.4 BL ADD. MS 4859 .....	217
4.1.5 LESBRIGÐASKRÁ 17. ALDAR HANDRITA .....	220
4.1.5.1 GREINING LESBRIGÐA .....	223
4.1.6 UPPRUNI PRÓSAGERÐARINNAR .....	228
4.2 YNGRI TEXTAVITNI <i>BRAGÐA-ÖLVIS SÖGU</i> .....	236
4.2.1 LBS. 840 4TO .....	236
4.2.2 LBS. 633 FOL. ....	238
4.2.3 AM 395 FOL. ....	240
4.2.4 BL ADD. MS 4875 .....	242
4.2.5 JS 160 FOL. ....	243
4.2.6 LBS. 479 8VO .....	245
4.2.7 LBS. 3565 4TO .....	246
4.2.8 MS GERM. QU 27 .....	246
4.2.9 LBS. 1940 4TO .....	247

4.2.10 ÍB 426 4TO .....	249
4.2.11 SÁM 6 .....	250
4.2.12 MB 034 (JÓHANNESSON B) .....	251
4.2.13 LBS. 1503 4TO .....	253
4.3 LANDFRÆÐILEG DREIFING TEXTAVITNA .....	255
4.4 SAMANBURÐUR TEXTAVITNA .....	256
4.4.1 VIÐBÆTUR OG BREYTINGAR Í $\alpha$ -FLOKKI TEXTAVITNA .....	259
4.5 UPPRUNI OG ÞRÓUN BRAGÐA-ÖLVIS SÖGU .....	262
NIÐURSTÖÐUR.....	264
HEIMILDASKRÁ .....	267
VIÐAUKI I: ÖLVIS RÍMUR STERKA .....	287
I.I AM 603 4TO, BL. 29R .....	288
I.II AM 616 D 4TO, BL. 1R-10R .....	293
I.III NKS 1133 FOL., BLS. 145-196 .....	339
VIÐAUKI II: BRAGÐA-ÖLVIS SAGA .....	393
II.I AM 601 B 4TO, BL. 6V-10V .....	394
II.II HOLM PAPP. 67, FOL., BL. 117V-128V .....	402
II.III LBS. 222 FOL., BL. 93V-96R .....	410
II.IV BL ADD. MS 4859, BL. 6V-9V .....	418
II.V LBS 840 4TO, BL. 260V-264V .....	426
II.VI LBS. 633 FOL., BL. 336R-339V .....	434
II.VII AM 395 FOL., BL. 201R-206R .....	442
II.VIII BL ADD. MS 4875, BL. 22R-25V .....	449
II.IX JS 160 FOL., BL. 352R-354V .....	457
II.X LBS 479 VI 8VO, BL. 87R-94R .....	464
II.XI LBS 3565 4TO, BL. 88V-93V .....	472
II.XII MS GERM. QU. 27, BL. 78R-81V .....	479
II.XIII LBS 1940 4TO, BL. 56V-60V .....	486

II.XIV ÍB 426 4TO, BLS. 103-109 .....	494
II.XV SÁM 6, BL. 294R-299R .....	502
II.XVI MB 034 (JÓHANNESSON B,) BLS. 983-991 .....	510
II.XVII LBS 1503 4TO, BLS. 669-720 .....	518



„Þat er svo undarlegt at þessar gömlu bækur hverfa,  
svo at enginn veit hvat af þeim verði.“

*Magnús Jónsson í Tjaldanesi*



## Inngangur

Nokkuð algengt er að íslenskt sagnaefni frá fyrri öldum sé fljótandi í formi og flakki milli bókmenntagreina; þannig hafa kvæði verið endursögð í lausamálsfrásögnum og sagnir færðar í bundið mál. Þessi hneigð er sérlega áberandi í rímnakveðskap og varðveittum sögum síðmiðalda. *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis saga* eru dæmi um slíkt tilfelli, þar sem sagan er gerð eftir rímunum og líklegt er að rímurnar hafi aftur á móti verið byggðar á nú glataðri prósafrásögn. Minnstu mátti muna um það að rímurnar hefðu glatast með öllu, en þær eru einungis varðveittar í tveim handritum í heild sinni auk þess sem brot af rímunum er varðveitt á einu blaði í því þriðja. Afleidd prósaferð, *Bragða-Ölvis saga*, er varðveitt í alls sautján handritum frá 17. öld fram á 20. öld.

Peter Frederich Suhm nefndi *Bragða-Ölvis sögu* í fjórða bindi sínu af *Historie af Danemark* sem birtist á prenti árið 1790, en þar er tímabilið frá 1035 til 1095 til umfjöllunar. Þar nefndi hann söguna í tengslum við Svein Ástríðarson Danakonung og benti á tengsl sögunnar við *Hákonar sögu Hárekssonar*. Hann tók einnig sérstaklega fram að sögurnar tvær séu saman í handriti sem varðveitt er á Konungsbókhöfðunni í Stokkhólmi.<sup>1</sup> Í kjölfarið fjallaði Peter Erasmus Müller lítillega um *Bragða-Ölvis sögu* í viðauka við þriðja bindi sitt af *Sagabibliothek* sem kom út árið 1820, en þar birti hann stutta samantekt sögunnar á dönsku ásamt því að tengja hana við *Haralds sögu Sigurðarsonar* og *Hákonar sögu Hárekssonar*. Hann taldi söguna þó ekki merkilega, og að hún væri ekki annað en hliðarsaga, eða „sidestykke“ við *Hákonar sögu Hárekssonar*.<sup>2</sup>

Fyrir utan þetta hefur lítið sem ekkert verið skrifað um söguna af Ölvi sterka og það litla sem rannsakað hefur verið þarf nauðsynlega að endurskoða vegna rangfærslna. Svo virðist sem Alfred G. Hooper hafi verið fyrstur manna til að veita *Bragða-Ölvis sögu* sérstaklega athygli og fjalla lítillega um rímurnar í doktorsritgerð sinni árið 1932, auk þess sem hann birti textaútgáfu af sögunni sama ár í tímaritinu *Leeds Studies in English and Kindred Languages*. Þessi skrif virðast ekki hafa ratað inn í fræðilega umræðu og hafa því farið fram hjá síðari tíma fræðimönnum. Til að mynda er þess ekki getið í handritaskráum að útgáfan sé til.<sup>3</sup> Í greininni fjallaði Hooper lítillega um samband sögunnar og rímnanna, en þar sem hann notaðist einungis

---

<sup>1</sup> Suhm, *Historie af Danemark: Fra aar 1035 til 1095*, 4. bindi (Kaupmannahöfn: Berlings skrifter, 1790), bls. 482. Suhm nefnir reyndar í neðanmálsgrein sinni á sömu blaðsíðu að sögurnar tvær sé að finna í handritinu Holm. papp. fol. 68, en það mun vera prentvilla, þar sem í handritinu er einungis að finna *Hálfs sögu og Hálfsrekka*. Suhm átti eflaust við Holm. papp fol. 67, þar sem báðar sögurnar eru skráðar.

<sup>2</sup> Müller, *Sagabibliothek med anmærkninger og indledende afhandlinger*, 3. bindi (Kaupmannahöfn: Schultz, 1820), bls. 467–471.

<sup>3</sup> Sjá t.d. Simek og Hermann Pálsson, *Lexikon der Altnordischen literatur* (Stuttgart: Kröner, 2007).

við lítinn hluta varðveittra handrita þarfnast rannsóknin endurskoðunar. Það sama á við um doktorsritgerð hans. Sem dæmi, þá taldi Hooper að handrit sögunnar væru fimm talsins, þegar þau eru í raun sautján. Í upptalningu hans vantar öll handrit sem hýst eru á handritadeild Landsbókasafns.<sup>4</sup> Þá vitnaði Hooper hvergi í umfjöllun þeirra Suhms og Müllers í doktorsritgerð sinni og því hefur enginn fræðimaður í seinni tíð vakið athygli á tengslum *Bragða-Ölvis sögu* við konungasögur og konungasagnabætti, eins og bæði Suhm og Müller bentu snemma á.

Björn K. Þórólfsson, sem skrifaði heilmikla fræðibók um elstu rímur aðeins tveim árum eftir að Hooper lauk við doktorsritgerð sína, minntist lítillaga á *Ölvis rímur sterka* í bók sinni *Rímur fyrir 1600* þar sem hann segir meðal annars:

... efni rímnanna af Ölvi sterka og Sigurðar rímna Fornasonar er lygisögur um norræna menn, sem eiga að hafa verið uppi á dögum þeirra Magnúsar konungs góða og Hákonar Hlaðajarls. Þessar sögur eru nú ekki til í óbundnu máli, en þeir, sem þær settu saman (einkum höfundur Ölvissögu), munu hafa haft í huga þætti konungasagnanna.<sup>5</sup>

Björn virðist þar með ekki hafa vitað af tilvist *Bragða-Ölvis sögu* í óbundnu máli, því hann segir í tvígang: „saga af Ölvi sterka er ekki til í óbundnu máli“.<sup>6</sup> Þá er einnig augljóst að Björn hefur aldrei rekist á grein eða ritgerð Hoopers, því ella mætti ætla að honum væri fullkunnugt um tilvist sögunnar í óbundnu máli og hann hefði þá jafnvel vísað í skrif Hoopers að einhverju leyti í umfjöllun sinni um rímurnar.

Björn fjallaði stuttlega um brageinkenni rímnanna og endursegir sögu þeirra. Hann taldi að sagan sem liggur að baki rímnanna (hann á þá við efniviðinn, en ekki sögu í óbundnu máli) væri „auðsjáanlega mjög ung“ og aldursgreindi rímurnar til tímabilsins milli Orms Loftssonar og Sigurðar blinds, þ.e. um 1400–1550.<sup>7</sup> Það stemmir að nokkru leyti við tilgátu Hoopers sem taldi að rímurnar hefðu verið frumortar um 1400–1450. Í *Rímnatali* sínu hefur Finnur Sigmundsson tekið niðurstöður Björns upp og flokkað „Ölvers rímur“ með eldri rímum, þ.e. rímum fyrir 1600.<sup>8</sup> Þá hefur Jón Þorkelsson einnig flokkað rímurnar með öðrum rímum eldri en 1600 og bent á að rímurnar séu varðveittar í minnst tveimur gerðum.<sup>9</sup> Finnur Jónsson nefndi *Ölvis rímur sterka* í 4. bindi af *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*, þar sem hann fjallaði um

---

<sup>4</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, óprentuð doktorsritgerð, University of Leeds, 1932 og „Bragða-Ölvis saga now first edited“, *Leeds studies in English and kindred languages*, 1. tbl. (1932), bls. 42.

<sup>5</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1934), bls. 234.

<sup>6</sup> *Ibid.*, bls. 234 og 418.

<sup>7</sup> *Ibid.*, bls. 291. Ormur Loftsson er talinn fæddur um 1400 og látinn um 1446. Ekki er vitað hvenær Sigurður blindur lifði, annað en að hann lifði á 15. – 16. öld, en hann er talinn hafa ort með og þá samtímis Jóni Arasyni biskupi svo ætla mætti að hann hafi verið fæddur við lok 15. aldar og lifað fram undir miðja 16. öld.

<sup>8</sup> *Rímnatal*, 1. bindi, útg. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), bls. 190.

<sup>9</sup> Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede* (Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Høst & Søn's Forlag, 1888), bls. 143–144.

rímnakveðskap frá 1450–1550 og skipaði henni sess með B-flokki rímna (rímur um norsk-íslenskar persónur).<sup>10</sup>

Nýlega hefur Peter A. Jorgensen einnig fjallað um rímurnar og söguna lítilla í grein sinni „The Neglected Genre of Rímur-derived Prose and post-Reformation Jónatas saga“ þar sem hann segir stuttan tíma hafa liðið frá því að rímurnar voru ortar þar til sagan var samín: „...while the rímur, also known as Ölvís rímur Hákonarsonar and Ölvís rímur sterka, probably dates from the beginning of the sixteenth century, the derivative prose version stems from the end of that same century“.<sup>11</sup>

Nauðsynlegt er að endurmeta fullyrðingar fyrri fræðimanna um rímur og prósagerð söguefnisins um Ölvi sterka út frá öllum varðveittum handritum (sbr. skrif Hoopers og Björns K. Þórólfssonar). Nánari athugun á handritageymdinni, máleinkennum handrita og lesbrigðum sögunnar og rímnanna mun án vafa leiða til betri greiningar á tengslum rímnanna og sögunnar, aldri þeirra sem og þróun. Rannsókn þessi miðast því við að endurmeta aldur rímnanna sem og prósagerðarinnar, auk þess sem leitast er við að varpa ljósi á sagnaþróun á Íslandi með sérstakri áherslu á *Ölvís rímur sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*. Rímurnar og sagan verða athugaðar og settar í samhengi við bókmenntaþróun síðmiðalda á Íslandi. Textaútgáfur á rímum og sögunni, eftir öllum varðveittum textavitnum, fylgja verkinu í viðauka, þar sem efnið er ýmist óútféið eða illaðgengilegt. Rannsóknin miðast því ekki einungis við það að auka við þekkingu á bókmenntaflóru Íslands á fyrri öldum, sagnaþróun og samblöndun hefða, heldur tryggir hún einnig aðgengi að þessum áður óútfefnu textum og þar með kemur hún þeim inn í fræðilega jafnt sem almenna umræðu. Leitast verður við að útskýra íslenska bókmenntahefð og sagnaþróun og skilja hvernig frásagnir „flökkuðu“ milli bókmenntategunda og voru aðlagðar í breytilegu formi í takt við samfélagið. Í ritgerðinni verður leitast við að aldursgreina rímurnar og prósagerðina, greina samband þeirra innbyrðis (breytingar á efnistöku, lesbrigði og tilfærslu milli miðlunarforms) en einnig samband þeirra út á við (þ.e. tengsl við annað efni og hvernig efnið um Ölvi fellur að bókmenntahefðinni og sagnaþróun á Íslandi). Einnig verður reynt að lýsa þróun rímnahefðarinnar fram til síðbreytingar.

Spurt verður hvaða efni lá að baki rímum og hvernig efnið um Ölvi tengist fornaldarsögum, konungasögum og riddarasögum, en formgerð, eða flétta, í rímum virðist benda til að flóknari, lengri og ítarlegri frásögn hafi verið uppspretta rímnaflokksins um Ölvi. Þar sem rímur voru, næstum undantekningarlaust, ortar eftir áður skrifuðum og þekktum sögum er ekki fjarri lagi að

---

<sup>10</sup> Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske litteraturs historie*, 4. bindi (Kaupmannahöfn: G. E. C. Forlag, 1924), bls. 136.

<sup>11</sup> Jorgensen, „The neglected genre of rímur-derived prose and post-reformation Jónatas saga“, *Gripla* VII (1990), bls. 192.

spyrja hvort efnið um Ölvi sé komið frá glataðri prósafrásögn og verður sú tilgáta lögð fram. Þá mætti einnig spyrja hve gamlar *Ölvis rímur sterka* eru og hvenær sagan sem lá að baki hafi verið þekkt, hvaða sagnahefð efnið tilheyrir og hvaða þróun sé greinanleg af breytingum þess.

Spurt verður eftir hvaða leiðum efnið varðveittist og hvernig efnið breyttist við tilfærslu á miðlunarformum og milli handrita, hvaða lögmál eru bundin við frásagnarformið og hvar mörk skrifarans til að hafa áhrif á textann liggja. Reynt verður að svara því hvenær og hvernig prósagerðin varð til og hvað breyttist við tilfærslu efnis milli miðla, svo sem frá prósa yfir í rímur og aftur úr rímum yfir í prósa. Leitast verður við að skýra tengsl *Ölvis rímna sterka* við aðrar rímur og rímnahefðina ásamt tengslum *Bragða-Ölvis sögu* við bókmenntir miðalda. Þá verður einnig spurt hvað breytingar á efninu og textanum geta sagt okkur um ritunartímann, samfélagið sem varðveitti söguna, hugmyndafræði þess eða þá um bókmenntaþróun á Íslandi og þróun rímnahefðarinnar á elstu skeiðum.

Í fyrsta kafla er fjallað um rímnahefðina á Íslandi og um almenn tengsl sagna og rímna auk þess sem farið er yfir rannsókn- og útgáfusögu rímna á miðöldum. Þar er litið á rímnahefðina og mörkin milli bókmennta og munnmenta út frá kenningum um munnlegar bókmenntir og sviðslistafræði (en. *performance studies*) ásamt almennri umfjöllun um bragarhætti, skáldamál, stílfræði og mansöngva í rímum. Þá er einnig fjallað um tilfærslu sagnaefnis milli miðlunarforma, þ.e. úr prósafrásögn yfir í bundið mál og aftur frá bundnu máli yfir í prósafrásögn.

Í öðrum kafla er farið yfir efnið um Ölvi Hákonarson, bæði í rímum og prósa. Efnið er endursagt og gerð grein fyrir framvindu sögunnar bæði í rímum og prósagerð. Efninu er skipt upp í einstaka efnisþætti sem bera má saman ásamt því að formgerð og minni eru skoðuð sérstaklega. Þá eru hugsanleg efnisleg tengsl (byggð þá á sameiginlegri formgerð, sameiginlegum minnum eða sameiginlegum persónum) rakin sérstaklega. Tengsl efnisins við ólíkar bókmenntagreinar á borð við konungasögur, fornaldarsögur, riddarasögur og Íslendingasögur eru rakin. Þá er einnig lítillega fjallað um skilgreiningu bókmenntategunda á miðöldum og gerð grein fyrir nýjum viðhorfum á því sviði og rætt um vandann við að flokka sögur niður í skilgreinda flokka. Með þessari athugun á sagnaefninu og samanburði við annað efni verður reynt að staðsetja efnið um Ölvi Hákonarson innan íslenskrar bókmenntahefðar.

Í þriðja kafla er leitast við að aldursgreina rímurnar út frá bragfræðilegum og málsögulegum einkennum þeirra, handritum rímanna er lýst ítarlega og skyldleiki handrita greindur. Fjallað er um munnleg einkenni í varðveislu rímnaflokksins og hvernig hann virðist hafa tekið breytingum í munnlegri geymd. Þar er nýjum aðferðum beitt til að styðja við niðurstöður um munnleg einkenni rímanna og breytingar þeirra innan munnlegrar hefðar, með orðmengjafræðilegri

stílranssókn (en. *lexomic analysis*) á rímunum innbyrðis. Þá er einnig gerð samanburðarransókn á bragfræði og skáldamáli milli *Ölvis rímna sterka* og annarra rímnaflokka og sýnt fram á hvernig skáldamál gæti nýst við aldursgreiningar rímna og fjallað um þær rímur sem bera hvað mest sameiginlegt skáldamál með *Ölvis rímunum sterka*.

Í fjórða kafla er fjallað um uppruna prósagerðarinnar og aldur hennar, varðveislusaga hennar er rakin og handritum lýst sérstaklega og *stemma codicum* birt. Þar er einnig fjallað um það hvernig varðveisla textans varð til þess að gera þurfti athugasemdir á spássíur til að skýra textann – og hvernig þær athugasemdir áttu svo þátt í að móta sjálfan textann. Þar er litið til efnislegrar textafræði (en. *material philology*) til að skýra textaþróun. Einnig er fjallað um tilfærslu á miðlunarformi efnisins og hvaða þátt formkröfur hafa átt í sagnaþróun þess til viðbótar við hin efnislegu áhrif.

Að lokum eru niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman í sér kafla og eftir fylgja textaútgáfur í viðauka, á bæði *Ölvis rímunum sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*, eftir öllum varðveittum handritum. Þar eru textaútgáfur stafréttar og er öllum textavitnum gert jafn hátt undir höfði með fullri birtingu.

# 1. Rímur frá miðöldum

Rímur hafa fylgt Íslendingum öldum saman og ógrynni handrita með rímnauppskriftum bera vitni um vinsældir þeirra. Sögur, oftast nær ritaðar, voru færðar yfir í bundið mál og endursagðar í formi rímna. Þar er hinn undirliggjandi söguþráður rakinn í einu eða fleiri bragformum, með skáldamáli rímna og öðrum viðeigandi stílbrögðum. Rímur eru því frásagnarkvæði, þar sem efnisþáttum sagnaefnisins er oftast skipt upp í stakar rímur sem saman mynda einn rímnaflokk. Í hverjum rímnaflokki eru oftast en ekki nokkrar rímur,<sup>12</sup> og hver ríma samanstendur af mismörgum erindum eða vísum.

Rímur voru fyrst ortar á 14. öld, að því að talið er, og heldur rímnahefðin velli fram á 20. öld; deilt er um rætur rímna og hvort um sé að ræða séríslenska þróun skáldskapar eða hvort rímur hafi orðið til og þróast fyrir erlend áhrif.<sup>13</sup> Þrátt fyrir óumdeildar vinsældir rímna meðal þjóðarinnar er varðveisla elstu rímna og rímnahandrita fremur bágborin. Þótt rímur séu varðveittar frá fjórtándu og fimmtándu öld þá eru rímnahandrit ekki svo gömul, ef frá er talin uppskrift Flateyjarbókar (u.þ.b. 1390) af *Ólafs rímu Haraldssonar*. Að öðru leyti eru elstu handrit sem varðveist hafa og innihalda rímur frá sextándu öld. Víst er að *Ólafs ríma Haraldssonar* hafi ekki verið nýort er hún var skráð „en hversu lengi bókmenntagreinin hefur þá lifað er óvíst, en aftur fyrir 1300 verður hún ekki dregin“.<sup>14</sup> Miðaldarímur eru margar hverjar varðveittar í skinnbókum frá sextándu öld, en meirihluti rímna er í pappírshandritum frá sautjándu öld og síðar. Fyrir kemur að í skinnbókum séu aðeins varðveitt brot af rímum og eru þar oft stórar eyður í, en í sumum tilfellum er mögulegt að fylla upp í eyður með texta yngri pappírshandrita.

Í umfjöllun sinni um miðaldarímur, þ.e. rímur sem voru ortar fyrir 1550, skipti Björn K. Þórólfsson þessu frumskeiði rímna niður í fjögur tímasteið; elsta rímnasteið, annað skeið rímna, þriðja skeið rímna og loks fjórða skeið rímna. Rímnasteiðin afmarkaði hann með nafngreindum skáldum.<sup>15</sup> Haukur Þorgeirsson lætur hins vegar aldahelminga afmarka rímnasteiðin í

---

<sup>12</sup> Í örfáum tilvikum er ekki um flokk að ræða, heldur einungis staka rímu, eins og í *Ólafs rímu Haraldssonar* eða *Skíðarímu*.

<sup>13</sup> Sjá t.d. Craigie, *Sýnisbók íslenzkra rímna*, I. bindi (London: Thomas Nelson and Sons, 1952); Véstein Ólason, *The traditional ballads of Iceland* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1982); Mitchell, *Heroic sagas and ballads* (Ithaca: Cornell University Press, 1991) og Sverri Tómasson „Nýsköpun eða endurtekning? Íslensk skáldmennt og Snorra Edda fram til 1609“, *Guðamjöldur og arnarleir: Safn ritgerða um eddulist* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996), „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda“, *Ritið*, 3. hefti, 5. árg (2005), bls. 77–94 og „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, *Balladen-stimmen: Vokalität als theorisches und historisches phänomen*, Beiträge zur Nordischen philologie, 40. hefti (Tübingen: A. Francke Verlag Tübingen und Basel, 2012).

<sup>14</sup> Sverrir Tómasson, „Nýsköpun eða endurtekning?“, bls. 24.

<sup>15</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 249–516.

doktorsritgerð sinni frá árinu 2013 og verður þeirri afmörkun haldið hér.<sup>16</sup> Samkvæmt henni telst elsta skeið miðaldarímna vera milli 1350 og 1400, annað skeið rímna nær frá 1400 til 1450, þriðja skeið rímna frá 1450 til 1500 og loks fjórða skeið rímna frá 1500 til 1550.

Það að raða rímnaflokkum niður á tímsskeið getur skipt sköpum fyrir þróunarsögu rímna, en oft getur reynst flókið að aldursgreina einstaka flokka. Þegar kemur að því að aldursgreina rímur dugir lítið að horfa til aldurs handritanna, því að eins og fyrr segir eru elstu rímur yfirleitt varðveittar í yngri handritum. Þar sem varðveisla þeirra er stopul og handritin jafnvel óheil, getur reynst erfitt að greina aldur þeirra eða gera grein fyrir þróun rímna á miðöldum. Annað sem torveldar aldursgreiningu rímna er skortur á útgáfum og samanburði milli rímnaflokkanna. Á Íslandi eru yfir 1050 rímnaflokkar varðveittir<sup>17</sup> en einungis brot þeirra hefur verið gefið út. Rannsóknir á rímum undanfarið, sér í lagi varðandi þróun þeirra á elsta skeiði, eru takmarkaðar og rétt ná að krafsa í yfirborðið eins og Philip Lavender hefur sagt: „Although *rímur* can be said to ‘dominate the Icelandic literary scene for nearly 600 years’, the number of printed editions is few, and the scholarship relating to them could be said to amount to just the tip of the iceberg“.<sup>18</sup> Reyndar mætti benda á að flestir rímnaflokkar frá miðöldum hafa verið gefnir út, en margar útgáfur þeirra eru komnar til ára sinna og oftar en ekki er enginn samanburður gerður á elstu rímum, einkennum þeirra og þróun. Þá er einnig áberandi að þótt rímnaflokkarnir hafi verið gefnir út er því ekki að heilsa að fjallað hafi verið um þá textafræðilega, og miðlun þeirra og/eða viðtökusaga hefur ekki verið rannsökuð ítarlega í samanburði við sama sagnaefni í prósagerðum.<sup>19</sup> Meirihluta miðaldarímna má finna í *Rímna safni* Finns Jónssonar, sem kom út í tveim bindum á árunum 1905–1922. Í útgáfunni er lögð áhersla á texta rímnanna en einungis lítillega er fjallað um hverja rímu fyrir sig, máleinkenni, bragform og annað sem nýst gæti í rannsóknum á rímnahefðinni. Eftir standa svo fjölmargir yngri rímnaflokkar sem hafa aldrei birst á prenti – og betur má ef duga skal.

Þótt fjallað sé um rímur sem tiltekna grein bókmennata er ekki þar með sagt að þær séu

---

<sup>16</sup> Sjá Hauk Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi: Stóðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á rímum af Ormari Fraðmarsyni* (Reykjavík: Hugvísindastofnun, 2013), bls. 249–257.

<sup>17</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 60. Í *Rímnatali* sínu nafngreindir Finnur Sigmundsson um 1050 varðveitta rímnaflokkanna, auk þess sem hann nefnir um 300 rímnaflokkanna sem getið er um í heimildum en hafa ekki varðveist, sjá *Rímnatal I–II* (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), bls. v.

<sup>18</sup> Lavender, *Whatever happened to Illuga saga Gríðarfóstra?: Origin, transmission and reception of a fornaldarsaga* (Kaupmannahöfn: University of Copenhagen, 2014), bls. 230.

<sup>19</sup> Kapitan, „Medieval poetry in post-medieval manuscripts: New perspectives on the transmission history of Griplur“, *Scripta islandica*, 71. árg. (2020), bls. 51–52. Helstu undantekningar eins og Kapitan telur upp eru, auk hennar sjálfar, rannsóknir Lavender, sjá *Long lives of short sagas: The irrepresentability of narrative and the case of Illuga saga Gríðarfóstra* (Kaupmannahöfn: University Press of Southern Denmark, 2020) og Aðalheiðar Guðmundsdóttur, sjá *Úlhams saga* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2001). Sjá þó einnig Love, *The reception of Hervarar saga ok Heiðreks from the Middle Ages to the seventeenth century*, Münchner Nordistische studien, 14. hefti (München: Utzverlag, 2022).

bókmenntategund. Í umfjöllun sinni um hlutverk rímna á síðmiðöldum segir Sverrir Tómasson: „Rímur are not one genre, although they have been treated this way by scholars; they are many genres in verses...“.<sup>20</sup> Fornaldarsögum, riddarasögum, goðsögum, Íslendingasögum og öðru sagnaefni var snúið í rímnaform, svo efnisflokkar rímna eru mismunandi. Þá varð einnig algengt að efni sem hafði verið snúið yfir á rímnaform væri snúið aftur yfir í lausamálsfrásögn og þannig gat sagnaefni flust milli miðlunarforma, úr prósagerð yfir í rímur og úr rímum yfir í prósagerð. Því er mikilvægt, þegar rannsaka á sagnaefni, að líta til allra miðlunarforma sem sagnaefnið hefur varðveist í, svo hægt sé að nálgast heildarvarðveislumynd efnisins.

## 1.1 Rímnahefðin og þróun hennar

Upphaf rímnahefðar á Íslandi miðast við 14. öld, hugsanlega fyrri hluta aldarinnar.<sup>21</sup> Elsta rímnauppskrift sem nú er varðveitt er *Ólafs ríma Haraldssonar*, sem skráð var í *Flateyjarbók* undir lok aldarinnar og er eignuð Einari Gilssyni. Flest bendir til þess að ríman hafi ekki verið með öllu nýort er hún var skráð, þar sem rímnaforminu er beitt með lagni og virðist nokkuð vel mótað.<sup>22</sup> Þar áður hafði þó ríkt sterk hefð fyrir frásagnarljóðum hérlendis, eins og eddukvæði og dróttkvæði vitna um.

Rímnahefðin sjálf er séríslenskt fyrirbæri,<sup>23</sup> en þó má greina erlend áhrif í þróun hennar.<sup>24</sup> Rímnahefðina mætti setja í samhengi við þá þróun sem átti sér stað víðsvegar í Evrópu, þar sem ýmis form frásagnakvæða litu dagsins ljós um sama leyti.<sup>25</sup> Þar mætti nefna frönsk og þýsk söguljóð, enskar ballöður og latneskan kveðskap. Upphaflega héldu fræðimenn því fram að ferskeyttur háttur, sem kemur fram í elstu rímum, sé rammíslenskur bragarháttur og líktist einna

---

<sup>20</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 72.

<sup>21</sup> Vésteinn Ólason, *The traditional ballads of Iceland*, bls. 52–53; Sverrir Tómasson, „Nýsköpun eða endurtekning?“, bls. 24; Hughes, „Late secular poetry“, *Companion to old Norse-Icelandic literature and culture*, ritstj. McTurk (Oxford: Blackwell Publishing, 2007), bls. 206.

<sup>22</sup> Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 299; Vésteinn Ólason, *The traditional ballads of Iceland*, bls. 52–53; Sverrir Tómasson, „Nýsköpun eða endurtekning?“, bls. 24; Hughes, „Late secular poetry“, bls. 206.

<sup>23</sup> Hughes, „Late secular poetry“, bls. 206; Eva María Jónsdóttir, *Óðar smiður þó annar fyrr undan hafi gengið: Grettis rímur frá 15., 17. og 19. öld*, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2016, bls. 27.

<sup>24</sup> Sjá m.a. Guðbrand Vigfússon og Powell, *Corpus poeticum boreale*, II. bindi (Oxford: Clarendon Press, 1883); Finn Jónsson, *Stutt íslensk bragfræði* (Kaupmannahöfn: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1892); Mogk, *Geschichte der Norwegisch-Islandisch literatur* (Strassburg: Karl J. Trübner, 1904); Craigie, *Sýnisbók íslenzkra rímna*, I. bindi; Véstein Ólason, *The traditional ballads of Iceland*; Mitchell, *Heroic sagas and ballads* og Sverri Tómasson „Nýsköpun eða endurtekning?“, „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda“, og „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“.

<sup>25</sup> Driscoll er með gott yfirlit um rímnahefðina, sjá „Rímur“, *Scripta minora: Selected essays on Icelandic manuscripts and texts*, ritstj. Anne Mette Hansen, René Hernánáñez Vera og N. Kivilcim Yavuz (Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2024), bls. 61-87.

helst runhendu sem þekkt er úr dróttkvæðum.<sup>26</sup> Finnur Jónsson andmælti þeirri skoðun og benti á að ferskeyttur háttur gæti ekki verið komin frá runhendu.<sup>27</sup> Guðbrandur Vigfússon rakti háttinn til kristilegra latneskra kvæða,<sup>28</sup> og tók þýski fræðimaðurinn Eugen Mogk undir þá kenningu og benti enn fremur á að hátturinn hafi verið notaður til að yrkja um dýrtinga á latínu og vísaði í *Ólafs rímu Haraldssonar*<sup>29</sup> máli sínu til stuðnings.<sup>30</sup> Finnur Jónsson tók einnig undir þá skoðun og vísaði í *Þorlákssöng*, sem er kvæði frá um 1200.<sup>31</sup> Björn K. Þórólfsson rakti þessar skoðanir fyrri fræðimanna um uppruna rímnahéðarinnar í bók sinni *Rímur fyrir 1600* og benti enn fremur á líkindi rímna við sagnadansa og annars konar þjóðkvæði á Norðurlöndum og Englandi.<sup>32</sup> William A. Craigie og Vésteinn Ólason hafa einnig bent á skyldleika rímna við kvæði ort á miðensku.<sup>33</sup> Þá benti Vésteinn á að erlendar hliðstæður megi finna við aðra rímnahætti: „Þá niðurstöðu að ferskeyttan eigi sér fyrirmyndir eða hliðstæður í lýrískum kveðskap, trúarlegum og veraldlegum, í nálægum löndum má enn treysta með því að benda á að hið sama á við um aðra hinna elstu rímnahátta“.<sup>34</sup> Enn aðrir fræðimenn hafa þá bent á skyldleika rímnahátta við ferkvæða danshætti.<sup>35</sup> Rímnahéðina mætti því setja í samhengi við almenna þróun kveðskapar í Evrópu, þar sem veraldlegar frásagnir voru settar fram í ljóðformi undir bragarháttum sem sóttir voru í latneskan kveðskap.

Eins og sýnt hefur verið fram á er ýmislegt líkt með rímnahéðinni og enskum, frönskum og þýskum kveðskap frá 14. öld,<sup>36</sup> en óljóst er hvort um bein tengsl sé að ræða eða sameiginlega þróun kveðskapar á ólíkum þjóðtungum. Eins og bent hefur verið á, koma þessar nýjungar í kveðskap á 14. öld of seint fram til að geta haft bein áhrif á uppruna rímnahéðarinnar.<sup>37</sup> Þrátt fyrir þessa óvissu um uppruna, og vangaveltur um að hve miklu leyti rímnahéðin hafi orðið fyrir erlendum áhrifum, þá býr hún vissulega yfir ýmsum íslenskum einkennum sem ekki eiga sér

<sup>26</sup> Sjá m.a. *Riddararímur*, útg. Wesén (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1881); Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede* og Sievers, *Altgermanische metrik* (Halle: Max Niemeyer Verlag, 1893).

<sup>27</sup> Finnur Jónsson, *Stutt íslensk bragfræði*, bls. 60.

<sup>28</sup> Guðbrandur Vigfússon og Powell, *Corpus poeticum boreale*, II. bindi, bls. 393.

<sup>29</sup> Ólafur helgi Haraldsson var tekinn í dýrtingatölu á 12. öld.

<sup>30</sup> Mogk, *Geschichte der Norwegisch-Islandisch literatur*, bls. 169–170.

<sup>31</sup> Finnur Jónsson, *Stutt íslensk bragfræði*, bls. 61.

<sup>32</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 35, 45–46, 50–51.

<sup>33</sup> Craigie, *Sýnisbók íslenskra rímna*, I. bindi, bls. 290; Vésteinn Ólason, „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöldum“, *Skírnir*, 150. árg. (1976), bls. 70–74.

<sup>34</sup> Vésteinn Ólason, „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöldum“, bls. 74. Í *The traditional ballads of Iceland* rekur Vésteinn dæmi um erlendar hliðstæður við úrkast, stafhendu og skáhendu, bls. 69–76.

<sup>35</sup> Sjá m.a. Storm, *Sagnkredsene om Karl den store og Didrik af Bern hos de Nordiske folk* (Kristjánía: Norske historiske forening, 1874); Rosenberg, *Nordboernes aandsliv fra oldtiden til vore dage* (Kaupmannahöfn: Samfundet til den danske literaturs fremme, 1878) og Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*.

<sup>36</sup> Vésteinn Ólason, *The tradition ballads of Iceland*, bls. 59–82.

<sup>37</sup> Hughes, „Late secular poetry“; bls. 206; Cole, „Poetry, identity, nation: alliterative meter in fourteenth century England“, *Approaches to Nordic and Germanic poetry*, ritstj. Kristján Árnason et al. (Reykjavík: University of Iceland Press, 2016), bls. 283–310.

hliðstæðu í kveðskap annarra Evrópuþjóða. Þar ber hæst að nefna skáldamálið og önnur bragfræðileg einkenni sem rímnahefðin sótti í innlenda hefð og erfði þá einkum frá eddukvæðum og dróttkvæðum. Því hefur upphaf rímnahefðar oft verið sett í samhengi við dróttkvæðahefð og því jafnvel haldið fram að rímnahefðin hafi þróast upp úr henni.

Frásagnarkvæði í formi eddukvæða og dróttkvæða höfðu lengi tíðkast áður en farið var að yrkja rímur. Eddukvæði, þ.e. frásagnarkvæði undir edduháttum, eiga sér fornar rætur og eru skyld evrópskum þjóðkvæðum. Efnistöð þeirra eru þó fremur „almenn og fjarlæg, og þau bera á margan hátt vott um aldalangt líf kvæðagreinarnnar á manna vörum“.<sup>38</sup> Eddukvæði eru að megni til frásagnarkvæði ort eftir goðsögum og hetjusögnum, og eru oft „epísk, epísk-dramatísk – þ.e. sambland frásagnar og samtala“.<sup>39</sup> Meginþorri þeirra hefur varðveist í munnlegri geymd, en fáein þeirra bera þess merki að vera ort eftir upphaf ritaldar.<sup>40</sup> Þótt eddukvæði séu samkvæmt hefð flokkuð í goðakvæði og hetjukvæði,<sup>41</sup> þá rúmast þar innan undirflokkar og annars konar kvæði; þulukennar upptalningar, fróðleikskvæði af goðfræðilegu og almennu tagi, heimsmyndarkvæði, spádómskvæði og kvæði sem sækja efnivið sinn í ævintýri eða þjóðfræðilegt efni sem og kristilegt efni.<sup>42</sup>

Dróttkvæði eru ívið flóknari kvæðahefð, borið saman við eddukvæðin, og bera þess skýr merki að tilheyra efra lagi samfélagsins, svo sem lærðum skáldum, höfðingjum og konungum. Nafnið sjálft merkir hirðkvæði, og voru mörg þeirra ort af svonefndum hirðskáldum til að lofa konunga og höfðingja, gjarnan fyrir laun. Dróttkvæðir hættir eru oftar en ekki flóknir, skáldamálið torvelt og bera kvæðin merki um lærdóm. Dróttkvæði eru oftar samtímakvæði og fjalla um ríkjandi höfðingja eða nýliðna atburði. Þau eru „lýrisk, lýsa persónulegu viðbragði eða persónulegri afstöðu“.<sup>43</sup> Dróttkvæðum má einnig skipta í undirflokk, eða goðfræðileg kvæði, hirðkvæði, erfikvæði, tækifæriskvæði, lausavísur og söguleg kvæði.<sup>44</sup>

Ákveðin brageinkenni sem og skáldskaparmál má finna í báðum flokkum þessara frásagnarkvæða, svo sem notkun stuðla og heita. Dróttkvæði eru þó öllu dýrari en eddukvæði og bragform þeirra fjölbreyttara um leið, eins og hendingar bera vitni um. Skáldskaparmál þeirra er sömuleiðis fjölbreyttara og eitt aðaleinkenni þess er notkun kenninga, sem geta jafnan verið flóknar og torskildar þar sem þær eru sóttar í goðsögur og krefjast því þekkingar á því efni. Öll þessi atriði má finna í rímum frá elsta skeiði; í *Ólafs rímu Haraldssonar* og *Sörla rímum* eru

<sup>38</sup> Vésteinn Ólason, „Kveðskapur af fornum rötum – eðli og einkenni“, *Íslensk bókmenntasaga*, I. bindi, 1. útg., ritstj. Vésteinn Ólason (Reykjavík: Mál og Menning, 2006), bls. 52–53.

<sup>39</sup> Ibid., bls. 53.

<sup>40</sup> Ibid., bls. 49–50, Vésteinn Ólason, „Eddulvæði“, *Íslensk bókmenntasaga*, I. bindi, bls. 187.

<sup>41</sup> Sú skipting kemur strax fram í *Konungsbók Eddukvæða*, GKS 2365 4to, sem rituð er á 13. öld.

<sup>42</sup> Vésteinn Ólason, „Kveðskapur af fornum rötum – eðli og einkenni“, bls. 54; 78; „Eddukvæði“, bls. 80–186.

<sup>43</sup> Ibid., bls. 54.

<sup>44</sup> Ibid., bls. 54; „Dróttkvæði“, *Íslensk bókmenntasaga*, I. bindi, bls. 201–260.

heiti, kenningar og stuðlar notuð með reglubundnum hætti og einnig eru aðalhendingar í V. rímu *Sörla rímna*.

Um skilin milli dróttkvæða og rímna og þá þróun sem átti sér stað í innlendri kvæðahefð á 14. öld hafa þó nokkrir fjallað. Björn K. Þórólfsson hélt því fram að rímur væru „framhald einnar greinar dróttkvæða, og að elstu rímur hefðu staðið mjög nærri dróttkvæðum að öðru leyti en því, að bragarhátturinn var nýr“.<sup>45</sup> Telur hann að rímur hafi þróast eftir fyrirmynd dróttkvæða og danskvæða, og smám saman orðið lengri: „Nú var kominn háttur, sem tiltölulega auðvelt var að yrkja löng kvæði undir, og svo var hitt að söguform var Íslendingum tamt að hafa á frásögnum öllum. Rímurnar fjarlægðust því brátt dróttkvæðin og dansana, og færðust nær sögunum sem eftir var kveðið“.<sup>46</sup> Björn taldi að það hefði tíðkast hjá dróttkvæðaskáldum 14. aldar að yrkja dróttkvæði eftir sögum, og að þar hafi myndast sérstök grein dróttkvæða sem væri „fyrirmynd elstu rímnanna, um flest annað en bragarhátt“.<sup>47</sup>

Sigurður Nordal, sem birti ritgerð sína „Sagalitteraturen“ árið 1953, er sömu skoðunnar:

Og i det 14. aarh. frister den islandske poesi ikke udelukkende livet ved sin form, som fortsættelse af den gamle tradition. Den faar i det indførte episke *folkeviser* en ny impuls, som prosalitteraturen ikke mere modtager noget sidestykke til, og den frembringer paa grundlag af disse og med støtte i den gamle skjaldedigting en ny folkelig digtart; rimur. Denne digtart, der siden holdt sig, paa én gang forbavsende konservativ, produktiv og populær, gennem 600 aar, forende i sig de forskelligste elementer for at imødekomme folkets smag: sagaernes episke indhold, – et lyrisk element i mansongvar, – en poetisk stil, der baade kunde være enkel og naturlig og have adgang til alle det gamle skjaldesprogs forgaad af kenningar og heiti, – og sidst, men ikke mindst, næsten ubegrænsede muligheder for en mere og mere indviklet versekunst ...<sup>48</sup>

Sú hugmynd hefur lengi verið uppi að dróttkvæði hafi dáið út á 13. öld.<sup>49</sup> Það er þó ofsögum sagt, því eins og Guðrún Nordal hefur bent á hélt hefðin velli fram eftir 14. öld meðal yfirstéttarinnar<sup>50</sup> og áfram innan kristins kveðskapar allt fram að siðbreytingu á 16. öld.<sup>51</sup> Það er því ekki svo að rímahefðin hafi steypst dróttkvæðunum af stalli; þrátt fyrir vinsældir

<sup>45</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 46.

<sup>46</sup> *Ibid.*, bls. 46.

<sup>47</sup> *Ibid.*, bls. 40.

<sup>48</sup> Sigurður Nordal, „Sagalitteraturen“, *Nordisk kultur VIII B*, Litteraturhistoria B: Norge og Island (Stokkhólmur, Albert Bonnier, 1953), bls. 272.

<sup>49</sup> Sjá t.d. Véstein Ólason, *Íslensk bókmenntasaga*, I. bindi, 1. útg., bls. 262.

<sup>50</sup> Guðrún Nordal, *Tools of literacy: The role of skaldic verse in Icelandic textual culture of the twelfth and thirteenth centuries* (Toronto: University of Toronto Press, 2001), bls. 340–343.

<sup>51</sup> Clunies Ross, „The skaldic corpus from the early viking age to the end of the fourteenth century“, *Skaldic poetry of the Scandinavian Middle Ages*, I. bindi, I. hluti (Turnhout: Brepols, 2012), bls. xix.

rímnahefðarinnar hélt dróttkvæðahefðin velli og þekkt er að skáld á elsta skeiði rímna hafi bæði fengist við að yrkja dróttkvæði og rímur, eins og Margaret Clunies-Ross hefur bent á:

Skaldic poetry never really died out in Iceland. Late skaldic verse, from the late fourteenth and probably the early fifteenth centuries, is often metrically irregular, but poets continued to compose within recognisably skaldic paradigms of metre and diction. In addition, it can be seen that the newly evolving poetic form of the ríma, which seems to have begun in the fourteenth century, used many of the stylistic and metrical resources of skaldic verse and adapted them to a new poetic medium. At least two of the fourteenth-century skalds whose works are edited here (Einarr Gilsson and Kálfr Hallsson) are also credited with the composition of rímur, Einarr certainly and Kálfr probably.<sup>52</sup>

Það mætti því e.t.v. álykta sem svo að dróttkvæð hefð hafi stuðlað að þróun rímnahefðarinnar, og á meðan dróttkvæðahefðin tilheyrði hinum efri stéttum og var aðgengileg þeim lærðu, hafi rímnahefðin blómstrað og náð vinsældum meðal alþýðu og leikra manna. Þegar dróttkvæði færðust smám saman inn á svið kristinnar menningar og hins andlega, tóku rímurnar við sviði þess veraldlega.

Davíð Erlingsson líkir menntum við lífríki og segir að helstu kveðskapargreinar íslenskra mennta hafi verið eddukvæði og dróttkvæði. Hann telur að upphaf sagnaritunar hefði tekið yfir epískt frásagnarhlutverk þessara kvæðagreina svo að um 1300 hafi „ekki lengur [verið] til nein eiginleg epísk kveðskapargrein, því að styrkur dróttkvæðahefðarinnar var ekki frásögn“.<sup>53</sup> Bendir hann á að rímnahefðin hafi undir þessum kringumstæðum náð að vaxa og dafna:

Hugsi maður sér samfélag menntagreina sem lífríki sem sé ennfremur þess eðlis að í því þurfi að vera til *kvæða-epík*, hvað sem *sagna-epík* líður, þá hefur nú orðið hér tómarúm sem dróttkvæði hefðu ekki getað fyllt. Eddukvæðin voru löngu úr sögunni sem epík. En rímurnar hafa þá orðið til þess að fylla þetta rúm. Það hafa þær gert með því að taka til sín frásagnaaðferð lausamálssagna og búa þær í upphafinn en ekki torveldan brag. Gengi rímnanna á öllum öldum síðan er til vitnis um að þeirra hafi verið þörf hvort sem sköpun þeirra hafi verið sérstakt, sögulegt einstaklingsframtak eða hefur orðið af einhverjum seytlendi menningaráhrifum sem kunna að hafa smogið inn í íslenska menningarlífið...<sup>54</sup>

Af þessari samantekt ætti að vera augljóst að upphaf rímnahefðar er flóknara en svo að hægt sé að fella í því máli endanlegan úrskurð, enda er það ekki meginviðfangsefni þessarar rannsóknar. Ekki nægir að gera ráð fyrir að rímnahefðin sé komin beint frá evrópskum sagnadönsum eða dróttkvæðahefðinni einni og sér. Eftir stendur þá sá möguleiki að hefðin hafi þróast með samspili erlendra og innlendra áhrifa. Rímnaformið, eins og rakið hefur verið, virðist þannig þróast fyrir erlend áhrif samhliða almennri þróun í veraldlegum kveðskap, í bland við arf úr innlendri hefð

<sup>52</sup> Clunies Ross, „The skaldic corpus from the early viking age to the end of the fourteenth century“, bls. xxi.

<sup>53</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, *Íslensk þjóðmenning: Munnmenntir og bókmennir*, VI. bindi, ritstj. Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1989), bls. 339.

<sup>54</sup> *Ibid.*, bls. 339.

dróttkvæða og eddukvæða, sér í lagi þegar kemur að skáldamáli. Efniviðurinn er einnig kominn úr innlendri hefð, þar sem rímur voru ortar út frá þekktu sagnaefni, líkt og þekktist í kveðskaparhefð eddukvæða og dróttkvæða, og um leið lausamálsfrásögnum. Rímnahefðina þarf því að setja í samhengi við þá þróun sem varð á kveðskap víðsvegar í Evrópu og um leið við þá innlendu kvæðahefð sem rætur hennar liggja í. Rímnahefðin er séríslenskt viðbragð við þeirri þróun sem átti sér stað í evrópskum veraldlegum frásagnakvæðum sem ort voru á þjóðtungunum samtímis: „On balance the rímur are best perceived as an indigenous development, an Icelandic response to parallel development elsewhere in Europe“.<sup>55</sup>

Sverrir Tómasson hefur bent á að orðið *ríma* sé tökuorð í íslensku máli og komi fyrst fyrir í fyrirsögn *Flateyjarbókar* yfir *Ólafs rímu Haraldssonar*.<sup>56</sup> Orðið mun vera fengið úr miðlagþýsku.<sup>57</sup> Í elstu rímum eru önnur orð höfð fyrir kveðskap, svo sem *dans*, *vísa*, *spil* og *þáttur*.<sup>58</sup> Í þeim orðaforða tvinnast saman hlutverk rímna sem eins konar frásögn í bundnu máli (sbr. *vísa*, *þáttur*) sem ætluð er til flutnings (sbr. *dans*, *spil*).<sup>59</sup> Þegar rímur eru fluttar eru þær kveðnar með ákveðnum rímnalögum eða stemmum, sem kalla mætti tónlist þótt hljóðfæri komi ekki við sögu. Björn K. Þórólfsson hélt því fram að rímur hafi verið kveðnar fyrir dansi og vísar þar til *Sörla rímna* þar sem skáld þeirra kvartar undan fótatraðki áheyrenda, sem gefur til kynna að dansað hafi verið við rímurnar.<sup>60</sup> Taldi Björn að rímur hefðu upphaflega verið hafðar við dansa, en eftir því sem tíminn leið og rímur urðu lengri hafi sá siður lagst af, en skáldin haldið áfram að kalla kveðskap sinn dans.<sup>61</sup>

Rímur voru ætlaðar til munnlegs flutnings, en ekki til lesturs í hljóði. Rímur voru fluttar til skemmtunar og dægrastyttingar, svo sem sjá má af mansöngvum þeirra, þar sem áheyrendur eru ávarpaðir og skáldið kveður sér hljóðs. Þótt margt sé óljóst varðandi flutning rímna á elsta skeiði, til að mynda hvort undirspil hafi fylgt með eða ekki, þá má nokkuð örugglega álykta að hlutverk þeirra hafi haldist nokkuð óbreytt. Rímur voru skemmtiefni sem flutt var þegar fólk kom saman,

<sup>55</sup> Hughes, „Late secular poetry“, bls. 206.

<sup>56</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 61. Vésteinn Ólason hefur bent á að orðið *rhyme* sé einnig notað um frásagnaljód í miðenskum kveðskap, *The traditional ballads of Iceland*, bls. 74. Sjá einnig Craigie, *Sýnisbók íslenskra rímna*, I. bindi, bls. 283.

<sup>57</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók* (Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989), bls. 762.

<sup>58</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 61.

<sup>59</sup> Sverrir Tómasson hefur haldið því fram að þessi orðaforði bendi hugsanlega til skyldleika við færeyskar ballöður, þar sem orðið *þáttur* er einnig notað í færeyskum danskvæðum, meðan *vísa* sé einnig notað yfir ballöður á Norðurlöndum. Orðin *ríma* og *spil* renna stóðum undir að tónlist hafi fylgt flutningi rímna, en heimildir um slíkar skemmtanir eru af skornum skammti fram eftir 16. öld.

<sup>60</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 47. Vésteinn Ólason bendir á sama dæmi í bók sinni, *The traditional ballads of Iceland*, bls. 40.

<sup>61</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 47.

ýmist á mannamótum, við ákveðin tilefni eða á kvöldvökum. Þannig gegndu rímur vissu samfélagslegu hlutverki.<sup>62</sup>

Þrátt fyrir augljósar vinsældir rímna meðal þjóðarinnar má greina vissa andúð eða mótspyrnu gegn hefðinni meðal kirkjunnar manna undir lok 16. aldar. Þá hóf Guðbrandur biskup Þorláksson að gagnrýna rímur en „fram á hans daga virðast þær hvorki hjá háum né lágum hafa mætt öðru en vinsældum“.<sup>63</sup> Andstöðu Guðbrands gegn rímnahefðinni, og því söguefni sem hún sækir í, er greinileg í formála sem hann ritaði fyrir þá fyrstu bók sem hann lét prenta á biskupstíð sinni, sem bar titilinn: *Lífsins vegur. Það er ein sönn og kristileg undirvísun hvað sá maður skal vita og gjöra, sem öðlast vill eilíft líf. Samsett af heylærðum manni dokt. Niels Hemingsyni. Á íslensku útlögð af mér Guðbrandi Þorlákssyni (1575).*<sup>64</sup>

Gagnrýni Guðbrands kemur skýrar fram í inngangi hans fyrir *Einni nýrri sálmabók* sem hann lét prenta 1589, en þar koma fram hugmyndir hans um bókmenntir, efni þeirra og form. Þar segir hann:

Marger hafa adur fyrmeir hier i Landi ftora Aftundan lagt uppa Rymur, Vysur og önnur Kuæde, Lært og idkad það þegar i fra Barndomi og halded það Frodleik og haft þar Skemtun af, fém þo ei var nema onytfamligur hiegome. Huad mycklu framar ættu þa nu goder Kriftner Menn að idka og læra Gudz Ord i þefflum andligum Vyfum og Kuædum og hafa þar Gaman og Skemtun af i Drottne.<sup>65</sup>

Síðar í sama formála segir hann enn:

Ad fyduftu til þeff, ad af mætte leggiaft þeir onytfamligu Kuedlingar, Trólla og Fornmanna Rymur, Mannfaunguar, Afmors Vyfur, Bruna Kuæde, Haadz og Hugmodz Vyfur og annar vondur og liotur Kuedskapur Klám, Nyd og Kelkne fém hier hia Alpydu Folke framarmeir er ellkad og idkad, Gude og hanns Einglum til Stygdar, Diöflenum og hanns Aarum til Gledkpar og Þionuftu enn i nockru Kriftnu Lande öðru, Og meir epter Plagfid Heidinna Manna enn Kriftinna æ Vökunottum og öðrum Manna Motum et ct. Sömuleidis i Veiflum og Gestabodum, heyrift valla annad til Ikemtunar haft og Gledskpar enn þeffle Hiegomlige Kuædahattur sem Gud næde.<sup>66</sup>

Guðbrandur biskup lét ekki þar við sitja og hélt áfram að reyna að bæla niður rímnahefðina. Þegar útséð var um að rímnahefðin væri of vinsæl meðal alþýðunnar til að bæla hana niður tók biskup til annarra ráða til að spyrna við ósiðsamlegum og ókristilegum efnivið rímnanna. Í *Einni*

<sup>62</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 72. Sjá einnig Pétur Húna Björnsson, „íð befta eꝛ quæðeð fīm flutt‘: Kveðnar drápur og kveðnar rímur“, *Old Norse poetry in performance*, ritstj. Ferreira og McMahon (New York: Routledge, 2022), bls. 282–303.

<sup>63</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 27.

<sup>64</sup> Einar G. Péturson, „Guðbrandur Þorláksson og bókaútgáfa hans“, *Árbók Landsbókasafns Íslands*, 10. árg (1984), bls. 12.

<sup>65</sup> Guðbrandur Þorláksson, *Ein ný sálmabók með mörgum andlegum sálmum og kristilegum lofsöngvum, og vísun, skikkanlega til samans sett aukin og endurbætt* (Hólar: Hólaprent, 1589), bls. 5. Sjá einnig Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 27–28.

<sup>66</sup> Guðbrandur Þorláksson, *Ein ný sálmabók*, bls. 13. Sjá einnig Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 28.

*nýrri vísnaþók*, sem hann lét prenta árið 1612, hvetur hann til þess að skáldin yrki fremur rímur af kristilegum toga, en í þeirri bók eru prentaðir fimm rímnaflokkar sem byggjast á kristilegu efni. Þessi hvatning biskups kemur fram í formálanum:

Og þo ad eg fie þreyttur og uppgiefen, ad eiga leingur vid það kostnadar sama Prent verk þa skal þo enn lata það epter þeim sem flýkt girnaft, ef ad Gud villde giefa, ad af mætte leggiaft þær Bruna výfur, og Afmurs kuæde, sem allmarger elka og jðka, enn j ftaden upptakaft þesslar andlegar Výfur, sem goder Menn hafa ort og kueded, Gude til Lofgiörðar, Frodleiks og Skiemtanar, fo ad Ord Guds mætte rýkulega hlioda, og a medal vor byggia, fo utan Kirkiu sem innan... Menn hafa ædur kueded Rýmur af Fornmönnum til Skiemtunar og Dægraftyttingar, og j Frafögur fært þeirra ord og Giörder, þui skylldu nu þa Menn ecke helldur kueda Rýmur og Kuæde, af heilögum Mönnum, þar bæde er j Heilufamlegur Lærdómur, og god Dæme, epter ad breyta.<sup>67</sup>

Þrátt fyrir þessar tilraunir biskups til að draga úr vinsældum rímna, hélt rímnahefðin velli langt fram á 19. öld.

### 1.1.1 Bókmenntir og munnmenntir

Rímur voru ortar til munnlegs flutnings og vitna fáeinar rímur um það að þær skyldi kveða fyrir dansi.<sup>68</sup> Þrátt fyrir að rímur séu fyrst og fremst varðveittar í handritum sem skráðar bókmenntir er ekki hægt að líta fram hjá því að þær eiga sér einnig munnlega flutnings- og jafnvel varðveisluefð. Jón Þorkelsson taldi að elstu rímur gætu hafa verið ortar í munnlegri hefð og benti t.a.m. á að rímur hafi verið skráðar eftir munnlegum heimildum af Árna Magnússyni um 1700:

...de, eller i det mindste en del af dem, er blevne ved at gå fra mand til mand i mundligt overlevering ligesom disse [folkeviser]. Således opskriver Árni Magnússon henved år 1700 eller lader opskrive nogle af dem, som i flere menneskealdre har levet på folkemunde, hvor den ene generation har lært dem af den anden.<sup>69</sup>

William A. Craigie taldi einnig hugsanlegt að elstu rímur hefðu verið ortar í munnlegri hefð.<sup>70</sup> Slíkar skoðanir hafa þó fengið lítinn meðbyr og að mestu ríkir samþykkt meðal fræðimanna um að rímnahefðin sé fyrst og fremst bókmenntaleg hefð, enda tilkomin eftir upphaf ritaldar.

---

<sup>67</sup> Guðbrandur Þorláksson, *Ein vísnaþók með mörgum andlegum vísnum og kvæðum, sálmum, lofsöngvum og rímum teknum úr heilagri ritningu, almúga fólki til gagns og góða prentuð, og þeim öðrum sem slíkar vísur elska, vilja og iðka Guði almáttugum til lofs og dýrðar, en sér og öðrum til skemmtunar* (Hólar: Hólaprent, 1612), bls. 1. Sjá einnig Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 29.

<sup>68</sup> Sem dæmi mætti nefna að orðið dans kemur fyrir í mansöngvum *Sörta rímna*, *Bösa rímna* og *Griplna*.

<sup>69</sup> Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*, bls. 116. Jón nefnir *Móðars rímur*, *Þorgeirs rímur stjarkarhöfða* og *Illuga rímur eldhúsgoða* sem dæmi.

<sup>70</sup> Craigie, *Sýnisþók íslenskra rímna*, I. bindi, bls. 285–286.

Stephen A. Mitchell rakti stuttlega kenningar Jóns og Craigies og benti á að rímur séu í meginatriðum afurð bókmennta, og að meirihluta elstu rímna megi með vissu rekja til ritaðra frásagna; rímnahefðin sé þar með fyrst og fremst bókmenntalegt fyrirbæri.<sup>71</sup>

Ekki verður reynt að þræta fyrir upphaf rímna í ritmenningu, en þótt rímur hafi verið skráðar í upphafi, er ekki þar með sagt að þeim hafi ekki verið miðlað manna á milli munnlega.<sup>72</sup> Rímur sem ortar voru á bókfell og voru fluttar í áheyrn manna gátu hæglega ratað inn í munnlega geymd – í þeim skilningi að kvæðamaður gat lagt ritaðan texta á minnið. Um þetta segir Matthew James Driscoll:

Although they were intended for oral delivery, the *rímur* must nevertheless be regarded as written literature. Shorter *rímur*, especially those consisting of a single fit, may be examples of deliberative composition, where a poem is worked out ahead of time and then recited from memory, but certainly the vast majority of *rímur* were composed in writing. In his recitation, similarly, the *kvæðamaður* normally read from a book, either a manuscript, or, increasingly towards the end of the tradition, a printed book. There were always those who relied on memory, however, and it is obvious that most ‘extra-mural’ *rímur* recitations must of necessity have been from memory. But even in those cases the *kvæðamaður* will almost invariably have memorised a text he had read, rather than one he had heard. Apart from individual verses (*stökur*) and shorter poems in *rímur*-metres, *rímur* were never part of the oral tradition. Single stanzas could be – and still are – improvised, but longer poems could not be (re-) composed in performance, in the same way as they were in south slavic epic poems and other types of traditional epic narrative studied by Parry and Lord and their disciples.<sup>73</sup>

Rímur eru því frásagnakvæði sem standa á mörkum bókmennta og munnmennta, í vissum skilningi. Þegar kvæðamaður hafði lagt rímnaflokk á minnið eftir handritum eða prentaðri bók, gat rímnaflokkurinn breyst í flutningi og jafnvel verið ritaður aftur eftir minni.<sup>74</sup> Þannig var orðalag rímna, og jafnvel erindaröð, ekki fastmótað fyrirbæri og gat tekið breytingum – bæði í flutningi og eftirritun.<sup>75</sup>

Í uppskriftum rímna er ekki óalgengt að orðalag raskist, t.d. með breytingum á tíðum sagna, greini er bætt við eða sleppt og smáorðum eins og atviksorðum, neitunum eða samtengingum er breytt. Þær breytingar hafa jafnan ekki áhrif á bragarháttinn, þ.e. hrynjandina og raskar ekki

<sup>71</sup> Mitchell, *Heroic sagas and ballads*, bls. 165–166.

<sup>72</sup> Sjá t.d. umfjöllun í Finnegan, *Oral poetry: Its nature, significance and social context* (Cambridge: Cambridge University Press, 1977), bls. 160–162. Sjá einnig Bäuml, „Medieval texts and the two theories of oral-formulaic composition: A proposal for a third theory“, *New literary history*, 16. árg. 16, 1. tbl. (1984), bls. 31–49.

<sup>73</sup> Driscoll, „Words, words, words: Textual variation in Skikkjurímur“, *Skáldskaparmál*, 4. árg. (1997), bls. 231–232.

<sup>74</sup> Einnig er talið mögulegt að skrifaðir prósatextar séu byggðir á rímum úr munnlegri geymd, sjá Aðalheiði Guðmundsdóttur, *Úlfhams saga*, bls. cxxvi–cxxxiii.

<sup>75</sup> Driscoll, „Words, words, words: Textual variation in Skikkjurímur“, bls. 232–233, 236.

stuðlasetningu.<sup>76</sup> Slíkar breytingar, eða lesbrigði, má oftast rekja til afritunar, þótt þær gætu hafa orðið til þegar texti er skráður eftir minni. Það eru einnig dæmi um að orðum sé skipt út fyrir samheiti, jafnvel rímorðum eða orð sem bera stuðul eða höfuðstaf, en þá er engu að síður ekki breyting á ríminu sjálfu eða stuðlum. Uppröðun getur einnig verið breytileg; vísuhelmingar geta hæglega víxlast eða færst til innan rímu, erindaröð færst úr skorðum, eða þá að erindum eða vísuhelmingum sé sleppt og nýjum bætt inn í, án þess að hafa áhrif á framvindu sagnaefnisins.<sup>77</sup> Erfiðara er að útskýra slíkar breytingar með afritun einni og sér, en ekki er óeðlilegt að þær komi fram þegar skráð er eftir minni. Slíkar breytingar á orðalagi og uppröðun eru áberandi í *Ölvis rímunum sterka* eins og fjallað er um í kafla 3.2 og undirköflum þar. Breytingar af þessu tagi minna á þær breytingar sem geta átt sér stað í munnlegri hefð. Rímnaflokkar sem lagðir hafa verið á minnið, eftir ritaðri textaheimild, og tekið hafa breytingum í flutningi og/eða verið skráðir niður eftir minni mætti þannig setja í samhengi við *munlega geymd* fremur en *munlega hefð* (sjá nánar hér á eftir). Hafa ber í huga að þrátt fyrir breytileika textanna í munnlegri geymd eru þeir engu að síður bókmenntaleg afurð.

Í fræðilegri umfjöllun um munnlega hefð og munnlega geymd<sup>78</sup> eru skilin milli bókmennta og munnmennta ekki afgerandi – það er, að bókmenntaleg hefð útilokar ekki munnlega hefð.<sup>79</sup> Oftar en ekki skarast bókmenntaleg og munnleg sköpun eins og Ruth Finnegan hefur bent á: „... the relation between oral and written forms need not just be one of parallel and independant coexistence, far less of mutual exclusion, but can easily exhibit constant and positive interaction“.<sup>80</sup> Sú hugmynd að textar geti einungis verið annað hvort munnlegir eða bóklegir byggist á úreltum rannsóknum:

The pillars of that venerable institution, the Great Divide, have been crumbling for some time. The once-sacrosanct expanse that separated orality from literacy has been filling up with mounting evidence that the two modalities in fact mingle frequently and unproblematically. Orality and literacy

---

<sup>76</sup> Driscoll, „Words, words, words: Textual variation in Skikkjurímur“, bls. 232.

<sup>77</sup> Ibid., bls. 233–235 og Haukur Þorgeirsson, „Gullkársljóð og Hrafnagaldur: Framlag til sögu fornryðislags“, *Gripla XXI* (2010), bls. 323.

<sup>78</sup> Nánari umfjöllun um munnlega hefð/munnlega geymd má m.a. finna hjá Lord, *The Singer of tales* (Cambridge: Harvard University Press, 1960); Foley, *The theory of oral composition: History and methodology* (Bloomington: Indiana University Press, 1988), Gísli Sigurðsson, *The medieval Icelandic saga and oral tradition: A discourse on method* (Cambridge: Harvard University Press, 2004); ásamt ítarlegu yfirliti um fyrri rannsóknir hjá Foley, *Oral-formulaic theory and research: An introduction and annotated bibliography* (New York: Garland, 1985).

<sup>79</sup> Foley, *How to read an oral poem* (Urbana: University of Illinois Press, 2002), bls. 38–53.

<sup>80</sup> Finnegan, „How oral is oral literature?“, *Bulletin of the school of Oriental and African studies*, 37. árg. (1974), bls. 57.

are increasingly more likely to be visualized as independent, freely interacting continua than as polarized opposites.<sup>81</sup>

Þegar kemur að viðtöku og miðlun bókmennta er ekki aðeins mikilvægt að huga að framleiðslunni – sem í tilfalli rímna er bókmenntaleg – heldur einnig með hvaða hætti efni er miðlað áfram. Munnleg miðlun getur fallið undir munnlega hefð eins og Ruth Finnegan hefur bent á en hún skilgreindi munnlega hefð sem þríþætta: „The three ways in which a poem can most readily be called oral are in terms of (1) its composition, (2) its mode of transmission, and (3) (related to 2) its performance. Some oral poetry is oral in all these aspects, some in only one or two“.<sup>82</sup> Samkvæmt skilgreiningu hennar mætti e.t.v. telja rímnahefðina til munnlegrar hefðar þar sem rímnaflokkum er miðlað með munnlegum hætti og flutningur þeirra er fyrst og fremst munnlegur, þótt þeir séu kveðnir eftir rituðum texta. Með öðrum orðum, hin bókmenntalega sköpun, þ.e. upphaflegi textinn, er bókmenntaleg afurð, sem er miðlað og flutt upphátt. Við þá miðlun og/eða flutning skapast afleiddur texti, sem getur vel verið afurð munnlegrar hefðar. Rímnahefðin stendur með þeim hætti á einskonar þröskuldi, á milli bókmennta og munnmennta – og vel mætti halda því fram að munnleg hefð rúmist innan rímnahefðarinnar, sem er þó bókmenntaleg í grunninn. Hægt er að líta nánar á þessa framvindu í ljósi rannsókna Pauls Zumthor, sem skipti „æviferli“ kvæða í fimm þrep:

1. Framleiðsla (en. *production*)
2. Miðlun (en. *transmission*)
3. Viðtökur (en. *reception*)
4. Geymsla (en. *storage*)
5. Endurtekning (en. *repetition*)<sup>83</sup>

Zumthor heldur því fram að þessi skref séu ýmist framkvæmd í gegnum *munnlegan millilið* (en. *oral-aural path*) eða í gegnum *sjónrænan/bóklegan millilið* (en. *visual perception*): „In each society that has writing, each of these five operations is realized either by the sensory, oral-aural path ... or by the intermediary of an inscription destined for visual perception“.<sup>84</sup> Þá greinir Zumthor á milli *munnlegrar geymdar* (en. *oral transmission*) og *munnlegrar hefðar* (en. *oral tradition*), á þann veg að kvæði þar sem annað og þriðja skref, þ.e. miðlun og viðtaka kvæðis,

---

<sup>81</sup> Coleman, „On beyond Ong: Taking the paradox out of „oral literacy“ and „literate orality““, *Medieval Insular literature between the oral and the written II: Continuity of transmission*, ritstj. Tristram (Tübingen: Gunter Narr Verlag, 1997), bls. 155.

<sup>82</sup> Finnegan, *Oral poetry: Its nature, significance and social context*, bls. 17.

<sup>83</sup> Zumthor, *Oral poetry: An introduction* (Minneapolis: University of Minnesota Press, 1983), bls. 22.

<sup>84</sup> *Ibid.*, bls. 23.

felur í sér munnlegan millilið teljist sem munnleg geymd – meðan kvæði þar sem fyrsta, fjórða og fimmta skref fela í sér munnlegan millilið teljist til munnlegrar hefðar.<sup>85</sup> Þar með geta kvæði sem er miðlað munnlega og viðtökur þeirra felast í áheyrn, eins og á við um flutning rímna, talist til munnlegrar geymdar – þótt þau heyri ekki nauðsynlega til munnlegrar hefðar.

Þegar skilgreiningum Zumthors er beitt á rímur mætti segja að framleiðsla rímna sé bókleg, þ.e. þær eru ortar og skráðar niður sem bókmenntaleg afurð. Miðlun rímna er þó fyrst og fremst munnleg, sem og viðtökur, þ.e. þær eru kveðnar fyrir áheyrendur. Varðveisla rímna getur þó verið bæði munnleg eða bókleg; kvæðamaður gat lagt rímur á minnið eða texti þeirra varðveist skráður. Það sama mætti segja um endurtekningu þeirra, þar sem rímur gátu verið fluttar og/eða skráðar niður eftir minni eða beint eftir textavitni. Rímnahefðin stendur því á mörkum bókmennta og munnmenta:

Each time, in fact, a part of a poetic communication passes from one register to another, a radical but rarely perceptible mutation is produced at the linguistic level. A poem composed in writing but ‘performed’ orally is thereby changed both in nature and in function to the same extent that an oral poem collected and disseminated by writing changes in the exact opposite fashion.<sup>86</sup>

Þegar kemur að því að skilja eðli rímnahefðarinnar eru þessi stig í æviferli texta, eins og Zumthor hefur skilgreint þau, veigamikil atriði. Miðlun og viðtökufæri rímnahefðarinnar er fremur flókið fyrirbæri – og ekki má líta fram hjá því hlutverki sem munnlegur flutningur hefur fyrir rímnahefðina. Joyce Coleman hefur rannsakað flutning og viðtökur miðaldabókmennta ítarlega og skilgreint fjögur snið (en. *format*) miðaldabókmennta: „oral-formulaic, memorial, prelective or publically read, and privately read“.<sup>87</sup> Þar skilur hún á milli munnlegra texta, texta sem lagðir eru á minnið, texta sem lesnir eru upphátt fyrir áheyrendur og texta sem lesnir eru í einrúmi (annað hvort upphátt eða í hljóði). Þá skilgreinir hún líka viðtökuhætti (en. *modes of reception*) textanna sem ýmist munnlega (en. *orality*), minnislega (en. *memoriality*), áheyrnarlega (en. *aurality*) eða bóklega (en. *literacy*).<sup>88</sup>

Rímnahefðin, sem er bókmenntaleg á stigi framleiðslu hefur mismunandi viðtökuhætti, nánar tiltekið minnislega, áheyrnarlega og bóklega viðtökuhætti. Minnislegan viðtökuhátt hefur Coleman skilgreint sem flutning texta á þjóðtungu að mestu eftir minni – og fellur flutningur ritaðra kvæða þar undir, séu þau flutt eftir minni.<sup>89</sup> Áheyrnarlegur viðtökuháttur felur í sér

<sup>85</sup> Zumthor, *Oral poetry: An introduction*, bls. 23.

<sup>86</sup> Ibid., bls. 27.

<sup>87</sup> Coleman, *Public reading and the reading public in late medieval England and France* (Cambridge: Cambridge University Press, 1996), bls. 37.

<sup>88</sup> Coleman, *Public reading and the reading public in late medieval England and France*, bls. 37. Foley fjallar einnig ítarlega um kveðskap í munnlegri geymd í bók sinni í *How to read an oral poem*, sérstaklega á bls. 1–93.

<sup>89</sup> Coleman, *Public reading and the reading public in late medieval England and France*, bls. 37.

flutning, eftir minni eða eftir ritaðri heimild, fyrir áheyrendur, og er því í raun tvíháttaður (en. *bimodal*).<sup>90</sup> Bæði minnisleg viðtaka og áheyrnarleg viðtaka heyra undir munnlega viðtöku,<sup>91</sup> en Coleman skiptir munnlegri viðtöku í fjögur stig eftir virkni.<sup>92</sup> Munnleg viðtaka á fyrsta stigi er þá skilgreind sem það að heyra texta, á öðru stigi greinist hún í það að hlusta á texta í hópi gagnstætt því að lesa texta upphátt í einrúmi. Þriðja stig lýsir upplifun eða viðtöku textans, sem er annaðhvort fenginn úr eigin minni eða með því að hlýða á flutning. Á fjórða stiginu er textinn sjálfur fenginn úr munnlegri hefð – í hefðbundnum skilningi – eða lagður á minnið (minnislegur texti). Þannig tilheyrir texti sem lagður hefur verið á minnið ferli munnmennta – þótt hann eigi rætur sínar í rituðum bókmenntalegum texta.<sup>93</sup> Rímnahefðin er því mótuð af mismunandi viðtökuháttum, sem allir eiga sinn þátt í þróun hefðarinnar; rímnaflokkar flæða á milli ólíkra viðtökuháttanna og eru ortir, skráðir, lagðir á minnið, fluttir eftir minni eða ritaðri heimild, og endurskráðir eftir minni eða forriti. Það er viðtökuumhverfi þeirra og miðlun sem mótar textana þegar skáldinu sleppir.<sup>94</sup>

Þessi munnlega hlið rímnahefðarinnar, samspil munnmennta og bókmennta í miðlun, viðtökum og varðveislu rímna, hefur verið tekin til umræðu. Fyrir nær 40 árum benti Davíð Erlingsson á þetta samspil:

In the manuscript transmission of *rímur* one may often see the signs of oral transmission, that is, the *rímur* have been written down from memory. The order of the verses may be mixed up, or parts of the original replaced by more commonplace passages in order to fill in gaps of memory. A reciter of *rímur* who had performed the same cycle a number of times would rely less and less on the written word and, perhaps, later on commit them to writing from memory. In such ways there was an interplay between oral and literary transmission of the *rímur*.<sup>95</sup>

Þekkt er að á síðari tímum hafi rímur verið skráðar eftir munnlegum heimildum,<sup>96</sup> og hljóðupptökur gerðar þar sem kvæðamenn kveða eftir minni,<sup>97</sup> svo það er víst að rímur gátu lifað í munnlegri geymd og verið miðlað frá manni til manns munnlega – samhliða því að þær voru

<sup>90</sup> Coleman, *Public reading and the reading public in late medieval England and France*, bls. 37.

<sup>91</sup> Coleman, „Aurality“, *The Oxford handbook of Middle English* (Oxford: Oxford University Press, 2007), bls. 68, 71.

<sup>92</sup> Coleman, *Public reading and the reading public in late medieval England and France*, bls. 38.

<sup>93</sup> *Ibid.*, bls. 38.

<sup>94</sup> Að sambærilegri niðurstöðu kemst Driscoll í grein sinni um lygisögur og breytileika í texta þeirra, þar sem hann tekur fyrir viðtökuumhverfi þeirra, sjá „The oral, the written and the in-between: Textual instability in the post-reformation lygisaga“, *Medieval insular literature between the oral and the written II: Continuity of transmission*, bls. 193–220.

<sup>95</sup> Davíð Erlingsson, „Prose and verse in Icelandic legendary fiction“, *The heroic process: Form, function and fantasy in folk epic* (Dublin: University College Dublin, 1987), bls. 385. Sjá einnig Kuhn, „The rímur-poet and his audience“, *Saga-book*, 23. árg., 6. tbl. (1993), bls. 454–468 og „The melodies of Icelandic rímur“, *Singing the nations: Herder's legacy*, ritstj. Bula og Riuwerts (Trier: WVT Wissenschaftlicher Verlag, 2008), bls. 286–292.

<sup>96</sup> Jón Þorkelsson, *Om digtingen på Island*, bls. 116.

<sup>97</sup> Sjá t.d. upptökur rímna í gagnagrunni Ísmús, [ismus.is](http://ismus.is).

skráðar. Rímur brúa þannig bil milli tveggja miðlunarleiða, eins og Davíð hefur einnig bent á: „... the study of rímur may be a healthy exercise for people who tend to think in antithetical terms such as written *versus* oral or literary *versus* folk or learned *versus* popular. Our survey will have demonstrated that such oppositions are lacking in validity in Iceland. Instead of being ‘either-or’, *rímur* tend to be ‘both-and’“.<sup>98</sup>

Breytileyki rímnatexta í handritum bendir til þess að þeir hafi verið skráðir eftir minni samhliða því sem þeir voru skráðir eftir forritum. Annar viðtöku- og miðlunarhátturinn útilokar ekki hinn. Þetta atriði er mikilvægt að hafa í huga þegar varðveisla miðaldarímna er athuguð, og breytileika þeirra ætti ekki að skrifa á slæma varðveislu eða mistök við afritun, heldur ber að skilja hann sem óaðskiljanlegan hluta af þeirri hefð sem rímurnar spruttu upp úr og þrífust í.

## 1.2 Miðaldarímur: 1350–1550

Af þeim rúmlega þúsund rímnaflokkum sem varðveittir eru, hafa einungis 59 rímnaflokkar verið taldir til miðaldarímna.<sup>99</sup> Meirihluti þeirra hefur nú þegar ratað á prent – þótt margar útgáfurnar séu komnar til ára sinna. *Skikkju rímur* voru fyrst gefnar út ásamt *Möttuls sögu* í útgáfu Gustafs Cederschiöld og Frederiks Amadeus Wulff, *Versions Nordiques du fabliau français „Le Mantel Mautaillié“* árið 1877.<sup>100</sup> Árið 1881 gaf Theodor Wesén út þrjá rímnaflokkka í bók sinni *Riddararímur: Filipó rímur, Herburts rímur og Konráðs rímur*.<sup>101</sup> *Króka-refs rímur* voru gefnar út ásamt *Króka-refs sögu* árið 1883 af Pálma Pálssyni<sup>102</sup> og ári síðar, 1894, gaf Otto L. Jiriczek út *Bósa rímur*.<sup>103</sup> Af öllum sem fengist hafa við útgáfur á rímnaflokkum hefur Finnur Jónsson verið stórtækastur. Hann birti texta *Bjarka rímna* með útgáfu sinni á *Hrólfs sögu kraka* árið 1904.<sup>104</sup> Þá birti hann texta 32 rímnaflokkka í *Rímnasafni* sínu, I–II. bindi, sem kom út á árunum 1905–1922.<sup>105</sup> Í I. bindi er að finna *Ólafs rímu Haraldssonar*, *Skíða rímu*, *Grettis rímur*, *Skáld-Helga rímur*, *Ólafs rímur Tryggvasonar A*, *Ólafs rímur Tryggvasonar B*, *Ólafs rímur*

<sup>98</sup> Davíð Erlingsson, „Prose and verse in Icelandic legendary fiction“, bls. 392.

<sup>99</sup> Björn K. Þórólfsson, í *Rímur fyrir 1600*, tekur þó fleiri rímnaflokkka til umfjöllunar, eða um 77 alls, , enda hefur hann tímamörkin örlítið lengri en Haukur Þorgeirsson, í *Hljóðkerfi og bragkerfi*, sem tekur fyrir 59 rímnaflokkka orta fyrir 1550. Craigie, *Sýnisbók íslenskra rímna*, er þó aðeins með 27 rímnaflokkka í 1. Bindi. Davíð Erlingsson, í „Rímur“, segir að varðveittir rímnaflokkar séu milli 70 og 80, sem ortir voru fyrir 1600.

<sup>100</sup> *Versions Nordiques du fabliau Français „Le mantel mautaillié“*, útg. Cederschiöld og Wulff (Lund: C. W. K. Glerup, 1877). Driscoll gaf einnig út rímurnar ásamt þýðingu, sjá „Skikkjurímur“ í *Norse romance*, II. bindi (Cambridge: D. S. Brewer, 1999), bls. 267–329.

<sup>101</sup> *Riddararímur*, útg. Wesén (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel Nordisk litteratur, 1881).

<sup>102</sup> *Króka-Refs saga og Króka-Refs rímur*, útg. Pálmi Pálsson (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel Nordisk litteratur, 1883).

<sup>103</sup> *Die Bósa-rímur*, útg. Jiriczek (Breslau: W. Köbner, 1894).

<sup>104</sup> *Hrólfs saga kraka og Bjarkarímur*, útg. Finnur Jónsson (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel Nordisk litteratur, 1904).

<sup>105</sup> *Rímnasafn*, útg. Finnur Jónsson, I–II. bindi (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel Nordisk litteratur, 1905–1922).

Tryggvasonar C, Þrændlur, Þrymlur, Lokrur, Völsungs rímur, Griplur, Friðþjófs rímur og Sturlaugs rímur. Í II. bindi eru Hjálmpérs rímur, Sörla rímur, Gríms rímur og Hjálmars, Úlfhams rímur, Geðraunir, Sigurðar rímur fots, Skikkju rímur, Geiplur, Landrés rímur, Geirarðs rímur, Mágus rímur, Blávus rímur og Viktors, Sálus rímur og Nikanórs, Dámusta rímur, Dínus rímur, Jóns rímur leiksveins, Virgilés rímur og Klerka rímur. Nokkru síðar, árið 1928 gaf Petronella Maria den Hoed út *Hemings rímur*.<sup>106</sup>

Á árunum 1972–75 gaf Ólafur Halldórsson út *Íslenskar miðaldarímur* í fjórum bindum, sem innihéldu *Haralds rímur Hringsbana*, *Áns rímur bogssveigis*, *Bósa rímur* og *Vilmundar rímur*.<sup>107</sup> *Jónatas rímur* voru gefnar út ásamt *Jónatas sögu* í bók Peters A. Jorgensen *The Story of Jonatas in Iceland* árið 1997.<sup>108</sup> *Úlfhams rímur* komu út ásamt *Úlfhams sögu* í útgáfu Aðalheiðar Guðmundsdóttur árið 2001.<sup>109</sup> *Skógar-Krists rímur* voru gefnar út árið 2006 af Sólveigu Ebbu Ólafsdóttur.<sup>110</sup> Í doktorsritgerð sinni frá árinu 2013 birti Haukur Þorgeirsson *Ormars rímur*.<sup>111</sup> *Hrólfs rímur Gautrekssonar* eru gefnar út í grein Jóhönnu Katrínar Friðriksdóttur og Hauks Þorgeirssonar í *Griplu* árið 2015.<sup>112</sup> Þrjú rímnaflokkar til viðbótar eru aðgengilegir, en hafa þó ekki verið gefnir út, sem hlutar lokaverkefna við Háskóla Íslands: *Sigurðar rímur þögla*,<sup>113</sup> *Mábilur rímur sterku*<sup>114</sup> og *Þjófa rímur (Rímur af Ill, Verri og Verstum)*.<sup>115</sup> Eftir standa örfáir rímnaflokkar frá miðöldum sem eru óútgefnir, en það eru *Bærings rímur eldri* og *Bærings rímur yngri*, *Ölvis rímur sterka*,<sup>116</sup> *Ektors rímur*, *Andra rímur fornu* (1–9), *Andra rímur* (10–13),<sup>117</sup> *Reinalds rímur*, *Þóris rímur háleggs* og *Brönu rímur*.<sup>118</sup> Margar þessara rímna urðu síðar meir

<sup>106</sup> *Hemingsrímur*, útg. den Hoed (Haarlem: H. D. Tjeenk Willink & zoon, 1928).

<sup>107</sup> *Íslenskar miðaldarímur*, I–IV. bindi, útg. Ólafur Halldórsson (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1973–75).

<sup>108</sup> Jorgensen, *The story of Jonatas in Iceland*.

<sup>109</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*.

<sup>110</sup> Sólveig Ebbu Ólafsdóttir, „Rímur af Skógar-Kristi: „Hver hefur það sem vinnur til“, *SÓN: Tímarit um óðfræði*, 4. árg (2006), bls. 9–31.

<sup>111</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*.

<sup>112</sup> Jóhanna Katrín Friðriksdóttir og Haukur Þorgeirsson, „Hrólfs rímur Gautrekssonar“, *Gripla XXVI* (2015), bls. 81–138.

<sup>113</sup> Þorvaldur Sigurðsson, *Sigurðar rímur þögla*, Lokaritgerð til kandidateprófs, Háskóli Íslands, 1987.

<sup>114</sup> Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir, Meyjar og völd: Rímurnar af Mábil sterku, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2004.

<sup>115</sup> Guðrún Jónsdóttir, „Seggir féllu frá sinni list“: Rímur af Illum, Verri og Verstum, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2006.

<sup>116</sup> *Ölvis rímur sterka* eru birtar í viðauka hér að aftan.

<sup>117</sup> Pétur Húni Björnsson vinnur nú að doktorsritgerð þar sem ætlunin er að gefa út *Andra rímur. Andra rímur fornu*, rímur 1–9, eru ortar af einu skáldi en síðar meir hafa önnur skáld bætt við rímum 10–13.

<sup>118</sup> Raunar birtist nýlega rafræn textaútgáfa allra þessara rímnaflokka, að einum undanskildum, sjá Haukur Þorgeirsson et al., Rímur fyrir siðaskipti, Málheild, 2021. Uppskriftirnar eru með nútímastafsetningu. Sjá einnig vef sem Pétur Húni Björnsson hefur unnið að, Karel, [www.rimur.io/karel/rimur/](http://www.rimur.io/karel/rimur/). Sá rímnaflokkur sem ekki hefur birst, hvorki rafrænt eða á prenti er Bærings rímur yngri.

grunnur að nýjum prósafrásögnum.<sup>119</sup>

Varðveittar miðaldarímur eru fjölbreyttar hvað varðar efni, brag, stíl og lengd. Þó er greinileg þróun meðal miðaldarímna, t.a.m. á mál- og brageinkennum þeirra, skáldamáli og lengd, og þær skera sig töluvert frá rímum sem ortar voru eftir siðbreytingu. Stærstur hluti miðaldarímna er eftir óþekkt skáld – ólíkt rímum sem ortar voru eftir siðbreytingu. Sex skinnhandrit með rímnatextum hafa varðveist, flest frá 16. öld, en megnið af rímnatextum sem þar er að finna eru töluvert eldri. Elsta safnhandrit rímna sem varðveist hefur er *Kollsbók*, Wolfenbüttel 42 4to, sem skráð var undir lok 15. aldar.<sup>120</sup> Í handritinu eru nú 16 rímnaflokkar, en talið er að fjórir rímnaflokkar hafi glatast fremst úr handritinu.<sup>121</sup> *Staðarhólsbók*, AM 604 4to, sem hefur gjarnan verið nefnd „merkust allra rímnabóka“, var skráð um miðja 16. öld.<sup>122</sup> Henni var síðar skipt upp í smærri einingar, a–h, en hefur upphaflega innihaldið 33 rímnaflokkar.<sup>123</sup> Inn í handritið vantar víða, svo textarnir eru oft óheilir. *Hólsbók*, AM 603 4to, er skrifuð á seinni hluta 16. aldar, og inniheldur nú 18 rímnaflokkar. Mikið hefur týnst úr *Hólsbók* svo rímnaflokkar þar eru oft aðeins brot, og úr henni hafa a.m.k. sex heilir rímnaflokkar glatast.<sup>124</sup> *Selskinna*, AM 605 4to, er skráð á seinni hluta 16. aldar. Hún er vel varðveitt og virðist ekkert vanta í hana, en hún inniheldur sjö rímnaflokkar.<sup>125</sup> *Krossnesbók*, Holm perg. 22 4to, er almennt talin skrifuð um 1570–1580 og inniheldur átta rímnaflokkar, auk fáeinna mansöngva sem eru skráðir sér. Framan af henni vantar blöð, en að öðru leyti er lítið um eyður.<sup>126</sup> Að lokum ber að nefna Holm perg 23 4to, sem er skrifað um 1600, og hefur að geyma tíu rímnaflokkar. Handritið er næstum því heilt, aðeins um 3 blöð hafa glatast þar úr.<sup>127</sup>

<sup>119</sup> Gott yfirlit yfir nýlegar rannsóknir á rímum og afleiddum prósafrásögnum og prósafrásögnum seinni alda er að finna í grein Aðalheiðar Guðmundsdóttur, „Um (ó)merkilegar sögur“, *Tímarit Máls og menningar*, 83. árg., 1. hefti (2021), bls. 93–102.

<sup>120</sup> Björn K. Þórólfsson tímasetti *Kollsbók* upp úr 1500 í bók sinni *Rímur fyrir 1600*, bls. 4. Ólafur Halldórsson tímasetti *Kollsbók* milli 1480–1490 í útgáfu sinni af handritinu, *Kollsbók* (Reykjavík: Handritastofnun Íslands, 1968), bls. xxxi, og Sverrir Tómasson taldi hana einnig skráða á síðustu áratugum 15. aldar, líkt og Ólafur hafði gert, í grein sinni „The functions of rímur in medieval Iceland“, bls. 63.

<sup>121</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 3.

<sup>122</sup> Ibid., bls. 1; Sverrir Tómasson, „The functions of rímur in medieval Iceland“, bls. 63.

<sup>123</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 3; Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. xxxi–xlvi; Sverrir Tómasson, „The functions of rímur in medieval Iceland“, bls. 64; Rósa Þorsteinsdóttir, „Þverhandarþykk rímnabók“, *66 handrit úr förum Árna Magnússonar*, ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir, Driscoll og Sigurður Svavarsson (Reykjavík: Opna, 2013), bls. 193–195.

<sup>124</sup> Miðað við skrá Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, í handritinu AM 477 fol., þá nefnir hann að í *Hólsbók* hafi verið *Geðraunir*, *Geirarós rímur*, *Skikkju rímur*, *Landrés rímur*, *Virgiles rímur* og *Griplur*, en þeir rímnaflokkar eru ekki í handritinu í nú varðveittri mynd.

<sup>125</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 8–9; Sverrir Tómasson, „The functions of rímur in medieval Iceland“, bls. 64.

<sup>126</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 6. Viðar Hreinsson hefur þó varpað fram þeirri hugmynd að handritið muni vera skrifað af Jóni lærða Guðmundssyni (1574–1658), og sé þá yngri eða frá um 1589–1591, sjá Viðar Hreinsson, *Jón lærði og náttúrun náttúrunnar* (Reykjavík: Lesstofan, 2016), bls. 77–80.

<sup>127</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 7–8.

Þessi skinnhandrit eru öll safnrit; rímur frá miðöldum eru því ekki varðveittar í frumritum, heldur einungis í eftirritum. Aukinheldur eru þau flest illa varðveitt, þar sem glatast hefur úr þeim, svo í mörgum tilvikum eru rímnaflokkarnir í heild sinni aðeins varðveittir í yngri pappírshandritum.

Rímnaflokkar frá miðöldum hafa ýmis mál- og brageinkenni sem ekki er að finna í rímnaflokkum sem ortir voru eftir siðbreytingu, og oft má reyna að tímasetja rímnaflokkka út frá þeim einkennum. Það er þó ekki einfalt að tímasetja rímnaflokkka út frá mál- og brageinkennum, svo ákveðin óvissa fylgir ávallt aldursgreiningu þeirra. Með samanburði á varðveittum rímnaflokkum frá miðöldum hefur þeim verið raðað í aldursröð og skipt milli rímnaskeiða,<sup>128</sup> en gera verður ráð fyrir vissum skekkjumörkum í slíkum samanburði. Til að mynda hafa *Ölvis rímur sterka* verið staðsettar á þriðja skeiði rímna og taldar ortar á seinni hluta 15. aldar, en þegar aldursgreinandi einkenni textans eru skoðuð betur bendir ýmislegt til þess að rímnaflokkurinn sé eldri (sjá umfjöllun í kafla 3).

### 1.2.1 Efni rímna

Þegar varðveittir rímnaflokkar frá miðöldum eru athugaðir kemur í ljós að efni þeirra er fjölbreytt. Efni miðaldarímna er, með fáeinum undantekningum, sótt í þekktar prósasögur og meðal þeirra má finna efni sótt í fornaldarsögur, riddarasögur, goðsögur, konungasögur og þætti konungasagna, Íslendingasögur og dæmisögur (miðaldaævintýri). Rímur eru oft flokkaðar saman sem sérstök bókmenntategund, en eins og Sverrir Tómasson hefur bent á, eru rímurnar fjölbreyttari en svo og betur færi jafnvel á því að ræða um rímnategundir og miða þær þá við það efni sem rímurnar eru ortar út frá.<sup>129</sup> Flokkun miðaldabókmennta í bókmenntagreinir getur þó verið flókið viðfangsefni (eins og nánar verður fjallað um í kafla 2). Það er því e.t.v. einfaldast að tala um rímur sem sérstaka kvæðagrein, þar sem ort er eftir mismunandi tegundum bókmennta í lausu máli.

Í umfjöllun sinni skiptir Björn K. Þórolfsson rímum eftir efni og flokkar þær í sex flokka: rímur sem ortar eru eftir fornaldarsögum, goðsögum, Noregskonungasögum (og þáttum), Íslendingasögum, riddarasögum og ævintýrasögum.<sup>130</sup> Flestar miðaldarímur mætti þó flokka með fornaldarsögum og riddarasögum,<sup>131</sup> sem voru án efa vinsælasta yrkisefni rímna fram eftir

<sup>128</sup> Sjá Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600* og Hauk Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*.

<sup>129</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 72.

<sup>130</sup> Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 232–236. Björn nefnir til viðbótar rímur ortar eftir þjóðsögu (*Móðars rímur*) og rímur ortar eftir helgisögu (*Amíkuss og Amiliuss rímur*), auk flokks rímna þar sem kvæði eru kveðin í rímnaformi en eru skv. honum stælingar á rímum (*Fjósa ríma, Sjálfdeilur*). Þessi dæmi eru þó frá því eftir siðbreytingu. *Skíða rímu* telur hann með þessum síðasta flokki.

<sup>131</sup> Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 339–340.

öldum. Skemmtanagildi sagnaefnis virðist því hafa ráðið för. Eftir siðbreytingu eru rímur áfram ortar út frá þessum bókmenntategundum en fleiri efnisflokkar bætast þó við, svo sem rímur ortar út frá helgisögnum, Biblíurímur og aukning rímna með þjóðsagnaefni og rímna ortum út frá Íslendingasögum. Þrátt fyrir þessa viðbót er að öllum líkindum „öðru nær að tilbreytingin í viðfangsefnum rímna hafi fremur minnkað á síðari öldum“.<sup>132</sup>

Þótt rímur séu ortar út frá vissu sagnaefni er ekki alltaf svo að skáldin yrki út frá sögunni í heild. Í nokkrum miðaldarímum endursegja skáldin aðeins vissa hluta eða þætti sagnanna í rímnaformi. Af því má hugsanlega ráða að vissir partar sagnanna hafi þótt skemmtilegri en aðrir eða höfðað sérstaklega til skáldsins eða verkbeiddans.<sup>133</sup> Einnig eru dæmi um að ort hafi verið aftan við rímnaflokkka. Dæmi um þetta eru *Andra rímur fornu*, sem upphaflega voru níu rímur. Þar segir af Andra jarli og átökum hans við Hjarrandasyni. Eftir fall Andra er enn barist og lýkur rímunum þar sem Herrauður Hjarrandason hefur barist gegn Menelás og snýr aftur til Álfs á Þrúðey. Einhverju seinna tekur annað skáld sér fyrir hendur að yrkja þrjár rímur aftan við rímnaflokkinn sem þrýtur eftir að móðir Andra hefur verið felld.

Rímnaflokkar voru einkum ortir út frá heilum sögum. Í upphafi urðu stuttar frásagnir fyrir valinu, en síðar meir var lengri sögum snúið yfir á bundið mál og urðu rímnaflokkar þá lengri. Rímnaflokkarnir fylgja söguþræði prósafrásagna alla jafna fremur nákvæmlega, jafnvel þegar ort er út frá hluta frásagnarinnar. Skáldin eiga til að stytta frásögn sína, með því að sleppa lýsingum eða draga saman samtöl,<sup>134</sup> eða lengja vissar senur með auknum lýsingum. Þetta virðist vera stílbragð sem þjónar þeim tilgangi að hraða hægri atburðarás og auka spennu – eða hið gagnstæða, að hægja á knappri framvindu. Skáldin eru því fremur að færa efnið á milli miðlunarforma, fremur en að endursemja það í eiginlegum silningi og efnislegar breytingar eru fátíðar.

Söguefni rímnaflokkka er jafnan skipt upp í stakar rímur. Skipting á milli rímna getur oft fylgt kafla- og þáttaskilum prósafrásagnarinnar, „en víða sést þó að þess er fremur gætt að skiljast við atburðarásina á spennandi stað í rás þeirra til þess að geyma eftirvæntingu áheyrenda til næsta flutnings. Þetta er vitaskuld sama regla og í mörgum kvikmyndaröðum okkar tíma“.<sup>135</sup> Efni hvernar rímu er oft dregið saman í upphafi nýrrar rímu og við niðurlag hennar, sem er annað stílbragð sem einnig er algengt í afþreyingarefni nútímans, sér í lagi framhaldspáttum sem sýndir

<sup>132</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 340.

<sup>133</sup> Þetta mun ekki vera algengt en sem dæmi nefna rímnaflokkka af Gretti Ásmundarsyni, sem ortir eru út frá hlutum sögunnar. Sjá Evu Maríu Jónsdóttur, „Óðar smiður þó annar fyrr, undan hafi hér gengið“: Grettisrímur frá 15., 17. og 19. öld. Hið sama á við um *Hrólfs rímur Gautrekssonar*, sem ortar eru eftir seinni hluta fornaldarsögunnar, sjá Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur og Hauk Þorgeirsson, „Hrólfs rímur Gautrekssonar“, bls. 81.

<sup>134</sup> Eva María Jónsdóttir, „Óðar smiður þó annar fyrr, undan hafi hér gengið“: Grettisrímur frá 15., 17. og 19. öld, bls. 335.

<sup>135</sup> Ibid., bls. 335–336.

eru í sjónvarpi. Þar rifjar skáldið upp í stuttu máli hvar skilið var við söguna í rímunni sem áður fór og við lok rímunnar er jafnvel tæpt á því sem koma skal í næstu rímu eða atburðarásin dregin saman.

### 1.2.2 Mansöngvar

Rímnahefðin er að mörgu leyti ópersónuleg og óhlutdræg kvæðagrein, þar sem skáldið miðlar sögunni og stendur þá að jafnaði sjálft utan við hana. Af og til má merkja spor þess innan textans, í formúlubundnum línunum á borð við *það frá ég* eða *sem fyrr var sagt*. Þá kemur fyrir að afstaða skáldsins til persóna eða atburðarásar komi fram í stökum línunum, sbr. *afrek mun sá hljóta* og *trylltan vil ég þann kalla*. Stöku sinnum brýtur skáldið þó upp atburðarás til að ávarpa áheyrendur beint, sbr. vísu IV.28 í *Ölvis rímunum sterka*, þar sem það brýtur frásögnina upp í miðri rímu, þar sem spennan er hvað mest, og hvetur áheyrendur til að klappa:

Nú mun koftur ath hræra hendur  
haluren mun þat fanna  
uppá einum stofne ftendur  
ftód fyrer hundrat manna.<sup>136</sup>

Nærvera skáldsins er hins vegar greinanleg í upphafsvísunum rímna og niðurlagi þeirra, þar sem skáldið dregur saman atburðarás og vísar þá jafnvel í flutning og áheyrendur. Þessar vísur ramma frásögnina inn og notar skáldið kenningar sem vísa í skáldskaparmjóðinn oft en ekki til að tilkynna að ríma sé að hefjast eða enda. Slíkar vísur má finna í *Ölvis rímunum sterka*, við upphaf og niðurlag hvernar rímu. Sem dæmi má taka fyrstu vísu í II. rímu þar sem dregið er saman hvar skáldið skildi við í I. rímu:

Reckar villdu regnis feing reifta í felse  
Aulver fellde Ödlíngs herfe  
Úlfur vard ath hníga þefse.<sup>137</sup>

Niðurlag rímunnar hljómar svo:

Kappin þackar Kónge rád ok kvadde menge  
reid til skips með rofka dreng  
rímat hefer ek nógu lenge.<sup>138</sup>

<sup>136</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., vísu IV.28, bls. 370.

<sup>137</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., vísu II.1, bls. 346.

<sup>138</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., vísu II.46, bls. 352.

Þar sem skáldið kveðst hafa rímað nógu lengi telur það líklega að mál sé að hætta að sinni. Einnig má finna í *Ölvis rímum sterka* niðurlagsvísu þar sem skáldið gefur í skyn hvað koma skuli í þeirri næstu:

Hættulegt var þat harma tál  
í hýggju lande  
futtúngs er nú meir enn mál  
ath miódurin ftande.<sup>139</sup>

Slíkar vísur eru algengt stílbragð í rímnahefðinni og eftir að hafa litið á uppskriftir óútgefina rímnaflokkanna<sup>140</sup> sem og útgefina miðaldarímna, má fullyrða að þær finnist í öllum þessum rímnaflokkum – í einhverri mynd.

Mest áberandi er nærvera skáldsins í mansöngvum rímna, en það er eins konar sjálfstæð kveðskapareining þar sem persónuleg tjáning þess er í fyrirrúmi. Mansöngur, í eiginlegri merkingu, vísar til kvenna og er eins konar ástarljóð.<sup>141</sup> Í þeim er hefð að ávarpa konur eða yrkja um konur eða fyrir þær, eins og margir rímnaflokkar vitna um. Oft eru ástarmál skáldsins umfjöllunarefni mansöngva, en einnig harmar og kvartanir um elli eða svefnleysi. Björn K. Þórólfsson hefur bent á að slíka hefð ástarkvæða megi einnig greina í dróttkvæðum vísum, eins og í gamanvísum Haralds harðráða og *Jómsvíkingadrápu* Bjarna Orkneyjabiskups.<sup>142</sup> Hann benti einnig á tengsl mansöngshefðarinnar við *Minnesang* í þýskri kveðskaparhefð og ástarljóð franska farandsöngvara.<sup>143</sup>

Mansöngvar eru yfirleitt í upphafi hvers rímnaflokkss, og stundum er jafnvel mansöngur fyrir hverri rímu innan flokksins.<sup>144</sup> Þeir geta verið misjafnir að lengd, allt frá einni upp í yfir 30 vísur. Mansöngvarnir eru óskyldir rímnaflokkunum að efni til, og eru að einhverju leyti formálar<sup>145</sup> þar sem skáldið ávarpar áheyrendur í fyrstu persónu og gefur innsýn í persónulegt líf sitt og lýsir jafnvel tilfinningum sínum, ást og sorg. Einnig er algengt að verkbeiðendur, jafnan konur, séu ávarpaðir, skáldið biðji sér hljóðs eða lýsi skemmtun og kringumstæðum.

Í elstu rímum eru jafnvel engir mansöngvar; aðeins upphafs- og niðurlagsvísur þar sem efni

<sup>139</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., vísa III.62, bls. 364.

<sup>140</sup> *Andra rímur fornu*, *Andra rímur* (X–XIII), *Brönu rímur*, *Bærings rímur*, *Ektors rímur*, *Reinalds rímur* og *Þóris rímur háleggs* eru til í uppskriftum á Árnastofnun, en eru enn óútgefnar. Rímnaflokkarnir innihalda allir slíkar upphafs- og niðurlags vísur.

<sup>141</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 256.

<sup>142</sup> *Ibid.*, bls. 257.

<sup>143</sup> *Ibid.*, bls. 270–276.

<sup>144</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 336.

<sup>145</sup> Skáld *Bærings rímna* kallar mansöng sinn í 5. vísu VII. rímu „prologus“ til að mynda.

rímunnar er dregið saman.<sup>146</sup> Gæti það verið einskonar vísir að mansöngshefð í þróun.<sup>147</sup> Upphafsb- og niðurlagsvísur eru þó einnig til staðar í rímnaflokkum sem hafa mansöng og má velta vöngum yfir því hvort slíkar vísur séu vísir að mansöng, eða hafi frá upphafi verið eða þróast síðar sem stílbragð í verkfærakistu rímnaskálda. Varðveittir mansöngvar eldri rímna eru gjarnan stuttir og ortir framan við fyrstu rímu rímnaflokk, en seinna ber meira á því að mansöngur fylgi hverri rímu flokksins.<sup>148</sup> Það að yrkja mansöngva framan við rímu virðist vera orðið að að fastri reglu á 16. öld, en þetta gæti þó einnig verið háð varðveislu:

Snemma fer að bera á þeim sið að setja mansöng fyrir eða í upphafi hvernar rímu en ekki verður séð að það sé orðin föst regla fyrr en á 16. öld. Það villir e.t.v. sýn að þeir sem stýrðu söfnun rímna í þau safnrit fáein sem við eigum varðveislu flestra miðaldarímna að þakka hafa að líkindum fyrst og fremst hugsað um sögunar og því látið sleppa að skrifa mansöngva. Um það verður þó ekki vitað með vissu.<sup>149</sup>

Það er með öllu óvíst hvort mansöngvar hafi smám saman þróast með þeim hætti að upphafs- og niðurlagsvísur hafi með tímanum orðið lengi og persónulegri, svo úr varð mansöngur eða hvort þeir hafi fylgt rímum frá upphafi en hafi varðveist illa.<sup>150</sup> Mansöngvum gæti vel hafa verið sleppt við uppskrift rímna í handrit – eða þeir skráðir sér eins og uppskriftir mansöngva í *Krossnesbók* vitna um. Vel má hugsa sér að mansöngvar hafi fyrst og fremst verið eins konar persónulegur inngangur eða formáli skáldsins eða kvæðamannsins, ætlaðir til flutnings fyrir áheyrendur, og að ekki hafi þótt jafn mikilvægt að skrá þá sérstaklega niður með rímnaflokkum þegar þeim var safnað eins og Björn K. Þórólfsson hefur bent á: „Raunar er ekki grunlaust um, að mansöngvar sjeu stundum felldir niður í handritunum svo sem oft er gert í rímnabókum frá 17. og 18. öld...“<sup>151</sup> Upphafsb- og niðurlagsvísur gætu vel hafa verið hluti mansöngs sem hefur að öðru leyti glatast því að ólíkt mansöngnum sjálfum, eru þær órjúfanlegur hluti rímnanna þar sem kynning eða endursögn efnisins kemur fyrir. Þar sem varðveisla mansöngva gæti verið tilviljunum háð, getur verið erfitt að styðjast við þá, eða skort á þeim, til aldursgreiningar á rímnaflokkum – nema

---

<sup>146</sup> Til dæmis í *Ólafs rímu Haraldssonar*, *Ólafs rímum Trygvasonar B*, *Prymlum*, *Sigmundar rímu*, *Þrændlum*, *Ölvis rímu sterka*, *Úlfhams rímu* og *Hrólfs rímu Gautrekssonar*. Í *Ólafs rímu Haraldssonar* er aðeins ein niðurlagsvísa, þar sem skáldið biður Ólaf helga að reiðast sér ekki vegna bragsmiðanna og um leið að bjarga sér. Í *Þrændlum* eru niðurlagsvísur, en ekki upphafsvísur. Margir þessara rímnaflokkar teljast gamlir og eru tímasettir á elsta skeiði eða öðru skeiði rímna, þ.e. fyrir 1450, á meðan *Ólafs rímur Trygvasonar B* og *Hrólfs rímur Gautrekssonar* eru yngri. Það er því óvíst hvort skortur á mansöng sé merki um háan aldur. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að mansöngvar hafi ekki varðveist.

<sup>147</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. xvii–xviii; xxii.

<sup>148</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 260–261.

<sup>149</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 336.

<sup>150</sup> Björn K. Þórólfsson telur að mansöngvar hafi þróast smám saman, hafi fylgt rímnagerð frá upphafi en hafi smám saman orðið nauðsynlegur hluti rímna. Sjá *Rímur fyrir 1600*, bls. 259–260. Vesteinn Ólason og Davíð Erlingsson benda báðir á þann möguleika að mansöngvar hafi verið ortir við rímur frá upphafi. Sjá Vesteinn Ólason, „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld“, bls. 77 og Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 336.

<sup>151</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 258.

stuðst sé við önnur aldursgreinandi einkenni samhliða.

Í *Sörla rímum*, sem hafa verið taldar til elstu rímna,<sup>152</sup> er mansöngur hafður fyrir fyrstu rímunni, sem telur 10 vísur. Þar er þó hvorki ort til konu né um ástarmál sérstaklega og afsakar skáldið þar vöntun á mansöng:

Dicta ec ecki mansaungs mal,  
man eg þo kærvi blida,  
þui þat kann at suikia sal,  
se ec þat afla kuida.<sup>153</sup>

Fleiri skáld taka í sama streng, og afsaka skort á eiginlegum mansöng, þar sem þau yrkja ekki beint um konur eða vilja ekki yrkja slíkt, sbr. *Dínus rímur* I.1–7, *Geðraunir* I.5, *Sigurðar rímur fóts* I.1 og *Skíða rímu* I.1–5, svo einhver dæmi séu nefnd. Þetta virðist benda til þess að mansöngvar hafi fylgt rímnakveðskap frá upphafi, en ekki verður fullyrt um hvort það hafi verið regla eða einungis algengt stílbragð. Einhver skáldanna nefna í mansöngvum sínum að yrkja þurfi mansöng, eins og kemur fram í *Bærings rímum eldri*:

Þar eru skáldin skyldug til  
að skjala um dökkva grímu  
flytja nokkuð fræða spil  
framan til hverrar rímu.

Mærðar smiðurinn mansöng fremr  
meyjan gleðst en káta  
einn skal kveða en annar nemr  
allir þanninn láta.<sup>154</sup>

Sitthvað gæti bent til þess að skort á mansöngvum í elstu rímum megi rekja til varðveislu og afritunar. Fremur fáir rímnaflokkar hafa engan mansöng, eða um átta rímnaflokkar, en þá eru upphafs- og/eða niðurlagsvísur þó til staðar. Í handritum *Ölvis rímna sterka*, til að mynda, er

<sup>152</sup> Björn K. Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 294; Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 249.

<sup>153</sup> *Sörla rímur*, vísa I.4, *Rímnasafn*, II. bindi, útg. Finnur Jónsson, bls. 85.

<sup>154</sup> *Bærings rímur*, vísur VII.1–2, sjá Karel; rannsóknarvettvang rímna, <https://rimur.adlib.is/karel/rimur/39>.

Þetta misjafnt á milli textavitna, þar sem engan mansöng er að finna í NKS 1133 fol. á meðan ein vísa í AM 616 d 4to gæti fallið undir mansöngshefðina þótt ekki sé ort um konur. Því verður líkast til seint svarað hvort mansöngvar hafi ávallt fylgt rímnaflokkum og hvort skort á mansöng í eldri rímum megi rekja til varðveislu, eða hvort upphaflega hafi þeir verið algengt stílbragð sem fljótlega varð nauðsynlegur hluti af hefðinni. Hins vegar virðist greinileg sú þróun að mansöngvar hafi lengst með tímanum og verið ortir framan við hverja rímu í rímnaflokki fremur en framan við fyrstu rímuna einungis. Hefur lok þeirrar þróunar jafnvel verið nefnd „endalok séríslenskrar þróunar“<sup>155</sup> á rímnahefð.

### 1.2.3 Bragfræði

Í þessum kafla er ætlunin að tæpa á helstu bragarháttum miðaldarímna; þeim grunnháttum og elstu afbrigðum þeirra, sem eru til staðar í *Ölvis rímum sterka*.<sup>156</sup> Í umfjöllun um bragfræði hefur skapast hefð fyrir að skipta bragarháttum upp í þrjá grunnhætti: ferskeytt, braghent og afhent. Aðrir hættir eru leiddir af grunnháttunum. Ferskeyttur háttur er ferkvæður og hefur því fjögur vísuorð. Braghendan er þríkvæð og hefur því þrjú vísuorð. Afhendingin er tvíkvæð og ber því aðeins tvö vísuorð. Innan grunnháttanna rúmast svo allir rímnahættir og afbrigði þeirra. Jafnan hefur verið talað um ferkvæða háttinn sem elsta og fjölbreyttasta bragformið í íslenskri bragfræði.<sup>157</sup> Eins og komið hefur fram verður ekki betur séð en að ferkvæður háttur hafi þróast fyrir erlend áhrif. Vésteinn Ólason benti einnig á að hið sama eigi við um aðra hætti sem teljast með elstu rímnaháttum, eins og fram kom í kafla 1.1. Þó eru vissulega rímnahættir, afbrigði við grunnhættina, sem hafa þróast eftir innlendri hefð. Að auki mætti segja að rímnaformið haldi í viss brageinkenni sem höfðu þróast í innlendri kvæðahefð, svo sem notkun á stuðlum og höfuðstöfum, hendingum (aðalhendingum og skothendingum) og innrími, sem þekkt var í dróttkvæðum háttum. Strax við upphaf rímna skeiðs gætir þess að nokkrir bragarhættir hafi verið í notkun, en snemma taka afbrigði þeirra að þróast og nýir hættir greinast frá þeim gömlu.<sup>158</sup>

Í rímum frá elsta skeiði er mest um óbreyttan ferskeyttan hátt, en einnig birtast fáein ferkvæð afbrigði og þríkvæð braghenda í elstu rímum. Nokkrir rímnaflokkar eru ortir undir óbreyttum ferskeyttum hætti einum: *Ólafs ríma Haraldssonar*, *Völsungs rímur*, *Ólafs rímur Tryggvasonar*

<sup>155</sup> Vésteinn Ólason, „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld“, bls. 77.

<sup>156</sup> Ítarlegri umfjöllun um bragarhætti má finna m.a. hjá Birni K. Þórólfsyni, *Rímur fyrir 1600*, bls. 51–85; Sveinbirni Beinteinssyni, *Bragfræði* (Reykjavík: Bréfaskóli S.Í.S, 1951) og *Bragfræði og Háttatal* (Reykjavík: Leiftur, 1953); Ragnari Inga Aðalsteinssyni, *Bragfræði* (Reykjavík: Námsgagnastofnun, 1987) og *Íslensk bragfræði*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2013); og Kristjáni Arnasyni, *Stíll og bragur: Um form og formgerðir íslenskra texta* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013).

<sup>157</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 330–331.

<sup>158</sup> Í kafla 3.5 má finna yfirlit um bragarhætti miðaldarímna.

(A), *Úlfhams rímur*, *Jóns rímur leiksveins*, *Virgíles rímur* og *Skiðaríma*. Aðrir rímnaflokkar sýna á hinn bóginn viðleitni skáldanna til að skipta um hátt milli rímna og á elsta skeiði má finna ferkvæða hætti eins og stafhent, skáhent, úrkast og samhendu og þríkvæðar braghendur. Fræðimenn hafa talið *Sörla rímur* vera elstu rímur ortar á Íslandi,<sup>159</sup> en í þeim má finna aðra hætti en óbreyttan (þó óreglulegan) ferskeyttan hátt, eins og stafhent, skáhent og samhent. Því virðast ferkvæð afbrigði þegar hafa mótast að einhverju leyti við upphaf rímnaskeiðs. Óregla á háttum getur enn fremur verið til marks um háan aldur, þar sem hátturinn virðist þá enn í mótun. Óbreyttur ferskeyttur háttur er „með víxlrími abab þar sem fjórir bragliðir eru í ójöfnu vísuorðunum (1. og 3. línu), og sá síðasti stýfður, en þrír í þeim jöfnu (2. og 4. vísuorði)“.<sup>160</sup> Þegar hátturinn er reglulegur bera rímorð í frumlínum því eitt atkvæði (karlrim), en tvö atkvæði í síðlínum (kvenrim). *Ólafs ríma Haraldssonar* er ort undir reglulegum óbreyttum ferskeyttum hætti. Í *Sörla rímum* er hátturinn hins vegar óreglulegur, þar sem vísuorð eru ýmist stýfð eða óstýfð, jafnt í frumlínum sem og síðlínum, og hafa rímurnar því verið taldar eldri. Sumar rímur virðast hafa sömu óreglu og *Sörla rímur* við fyrstu sýn, en hafa ber þá í huga að í miðaldarímum ber stoðhljóðið í *-ur* endingum jafnan ekki atkvæði samkvæmt hefðarreglu, svo orð eins og *góður/góðr* töldust einkvæð og hafa því ekki áhrif á háttinn sem er þá reglulegur þótt hann teldist óreglulegur samkvæmt nútímamáli.<sup>161</sup> Í umfjöllun sinni um rímur segir Davíð Erlingsson: „Frá þessum grunnhætti er venja að greina ferskeytt stafhent, sem hefur runurím aabb, fjóra bragliði í öllum vísuorðum og þá síðustu stýfða“.<sup>162</sup> Reglulegur er hátturinn með öll vísuorð stýfð, en frumlínur eða síðlínur geta komið fyrir óstýfðar. Hátturinn kemur strax fyrir í *Sörla rímum* og er fremur algengur í rímum. Davíð heldur svo áfram: „Ferskeytt samhent verður úr þessu þegar rímið er gert aaaa“.<sup>163</sup> Samhent kemur einnig fyrir í *Sörla rímum* og er hátturinn þar, líkt og stafhent, reglulegur. Óbreyttur ferskeyttur háttur „elur af sér fleiri afbrigði í aldanna rás en hinir; elst þeirra eru skáhent og úrkast“.<sup>164</sup> Skáhent er eins og ferskeytt óbreytt að öllu leyti nema hvað varðar frumlínur sem bera ekki endarím, heldur aðalhendingar langsetis með rímorðum í öðrum og fjórða braglið. Í *Sörla rímum* er V. ríma skáhent og kemur hátturinn þar fyrir, líkt og stafhent og samhent, reglulegur. Þessir hættir virðast því vera snemma orðnir reglulegir og afbrigði þeirra, svo sem stafhent framhent, taka einnig snemma að þróast.<sup>165</sup>

Úrkast, sem Davíð Erlingsson taldi með elstu afbrigðum grunnháttarins, er örlítið flóknara í

<sup>159</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 294; Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 249.

<sup>160</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 331.

<sup>161</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 211–212.

<sup>162</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 331.

<sup>163</sup> Ibid., bls. 331.

<sup>164</sup> Ibid., bls. 331.

<sup>165</sup> Sjá t.d. *Geðraunir*, XIII. rímu. *Rímnasafn*, II. bindi, útg. Finnur Jónsson, bls. 278–284. *Geðraunir* eru taldar ortar um 1400.

uppbyggingu og hefur fjórar kveður í frumlínum en tvær í síðlínum. Í reglulegu úrkasti eru frumlínur ýmist stýfðar eða óstýfðar meðan síðlínur eru ávallt stýfðar. Hátturinn ber víxlrim abab, en kallast frumstýft úrkast ef frumlínur eru stýfðar. Í eldri rímum er ekki gerður greinamunur á reglulegu úrkasti og frumstýfðu úrkasti, og standa afbrigðin þar í frjálsri dreifingu. Á elsta rímnaskeiði rann úrkast, með eða án afbrigða, oft saman við dverghendu, með eða án afbrigða. Dverghenda er alveg eins og reglulegt úrkast, nema að þar eru síðlínur stýfðar. Séu braglínur alstýfðar telst hátturinn vera frumstýfð dverghenda.<sup>166</sup>

Þótt úrkast hafi snemma þróast út frá ferskeyttum hætti virðist hátturinn lengi hafa verið í mótun, og ekki orðið reglulegur fyrr en á síðari tímum. Þetta sýna elstu rímur glögglega en þar er algengt að sjá úrkast og úrkast frumstýft í bland við dverghendu og frumstýfða dverghendu. *Geðraunir IX og XI, Þrændlur IX, Vilmundar rímur XV, Sálus rímur XI, Bósa rímur VIII, Klerka rímur III, Haralds rímur Hringsbana VI, Filippó rímur III, Áns rímur bogsveigis VI, Hjálmþérs rímur I og Bjarka rímur V* eru með úrkast og dverghendu í bland og í þeim sex síðastnefndu má einnig sjá háttinn blandast við frumstýfða dverghendu þar sem sumar vísur bera alstýfð vísuorð.

Braghendan er elsti þríkvæði hátturinn, og í honum er fyrsta vísuorðið lengst: „í braghendu eru sex bragliðir og þrír stuðlar í fyrsta vísuorði, sem er sér um stuðlasetningu, en annað og þriðja vísuorð eru stuðluð saman og hafa fjóra bragliði hvort og endarím aaa“.<sup>167</sup> Braghenda, líkt og úrkast, virðist þó lengi hafa verið í mótun því algengt er í elstu rímum að ekki sé gerður greinamunur á braghendu og valhendu, en eini munurinn þar á er að allar braglínur í braghendu eru óstýfðar, á meðan allar braglínur valhendu eru stýfðar. Þessum háttum er einstaka sinnum slegið saman í elstu rímum og virðist því ekki hafa verið gerður greinamunur á háttunum fyrr en síðar. Þó eru dæmi um gamlar rímur þar sem braghendu er beitt með reglulegum hætti, en óregla á hættinum eða samblöndun á þessum háttum virðist ekki hafa verið talið braglyti fyrr en síðar meir. Alls eru níu rímur sem blanda saman braghendu og valhendu í sömu rímu: *Grettis rímur II og VII, Landrés rímur V, Sturlaug's rímur V, Haralds rímur Hringsbana II og VI, Ölvis rímur sterka II, Ektors rímur VI og Sigurðar rímur þögla VIII*. Athyglisvert er að sjá að í einum rímnaflokkinum, *Haralds rímum Hringsbana*, blandast hættirnir saman í II. og IV. rímu, en regluleg valhenda kemur svo fyrir í V. rímu. Elstu dæmi braghendu er þó að finna í *Þrymlum* og *Geðraunum*, en þar er braghendan regluleg. Því mætti telja að hátturinn hafi lengi verið í þróun

---

<sup>166</sup> Kristján Eiríksson (ritstj.), *Óðfræðivegurinn Bragi*, færsla við „Dverghent“.

<sup>167</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 331.

og að ekki hafi verið talið braglýti að blanda saman þessum tveimur háttum og afbrigðum þeirra fyrir en eftir 1500.<sup>168</sup>

Ýmis önnur brag- og máleinkenni skilja miðaldarímur frá rímum sem ortar voru eftir siðbreytingu. Þar er fyrst að nefna hljóðdvalabreytinguna sem hófst á 14. öld, og var fullgengin yfir á 16. öld. Sú breyting hafði áhrif á hrynjandi og atkvæðalengd. Þetta sést greinilega í rímum undir t.d. ferkvæðum hætti þar sem stoðhljóðið *-ur* ber ekki atkvæði, svo orð eins og *góðr/góður* telst stýft en ekki óstýft – sbr. eldri framburð. Sú breyting hafði einnig áhrif á óstýfð vísuorð, þar sem miðaldarímur bera gamla hljóðdvöl, sem felst í því að „síðasta ris óstýfðra vísuorða [er] langt“<sup>169</sup> en gömul hljóðdvöl er ekki algeng eftir siðbreytingu.

Að lokum er rétt að nefna örfá fleiri dæmi um brageinkenni miðaldarímna svo sem afkringingu *y*, *y* og *ey* sem hefur áhrif á *i*, *í*, *y* og *y* sem í elstu rímum er haldið aðskildum í rímorðum, en er slegið saman í yngri rímum. Þá hefur hljóðbreytingin *vá*>*vo* haft áhrif á rímorð, þar sem í elstu rímum eru orðmyndir með *-vá* enn greinilegar. Rímorð þar sem *e:é*-rím kemur fyrir, sem óaðgreind hljóð, finnast að sama skapi í elstu rímum. Breytingu á stuðlasetningu má einnig greina milli elstu rímna og þeirra sem yngri eru, þar sem *j* var sérhljóði en ekki samhljóði, og stuðlaði því við aðra sérhljóða á elstu skeiðum en kom síðar einungis fyrir í hlutverki samhljóða. Út frá þessum einkennum hefur rímnaflokkum miðalda verið raðað í aldursröð, eftir tíðni og fjölda einkenna. Um slík einkenni er fjallað nánar í kafla 3.3.1.

#### 1.2.4 Skáldamál og stíll

Rímnahefðin fékk skáldamál, og þá sérstaklega heiti og kenningar, í arf frá eddukvæðum og dróttkvæðum. *Snorra-Edda* var jafnframt höfuðrit fyrir skáldin; margar rímur bera þess vitni, þar sem skáldin tala um eddulist og notast við líkingamál sem sótt er í goðafræðina. Skáldamálið er þó ekki tekið breytingalaust upp eftir dróttkvæðahefð og *Snorra-Eddu*; gamalt og þekkt skáldamál var fengið þaðan jafnframt því sem mikil nýsköpun í skáldamáli átti sér stað. Skáldin smíðuðu nýjar kenningar og ný heiti, og skáldamál rímna var aukið með tilkomu blómaðs máls.

Heiti rímnahefðarinnar eru að mestu komin úr þulum, *Snorra-Eddu* og dróttkvæðum, en einnig úr eddukvæðum.<sup>170</sup> Þá ber einnig á því að skáldin búi til ný heiti. Heiti eru skáldlegar umorðanir á algengum fyrirbærum í kveðskap, t.d. *sjóli* fyrir *konung*, *rekkar* fyrir *menn*, *drós*

<sup>168</sup> Allir flokkar upptaldir eru tímasettir á bilinu 1350–1500 af Birni K. Þórólfssyni og Hauki Þorgeirssyni, sjá yfirlit hjá Hauki Þorgeirssyni, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 249–257.

<sup>169</sup> Stefán Karlsson, „Gömul hljóðdvöl í ungum rímum“, *Íslensk tunga*, 5. árg (1964), bls. 10; sjá einnig Björn K. Þórólfsson, „Kvantitetsomvæltningin í islandsk“, *Arkiv för Nordisk filologi*, 45. árg. (1929).

<sup>170</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 86.

fyrir *konu* eða *brandur* fyrir *sverð*.<sup>171</sup> Heiti eru tíð í rímnakveðskap miðalda en eru ekki jafn algeng í yngri kveðskap.<sup>172</sup> Kenningar í rímnahefð eru flestar sóttar í eldri dróttkvæði og *Snorra-Eddu*.<sup>173</sup> Kenningar eru skáldlegar umorðanir samsettar úr tveim eða fleiri liðum, sem samanstanda af stofnorði og kenniorði, þar sem „stofnorðið hefur annaðhvort víðari merkingu en það sem við er átt eða aðra merkingu, en kenniorðið sýnir hvað í raun og veru er um að ræða“.<sup>174</sup> Stundum getur verið undirliggjandi orðaleikur, sem ráða þarf. Eins og með heiti eru kenningar oft umorðanir á algengum fyrirbærum í skáldskap þar sem t.d. *konungur* er kenndur sem *flýttir dróttta*, *maður* sem *hringa-Baldur*, *kona* sem *hringþöll* eða *sverð* sem *Fjölnis bál*.<sup>175</sup> Kenningar voru notaðar frá upphafi rímnaskeiðs, en urðu eftir því sem tímanum leið flóknari<sup>176</sup> og fjarlægari dróttkvæðahefðinni.<sup>177</sup>

Goðafræðikenningar, þar sem vísað er í goðsagnir innan *Snorra-Eddu*, áttu það til að færast úr lagi og fjarlægjast uppruna sinn, og í slíkum tilvikum hefur jafnvel verið talað um hnignun í kenningakerfinu.<sup>178</sup> Í raun væri þó réttara að tala um þróun innan skáldamálsins, þar sem það færðist fjær fornri list dróttkvæðanna svo list rímna gæti dafnað:

Hverjar sem djúpstæðustu rætur hennar [fornrar listar] hafa verið í leit mannsins að þekkingu á heimi og goðheimi og hversu lærdómsleg hún var í eðli sínu þá urðu nú heitin og kenningarnar, kjarni hennar, að formúlum sem í senn auðvelduðu að fylla vísuorðin rétt og orkuðu að hefja það sem frá var að segja upp yfir hversdagslega málnotkun. Þetta varð hlutverk þeirra í stað þess að vera tæki til flókinnar og háþróaðrar listar dróttkvæðanna.<sup>179</sup>

Skáldamálið varð því formúlukennt<sup>180</sup> og nýjar kenningar spruttu upp innan ramma hefðarinnar, sem um leið gerði leikum sem lærðum fært að yrkja innan hennar, sem og að njóta hennar og skilja.

Í elstu rímum gætir tilhneigingar til þess að skáldin leitist við að yrkja skýrt, svo þótt skáldamál hafi verið notað þá torveldar það ekki skilning á efninu. Á eldri skeiðum rímna er skáldamál oft tiltölulega ljóst eða einfalt, og notað sparlega. Sú þróun átti sér þó stað að mál rímna varð sífellt torskildara, þar sem skáldin sýndu list sína og skreyttu mál sitt með flóknum kenningum og óljósum heitum. Þetta var kallað að yrkja myrkt eða dýrt.

<sup>171</sup> Öll þessi dæmi eru sótt í *Ölvis rímur sterka*.

<sup>172</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 87.

<sup>173</sup> Ibid., bls. 88.

<sup>174</sup> Vésteinn Ólason, „Eddukvæði“, *Íslensk bókmenntasaga*, 1. bindi, 1. útg., bls. 59.

<sup>175</sup> Öll þessi dæmi eru sótt í *Ölvis rímur sterka*.

<sup>176</sup> Það er þríkennt eða ferkennt, þar sem kenningarliðum fjölgaði.

<sup>177</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 90–91.

<sup>178</sup> Ibid., bls. 90–91.

<sup>179</sup> Davíð Erlingsson, „Rímur“, bls. 334.

<sup>180</sup> Sverrir Tómasson, „Nýsköpun eða endurteking?“, bls. 26.

Helsta nýjungin í skáldamáli rímnahéðarinnar, blómað mál, þróaðist fyrir erlend áhrif. Blómað mál einkennist, eins og heiti og kenningar, af umorðun eða umritun. Eitt einkenni blómaðs máls eru eignarfallsumritanir, en þær „urðu viðurkennt og hefðbundið stíltæki í máli rímnaskálda og fór notkun þeirra í vöxt, er fram liðu stundir“.<sup>181</sup> Þar eru tvö nafnorð notuð í orðsambandi, stýriorð og nafnorð í eignarfalli, en stýriorði má skipta út án þess að merking sambandsins breytist. Yrðingin dregur merkingu sína af eignarfallsorði, meðan stýriorðið er eins konar skraut. Dæmi um slíkt er *elsku band*, sem merkir *elska/ást* eða *yndis grein*, í merkingunni *yndi*.<sup>182</sup>

### 1.3 Tilfærsla milli miðlunarforma

Efni rímna einkennist af tilfærslu milli miðlunarforma, þar sem þekktar sögur í lausu máli voru iðulega færðar í bundið mál: „svo er mál með vexti að rímnaskáldin sömdu nær aldrei nýjar sögur heldur rímuðu sögur sem þekktar voru fyrir, og val á söguefni og meðferð þess sýnir því væntanlega að skáldið hafi talið söguna vinsæla...“.<sup>183</sup> Þótt miðaldarímur verði þannig í flestum tilvikum raktar til eldri prósatexta, eru þess einnig dæmi að rímur hafi verið ortar út frá goðsagnaefni úr kvæðahefð eddukvæða, eins og t.d. *Þrymlur* sem sækja efni sitt í *Þrymskviðu*. Þar með gat efni rímna verið sótt í aðra kvæðahefð, en ekki einungis til frásagna í lausu máli.

Í umfjöllun um rímur ber nokkuð á því að rímnahéðin sé sögð ófrumleg, að því leyti að nýsköpun í efnivið sé þar ekki áberandi þar sem skáldin sækja efni sitt í skráðar bókmenntir og geri söguna sjaldan að sinni eigin. Skáldin hafi fyrst og fremst fært efnið í nýjan búning, fremur en að breyta því og í þeim breytingum á efni rímna sem þó áttu sér stað, hafi menn jafnvel leitast við að færa ákveðna þætti efnisins í hefðbundinn búning fremur en að takast á við efnið á frumlegan hátt – hugsanlega í takt við smekk áheyrenda. Um þetta segir Davíð Erlingsson: „On the whole, creative alteration of the stories are disappointingly rare in the *rímur*. The changes that are made are such as to make for less originality, and more formalization of certain episodes and adaptations in accordance to prevalent taste“.<sup>184</sup> Það er þó e.t.v. of sterkt til orða tekið að segja að frumleiki rímna sé sjaldséður, þar sem rímnaskáldin vinna efni sitt iðulega á þann veg að auka spennu í vissum senum og draga athygli að ákveðnum persónum, auk þess sem þau sýna oft sjálfstæða túlkun eða vinnubrögð við miðlun efnisins. Rannsóknir sem snúast um úrvinnslu efnis

---

<sup>181</sup> Davíð Erlingsson, *Blómað mál í rímum*, Studia Islandica, 33. hefti (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1974), bls. 23.

<sup>182</sup> Dæmin eru sótt í *Ölvis rímur sterka*.

<sup>183</sup> Vésteinn Ólason, „Rímur og miðaldarómantik: Um úrvinnslu goðsagnaminna og goðsagnamynstra í íslenskum rómönsum á síðmiðöldum“, *Heiðin minni* (Reykjavík: Heimskringla, 1999), bls. 222.

<sup>184</sup> Davíð Erlingsson, „Prose and verse in legendary fiction“, bls. 389.

eftir skráðri prósagerð yfir í bundið mál eru þó tiltölulega fáar.<sup>185</sup>

Þótt efni rímna sé yfirleitt varðveitt í skráðum prósafrásögnum er ekki víst að rímnaskáldin hafi ávallt ort rímurnar beint eftir rituðum texta. Þekkt eru dæmi um rímur sem ortar eru út frá efni sem á sér ekki hliðstæðu í varðveittri prósafrásögn, hvort sem það er vegna þess að þær frásagnir hafi ekki verið skráðar eða vegna þess að þær hafi glatast. Sverrir Tómasson hefur bent á að þótt flestar miðaldarímur megi rekja til ritaðra prósafrásagna þá sé það fremur orðum ofaukið að telja allar rímur komnar nákvæmlega eftir skráðum frásögnum þar sem skáldið hafi haft bók sér í hönd:

...rímur „were versified retellings of stories already existing in books“. This is certainly exaggerated. Many rímur tell us stories for which no written sources have been found, whether because they are now lost or simply never existed. We would be doing the rímur-poets an injustice if we maintain that they followed slavishly old matter without elaboration or independant treatment.<sup>186</sup>

Því mun ósvarað hvort rímnaskáld sem ortu út frá þekktu sagnaefni hafi haft prósafrásagnir í rituðu formi við hendina þegar þau ortu rímnaflokkka sína – eða hvort ort var eftir minni. Þó nokkur dæmi eru um sagnaefni í rímnaformi þar sem engin eldri prósagerð þess er þekkt. Nefna mætti *Ölvis rímur sterka*, *Griplur*, *Úlfhams rímur* og *Skáld-Helga rímur* sem dæmi um slíkt, þar sem prósafrásagnir eldri rímnaflokkunum eru ekki til. Þær prósafrásagnir sem nú eru varðveittar, *Bragða-Ölvis saga*, *Hrómundar saga Gripssonar*, *Úlfhams saga* og *Skáld-Helga saga* eru gerðar eftir rímunum. Jónas Kristjánsson hefur haldið því fram að réttlætlegt sé að gera ráð fyrir glataðri ritaðri prósagerð í slíkum tilvikum: „...the general practice of versifying existing prose narratives and of following the source very faithfully clearly justifies the assumption of lost written texts in cases where no original is extant“.<sup>187</sup> Enda virðist það passa best við rímnahefðina, sem sækir iðulega í eldra efni eins og hann bendir einnig á. Hann nefnir þó *Skíða rímu* sem undantekningu, þar sem hún mun vera ort eftir frumsömdu efni.

Eins algengt og það var að snúa prósaefni yfir í rímur, þá varð það einnig algengt á síðari öldum að snúa rímum yfir í prósafrásögn, og jafnvel að þeim prósafrásögnum hafi svo enn aftur verið snúið yfir í rímur:

Rímur have also frequently been rendered back into prose, and such prose versions have sometimes formed the basis of new rímur. In this manner, verse and prose went hand in hand in popular

---

<sup>185</sup> Sjá þó Driscoll, „Skikkjurímur“; einnig grein Jóhönnu Katrínar Friðriksdóttur og Hauks Þorgeirssonar, „Hrólfis rímur Gautrekssonar“, bls. 91–96 og meistaraítgerð Evu Maríu Jónsdóttur, „Óðar smiður þó annar fyrr, undan hafi hér gengið“: Grettisrímur frá 15., 17. og 19. öld, bls. 50–63, 91–106 og 129–134. Í ritgerð sinni kemst Eva María að því að efnistösk höfundar þriggja rímnaskálda á söguefninu um Gretti sterka séu með misjöfnum hætti.

<sup>186</sup> Sverrir Tómasson, „The function of rímur in Iceland during the late Middle Ages“, bls. 59–60.

<sup>187</sup> Jónas Kristjánsson, „Rímur“, bls. 378.

entertainment; the tales oscillated between these two forms in ways that cannot be easily delineated by the philologist.<sup>188</sup>

Um slíkar tilfærslur fjallaði Peter A. Jorgensen allítarlega í grein sinni „The Neglected Genre of Rímur-Derived Prose and Post-Reformation Jónatas saga“. Þar bendir hann á að frá upphafi rímnahefðar hafi það tíðkast að snúa þekktum sögum fyrri alda yfir á rímnaform og að síðar meir hafi sú venja jafnvel snúist við svo rímnaefni var gert að sögu í prósagerð. Hann telur að slíkar hreyfingar á efni hljóti að endurspegla bókmenntasmekk manna að einhverju leyti og að nógu mikið sé varðveitt af slíkum sögum til að flokka þær saman og kalla sérstaka bókmenntagrein, sem hann nefnir afleiddar sögur (en. *rímur-derived prose*).<sup>189</sup> Hugmynd hans um að sögur sem rekja megi til rímna verði flokkaðar sem sérstök bókmenntagrein er áhugaverð, því að óneitanlega mynda þær ákveðna heild. Þótt sú hefð að færa efni á milli miðla, svo sem úr bundnu máli yfir á lausamál og öfugt, sé gömul þá eiga sögurnar sem leiddar eru af rímum sameiginlegt ferli að baki. Þær byggjast allar á rímum, sem er fremur hamlandi miðill sökum bragreglna og íhaldsemi og hafa allar farið í gegnum eiginlegt ritskoðunarferli. Skrifarinn, sem snéri rímunum yfir á óbundið mál, hefur þurft að velja hvaða hluta rímnanna eigi að leggja áherslu á, hvaða atriði skuli magna upp og hvaða atriði skuli bæla niður. Að því leyti geta þessar sögur veitt okkur innsýn í bókmenntasmekk, málskilning og túlkanir manna á efninu á fyrri öldum. Hins vegar væri tvísýnt að flokka afleiddar sögur sem sérstaka bókmenntagrein, því afmörkun hennar er óljós og efni rímnanna og sagnanna af ólíkum toga – þótt ferli tilfærslunnar fylgi sömu lögmálum. Ef til vill færi betur á að flokka slíkar sagnir undir sérstaka miðlunarhefð. Það má hins vegar taka undir það að slíkar tilfærslur þurfi að rannsaka sérstaklega, þótt þær verði ekki flokkaðar sem sérstök bókmenntagrein.

Jorgensen nefnir fáeinar afleiddar sögur sem dæmi um miðlun frá rímum yfir í prósagerð og telur m.a. upp *Hrings sögu og Tryggva*, sem varðveitt er í handritum frá 18. og 19. öld og byggist á *Geðraunum*, *Skikkju þátt* sem er í handritum frá 19. og 20. öld en byggist á *Skikkju rímum* og prósagerðina *Núma sögu Pompilssonar* eftir *Núma rímum* Sigurðar Breiðfjörð.<sup>190</sup> Hann bendir einnig á *Andra sögu jarls* sem dæmi um efni sem flakkað hefur í báðar áttir á milli miðlunarforma, þar sem *Andra saga jarls* er gerð eftir *Andra rímum fornu* en *Andra rímur yngri* byggjast hins vegar á *Andra sögu jarls*.<sup>191</sup> Efnið um Ölvi Hákonarson hefur farið í gegnum svipað ferli, þar sem *Bragða-Ölvis saga* byggist á *Ölvis rímum sterka* og vitað er til þess að

<sup>188</sup> Davíð Erlingsson, „Prose and verse in legendary fiction“, bls. 390.

<sup>189</sup> Jorgensen, „The neglected genre of rímur-derived prose and post-reformation Jónatas saga“, bls. 187.

<sup>190</sup> Ibid., bls. 187. *Skikkju þáttur* er ekki sama saga og *Möttuls saga*, þótt sagnaefnið sé af sama meiði. *Skikkju þáttur* er fyrst skráður í handrit Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi seint á 19. öld.

<sup>191</sup> Jorgensen, „The neglected genre of rímur-derived prose and post-reformation Jónatas saga“, bls. 188.

Sigurður Breiðfjörð hafi á 19. öld ort rímur út frá prósagerðinni, sem þó eru ekki varðveittar.<sup>192</sup> Vafalaust eru fleiri dæmi um slíka tvöfalda færslu milli miðla, og væri einkar áhugavert að rannsaka slík tilfelli sérstaklega.

Jorgensen bendir á að ekki hafi alltaf þurft að líða langur tími á milli þess að rímnagerð og prósagerð um sama efni hafi orðið til, svo ekki virðist tilfærsla á milli miðlunarforma hafa verið háð einhverju sérstöku varðveislusjónarmiði. Vel má vera að rímur hafi höfðað betur til ákveðinna hópa á meðan prósagerðir höfðuð betur til annarra, eða þá hentuðu betur til flutnings við ólík tækifæri. Til dæmis má vera að rímnakveðskapur hafi hentað betur til skemmtunar á stærri mannamótum en upplestur prósagerða fallið betur að sagnaskemmtun innan veggja heimilisins. Hann nefnir hér sem dæmi *Randvers rímur og Ermingerðar* sem ortar voru undir lok 18. aldar, árið 1794 af Einari Bjarnasyni. Rímurnar eru varðveittar í tólf handritum, en prósagerð sögunnar er varðveitt í aðeins einu handriti með hendi Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi, Lbs. 1504 4to sem skrifað var 1895–1896.<sup>193</sup>

Í rannsókn sinni á *Úlfhams sögu* tekur Aðalheiður Guðmundsdóttir slíkar tilfærslur sérstaklega fyrir, rekur yfirfærsluferli sagnaefnisins og skýrir hvað á sér stað þegar rímur færast aftur yfir í prósagerð. Hún bendir á að sagnaefni fyrri alda eigi sér ekki aðeins athyglisverða handritasögu, heldur einnig „formsögu“<sup>194</sup> og vísar þar í endurmótun sagna úr lausamáli yfir í bundið mál og úr bundnu máli yfir í lausamál, jafnvel oft en einu sinni. Hún telur *Úlfhams sögu* einkar heppilega til rannsókna á áhrifum formbreytinga: „*Úlfhams saga* má teljast afar „heppileg“ til slíkra rannsókna, vegna þeirra breytinga sem sagan (þ.e. bæði form hennar og efni) varð fyrir með stöðugri endurmótun í gegnum aldirnar“.<sup>195</sup> Hið sama á við um *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*, þar sem áhugaverðar breytingar hafa áhrif á sagnaefnið í gegnum aldirnar bæði hvað form og efni varðar, eins og nánar er rakið í kafla 2.

Þegar sagnaefni er fært til milli miðlunarforma eru ákveðnar formkröfur til staðar sem stýra tilfærslunni:

Þegar rímur eru samdar eftir sögu, er eðlilegt að þær verði lengri frumheimildinni vegna formsins, enda er svo um langflestar rímur, þar sem sagan er þekkt. Það hlýtur þá að vera nokkurn veginn sjálfgefið að saga sem unnin er eftir rímnatexta styttist, þar sem prósaformið er knappara og prósa höfundur laus við þær skorður sem rímnatextið setur rímnaskáldinu. Hið nýja form gefur höfundi hvers texta tilefni til að sniðganga uppfyllingarorð og það annað sem beinlínis þjónar tilgangi

<sup>192</sup> Arndís Hulda Auðunsdóttir, „„Lítill sköpun þroska nær“: Rannsókn á mansöngvum Sigurðar Breiðfjörðs“, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2015, bls. 61.

<sup>193</sup> Jorgensen, „The neglected genre of rímur-derived prose and post-reformation Jónatas saga“, bls. 188.

<sup>194</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. cvii.

<sup>195</sup> Ibid., bls. cvii.

rímnaformsins, en hins vegar er honum í sjálfsvald sett hve miklu af upphaflegu efni (þ.e.a.s. merkingarbærum efniseiningum) hann sleppir.<sup>196</sup>

Yfirfærsla sagnaefnis milli miðlunarforma getur haft í för með sér vissar breytingar, sem hafa mismikil áhrif á textaafurðina. Í rannsókn sinni greinir Aðalheiður fimm mismunandi breytingar sem slík yfirfærsla getur haft í för með sér:

1. Þýðingarlitlar breytingar eða umorðanir
2. Lagfæringar
3. Aflögun (misskilningur)
4. „Ynging“ – samtímalegar samræmingar
5. Áherslubreytingar<sup>197</sup>

Með því að rýna í það hvaða breytingar eiga sér stað í miðlun sagnaefnis getum við varpað ljósi á það samfélag sem setti efnið saman, endursamdi það og varðveitti. Breytingarnar gefa innsýn í tilgang rímnaskálds og/eða prósa höfundar með yfirfærslu efnisins, og þær félagslegu kröfur sem gætu þar legið að baki varðandi flutning, viðtakendur, skemmtanagildi og smekk. Þessar breytingar má einnig finna í afritum prósa sagerða, þar sem skrifari breytir uppskrift sinni miðað við fyrirliggjandi forrit og lagar sagnaefnið að viðtökuhópnum hverju sinni. Í kaflanum sem hér fer á eftir er nánar farið út í sagnaefnið um Ölvi Hákonarson, tilfærslu þess úr rímnaformi yfir í prósa sagerð sem og þær breytingar sem hafa áhrif á miðlun sagnaefnisins í gegnum aldirnar.

Það blasir við að sagnaefni á miðöldum, og fram eftir öldum, var fljótandi í formi þar sem það gat auðveldlega flakkað á milli miðlunarforma, frá prósa yfir í rímur, frá rímum yfir í prósa og þar fram eftir götunum. Jafnvel þótt visst sagnaefni væri þegar varðveitt í prósa kom það ekki í veg fyrir að ný prósa sagerð væri gerð eftir rímum og að sama skapi voru nýjar rímur um sama efni ortar, þótt eldri rímur væru varðveittar. Það er því ekki formfesta heldur síbreytileiki sem einkennir sagnaefni fyrri alda: „Mismunandi smekkur fólks eftir tímum og ýmsir síbreytilegir þættir halda lífi í sögunum. Sífelld endursköpun heldur fólkinu við þær og sagnaefninu gangandi. Með stöðnun hefðu þær orðið úreltar“.<sup>198</sup> Með því að færa sagnaefni milli miðla og aðlaga það viðtakendum hverju sinni var langlífi rímnahefðarinnar á Íslandi tryggt.

---

<sup>196</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. cix.

<sup>197</sup> *Ibid.*, bls. cxxxiv.

<sup>198</sup> *Ibid.*, bls. cxliv.

## 2. Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson

Sagnaefnið sem *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis saga* byggist á helst nokkuð óbreytt milli textavitna. Í *Ölvis rímunum sterka* er smávægilegur áherslumunur á textavitnunum, ólík uppröðun vísna hefur áhrif á framvindu sögunnar og einstaka sinnum er einhver breyting á efnistöfum. Ein tiltekin áherslubreyting í textavitnum rímnanna er sérlega áberandi þar sem hún hefur áhrif á kjarna sagnaefnisins. Það er þó ljóst að eins og rímurnar eru varðveittar í dag hefur eitthvað farið forgörðum, því margt er óljóst og illskiljanlegt í þeim og þar af leiðandi lítur út fyrir að varðveisluferlið hafi haft áhrif á samhengi söguefnisins. Prósagerðin *Bragða-Ölvis saga* á rætur sínar að rekja til rímnanna, en í síðari afritum sögunnar má einnig greina breytingar á sagnaefninu, þá sérstaklega innskot og lagfæringar sem miðast þá yfirleitt við að „laga“ augljósustu gloppurnar sem sprotnar eru frá óljósu samhengi.

Erfitt reynist að hengja söguefnið um Ölvi Hákonarson á ákveðna bókmenntagrein, sé miðað við skilgreiningar fræðimanna. Í grunninn er um tvenns konar söguefni að ræða, annars vegar saga um þroska og mannraunir ódæls drengs og hins vegar efni sem fjallar um kynferðisleg átök og álög. Segja má að þetta tvenns konar sagnaefni mætist í *Ölvis rímunum sterka* og *Bragða-Ölvis sögu* þar sem þau eru tengd órjúfanlegum böndum með tvennum álögum. Álögin endurspeglu glímu söguhetjunnar við gagnstæða kynið – jafnt sem eigið kynferði, og í raun má ætla að karlmennska og kynferði söguhetjunnar Ölvis hafi verið sá rauði þráður sem lá í gegnum hina upphaflegu sögu, sem er nú glötuð.

Grunnsagan sem finnst í öllum textavitnum, bæði í rímna- og prósaformi, fjallar um Ölvi Hákonarson og manndómsraunir hans. Ölvir er yfirburða sterkur, en ódæll drengur. Hann vill ekki liggja heima og heldur því frá Noregi með skip frá föður sínum og góða galdragripi frá fóstru sinni. Hann kemur að Danmörku og drepur þar menn fyrir Sveini Danakonungi, vegna ófriðs sem ríkir milli Noregs og Danmerkur. Ölvir blekkir konung og nær að halda lífi, en í staðinn er hann sendur að drepa útlaga konungs í Hólmgarðaríki og fær til þess menn og skip, þeirra á meðal mann að nafni Sverrir. Sveinn konungur gefur Ölvi heilráð, en Ölvir brýtur gegn þeim á ferð sinni. Hann hittir skálabúa og drepur hann með þeim afleiðingum að skálabúinn leggur á hann álög. Álögin eru þess eðlis að Ölvir muni fyllast elsku og þrá til hveirrar þeirrar konu sem hann muni sjá og fái hann ekki að njóta hennar muni hann deyja. Síðar kemur Ölvir að borg einni og verður yfir sig ástfanginn af konu borgargreifans. Hann tekur hana nauðuga og nemur hana á brott með sér, en er fangaður að lokum. Eftir nokkurn tíma í þrisund er hann þó leystur til að hjálpa konu í barnsnauð með galdragrip sínum og í framhaldinu er hann látinn laus. Borgargreifinn trúir honum fyrir því að sjálfur sé hann í álögum og geti ekki notið ásta með

neinni konu. Segir hann eiginkonu sína vera ástfangna af Ölvi eftir að hann hafi hreppt meydóm hennar og vill gifta hana Ölvi og ganga sjálfur í helgan stein. Ölvir tekur við konunni, fær liðsauka frá borgargreifanum og nær að sigra útlagann sem hann var sendur til að drepa. Að lokum snýr hann til Danmerkur með konu sinni, tekur trú, fær ríkuleg laun og heldur svo aftur heim til Noregs.

## 2.1 Einkenni sagnaefnisins og bygging

Sagan um Ölvi Hákonarson ber ýmis einkenni sem þekkt eru meðal fornaldarsagna og bygging frásagnarinnar ber sömuleiðis keim af þekktum fornaldarsögum. Á sama tíma eru þó nokkur atriði sem ekki samræmast þekktum fornaldarsögum og skapar sagnaefninu vissa sérstöðu innan íslenskra bókmennta. Í eftirfarandi kafla eru helstu einkenni sagnaefnisins um Ölvi Hákonarson skoðuð, framvindu sögunnar er skipt upp í efnisþætti og bygging athuguð. Leitast verður við að varpa ljósi á það með hvaða hætti sagan um Ölvi Hákonarson fellur inn í þekkt mynstur og með hvaða hætti hún sker sig þar frá.

### 2.1.1 Sögusvið

Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson er staðbundið við Skandinavíu og Eystrarsaltsríkin. Stærsti hluti frásagnarfléttunnar á sér stað í Danmörku og Garðaríki, þar sem nú er Rússland og Úkraína. Sögusviðið er því á norðlægum slóðum. Sagan hefst í Noregi þar sem Ölvir býr ásamt foreldrum sínum í Fjörðum, sem mun vera í Firðafylki. Þaðan heldur Ölvir á brott að leita sér frægðar og frama. Hann kemur fyrst að Fjóni við Danmörku, þar sem hann drepur Úlf, landsmann Sveins Danakonungs. Því næst heldur hann lengra inn í landið og hittir fyrir Svein Danakonung á Sjalandi.


Þegar Ölvir fer í sendiför konungs er honum ætlað að finna og drepa berserkinn Áka sem er útlagi konungs. Áki er frá Jótlandi en hefur flúið í útlegð sinni þaðan til Hólmgarða. Í leit sinni að Áka kemur Ölvir austur í Garða, til Lysborgar og fær þar gistingu og leiðarlýsingu hjá Álfí bónda, en óvíst er hvar sú borg er nákvæmlega staðsett. Alfred Gifford Hooper taldi að Lysborg væri Lemburg þar sem nú er Mālpils í Lettlandi.<sup>199</sup> Einnig er hugsanlegt að átt sé við Lviv í Úkraínu, þar sem gefið er til kynna að Lysborg sé í Garðaríki, en Lettland virðist ekki hafa talist til Garðaríkis, auk þess sem bærinn Mālpils var ekki nefndur Lemburg fyrr en á síðari tímum. Að sama skapi er óvíst hvar sá skógur er, þar sem Ölvir og Sverrir, félagi hans, hitta fyrir skálabúann Rauð. Þeir koma svo í ónefnda borg, þar sem Rígarður borgargreifi ræður ríkjum. Ætla má að

---

<sup>199</sup> Hooper, Bragða-Ölvis saga and rímur, bls. xxix.

borgin sé ekki lagt frá Hólmgörðum.

Eftir að hafa unnið sigur á Áka snýr Ölvir aftur til Danmerkur á fund Sveins konungs á Sjálandi. Því næst heldur hann heim til Noregs, lendir skipum sínum í Víkinni við Oslóarfjörð og dvelst einn vetur í Túnsbergi, áður en hann kemur heim að Fjörðum.



Sögusviðið helst kyrfilega á Norðurslóðum, þar sem ferðast er um Norðurlönd og Garðaríki. Þetta er sögusvið sem alla jafna einkennir bæði fornaldarsögur og konungasögur.<sup>200</sup>

### 2.1.2 Efnisþættir

Hér á eftir fer nánari endursögn á sagnaefninu um Ölvi Hákonarson. Efninu er skipt niður í efnisþætti eða efniseiningar, til að auðvelda samanburð og umfjöllun.<sup>201</sup> Samanburð milli rímnagerða má hins vegar finna í kafla 3.2.1. Efnisþættir eru að mestu óbreyttir í prósagerð en um helstu áherslubreytingar og viðbætur í prósagerð er fjallað í kafla 4.1.1.1 og 4.4.1. Í kafla 2.1.3 verður nánar fjallað um veigamesta efnisþáttinn sem tekur slíkum breytingum milli textavitna að þess ber að gera sérstaklega grein fyrir hér. Sagnaefninu má skipta niður í eftirfarandi efnisþætti:

<sup>200</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir bendir á að eitt megineinkenni fornaldarsagna sé m.a. sögusvið þeirra á Norðurlöndum, sjá *Arfur aldanna: Handan Hindarfjalls* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021), bls. 11. Að sama skapi hefur landafræði sagna og sögusvið veigamikilið hlutverk í flokkun sagna hjá Müller sem skiptir bók sinni *Sagabibliothek* upp í þrjú bindi eftir sögusviði sagna og sögutíma. Í fornaldarsagnaútgáfu sinni lagði Rafn sömuleiðis mikinn þunga á sögutíma sagna og sögusvið þeirra á Norðurlöndum, eins og titillinn *Fornaldarsögur Norðurlanda* ber með sér. Sjá einnig umræðu hjá Torfa H. Tulinius, „Landafræði og flokkun fornsagna“, *Skáldskaparmál*, 1. árg (1990), bls. 142–156.

<sup>201</sup> Efninu er skipt niður í þætti eftir atburðarás. Hver efnisþáttur er því frásagnareining sem miðast við upphaf og endi tiltekinnar atburðarásar.

- 1. Sviðsetning:** Atburðir sögunnar eru tímasettir, og þar af leiðandi staðsettir, út frá ríkjandi konungi. Þar er þess getið að Magnús konungur hinn góði (1024–1047) hafi ráðið fyrir Noregi, og að þá þegar hafi kristin trú verið lögtekin. Rakið er hvernig Magnús hinn góði hafi átt í stríði við Svein heilráða (1019–1076), konung í Danmörku, og að þeir hafi háð orrustur á Lingólfsheiði.<sup>202</sup> Þrátt fyrir að sagan hefjist í Noregi þar sem Magnús hinn góði ræður ríkjum færist sagan fljótt yfir til Danmerkur, og víðar, þar sem Sveinn hinn heilráði kemur mun meir við sögu.
- 2. Kynning:** Ölvir Hákonarson er kynntur til sögu sem ódæll og óvenju sterkur drengur sem sagður er ráða við fjóra menn samtímis. Faðir hans, Hákon, er sagður búa í Fjörðum og vera einskonar embættismaður eða ráðgjafi konungs. Móðir hans, Hildigunn, er sögð dóttir Ölvis asks, sonar Ásláks á Torgum. Um styrk og fyrirferð Ölvis er sérstaklega getið.
- 3. Upplag:** Ölvir er orðinn 15 ára og leiðist að húka heima. Hann vill halda út í heim og vinna sér eitthvað til frægðar og frama. Hann biður föður sinn um menn og skip, en faðir hans hlær við og spyr hvort hann hyggist ekki heldur finna sér konuefni. Við þessu bregst Ölvir illa og segir að engin kona muni vilja sig. Að lokum fær hann menn og skip frá föður sínum.
- 4. Kveðjugjafir fósturu:** Ölvir kveður Hildi fósturu sína. Hún spáir því fyrir honum að hann muni koma sér í kvennavandræði. Að skilnaði gefur hún honum sverð sem er þeim eiginleikum háð að bíta jafnt stein sem stál, og er í raun óbilandi gegn óvinum hans. Að auki gefur hún honum belti sem er þeirrar náttúru að geta leyst konu úr barnsnaud. Við svo búið siglir Ölvir á brott með liði sínu.
- 5. Viðureign við Úlf í Danmörku:** Ölvir kemur til Danmerkur með mönnum sínum. Þar sem þeir koma að landi ræður fyrir maður að nafni Úlfur, og fer hann fyrir her. Sérstaklega er tekið fram að Úlfur þessi eigi dóttur, ákaflega fríða, sem margir girnast. Úlfur kemur að skipinu og vill vita hvaða menn séu þar komnir og hvaðan þeir koma. Ölvir, kærulaus og ungur, segir sem er að þeir séu frá Noregi. Úlfur bregst hinn versti við og vill handsama þá, enda geysir stríð milli Danmerkur og Noregs. Ölvir tekur sér

---

<sup>202</sup> Sveinn heilráði mun vera Sveinn Ástríðarson Úlfsson, sem fyrst var jarl yfir Danmörku og síðar konungur. Sjá nánari umfjöllun um *Magnús sögu góða* í kafla 2.2.2.1.

þá spjót, skýtur að Úlfi og fellir hann. Þeir búa um líkið og halda svo aftur frá landi.

6. **Skipskaði:** Ölvir og menn hans lenda í vondu veðri á hafi úti, svo þeir verða að snúa aftur að landi. Veðurhamurinn ber þá að landi nærri björgum, og í veðurofsanum brjóta þeir skip sitt. Við það drukkna allir menn með tölu, nema Ölvir sem kemst af einn á land við krappan leik.
7. **Viðureign við Björn og Tóka á Fjóni:** Eftir skipskaðann fer Ölvir á land við Fjón, og nær þar að lesa sig upp á björgin. Þar eru bræðurnir Björn og Tóki, bræður Úlfs sem Ölvir hafði vegið. Huga þeir nú á hefndir og halda á eftir Ölvi með mikinn mannafla. Í því dregur upp skýflóka og dimmviðri skellur á. Björn ríður að Ölvi og hæðist að honum. Segist hann ætla að vega Ölvi og dysja í grjóti. Ölvir svarar um hæl og segir honum að hæla sjálfum sér ekki um of, kallar hann kompán í kaldhæðnum tón og lýkur viðureign þeirra svo að Björn er veginn. Ölvir dysjar svo Björn og heldur leið sinni áfram. Tóki og menn hans missa sjónar af Ölvi í þokunni sem skýflókanum fylgir, svo hann kemst undan.
8. **Ölvir blekkir Svein konung heilráða:** Ölvir gengur fram á höll, en þar inni fyrir situr Sveinn konungur yfir borðum. Ölvir gengur fyrir Svein konung og biður hann að greiða úr málum sínum. Konungur spyr hann hvaða vandræði hann glími við og skipar honum að greina rétt frá. Ölvir tjáir honum að hann hafi hitt fyrir úlf á Fjóni og skotið hann með spjóti, en menn hafi sagt úlf þann alidýr. Því næst hafi menn sigað á sig birni og hann orðið að höggva af honum höfuðið í sjálfsvörn. Konungur segir að úlfar og birnir eigi engan rétt, og dæmir málið Ölvi í hag, eigi einhver sökótt við hann vegna þessa. Eftir þann úrskurð konungs viðurkennir Ölvir hvernig málum er raunverulega háttað; að hann hafi vegið Úlf og Björn í viðureignum við þá. Konungur segir Ölvi hafa blekkt sig en segir þó að hann taki ekki aftur orð sín og dóm. Fær Ölvir frá konungi viðurnefni sitt, Bragða-Ölvir, og hring að nafnfesti. Í refsingarskyni sendir konungur Ölvi sendiför að finna útlagann Áka sem hann skuli drepa. Konungur fær honum menn og skip til ferðarinnar, þar á meðal fylgdarmann að nafni Sverrir. Ölvir undirbýr sig til brottfarar.
9. **Heilráð Sveins:** Ölvir gengur fyrir konung og kveður hann. Að skilnaði biður hann Svein konung að ráða sér heilræði. Fyrsta heilráð Sveins er það að svíkja aldrei mann í

tryggðum. Annað heilráð hans er að höggva óvin sinn aldrei á helgum tíðum. Þriðja heilráð Sveins er að girnast ekki konu annars manns. Ölvir þakkar þessi heilráð og heldur svo á brott.

**10. Ölvir hittir Álf bónda:** Ölvir kemur austur í Garða og lendir þar sem Lynsborg heitir. Þar hittir hann fyrir Álf bónda og spyr hann til vegar og hvort hann viti hvar útlaginn Áki er niðurkominn. Álfur segir að Áki sé með mikinn afla í Hólmgarðsríki. Álfur lýsir leiðinni þangað, en segir að önnur leið sé þó styttri en þá leið kjósi enginn að fara þar sem skálabúi hafist þar við í skógi. Ölvir gistir hjá Álfi bónda nokkrar nætur, en heldur síðan áfram í skóginn með félaganum sínum, Sverri. Menn Ölvis verða eftir hjá Álfi bónda.

**11. Viðureign við Rauð skálabúa:** Ölvir og Sverrir koma að skála í skóginum. Skálinn er læstur með rammgerðri hurð, en Ölvir brýtur sér leið inn. Þar inni sjá þeir mikið sæti. Skömmu síðar heyrast læti og gríðarstór rumur kemur inn í skálann. Hann litast um en heilsar ekki komumönnum. Ölvir segir hann fámæltan við gesti sína, en skálabúi svarar að þeir eigi að heilsa fyrr sem inni voru. Skálabúinn kveðst heita Rauður Háreksson. Hann reisir borð og býður þeim að setjast og borða með sér vilji þeir fá gistingu. Ölvir svarar að þeir vilji ekki éta og drekka með tröllum, og kveðst sjálfur hafa nesti fyrir sig og Sverri. Rauður ber á borð bjarnarslátur með bjór og segist gefa þeim grið yfir nóttina. Rauður læsir svo skálanum og leggst í rekkju sína. Ölvir og Sverrir liggja undir feldi. Ölvir segist vilja drepa Rauð, því hann treysti honum ekki. Sverrir reynir að minna Ölvi á heilráð Sveins, að hann skuli ekki svíkja mann í tryggðum – enda þeim boðin grið um nóttina – en Ölvir vill ekki hlusta á það. Hann kastar skíðum fram á gólf, og lætur Sverri kynda þar mikið bál. Ölvir nær svo sverði skálabúans og leggur til síðu hans þar sem hann sefur í rekkju sinni. Við það rís Rauður upp úr rekkju og kveður Ölvi hafa svikið sig í tryggðum og það sofandi. Rauður leggur þá á Ölvi að hann skuli fyllast elsku til hveggjar þeirrar konu er hann sér, og fái hann ekki að njóta hennar muni hann deyja. Önnur álög leggur hann á Ölvi til viðbótar, þau að sverð hans muni ekki bíta þegar mest liggur á, nema ef svo vildi til að undir það hlypi nakinn maður. Svo deyr Rauður, en þeir félagar brenna hann á báli og halda leið sinni áfram.

**12. Ölvir finnur Randiborgu:** Ölvir og Sverrir finna silkitjald utan við borg eina eftir langa göngu. Þar úti fyrir eru menn, en Ölvir hirðir ekki um þá og gengur inn í tjaldið. Í tjaldinu situr yndisfögur kona, og eins og álög Rauðs mæltu fyrir, fyllist Ölvir af þrá til þessarar konu. Hún kveðst vera Randiborg, kona Rígarðs greifa, og að hún eigi að bíða hans þar í tjaldinu. Segir hún Ölvi að fara burt, en hann tekur það ekki í mál og segist ekkert hirða um mann hennar og að hann vilji nú njóta blíðu hennar. Hann tekur Randiborgu nú nauðuga í tjaldinu, og kemst að því að hún var hrein mey. Hann hæðist að manni hennar fyrir að hafa ekki náð að spilla meykostum hennar, og nemur hana svo á brott úr tjaldinu með sér. Menn Rígarðs veita þeim eftirför. Sverrir tekur Randiborgu af Ölvi og heldur með hana inn í skóginn, en Ölvir verður eftir og býst til að berjast við menn Rígarðs greifa.

**13. Viðureign við menn Rígarðs:** Ölvir tekst á við menn Rígarðs greifa, og enn koma álög Rauðs fram eins og mælt var fyrir um. Þegar Ölvir þarf hvað mest á sverði sínu að halda bítur það ekki á óvini hans. Allt í einu kemur þá nakinn maður hlaupandi út úr skóginum, hleypur fyrir Ölvi og undir sverðið. Þá bítur sverð Ölvis á ný og hann nær að verjast óvinum sínum, en er engu að síður handsamaður að lokum.

**14. Loforð Randiborgar:** Randiborg talar við Sverri og biður hann að sleppa sér og fylgja sér til borgarinnar. Sverrir segir að fyrst skuli hún lofa því að hjálpa Ölvi fari hann með hana til borgarinnar. Randiborg er lítt hrifin af því, en lofar því engu að síður. Þau koma til borgarinnar og er þar vel fagnað. Randiborg biður klukkara að hringja kirkjuklukkum til helgítíða, því þá var hvítasunna. Greifinn hafði ætlað sér að lífláta Ölvi, en er hann heyrir í klukkunum ákveður hann að Ölvir skuli fá að lifa. Þetta minnir á annað heilráð Sveins konungs. Ölvir er þá afklæddur, bundinn og kastað í dýflissu.

**15. Barnsnauð:** Bróðir Rígarðs greifa átti sér unga og væna konu. Kona hans tók barnsótt og lá átta nætur án þess að barnið leystist. Þá gengur maður einn (væntanlega Sverrir) fyrir bróður greifans og spyr hverju hann myndi launa þeim er hjálpaði konu hans. Sá kveðst allt myndi til þess vinna ef konu hans yrði bjargað. Segir maðurinn þá að greifinn hafi handsamað mann sem væri hinn besti læknir og að sá myndi geta aðstoðað konu hans í barnsnauð. Eiginmaðurinn gengur þá fyrir greifann, bróður sinn, og biður hann að gefa sér manninn lausan og í framhaldinu er Ölvir leystur. Þegar

Ölvir er klæddur og hefur fengið gripi sína á ný fer hann að finna konu þessa. Hann leggur þá belti sitt, sem fóstura hans gaf honum, um konuna og fæðir hún barnið þá þegar. Að launum kveðst Ölvir ekkert vilja, nema að mega dvelja þar frjáls í borginni.

**16. Játning Rígarðs og laun:** Einn morguninn er Ölvir staddur úti á torgi þegar Rígarð greifi sér til hans. Rígarð greifi vill ná tali af honum, en þegar Ölvir sér greifann nálgast sig leggur hann á flótta og er sannfærður um að greifinn muni nú vilja hefna konu sinnar og refsa Ölvi fyrir gjörðir sínar. Greifinn biður Ölvi að bíða sín og kveðst honum ekkert illt vilja. Ölvir nemur þá staðar og ræðir við greifann. Greifinn tjáir honum að sannlega hafi hann illa gert og Ölvir býðst til að bæta fyrir brot sitt. Greifinn segir enga þörf á því og að hann ásaki Ölvi ekki lengur fyrir þetta. Svo segir Rígarð frá því hvernig hann sjálfur hefði verið hnepptur í álög, en það hafi hann ekki sagt nokkrum manni áður. Hann segir frá því hvernig hann kvæntist Randiborgu. Fjölknugur maður hafði beðið hennar áður en verið neitað, og undi sá illa við. Þegar Rígarð gekk svo að eiga Randiborgu og vildi eyða með henni brúðkaupsnóttinni kom þessi fjölknugi maður á gluggann hjá þeim. Lagði hann þá á Rígarð að hann myndi hvorki geta notið hennar né neinnar annarar konu. Hann var upp frá því getulaus, og þar af leiðandi var Randiborg enn hrein mey þegar Ölvir fann hana í tjaldinu. Rígarð greifi lýsir því svo að hann hafi skotið manninn gegnum gluggann með spjóti, en álögin lögðust engu að síður á hann. Greifinn segist svo vilja gifta Randiborgu Ölvi, þar sem hann hafi hlotið meydóm hennar en sjálfur vilji hann setjast í helgan stein. Ölvir segist vilja eiga Randiborgu, ef það sé hennar vilji. Þeir sættast um þetta og Ölvir segir greifa frá leit sinni af útlaganum Áka. Rígarður greifi vísar honum leið og fær honum menn og skip til að kljást við Áka.

**17. Viðureign við Áka útlaga:** Ölvir heldur af stað ásamt Sverri félaganum sínum og miklum her frá Rígarði greifa. Þeir koma að þar sem Áki heldur fyrir og segist Ölvir sendur af Sveini konungi til að ráða niðurlögum hans. Áki bregst hinn versti við og verður þar mikill bardagi. Áki ber mikla stöng, eða kylfu, með fjögurra álna löngum flein framan á skaftinu. Gat hann með vopni sínu fellt allt að átta menn í einu. Eftir að hafa barist um stund kallar Áki til Ölvis og segir að þeir skuli nú berjast tveir einir. Áki hefur engan hjálm á höfði og etur skallanum fram. Ölvir telur víst að vopn sín geti ekki bitið á Áka, eins megnugur og hann er. Fleygir hann þá vopnum sínum og tekur að glíma við Áka. Í nauðum sínum nefnir Ölvir fóstura sína sér til halds og traust, en finnur að

það hefur engin áhrif. Ákallar hann þá þann guð sem Sveinn konungur tilbiður og þegar í stað missir Áki mátt, svo Ölvir nær yfirhöndinni. Þá brýtur Ölvir hann úr hálsliðnum og heldur svo á brott.

**18. Brúðkaup:** Ölvir snýr aftur til borgarinnar og finnur Rígarð greifa og Randiborgu. Þar er haldið mikið brúðkaup og er lengi fagnað. Rígarð sest svo í helgan stein, en Ölvir og Randiborg sigla á brott. Ölvir finnur menn sína aftur, væntanlega þá sem hann skildi eftir hjá Álfi bónda. Siglir hann svo með allt sitt lið til Danmerkur.

**19. Ölvir snýr aftur til Sveins konungs:** Ölvir finnur Svein konung á Eyrarsundi, en konungur hafði þá leitað hans. Fagnar konungur Ölvi vel og innilega. Ölvir færir konungi höfuð Áka og bregður mönnum konungs við að sjá stærð þess. Sveinn konungur þakkar Ölvi fyrir og halda þeir saman heim til hallar. Sverrir fær þá dóttur Úlfs á Fjóni sér til konu. Ölvir kveðst svo vilja halda heim til Noregs með Randiborgu og fær leyfi Sveins konungs. Hann er leystur út með gulli og gersemum.

**20. Sögulok:** Ölvir kemur heim til Noregs og tekur við titlum föður síns. Varð hann mikill virðingarmaður þar eftir.

### 2.1.3 Greining efnispáttá: bygging

Hér verður því nánar útlistað hvernig frásagnareiningar *Ölvis rímna sterka* og *Bragða-Ölvis sögu* falla inn í mynstur hefðbundinna fornaldarsagana, þátta og riddarasagna. Frásagnarfléttan fylgir í raun þekktri formgerð fornaldarsagna og stíl þeirra þótt þar inn í blandist efnispættir í anda riddarasagna, líkt og nánar verður greint frá í kafla 2.1.4.<sup>203</sup> Samtímis fellur frásagnafléttan vel að formi konungasagnaþátta. Í þessum tilgangi verður formgerð fornaldarsagana og konungasagnaþátta lýst og sagnaefnið um Ölvi sett í samhengi við hana. Í kafla 2.3 verður svo nánar fjallað um tegundargreiningu og einkenni. Að lokum verður metið hvernig sagnaefnið passar inn í ramma þessara bókmenntategunda og hvernig það sker sig frá þeim, og í framhaldinu verður því skipaður sess innan bókmenntahefðar fyrri alda.

Carl Christian Rafn gaf út safn sagna í þremur bindum undir heitinu *Fornaldarsögur*

---

<sup>203</sup> Hér má benda á að Peter Hallberg hélt því fram að slík blöndun sé ekki óvenjuleg fyrir fornaldarsögur og algengt sé að finna innan þeirra áhrif frá riddarasögum, hvort sem slík áhrif eru í viðhorfum, minnum eða stíl sagnanna. Sjá „Some aspects of the fornaldarsögur as a corpus“, *Arkiv för nordisk filologi*, 97. árg. (1982), bls. 18.

*Norðurlanda* á árunum 1829–1830.<sup>204</sup> Að jafnaði hefur verið litið svo á að með þessu hafi skilgreindur flokkur fornaldarsagna fyrst litið dagsins ljós.<sup>205</sup> Áður hafði verið fjallað um slíkar sögur sem lygisögur eða skemmtisögur, en með útgáfu Rafns varð ákveðinn flokkur sagna afmarkaður og skilgreindur auk þess sem ákveðnum sögum var þar skipaður sess innan flokksins.<sup>206</sup> Sammerkt eiga þær að fjalla um norrænar hetjur og afrek þeirra á forsögulegum tíma eða fyrir landnám Íslands. Þeim er oft skipt í þrjá flokka eftir bókmenntalegum einkennum og efnistöfum; hetjusögur, víkinga- eða kappasögur og ævintýrasögur.<sup>207</sup>

Skiptingu fornaldarsagna í þrjá flokka má rekja til fræðimannsins Helgu Reuschel. Hún rannsakaði einna fyrst stíl og efni fornaldarsagna og skipti þeim upp í þrjá efnisflokkasem hver fyrir sig ber viss efniseinkenni. Þar má finna hetjusögur (þýs. heroischer kreis), víkingasögur (þýs. wikinger kreis) og alþýðlegar sögur (þýs. volkstümlicher kreis). Hún tekur einnig fram að þar á meðal finnist minni og efnisþættir sem erfiðara reynist að flokka: „Außer diesen Stoffgruppen gibt es noch einen gewissen Vorrat von Motiven und Erzählungseinheiten, die sich unter die Begriffe heroisch, wikingisch und volkstümlich nicht einordnen lassen“.<sup>208</sup>

Ruth Richter-Gould hefur fjallað mjög ítarlega um formgerð fornaldarsagna og verður lýsing hennar á formgerð þeirra því notuð hér.<sup>209</sup> Hún dregur saman þá grunnformgerð sem er að finna í öllum ævintýra- og víkingasögum. Hún útlistar einnig hvaða hlutar skapa grunnformgerð þeirra sagna og skiptir þar eftir frásagnarfléttunni upp í fimm hluta:

The typical sequence of events in a legendary saga is as follows: a brief introduction establishes relative time and place, the hero is introduced and characterized as a youth, and a person or event in his environment causes him to set out on quest. Departure on quest marks the beginning of the „adventure cycle“ or plot, a series of encounters, two of which are of major significance and consequence, while the

<sup>204</sup> *Fornaldar sögur Norðurlanda: Eftir gömlum handritum*, I–III. bindi, útg. Rafn (Kaupmannahöfn: F. Popp, 1829–1830).

<sup>205</sup> Sjá þó Lavender, „The secret history of the fornaldarsögur“, *Journal for English and Germanic philology*, 114. árg., 4. tbl. (2015), bls. 531–536. Lavender bendir á að þær sögur sem Rafn gaf út hafi áður birst í útgáfu Müllers, *Sagabibliothek*, á árunum 1817–1820, þá sömu sögur í sömu röð og hjá Rafn, og verið þar nefndar „mythiske“ eða goðsagnakenndar sögur.

<sup>206</sup> Þess ber þó að geta að fræðimenn sem skrifuðu snemma á 20. öldinni gerðu alla jafna ekki mikinn greinarmun á fornaldarsögum annars vegar og riddarasögum hins vegar og skrifuðu jafnvel um þær í heild undir nafninu lygisögur. Sjá m.a. Andrews, „The lygisögur“, *Scandinavian studies and notes*, 2. hefti (1916), bls. 255–263 og Schlauch, *Romance in Iceland* (London: Allen & Unwin, 1934).

<sup>207</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Arfur aldanna: Handan Hindarfjalls*, bls. 21.

<sup>208</sup> Reuschel, *Untersuchungen über stoff und stil der fornaldarsaga*, Bausteine zur volkskunde und religionswissenschaft, 7. bindi (Bühl-Baden: Konkordia, 1933), bls. 14.

<sup>209</sup> Sjá þó einnig m.a. Schlauch, *Romance in Iceland*, bls. 1–17, 95–118; Schier, *Sagaliteratur* (Stuttgart: J. B. Metzlersche Verlagsbuchhandlung, 1970), bls. 72–78, 86–91; Buchholz, *Vorzeitkunde: Mundliches erzählen und überliefern im mittelalterlichen Skandinavien nach dem zeugnis von fornaldarsaga und eddischer dichtung*, Scandinavian studies: Beiträge zur sprache, literatur und kultur der Nordischen länder, 13. hefti (Neumünster: Karl Wachholtz Verlag, 1980), bls. 54–58, 79–111; Hallberg, „Some aspects of the fornaldarsögur as a corpus“, Glauser, *Isländische märchensagas: Studien zur prosaliteratur im spätmittelalterlichen Island*, Beiträge zur Nordischen philologie, 12. hefti (Basel: Helbing & Lichtenhahn Verlag AG, 1983), bls. 101–128.

rest are inconsequential and essentially interchangeable. The greatest feat of the hero's career occurs towards the end of the saga and concludes the adventure cycle. Rewards, reconciliation with an opponent, or death in the Heldensagas follow this climatic event ... From the above description of a typical legendary narrative, five structural components may be abstracted. 1. Introduction, 2. Hero's youth, 3. Motivation for departure, 4. Adventure cycle, or plot including contact with a helper-donor figure, and 5. concluding elements.<sup>210</sup>

Righter-Gould benti einnig á að ævintýrasögum (og víkingasögum) megi oft líkja við þjóðsögur og að við greiningu þeirra mætti notast við frásagnarliði og hlutverk þeirra sem rússnenski formalistinn Vladimir Propp setti fram í greiningu sinni á ævintýrum.<sup>211</sup> Jürg Glauser hefur að sama skapi lýst formúlukenndum frásagnareiningum (þýs. Erzählschablone) sem nýttar eru til að mynda frásagnarkeðju. Þessar frásagnareiningar, sem hafa allar ákveðnu hlutverki að gegna, koma fyrir aftur og aftur og eru yfirleitt staðlaðar. Sem dæmi nefnir hann einingarnar: uppvöxt hetjunnar, veisluhöld, ráðgjafasenu, bátsferðir, móttökur, ferðalög og bardaga.<sup>212</sup> Þessar formúlukenndu einingar koma fyrir í fornaldarsögum sem og annars konar frásögnum fyrri alda og þó nokkrar þeirra er að finna í sagnaefninu um Ölvi sterka.

Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson fellur vel inn í það mynstur sem Righter-Gould hefur lýst. Fyrsti efnisþátturinn snýst um að staðsetja söguna í tíma og rúmi. Í öðrum efnisþætti er hetjan kynnt til sögunnar. Oftast er hetjan annaðhvort með öllu gallalaus eða hefur slíka yfirburði að mönnum muni það ljóst frá fæðingu eða að hetjan er ónytjungur og kolbítur, sem rís upp og mannast.<sup>213</sup> Miðað við lýsingu Ölvis fellur hann í fyrri flokkinn, en ber þó engu að síður keim af þeim seinni. Ölvir er svo sterkur að furðum sætir og á unga aldri ræður hann einn við fjóra menn. Á hinn bóginn er hann ódæll heima fyrir og veldur nokkrum vandræðum.

Samkvæmt Righter-Gould er kynning hetjunnar í fornaldarsögum skyld en eðlislega frábrugðin kynningu hetjunnar í Íslendingasögum og konungasögum. Helsti munur þar á milli er að kynning hetjunnar í þeim sögum kemur oftast en ekki fyrir á mikilvægum tímamarki í atburðarásinni meðan kynning hetjunnar í fornaldarsögnum er ávallt bundin við upphaf sögu. Ólíkt því sem tíðkast í Íslendinga- og konungasögum þar sem viðbótarupplýsingar um hetjuna og uppfærslur eiga sér stað í takt við þroska hetjunnar og framvindu sögunnar, er enga viðbót eða uppfærslu á kynningu hetjunnar að finna innan fornaldarsagna; áheyrendur fá einungis staðlaða og stutta lýsingu á persónueinkennum hetjunnar við upphaf sögunnar. Ættfærslur Íslendinga- og

<sup>210</sup> Righter-Gould, „The fornaldarsögur Norðurlanda: A structural analysis“, *Scandinavian studies*, 52. árg., 4. tbl. (1980), bls. 424.

<sup>211</sup> Ibid., bls. 424–425; sjá einnig Propp, *The morphology of the folktale*, þýð. Scott, (Austin: University of Texas Press, 1968).

<sup>212</sup> Glauser, *Isländische märchensagas*, bls. 104. Fleiri frásagnareiningar má einnig finna hjá Buchholz, *Vorzeitkunde*, bls. 79–111.

<sup>213</sup> Righter-Gould, „The fornaldarsögur Norðurlanda: A structural analysis“, bls. 427.

konungasagna eru ítarlegar, ná jafnvel langt aftur í tímann og geta þar að auki borið vott um persónueinkenni hetjunnar eða eiginleika sem forfeður hennar bjuggu yfir og ætla má að hetjan búi einnig yfir. Ættfærslur innan fornaldasagna eru sjaldgæfar og þar sem þær koma fyrir eru þær stuttar og gefa litlar sem engar upplýsingar eða vísbendingar um eiginleika sem færa má yfir á hetjuna. Hetja Íslendinga- og konungasagna fær oft rými til að sanna sig og getu sína snemma í atburðarás sagnanna, á meðan hetja fornaldarsögunnar fær ekki tækifæri á því að sanna sig eða sýna kunnáttu sína fyrr en hún heldur að heiman.<sup>214</sup> Kynning Ölvis Hákonarsonar fylgir mynstri fornaldarsagna: lýsing Ölvis er mjög hefðbundin og kemur aðeins fyrir í upphafi sögunnar. Ættrakning, sem þó er til staðar, er snubbótt; hún segir lítið sem ekkert og gefur engar vísbendingar um eiginleika hetjunnar. Þá fær Ölvir heldur ekki tækifæri til þess að sanna manndóm sinn fyrr en hann heldur að heiman, þótt tekið sé fram að hann sé óvenju sterkur.

Í þriðja efnisþætti mætti búast við að fram kæmi ástæða þess að hetjan heldur á brott frá heimili sínu í leiðangur, enda er efnisþátturinn síðasti undanfari þess að keðja ævintýra hefst og þjónar hann því hlutverki að vera upplag sögunnar.<sup>215</sup> Ástæða brottfarar þarf að vera í samræmi við það sem vitað er um hetjuna og aðstæður hennar, eins og þær birtast í fyrstu tveim efnisþáttum frásagnarinnar. Ástæðum brottfarar má skipta upp í fjóra flokka eftir frásagnartegund, hvort hún tilheyrir ævintýrasögum, víkingasögum, hetjusögum eða þáttum.<sup>216</sup> Lýsing Righter-Gould á brottför hetjunnar innan víkingasagna kemur heim og saman við brottför Ölvis Hákonarsonar. Hetjur víkingasagna halda oft á brott af eigin rammleik og þarf aðdragandi og ástæða brottfarar hvorki að vera flóknari né dramatískari en svo að hetjan biðji um skip og menn.<sup>217</sup> Inn í þetta mynstur fellur sagnaefnið um Ölvi, því að þegar Ölvir er fulltíða gengur hann fyrir föður sinn og heimtar af honum menn og skip. Annar hvati sem er einnig þekktur innan víkingasagna er sá að ungir drengir vilja sækja sér kvonfang eða frelsa kvenkost úr nauðum.<sup>218</sup> Þegar Ölvir heimtar menn og skip af föður sínum, spyr faðir hans á móti hvort hann ætli sér að leita kvonfangs en Ölvir neitar því. Í þessu er fólgin ákveðin tilvísun til og leikur að slíkri frásagnartegund, þar sem Ölvir kveðst ekki hafa hug á að finna sér kvonfang og að engin kona vilji hann; engu að síður verða ævintýri hans til þess að hann finnur sér kvonfang og frelsar kvenkost sinn úr nauðum, í vissum skilningi.

Í næstu efnisþáttum, allt fram til söguloka, birtist keðja atburða (en. *adventure cycle*). Samkvæmt Righter-Gould er þessi keðja atburða þó ekki formlaus strengur jafngildra efnisþátta,

---

<sup>214</sup> Righter-Gould, „The fornaldarsögur Norðurlanda: A structural analysis“, bls. 428.

<sup>215</sup> Ibid., bls. 428.

<sup>216</sup> Ibid., bls. 429.

<sup>217</sup> Ibid., bls. 430.

<sup>218</sup> Ibid., bls. 430.

sem saman mynda heild, heldur fylgir keðjan sjálf ákveðnu formi.<sup>219</sup> Atburðakeðjan hefst á minniháttar afrekum eða átökum sem vinda smám saman upp á sig og verða sífellt meira krefjandi fyrir hetjuna. Afrekin ná að lokum hápunkti í einhverjum átökum sem lýst er í smáatriðum og gjarnan kemur bein ræða þar við sögu. Þetta mesta afrek hetjunnar, fram að þessu, skapar vendipunkt í sögunni og mætti kalla fyrri þungamiðju (en. *first pivot*) atburðakeðjunnar.<sup>220</sup> Þar á eftir kemur hlé eða miðbik, þar sem hetjan tekur þátt í minni háttar ævintýrum eða lætur minna fyrir sér fara: „An interval of relative inactivity succeeds the first pivot. The hero’s healing from injury, lower-scale adventures, or some form of digression from the substance on the interval“.<sup>221</sup> Því næst tekur við annar hápunktur sögunnar eða seinni þungamiðja (en. *second pivot*) og þar með lýkur atburðakeðjunni.<sup>222</sup>

Sú athöfn eða átök sem birtast í fyrri þungamiðju atburðakeðjunnar eru oftast en ekki misheppnuð eða hálfkláruð, en varpa þó engu að síður ljósi á markmið hetjunnar. Eftir útúrdúra hlésins eða miðbiksins nær hetjan svo að fullkomna þetta markmið sitt í seinni þungamiðju keðjunnar.<sup>223</sup> Sé sagnaefnið um Ölvi Hákonarson sett inn í þetta mót, mætti segja að atburðakeðjan hefjist á smávægilegum átökum hans við Úlf og síðar Björn og Tóka. Fyrri þungamiðjan er þá byggð upp á samskiptum hans við Svein konung, þar sem hann blekkir konung, játar svo sekt sína og er að lokum sendur í sendiför, jafnvel forsendingu, þar sem hann þarf að takast á við berserkinn og útlagann Áka. Þetta verk er að vissu leyti óklárað, því Ölvir hefur á þessum tímamarki tapað skipum sínum og mönnum, og veit ekki hvar Áki er niðurkominn. Þá er staða Ölvis gagnvart Sveini konungi ótrygg – í hið minnsta þar til hann nær að ljúka sendiför konungs. Ölvir hefur hér fengið markmið, sem er að finna og sigrast á Áka. Efnisþættirnir þar sem Ölvir hittir Álf bónda, tekst á við skálabúann Rauð, brýtur á Randiborgu og ræðir við Rígarð borgargreifa mynda saman miðbik eða hlé ævintýrakeðjunnar. Að lokum kemur svo að seinni þungamiðju keðjunnar, þar sem Ölvir nær markmiði sínu; að sigrast á Áka.

Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson fellur að sumu leyti vel að þeim ramma sem einkennir formgerð fornaldarsagna – en að öðru leyti ekki. Hinn eiginlegi kjarni sögunnar og þema hennar eru brot Ölvis gegn heilræðum Sveins og afleiðingar þess, svo sem hin kynferðislegu átök sem eiga sér stað í hléi eða við miðbik atburðakeðjunnar. Það er óvenjulegt þar sem sögukjarna eða þema er oftast að finna í þungamiðjum atburðakeðjunnar, ekki í miðbiki hennar.<sup>224</sup> Hugsanlega mætti þó einnig líta á miðbikið, þar sem kjarni sögunnar birtist, sem sjálfstæða einingu sem

---

<sup>219</sup> Righter-Gould, „The fornaldarsögur Norðurlanda: A structural analysis“, bls. 432.

<sup>220</sup> Ibid., bls. 432.

<sup>221</sup> Ibid., bls. 432.

<sup>222</sup> Ibid., bls. 432.

<sup>223</sup> Ibid., bls. 433.

<sup>224</sup> Ibid., bls. 433.

einnig er samsett af smærri atburðakeðju, með innri fyrri þungamiðju, innra miðbiki og innri seinni þungamiðju – sem hin ytri atburðakeðja myndar ramma utan um. Sé dæmið sett þannig upp má líta á fund Ölvis og Randiborgar, sem og nauðgun hennar, sem hina innri fyrri þungamiðju. Þar er afreki (eða ódæði) Ölvis lýst í smáatriðum, með beinni ræðu milli þeirra Ölvis og Randiborgar. Það markmið hetjunnar sem er annað hvort misheppnað eða hálfklárað mætti sjá í tilraun Ölvis til að nema Randiborgu á brott og þar með eignast hana, þrátt fyrir yfirlýsingu hans í upphafi um að hann hyggist ekki leita sér kvonfangs. Menn Rígarðs greifa hindra þetta hins vegar, Ölvir er handtekinn, klæðflettur og kastað í dýflissu. Innra miðbik keðjunnar væri að finna í þúsund Ölvis og frelsun. Hin innri seinni þungamiðja væri þá fundur Ölvis við Rígarð greifa, sem er einnig lýst í smáatriðum og með beinni ræðu. Að fundi þeirra loknum nær hetjan Ölvir markmiði sínu, sem var hálfklárað áður, þar sem hann eignast nú konuna með réttu – þá konu sem hann hafði áður reynt að nema á brott. Að þessu leyti mætti líka tala um tvö þemu sem renna saman í eina sögu. Báðar atburðakeðjurnar, hin ytri og innri keðja, fylgja þessum frásagnarlögmálum eins og Richter-Gould lýsti þeim. Hvor keðjan um sig hefur sínar þungamiðjur og miðbik sem og sitt eigið þema. Því verður ekki annað séð en að sagnaefnið um Ölvi falli vel að formgerð fornaldasagna.

Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson mætti einnig fella inn í formgerð konungasagnaþátta sem sumir hafa – hvað efnistösk, stíl og annað varðar – einnig verið flokkaðir með fornaldarsögum. Richter-Gould nefnir slíka þætti fornaldarsögubætti og telur slíka þætti fylgja oftast en ekki sams konar formgerð og fornaldarsögurnar hvað varðar upphaf og endi, en atburðakeðjan er ekki alltaf til staðar. Þættirnir hverfast um breytingu á samskiptum hetjunnar við konung og lýkur þá á viðurkenningu eða sáttum við þau lögmál sem konungurinn stendur fyrir.<sup>225</sup> Því ferli má einnig skipta niður í þrjú hluta: Í fyrsta hluta er hetjan kynnt til sögu og sagt er frá tengslum hennar við konung (oftast en ekki Ólaf Tryggvason), annar hluti snýst um þátttöku hetjunnar í fornum eða samtímalegum heiðnum athöfnum af einhverju tagi og í þriðja hluta er táknrænn sigur hins mikla kristna konungs yfir heiðinni fortíð staðfestur þegar söguhetjan ýmist tekur hina réttu trú eða staðfestir hana á einhvern hátt.<sup>226</sup> Þessir þættir hafa sömuleiðis verið nefndir kristniboðsþættir, þar sem megininntak þeirra er gildi kristinnar trúar og átök við heiðni.<sup>227</sup>

Sé uppbygging þátta athuguð nánar liggur beint við að efnið um Ölvi Hákonarson samræmist þeim ramma hvað best. Ekki aðeins er frásögnin stutt og teflir fram konungi í einu aðalhlutverki

---

<sup>225</sup> Richter-Gould, „The fornaldarsögur Norðurlanda: A structural analysis“, bls. 435.

<sup>226</sup> Ibid., bls. 436.

<sup>227</sup> Sjá sérstaklega Harris, „Folktale and thattr: The case of Rognvald and Raud“, *Folklore forum* (1980), bls. 158 – 198 og Rowe, „Þorsteins þáttur uxafóts, Helga þáttur Þórissonar and the conversion þættir“, *Scandinavian Studies*, 76. árg., 4. tbl. (2004), bls. 459–474.

frásagnarinnar, heldur fellur bygging efnisins vel að byggingu þátta. Joseph C. Harris hefur athugað byggingu konungasagnaþátta ítarlega og taldi þætti almennt byggða upp úr sex einingum: kynningu hetjunnar (en. Introduction), ferð inn (en. Journey In), ósætti (en. Alienation), sátt (en. Reconciliation), ferð út (en. Journey Out) og niðurlag (en. Conclusion).<sup>228</sup> Kynning hetjunnar er iðulega stuttur, hetjan er nefnd og ættir hennar jafnvel raktar í mjög stuttu máli og vísað til þess landshluta eða bæjar sem hetjan kemur frá.<sup>229</sup> Þættirnir hafa alla jafna mjög stutta kynningu miðað við aðrar frásagnir.<sup>230</sup> Ferð hetjunnar inn, það er inn á valdasvæði konungs, er algengur efnisþáttur, en er þó stundum sleppt. Oftar en ekki er þess aðeins getið að hetjan hafi haldið út á ákveðnum tíma árs, eða komið við land þar sem konungur er.<sup>231</sup> Þetta á líka við um Ölvi Hákonarson, þar sem kynning á hetjunni er stutt og rétt svo getið um ættir hans (aðallega í þeim tilgangi að tengja hann við Heming Ásláksson) og því er svo lýst hvernig hann heldur að heiman úr Fjörðum í Noregi og kemur til Danmerkur.

Í konungasagnaþáttum er það ósætti milli hetjunnar og konungs sem myndar aðalhluta frásagnarinnar, sem alla jafna hverfist um þessi átök milli hetju og konungs og hvernig hetjan að lokum sættist við konunginn, með einum eða öðrum hætti. Oftar en ekki brýtur hetjan eitthvert bann konungs, en algengast er að hetjan hafi drepið mann konungs.<sup>232</sup> Ölvir Hákonarson gerist einnig brotlegur við konung með þessum hætti, er hann drepur Úlf á Fjóni, sem er maður konungs, en líka þegar hann drepur Björn, bróður Úlfs. Blekking Ölvis þegar hann biður að konungur dæmi í máli sínu er heldur ekki til þess að bæta stöðu hans gagnvart konungi. Í þáttunum er það sátt milli hetjunnar og konungs sem er hvað fjölbreytilegastur af efnisþáttum þeirra, en algengt er að vinir tali um fyrir konungi og komi þar með á sáttum eða þá að hetjan þurfi að ljúka erfiðu verkefni eða sendiferð, til að koma sér aftur í góðvild konungs.<sup>233</sup> Þetta á einnig við um Ölvi Hákonarson, sem Sveinn Danakonungur sendir til Hólmgarða að drepa útlaga sinn, Áka. Eftir að hafa lokið við þetta verkefni er sátt hetjunnar og konungs fullkomnuð. Í einhverjum þáttum er þá bætt við efnisþætti sem færir hetjuna aftur heim (oft verður hetjan þó eftir hjá konungi og þjónar honum áfram), en þá er aðeins tekið fram að hetjan hafi snúið aftur heim án allra orðlenginga og henni gefin einhver eftirmæli sem er niðurlag þáttarins og sjaldan er getið um afkomendur hennar.<sup>234</sup>

Annað sem einkennir þætti konungasagna, og er einnig til staðar í efninu um Ölvi

<sup>228</sup> Harris, „Genre and narrative structure in some Íslendinga þættir“, *Scandinavian studies*, 44. árg., 1. hefti (1972), bls. 7.

<sup>229</sup> Ibid., bls. 9.

<sup>230</sup> Ibid., bls. 10.

<sup>231</sup> Ibid., bls. 10.

<sup>232</sup> Ibid., bls. 11.

<sup>233</sup> Ibid., bls. 12–13.

<sup>234</sup> Ibid., bls. 13.

Hákonarson, er frásagnarformið sjálf: þættir eru stuttar frásagnir<sup>235</sup> settar fram í vissum tilgangi og varpa fyrst og fremst ljósi á þann konung eða höfðingja sem við sögu kemur.<sup>236</sup> Í þeim tilgangi að stýra hnitmiðaðri frásögninni að því takmarki að varpa ljósi á konung, er lítið staldrað við lýsingar, smáatriði, og jafnvel skautað yfir atriði sem lesendum myndi alla jafna þykja skipta máli.<sup>237</sup> Söguefnið um Ölvi er sömuleiðis stutt og oft vantar inn í samhengi þess, eða þá að skautað er fram hjá lýsingum eða smáatriðum í frásögninni, sem fyrir vikið verður knöpp og hröð. Þá mætti einnig halda því fram að þótt Ölvir sé vissulega söguhetja frásagnarinnar, fari Sveinn Danakonungur þó með aðalhlutverk hennar. Ölvir gerir í raun lítið, og gjörðir hans eru fátt annað en röð mistaka – ef svo má að orði komast. Hann heldur að heiman og hefur í raun ekkert yfirlýst markmið annað en að vilja sjá fleiri menn en búmenn föður síns. Kvonfang vill hann ekki. Hann siglir til Danmerkur og kemur sér í vandræði, þar sem hann veit ekki að á milli landanna ríkir ófriður. Hann drepur Úlf og svo Björn, kemst undan Tóka og mönnum hans en tapar skipi sínu og áhöfn. Hann hefur þá glatað öllu sem hann hélt með að heiman og er öll hans ferð fremur misheppnuð. Hann blekkir svo konung en biður sér síðan vægðar og játar brot sín. Sveinn vill ekki ganga á bak orða sinna og sendir Ölvi í sendiför. Allt sem eftir fer gerist fyrir tilstilli Sveins. Það eru heilræði Sveins sem mynda aðaluppistöðu sögunnar, og brot Ölvis gegn þeim heilræðum koma honum aðeins í vandræði. Að lokum reynist Ölvi ómögulegt að treysta á eigin rammleik til að ljúka sendiför konungs og drepa útlagann Áka; aðeins með því að heita á þann Guð er Sveinn konungur lofar öðlast hann styrk til þess að ljúka við verkið. Hann tekur skírn, snýr aftur til konungs og er þá góð vinátta á milli þeirra. Ölvir snýr svo aftur til Noregs sem gæfuríkur maður. Með gjörðum sínum er Sveinn konungur settur í hlutverk eins konar kristniboðs-konungs.

Þá má sjá í söguhetjunni Ölvi hetjutýpu sem algeng er í slíkum þáttum: hann er fulltrúi hins göfuga heiðingja sem tekur að lokum kristni.<sup>238</sup> Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson rúmast vel innan skilgreiningar kristniboðsþátta, en Harris hefur skilgreint þá á eftirfarandi hátt: „... one group of short stories comprise as their central narrative moment a conflict or opposition of Christianity and paganism“.<sup>239</sup> Elisabeth Ashman Rowe, sem hefur einnig fjallað um slíka þætti,

---

<sup>235</sup> Lange benti á að af þeim 42 þáttum sem birtust í útgáfu Guðna Jónssonar, *Íslendingaþættir* (1935), eru 8 þættir sem telja 1–3 blaðsíður, 17 þættir sem telja á milli 4–10 blaðsíður, 12 þættir eru 11–20 blaðsíður og aðeins 5 eru lengri en 20 blaðsíður. Sjá „Einige bemerkungen zur Altnordischen novelle“, *Zeitschrift für Deutsches Altertum und Deutsche Literatur*, 88. árg. 2. hefti (1957), bls. 154.

<sup>236</sup> Ármann Jakobsson, „Rundt om kongen: En genvurdering af Morkinskinna“, *Maal og minne*, 1. árg (1999), bls. 86.

<sup>237</sup> Taylor, „Audun and the bear“, *Saga-book*, 13. árg. (1946–1953), bls. 89–90.

<sup>238</sup> Sjá Schomerus, *Die religion der Nordgermanen im spiegel christlicher darstellung* (Leipzig: Borna, 1936); Baetke, *Der götterlehre der Snorra-Edda* (Berlin: Akademie-Verlag, 1952) og Lönnroth, „The Noble Heathen“, *Scandinavian studies*, 41. árg., 1. tbl. (1969), bls. 1–29.

<sup>239</sup> Harris, „Folktale and that: The case of Rognvald and Raud“, bls. 162.

hefur bætt við skilgreiningu þeirra og lýsir þar þreföldu mynstri þáttanna: „... the tripartite pattern of the conversion and pagan-contact þættir, in which an original (i.e. old, damned, pagan) state of affairs is changed by the intervention of a Christian agent and gives way to a new (i.e. redeemed, Christian) state“.<sup>240</sup> Rowe beinir athygli að vinsældum og fjölbreytileika slíkra þátta á 14. öld þar sem þeir gegndu samtímis uppfræðslu- og skemmtunarhlutverki í bókmenntahefðinni:

The genre of conversion þátr was a dynamic one in the fourteenth century, a full three hundred years after Iceland accepted Christianity. Between the political perspective that results from the role of Norwegian missionary kings, the moral examples that pertain to each contemporary Christian's daily struggle against the devil, and the entertainment value that is bestowed by fights with trolls, seductive princesses from the Otherworld, pagan magic, and the like this was a genre that could offer something of interest to nearly everyone.<sup>241</sup>

Auðveldlega má steypa söguefninu um Ölvi Hákonarson inn í þetta þríþætta form konungasagna- og kristniboðspátta. Þegar Ölvir er kynntur til sögu er hann settur í heiðið samhengi með tengslum sínum við hina fjölkunnugu fóstru sem gefur honum galdragripi. Kynnum hans af fulltrúa kristinnar trúar, Sveini konungi hinum heilráða, er svo lýst, þar sem Ölvir hefur gerst sekur um brot sem hann þarf að bæta fyrir með sendiför. Á leið sinni tekst hann á við heiðna forneskju sem birtist honum m.a. í skálabúanum Rauð og berserknum Áka. Að lokum er réttmæti hinnar kristnu trúar staðfest þegar Ölvir heitir á þann guð er Sveinn konungur lofar og fær þá styrk til að sigrast á Áka, en áður höfðu áheit til hinnar heiðnu fóstru ekki skilað árangri. Þetta leiðir til þess að Ölvir tekur skírn, snýr aftur til Danmerkur þar sem Sveinn konungur tekur honum blíðlega og að lokum snýr Ölvir aftur heim til Noregs við góðan orðstír.

Þá mætti einnig leiða hugann að þeim kjarna sögunnar sem hverfist um kynferðisleg átök. Aðal drifkrafturinn á bak við frásagnarfléttuna felst í þeim álögum sem lögð voru á Ölvi, nauðgun Randiborgar og getuleysi Rígarðs borgargreifa. Álögin mætti einnig líta á sem fulltrúa heiðinnar forneskju innan frásagnarinnar. Ævintýri Ölvis í Danmörku og átök hans við skálabúann Rauð og berserkinn Áka eru mjög í anda fornaldarsagna, þar sem minni sem algeng eru í slíkum sögum koma fyrir.<sup>242</sup> Í gegnum þessi ævintýri Ölvis er þroskasaga hans sögð, hvernig ódæll og óreyndur drengur heldur að heiman og öðlast frægð og frama. Þroskasagan sker sig þó að einhverju leyti frá fornaldarsögum, miðað við skilgreiningar fræðimanna á þeim, sér í lagi hvað tímaramma varðar. Fornaldarsögur eiga flestar að gerast fyrir landnám Íslands, en saga Ölvis Hákonarsonar á sér stað á 11. öld. Hins vegar bera raunir hans í Garðaríki, afskipti af

<sup>240</sup> Rowe, „Þorsteins þátr uxafóts, Helga þátr Þórissonar and the conversion þættir“, bls. 460.

<sup>241</sup> Ibid., bls. 472.

<sup>242</sup> Sjá nánari umfjöllun um minni í kafla 2.1.5.

Randiborgu og Rígarði borgargreifa keim af riddarasögum. Í þessum kjarna blandast saman stef úr ætt fornaldarsagna og riddarasagna. Að jafnaði birtast riddarasagnaleg einkenni í fornaldarsögum í umfjöllun um erótísk viðfangsefni, sem er fyrirferðarmikill þáttur í þessum sögukjarna, en Peter Hallberg hefur einmitt nefnt það að afslappaðra viðhorf til erótískra málefna sé eitt af því sem einkennir fornaldarsögur með riddarasagnaáhrifum.<sup>243</sup> Nauðgun Randiborgar er að sama skapi mjög í ætt við riddarasögur, en þau áhrif eru útskýrð nánar í næsta kafla hér á eftir. Þá tilheyrir það fremur riddarasagnastíl að persóna sitji í silkitjaldi eða að hetja ríði um torg. Í umfjöllun Hallbergs má nefna fleiri atriði sem eru áberandi í þessum sögukjarna og minna á umhverfi riddarasagna, svo sem gróður- og staðarlýsingar á borð við það að ganga í lund og að ræða saman í skógarrjóðri. Hann bendir einnig á að rjóðrið hafi ákveðna virkni: „It is quite remarkable that in the FAS the rjóðr in many cases functions as a place of mystery and sorcery, of meetings with supernatural creatures“.<sup>244</sup> Því er einmitt svo farið, þegar Ölvir og Rígarð ganga saman í rjóður og Rígarð segir þar ævisögu sína,<sup>245</sup> af álögum sínum og viðskiptum við hinn fjölkunnuga vonbiðil Randiborgar.

Viðar Hreinsson hefur bent á að frásagnir sem skera sig frá hinni hefðbundnu formgerð fornaldarsagna séu einkar áhugaverðar þar sem leikið er með formið og væntingar áheyranda.<sup>246</sup> Þótt sagnaefnið um Ölvi Hákonarsson passi að mörgu leyti inn í þá formgerð sem Richter-Gould lýsti, þá er engu að síður brotið upp á form og væntingar þegar kemur að þeim efnisþáttum sem hverfast um Randiborgu og Rígarð borgargreifa. Þema eða kjarni sögunnar kemur ekki fram í því sem hún nefnir þungamiðjur atburðakeðjunnar, heldur inni í sjálfstæðri einingu innan miðbiksins sem inniheldur sína eigin innri atburðakeðju. Þá falla atburðir sögunnar utan við skilgreindan sögutíma fornaldarsagna. Það færi því betur að fella sagnaefnið um Ölvi Hákonarson inn í formgerð konungasagnaþátta, eða kristniboðspátta, þótt tengslin séu hér við Svein hinn heilráða fremur en Ólaf Tryggvason eins og algengt er. Hins vegar hefur söguefnið hvergi varðveist sem hluti konungasögu, en samkvæmt skilgreiningu eru þættir hlutar konungasagna eða stærri heildar – en eins og fram hefur komið er efnið um Ölvi einungis varðveitt sem sjálfstæð frásögn. Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson virðist þar með falla að ólíkum formum – en á sama tíma er það einstakt í sinni röð.

---

<sup>243</sup> Hallberg, „Some aspects of the fornaldarsögur as a corpus“, bls. 20.

<sup>244</sup> Ibid., bls. 25

<sup>245</sup> Sjá nánar um ævisögur innan fornaldarsagna og riddarasagna, sem og formúlu þeirra hjá Schlauch, *Romance in Iceland*, bls. 60–62.

<sup>246</sup> Viðar Hreinsson, „Hetjur og fiðl úr Hrafnistu“, *Tímarit Máls og menningar*, 51. árg. 2. tbl. (1990), bls. 42.

### 2.1.4 Kjarni sögunnar: Frygð, meydómur og getuleysi

Tólfti efnisþáttur þar sem nauðgun Randiborgar er lýst er í raun sá eini sem tekur veigamiklum breytingum milli textavitna. Það mætti segja að í þessum efnisþætti kristallist kjarni sagnaefnisins og því er ástæða til að greina hann ítarlega. Eins og nefnt hefur verið helst sagnaefnið um Ölvi Hákonarson nokkuð óbreytt milli textavitna þótt smávægilegur áherslumunur eða viðbætur komi til. Á þessu er ein undantekning og það er efnisþátturinn sem snýr að nauðgun Randiborgar. Í þessum efnisþætti og þeim sem á eftir fylgja, efnisþáttum 12–16, renna saman við grunnsöguna þræðir sem virðast af ólíkum toga eða eru blandaðri í eðli sínu. Þessi tvö þemu – annars vegar sagan um Ölvi, um þroska og mannraunir ódæls drengs sem heldur að heiman og vinnur afrek sér til frægðar og frama og hins vegar sagan um samskipti Ölvis við Randiborgu og dvöl hans í borg greifans sem ber, eins og áður segir, keim af riddarasögum. Sagnaþemun mætast svo í umræddum efnisþætti þar sem lagt er á tvær söguhetjur, þá Ölvi og Rígarð borgargreifa, og í raun eru það álögin sem tengja söguhlutana tvo saman í eina órjúfanlega heild.

Álögin eru af kynferðislegum toga og svo virðist sem kynferði og það sem viðkemur kynlífi hafi verið rauður þráður í þeirri sögu sem lá að baki rímunum. Í upphafi er rakið hvernig Ölvir gerist ódæll heima fyrir og biður föður sinn um skip og menn svo hann geti farið að heiman. Faðir hans hlær við honum og spyr hvort hann ætli að leita sér kvonfangs, en Ölvir verður þá reiður og segist hafa lítinn hug á því enda vilji sig engin kona. Stuttu síðar er sagt frá skilnaðarorðum Ölvis við föstu sína, Hildi. Hún gefur honum galdragripi, þar á meðal beltislinda sem mun hjálpa konum í barnsnauð ef hann bindur lindann um þær. Í rímnatexta NKS 1133 fol. bætir Hildur við: „ugger mik ath qvenna kalls kome þer hellft í vanda“.<sup>247</sup> Í prósagerðinni er þetta orðað á annan veg þótt merking orðanna haldist óbreytt: „Það yger mik fóltri min aþ Þu munt rata j nockrar þrauter Ok kana kuena ranir.“<sup>248</sup> Þar hefur tónninn fyrir framhaldið strax verið gefinn.

Konur eru ekki fyrirferðarmiklar í sögunni um Ölvi. Á meðan móðir hans er einungs nefnd á nafn fær föstra hans, Hildur, veglegra hlutverk sem er þar að auki mikilvægt í frásagnarfræðilegu samhengi, þar sem hún er veitandi<sup>249</sup> galdragripa sem seinna koma hetjunni í góð nyt. Henni er einnig teft fram sem fulltrúa heiðni og forneskju. Eftir að Ölvir heldur að heiman verða aðeins þrjár konur á vegi hans. Sú fyrsta endar sem konuefni Sverris, féлага hans. Þriðju konunni hjálpar hann í barnsnauð fyrir tilstilli föstru sinnar, og að öðru leyti á hann ekki

<sup>247</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa I.22, bls. 343.

<sup>248</sup> *Bragða-Ölvis saga*, AM 601 b 4to, 6v, bls. 394.

<sup>249</sup> Skv. skilgreiningu Propps á hlutverkum í þjóðsögum og ævintýrum (sem miðaldabókmenntir fylgja einnig), sjá *Morphology of the folktale*, bls. 79.

sérstök samskipti við konuna, enda er það hlutverk hennar sem skiptir máli hér – að leysa Ölvi úr dýflissu greifans og koma honum áfram í eiginlegri sendiferð sinni. Randiborg er önnur konan sem á leið hans verður en samskipti hans við hana gegnir lykilhlutverki innan sagnaefnisins og drífur atburði sögunnar áfram.

Fyrsta konan kemur við sögu eftir að Ölvir heldur frá Noregi og kemur að Fjóni við Danmörk þar sem Úlfur ræður fyrir. Þess er getið sérstaklega að Úlfur eigi dóttur sem átti sér marga vonbiðla: „dóttur áttu dýrleg hión er drenger bádu skýrer.“<sup>250</sup> Það kemur þó hvorki fram í rímunum, né í prósagerðinni, að Ölvir eða menn hans hafi beðið hennar en í öllum tilvikum er minnst á að dóttir Úlfs hafi átt sér marga vonbiðla. Þetta er þekkt formúla: Stúlka sem þykir góður kvenkostur á sér marga vonbiðla en hafnar þeim öllum, þangað til að einstök hetja eða ólíklegur biðill fær hennar að lokum. Samskipti Ölvis og manna hans virðast þó fyrst og fremst vera við Úlf einan. Óljóst er hvers vegna þess er getið að margir hafi beðið dóttur Úlfs; e.t.v. báðu menn Ölvis hennar en þess er þá ekki getið í nú varðveittum gerðum og ekki víst hvaða tilgangi það þjónar að kynna þetta atriði hér til sögunnar. Það mætti leiða líkur að því að þarna sé á ferðinni ófullkomið, eða stýft, minni,<sup>251</sup> og að hér hafi eitthvað fallið niður í varðveislu- eða tilfærsluferli sagnaefnisins milli bókmenntaforma. Minnið heldur engu að síður virkni sinni því undir sögulok er greint frá því að Sverrir, fylgdarmaður Ölvis, hafi að lokum fengið dóttur Úlfs á Fjóni og kvænst henni. Hvernig sem því er háttað, þá virðist sem Ölvir hafi engan áhuga á henni og þess er ekki getið að hann hafi átt samskipti við þessa konu, þrátt fyrir að hún sé kynnt til sögunnar. Þótt hlutverk dóttur Úlfs sé þannig fyrirferðarlítið í þeirri sögu sem nú er varðveitt, bendir það þó til þess að sagan hafi verið fyllri og að sagt hafi verið frá samskiptum konunnar við Ölvi og hans menn. Að vísu má ekki gleyma þeirri tilhneigingu sem fram kemur í mörgum sögum frá miðöldum, að kvæna þá ungu menn sem höfðu í henni hlutverki að gegna, og þá yfirleitt fylgismenn hetjunnar sem og hetjuna sjálfa.

Samskipti Ölvis við Randiborgu eru drifin áfram af þeim kynferðislegu álögum sem á hann eru lögð, en þau álög eru í raun afleiðing þess að hann brýtur gegn fyrsta heilræði Sveins konungs. Álögin eru lögð á Ölvi þegar hann og Sverrir gista yfir nótt hjá skálabúa sem hefur gefið þeim grið næturlangt. Ölvir segist ætla að drepa skálabúann Rauð í svefni en Sverrir biður hann að muna orð Sveins um að svíkja ekki mann í tryggðum. Ölvir lætur það ekki hindra sig og heggur Rauð sofandi í rekkju sinni með hans eigin sverði. Í fjörbrotunum leggur Rauður

---

<sup>250</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa I.31, bls. 344.

<sup>251</sup> Lüthi, *The European folktale: Form and nature* (Bloomington & Indianapolis: Indiana University Press, 1982), bls. 59–60. Sjá nánari umfjöllin í undirkafla 2.1.5.1 hér á eftir.

tvönn álög á Ölvi. Fyrri álögin eru sú að hann skuli frygða til allra þeirra kvenna sem hann hittir, svo hann hljóti bana af ef hann fær ekki svarað elsku sinni. Í rímunum segir:

Hvar þu finnur fliöded hyrt  
J fogru lande,  
upp skal kveikiaft aftenn heit  
med Jndes bande.

Hvort það er helldur bondans mæri  
edur burdug kvinna,  
hun skal þier J hiarta kiær  
med harmenn stinna.

Fær þu eche fagra uyf  
J fadme þyn,  
fyrer það skalltu läta lyf  
og med liotre þyn.<sup>252</sup>

Þessi álög eiga sér enga þekkta hliðstæðu í íslenskum miðaldabókmenntum, en eru þó þekkt í fornírskum og gelískum miðaldabókmenntum og koma til dæmis fyrir í dauðasögu Celtchairs, *Aided Cheltchair*.<sup>253</sup>

Í síðari álögum sögunnar geldir Rauður Ölvi á táknrænan hátt, ef gengið er út frá þeirri hugmynd Helgu Kress um að bitlaus sverð séu táknræn fyrir geldingu karlmanna.<sup>254</sup> Hvort sem seinni álögin virka sem táknræn gelding eður ei, eru þau engu að síður hlaðin kynferðislegri skírskotun. Rauður leggur á Ölvi að sverð hans verði bitlaust, og muni bregðast honum þegar hann þurfi mest á því að halda – nema þá komi þar að nakinn maður að og hlaupi undir sverðið:

Munde eg qvad meider yta,  
mæla þä  
þinn skal laufenn lyted byta  
ef liggur ä.

Nema þar kome til naktur madur  
og näer hann lyta,

<sup>252</sup> *Ölvis rimur sterka*, AM 616 d 4to, vísur III.49–51, bls. 313.

<sup>253</sup> Sjá samantekt um *Aided Cheltchair* í kafla 2.2.9 hér á eftir.

<sup>254</sup> Sjá Helgu Kress, „Óparfar unnustur áttu: Um samband fjölkynngi, kvennafars og karlmennsku í Íslendingasögum“, *Galdramenn* (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008), bls. 21–48.

þa skal byta benianadur  
a hollded hvyta.<sup>255</sup>

Erfitt er að fullyrða nokkuð um það hvort hið bitlaus sverð feli í sér kynferðislega skírskotun eða ekki. Að auki, þá er erfitt að skilja hlutverk hins nakta karlmanns sem hleypur viljugur undir sverð og er ristur á hol, en ekki ber að útiloka að kynferðislegur táknefni eigi hér einnig við. Með álögum Rauðs er búið að stilla öllu upp fyrir kynferðisleg átök Ölvis og hápunkt sögunnar. Eftir að Ölvir og Sverrir halda í burt frá skálabúanum finna þeir silkitjald en þar fyrir innan situr Randiborg. Það vekur athygli að þessi sena er mjög ólík í handritum rímnanna. Í rímnahandritinu NKS 1133 fol., sem er afrit AM 603 4to, er senan lengri og ítarlegri. Áhersla er lögð á tilfinningar Randiborgar sem grætur þegar Ölvir gengur í tjaldið. Hún virðist skynja það sem í vændum er, og segir honum að fara burt og láta sig eina því maður hennar komi bráðum.

Aulver spyr hvat audargrund het  
afrek trúek ath veite  
riftill fvarade riódur ok gret  
Randiborg ek heite.<sup>256</sup>

Ölvir spyr hví hún sé skilin eftir ein og eftir útskýringu Randiborgar segist hann vilja njóta blíðu hennar. Hún bregst illa við og segist fremur vilja deyja:

Skýldig ei vid skialara þinn  
fkallatz mællte freyia  
bregda trú vid bónda minn  
betra være ath deyia.<sup>257</sup>

Ölvir lætur sér fátt um finnast, segir að hún sé ekki spurð að þessu og tekur hana nauðuga. Hér er líka áhugavert hvernig skáldið setur inn einkunn, væntanlega til bragfyllingar, og kallar Ölvi „þegninn hinn þrúða“ – sem samræmist illa því ódæði sem hann fremur. Þó verður ekki betur séð en að í framhaldinu fordæmi skáldið þetta illskuverk Ölvis, í annari bragfyllingu, þegar athæfið er nefnt „krankt sútar kíf“. Svo virðist sem skáldið fordæmi hér framgöngu Ölvis og að samúð þess liggi með Randiborgu, sem er einnig undirstrikað í því að henni er gefið aukið rúm til að tjá tilfinningar sínar. Þegar Ölvir nauðgar Randiborgu finnur hann að hún er hrein mey og gerir í kjölfarið lítið úr eiginmanni hennar:

<sup>255</sup> *Ölvis rimur sterka*, AM 616 d 4to, vísur III.53–54, bls. 313–314.

<sup>256</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa IV.2, bls. 365.

<sup>257</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa IV.9, bls. 366.

Þu munt ecke ath þessu frett  
þegninn talar enn þrúde  
aurlög gánga eige lett  
Alver tók upp brúde

Kofsin gat hann kærnu veitt  
med kraunku fútar kífe  
hvórt ath henne er líuft edur leitt  
liggur hann þar hiá vífe.

Þegar ath úngum eidar frey  
elkuna veiter fvanne  
haluren fann ath hún var mey  
ok hverge spilt af manne.<sup>258</sup>

Þótt rímurnar haldi því fram að hún veiti honum elsku sína, þá ber það sem á undan og eftir kemur það með sér að það sé þó alfarið á móti hennar vilja. Randiborg bregst illa við, grætur, er hrygg og segir Ölvi aldrei jafnast öðrum mönnum í dyggð. Eftir þetta hótar hún honum hefndum en Ölvir kærir sig ekki um hótanir hennar og nemur hana á brott úr tjaldinu. Orðin sem notuð eru í þessari lýsingu eru sterk, og sagt er að „örlög gangi eigi létt“, hún „talar af harmi“ eftir á, grætur, „segir með hrygð“ og hótar að Ölvir fái marklegt sorgarefni fyrir:

Miftak alldrei meidóms dýgð  
á mínum bóndans arme  
nú er ek ordin blekt í blýgð  
brúduren talar af harme.

Sætan grætur ok feger með hrygd  
forger tóku ath þverra  
þú munt alldrei jafn í dýgd  
öðrum mönnum vera.

Aulver fvarade audar grund  
ecki þarftu gráta  
þkal ek þik alldrei hrínga hrund  
heldur enn lífit láta.

---

<sup>258</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., vísa IV.10–12, bls. 366–367.

Væntir mik qvat vífit her  
výrdar míner hefne  
þú munt hlióta madur af mer  
fo maklegt forgar efne.<sup>259</sup>

Þessi sena missir lit sinn í rímnahandritinu AM 616 d 4to þar sem lítið sem ekkert er minnst á tilfinningar Randiborgar og hún fær ekki rými til persónulegrar tjáningar. Þeim vísunum sem hvað tilfinningaríkastar eru og þar sem henni var gefið rými til að tjá sig og harm sinn er nú með öllu sleppt. Hún grætur að vísu þegar Ölvir kemur inn í tjaldið:

Ölver spyr hvað audargrund hiet,  
Afmors tru eg hann leite  
ristill fvarade riodur og griet,  
Randeborg eg heite.<sup>260</sup>

Ölvir spyr hví hún sé skilin eftir ein og Randiborg svarar því. Þegar Ölvir segist ætla að njóta blíðu hennar fær Randiborg ekki svigrúm til að svara. Hún hótar honum þó hefndum eftir nauðgunina, en orð hennar eru ekki jafn sterk og tilfinningar hennar fá ekkert rými. Engu orði er minnst á sorg, harm, hryggð eða örlög, nema þá í hótun hennar sem er samhljóða þeirri í NKS 1133 fol. að hann muni fá „maklegt sorgarefni“. Randiborgu er ekki gefið rými til að tjá tilfinningar sínar og fyrir vikið eru yrðingar hennar engan veginn jafn sterkar og áhrifaríkar og í NKS 1133 fol. Randiborg segir Ölvi ekki að fara burt fyrr en þau hafa átt nokkur orðaskipti, hann segist ekki hræðast hefndir hennar og að hann ætli að koma fram vilja sínum. Þar fær línan „ræð eg við þig riett fem ädur“<sup>261</sup> aðra merkingu enn í fyrra handritinu þar sem hann segist ætla að ræða við hana þótt maður hennar komi bráðum. Í AM 616 d 4to vantar þetta samhengi og því mætti túlka orð hans sem hótun, þar sem hann segist „ráða við hana“. Stafsetning orðsins *ræði/ræð* getur auðvitað hafa breyst við afritun án þess að merking þurfi að breytast, en þar sem vísan sjálf hefur einnig færst til innan rímunnar virðist merkingin breytast um leið. Eftir að Ölvir segist ráða við Randiborgu, þá nauðgar hann henni og finnur að hún er hrein mey. Hann talar háðslega um herra hennar og hún segir að hann skuli ekki hrópa herra sinn. Hún grætur ekki eftir verknaðinn, hún smánar Ölvi ekki, er hvorki hrygg né full af harmi. Það eina sem hún gerir eftir nauðgunina er að segja Ölvi að tala ekki illa um eiginmann sinn og hótar honum svo hefndum.

<sup>259</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., vísa IV.16–19, bls. 367–368.

<sup>260</sup> *Ölvis rímur sterka*, AM 616 d 4to, vísa IV.2, bls. 317.

<sup>261</sup> *Ölvis rímur sterka*, AM 616 d 4to, vísa IV.8, bls. 318.

Í prósagerðunum er þessi sena einnig stutt og tilfinningasnauð;<sup>262</sup> Randiborg grætur ekki og tjáir sig ekki að öðru leyti en að segja til sín, að maður sinn komi brátt og hún bíði hans. Svo virðist sem skrifarar hafi viljað draga úr þessum atburðum og stytta niður í fáeinar línur, eins og yrðingin „er eigi þar um að lengja sagnir“ gefur til kynna:

Ölver mælti dauflega hefr hann kilíft vit þik eina hier. þil ek nu fa þýna Blýþo. Hun baþ hann eigi sva mæla, heidr hraþa þier Burt, þui min herra man anarz fanga þik, hann kiemr fnarlega apr. Aulver qvadz þui eigi kúþþa, í(agþi) aþ fier þætte eingem betr tilfahin at nióta hennar blýþo en hann fiálfr, oc er eigi þar umm aþ leingia fagnir. Aulver lagþíft þar med henni huaþ fem hon fagþi, ok er hann `hafdi' hæt fin vilia med heni þhaft, fan hann aþ su hætþi fin óþiltan meýdom þangaptil hæt<sup>263</sup>

Ölvir segist engu hirða um hefndir hennar og tekur hana með sér burt úr tjaldinu.

Eftir þvingun og brotnám Randiborgar koma menn Rígarðs greifa út úr borginni og vilja endurheimta Randiborgu, en Sverrir tekur hana þá og ríður til skógar. Ölvir berst einn á móti mönnunum sem gera aðhlaup að honum. Koma þá seinni álög Rauðs fram; rétt eins og skálabúinn lagði á Ölvi, þá bitur sverð hans ekki á menn greifans. Frá skóginum kemur þá ónefndur og nakinn maður, hleypur undir sverð Ölvis sem reitt var til högg, svo nakinn búkur hans er sniðinn í sundur. Þessi nakti maður birtist óvænt, og að mestu óútskýrður, líkt og *deus ex machina*, og er þetta annað dæmi um stýft minni.<sup>264</sup> Þar með er Ölvir laus úr álögum og sverð hans bitur á ný en það dugar þó ekki til því hann er engu að síður tekinn höndum. Randiborg biður Sverri að skila sér heim til borgar, en Sverrir segir að það muni hann ekki gera nema hún lofi þá að hjálpa Ölvi, nauðgara sínum, eftir bestu getu. Hún lætur sér fátt um finnast, en svo fer að þau fara til borgarinnar. Af viðbrögðum hennar má sjá að það er henni ekki efst í huga að fyrirgefa nauðgara sínum og veita honum aðstoð.

Ölvir er handtekinn, klæðflettur og kastað í dýflissu og heldur aðeins lífi sökum þess að þá er hvítasunnuhátíð. Þegar þar er komið í atburðarásinni er þriðja konan kynnt til sögunnar, en hún er mágkona Rígarðs greifa. Ölvir er aðeins leystur úr haldi til þess að aðstoða hana í barnsnauð og að launum er honum lofað frelsi og veturvist á staðnum. Skömmu síðar hefur Rígarð greifi, eiginmaður Randiborgar, uppi á honum. Ölvir forðast hann eftir fremsta megni, en greifinn nær tali af honum að lokum. Þá tjáir greifinn honum að hér með muni hann ekki sakast við hann

<sup>262</sup> Þetta bendir til þess að við gerð prósafrásagnarinnar hafi verið stuðst við rímnahandrit sem var nærri AM 616 d 4to, fremur en NKS 1133 fol. Sjá nánari umfjöllun í 4. kafla.

<sup>263</sup> *Bragða-Ölvis saga*, AM 601 b 4to, 4. kafli, bl. 8v, bls. 397-398.

<sup>264</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.1.5.1 hér á eftir.

vegna svívirðingar konu sinnar, heldur vill hann semja frið. Svo segir greifinn honum frá því að á brúðkaupsnótt þeirra Randiborgar hafi sneypur vonbiðill lagt á hann álög. Álögin eru þess eðlis að hann muni aldrei ná að veita konum blíðu, sama hve mikið þær reyni að blíðka hann til. Þar á ofan muni sá sem spillir meydómi Randiborgar verða hrelldur meinum. Þetta mun vera ástæða þess að Randiborg var hrein mey, þrátt fyrir að vera gift kona, þegar Ölvir kom að henni. Það er ekki að sjá að þessi álög vonbiðilsins hafi hrinið á Ölvi að öðru leyti en því að hann var klæðflettur og kastað í dýflissu í skamman tíma þar sem hann þjáist ekki mikið. Annað sem vekur furðu er lausn þessara mála allra, þar sem alger viðsnúningur hefur átt sér stað á tilfinningum Randiborgar. Greifinn vill gifta Ölvi Randiborgu og setjast sjálfur í helgan stein. Ekki aðeins það, heldur vill hann einnig gefa Ölvi ríki sitt, og minnir það um margt á hamingjusamlegan söguendi í ævintýrum þar sem hetjan kvænist göfugri konu og tekur við ríki. Ölvir hins vegar hafnar þessu boði og segir bróður greifans eiga að taka við ríkinu, en vilji Randiborg eiga hann þá taki hann gjarnan við konunni. Þetta er ekki útskýrt í rímnahandritinu AM 616 d 4to að öðru leyti en því að greifinn vilji ekki tefja blíðu þeirra lengur og því gifta þau. Þetta væri óskiljanlegt án vísunnar V.20 í rímnahandritinu NKS 1133 fol. sem skýrir að með því að hreppa meydóm Randiborgar hafi Ölvir vakið með henni mikla elsku og hefur Randiborg þjádöst af ást síðan Ölvi var kastað í dýflissuna. Hafi hún tjáð eiginmanni sínum allt um það. Hugsanlega er skýringu einnig að finna í vísunum IV.12 í NKS 1133 fol. og vísu IV.10 í AM 616 d 4to, þar sem annars vegar segir „Þegar ath úngum eidar frey/ ellkuna veiter fvanne“<sup>265</sup> og hins vegar „Þegar ad vænum vella frey/ veitte elku fvanne“<sup>266</sup> en í þeim vísunum gæti sá skilningur verið fólgin að þrátt fyrir nauðgunina hafi Randiborg þó látið sér vel líka eftir að verknaðurinn var hafinn.

Þessi lausn mála virðist framandi nútímalesendum, en er þó í takt við það sem þekktist á miðöldum. Sú hugmynd að getuleysi sé afleiðing galdra var þekkt og útbreidd í Evrópu. Þar að auki ber að hafa í huga að getuleysi, eða það að karlmaður sængi ekki hjá eiginkonu sinni af öðrum ástæðum, var viðurkennd skilnaðarsök.<sup>267</sup> Skilnaður, sem annars var ekki auðfenginn var leyfður í þeim tilvikum þar sem eiginmaður svaf ekki hjá konu sinni eða væri hann getulaus. Þetta ákvæði er víða að finna í evrópskum lögbókum frá miðöldum. Hér á landi var getuleysi eða áhugaleysi eiginmanns til að samrekkja með konu sinni einnig viðurkennd skilnaðarsök. Í *Festarmálum Grágásar*, lögbókar sem hér á landi var í gildi frá þjóðveldisöld og fram til þess að Ísland komst undir vald Noregskonungs, er að finna ákvæði sem heimilar skilnað hjóna. Í 16.

<sup>265</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa IV.12, bls. 367.

<sup>266</sup> *Ölvis rimur sterka*, AM 616 d 4to, vísa IV.10, bls. 318.

<sup>267</sup> Sjá Rider, *Magic and impotence in the Middle Ages* (Oxford: Oxford University Press, 2006).

kafla *Festarmála Grágásar* er það talið skilnaðarsök ef maður vanrækir að samrekkja með konu sinni. Það að eiginmaður sofi ekki hjá konu sinni í sex misseri er talin nægileg skilnaðarsök.<sup>268</sup> Þar með mætti einnig skilja ákvæðið sem svo að gift kona sem sé enn hrein mey, þar sem maður hennar hafi vanrækt það að samrekkja henni, búi í ógildu hjónabandi. Sama skilnaðarsök er t.d. nefnd í máli Hrúts og Unnar í *Brennu-Njáls sögu*.<sup>269</sup>

Samkvæmt þeim lögum sem þekkt voru þegar sagnaefnið um Ölvi Hákonarson var sett saman hefur Rígarður vanrækt skyldur sínar þar sem hann er getulaus vegna áлага. Randiborg vissi þetta, þar sem hún var viðstödd þegar álögin voru lögð á mann hennar. Í rímunum er sagt að hún vildi þrátt fyrir það fylgja Rígarði greifa, það er að þrátt fyrir þessi álög þá vildi hún ekki hverfa frá hjónabandi þeirra. Þau hafi því haldið getuleysi Rígarðs leyndu, en nú hefur Ölvir komið upp um þetta leyndarmál þeirra. Skilnaður Rígarðs og Randiborgar er því löglegur. Í rímnahandritinu NKS 1133 fol. er bætt við þar á ofan að Ölvir, með þessu glæpsamlega athæfi sínu, hafi vakið með Randiborgu svo mikla elsku að hún er nú ástfangin af honum – þvert á það sem fram kemur í hinni tilfinningaríku nauðgunarsenu í sama handriti. Það virðist vera sem Ölvir hafi með þessum verknaði sínum bjargað Randiborgu, því að ekki aðeins leysir hann sjálfan sig undan þeim álögum sem á honum hvíldu heldur hefur hann einnig leyst hana úr nauðum. Með nauðung leysir hann hana úr kynlífslausu, og lagalega ógildu, hjónabandi. Kynferðisleg álög Ölvis og Rígarðs eru því drifkrafturinn í þessari sagnafléttu; þau verða til þess að Ölvir eignast konu og fær liðsauka til að ljúka sendiför sinni. Ölvir og Randiborg giftast og sagt er að hann unni henni sem æskja má, en að öðru leyti er hún úr sögunni. Þannig bjargar Ölvir Randiborgu, frygð hans sigrast á meydómi hennar og getuleysi Rígarðs.

Þessi mynd kynferðisofbeldis, eða ekki-ofbeldis, er ekki algeng í íslenskum miðaldabókmenntum og skapar sagnaefninu um Ölvi Hákonarson vissa sérstöðu, en nauðgun sem leiðir til björgunar er þó þekkt stef í frönskum rómönsum.<sup>270</sup> Svipaðar senur er að finna í frumsömdum riddarasögum, t.a.m. í *Gibbons sögu*, *Adonias sögu*, *Sigurðar sögu þögla* og *Sigurðar sögu turnara* þar sem nauðgun verður kveikja að mikilli ást: „an act of sexual abuse is transformed into a romantic episode“.<sup>271</sup> Þótt nauðgun komi vissulega fyrir í fornaldarsögum, er áherslan sjaldan lögð á tilfinningar eða vilja konunnar – að því leyti sker efnið um Ölvi Hákonarson sig einnig frá íslenskri bókmenntahefð, þar sem viðbrögð Randiborgar eru

<sup>268</sup> *Hin forna lögbók Íslendinga sem nefnist Grágás*, útg. Schlegel (Kaupmannahöfn: Sumptibus legati Arnamagnæani, 1829), bls. 329.

<sup>269</sup> *Brennu-Njáls saga*, Íslensk fornrit, XII. bindi, útg. Einar Ól. Sveinsson (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954), bls. 24–26.

<sup>270</sup> Sjá Bagerius, „Romance and violence: Aristocratic sexuality in late medieval Iceland“, *MIRATOR*, 14. árg., 2. tbl. (2013), bls. 79–96; Gravidal, „Ravishing maidens. Writing rape in medieval French literature and law“, *New cultural studies series* (Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1991).

<sup>271</sup> Bagerius, „Romance and violence: Aristocratic sexuality in late medieval Iceland“, bls. 89.

veigamikil og tilfinningum hennar er gefið heilmikið pláss. Í því ljósi er einkar athyglisvert hvernig viðbrögð Randiborgar og tilfinningar hennar koma fyrir í einu textavitni rímnanna NKS 1133 fol. – og að sama skapi er áhugavert hvernig dregið er úr þeim yrðingum og reynt að skauta að mestu fram hjá þeim í AM 616 d 4to og þeim prósagerðunum sem á eftir komu.

Því hefur stundum verið haldið fram að íslenskar miðaldabókmenntir skorti orðfæri sem lýsir rómantískri ást, erótík og tilfinningum, sem og kynferðislegu ofbeldi.<sup>272</sup> Þó mætti benda á að þótt orðfæri um kynferðislegt ofbeldi vanti í íslenskar fornþekktir, þá var fyrirbærið þekkt og átti sér heiti innan ramma laganna. Í áðurnefndum lögum *Grágásar*, í *Festarmálum*, er einnig talað um kynferðisofbeldi og framhjáhald. Þar er í 24. kafla *Festarmála* talað um „launkossa og legorðsakir“, og virðist þar sama orðfæri haft yfir kynferðisofbeldi og framhjáhald, þar sem skilið er á milli þess með því hvort það sé að „ráði hennar“ eða hvort „hún reiðist við“, hvort kona „lofi“ eða „banni“. Þar er einnig talað um að „drýgja misgjörð“.<sup>273</sup>

Sú birtingarmynd kynferðislegs ofbeldis sem kemur fyrir í sagnaefninu um Ölvi Hákonarson er meira í takt við riddarasögur, þýddar og frumsamadar, fremur en fornaldarsögur. Í fornaldarsögum kemur ofbeldi, þar á meðal kynferðislegt ofbeldi, gagnvart konum fyrir – en birtingarmynd þess ofbeldis er með öðrum hætti. Í fornaldarsögum er oftast en ekki brotið gegn konu af lægri stéttum samfélagsins og athöfnin er jafnvel samfélagslega samþykkt. Í riddarasögum eru þær konur sem brotið er á fremur af æðri stéttum samfélagsins og brotin gegn þeim eru refsiverð og brjóta gegn samfélagslegum gildum.<sup>274</sup> Sú birtingarmynd kemur einmitt fram í *Ölvis rimum sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*, þar sem Randiborg er stéttá kona, gift borgargreifa, og með því að brjóta gegn henni hefur Ölvir gerst refsiverður, er kastað í dýflissu og á yfir höfði sér dauðarefsingu.<sup>275</sup>

Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson er nokkuð sérstætt í þessum efnum; áhugi á kynferðismálum er þar langtum meiri en venjulegt er í íslenskri bókmenntaflóru fyrri alda auk þess sem konu er gefið rými til að tjá tilfinningar sínar og viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi. Efnið sjálft er drifið áfram af kynferði söguhetjunnar og öllu sem því viðkemur hvort sem það er frygð, meydómur

<sup>272</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, „How do you know if its love or lust? On gender status and violence in Old Norse literature“, *Interfaces: A journal of medieval European literatures*, 2. tbl. (2016), bls. 192. Sjá einnig Steblín-Kamenskij, *Heimur Íslendingasagna*, þýð. Helgi Haraldsson (Reykjavík: Iðunn, 1981) og Ljungqvist, “Rape in the Icelandic sagas: An insight in the perceptions about sexual assaults on women in the Old Norse world”, *Journal of family history*, 40. árg., 4. tbl. (2015), bls. 431–447.

<sup>273</sup> *Grágás*, bls. 337–338. Þá mætti einnig vekja athygli á því að sögnin að „nauðga“ kemur fyrir í rímnahöfðinni, þótt óljóst sé hvort hún sé þar í sama skilningi og í nútímamáli eða í merkingunni „nauðugur, að neyða til“, þar sem sama orð er einnig notað í þeirri merkingu í rímunum og ekki alltaf í kynferðislegri merkingu. Sjá t.d. í *Bærings rimum eldri*, *Andra rimum*, *Ektors rimum*, *Geðraunum*, *Geiraðs rimum*, *Hjálmþérs rimum*, *Mábilars rimum*, *Flóres rimum* og *Leó*, *Vilmundar rimum viðutan* og *Þrændlum*.

<sup>274</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, „How do you know if its love or lust? On gender status and violence in Old Norse literature“, bls. 203.

<sup>275</sup> *Ibid.*, bls. 202.

eða getuleysi. Kynferði og kynferðislega hlaðin álög hafa bein áhrif á örlög Ölvis og drífa frásögnina áfram auk þess að binda saman ólík sagnaefni í nýstárlega sagnafléttu þar sem leikið er með hefðbundna formgerð.

### 2.1.5 Gerð og minni

Í kjölfar fræðabyltingar 20. aldar þegar formgerðarstefna, póstrúktúralismi og kenningar um munnlega hefð ruðu sér til rúms skapaðist lifandi umræðuvettvangur um byggingu og samsetningu eininga innan frásagna. Þegar greina á byggingu frásagnar er því mikilvægt að fjalla um þá frásagnagerð (en. *type*) sem myndar ramma hennar og þau minni (en. *motifs*) sem frásögnin inniheldur. Minni eru einskonar stef eða mynstur sem eru síendurtekin innan frásagna fyrri alda, og þó einkum í þjóðsögum og ævintýrum. Minni er smæsta atriði frásagnar sem helst stöðugt innan hefðarinnar: „A motif is the smallest element in a tale having a power to persist in tradition“.<sup>276</sup> Minnin tilheyra svo hlutverkum sem drífa atburðarrásina áfram, skapa ákveðin hugsanatengl hjá lesendum sem eru þeim kunnugir og skapa þar með væntingar um það sem á eftir kemur. Á 4. áratug síðustu aldar tók bandaríski þjóðsagnafræðingurinn Stith Thompson saman alþjóðlega minnaskrá, sem hann endurbætti svo á 6. áratugnum.

Frumkvöðull í rannsóknum gerða var Antti Aarne sem tók saman og skilgreindi þær frásagnargerðir sem þekktar voru, þ.e. það mynstur sem þjóðsögur fyrri alda, og þar með ævintýri, fylgja og setti fram í sérstakri gerðaskrá þjóðsagna, þar sem frásagnargerðir eru flokkaðar eftir sérstöku kerfi. Skráin var síðar endurskoðuð og aukin af Stith Thompson, og var hún þaðan í frá auðkennd með upphafsstöfum þeirra beggja og kölluð AT-skráin.<sup>277</sup> Gerðaskrá þeirra Aarnes og Thompsons, er sem alþjóðleg, var enn síðar endurbætt af Hans-Jörg Uther, og upp frá því er að jafnaði talað um ATU-skrána. Gerðaskrár eru viðurkenndar þverfaglega af fræðimönnum sem fást við munnmæli jafnt sem bókmenntir og eru uppfærðar reglulega, auk þess sem teknar hafa verið saman skrár einstakra málsvæða. Þótt stundum megi fella bókmenntaverk frá miðöldum undir tiltekna gerð er algengara að stakar gerðir myndi einingar innan bókmenntaverka.<sup>278</sup>

Þótt sagnaefnið um Ölvi Hákonarson sé flóknara en því sem nemur stakri gerð þjóðsagna, mætti flokka hana undir frásagnagerð ATU 910A; grunnlýsingin á þeirri frásagnagerð er að vitur maður (oft deyjandi faðir) gefur ákveðin fyrirmæli eða heilræði, oftast þrjú, sem sonurinn fer

<sup>276</sup> Thompson, *The folktale* (Berkeley: University of California Press, 1946), bls. 439.

<sup>277</sup> Sjá Aarne og Thompson, *The types of the folktale* (Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia, 1961).

<sup>278</sup> Í doktorsritgerð Rominu Werth, *A different story: The fairy tale in Old Norse literature* frá 2023, er greinargóð umræða um gerðir í íslensku samhengi. Sjá einnig Holbek, *Interpretation of fairy tales*, FFC 239 (Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 1998), bls. 323–389.

síðan ekki eftir og lendir þess vegna í ógöngum. Í gerðinni kemur einnig fyrir eins konar blekking eða misskilningur tengdur drápi á dýri, sem aðrir halda vera mann, sem leiðir til refsingar. Síðar kemst upp að hetjan er ekki morðingi, því að einungis dýr var drepið en ekki maður.<sup>279</sup> Þrátt fyrir að efnið sem hér er til umfjöllunar falli ekki alfarið undir þá lýsingu sem gefin er í gerðaskránni er grunnþema Ölvis sögu engu að síður tilbrigði við frásagnagerð ATU 910A.

Til eru skrár yfir íslenskt sagnaefni sérstaklega, bæði gerðaskrá og minnaskrá, sem voru þá settar saman eftir alþjóðlega kerfinu. Gerðaskráin var tekin saman og birt árið 1929 af Einar Ól. Sveinssyni.<sup>280</sup> Þótt gerðaskrá Einars miði að miklu leyti við íslensk munnmælaævintýri er að finna hjá honum fjölmargar tilvísanir í miðaldasögur líka. Íslenska minnaskráin, *Motif-Index of Early Icelandic Literature*, sem Inger M. Boberg tók saman og birti árið 1966, miðast hins vegar við bókmenntir fyrri alda eingöngu.<sup>281</sup> Í skránni eru minni listuð upp eftir hinu alþjóðlega númerakerfi, með lista yfir frásagnir þar sem minnið er að finna. Listinn er þó ekki tæmandi. Í minnaskránni er *Bragða-Ölvis saga* skráð fyrir fáeinum minnum. Að auki er að finna í skránni minni sem fyrirfinnast í sagnaefninu um Ölvi Hákonarson þótt þess sé ekki getið sérstaklega. Með upptalningu þeirra minna sem koma fyrir í sagnaefninu og með samanburði við aðrar sögur sem fela í sér sömu minni, mætti reyna að setja sagnaefnið um Ölvi í samhengi við bókmenntahefðina og finna því stað innan hennar.<sup>282</sup>

Í eftirfarandi lista eru talin upp öll helstu minni sögunnar. Fyrst er getið um flokkunarnúmer minnis, því næst kemur stutt skilgreining á því og seinast nokkur dæmi um aðrar sögur þar sem sama minni kemur fyrir. Allar tilvísanirnar eru í skrá Bobergs, þar sem auðvelt er að fletta þeim upp:

---

<sup>279</sup> Sjá Uther, *The types of international folktales*, FFC vol. CXXXIII (Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 2004), bls. 528–529; Aarne og Thompson, *The types of the folktale*, bls. 313. Gerðaskrárnar hafa verið gagnrýndar. Michael Stitt benti til dæmis á að lýsingar einstakra gerða í AT-gerðaskránni miðuðust við þjóðsögur og ævintýri frá síðari öldum svo erfitt sé að sjá hvernig frásagnir miðalda geti rúmast innan frásagnagerðanna, jafnvel þótt þær fylgi vissulega sama mynstri. Sjá *The development of AT 301 in the northern Germanic area* (Michigan: University Microfilms International, 1985), bls. 33–34.

<sup>280</sup> Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer märchenvarianten: Mit eine einleitenden untersuchung* (Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia, 1929).

<sup>281</sup> Minnaskrá yfir munnmælaævintýri úr safni Jóns Árnasonar er að finna í VI. bindi þjóðsagnasafnsins, sjá *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, VI. bindi, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1960), bls. 317–319.

<sup>282</sup> Í rannsóknnum á íslensku sagnaefni hefur áður verið gerð sambærileg tilraun til að lista upp minni. Sjá t.d. Aðalheiði Guðmundsdóttur, *Úlfhams saga* og „Mythological motifs and other narrative elements of Völsunga saga in Icelandic folk- and fairytales“, *Folklore and old Norse mythology* (Helsinki: The Kalevala Society, 2021), bls. 501–524. Sjá einnig Margréti J. Gísladóttur, „Verði þér allt til sigurs og lukku“: Sagan af kóngabörnum í ljósi handrita og hefðar, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2020.

- D815.7.1 Galdrahlutur fenginn frá fóstru;** einnig *Bósa saga og Herrauðs, Hjálmpérs saga og Ölvis, Göngu-Hrólfss saga, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans, Faustus saga og Ermenu.*
- D902.1 Galdrapoka;** einnig *Bárðar saga Snæfellsáss, Hrólfss saga kraka, Egils saga einhenda og Ásmundar berserkjabana, Sörla saga sterka, Valdimars saga.*
- D908 Galdramyrkur;** einnig *Hrólfss saga kraka, Þorsteins saga Víkingssonar, Bósa saga og Herrauðs, Hálfðanar saga Brönufóstra, Flóres saga konungs og sona hans, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans, Valdimars Saga, Gesta Danorum.*
- D1501.5 Galdrabelti notað til aðstoðar við barnsburð;** einnig *Ólafs saga helga, Ólafs þáttur Geirstaðarálfs.*
- D1905.3 Ást í gegnum álög;** aðeins í *Bragða-Ölvis sögu.*<sup>283</sup>
- D2074.2.4.1 Fóstra kölluð til með því að nefna hana á nafn;** einnig *Hjálmpérs saga og Ölvis, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans.*
- D2086.1 Sverð bitlaust vegna galdurs;** einnig *Sigrdrífumál, Rígsþula, Egils saga Skallagrímssonar, Droplaugarsona saga, Svarfdæla saga, Gunnlaugs saga Ormstungu, Örvar-Odds saga, Ketils saga hængs, Göngu-Hrólfss saga, Sturlaugs saga starfsama, Bósa saga og Herrauðs, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans, Vilmundar saga viðutan, Gesta Danorum.*
- E431.13 Lík brennt til að hindra afturgöngu;** einnig *Eiríks saga rauða, Örvar-Odds saga, Hálfðanar saga Eysteinnssonar, Þorsteins saga Víkingssonar, Ála-flekks saga, Sigurðar saga þögla, Þorsteins þáttur uxafóts, Ásmundar saga flagðagæfu, Úlfs saga Uggasonar, Kára saga Kárasonar, Starkaðar saga Stórvirkssonar, Andra saga jarls.*
- F531.1.6.1 Risi eða óvættur með neglur sem klær;** einnig *Illuga saga Gríðarfóstra, Sturlaugs saga starfsama, Vilhjálms saga sjóðs.*
- F531.3.8.3 Heimkoma risa heyrast úr fjarlægð;** einnig *Bárðar saga Snæfellsáss, Hálfðanar saga Eysteinnssonar, Ála-flekks saga, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans, Blómsturvalla saga, Hymiskviða.*
- F531.4.5.2 Risi með járnstöng að vopni;** einnig *Ólafs saga Tryggvasonar, Heimskringla, Bárðar saga Snæfellsáss, Örvar-Odds saga, Ála-flekks saga, Þiðreks saga af Bern, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans, Sigurðar saga þögla, Sigurgarðs saga frækna, Sagan af kóngabörnum Sigurði og Signýju, Starkaðar saga Stórvirkssonar, Bevers saga, Blómsturvalla saga, Ektors saga.*

---

<sup>283</sup> Í *Úlfhams sögu* er þó hugsanlega skylt minni þar sem bræður í álögum girnast fugla, en fuglarnir voru í raun konur í fuglslíki. Að lokum kvænast þeir þessum sömu konum. Þar er einskona óbein ást í gegnum álög, þar sem þessi girnd leiðir til hjónabands. Sjá einnig M4551.1 (álagasending eftir konu).

**-F531.6.2.1 Risi býr á fjöllum, í helli;** einnig *Hárbarðsljóð, Grottasöngur, Landnámabók, Hálf s saga og Hálf srekka, Norna-Gests þáttur, Egils saga einhenda og Ásmundar berserkjabana, Hálf danar saga Brönufóstra, Hálf danar saga Eysteinssonar, Sörla saga sterka, Hjálmpérs saga og Ölvis, Þorsteins þáttur Bæjarmagns, Bárðar saga Snæfellsáss, Ála-flekks saga, Jarlmanns saga og Hermanns, Sagan af Hringi og Hringvarði syni hans, Sigurðar saga þögla, Vilhjálms saga Sjóðs, Jökuls þáttur Búasonar, Bergbúa þáttur, Gunnars saga Keldugnúpsfífls, Blómsturvalla saga, Ektors saga, Kára saga Kárasonar, Huldar saga, Andra saga jarls, Ármanns saga, Gesta Danorum.*<sup>284</sup>

**-F610 Óvenju sterkur maður;** einnig *Hrólfs saga kraka, Friðþjófs saga frækna, Örvar-Odds saga, Göngu-Hrólfs saga, Hjálmpérs saga og Ölvis, Þorsteins þáttur bæjarmagns, Þiðreks saga af Bern, Finnboga saga ramma, Ambáles saga, Gesta Danorum.*

**-F610.3.1 Ósæranlegur berserkur;** einnig *Grettis saga Ásmundarsonar, Skjöldunga saga, Hrólfs saga kraka, Ynglinga saga, Sörla saga sterka, Hálf danar saga Brönufóstra, Göngu-Hrólfs saga, Hrólfs saga Gautrekssonar, Örvar-Odds saga, Flóres saga konungs og sona hans, Ektors saga, Sagan af Hringi og Hringvarði syni hans.*

**-F610.3.4.2 Einvígi við berserk;** einnig *Gunnlaugs saga ormstungu, Finnboga saga ramma, Egils saga einhenda og Ármundar berserkjabana, Ektors saga.*

**-F610.4.1 Maður með styrk á við fjóra menn;** einnig *Starkaðar saga Stórvirkssonar.*

**-F829.3 Óvenjulegt belti;** einnig *Gull-Þóris saga, Friðþjófs saga frækna, Þorsteins saga Víkingssonar, Göngu-Hrólfs saga.*

**-F832.2 Óvenjulega stór lensa, spjót, stöng;** einnig *Sörla saga sterka, Sálus saga og Níkarriors, Bærings saga, Mágus saga jarls.*

**-G500.1 Tröll, risi sigraður í einvígi, glímu;** einnig *Orms þáttur Stórolfssonar, Jökuls þáttur Búasonar, Fertrams saga og Plató, Andra saga jarls, Grettis saga Ásmundarsonar.*

**-H924 Skylda, sendiför dæmðs manns til að losna undan refsingu;** einnig *Bósa saga og Herrauds, Egils saga einhenda og Ásmundar berserkjabana, Sturlaugs saga starfsama.*

**-H1162 Skylda, sendiför að drepa ákveðinn mann;** einnig *Harðar saga og Hólmverja.*

**-H1244 Fyrirgefning að launum fyrir árangursríka sendiför;** einnig *Bósa saga og Herrauds.*

**-H1561.9 Hetja velur styttri en hættulegri leið;** einnig *Ketils saga hængs, Þiðreks saga af Bern.*

**-J21 Ráð reynast viturleg með reynslu;** einnig *Gautreks saga, Hjálmpérs saga og Ölvis, Sagan af kóngabörnum Sigurði og Signýju.*

---

<sup>284</sup> Boberg telur *Bragða-Ölvis sögu* hér upp í lista yfir sögur sem innihalda þetta minni, en risinn Rauður býr þó í skógi sem stendur á heiði.

- J266 Val milli styttri og hættulegri leiðar, eða lengri og öruggari leiðar; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu*.<sup>285</sup>
- J652 Athugunarleysi, hundsun viðvarana; einnig *Atlamál, Völsunga saga, Hálf's saga og Hálf'srekka*.
- J1180 Snjöll ráð hindra lagalega refsingu; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu*.
- K550 Undankoma með falskri málsvörn; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu*.
- M411.3 Deyjandi maður leggur álög; einnig *Eyrbyggja saga, Fáfnismál, Völsunga saga, Hálfðanar saga Brönufóstra, Ála-flekks saga, Sagan af kóngabörnum Sigurði og Signýju, Sagan af Hringi og Hringvarði syni hans, Haralds saga harðráða*.
- M411.10 Berserkur, risi, tröll, blámaður leggur álög; einnig *Þorsteins saga Víkingssonar, Ála-flekks saga, Nikulás saga leikara*.
- M411.14 Keppinautur leggur álög; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu*.<sup>286</sup>
- M412.2 Álögð lögð á brúðkaupsnótt; einnig *Ála-flekks saga*.
- M441.1 Álög: sverð mun bregðast hetju í hættu; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu*.
- M443.2 Álög: skírlífi, getuleysi í hjónabandi; einnig *Kormáks saga*.<sup>287</sup>
- M471 Álög lögð á hlut; einnig *Laxdæla saga, Þórðar saga hreðu, Úlfars saga og Ömundar*.
- P272.1 Fjölunnug fóstura; einnig *Heiðarvíga saga, Kjalnesinga saga, Grettis saga Ásmundarsonar, Bósa saga og Herrauds, Göngu-Hrólf's saga, Hálfðanar saga Brönufóstra, Sturlaugs saga starfsama, Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans, Sagan af kóngabörnum Sigurði og Signýju*.
- P272.2 Fóstura aðstoðar hetju; einnig *Kjalnesinga saga, Flóamanna saga, Vilhjálms saga Sjóðs, Ála-flekks saga, Flóres saga konungs og sona hans, Samsonar saga fagra*.
- R5 Handtaka á vígvelli; einnig *Hervarar saga og Heiðreks, Norna-Gests þáttur, Þiðreks saga af Bern, Ambáles saga, Flóres saga konungs og sona hans*.
- R5.2 Hetja handtekin með því að ýta að henni skjöldum frá öllum hliðum; einnig *Hervarar saga og Heiðreks, Ragnars saga loðbrókar, Hrólf's saga Gautrekssonar, Bósa saga og Herrauds, Þorsteins saga Víkingssonar, Sigurðar saga þögla, Vilhjálms saga Sjóðs, Sigurðar saga fóts, Flóres saga konungs og sona hans*.
- R41.3 Varðhald í dýflissu; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu*.<sup>288</sup>
- R138 Björgun frá skipskaða; einnig *Landnámabók, Örvar-Odds saga, Hrólf's saga Gautrekssonar, Hálfðanar saga Brönufóstra, Víglundar saga, Finnboga saga ramma, Þiðreks*

<sup>285</sup> Svo í skrá Boberg, en kemur þó víðar fyrir. Sjá sérstaklega H1561.9.

<sup>286</sup> Hér hinn svekkti vonbiðill Randiborgar.

<sup>287</sup> Einnig í *Brennu-Njáls sögu*, þótt þess sé ekki getið í skránni.

<sup>288</sup> Kemur þó víða fyrir í íslenskum miðaldasögum þótt þess sé ekki getið í skránni.

*saga af Bern, Flóres saga konungs og sona hans, Starkaðar saga Stórvirkssonar, Kára saga Kárasonar, Sagan af kóngabörnum Sigurði og Signýju, Bærings saga, Parmes saga loðinbjarnar, Þorsteins saga Víkingssonar.*

-**T75.2.1 Hefnd vonbiðils sem var hafnað**; einnig *Hálfðanar saga Brönufóstra.*

-**T135.6 Að drekka brúðkaup**; einnig *Ragnars saga loðbrókar, Völsunga saga, Hrólfs saga kraka, Hervarar saga og Heiðreks, Gautreks saga, Bósa saga og Herraúðs, Hálfðanar saga Eysteinnssonar, Hrólfs saga Gautrekssonar, Örvar-Odds saga, Egils saga einhenda og Ásmundar berserkjabana, Bárðar saga Snæfellsáss, Sigurðar saga fóts, Ála-flekks saga, Jarmanns saga og Hermanns, Ásmundar saga víkings, Sögubáttur af Ásmundi Sebbafóstra, Ambáles saga, Sagan af Héðni og Hlöðvi, Úlfars saga og Önundar, Sálus saga og Níkanors.*

-**T141 Brúður gefin öðrum**; einnig *Ásmundar saga kappabana, Sagan af Hringi og Hringvarði syni hans, Gesta Danorum.*

- **T315 Skírlífi, getuleysi í hjónabandi**; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu.*

-**T471 Nauðgun**; einnig *Ólafs saga Tryggvasonar, Heimskringla, Flóamanna saga, Hrólfs saga kraka, Gesta Danorum, Ambáles saga, Vilmundar saga viðutan, Mágus saga jarls.*

-**V52.3 Bæn fyrir bardaga færir sigur**; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu.*

-**V70.2 Hvítasunnuhátíð**; aðeins í *Bragða-Ölvis sögu.*

-**Z312.2 Risi, tröll getur aðeins verið drepinn með eigin sverði**; einnig *Egils saga einhenda og Ásmundar berserkjabana, Hrólfs saga Gautrekssonar, Hjálmpérs saga og Ölvis, Hálfðanar saga Brönufóstra, Þorsteins þáttur uxafóts, Jarlmanns saga og Hermanns, Ambáles saga, Ektors saga, Sagan af Héðni og Hlöðvi, Gesta Danorum.*

Vísast er þetta ekki tæmandi listi, því að fjöldi minna er að finna í minnaskrá Bobergs þar sem *Bragða-Ölvis saga* er ekki skráð sem heimild, þrátt fyrir að tiltekið minni komi vissulega fyrir í sögunni. Því er eflaust eins farið með aðrar sögur og minni þeirra. Af listanum má þó engu að síður sjá að í *Bragða-Ölvis sögu* koma fyrir mörg þekkt minni, en sömuleiðis önnur minni sem sjaldgæfari eru. Sé litið til þess hvers konar frásagnir deila flestum minnum með *Bragða-Ölvis sögu* er meiri hluti þeirra í flokki fornaldarsagna, þótt nokkrar riddarasögur, Íslendingasögur og Konungasögur deili sömu minnum. Samsvaranir minna við fornaldarsögur eru yfir helmingi fleiri en við riddarasögur, þótt þar sé oftast en ekki um fremur almenn minni að ræða.

Aðeins tvær sögur úr flokki riddarasagna deila sömu minnum með *Bragða-Ölvis sögu* í 5 tilvikum eða fleirum, en það eru *Ála-flekks saga* (8 tilvik) og *Flóres saga konungs og sona hans* (6 tilvik). Af fornaldarsögum er yfirgnæfandi meirihluti með sambærilega minnanotkun og í flokki þeirra eru alls ellefu sögur sem deila sömu minnum með *Bragða-Ölvis sögu* í 5 tilvikum

eða fleirum. Þetta eru *Bósa saga og Herrauds* (8 tilvik), *Hálfðanar saga Brönufóstra* (8 tilvik), *Gesta Danorum*<sup>289</sup> (7 tilvik), *Örvar-Odds saga* (7 tilvik), *Sagan af Þorgrími kóngi og köppum hans*<sup>290</sup> (7 tilvik), *Hrólfs saga kraka* (6 tilvik), *Göngu-Hrólfs saga* (6 tilvik), *Egils saga einhenda og Ásmundar berserkjabana* (6 tilvik), *Þorsteins saga Víkingssonar* (6 tilvik), *Hjálmþérs saga og Ölvis* (5 tilvik) og *Hrólfs saga Gautrekssonar* (5 tilvik). Þá er einnig samsvörun í 5 tilvikum í minnaforða *Sögunnar um kóngabörn Sigurð og Signýju*, en það er ævintýraleg saga sem ýmist hefur verið flokkuð með riddarasögum eða fornaldarsögum.<sup>291</sup> Af greiningunni má sjá að sagnaefnið um Ölvi Hákonarson er að mestu leyti samsett úr þeim minnum eða byggingareiningum sem algengastar eru innan fornaldasagna.

### 2.1.5.1 Blind minni og stýfð minni

Minni skapa ákveðin hugsanatengsl og væntingar, eins og áður var vikið að. Þegar hetja í frásögn eignast góða galdragripi þá kallar það minni á að þessir sömu galdragripir komi síðar að góðum notum, svo dæmi sé nefnt. Sé þessum væntingum ekki mætt, eða frávik veldur því að þessum væntingum er aðeins mætt að hluta til er talað um blind minni (en. *blind motifs*) annars vegar og stýfð eða ófullkomin minni (en. *truncated motifs*) hins vegar. Báðir þessir flokkar, blind minni og stýfð minni, bregðast að einhverju leyti væntingum lesenda. Í fræðilegri umfjöllun er ekki ávallt gerður greinarmunur á milli blindra og stýfðra minna, en þjóðsagnafræðingurinn Max Lüthi hefur bent á að þessi aðgreining sé bráðnauðsynleg:

Until now scholars have not distinguished between truncated motifs and blind motifs, and the two terms have been used interchangeably. From the point of view of the folktale, however, a specialized use of the two expressions seems imperative. I shall employ the term „blind motif“ for an element that is completely functionless, the term „truncated motif“ for an element that, while not entirely lacking a function, remains unconnected in one or another essential respect.<sup>292</sup>

Aðgreining þessara minna byggist með öðrum orðum á virkni þeirra innan frásagnarinnar, þar sem blind minni hafa glatað virkni sinni alfarið á meðan stýfð minni halda enn virkni sinni að einhverju leyti en á sama tíma vantar í þau mikilvægan þátt með þeim afleiðingum að minnin þjóna ekki hlutverki sínu að öllu leyti.

<sup>289</sup> *Gesta Danorum* Saxa hins málsþaka er hér talin með fornaldarsögum, þar sem fyrri hluti verksins, fyrstu 9 bækurnar, innihalda goðsögulegt efni og fornaldarsögur. Á Íslandi hafa jafnvel einstakir frásagnahlutar *Gesta Danorum* verið snúið í sjálfstæðar sögur, án þess þó að uppruna þeirra hjá Saxa málsþaka sé getið.

<sup>290</sup> Sagan var gefin út í bókinni *Fjórar riddarasögur* árið 1852 en Aðalheiður Guðmundsdóttir hefur skilgreint hana sem fornaldarsögu síðari tíma, *viva voce*. Þessi greining mun birtast í væntanlegu 3. bindi ritraðarinnar *Arfur aldanna*.

<sup>291</sup> Sjá greinagóða umræðu um *Söguna af kóngabörnum Sigurði og Signýju* og flokkun hennar í meistararitgerð Margrétar J. Gísladóttur, „Verði þér allt til sigurs og lukku“: Sagan af kóngabörnum í ljósi handrita og hefðar.

<sup>292</sup> Lüthi, *The European folktale: Form and nature*, bls. 61.

Blind minni eru án virkni, þau vekja ákveðin hugrenningatengsl og skapa væntingar sem ekki er mætt. Blind minni eru ekki algeng, þar sem þau eiga það til að leiðrétta sig í munnlegri hefð eða aðlögun, nema þeim sé þá alfarið sleppt þegar það uppgötvast að virkni þeirra er horfin.<sup>293</sup> Með sama hætti eru ófullkomnir frásagnarliðir gjarnan leiðréttir og lagaðir í endursögn. Það getur þó einnig gerst, sér í lagi þegar sagnaefni er skráð, að blind minni festist og úrlausn eigi sér ekki stað. Þegar blind minni koma fyrir í frásögn er það oftast en ekki vegna þess að eitthvað í frásögninni hefur fallið burt, til dæmis í munnlegri varðveislu eða við aðlögun efnis yfir á annað form, eða jafnvel í uppskriftum. Sé hinu blinda minni viðhaldið óbreyttu er það jafnan hluti af einskunar formúlu sem er ómissandi, þótt hluti hennar sé án virkni.<sup>294</sup> Hvernig sem það hefur atvikast að blind minni sé til staðar í frásögn, er það engu að síður vísbending um að eitthvað hafi fallið niður, blandast eða hnikast til í munnlegri geymd, í aðlögun, við blöndun sagnaefna eða við afritun. Blind minni í sagnaefninu um Ölvi Hákonarson eru því mikilvæg þegar litið er á þá breytingu sem á sér stað þegar efninu var snúið úr rímum yfir í prósa. Á sama tíma, ef blind minni finnast bæði í frásögn rímnanna og í prósagerðinni má leiða líkur að því að þar sé efni sem fallið hefur brott áður, það er áður en nú glataðri prósagerð var snúið í rímur eða við tilfærsluna yfir í rímur. Því þarf sérstaklega að huga að þeim minnum sem hafa glatað virkni sinni, því þau renna stöðum undir það að sagnaefnið byggist á frásögn sem nú er með öllu glötuð.

Stýfð minni eru eilítið frábrugðin. Þau halda vissulega hluta af virkni sinni, og þau gætu hugsanlega verið tilkomin við brottfall eða tilfærslu, eins og blind minni. Hins vegar, eins og Lüthi bendir á, eru stýfð minni líka ómissandi hluti þjóðsagnastíls: „Truncated motifs reign supreme in the folktale. They are decidedly not the result of faulty transmission alone; from the onset they form an integral part of the folktale style“.<sup>295</sup> Það er ólíklegt að slík minni séu lagfærð eða felld á brott við endurtekningu. Til að útskýra fyrirbærið er hentugt að vísa í þekkt dæmi um stýft minni, en það er að finna í mismundandi gerðum sögunnar um Öskubusku. Í franskri gerð eftir Charles Perrault er Öskubusku sagt að fara af ballinu fyrir klukkan tólf, sem hún og gerir. Í þýskri gerð Grimms-bræðra er engin slík skipun en Öskubuska fer engu að síður af ballinu fyrir klukkan tólf og hagar sér líkt og slík skipun hafi verið gefin. Þetta stýfða minni hjá Grimms-bræðrum þarf þó ekki nauðsynlega að benda til brottfalls eða truflunar í tilfærslu sögunnar, því það er þjóðsögninni eins eðlislægt að persónur hennar fari eftir ákveðnum lögum og reglum án þess að það þarfnist útskýringar.<sup>296</sup> Slíkum frásögnum er eðlislægt að innihalda að einhverju leyti

---

<sup>293</sup> Lüthi, *The European folktale: Form and nature*, bls. 61–62. Sjá einnig Aarne, *Leitfaden der vergleichlichen märchen-forschung*, FFC vol. XIII (Helsinki: Suomalainen Tiedekatemia, 1913), bls. 25–28.

<sup>294</sup> Lüthi, *The European folktale: Form and nature*, bls. 62.

<sup>295</sup> Ibid., bls. 62.

<sup>296</sup> Ibid., bls. 62.

stýfð minni, þar sem raunveruleiki þeirra er ævintýrlegur og þarfnast ekki ávallt sérstakrar útskýringar. Hlutar frásagnarinnar eru einangraðir og bregðast kannski að því leyti væntingum lesandans:

The truncated motif is an integral part of the folktale... On account of their isolation, individual elements need not make themselves felt in all the ways we expect, but in one or several aspects they may remain truncated. Significant effects that we know to be wrapped up with them do not come about; the actors origin, their history, and their previous and subsequent fate remain in the dark. When otherworld beings and their gifts project into the action of the tale, they play their part with great precision, but their origin and destination, the reason why they are able to intervene at the right moment, and their true nature in general are all matters that remain unexplained.<sup>297</sup>

Sé þetta sett í samhengi við sagnaefnið um Ölvi Hákonarson verður manni hugsað til nakta mannsins sem birtist upp úr þurru, hleypur út úr skóginum og undir sverð Ölvis þegar hann reiðir það til högg. Þegar þessi óþekkti, óútskýrði nakti maður er klofinn í sundur er sverð Ölvis sömuleiðis laust úr álögum og bitur á ný. Nakti maðurinn er skýrt dæmi um stýft minni. Hann er með öllu óútskýrður en hann hefur þá virkni innan frásagnarinnar að leysa hetjuna og sverð hans úr álögum. Jafnvel þótt sum textavitni bæti við að þessi maður hafi verið sendur af fósturu Ölvis honum til hjálpar, er hann engu að síður enn óútskýrður. Þótt lesandi viti að fóstura Ölvis hafi sent þennan mann kemur hvergi fram með hvaða hætti það var gert, hver aðdragandinn var, hver þessi maður var og þar fram eftir götunum. Ef til vill er þetta sögunni óviðkomandi, þar sem nakti maðurinn er aðeins leikari í þeirri atburðakeðju sem sagnaefnið er spunnið úr. Lesendur eða áheyrendur frásagna fyrri alda eru kunnugir þess konar einangrun og hefur hún líklega ekki virkað eins truflandi á þá og á nútímalesendur sem gera kröfu um skýrt samhengi atburða og að einstök atriði séu vel tengd og útskýrð. Því er skemmtilegt að sjá hvernig einn skrifari Bragða-Ölvis sögu, sá sem er einnig næstur nútímalesendum í tíma, hefur ákveðið að bæta við sérstöfum kafla til að svara öllum ósvörðum spurningum um þennan nakta mann.<sup>298</sup>

Örfá önnur dæmi um blind og stýfð minni eru í sagnaefninu um Ölvi Hákonarson, og nú þegar hefur verið tæpt á dæmi um stýft minni í tengslum við dóttur Úlfs á Fjóni. Þess er sérstaklega getið að hún eigi sér marga vonbiðla, en þvert á væntingar þá biður Ölvir hennar ekki og enginn af hans mönnum. Hún heldur þó virkni sinni innan frásagnarinnar þar sem hún birtist lesendum sem eftirsóttur kvenkostur sem á sér marga biðla. Síðar hreppir Sverrir, kompán Ölvis, hnossið þegar hann kvænist henni undir sögulok. Þessir

<sup>297</sup> Lüthi, *The European folktale: Form and nature*, bls. 60.

<sup>298</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 4.4.1.

miklu kvenkostir konunnar varpa um leið ljóma á Ölvi, sem er sjálfur fær um að kvænast sér enn göfugri konu að lokum.

Nokkrum stýfðum og blindum minnum innan sagnaefnisins mætti skipa saman í hóp, en þau eru öll með einum eða öðrum hætti tengd hinni fjölkunnugu fósturu Ölvis. Þar sem fleira en eitt stýft minni og eitt blint minni eru henni tengd má með nokkru öryggi álykta að hennar hlutverk hafi verið veigameira, og að eitthvað í frásögninni hafi fallið á brott. Fyrst ber að nefna blint minni sem kemur fram nokkuð snemma í frásögninni. Fóstura Ölvis gefur honum galdragripi; belti sem er þeirrar náttúru að geta leyst konu úr barnsnauð og sverð. Í rímunum er þess getið að sverðið sé galdragripur. Það er þeirrar náttúru að bíta jafnt „stein sem ítál“, auk þess sem það „ftöckur í öngu vætta“;<sup>299</sup> það bítur sem sagt á hvað sem er og mun ekki brotna eða bila, sama hvern óvin Ölvir fæst við. Þetta galdrasverð sitt notar hann þó í raun aldrei og hefur það glatað virkni sinni. Þegar Ölvir mætir Úlfi á Fjóni drepur hann Úlf með spjóti en ekki sverði en heggur svo höfuð af Birni, hugsanlega með sverðinu, en það kemur í hið minnsta aldrei fram og skiptir kannski ekki máli. Það sem hins vegar skiptir máli er að galdrasverð Ölvis glatar virkni sinni og náttúru; þegar Ölvir fæst við skálabúann Rauð dugar það ekki – Rauður blæs það úr hendi honum líkt og fis væri og að lokum er Rauður svo veginn með hans eigin sverði en ekki galdrasverðinu góða. Þar að auki nær Rauður að leggja álög á sverð Ölvis, svo það munu eigi bíta þegar hann þarf mest á því að halda. Þetta galdrasverð verður með öðrum orðum ónýtt og án allrar náttúru þegar það kemst í tæri við Rauð; þvert á allar væntingar til galdrasverðsins er það gagnslaust og náttúra þess kemur aldrei fram og þar með aldrei í góð nyt. Í þessum galdragripum er því fólgið blint minni; Ölvir fær tvo galdragripi að gjöf frá fósturu sinni, beltið virkar sem skyldi og kemur í góð nyt einmitt þegar Ölvir þarf á að halda. Sverðið hins vegar stenst engar væntingar og það sem verra er að á það er ekki hægt að treysta gegn Rauði hinum fjölkunnuga, þvert á náttúru þess, og á það má leggja álög. Vegna álaganna bilar sverðið í bardaga Ölvis gegn mönnum Rígarðs greifa, en þrátt fyrir að hinn nakti maður hafi frelsað Ölvi og sverð hans undan þessum álögum, þá er það enn gagnslaust. Ölvir getur ekki notað galdrasverðið á berserkinn Áka, sem engin járn bíta. Þetta sverð sem bíta átti allt, og ekki átti að bila gegn neinni vætti er einnig gagnslaust gegn Áka svo að lokum er því fleygt og Ölvir glímir við Áka. Reyndar myndi maður þar á ofan ætla að fóstura Ölvis hefði gefið honum þrjá galdragripi til að frásagnarlögmálið um þrítölu komi fram,<sup>300</sup> en hér fær Ölvir aðeins tvo galdragripi frá fósturu sinni. Reyndar mætti skilja á

<sup>299</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa I.18, bls. 342 og AM 616 d 4to, vísa I.25, bls. 297.

<sup>300</sup> Olrik, „Eviske love i folkedigtningen“, *Danske studier*, 5. árg (1908), bls. 81.

rímunum að með þessum gjöfum hafi raunar fylgt sú þriðja, sax, en það hefur enga náttúru, er ekki galdragripur, kemur hvergi síðar við söguna og er almennt frekar óljóst.<sup>301</sup> Í prósagerðunum kemur hvergi skýrt fram að sverðið sé galdragripur sem hafi vissa náttúru. Virðist þetta blinda minni því hafa verið leiðrétt við tilfærslu sagnaefnisins úr rímum yfir í prósa. Þar sem galdrasverðið hafði glatað virkni sinni, var það lagfært og gert að venjulegu sverði. Sverðið hvarf sem sagt ekki úr frásögninni, heldur varð aðeins „eitt gott sverf“.<sup>302</sup>

Næst ber að nefna galdrapökuna sem skyndilega rennur á þegar Ölvir mætir Birni og Tóka. Í klausum á spássíu AM 601 b 4to sem seinna rata inn í meginmál frásagnarinnar<sup>303</sup> kemur fram að fóstra Ölvis muni hafa valdið þessari þoku. Í meginmálinu er þetta hvorki útskýrt né sagt berum orðum, en sökum þessarar galdrapöku nær Ölvir að koma Birni á óvart og höggva af honum höfuðið og einnig verður honum kleyft að flýja undan Tóka. Hér eru á ferðinni tvö stýfð minni, minnið um aðstoð fóstrunnar og minnið um galdrapöku. Minnin eru stýfð að því leyti að ekki kemur beint fram að fóstran hafi valdið þokunni í þeim tilgangi að hjálpa Ölvi – stundum er þess alls ekki getið og er galdrapokan þá án orsaka. Í þeim gerðum þar sem þess er getið að fóstran hafi valdið þessu er óljóst til hvers og hverju það áorkaði – það sem vantar inn í frásögnina er að hún hafi svo aðstoðað Ölvi, að vegna þokunnar ná hann að höggva höfuðið af Birni og komast undan Tóka. Þrátt fyrir þetta halda minnin virkni sinni og Ölvi tekst að komast undan.

Annað stýft minni tengt fóstru Ölvis er hinn nakti maður, eins og áður hefur verið greint frá. Síðast ber þá að nefna stýft minni sem kemur fram í glímuviðureign Ölvis og berserksins Áka, þegar fóstra hans kemur enn og aftur við sögu. Þar hefur Áki yfirhöndina og nefnir Ölvir þá fóstru sína. Þetta ákall hefur hins vegar engin áhrif og engin hjálp berst Ölvi úr þeirri átt. Það er að lokum ákall hans til þess guðs er kóngurinn Sveinn tilbiður sem hrífur og veldur því að Ölvir nær að sigrast á Áka. Þetta ákall Ölvis til fóstru sinnar virðist ekki ætlað til þess að hafa áhrif á framvinduna, heldur fremur sem einskonar dýpkun á kristilegum boðskap. Þar sem ákall á heiðnar vættir, forynjur og fjölkunnugar fóstrur bregst hefur ákall til hins kristna guðs hins vegar tilætlaðan mátt. Virknin er því ekki úrslitabátturinn í þessu tilviki. Hins vegar er það frávik við væntingar að fóstra Ölvis komi hvergi að einhverri yrðingu þess efnis að hann skuli nefna sig þegar mikið liggir við, eða álíka, til dæmis eftir að hún hefur gefið honum galdragripina og þau kveðjast. Slík yrðing fylgir vanalega þegar minni um að nefna fóstru eða aðra hjálpvætti kemur fyrir, sbr. minni

<sup>301</sup> *Ölvis rimur sterka*, NKS 1133 fol., vísa I.19, bls. 342 og AM 616 4 4to, vísa I.26, bls. 297.

<sup>302</sup> *Bragða-Ölvis saga*, AM 601 b 4to, 6v, bls. 394.

<sup>303</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 4.4.1.

#### D2074.2.4.1.

Ljóst er að stýfð minni tengjast fleirum en fósturu Ölvis. Þegar kemur að heilræðum Sveins og hvaða áhrif þau hafa á framvindu sögunnar, virðist sem eitthvað sé ófullgert. Hér er ekki beinlínis um blint minni að ræða, frekar stýft minni sem engu að síður brýtur gegn væntingum lesenda. Sveinn konungur gefur Ölvi þrenn heilræði en hann brýtur gegn tveim þeirra á ferðalögum sínum, þótt heilræði hans komi engu að síður við sögu í annarri mynd en búast mætti við innan frásagnarfléttunnar. Fyrsta heilráð Sveins er að svíkja ekki mann í tryggðum. Ölvir brýtur gegn þessu heilræði þegar hann vegur skálabúann Rauð í svefni, eftir að Rauður hefur gefið honum og Sverri grið næturlangt. Þriðja heilráð Sveins er að girnast ekki annars manns konu, en Ölvir brýtur gegn því, reyndar undir álögum, þegar hann hittir Randiborgu í silkitjaldinu. Út frá lögmálinu um þritölu sagna mætti því vænta að Ölvir brjóti einnig gegn öðru heilræði Sveins, að höggva ekki mann á helgum tímum, og brjóti þar með gegn öllum heilráðum Sveins. Minnið um ráð sem reynast góð með reynslu, jafnvel þótt það sé parað við minnið um athugunarleysi eða hundsun ráða eða viðvarana, kallar í þessu tilviki á að þritölunni sé haldið; Ölvir ætti því að brjóta gegn öllum heilráðum Sveins. Þetta annað heilræði Sveins er hins vegar aldrei brotið og á það er ekki reynt. Hugsanlega hefur það átt að birtast í viðureign hans við Rauð, að þegar Ölvir sveik Rauð hafi það verið á helgum degi og væru þessi heilræði Sveins þá brotin nánast samtímis. Rauður er í raun eini óvinurinn sem á vegi Ölvis verður eftir að hafa þegið heilræði af Sveini, að Áka undanskildum, svo gera mætti ráð fyrir að brot á þessu heilræði hefði átt að tengjast Rauði. Það kemur hins vegar hvergi fyrir í nú varðveittum gerðum að þetta heilræði Sveins sé brotið, og að því leyti mætti kalla minnið blint, en því er þó óbeint haldið og fylgt innan frásagnarinnar þótt önnur persóna geri það. Það er borgargreifinn Rígarð sem fylgir þessu heilræði, óafvitandi, því hann hefur engin heilræði þegið af Sveini kóngi og veit ekki af þessum ráðum hans til Ölvis. Hann fylgir þessu samt þegar hann hlífir lífi Ölvis og lætur ekki hálshöggva hann á helgum degi. Þetta brýtur í bága við væntingar áheyrenda, sem ætlast til að heilræðið sé brotið af Ölvi. Með tilfærslu hefur hlutverkið nú verið fært yfir á Rígarð greifa, en að sama skapi brýtur það í þeirri mynd gegn væntingum áheyrenda því hann fylgir óafvitandi þessu heilræði í staðinn fyrir að brjóta gegn því, eins og Ölvir hefði gert.

Þessi atriði styrkja þá kenningu að rímnagerðin sé byggð á eldri, nú glataðri prósagerð. Ætla má að þessi atriði hafi skolast til þegar sagnaefnið var fært yfir í rímnaform og seinna meir, þegar rímunum var snúið aftur í prósa, voru þessi atriði ekki lagfærð. Þetta gæti svo aftur bent til þess að eldri prósagerðin hafi þá þegar verið með öllu glötuð. Blind minni

sem finna má í rímnagerðinni sem ekki eru til staðar í prósagerðunum sýna með sama móti hvernig minni án virkni hafa verið lagfærð við tilfærslu á milli forma. Um leið benda þessi blindu minni í rímnagerðinni til þess að eitt sinn hafi sagnaefnið verið fyllra, enda afar ólíklegt að blind minni séu til staðar í upphaflegum gerðum sagna, þótt stýfð minni gætu í einhverjum tilvikum hafa gert það.

## **2.2 Sagan um Ölvi Hákonarson í bókmenntalegu samhengi: tengsl við aðrar miðaldasögur**

Nú hefur verið rakið hvernig efnið um Ölvi Hákonarson er samsett og hvernig það samtímis fellur og fellur ekki að hefðbundinni formgerð annarra miðaldasagna, einkum fornaldarsagna og konungasagnaþátta. Þá leiddi minnagreiningin í kafla 2.1.5 í ljós að víða er að finna efnislegar tengingar við aðrar sögur. Þótt oft séu þetta þekkt minni sem eru algeng í íslenskum bókmenntum fyrri alda, eru þarna einnig minni eða einstök atriði sem skapa sértækari tengsl við annað sagnaefni. Að auki ber að athuga enn frekar þær persónur sem kynntar voru til sögunnar í kafla 2.1.2 og tengsl þeirra við aðrar sögur. Með samanburði sem þessum má fá skýrari mynd af því hvar sagnaefnið um Ölvi á heima innan ríkjandi flokkunarkerfa.

### **2.2.1 Sagnaritun miðalda**

Ákveðin einkenni í sagnaefninu um Ölvi Hákonarson bera með sér að þar hafi sá sem setti saman frásögnina nýtt sér sagnfræðilegar heimildir. Þetta á við um ímynd Sveins Danakonungs og hlutverk hans sem fulltrúa kristinnar trúar. Í konungasögum og varðveittum frásögnum þar sem Sveins Úlfssonar Danakonungs er getið, kemur hvergi fram að hann hafi einhver sérstök tengsl við kirkjuna, kristna trú, kristniboð eða annað sem útskýrt gæti hlutverk hans innan frásagnarinnar um Ölvi sem eiginlegs kristniboðskonungs. Þessi sterku tengsl Sveins Danakonungs við kirkjuna og kristna trú eiga sér þó stoð í sögulegum staðreyndum og koma skýrt fram í samtímaheimildum.

#### **2.2.1.1 Páfabréf Gregoríusar VII**

Með elstu heimildum um valdatíð Sveins Úlfssonar sem vitna um sterk tengsl hans við kirkjuna eru páfabréf frá 11. öld, en þar kemur fram að Sveinn Danakonungur hafi verið mikill höfðingi

og mikilvægur bandamaður kirkjunnar.<sup>304</sup> Skömmu eftir að Gregoríus VII var kosinn til páfa sendir hann Sveini Danakonungi bréf, dagsett 28. apríl 1073, og tilkynnir honum þar með kjör sitt.<sup>305</sup> Á þeim tíma heyrði Danmörk, sem og Norðurlöndin öll, undir erkibiskupinn í Hamburg-Bremen en Sveinn hafði lengi reynt að fá erkibiskupsstól til Danmerkur. Í öðru bréfi sem páfi sendir 25. janúar árið 1075 lofar Gregoríus VII kristilegan lærdóm Sveins og hans miklu rækt við kirkjuna, og segir hann standa öðrum konungum fremri hvað það varðar: „Verum quia eminentiam tue nobilitatis pre ceteris regnorum principibus tam peritia litterarum quam studio ecclesiastice exornationis pollere intelleximus“.<sup>306</sup> Þá óskar páfi einnig eftir því að Sveinn sendi fulltrúa sinn á fund við hann til að halda áfram viðræðum um stofnun erkibiskupsstóls í Danmörku, og einnig óskar hann eftir því að Sveinn sendi sér liðstyrk gegn óvinum kirkjunnar. Skrifar páfi að honum hafi borist til eyrna að Sveinn hefði í hyggju að senda einn sona sinna til Rómar að þjóna í herliði páfagarðs og heitir því að sonurinn verði gerður að höfðingja og verndara kristinnar trúar: „in qua unum de filiis tuis, si eum, sicut quidam episcopus terre tue in animo tibi fore nuntiauit, apostolice aule militandum dares cum aliquanta multitudine eorum, qui sibi fidi milites essent, ducem ac principem et defensorem christianitatis fieri optamus“.<sup>307</sup>

Síðar, 19. apríl árið 1080, eftir andlát Sveins, skrifar Gregoríus VII páfi nýjum Danakonungi, Haraldi hein Sveinssyni bréf þar sem hann lofar enn Svein föður hans og ítrekar páfi við nýjan konung að hann skuli taka sér föður sinn til fyrirmyndar að heiðarleik og framúrskarandi góðum gildum, og minnst þess að Sveinn hafi staðið öllum öðrum konungum fremri, meira að segja Hinrik keisara:

Te itaque specialiter fili karissime cui regni curam prouidentia diuina commisit paterno monemus affectu, ut excellentissimi parentis tui regias probitates et uirtutes egregias imitari satagas. Eius quidem precipui mores in tantum ceteris regibus prenituerunt, ut cunctis posthabitis nec ipso etiam imperatore Heinrico qui

---

<sup>304</sup> Sawyer, „Sven Estridsen i medeltida historieskrivning“, *Svend Estridsen*, ritstj. Sonne og Croix (Óðinsvé: Syddansk Universitetsforlag, 2016), bls. 234.

<sup>305</sup> *Diplomatarium Danicum*, 1. bindi, 2. hefti, bréf nr. 10, útg. Weibull og Skyum-Nielsen (Kaupmannahöfn: Einar Munksgaards forlag, 1963), bls. 20–21.

<sup>306</sup> *Diplomatarium Danicum*, 1. bindi, 2. hefti, bréf nr. 11, bls. 23. Þýðing fengin frá Gottskálk Jenssyni, persónuleg tölvupóstsamskipti: „Sannlega höfum vér skilið að yðar göfgi eruð öðrum konungum ríkjanna fremri hvað varðar bóklegan lærdóm og áhuga á útbúnaði kirkna“.

<sup>307</sup> *Diplomatarium Danicum*, 1. bindi, 2. hefti, bréf nr. 11, bls. 21–24. Hugsanlega er hér átt við Svein krossfara Sveinsson, sem lést í fyrstu krossferðinni árið 1097. Óvíst er hvenær hann hélt suður til Rómar og gekk í herlið páfagarðs, en hugsanlegt er að hann sé sonurinn sem páfi minnst á í bréfi sínu. Ekki er vitað til þess að aðrir synir Sveins hafi farið suður, nema Knútur Magnús sem lést á leið til Rómar skv. Adam frá Brimum, en hann átti að vígja til konungs en ekki halda í hernað. Tilraunir Gregoríusar VII páfa til að safna saman kristnum her, *miles christi*, á hendur Býsantíum er oft túlkuð sem fyrirrennari hinna eiginlegu krossferða. Sjá t.d. Peters, *The first crusade*, (Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1971), bls. 33. Þýðing fengin frá Gottskálk Jenssyni, persónuleg tölvupóstsamskipti: „ef þér létuð af hendi við hina postullegu hirð til hernaðar í því (skattlandi) einn af sonum yðar ásamt nokkrum fjölda hermanna, sem væru honum trúir, svo sem biskup einn í landi yðar hefur kunngjört að þér hafið í hyggju, væntum vér þess að hann yrði hertogi og fursti og verndari kristinnar“.

sancte Romane ecclesie propinquius hesit excepto, singulari amore illum nobis amplectendum iudicauerimus.<sup>308</sup>

Markmiði sínu, að fá erkibiskupsstól stofnsettan í Danmörku, náði Sveinn þó ekki fyrir dauða sinn en sonur hans, Eiríkur góði (sem var Danakonungur frá 1095 til 1103) hélt málinu til streitu og að lokum varð erkibiskupsstóll í Lundi að veruleika. Sá erkibiskupsstóll var yfir öllum Norðurlöndum til skamms tíma, frá 1103–1152, þar til Noregur fékk eigin erkibiskupsdæmi og Svíþjóð einnig í kjölfarið. Af þessum páfabréfum má ráða að Sveinn Úlfsson var mikilsmetinn af páfa og í hávegum hafður fyrir stuðning sinn við kristna trú. Í valdatíð sinni lét hann byggja margar kirkjur í Danmörku, lét kirkjuna jafnan njóta góðs fjárhagslega með styrkjum og gjöfum og kom á fót fleiri biskupsdæmum en fyrir voru í Danmörku.

### 2.2.1.2 Adam frá Brimum

Í riti sínu *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum*, sem talið er skrifað um 1073–1076, fjallar Adam frá Brimum um sögu erkibiskupanna í Hamburg-Bremen, en þar er einnig að finna meðal elstu lýsinga á Norðurlöndum og sögu þeirra, um kristnitöku þjóðanna og heiðni á svæðum í kring. Adam frá Brimum skrifar þó nokkuð um Svein Úlfsson Danakonung, en hann getur þess meðal annars að sjálfur hafi hann dvalið við dönsku hirðina í góðu yfirlæti Sveins og að konungur sé heimildarmaður hans um hin ýmsu efni sem snerta Norðurlöndin. Segir hann Svein hafa tekið vel á móti sér eins og hann geri alla jafna þegar aðkomumenn leiti til hans.<sup>309</sup> Viðhorf Adams til Sveins er almennt mjög jákvætt, segir hann Svein Úlfsson vera mikilsmetinn konung, að hann hafi barist við heiðingja (þá Vindur) og snúið mörgum heiðingjum til kristni,<sup>310</sup> og hafi byggt yfir 300 kirkjur í Danaveldi.<sup>311</sup> Einhverjar staðreyndir eru ýktar eða rangar; þannig segir Adam til dæmis að Sveinn sé konungur yfir þremur ríkum – Danmörku, Noregi og

---

<sup>308</sup> *Diplomatarium Danicum*, 1. bindi, 2. hefti, nr. 20, bls. 41–43. Hér er Gregoríus væntanlega að vísa til Hinriks III keisara hins heilaga rómverska ríkis, Þýskalands og Ítalíu (1016–1056), sem þekktur var fyrir guðrækni sína, en hann var giftur frænku Sveins Úlfssonar, Gunnhildi Knútsdóttur. Það verður að teljast ólíklegt að Gregoríus eigi hér við eftirmann hans, Hinrik IV keisara, því þeir áttu í hatrömmum deilum og hefði páfi seint talað svo loflega um þann óvin sinn. Þýðing fengin frá Gottskálk Jenssyni, persónuleg tölvupóstsamskipti: „Af föðurlegri elsku áminnum vér því yður, kæri sonur, sér í lagi þar sem guðleg forsjón hefur falið yður í hendur forráð ríkisins, að þér leitist við að líkja eftir konunglegri ráðvendni og framúrskarandi dygðum yðar hágöfuga foreldris. Hans frábæru síðir báru satt að segja af síðum annarra konunga í slíkum mæli, að vér máttum hann öllum verðugri af vorri hálfu að umfaðmast einstakri elsku, og er þá jafnvel sjálfur Hinrik keisari ekki undanskilinn, sem þó var tengdari hinni heilögu rómversku kirkju“.

<sup>309</sup> *Adam af Bremen: De Hamburgske ærkebispes historie og nordens beskrivelse*, þýð. Henrichsen (Kaupmannahöfn: Rosenkilde og Bagger, 1968), bls. 209.

<sup>310</sup> *Ibid.*, bls. 209.

<sup>311</sup> *Ibid.*, bls. 252.

Englandi.<sup>312</sup>

Þótt Adam sé alla jafna mjög jákvæður í garð Sveins og hrífist af hans miklu rækt við kirkjuna og kristna trú, þá fellur skuggi á þessa glansmynd Sveins þegar kemur að hjónabandi hans og kvennamálum, en Sveinn átti mörg frillubörn svo eitthvað sé nefnt.<sup>313</sup> Það sem fer þó mest fyrir brjóstið á Adam er að Sveinn er sagður hafa gifst náfrænku sinni og lifað í synd. Adam segir að biskuparnir hafi viljað leiða Svein til ljóssins og fá hann til að skilja við konu sína og náfrænku. Svo einnig að það hafi ekki verið fyrr en erkibiskupinn af Hamburg-Bremen hafi skrifað til páfa, og páfi hótað honum bannfæringu, að Sveinn hafi látið sannfærast og skilið við drottningu sína eftir að hafa þó fyrst hótað að herja á og eyðileggja Hamburg.<sup>314</sup> Þetta virðist þó ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum. Fræðimenn hafa haldið því fram að þetta sé að vissu leyti pólitísk deila sem rekja megir beint til viðræðna Sveins við páfa um stofnun erkibiskupsstóls í Danmörku.<sup>315</sup> Þar sem Danmörk, og Norðurlöndin, heyrðu undir erkibiskupsstólinn í Hamburg-Bremen má telja að tilraunir Sveins til að fá erkibiskupsstól til Danmerkur hafi ekki fallið í kramið hjá Adam frá Brimum. Fræðimenn segja þessa ásökun og áfellsdóm í raun sprotna upp úr valdabaráttu um kirkjulegt vald, þar sem ekkert virðist styðja þessa fullyrðingu Adams. Til að byrja með, það að Sveinn virðist ekki hafa verið náskyldur neinni af eiginkonum sínum, og þar ofan að engin páfabréf þessa efnis eða hótun um bannfæringu er varðveitt – þvert á móti, bréf páfa til Sveins eru yfirdrifið jákvæð í hans garð.

Adam lýsir einnig í stuttu máli deilum Sveins Danakonungs við Magnús hinn góða Noregskonung, en er fremur stuttur um þær deilur.<sup>316</sup> Hann nefnir að þeir hafa átt orrustur, en þar sem hann lýsir orrustu Magnúsar góða við hina heiðnu Vindur á Hlýrskógsheiði minnst hann engu orði á Svein.<sup>317</sup> Á heildina lítið er Sveinn sýndur í miklum dýrðarljóma í skrifum Adams frá Brimum, hann er vitur konungur, vel lesinn og menntaður, fróður um sögu Norðurlanda og um kristna trú. Hann er trúrækinn, styður við kirkjur landsins og berst gegn heiðingjum og boðar þeim rétta trú. Hann er gestrisinn og tekur vel á móti aðkomumönnum, er réttssýnn og góður konungur. Á móti kemur að Adam er lítt hrifin af kvennamálum Sveins, og burtséð frá því hvort

---

<sup>312</sup> *Adam af Bremen: De Hamburgske ærkebispes historie og nordens beskrivelse*, bls. 157–158. Sveinn mun hafa náð yfirráðum í Danmörku á árinum 1040–1050 ef mark er tekið á þeirri staðreynd að Magnús góði hættir að framleiða myntir sínar á Skáni um það leyti, sjá Becker, *Studies in northern coinages of the eleventh century* (Kaupmannahöfn: Kongelige Danske Videnskabernes Selskab, 1981), „Lund – Odense – Lund: numismatiske bidrag til Danmarks historie i 1040'erne“, Hikuin, 11. árg. (1985). Sveinn mun þó aldrei hafa verið konungur yfir Noregi eða Englandi, en hann skipti sér þó mikið af enskum stjórnámálum eins og Engilsaxneska-krónikan vitnar meðal annars um.

<sup>313</sup> *Adam af Bremen: De Hamburgske ærkebispes historie og Nordens beskrivelse*, bls. 171.

<sup>314</sup> *Ibid.*, bls. 158–159.

<sup>315</sup> Lund, „Svend Estridsen blodskam og skilsmisse“, *Svend Estridssen*, bls. 39–55.

<sup>316</sup> *Adam af Bremen: De Hamburgske ærkebispes historie og nordens beskrivelse*, bls. 140, 157–158.

<sup>317</sup> *Ibid.*, bls. 141.

hann hafi raunverulega gifst náfrænku sinni og verið hótað bannfæringu eða ekki, þá er því ekki að neita að Sveinn átti mörg börn utan hjónabands með frillum. Eins og fyrr segir hafa fræðimenn bent á að hvort tveggja eigi sér pólitískar rætur, það er að þessi skrif um hjónaband Sveins og skilnað hafi verið sprottin upp af valdabaráttu innan kirkjunnar um kirkjuleg yferráð á Norðurlöndunum annars vegar og hins vegar að Sveinn hafi byggt upp heilmikið net bandamanna með því að taka sér háttsettar konur sem frillur, geta við þeim börn og vinna sér þar með frændsemi við háttsetta menn í Danmörku í tilraunum sínum til að ná völdum þar í landi og styrkja hald sitt á Danmörku.<sup>318</sup>

### 2.2.1.3 Ælnoth frá Kantaraborg

Tengsl Sveins Úlfssonar Danakonungs við kirkjunna og hlutverk hans sem fulltrúa kristinnar trúar kemur einna skýrast fram í sagnariti Ælnoths frá Kantaraborg, *Gesta Swenomagni regis et filiorum eius et passio gloriosissimi Canuti regis et martyris*, sem ritað var að öllum líkindum um 1109–1122. Þar er Sveinn Danakonungur óbeint settur í samband við kristniboð, þar sem Ælnoth byrjar frásögn sína á því að lýsa kristnitöku Danmerkur og heldur því fram að Danir hafi fyrr og betur haldið kristna trú en aðrar norrænar þjóðir sökum nálægðar við Þýskaland og Frakkland. Í beinu framhaldi byrjar Ælnoth frásögn sína af Sveini Úlfssyni, sem hann nefnir Svein Magnús eða Suenomagni, sem er allra fyrstur konunga nefndur þar á nafn. Fyrst segir hann lítillaga af ósætti Sveins við Magnús hinn góða Noregskonung og meðkonung hans, Harald harðráða, og getur þess að þeir hafi háð margar orrustur. Hann nefnir sérstaklega orrustuna við Niså og að eftir andlát Magnúsar hafi Sveinn fengið yferráð í Danmörku og ríkt þar mjög göfuglega. Í því samhengi líkir hann Sveini við Þríam Trójukonung, sem frelsaði ríki sitt undan harðræði og erlendum innrásum og kom loks á friði.<sup>319</sup>

Sagnarit Ælnoths fjallar að mestu um Knút hinn helga, son Sveins, og píslarsögu hans en þá óhjákvæmilega verður Ælnoth að hefja sögu sína með Sveini, föður Knúts hins helga, og lýsa þar valdatíð hans. Verkið tileinkar hann nýjum Danakonungi, Níels Sveinssyni, og er tilgangur þess ekki aðeins að tjá píslarsögu hins heilaga Knúts Sveinssonar, heldur einnig að styrkja tilkall sona Sveins til dönsku krúnunnar.<sup>320</sup> Ælnoth leggur einstakan þunga á sterk tengsl Sveins við kirkjuna, hve trúrækinn Sveinn var og til fyrirmyndar hvað dygðir og gæsku varðar. Hann hafi

<sup>318</sup> Sawyer, „Sven Estridsen i medeltida historieskrivning“, bls. 21.

<sup>319</sup> „Gesta Swenomagni regis et filiorum eius et passio gloriosissimi Canuti regis et martyris“, *Vitae Sanctorum Danorum*, útg. M. Cl. Gertz (Kaupmannahöfn: Selskabet for udgivelse af kilder til dansk historie, 1909–1912), bls. 85.

<sup>320</sup> Klaniczay, *Holy rulers and blessed princes: Dynastic cults in medieval central Europe* (Cambridge: Cambridge University Press, 2002), bls. 152.

verið sterkur, réttsýnn og bestur höfðingja, öllum góður jafnt fátækum sem ríkum, sérlega góður við ekkjur og munaðarlaus og alla jafna tekið vel á móti aðkomumönnum og greitt leið þeirra:

Sed et, quia liberalium non expers erat studiorum et diuinarum non inscius lectionum, religionis cultum euehere non neglexit; immo sanctorum ecclesias, in quibus erant locis, regali auctoritate prouexit et, in quibus hactenus non fuerant, erexit, clerumque ac pontifices tam adaugere quam et uenerari operam duxit. Orphanis et uiduis, egenis et aduenis et maxime pauperibus clericis regalibus succurrebat stipendiis, et ex iniquo mammona hos sibi amicos efficere satagebat, a quibus se eternis intromittendum tabernaculis presumebat. Et ne omnibus immorer:

mitis erat paruis, atrox asperque superbis  
illos mulcebat clementia, istos premebat potentia,  
pauperibusque dapes, nudis dat tegmina uestes.<sup>321</sup>

Ælnoth leggur sem sagt ekki aðeins áherslu á rík tengsl Sveins Danakonungs og rækt við kirkjuna, heldur einnig á miskunnsemi hans og hve vel hann tók á móti öllum aðkomumönnum og veitti þeim það sem þeir þurftu til ferðar sinnar. Þessar upplýsingar um Svein koma vel saman við þá mynd sem fram kemur í sagnaefninu um Ölvi, þar sem Sveinn er sérlegur fulltrúi kristinnar trúar. Þá tekur Sveinn einnig vel á móti Ölvi, þótt hann sé Norðmaður og því þegn óvinar hans. Miskunnsemi hans birtist einnig í því að Sveinn segist ekki ætla að taka aftur orð sín eftir að hafa dæmt í máli Ölvis, þótt sá dómur hafi verið byggður á blekkingu. Hann sendir fremur Ölvi í sendiferð og gefur honum menn, skip og vistir til ferðarinnar. Af því verður ekki annað séð en að Ölvis-efnið nýti sér sagnarit Ælnoths sem heimild eða sambærilega heimild, nú glataða.

## 2.2.2 Konungasögur og konungasagnaþættir

Söguefnið um Ölvi Hákonarsson ber með sér áberandi snertifleti við konungasögur og konungasagnaþætti, meðal annars vegna þess að sameiginlegar persónur eða atburðir koma við sögu eða líkindi í frásagnarfléttunni sjálfri eru áberandi. Hér á eftir verða þessi tengsl rakin nánar.

---

<sup>321</sup> „Gesta Swenomagni regis et filiorum eius“, bls. 85–86. Þýðing fengin frá Gottskálf Jenssyni, persónuleg tölvupóstsamskipti: „En einnig styrkti hann og efldi trúariðkun manna, því hann var hvorki óreyndur að skólalærdómi né ókunnur lestri helgra bóka. Hann beitti konungsvaldinu til eflingar kirkna, er helgaðar voru dýrlingum, þar sem þær voru áður, en þar sem engar voru fyrir, lét hann reisa þær, og bætti hag klerka og biskupa og jók virðingu þeirra. Hann veitti hjálp ekkjum og munaðarleysingjum með framlögum úr sjóði konungs, svo og bágstöddum og útlendingum, en einkum veitti hann þó fátækum prestum, en þótt efnin væru ójöfn freistaði hann þess að gera þá að sínum vinum, af því hann þóttist af þeim munu hljóta inngöngu inn í tjaldborg eilífðarinnar. En svo að minning hans deyi ekki öllum mönnum: Mildur hann einatt var bágum en hyskinn og hortugur háum/ þeim fyrstu hann auðsýndi mildi en aðra hann aga vildi/ af gjafmildi fátæka fæddi og nöktum gaf föt sem þá klæddi“.

### 2.2.2.1 *Magnús saga góða*

Sviðsetning sagnaefnisins í fyrsta efnisþætti hefur snertiflöt við *Magnús sögu góða*, þar sem segir frá Magnúsi konungi góða af Noregi og Sveini Úlfssyni konungi af Danmörku. Í *Magnús sögu góða* segir frá því hvernig Sveinn jarl tekur völdin í Danmörku.<sup>322</sup> Í sögunni kemur einnig fram að Magnús hafi háð orrustu á Hlýrskógsheiði við Vindaher.<sup>323</sup> Magnús og Sveinn börðust síðan við Helganes, Árósa og víðar.<sup>324</sup> Ölvis-efnið ber keim af þessum frásögnum, nema að þar fær Sveinn meira svigrúm og er í hávegum hafður; hann er heilráður, gjafmildur og góður – en í *Magnús sögu góða* er hann hafður í hlutverki skúrksins, þar sem hann svíkur trúnaðareið við Magnús konung. Reyndar er viss blæbrigðamunur á viðhorfinu til Sveins Danakonungs eftir gerðum *Magnús sögu góða*. Til að mynda eru *Heimskringlu*-gerð og *Morkinskinnu*-gerð sögunnar almennt jákvæðar í garð Sveins Úlfssonar þótt þeim beri saman um að hann hafi sviðið eið sinn við Magnús góða. Í *Heimskringlu*-gerð *Magnúsar sögu góða* segir m.a: „Sveinn Úlfsson var allra manna friðastr sýnum. Manna var hann ok mestr ok sterkastr ok inn mesti íþróttamaðr ok snilldarmaðr. Þat var allra manna mál, þeira er hann var kunnigr, at hann hefði alla hluti til, þá er friðir góðan höfðingja“.<sup>325</sup> Í *Morkinskinnu*-gerð sögunnar er framan af eyða þar sem Sveinn Úlfsson hefur verið kynntur til sögunnar<sup>326</sup> en seinna í sögunni er sagt frá því hvaða álit Magnús góði sjálfur hafði á Sveini:

Nú er getit eitt sinni er þeir konungar váru með lið sitt ok lágu þar er skógr var nær þjokkr. Þá reið maðr fram ór skóginum með góðum riddarabúnaði ok lét hest sinn fagrliga burdeigja. Þessi maðr var búinn með miklu gulli ok dýrum klæðum. Maðr var inn kurteisasti ok lék marga leika með mikilli list, ok sá menn Magnúss konungs á er hann lék. Ok er hann hafði slíka hluti fram haft um hrið þá snerisk hann at liðinu ok mælti: „Ek em níðingr fyr Magnúsi konungi, ok slíkt sama er Haraldr konungr fyr mér, ok ójafnir konungar eru þeir, Magnús konungr og Haraldur konungr.“ Snýr í skóginn síðan og hverfr þar. Magnús konungr þykkisk vita at þessi maðr hefir verit Sveinn konungr, ok mælti: „Gersimi er Sveinn,“ segir hann; „hefði hann lið slíkt sem hann er fröekn sjálfþr þá myndi hann optarr sigr fá.“<sup>327</sup>

<sup>322</sup> „Magnús saga góða“, *Morkinskinna*, I. bindi, Íslenzk fornrit, XXIII. bindi, útg. Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 2011), bls. 52–53.

<sup>323</sup> Ibid., bls. 59.

<sup>324</sup> Ibid., bls. 69–70; 72.

<sup>325</sup> „Magnús saga góða“, *Heimskringla*, III. bindi, Íslenzk fornrit, XXVIII. bindi, útg. Bjarni Aðalbjarnarson (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1951), bls. 36.

<sup>326</sup> Í útgáfu *Morkinskinnu* er þar fyllt inn í eyðuna eftir *Flatteyjarbókar*-gerð sögunnar. Sjá *Morkinskinna*, 1. bindi, bls. VIII og nmgr. 2 á bls. 14.

<sup>327</sup> *Morkinskinna*, 1. bindi, bls. 167.

*Flateyjarbókar*-gerð sögunnar er ekki afdráttarlaus í viðhorfi sínu til Sveins, mannlýsingu er svo gott sem sleppt en áfellingisdóm er þó heldur engan að finna. All neikvæðari viðhorf til Sveins er í *Fagurskinnu*-gerð textans, sem ber honum ekki vel söguna.<sup>328</sup>

Sú mynd af Sveini Danakonungi sem birtist í Ölvis-efninu á meira skylt við *Heimskringlu*-gerð og *Morkinskinnu*-gerð *Magnúsar sögu góða* sem ber danska konunginum vel söguna. Til viðbótar við þessa mynd af Sveini Danakonungi, þá má telja víst að Lingólfsheiði, þar sem Magnús og Sveinn há orrustur sínar í *Bragða-Ölvis sögu* og *Ölvis rimum sterka*, sé vísun í Hlýrskógsheiði og líklegt er að staðarnafnið hafi skolast til. Í *Magnús sögu góða* er fjallað ítarlega um þá orrustu, en í henni er sagt hafa verið eitt mesta mannfall á Norðurlöndum. Þar kemur þó einnig skýrt fram að orrustan var háð milli Magnúsar og Vinda, en ekki Magnúsar og Sveins. Ölvir Hákonarson er hvergi nefndur á nafn í nokkurri gerð *Magnúsar sögu góða*, þrátt fyrir þessa sterku tengingu.

#### 2.2.2.2 *Knýtlinga saga*

Í *Knýtlinga sögu* er fjallað um konunga Danmerkur. Þar er einnig sagt frá Sveini Úlfssyni og erjum hans við Magnús konung í Noregi. Umfjöllun *Knýtlinga sögu* um Svein Úlfsson er þó fremur ágripskennd, og er lítið um hann þar sagt – sérstaklega miðað við hve stórt hlutverk hann fær í *Magnúsar sögu góða* og reyndar *Haralds sögu harðráða* sömuleiðis. Í a.m.k. einu handriti, Lbs. 350 fol., er frásögnin um Svein Úlfsson skrifuð framan við hina eiginlegu *Knýtlinga sögu* (sem þar hefst með fráfalli Haraldar hein Sveinssonar) og er sú frásögn þar titluð sem *Þáttur af Sveini Úlfssyni og hans XIV sonum*. Fræðimönnum ber almennt saman um að upphaf *Knýtlinga sögu* hafi ekki varðveist, en þó er þessi stutta frásögn af Sveini Úlfssyni í öllum nú varðveittum gerðum – með einum eða öðrum hætti. Það er þó vel hugsanlegt að frásögnin af Sveini Úlfssyni hafi verið fyllri og ítarlegri. Frásögn *Knýtlinga sögu* af Sveini Úlfssyni ber að einhverju leyti með sér að vera komin úr annarri átt en meginefni *Knýtlinga sögu*. Ekki aðeins er það grunsamlegt hve lítið pláss Sveinn Danakonungur fær í sögunni, þar sem hann er ættfaðir *Knýtlinga* og sex sona hans urðu síðar konungar Danmerkur, heldur einnig að þar er ekki stuðst við þær heimildir sem fræðimenn telja að *Knýtlinga saga* styðjist almennt við. Sem dæmi má nefna að almenn sátt ríkir um það að *Knýtlinga saga* byggist mikið á skrifum Ælnoths frá Kantaraborg, en í því sagnariti er mjög ítarlega sagt frá Sveini Úlfssyni, valdatíð hans og andláti.

---

<sup>328</sup> Ármann Jakobsson, *Í leit að konungi: Konungsmynd íslenskra konungssagna* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997), bls. 279.

Í *Knýtlinga sögu* er þó rangt farið með staðreyndir um valdatíð hans og andlát og því auðsýnt að þar er ekki stuðst með beinum hætti við sagnarit Ælnoths – hvað sem því veldur.

Hvernig sem því er háttað, hvort frásögn *Knýtlinga sögu* af Sveini Danakonungi hafi verið fyllri eður ei og hvað varðveislu sögunnar varðar, þá er í nú varðveittri gerð sögunnar lítillaga fjallað um orrustur Sveins Úlfssonar við Magnús hinn góða. Þar kemur fram að hugsanlega hafi Magnús og Sveinn barist saman á Hlýrskógsheiði – ekki gegn hvor öðrum, heldur saman gegn Vindum:

Aðra orrostu átti Magnús konungr um haustit næsta dag fyrir Mikjálsmessu á Jótlandi, skammt norðr frá Heiðabæ á Hlýrskógsheiði við Skotborgará. Þá barðisk hann við Vindr. Þar sigraði Magnús konungr með heilagleik ok jartegnagerð Óláfs konungs, föður síns, ok drap þar ógrynni hers heiðinna manna. Þat er sögn sumra manna, at Sveinn Úlfsson hafi verit í þeiri orrostu með Magnúsi konungi, ok sætt þeirra heldisk þá enn.<sup>329</sup>

Þó kemur einnig fram að þeir hafi haft margar orrustur hvor gegn öðrum, meðal annars við Erri (Ré), Árósa og Helganes – allt þar til Magnús konungr varð sótt dauður og Sveinn „varð þá konungr at Danmörk at frjálsu ok réð því ríki lengi síðan“.<sup>330</sup> Í *Knýtlinga sögu* er Sveinn sagður vinsæll og einn ástsælasti konungr Danmerkur.<sup>331</sup> Hann er auk þess „hverjum manni meiri ok sterkari, lítillátr ok blíðmæltr, manna örvastr, snjallr í máli, stjórnsamr ok réttlátr, þolinmóðr, inn hraustasti ok vápndjarfasti.“<sup>332</sup> Hann er ekki sagður heilráður eins og í sögunni af Ölvi sterka og hefur ekki heldur viðurnefnið „hinn heilráði“. Ölvir kemur hvergi við sögu í *Knýtlinga sögu*.

### 2.2.2.3 Ágrip af Noregs konunga sögum

*Ágrip af Noregskonunga sögum* er talin rituð um 1190 í Niðarósi í Noregi. Þar er að finna stutt yfirlit yfir konunga Noregs frá um 880 og fram til 1136. Þar er einnig í stuttu máli fjallað um valdatíð Magnúsar góða í Noregi og erjur hans við Svein Úlfsson. Í þessari gömlu konungasögu er þó mikilvæg og sterk tenging við *Bragða-Ölvis sögu* og *Ölvis rímur sterka*. Í frásögn *Ágrips* af orrustum Magnúsar góða og Sveins er þess getið að Sveinn hafi eftir að hafa frétt af andláti Hörða-Knúts gengið til liðs við Vindur og hafi því barist gegn Magnúsi góða á Hlýrskógsheiði – og í raun farið þar fyrir Vindaher:

<sup>329</sup> „Knýtlinga saga“, *Danakonunga sögur*, Íslenzk fornrit, XXXV. bindi, útg. Bjarni Guðnason (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1982), bls. 129–130.

<sup>330</sup> Ibid., bls. 133.

<sup>331</sup> Ibid., bls. 136.

<sup>332</sup> Ibid., bls. 137–138.

En þá er Sveinn, sonr Úlfs ok Ástriðar, systur Knúts ríkja, spurði þetta í England, þá aflaði hann alla vega hers er hann mátti. En Mognús <fór> at móti ok funnusk á skipum við nes þat er kallat er Helganes, ok heldu bardaga, ok flýði Sveinn til Vinðlands ok efldi þaðan her annat sinni, hvaðan ok er hann mátti fá, ok helt þeim her til Danmarkar, svát Magnús hafði skömmu áðr vitorð af ok fyrir því lítinn viðbúnað ok óttaðisk af liðleysi, ok bjósk þó sem hann mátti til viðrtöku. En of nóttina, er hann skyldi berjask of morguninn, ok hónum var ótti mikill á ráði sínu, þá birtisk hónum faðir hans í draumi ok bað hann ekki óttask, sagði hónum, at hann skyldi sigr vinna, ok svá gafsk. Mœttusk þeir um morguninn á heiði þeiri, er Hlýrskógsheiðr heitir, er ligr við Skotborgará, ok skipaði Magnús svá liði sínu í fylkingar sem inn helgi Ólafr hafði áðr í draumi kennt hónum, ok á þeiri tíð gekk hann at berjask, er hann hafði áðr sagt hónum of nóttina. Þat var þá sól í landsuðri, ok kom fylking hans á fylkingu Sveins, ok snørisk hón ǫll fyrir, ok fekk Sveinn af mǫrgu því mikinn skaða, er hann hafði áðr til sigs ætlat, því at hann hafði øxnum skipat í odd á liði sínu ok bundið spjót á bak, en fjalar fyr augu. En nautin snørusk fyrst á frá, ok veik svá til, at Sveinn var netjaðr meðal nautaflokksins ok flokks Magnúss, ok fekk inn mesta Sveinn mannskaða, en hann frelstisk með flóttu, ok rak Magnús lengi með annan mann Svein ok flokk hans. En þat var orðlag Sveins sagt ok hans manna, at ef allir berðisk svá sem sá enn friði maðr enn ungi í silkiskyrturni, þá hefði ekki barn undan komizk, en þat var konungurinn sjálf, ok vendi síðan til hers síns, ok urðu allir hónum fegnir. En áðr hǫfðu óttask um fall hans, er hann dvalðisk svá lengi at reka flokkinn með eins manns hjálp. En Sveinn sótti sér friðland. Magnús konungr sitr nú í Danmǫrku með kyrrð ok með fullum friði.<sup>333</sup>

Þetta atriði rímar fullkomlega saman við frásögn *Bragða-Ölvis sögu* og *Ölvis rímna sterka*, þar sem þess er sérstaklega getið að þeir Magnús góði og Sveinn hafi háð margar orrustur og að þeirra hernaðarfundur hafi verið á „Lingólfsheiði“, þ.e. Hlýrskógsheiði. Í öðrum konungasögum er þess ýmist getið að Magnús góði hafi barist einn við Vindur eða að Sveinn hafi verið með honum í liði gegn Vindum þrátt fyrir ósætti þeirra á milli. Það er því aðeins í frásögn Ágrips þar sem Sveinn er sagður hafa barist gegn Magnúsi góða í orrustunni við Hlýrskógsheiði, líkt og kemur fram í *Bragða-Ölvis sögu* og *Ölvis rímum sterka*.

#### 2.2.2.4 Hákonar saga Hárekssonar

Í *Söguþætti af Hákonni Hárekssyni*, eða *Hákonar sögu Hárekssonar* (oft nefnt *Hákonar þáttur Hárekssonar* eða *Þáttur af Hákonni norræna* í handritum), segir af Hákonni sem erft hefur tólf bú og fé eftir föður sinn, en er eyðslusamur og eyðir arfinum. Hann heldur þá á brott úr Noregi og fer til Danmerkur til að reyna að vinna fyrir sér. Þar skiptir hann um nafn og nefnir sig Vigfús. Hann er tekinn inn í hirð Sveins Danakonungs, og lærir þar ýmsa iðn á borð við járnsmíði, silfursmíði, gullsmíði og steinsmíði, og verður mikill meistari í hvaða iðngrein sem hann leggur

<sup>333</sup> „Ágrip af Noregskonunga sögum“, *Ágrip af Noregskonunga sögum, Fagrskinna – Noregs konunga tal*, Íslensk fornrit, XXIX. bindi, útg. Bjarni Einarsson (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1985), bls. 34–35.

fyrir sig. Sveinn konungur biður hann að smíða fyrir sig og þiggja fyrir laun. Vigfús, eða Hákon, vill engin laun af honum þiggja nema eitt heilræði. Svo fer að þrjú ár í röð vinnur hann fyrir Svein konung og á hverju ári biður hann ekki um neitt að launum nema heilræði:

Er þat lidit at han se lærisvein, fer han til eptir kongs skipan at góra med jærni þar hnossa smídi sem kongr vill hafa til sæmdar ríkino, geck þat um eitt ar, þakkar kongr honum stórfinn ok bydr honum leigu sina. Vig(fus) s(egir) því vallda giæfu kongs at han kan nockut, ok kallast han engrar leigo makligr, kongr lætr ser \*mislika er han vill til engis vana, Vig(fus) m(ælti): þat skal ei vera, man ek þat kiösa, s(egir) han, er mier synist fegurst, ok mier man at bestu verda, ek bid ydr, at þier gefit mier heilrædi nockut, kongr s(egir), þu þykkir mer undarligr madr, neitar peningum, en <beidist slyks, edur huor seigir þier ad eg sie forspær eda spekingur. Vigfus suarar og kuadst þat hafa ä syalfum sier reint, ad hann er bædi spakr og forsp[ær.] hier kiemur þa vm syder, ad kongr suarar. Þad er ræd mitt, ad þu truer allðri lægum manne og raudskieggudum. Vigfus þakkar framlaged sem hina vænstu giöf. Nu fer hann til annat ar og smýdar kongi gull og giersemar med so fasyenum hagleik sem allir dæst at, eptir þat ar lidit, för öll ordræda med þeim Vigfusi ok kongi aa sömu leid sem fyr var talat. Kongr bydr fe, en Vigf(us) krefr en heilrædi, ok þar kemr en þöfino, at kongr lætr til ok m(ælr) sva: hver feölskyllða sem þik stendr, þa geym þess at þu gækk ei fra messo embættinuo fyr en þat er lukt, ef þu ert inan kyrkio staddr. Vigf(us) þakkar heilrædit, ok tekr nu nærsta ar steinsmídi, ok görir Dana kongi höll sva væna sem allðrei sæst enr jafnvæn i því landi. Enn eptir smídada höllina finast þeir um varit kongr ok Vigf(us) sem menn taka at bua kápferdir sinar, þakkar kongr honum þaa en starfit, ok spyr hvat honum er þaa skapfelldast at taka i adra hond. Vigfus segir flíott at þat er heilrædi hans. Sueinn konungr talar þa. Hui man hinn sami maðr sua fallinn vitr ok fraberrar greinar. enn j odru lagi sua \*þralatr sem ver þéttumzst mega till hæds virða. Enn þo muntu enn ræða verða. þat ræðum ver þer at ef þu verðr allreiðr med vighug till nokkors mannz at þu halldir þik i minningh guds foður ok lesir heilaga bæn pater noster. ok ef eigi rennr af við þetta skalltu lesa adra pater noster i minni<n>gh sonar guds. ok ef eigi linar enn reidi þin. skalltu lesa pater noster i minni<n>gh heilags anda. ok ef enn lystir þik sama verks muntþu eigi vinna þat nema gud banni e(dr) leggr till nokkora likn. Vigfus þakkar heilredit eftir vana.<sup>334</sup>

Hér gefur Sveinn konungur þrenn heilræði, sem með fenginni reynslu koma til með að reynast Hákon góð. Fyrri tvö heilræði Sveins verða til þess að Hákon sleppur við banatilræði og heldur lífi. Þriðja heilræði Sveins verður til þess að tefja Hákon þegar hann hyggst höggva mann er hann finnur sofandi í rúmi konu sinnar þegar hann snýr aftur til Noregs, en svo kemur í ljós að maður sá var hans eigin sonur og heilræði Sveins kom í veg fyrir að hann dræpi son sinn. Hann fylgir heilræðum þessum og nær með því að bjarga lífi sínu og koma í veg fyrir mikla ógæfu. Tvenn heilræði Sveins úr sögu Ölvis sterka minna á heilræði Hákonar sögu Hárekssonar, því að fyrstu heilræðin, þar sem Hákon er varaður við því að trúá rauðskeggjuðum manni minna á

<sup>334</sup> *Hákonar saga Hárekssonar*, útg. Overgaard, Editiones Arnarnagnæanæ, B32 (Kaupmannahöfn: Museum Tusculannum Press, 2009), bls. 13–16.

viðskipti Ölvis við Rauð (nafnið er þá mögulega vísun í rauðhærðan mann), sem hann svíkur í tryggðum og er virknin því öfug. Önnur heilræðin snúast um að virða reglur kirkjunnar hvað varðar messuhald, sem minnir á heilræði Sveins til Ölvis um að höggva ekki mann á helgum tíðum. Bæði Hákon og Ölvir eiga frumkvæði að því að biðja konung um heilræðin.

Þótt Sveinn sé hvergi nefndur „hinn heilráði“ má vera að þátturinn sé bein eða óbein fyrirmynd að sagnaefninu um Ölvi. Hákon og Ölvir eiga það sameiginlegt að halda frá Noregi, vinna eitthvað fyrir Svein Danakonung, þiggja af honum þrenn heilræði og snúa svo heim aftur til Noregs sem ríkir og gæfusamir menn.<sup>335</sup> Ekki er líklegt að Hákon þessi sé faðir Ölvis, sem er þó Hákonarson, því þeir virðast samtímamenn í þjónustu Sveins. Hákon, faðir Ölvis, er sagður í ráðagjörðum með Magnúsi góða Noregskonungi og um framættir hans er ekki getið líkt og getið er um framættir konu hans. Þá er Hákon Háreksson sagður búa í Víkinni þar sem hann sest að föðurleifð sinni í sögulok. Ölvir, hins vegar, er frá Fjörðum og virðist því alls óskyldur Hákon Hárekssyni. Hugsanlega má í nafni skálabúans Rauðs Hárekssonar sjá tilvísun til *Hákonar sögu Hárekssonar*, þar sem þeir bera sama föðurnafn og nafn Rauðs gæti vísað í fyrsta heilræði Sveins Danakonungs um að treysta ekki rauðskeggjuðum manni.

#### 2.2.2.5 Auðunar þáttur vestfirska

Í *Auðunar þætti vestfirska* kemur Sveinn Danakonungur einnig við sögu. Þar segir af Auðuni, sem hefur látið aleigu sína fyrir ísbjörn sem hann vill færa Sveini Danakonungi að gjöf. Á leið sinni til Danmerkur verður hann uppiskroppa með kost fyrir sig og ísbjörninn. Þegar hann kemur til Danmerkur hittir hann þar ármann Sveins konungs sem heitir Áki, skýrir fyrir honum hvert ferð hans er heitið og í hvaða tilgangi, og biður um mat fyrir sig og ísbjörninn. Áki segist muni gefa honum þann kost sem þarf, ef hann fái að eiga hálfan ísbjörninn, en Sveinn Danakonungur hálfan ísbjörn á móti honum, því ella muni ísbjörninn farast og Sveinn verða af gjöfinni. Auðunn samþykkir þetta og fara þeir svo báðir að finna Svein, en Sveinn reiðist þessu uppátæki Áka og gerir hann útlægan úr ríki sínu.

Hann kóm á fund ármanns Sveins konungs, þess er Áki hét, ok bað hann vista nokkurra bæði fyr sik ok fyr dýrit, — „ek ætla,“ segir hann, „at gefa Sveini konungi dýrit.“ Áki lézk selja mundu honum vistir, ef hann vildi. Auðunn kvezk ekki til hafa fyrir at gefa, — „en ek vilda þó,“ segir hann, „at þetta kæmisk til leiðar, at ek mætta dýrit færa konungi.“ „Ek mun fá þér vistir, sem it þurfuð til konungs fundar, en þar í móti vil ek eiga hálf dýrit, ok máttu á þat líta, at dýrit mun deyja fyrir þér, þars it þurfuð vistir miklar, en fê sé farit, ok er búit við, at þú hafir þá ekki dýrsins.“ Ok er hann lítr á þetta,

<sup>335</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.4.1 hér á eftir.

sýnisk honum nokkut eptir sem ármaðrinn mælti fyrir honum, ok sættask þeir á þetta, at hann selr Áka hálftr dýrit, ok skal konungr síðan meta allt saman. Skulu þeir fara báðir á fund konungs, ok svá gera þeir, fara nú báðir á fund konungs ok stóðu fyr borðinu. Konungr íhugaði, hverr þessi maðr myndi vera, er hann kenndi eigi, ok mælti síðan til Auðunar: „Hverr ertu?“ segir hann. Hann svarar: „Ek em íslenzkr maðr, herra,“ segir hann, „ok kominn nú útan af Grænlandi ok nú af Nóregi, ok ætlaðak at fœra yðr bjarndýr þetta: keyptak þat með allri eigu minni, ok nú er þó á orðit mikit fyrir mér, ek á nú hálftr eitt dýrit,“ ok segir konungi síðan, hversu farit hafði með þeim Áka, ármanni hans. Konungr mælti: „Er þat satt, Áki, er hann segir?“ „Satt er þat,“ segir hann. Konungr mælti: „Ok þótti þér þat til liggja, þar sem ek settak þik mikinn mann, at hepta þat, eða tálma, er maðr gerðisk til að fœra mér gersimi ok gaf fyrir alla eign, ok sá þat Haraldr konungr at ráði at láta hann fara í friði, ok er hann várr óvinr? Hygg þú at þá, hvé sannligt þat var þinnar handar, ok þat væri makligt, at þú værir drepinn. En ek mun nú eigi þat gera, en braut skaltu fara þegar ór landinu ok koma aldri aptr síðan mér í auglýn.“<sup>336</sup>

Þetta kemur heim og saman við söguna af Ölví sterka, þar sem útlagi Sveins heitir Áki. Hvergi kemur þó fram í *Auðunar þætti vestfirzka* að Áki hafi verið frá Jótlandi, eins og fram kemur í sögu Ölvís.

#### 2.2.2.6 *Slysa-Hróa saga*

Í *Slysa-Hróa sögu*, einnig þekkt undir heitinu *Hróa þáttur heimzka*, má finna snertifleti við Ölvís-efnið, en þátturinn er hluti af *Ólafs sögu helga*. Í þættinum segir af dönskum manni, Hróa, sem er ólukkulegur kaupmaður sem missir oft skip og varning. Hann leitar ráða hjá Sveini Danakonungi til að verða lukkulegri í siglingum sínum. Í *Flateyjarbókar*-gerð þáttarins kemur sérstaklega fram að það hafi verið Sveinn Haraldsson Danakonungur, sem auknefndur var tjúguskeggur, og er hann sagður heilráður:

Þá réð fyrir Danmörku Sveinn konungr Haraldsson, er kallaðr var tjúguskegg. Hann var vinsæll konungr af sínum landsmönnum. Það var eitt sumar, at Hrói braut skip sitt sunnarla við Danmörk ok týndi þar fé öllu, því er á var. Menn héldust at kalla ok gengu á land. Þá tók Hrói at smíða ok aflaði sér fjár. Hann var vinsæll við sína féлага, ok eigi hafði hann lengi þá iðn haft, áðr honum græddust peningar, því at hann var hinn mesti þjóðsmiðr. Enn lék á hinu sama, at honum fórst eigi vel með fé, því at þegar hann hafði fé dregit, sem hann vildi, þá fór hann ór landi ok týndi fénu. Hrói var auðkenndr sýnum frá því sem flestir menn aðrir í yfirlitum, því at auga hans var annat blátt, en annat svart, en maðrinn var hinn vaskligsti ok vel stilltr, þótt hans væri eigi vel leitat. Hann græddi jafnan fé, þegar hann var á landi, en týndi þegar, er hann fór í kaupferðir. En þá er hann hafði þrysvar skip sitt brotit í kaupferðum, þá þóttist hann skilja, at honum var ekki sjá iðn ætluð, en þat var þó næst skapi hans at fara landa á milli með kaupeyri sinn. Ok er

<sup>336</sup> „Auðunar þáttur vestfirzka“, *Vestfirðinga sögur*, Íslenzk fornrit, VI. bindi, útg. Björn K. Þórólfsón og Guðni Jónsson (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1943), bls. 363–364.

svá var komit, þá kemr honum í hug, at hann skal fara á fund Sveins konungs ok vita, hvat er hann leggi til ráðs með honum, því at hann vissi, at hann var heilráðr honum ok margir hlutu gott af hans ráðum.<sup>337</sup>

Í B-gerð þáttarins, sem finnst í yngri pappírshandritum, er sagt að þetta hafi verið Sveinn Úlfsson Danakonungur,<sup>338</sup> en þar er hann ekki sérstaklega nefndur heilráður þótt Hrói sæki heilræði til hans. Meðan Sveinn tjúguskeggur er ekki þekktur úr öðrum þáttum, kemur Sveinn Úlfsson við sögu í nokkrum þáttum. Það að Sveinn Danakonungur sé í einni gerð nefndur heilráður er það sem vekur áhuga. Þótt gerðin eignir reyndar Sveini tjúguskegg þetta auknefni en ekki Sveini Úlfssyni, þá virðist auknefnið engu að síður vera þekkt og tengt Sveini Danakonungi – þótt það sé á reiki hvorn Svein auknefnið á við. Líkindin enda ekki alfarið þar, því í *Slysa-Hróa sögu* lendir Hrói síðar í ósætti og þarf að verja sig fyrir dómi og tekst þar með klækjum og orðsnilli að hafa betur – sem minnir að einhverju leyti á Ölvi þar sem hann blekkir Svein konung.

### 2.2.2.7 Hemings þáttur Áslákssonar

Í *Hemings þætti Áslákssonar* er Áslákur á Torgum nefndur. Samkvæmt þeirri ættrakningu sem kemur fram í öðrum efnisþætti sögunnar er Áslákur á Torgum langafi Ölvis Hákonarsonar. Sonur Ásláks á Torgum er sagður vera Ölvir askur, en hann er þó ekki þekktur úr öðrum heimildum og kemur ekki fyrir í *Hemings þætti Áslákssonar*. Í þættinum er Áslákur sagður eiga tvo syni, Björn og Heming. Björn býr með föður sínum á Torgum, en Hemingur hefur verið fóstraður á laun.<sup>339</sup> Hemingur þarf að þreyja þrautir fyrir Harald konung, og er konungur ætla honum dauða kemst Hemingur lífs af með guðlegri hjálp. Þess er ekki getið að Hemingur hafi átt nokkur börn og að sama skapi kemur hvergi fram hvort Björn bróðir hans hafi átt börn. Í sögunum tveim eru engu að síður sameiginlegar persónur, þó aðeins að nafninu til. Ættrakningu Ölvis Hákonarsonar, þar sem skyldleiki við Áslák á Torgum kemur fram, mætti setja upp á eftirfarandi hátt:



<sup>337</sup> „Ólafs saga helga“, *Flayeyjarbók*, II. bindi, útg. Sigurður Nordal (Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 1954), bls. 149–150.

<sup>338</sup> Veturliði Óskarsson, „Slysa-Hróa saga“, *Oppuscula*, XVII. hefti (2019), bls. 2; 7. Í C- og D-gerðum er aðeins getið um Svein Danakonung og ekki fylgir með hvort það sé Sveinn tjúguskeggur Haraldsson eða Sveinn Úlfsson.

<sup>339</sup> *Hemings þáttur Áslákssonar*, útg. Fellows Jensen, Editiones Arnarnagnæanæ, B3 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1962).

### 2.2.3 Íslendingasögur

Í Íslendingasögum má einnig finna áhugaverða snertifleti við sagnaefnið um Ölvi Hákonarson sem vert er að nefna sérstaklega og draga fram.

#### 2.2.3.1 *Króka-Refs saga*

Í *Króka-Refs sögu* beitir söguhetjan brögðum til að komast hjá refsingu og blekkir konung með orðum sínum. Þar er blekking Refs þó öllu flóknari en sú sem Ölvir beitir, en líkindi eru þó allnokkur. Refur tekur sér dulnefnið Narfi og vegur landsmenn Haralds konungs og játar í raun gjörðir sínar fyrir konungi. Hann notar hins vegar svo óskýrt og flókið mál að konungur og menn hans skilja ekki játningu Refs og þar með sleppur Refur undan refsingu:

Narfi tók eigi því síðr til orða og mælti svá: „Herra konungur,“ sagði hann, „við Sverðhúss-Grani urðum saupsáttir í dag, er hann vildi fjallskerða konu mína. Ek stórkeraldaða hann í gegnum strábeygisauga. Þá langhúsaða ek, herra. Þá langhúsaði hann, herra. Þá hreiðrballaða ek hann, herra, en hann marghrossaði á mót. Þá fagröggvaða ek hann, herra, en hann skipskeggjaði þá við. Þá lynghnappaða ek hann, herra, undir einn skíðgarð skammt í braut ok voðvirka ek yfir hann að lyktum.“ Narfi snýr þegar í brutt ok til skips síns ok hvatar nú mjög sinni ferð.<sup>340</sup>

Síðar kemst Haraldur konungur að því hvaða merking lá að baki orðum Refs, gefur honum viðurnafnið Króka-Refur og lýsir hann útlægan:

Veit ek víst nú, at sá hinn sami Narfi hefir verit Refr Steinsson. Mun ek lengja nafn hans ok kalla hann Króka-Ref. Nú þó at hann sé mikill fyrir sér, þá verðum vér þó at geyma várrar tignar, at leiða öðrum at drepa niðr hirð vára ok af því gerum vér hér í dag þenna mann útlægan fyrir endilangan Nóreg ok svá vítt sem várt ríki stendur.<sup>341</sup>

Hér er margt sem minnir á áttunda efnisþátt, þar sem Ölvir blekkir Svein konung. Þótt Ölvir noti ekki jafn flókið mál og Refur þá játar hann gjörðir sínar fyrir konungi en felur þær um leið á bak við orðaleiki. Eftir að konungur segir að við hann skuli ekki sakast játar hann sök sína enn aftur fyrir konungi, en nú án orðaleiks og blekkingar. Konungur gefur honum þá viðurnefnið Bragða-Ölvir og skipar honum svo að fara sendiför sína, ekki þó sem útlaga heldur á hendur útlaga síns Áka.

<sup>340</sup> „Króka-Refs saga“, *Kjalnesinga saga*, Íslensk fornrit, XIV. bindi, útg. Jóhannes Halldórsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1959), bls. 153.

<sup>341</sup> Ibid., bls. 157.

### 2.2.3.2 *Víga-Glúms saga*

Önnur saga þar sem sögupersóna beitir blekkingu, og minnir um margt á blekkingu Ölvis þegar hann segist hafa vegið úlf og björn, en ekki Úlf og Björn, má finna í *Víga-Glúms sögu*. Í því tilviki er þessu þó öfugt farið. Ölvir hefur vegið þá menn er heita Úlfur og Björn en blekkir konung með því að segjast hafa vegið dýr, úlf og björn. Í 14. kafla *Víga-Glúms sögu* er keimlík blekking, nema þar hefur söguhetjan Glúmur lent í erjum við mann að nafni Kálfur frá Stokkahlöðu, einnig nefndur Hlöðu-Kálfur. Í sögunni skipar Glúmur verkstjóra sínum, Ingólfi, að finna fulltrúa sinn og lýsa á hendur sér vígi Hlöðu-Kálfs og sjá hvernig fari. Í sannleika er Hlöðu-Kálfur ekki veginn, heldur hafa þeir farið inn í hlöðu og vegið þar kálf, en menn trúu hins vegar að Kálfur hafi verið veginn:

Hann gekk nú út og Ingólfr með honum. Þá mælti Glúmr við Ingólfr: „Far þú nú til fulltrúa þíns og seg, at þú hafir vegit Hlöðu-Kálf.“ Hann svarar: „Hví mun ek því ljúga á mik?“ „Svá skaltu gera sem ek vil.“ Ok nú gengu þeir báðir saman, ok nú víkr hann Glúmr í hlöðu ok sá þar kálf einn ok hæggr í hofuðit ok fær honum sverðit blóðugt; – „gakk nú suðr yfir ána ok seg, at þú væntir þat at eins trausts, ok sýn honum blóðugt sverðit, at jartegnir sé skýrar.“ Hann gerir svá, finnr Þorkel ok sagði honum tíðendin, at hann minntisk høggs þess, er Kálfr laust hann, ok kvazk hafa drepit hann, – „ok leita ek mér hegat til trausts, sem þú hefir mælt.“ Hann svarar: „Þú ert glópr mikill, drepit góðan dreng, ok dragsk út sem skjótast; eigi vil ek at þú sér drepinn í húsum mínum.“ Hann ferr heim ok kemr á fund Glúms, ok spyr hann: „Hversu gafsk nú fulltrúinn?“ Ingólfr svarar: „Eigi gafsk vel.“ Glúmr segir: „Reyn þú nú minn fulltrúa þá“, – ok fylgði honum í stokkabúr út; – „vandhæfr muntu verða, ef hann er drepinn Hlöðu-Kálfr.“ Annan dag eptir er sagt víg Hlöðu-Kálfs frá Stokkahlöðu. Ok nú segir Þorkell, at sá maðr hafði þar komit, er því óhappi lýsti á sik; hafa allir þat fyrir satt. Líðr nú vetr sá.<sup>342</sup>

Vert er að nefna, þótt hér verði ekki tekin afstaða til þess hvort svo sé eða ekki, að um þetta kálfsdráp hefur verið skrifað og það sett í samhengi við atburði sem áttu sér stað í Eyjafirði árið 1222. Þá var Hafur ráðsmaður á Hrafnagili veginn af Sighvati Sturlusyni, og taldi Björn M. Ólsen að orðaleikur sögunnar sé innblásinn af því atviki.<sup>343</sup> Einnig er sagt frá atburðum þessum í *Sturlunga sögu*. Þegar Hafur var veginn kom reyndar enginn hafur við sögu og engin sambærileg blekking átti sér stað.

<sup>342</sup> „Víga-Glúms saga“, *Eyfirðinga sögur*, Íslenzk fornrit, IX. bindi, útg. Jónas Kristjánsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1956), bls. 45–46.

<sup>343</sup> Björn M. Ólsen, „Um Íslendingasögur: Kaflar úr háskólafyrirlestrum“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta*, 6. bindi, nr. 3 (Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1937–1939), bls. 359.

### 2.2.3.3 *Vatnsdæla saga*

Í *Vatnsdæla sögu* er sambærilegur kafli um viðureign við skálabúa, þar sem skálabúinn er veginn sofandi, þegar Þorsteinn vegur skálabúann Jökul. Þar er því lýst hvernig Þorsteinn heldur út á skóg og finnur þar mikinn skála og felur sig þar inni. Þegar skálabúi kemur heim gefur Þorsteinn sig hins vegar ekki fram þótt hans sé leitað. Lýsingar á híbýlum skálabúanna, hvernig hetjan laumast fram að næturlægi, kveikir bál og gerir atlögu að sofandi skálabúanum eru keimlíkar, en eftirmálin eru hins vegar mjög frábrugðin:

Síðan sofnar skálabúi, en Þorsteinn gerir tilraun með nökkuru harki, hvé fast hann svæfi; hann vaknaði við ok snerisk á hlið; ok enn leið stund, ok gerði Þorsteinn tilraun aðra, ok vaknaði hann enn við ok þó minnr. It þriðja sinn gekk Þorsteinn fram ok drap mikit högg á rúmstokkinn ok fann, at þá var allt kyrrt um hann. Síðan kveykði Þorsteinn log ok gekk at rekkjunni ok vill vita, ef hann væri á brott. Þorsteinn sér, at hann liggur þar ok svaf í silkiskyrtu gullsaumaðri ok horfði í lopt upp. Þorsteinn brá þá saxinu ok lagði fyrir brjóst inum mikla manni ok veitti honum mikit sár. Þessi brásk við fast ok þreif til Þorsteins ok kippði honum upp í rúmit hjá sér, en saxit stóð í sárinu, en svá fast hafði Þorsteinn til lagit, at oddrinn stóð í beðinu...<sup>344</sup>

Skálabúinn Jökull kveðst hins vegar ekki ætla að refsa Þorsteini fyrir þetta, heldur biður hann Þorstein að fara og finna móður sína og játa fyrir henni víg Jökuls. Þá segir hann einnig að ef Þorsteinn eignist síðar son, muni hann halda nafni sínu á lofti og nefna hann Jökul. Þar eru eftirmálar vígsins öllu skárri en álögin sem Rauður leggur á Ölvi á dauðastundu.

### 2.2.3.4 *Brennu-Njáls saga*

Þótt álög séu fremur algeng, bæði í fornaldarsögum og riddarasögum, þá er fremur sjaldgæft að þau séu af kynferðislegum toga. Í sagnaefninu um Ölvi sterka eru kynferðisleg álög hins vegar áberandi og notuð til að tengja saman tvo hluta sagnaefnisins. Ölvir, sem hnepptur hefur verið í þau álög að hann þurfi að sofa hjá hverri þeirri konu sem hann sér eða deyja ella, hittir fyrir Randiborgu og nauðgar henni. Við þann verknað finnur hann að hún hefur verið hrein mey. Rígarður borgargreifí, eiginmaður hennar, útskýrir hvernig standi á því þegar hann játar fyrir Ölvi í sextánda efnisþætti að hann sjálfur sé í álögum. Þessi álög, sem sneyptur vonbiðill Randiborgar lagði á hann á brúðkaupsnóttina, eru ærið kunnugleg. Á hann er lagt að hann muni ekki geta sofið hjá konu sinni, eða nokkurri annarri konu – og verði í raun getulaus. Þetta eru samskonar álög og þau sem Gunnhildur konungamóðir leggur á ástmann sinn Hrút í *Brennu-*

---

<sup>344</sup> *Vatnsdæla saga*, Íslenzk fornrit, VIII. bindi, útg. Einar Ól. Sveinsson (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1939), bls. 8–9.

*Njáls sögu*, svo að hann muni ekki geta sofið hjá þeirri konu sem honum er föstnuð á Íslandi. Þegar Hrútur hyggst halda heim til Íslands kveður hún hann en leggur á hann um leið:

Hon tók hendinni um háls honum ok kyssti hann ok mælti: „Ef ek á svá mikit vald á þér sem ek ætla, þá legg ek þat á við þik, at þú megir engri munúð fram koma við konu þá, er þú ætlar þér á Íslandi, en fremja skalt þú mega vilja þinn við aðrar konur. Ok hefur nú hvárki okkat vel: þú trúðir mér eigi til málsins.“  
Hrútr hló at ok gekk í braut.<sup>345</sup>

Álög þessi verða svo til þess að Unnur segir skilið við Hrút.<sup>346</sup> Helsti munurinn á þeim álögum sem lögð eru á Rígarð borgargreifa og Hrút er sá að Hrútur verður ekki með öllu getulaus, heldur getur hann sofið hjá öðrum konum en festmey sinni, á meðan Rígarð getur ekki sofið með neinni konu.

### 2.2.3.5 *Kormáks saga*

Ein önnur saga úr flokki Íslendingasagna, *Kormáks saga*, hefur einnig einhverskonar álög sem kveða á um getuleysi. Líkt og í *Brennu-Njáls sögu* virðast álögin þó fremur einskorðast við að söguhetjan geti sofið hjá öðrum konum og getuleysi hans því aðeins bundið við eina ákveðna konu. Hér eru álögin, líkt og í *Ölvis-efninu*, einnig að vissu leyti komin til vegna vonsvikins vonbiðils. Kormákur, hetja sögunnar leggur mikinn ástarhug til Steingerðar. Í 5. kafla *Kormáks sögu* er sagt frá konu er Þórveig heitir og er fjölkunnug mjög. Eldri sonur hennar, Oddur, fer að venja komur sínar til Steingerðar og er oft á tali við hana. Það sama hefur Kormákur gert. Faðir Þorgerðar eggjar Odd og bróður hans gegn Kormáki, og bannar að Kormákur og Steingerður megi finnast, sem veldur erjum þeirra á milli og að lokum drepur Kormákur þá bræður. Þá vill hann einnig flæma móður þeirra, Þórveigu, úr firðinum. Þessu reiðist hún og leggur á Kormák:

Litlu síðar fer Kormákr at finna Þórveigu ok kvezk ekki vilja byggð hennar þar í firðinum; — „skaltu flytja þik í brott at ákveðinni stundu, en ek vil allra bóta varna um sonu þína.“ Þórveig mælti: „Þat er líkast, at því komir þú á leið, at ek verða heraðflóttu, en synir mínir óbættir, en því skal ek þér launa, at þú skalt Steingerðar aldri njóta.“ Kormákr segir: „Því mantu ekki ráða, in vanda kerling.“<sup>347</sup>

Hér má því rekja álögin til vonsvikins vonbiðils, þótt kringumstæður séu aðrar. Hér er Oddur vonbiðill Steingerðar og keppinautur Kormáks, en Kormákur drepur hann og í hefndarskyni er það móðir vonbiðilsins sem leggur álögin. Í *Ölvis-efninu* er það vonbiðillinn sjálfur sem leggur álögin, og er í kjölfar þeirra drepinn. Þegar Kormákur fær svo loks samþykki til að eiga

<sup>345</sup> *Brennu-Njáls saga*, bls. 20–21.

<sup>346</sup> *Ibid.*, bls. 24–26.

<sup>347</sup> „Kormáks saga“, *Vatnsdæla saga*, Íslensk fornrit, VIII. bindi, bls. 221–222.

Steingerði og brúðkaup þeirra er ákveðið, mætir hann ekki til brúðkaupsins sökum álaganna. Hún giftist því öðrum og af því verða enn frekari deilur. Steingerður verður sífellt meir afhuga Kormáki, þótt hann reyni að blíðka hana. Þegar hann vill gefa henni fingurgull svarar hún honum: „Troll hafi þik allan ok svá gull þitt“.<sup>348</sup> Fæð þeirra vex og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til sátta verður aldrei svo að hann fái hennar. Álögin haldast til söguloka.

## 2.2.4 Fornaldarsögur

Þrátt fyrir að sækja í sagnabrunn fornaldarsagna að miklu leyti eru þau minni sem koma fyrir í sagnaefninu um Ölvi – og minna á fornaldarsögur – fremur almenn og algeng. Eins og umfjöllun um minni sýnir er sömu minni einnig að finna í fleiri frásagnartegundum. Þó ber að nefna hér sérstaklega tvær samsvaranir sem eru ekki eins almennar.

### 2.2.4.1 *Hervarar saga og Heiðreks*

Að veita heilræði að skilnaði er ekki algengt í íslenskum fornbókmenntum. Í *Hervarar sögu og Heiðreks* biður Hervör drottning Höfund um að gefa Heiðreki nokkur heilræði að skilnaði. Ræður Höfundur honum þá sex heilræði, en segir þó jafnframt að Heiðrekur muni ekki fara eftir þeim:

Drottning bad þa *Höfund* rada honum nokkur heilræði at skillnaddi þeira. *Höfundur* quez fa rad mundu honum kennda ok quez hyggia, at honum mundu illa i halld koma, „en þo, er þu bidr þessa, drottning, þat ræd ek honum id fyrsta rad, at hann hialpi all dri þeim manni, er drepit hefir lanar drottin sinn; þat ræd ek honum annat, at hann gefi þeim manni all dri frion, er myrþan hefir felaga sinn: þat id þridia, at hann lati eigi opt konu *sina* uittia frenda *sinna*, þott hon beidi þess; þat it fiorda, at hann se eigi sid utti staddr hia frillu *sinni*; þat it fimta, at hann ridi eigi inum bezta hesti *sinum*, ef hann þarf miok at skynda; þat it uí, at hann fostri all dri *gavfugra mannz* barn, enn hann er sialfr. EN meiri uonn þicki *mer*, at þu munir þetta eigi hafa“.<sup>349</sup>

Svo fer að Heiðrekur, eins og Höfundur hafði fyrir um spáð, fer ekki eftir þessum heilræðum. Frásögnin minnir á Ölvis-efnið, og í báðum sögunum eru heilræði gefin að skilnaði en söguhetjan fer svo ekki að ráðunum og ratar þar með í ógöngur.

<sup>348</sup> „Kormáks saga“, bls. 275.

<sup>349</sup> *Heiðreks saga: Hervarar saga ok Heiðreks konungs*, útg. Jón Helgason (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel Nordisk litteratur, 1924), bls. 36–37.

#### 2.2.4.2 Þorsteins saga Víkingssonar

Viðureign Ölvis við skálabúann Rauð kallar fram í huga lesenda viðureign Þorsteins við skálabúann Fullafla í *Þorsteins sögu Víkingssonar*, en þar virðist viðureign Ölvis við Rauð vera viðsnúningur á sambærilegri senu í sögu Þorsteins. Þorsteinn og bróðir hans Þórir fylgja leiðsögn föður síns til að finna Hálfðan í Vágum. Á leiðinni eru tveir skálabúar, hvor öðrum verri, bræðurnir Sámur og Fullafla. Fyrri skálabúinn, Sámur, reynist þeim ekki erfiður en að lokum koma þeir svo að skála Fullafla:

enn ath kuelldi þess dags fundu þeir anan íkala war fã fynu fterri hurd war hnigin æ clofa. þorir geck at hurdinne og geck ecki hann geck ath med aullu afle og geck ecki at helldr. þorfeinn. for at hurdinne og hratt upp. og gengu inn. Hladi m[a]t uðru uar þar æ adra hönd. enn fkijdahladi æ adra. fennng ftor ftod innar wm þuert sua þeim þottj ur hofi ganga vöxtr hennar. audrum megin war flet mikit sem rum ueri krínnglott at uexti þat þottuzt fkilia at hunndrinn gramr mundi þar ij liggia. þeir fettuzt þæ nidr og kueictu elld upp fyrir sier. enner langt uar af dagsetri heyrdur þeir ath faft war nidr ftígit þuij neft war hurdinne upp lokit þar geck inn rifinn furdulíga mikill hann hafdi biarndyr mikith bunndith æ bak ser enn fugla kippu fyrir hann lagdi nidr byrdinna æ golfith og mælti fuffum og eru hier komnir vandræða mennírnir uikings fynir er nu hafa ueft ord wm allt landith sakír ohappa sinna huerfu komuzt þit ur höndum fæms brodr mijns. sua komuzt uit fegir þorfeinn at famr læ eptir daudr j fuefni hafit þit fuikit hann fegir fullafla. ecki war þat fegir þorfeinn. þuij at uit bórdumzt og felldi þorir brodir mínns hann. eckj íkal nijdazt æ yckr ij nott fegir fullhafla. íkulit þit bijda morguns og hafa mat sem yckr lijkar. Sijdan Sunndrad[i] íkalabui ueidi sijna og tok bórd 30 og bar æ mat toku þeir þæ allir til matar. Eptirþat foru þeir allir til fuefns lagu þeir brædr .ij faman ij uarar felldum. jlla let hunndrin þæ þeir foru hia honum. huarigir léitudu þar til fuika wit adra. wm morguninn ftodu þeir fnema upp huartueggju. þæ mælti fullafla. nu íkulu uit þorfeinn reyna med ockr enn þorir uit hund mínns ij audrum ftad. þeffu muntu rada fegir þorfeinn. gengu þeir ut og fram æ uöllinn. hundrinn hleypr þegar moti þori met gapannda gínne og attu hína hörduztu foknn. þuij at rackinn flo af ser huert høg med halanum. enn ef hann ftack met kefíunne beit hann af ser huert lag. soktuztt þeir sua eykt dags ath þorir kom ðngu sare æ hann. þat war eínn tijma at gramr íkautzt at þori og greíp ij kalfan og þar vr fíga. ij þuij lagdi þorir kefíunne æ hundinum og nifti nidr uit uellinum. og do gramr litlu Sijdar. þat er fra fullafla at fegia at hann hefir mæki ftoran. ij hendi. enn þorfeinn suerd fitt. þeir attu bædi harda sokn og langa. þuij at fullafla war ftor

hógr. enn sakir þess at angruadill beit sua hlijfar sem holdd þæ fell fullafli daudr. enn þorsteinn war eckj

Sær.<sup>350</sup>

Fullafli ber bjarndýr á baki sér, býr björninn svo til matar og býður þeim Þorsteini og Þóri að taka til matar sem þeir þiggja. Hann býður þeim einnig grið náttlangt sem þeir þiggja sömuleiðis, og eru þau grið ekki brotin. Að morgni taka þeir svo til við að berjast og fer svo að lokum að Þorsteinn nær að drepa Fullafla með galdrasverði sínu, Angrvaðli. Viðsnúningurinn er hér fólgin í því að fyrir Ölvi fer allt á annan veg. Ölvir og Sverrir neita að þiggja mat Rauðs, sem einnig býður upp á bjarnarslátur. Þeim eru einnig boðin grið náttlangt en svíkja Rauð svo sofandi. Þá kemur galdrasverð Ölvís heldur ekki að notum, þar sem sverð hans er blásið úr höndum hans; hann notar því sverð Rauðs og að lokum leggur Rauður álög á sverð Ölvís, sem átti þó að vera galdrasverð sem ekki myndi bregðast.

### 2.2.5 Minni úr keltneskri hefð

Álagaminnið í *Bragða-Ölvis sögu* og *Ölvis rímum sterka* er áhugavert, en það ber einnig með sér keim af keltneskri hefð, þar sem svipuð álög eru algeng.

#### 2.2.5.1 Aided Cheltchair

Kynferðisleg álög eru eins og áður segir sjaldgæf í samhengi íslenskra bókmennta, en svipuð álög og þau sem lögð eru á Ölvi – að hann verði að sofa hjá þeim konum er hann sér – eru þekkt í fornírskum og gelískum bókmenntum. Hetjur og kóngar fornírskra sagna eru, líkt og kappar fornaldarsagna, yfirnáttúrulega sterk, gædd ýmsum gáfum sem jaðra við galdrabekkingu og mjög oft eru söguhetjurnar í einskonar álögum (sbr. *geis*),<sup>351</sup> sem þær stjórnast af. Í sagnasveiginum frá Ulster, sem varðveittur er í handritum frá 11.–15. öld en rekja má aftur til 8. aldar, segir af fornum hetjum á borð við þá Cúchulinn og Conchobar. Innan þessara sagna eru svokallaðar

---

<sup>350</sup> Consagra, „Þorsteins saga Víkingssonar in AM 152 fol.: An analysis and edition“, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2022, bls. 158.

<sup>351</sup> Um *geis* segir Helmut Birkhan: „Von außerordentlicher Bedeutung ist vor allem in der altirischen Literatur das ebenfalls *geis* genannte individuelle Tabu, dessen Setzung häufig ganz zufällig und willkürlich erscheint, vielfach aber auch archaische religiöse Verhältnisse voraussetzt, wie die scheinbaren oder wirklichen totemistischen Tabus bei CúChulainn und Conaire Mór... Diese *gessi* (auch *geasa*) wurden von Druiden, Wahrsagern oder anderen Personen mit sakraler oder zumindest magischer Autorität auferlegt. Gewöhnlich wird aber die *geis* einfach als bestehend angenommen. Zwiderhandeln (coll, milliud) führte von der Bildung purpurner Pusteln über totalen Ehrverlust zu Untergang und Tod“, í *Kelten: Versuch einer gesamt Darstellung ihrer Kultur* (Vín: Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften, 1997), bls. 829–830. Sjá einnig Power, „*Geasa* and álög: Magic formulae and perilous quests in Gaelic and Norse“, *Scottish studies*, 28. árg. (1987), bls. 69–89.

dauðasögur, sem segja frá dauðdaga vel þekktra kappá, og á meðal þeirra er stutt frásögn sem er titluð *Aided Cheltchair* eða *Dauði Cheltchairs*. Þar segir af manni er nefndur var Blái Bruiged og var bundinn *geis* sem eru sambærileg álögum Ölvis, og kveða á um að hann verði að sofa hjá þeim konum sem hann heimsækja án fylgdar:

There was a famous man of the men of Ulster, even Blái the Hospitaller. He owned seven herds of cattle, seven score kine in each herd, and a plough-team with each herd. He also kept a guest-house. Now it was a *geis* for him that a woman should come in a company to his house without his sleeping with her, unless her husband were in her company. Then Brig Brethach, wife of Celtchar, went to his house. 'Not good is what thou hast done, woman,' said Blái the Hospitaller. 'Thy coming to me as thou hast come is a *geis* to me.' 'It is a wretched man,' said the woman, 'that violates his own *gessa*.' 'Tis true. I am an old man, and moreover thou art inciting me,' said he. That night he sleeps with her.

Celtchar came to know that; and he went to seek his wife. Blái the Hospitaller went until he was by the side of Conchobar in the royal house. Celtchar also went until he was on the floor of the royal house. There were Conchobar and Cúchulinn playing a game of *fidchell*; and Blái the Hospitaller's chest was over the play-board between them. And Celtchar plants a spear through him so that it stuck in the wattle of the wall behind him, so that a drop (of blood) from the point of the spear fell upon the board. 'Forsooth, Cúchulinn!' said Conchobar. 'Indeed, then, Conchobar!' said Cúchulinn. The board is measured from the drop hither and thither to know to which of them it was nearer. Now the drop was nearer to Conchobar, and it was the longer till revenge. Blái the Hospitaller, however, died.<sup>352</sup>

Af þessum atburðum sprettur svo atburðarás sem verður að lokum til þess að Celtchar hlýtur bana. Hefnd hans á Blái virðist ekki vera réttmæt í augum kóngsins Conchobar og hetjunnar Cúchulinn sem vilja hefna Blái og refsa Celtchar, enda Blái undir áhrifum *geis* og því ekki með öllu ábyrgur gjörða sinna samkvæmt skilningi sögunnar. Auk þess varar hann konuna, Brig Brethach, við og segir hana gera illa að koma til hans ein því hann sé bundinn *geis*. Hún svarar aðeins að það sé illt að brjóta gegn *gessa* (fleirtala af *geis*, einnig *geasa*) og verður þetta ekki skilið öðruvísi en sem svo að hún samþykki að sofa hjá Blái. Þótt álögin, eða *geis*, séu sambærileg hjá Ölvi og Blái gerist Blái ekki beinlínis sekur um nauðgun, þótt honum sé vissulega refsað fyrir athæfi sitt.

### 2.2.5.2 *Ála flekks saga*

Önnur álög, sem vert er að minnast á í samhengi við Ölvis-efnið, er að finna í *Ála flekks sögu*, sem er ein frumsamdrá riddarasagna frá því um 1400 en bent hefur verið á að sagan einkennist

---

<sup>352</sup> „Aided Cheltchair“, „The death of Celtchar mac Uthechair“, *The death-tales of the Ulster heroes*, þýð. Meyer, vefur CELT: Corpus of Electronic Text Edition, <https://celt.ucc.ie/published/T301037.html>.

mjög af minnum úr keltneskri sagnahefð.<sup>353</sup> Að vísu eru hér ekki beinlínis álög er varða getuleysi, heldur álög sem lögð eru á söguhetjuna á brúðkaupsnóttina. Áli, söguhetja *Ála flekks sögu*, hefur unnið til Þornbjargar meykonungs og þau giftast. Á brúðkaupsnóttina er þó, óbeint, komið í veg fyrir að Áli nái að hreppa meydóm konu sinnar og fullkomna brúðkaup sitt til hennar, þar sem á hann eru lögð þau álög að hann skuli breytast í úlf:

Var þá búiz við brullaupi; gekk Áli at eiga Þornbjörgu dróttningu, ok var veizlan bezta; ok um kveldit váru þau Áli ok dróttning leidd í eina sæng í eina skemmu vel innanbúna; var þat it vænsta herbergi. Glóðarauga hét þræll einn er var í borginni; hann var bróðir Nóttar tröllkonu. Hann kom í skemmu, er meykonungi ok Ála var í fylgt. Áli var þá afklæddr öllum klæðum nema línklæðum. Þá mælti þræll með ógurligri raust: ‘Gott hyggir þú nú til, Áli!’ segir hann, ‘at sofa hjá meykonungi; en nú skal ek launa þér þat, er þú lagðir á Blátönn, systur mína, ok því legg ek þat á þik, at þú verðir at vargi ok farir á skóg ok drepir bæði menn ok fé, ok á þat fé grimmastr, er meykonungr á, ok at því mest leggjaz. Áli tekr þá svá til máls: ‘Með því’, segir hann, ‘at þú, Glóðarauga! hefir með fullum fjándskaþ á mik lagt, þá mæli ek þat um, at þú sitir á þeirri sǫmu kistu sem nú ok æpir upp yfir þik sem mest getr þú, alla þá stund, sem ek er í þessum nauðum, svá at aldri hafir þú ró. En ef ek kemz ór þessi þraut, þá skulu tveir þrælar leiða þik til skógar ok hengja á gálga.’ Glóðarauga grenjaði þegar ógurliga ok mælti: ‘Þat legg ek þó enn til við þik, Áli! at þá er þú hefir eytt öllu fé í ríki Þornbjargar dróttningar, skyndir þú í ríki fǫður þíns ok eirir þar hvárki fé né mǫnnum, ok ekki skal þér til undanlausnar annat um þína æfi, nema at nǫkkur kona verði til at biðja griða fyrir þik, þá er þú verðr handtekinn, ok verðir þú af því lauss; en þat mun aldri verða.’ Svá varð þegar í stað; hljóp Áli á skóg ok verðr at einum vargi, ok svá grimmum, at hann drepr bæði menn ok hesta ok fé; en Glóðarauga æpir bæði nótt ok dag, svá at hann linnir aldri, ok fengu menn dróttningar af þessu inar mestu ónáðir.<sup>354</sup>

Það að hann verði að úlfi veldur því að kona hans heldur meydómi sínum. Þegar Áli er laus undan þessum álögum fer ekki betur en svo að á hann er aftur lagt, tröllkona birtist honum í draumi og særir hann og leggur svo á hann að hann skuli ekki græðast af sárum sínum nema bræður hennar græði hann. Mun hann í þessum sárum liggja í tíu ár en deyja svo, hafi hann ekki verið græddur. Áli hittir Þornbjörgu konu sína á ný, en áfram skal hún biðja, því þessi álög eru einnig þess valdandi að þau geti, enn um sinn, ekki notist. Eftir mikil ævintýri er Áli þó einnig laus úr þessum álögum, og gerir brúðkaup í annað sinn til Þornbjargar.

<sup>353</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Bókmenntir í blárrí móðu“, *Ritið*, 22. árg., 1. tbl. (2022), bls. 17–18; Lagerholm, *Drei lygisögur* (Halle: Max Niemeyer Verlag, 1927), bls. lxii–lxiv; Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis Isländischer Märchenvarianten*, bls. liii–liv.

<sup>354</sup> Hui et al., „Ála-flekks saga: An introduction, text and translation“, *Leeds studies in English*, 49. árg. (2018), bls. 26–28.

## 2.3 Almenn umræða um tegundargreiningu miðaldabókmennta

Hér hefur verið farið yfir byggingareinkenni og minni í Ölvis-efninu, auk þess sem rakin voru tengsl við fornaldarsögur, riddarasögur, konungasagnaþætti og aðrar bókmenntagreinar. Áður en að því kemur að greina tegundareinkenni sagnaefnisins er vert að athuga stuttlega fyrirbærið bókmenntategund á miðöldum, í íslensku bókmenntasamhengi. Í fræðilegri umræðu er hefð fyrir að skipta íslenskum bókmenntum fyrri alda í sex flokka, eða bókmenntategundir; Íslendingasögur, konungasögur, helgisögur, samtíðarsögur, fornaldarsögur og riddarasögur. Þar undir heyra svo fáeinir undirflokkar, og sem dæmi má nefna dæmisögur eða *exempla*, sem gjarnan eru hluti heilagra manna sagna (sbr. helgisagna) en koma þó einnig fyrir sem sjálfstæðar frásagnaeiningar, sem og konungasagnaþætti, sem einnig hafa verið nefndir Íslendingaþættir, en mikil umræða hefur skapast í kringum það hvort slíkir þættir eigi með réttu að teljast sem bókmenntategund eða ekki.<sup>355</sup> Um sumar þessara bókmenntategunda liggur fyrir almenn sátt um hvernig skuli skilgreina þær og hvers lags frásagnir heyra undir flokkun þeirra. Þannig er almennt fremur skýrt hvaða frásagnir skuli teljast til Íslendingasagna, konungasagna, heilagra manna sagna eða samtíðarsagna – því mörk þessara bókmenntategunda eru yfirleitt skýr og fyrir slíkri flokkun er aldagömul hefð sem endurspeglast einnig í handritageymd og skilningi manna á þeim á fyrri öldum. Aðrar bókmenntategundir eru umdeildari og ekki jafn skýrt afmarkaðar, enda eru skilgreiningarnar yngri og endurspeglar ekki nema að litlu leyti viðhorf þeirra sem skráðu frásagnirnar á handrit eða birtist í handritageymd þeirra. Þetta á til að mynda við um aðgreiningu fornaldarsagna og riddarasagna, sem á öldum áður voru gjarnan settar saman í flokk og nefndar lygisögur eða skröksögur. Þetta á einnig við um þætti, sem eru hlutar af stærri heild konungasagna, og urðu fyrst aðgreindir sem bókmenntagrein snemma á 20. öld.<sup>356</sup>

Um tegundargreiningu frásagna frá miðöldum hefur skapast heilmikil umræða, sem er í sjálfu sér einkar áhugaverð, en hér gefst ekki rúm til að rekja þá umræðu til hlýtar.<sup>357</sup> Hvernig vissar bókmenntategundir hafa verið aðgreindar frá öðrum og skilgreindar er að vísu háð rannsakanda hverju sinni og hvaða frásagnir verða fyrir valinu þegar sá leitar sameiginlegra einkenna til að styðja skilgreiningu sína. Það er nokkuð algengt að í slíkri umræðu falli einnig áfellingisdómar á þær frásagnir sem skera sig að einu eða öðru leyti frá þessu skilgreinda formi. Álit fræðimanna á textum var lengi vel litað af hugmyndum um sannleiksgildi frásagna, þjóðerni og raunsæi þar

---

<sup>355</sup> Sjá Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: Saga hugmynda*, Studia Islandica, 63. hefti (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014), sem rekur þetta mjög skilmerkilega.

<sup>356</sup> Ibid., bls. 11, 13–39.

<sup>357</sup> Sjá sérstaklega Quinn et al., „Interrogating genre in the fornaldarsögur: Round table discussion“, *Viking and medieval Scandinavia*, 2. árg. (Turnhout: Brepols, 2006), bls. 275–296; *A critical companion to Old Norse literary genre*, útg. Bampi, Larrington og Sif Ríkharðsdóttir (Cambridge: D. S Brewer, 2020).

sem niðurstaðan var sú að það sem sannarlega væri elst, væri einnig best. Talað var um blómaskeið íslenskra bókmennta, þegar hinar stóru Íslendingasögur voru skráðar, og svo hnignun þegar ævintýralegar frásagnir koma fram á sjónarsviðið, hvort sem það voru fornaldarsögur, riddarasögur eða ungar Íslendingasögur.<sup>358</sup>

Við blasir að skilgreining tegundar grundvallaðist á þeirri hugmynd að eitthvað væri til sem væri „hrein“ bókmenntategund – sem væri fastmótuð, óbreytanleg og óháð öllu öðru – og þegar skilgreina átti tegund var að sjálfsgöðu byrjað á því sem talið var elst og best. Alla jafna voru það frásagnir sem rekja má til 13. aldar. Áhrif sem skarast á við þessa skilgreiningu og rekja má til utanaðkomandi áhrifa voru oft álitin að einhverju leyti brjóta í bága við hreinleika tegundarinnar. Slíkar frásagnir urðu í samanburði við hinar dæmdar ómerkilegri, blandaðri, yngri og verri fyrir það eitt að þær báru með sér augljós erlend áhrif. Þetta á til að mynda við um Íslendingasögur sem fela í sér ævintýralega eða yfirnáttúrulega atriði sem bera vitni um áhrif frá riddarasögum eða fornaldarsögum, sem ekki þóttu jafn merkilegar og þær „hreinu“. Þessi óæðri einkenni, ef svo má að orði komast, eru vanalega af ævintýralegum toga og bera mark samfélagslegra breytinga og sagnaþróunnar sem átti sér stað á 14. öld þar sem ævintýralegar frásagnir, og bókmenntagreinir, urðu sífellt vinsælli. Þessi sagnaþróun var almenn og ekki aðeins bundin við einstakar frásagnir sem þróuðust í takt við það samfélag sem skapaði þær, heldur einnig við bókmenntategundirnar í heild sinni.<sup>359</sup> Slík áhrif verða á Íslendingasögum og þáttum konungasagna, í fornaldarsögum og riddarasögum sem samdar voru og þáðu einkenni úr öðrum tegundum. Þessar eldri skilgreiningar einstakra tegunda miðast sem sagt fremur við ákveðið tímabil þessara bókmenntategunda, og eru ekki algildar þegar kemur að seinni tíma frásögnum sem þó falla innan sömu tengundagreiningar. Þetta ber að hafa í huga þegar rannsaka á „nýja“ texta og koma þeim fyrir innan ákveðinnar bókmenntategundar og einnig þegar eldri textar eru teknir til endurskoðunar, þar sem þessir fordómar fyrri fræðimanna<sup>360</sup> á hinu ævintýralega hefur jafnvel haft slík áhrif á frásagnirnar að þær urðu jaðarsettar innan sinnar tegundar.

<sup>358</sup> Sjá t.d. Sigurð Nordal um blómaskeið íslenskra bókmennta og hnignun þeirra, „Sagalitteraturen“, bls. 270–273.

<sup>359</sup> Bampi, „Genre“, *A critical companion to Old Norse literary genre*, bls. 26–30.

<sup>360</sup> Þessir fordómar birtast t.d. í gildismati fræðimanna þegar skrifað er um einstakar ungar Íslendingasögur, ævintýralega minni, erlend áhrif eða annað sem einkennir strauma sem vinsælir urðu á 14. öld. Slíkum einkennum er oftast en ekki teflt fram sem mælikvarða á gæði þeirra. *Svarfdæla saga* er gott dæmi um slíka fordóma, en sagan ber sterk merki blöndunar við fornaldarsögur og er fyrri hluti sögunnar áberandi mótaður af hefð fornaldarsagna. Fræðimenn 19. og 20. aldar gengu langt í að fordæma söguna fyrir þessa blöndun. Guðbrandur Vigfússon hélt því fram að þessi fyrri hluti sögunnar væri fölsun og að *Svarfdæla saga*, í heild, væri verst í hópi Íslendingasagna: „the coarsest and worst of the Islendinga sagas...“, í *Sturlunga saga including the Islendinga saga of Sturla Thordarson and other works*, 1. bindi (Oxford: Clarendon Press, 1878), bls. Lxiv, lv. Finnur Jónsson taldi að upphaf sögunnar væri ung viðbót, sjá „Om Svarfdæla saga“, *Særtryck af aarbøger for Nord. Oldk. og historie* (Kaupmannahöfn: Thiele bogtryckeri, 1884), bls. 123–125. Turville-Petre tók undir með Finni en bætti þar að auki við að þarna væru algeng minni notuð og *Svarfdæla saga* því ófrumleg og höfundur hennar illa lesinn og hæfileikasauður: „... his talents as an author are, perhaps for that reason, negligible“, sjá „The author of Svarfdæla and the reviser of Glúma“, *Leeds studies in English*, 5. árg (1936), bls.75.

Þetta hefur jafnvel valdið ágreiningi þegar kemur að því að tegundargreina frásagnir sem fela í sér unglæg einkenni eða áhrif erlendis frá. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að þessi línulega hugsun, sem sprottin er af fyrstu tilraunum manna til að skilgreina bókmenntategundir, sé ekki mjög hentug þegar miðaldatextar eru annarsvegar. Bent hefur verið á að þetta eigi sérstaklega við um prósafrásagnir miðalda og síðmiðalda.<sup>361</sup> Fyrirbærið bókmenntategund verður einna best skilið sem einskona róf (en. *spectrum*). Á þessu rófi er það tegund sem skapar ákveðinn grundvöll til að byggja upp frásögn hvað sameiginlegan sagnabrunn varðar, þ.e. inn í hvaða sagnaheim er skrifað, hvers konar efnistöfum er beitt og hvaða minni verða fyrir valinu.<sup>362</sup> Eins og Massimiliano Bampi hefur nýlega bent á þá þarf frásögn sem skilgreind hefur verið sem texti af ákveðinni tegund, alls ekki að bera öll þau tegundareinkenni sem þeirri tegund tilheyrir, því hver texti er samansafn af bæði hefðbundnum og frumlegum einkennum: „The texts ascribed to a given genre do not therefore have to display all the features that are associated with it, as every text is a constellation of both traditional and innovative traits combined by the writer (whether the original author or those responsible for later copying)“.<sup>363</sup> Það að innan frásagnar finnist einskona blöndun er fremur einkenni hennar og þess tíma sem frásögnin er sprottin upp úr, og ættu slík frávik frá hinu skilgreinda eða áhrif úr sagnabrunni annarrar tegundar ekki að vera útilokandi atriði á heildina séð.

Samkvæmt þessu þá er blöndun ekki skilin sem aðgreinandi þáttur, og ekki ætti að líta á frásagnir sem bera merki um blöndun sem einskona heild, tilheyrandi undirflokki „blandaðar sögur“. Slíkar sögur eiga fremur í samræðu við hefðina og er blöndun þá beitt sem aðferð meðvitað, eða ómeðvitað, til að auðga þá hefð sem skrifað er inn í:

... an author always and unavoidingly conceives of a work against a canvas of pre-existing works. These works provide generic borders that modulate the way in which the new work addresses those borders (by adhering to them or deliberately crossing them). The generic corpus is then reformulated through the inclusion of the new work. The newly formed work therefore reshapes that same generic borders and frameworks that influenced its shaping as the work itself becomes part of the pre-existing generic canvas, subtly modifying it, re-shaping it, or negating it.<sup>364</sup>

Þannig eru bókmenntategundir ekki meitlaðar í stein, sem óhaggandi form, heldur breytast þær í gegnum aldirnar og mótast af þeim sagnahefðum sem ríkjandi eru, af þeim nýjungum sem ryðja sér til rúms innan frásagna sem skapaðar eru eða endurskapaðar og smám saman hnika til þeim mörkum sem bókmenntategundinni voru settar. Það er einmitt þessi eiginleiki sem var

---

<sup>361</sup> Bampi, „Genre“, bls. 21.

<sup>362</sup> Ibid., bls. 21.

<sup>363</sup> Ibid., bls. 22–23.

<sup>364</sup> Sif Ríkharrðsdóttir, „Hybridity“, *A critical companion to Old Norse literary genre*, bls. 33.

fræðimönnum framandi þegar bókmenntategundir voru fyrst skilgreindar og settar fram sem föst eining; skilgreiningar þeirra byggðust á sniðmáti ákveðinnar frásagnar eða tímabils sem allar aðrar frásagnir sem í kjölfarið komu voru svo mátaðar við – bætt við í hóp þeirra, settar á jaðar þess hóps eða vísað frá hópnum allt eftir því hvernig hún féll innan þessa steingerða ramma. Elizabeth Ashman Rowe hefur bent á þessa sömu tilhneigingu til blöndunar í tengslum við fornaldarsögur, og þá staðreynd að sú bókmenntategund sýnir breytileika í viðfangsefni, stíl og frásagnarhætti eftir því hvernig hún hefur þróast í gegnum aldirnar, og þar af leiðandi skapað einskonar samruna eða vettvang þar sem ólíkar tegundir mætast og leiða af sér blandaða texta.<sup>365</sup> Þannig þróast bókmenntategundirnar áfram sem hluti lifandi hefðar í stöðugri mótun; verði engin blöndun innan þeirra er hætta á að þær staðni og líði undir lok<sup>366</sup> þegar aðrar bókmenntategundir koma fram á sjónarsviðið og verða ráðandi í sagnahefðinni.

## 2.4 Tegundareinkenni sagnaefnisins um Ölvi Hákonarson og fyrri flokkun

Sé vikið að sagnaefninu um Ölvi Hákonarson og tegundareinkennum þess er það einmitt blöndun eða frávik frá stöðluðum tegundum sem blasir við; frásögnin sækir í formgerð fornaldarsagna og konungasagnaþátta. Samtímis því að passa vel inn í formgerð og efnistöð fornaldarsagna er sagnaefnið einnig sniðið slíkum stakk að vel mætti setja hana í samhengi við konungasögur, það mætti líta á áhrif fornaldarsagna innan efnisins sem stílbragð sem er beitt meðvitað í kristilegum boðskap efnisins til að varpa frekari ljóma á Svein Danakonung sem fulltrúa kristinnar trúar. Sögutími frásagnarinnar samræmist ekki hinum skilgreinda sögutíma fornaldarsagna, sem almennt eiga sér stað fyrir landnám Íslands og fyrir kristintöku. Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson er tímasett á 11. öld, með vísan í valdatíð Magnúsar hins góða Noregskonungs (1024–1047) og Sveins Úlfssonar Danakonungs (1019–1076) og að því leyti passar hún einnig vel að ytri einkennum konungasagna. Efnið um Ölvi er einnig tengt eða skylt öðrum slíkum frásögnum, þá sérstaklega *Hákonar sögu Hárekssonar*. Þættir konungasagna geta vel verið með sterkum fornaldarsagnaáhrifum, og sumir þeirra hafa reyndar lengi verið taldir með í flokki fornaldarsagna, svo vissulega eru þær frásagnir til sem virðast standa, og mega standa, báðum megin.<sup>367</sup> Sem dæmi hefur verið bent á að konungasagnaþættir með kristilegum boðskap, eins og kristniboðspættir, beri oft mekri um blöndun með fornaldarsagnarlegum eða ævintýralegum

<sup>365</sup> Quinn et al., „Interrogating genre in the fornaldarsögur“, bls. 284–286. Sjá einnig Sif Ríkhardsdóttur, „Hybridity“, bls. 36.

<sup>366</sup> Sif Ríkhardsdóttir, „Hybridity“, bls. 44.

<sup>367</sup> Sem dæmi mætti nefna *Norna-Gests þátt* og *Orms þátt Stórolfssonar*, en þetta á við um fleiri þætti.

einkennum.<sup>368</sup> Þá hafa fræðimenn einnig vakið athygli á skyldleika konungasagna og fornaldarsagna og „bent hefur verið á að ekki sé óeðlilegt að skoða upphaf ritunnar fornaldarsagna í samhengi við ritun konungasagna, sem hófst hér á landi um eða eftir miðja 12. öld“.<sup>369</sup> Þrátt fyrir þessi tengsl hefur sagnaefnið um Ölvi Hákonarson hins vegar hvergi varðveist sem konungasagnaþáttur, og er í sínu nú varðveitta formi aðeins til sem sjálfstæð frásögn með nokkrum einkennum fornaldarsagna.

Sé efninu um Ölvi Hákonarson skipaður sess innan íslenskrar bókmenntaflóru myndi liggja beinast við að setja hana í flokk konungasagnaþátta, þrátt fyrir að frásögnin sé nú aðeins varðveitt sem einangruð heild sem öðlast hefur sjálfstætt líf í handritageymdinni. Þá ber vel að líta á í hvaða samhengi sagnaefnið um Ölvi Hákonarson hefur hingað til verið sett, bæði í handritageymd og í umfjöllun fræðimanna fram til þessa, en *Bragða-Ölvis sögu* hefur í gegnum tíðina bæði verið teft fram í samhengi við konungasögur og fornaldarsögur.

Framan af var engin sérstakur flokkur fornaldarsagna til, heldur voru þær jafnan nefndar lygisögur, en það hugtak má rekja til *Sturlunga sögu* þar sem *Hrómundar saga Gripssonar* og fleiri frásagnir eru kallaðar lygisögur.<sup>370</sup> Á árum áður var það hugtak haft jafnt yfir fornaldarsögur og riddarasögur, jafnvel í fræðilegri umræðu.<sup>371</sup> Í kjölfar útgáfu Carls Christians Rafns á *Fornaldarsögum Norðurlanda* skapaðist þó smám saman hefð fyrir því að aðgreina ákveðnar sögur og nefna fornaldarsögur, og um leið einangra þær frá riddarasögum. Þessi aðgreining er þó að mestu runnin undan rifjum fræðimanna frá 19. öld og síðar. Á þeim árum og öldum sem sögurnar sjálfar urðu til var þessi aðgreining ekki gerð, eða í hið minnsta ekki með sama móti. Sé litið á handritageymd fornaldar- og riddarasagna eru þær iðulega saman í handritum, jafnvel með Íslendingasögum eða annarskonar efni. Þetta voru lygisögur, skróksögur, skemmtisögur eða ævintýri og ekki þótti nauðsynlegt að greina þær frekar í sundur.

Þegar komið er fram á lærdómsöld má sjá tilraun manna til að skipa þessum sögum í flokka. Þessi frumflokkun virðist einna helst hafa byggt á því sannleiksgildi sem sögurnar þóttu bera. Skrifarinn Jón Steingrímsson Skagalín skipar fornaldar- og riddarasögum saman í hóp og nefnir

---

<sup>368</sup> Würth, *Elemente des erzählens: Die þættir der Flateyjarbók*, Beiträge zur Nordischen philologie, 20. hefti (Basel: Helbing & Lichtenhahn Verlag, 1991), bls. 95–101.

<sup>369</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. clvii. Sjá einnig Einar Ól. Sveinsson, „Fornaldarsögur Norðurlanda“, *Kulturhistorisk leksikon for Nordisk middelalder fra vikingetid til reformasjonstid*, 4. bindi (Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar, 1959), bls. 501; Bjarna Guðnason, *Fyrsta sagan*, *Studia Islandica*, 37. bindi (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1978), bls. 161–163 og Torfa H. Tulinius, „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum“, *Íslensk bókmenntasaga*, 2. bindi, bls. 179–188.

<sup>370</sup> *Sturlunga saga*, Íslensk fornrit, XX. bindi, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2021), bls. 32.

<sup>371</sup> Riddarasögur virðast þó snemma hafa fengið þá nafngift, þegar á 13. öld, og verið aðgreindar frá fornaldarsögum, sbr. „... það gera spakir menn, að þeir vilja heyra þær frásagnir, sem þeim þykir kátlegar til gamans, svo sem er *Þiðreks saga*, *Flóventis saga* eða aðrar riddarasögur, þær sem nú mætti mest ýki kallast ...“ Sjá *Riddarasögur II*. bindi, útg. Bjarni Vilhjálmsson (Akureyri: Íslendingasagnaútgáfan, 1949–51), bls. 429.

skröksögur, en aðgreinir þær sérstaklega frá konungasögum (Noregs historíur) og Íslendingasögum (Íslands historíur). Í handriti hans, Lbs. 2121 4to sem skrifað var 1741–45, er að finna „bréf til lesarans“, þar sem hann segir meðal annars: „Veit ég svinnir menn halda nú sögur flestar þær sem ekki eru Noregs eður Íslands historíur skröksögur og munkadikti, það læt ég vera við lítt virð af því ég er ei maður til með sannindum að segja hvorki satt né ósatt, en hitt veit ég víst hvort fólk hefur frá upphafi á jörðu gert historíur því á meðal þess orðið eitt hvað við að vera“.<sup>372</sup> Vill Jón láta það vera að skera úr um sannleiksgildi þeirra og nefnir enn fremur að hann hafi tekið sér fyrir hendur að skrifa þessa sögubók fólki til skemmtunar. Jón þessi var ekki menntamaður, en hann vísar til „svinnra manna“ sem þykja „skröksögur“ lítills verðar. Einnig kemur hér fram að sannleiksgildi hefur áhrif á flokkun að einhverju leyti.

Önnur frumflokkun gengur enn lengra í skiptingu sinni, en mælikvarðinn þar er einnig sannleiksgildi sagnanna. Í handritinu AM 395 fol., sem skrifað var árin 1760–1766 fyrir Jón Árnason (1727–1777) sýslumann á Ingjaldshóli í Snæfellssýslu, er að finna registur yfir efni bókarinnar þar sem tilraun er gerð til að flokka þær.<sup>373</sup> Í handritinu er *Bragða-Ölvis saga* ásamt fleirum sögum. Flokkun sagnanna er með annarri hendi en sögurnar sjálfar og virðist seinni tíma viðbót.<sup>374</sup> Þar er sögunum skipt upp í þrjá flokka og raðað eftir sannleiksgildi þeirra. Fyrsti flokkur er sagður innihalda sannar sögur (lat. *Historiæ veræ vel vero proximæ*) en í þeim hluta eru listaðar upp Íslendingasögurnar: *Ljósvetninga saga*, *Valla-Ljóts saga*, *Svarfdæla saga*, *Flóamanna saga*, *Gunnars saga Keldugnúpsfífls*, *Finnboga saga ramma* og *Vopnfirðinga saga* ásamt konungasagnaþættinum *Brandkrossa þætti*. Í fyrsta flokknum eru sögurnar taldar upp í þeirri röð sem þær koma fyrir í handritinu. Annar flokkur er sagður innihalda sögur sem eru blandaðar, bæði sannar og lognar (lat. *Historiæ mediæ, sive vero et falsoque mixtæ*), en allar eiga þær það sammerkt að teljast til fornaldarsagna nú á dögum. Í þeim flokki eru listaðar upp: *Hrómundar saga Gripssonar*, *Áns saga bogsveigis*, *Bragða-Ölvis saga*, *Hálfðanar saga Eysteinnssonar*, *Friðþjófs saga frækna* og *Hervarar saga og Heiðreks*. Sögurnar í öðrum og þriðja flokki eru ekki taldar upp í þeirri röð sem þær birtast í handritinu, svo ljóst er að skrifari registursins hefur raðað þeim eftir flokkunarkerfi sínu. Í handritinu sjálfu er þessi aðgreining á fornaldarsögum og riddarasögum ekki til staðar. Þriðja flokk sagna nefnir skrifari lygasögur (lat. *Historiæ prorsus fabulosæ sive Liga sögur*), en í þeim flokki telur hann upp

<sup>372</sup> Lbs. 2121 4to, bl. 108v.

<sup>373</sup> Sjá einnig Teresu Dröfn F. Njarðvík, „Sagnaskart Jóns sýslumanns“, *Handritapistlar*, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2017, <https://www.arnastofnun.is/is/greinar/sagnaskart-jons-syslumanns-am-395-fol> og Kapítan, „Between truth and fiction or historiæ mediæ, sive vero falsoque mixtæ: Legendary sagas and their reception in eighteenth-century Denmark“, *Arkiv för nordisk filologi*, 134. árg. (2019), bls. 103–129.

<sup>374</sup> Kapítan hefur leitt líkur að því að skrifari registursins muni hafa verið Skúli Thorlacius (1741–1815), sjá „Between truth and fiction“, bls. 114–116.

riddarasögurnar: *Mírmanns sögu*, *Kirjalax sögu*, *Elís sögu* og *Rósamundu*, *Fertrams sögu* og *Plató*, *Úlfs sögu Uggasonar*, *Ála flekks sögu*, *Clarus sögu*, *Parcevals sögu* og *Ívens sögu*.

Af þessu má sjá að á 18. öldinni varð þessi aðgreining til. Fornaldarsögum og riddarasögum sem áður voru kallaðar lygisögur varð smám saman skipað í sitthvorn flokkinn. Á miðöldum má raunar finna vott af slíkri aðgreiningu, þar sem sögurnar eru aðskildar þeim sem töldust „sannar“ og vísbendingar eru þess efnis að viss tegundareinkenni hafi verið til staðar þá þegar.<sup>375</sup> Á miðöldum má einnig finna dæmi þess að riddarasögur hafi verið aðgreindar og álitnar vera sér flokkur bókmennta.<sup>376</sup> Af þessu má sjá að aðgreining á borð við þá sem er að finna í AM 395 fol. varð svo sem ekki gerð frá einum degi til annars, heldur var hún lengi í mótun en registrið sýnir þó engu að síður að slíkar hugmyndir hafi verið mótaðri en áður undir lok 18. aldar.

Skilgreining fornaldarsagna sem sérstakrar bókmenntategundar er jafnan rakin til útgáfu Carls Christian Rafns, eins og nefnt hefur verið. Þó hefur Philip Lavender bent á að fremur eigi Peter Erasmus Müller að hljóta þann heiður.<sup>377</sup> Í bók sinni *Sagabibliothek*, sem gefin var út í þremur bindum árin 1817–1820, skiptir hann sögum upp milli binda og er sú skipting að einhverju leyti einnig hans flokkun á þeim frásögnum sem þar koma fyrir. Til aðgreiningar horfir hann fremur á landfræðilega skiptingu þeirra og sögutíma, og eru þetta sömu skilgreiningar og Rafn notar svo í kjölfarið. Íslendingasögur skipa fyrsta bindi *Sagabibliothek* Müllers, annað bindi inniheldur norrænar sögur, þ.e. sögur sem eiga að gerast á Norðurlöndum fyrir landnám Íslands. Í þessu öðru bindi hans eru fornaldarsögur, að mestu þær sömu og Rafn hefur í sinni útgáfu örfáum árum síðar. Í þriðja og síðasta bindi eru svo aðrar sögur norrænar, sem viðkoma sögu Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar, en gerast á sögulegum tíma. Þar eru að mestu leyti konungasögur, konungasagnaþættir og einstaka helgisögur. Viðmiðið sem ræður skiptingu milli bókmenntategunda er hér landfræðilegt og út frá sögutíma. Efnistöð, formgerð, minni og önnur slík atriði hafa ekki áhrif á skiptingu Müllers.

Þetta er sérlega áhugavert þar sem Peter Erasmus Müller er með fyrstu mönnum til að skrifa um *Bragða-Ölvis sögu* og gefa henni gaum. Í handritinu *NKS 1685 b 4to* er að finna glósur hans og útdrætti sagna, sem seinna urðu hluti af *Sagabibliothek*. Á blöðum 35r–36v eru athugasemdir hans um *Bragða-Ölvis sögu*. Hann hefur haft áhuga á því efni þar sem Sveinn Danakonungur kemur þar við sögu, og í handriti hans er sagan því framarlega. Hins vegar virðist sem hin ævintýralegu einkenni sögunnar hafi truflað hann og því varð hún ekki hluti af aðalefni þriðja

<sup>375</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Arfur aldanna: Handan Hindarfjalls*, bls. 12. Einnig í *Úlfhams sögu*, bls. cxlvi–clxi.

<sup>376</sup> *Riddarasögur* II. bindi, bls. 429.

<sup>377</sup> Lavender, „The secret prehistory of the fornaldarsögur“, bls. 530.

bindis, heldur einungis viðauki.<sup>378</sup> Þar birtist stutt samantekt á efni sögunnar á dönsku ásamt hugleiðingum Müllers sem setti sagnaefnið í samhengi við konungasagnaþætti og taldi hana vera hliðarsögu (da. *sidestykke*) við *Hákonar sögu Hárekssonar*. Áður hafði Peter Frederich Suhm einnig bent á sömu tengsl.<sup>379</sup> Müller tengir söguna líka við *Haralds sögu harðráða Sigurðarsonar* í *Heimskringlu*, þar sem Sveinn Danakonungur kemur einnig við sögu. Hann telur að viðurnefni Sveins, hinn heilráði, gæti verið undir áhrifum þessarar sögu en þar er efnisþáttur sem fjallar um flótta Sveins konungs undan mönnum Hákonar jarls, þar sem Sveinn dulbýr sig og nefnir sig „Vandráð“.<sup>380</sup>

Þessi hugmynd þeirra Müllers og Suhms um tengsl *Bragða-Ölvis sögu* við konungasögur er ekki úr lausu lofti gripin og byggist ekki aðeins á því að þar komi við sögu Sveinn Úlfsson Danakonungur, heldur endurspeglast tengslin líka að einhverju leyti í handritageymd *Bragða-Ölvis sögu*. Vissulega er sagan oftast í félagsskap fornaldarsagna og riddarasagna í öllum þeim handritum sem hana geyma, en einnig með konungasagnaþáttum og konungasögum. Í einu allra elsta handriti prósagerðarinnar er hún í nástöðu við *Hákonar sögu Hárekssonar*, og reyndar í fleiri handritum þar eftir, allt fram á 19. öld. Í Holm. Papp. 67 sem skrifað er árið 1687, eru *Bragða-Ölvis saga* og *Hákonar saga Hárekssonar* hlið við hlið, og í því handriti má einnig finna nokkra konungasagnaþætti sem einangraðir hafa verið frá þeim konungasögum sem þeir tilheyra. Í BL Add. MS 4859, sem skrifað er 1693–1697, má einnig finna *Bragða-Ölvis sögu* og *Hákonar sögu Hárekssonar*, þótt þær séu þar ekki hlið við hlið. Í handritinu Lbs. 840 4to eru *Bragða-Ölvis saga* og *Hákonar saga Hárekssonar* saman og aftur í 19. aldar handritinu Germ qu. 27. Þar á ofan er annað 17. aldar handrit, Lbs. 222 fol., þar sem *Knýtlinga saga* og *Bragða-Ölvis saga* eru varðveittar saman. Handritasamhengi sögunnar er því frá öndverðu litað af samblandi fornaldarsagna, konungasagnaþátta og konungasagna, sem ber einnig vott um vissa tegundarvitund á ritunartíma þeirra.

Í doktorsritgerð sinni um *Bragða-Ölvis sögu* nefnir Alfred Gifford Hooper tengsl sögunnar við fornaldarsögur. Hann segir að sagan líkist mest slíkum sögum: „*Bragða-Ölvis saga* in matter and style has much in common with that group of sagas to which Rafn gave the name „Fornaldarsögur“, sagas which were in reality mostly fictitious but which purported to be sagas of prehistoric times“.<sup>381</sup> Hann nefnir svo sögutíma *Bragða-Ölvis sögu*, sem hann tímasetur í

<sup>378</sup> Müller, *Sagabibliothek*, III. bindi, bls. 467–471.

<sup>379</sup> Suhm, *Historie af Danemark: Fra aar 1035 til 1095*, 4. bindi, bls. 482.

<sup>380</sup> „Haralds saga Sigurðarsonar“, *Heimskringla*, 3. bindi, Íslenzk fornrit, XXVI. bindi, útg. Bjarni Aðalbarnarson (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1951), bls. 152–154. Efnisþátturinn um Vandráð er ekki hluti af *Haralds sögu Sigurðarsonar* í texta *Morkinskinnu*, en aðrir efnisþættir sem í *Heimskringlu* fylgja á undan sem og á eftir Vandráðar-kaflanum eru þó í *Morkinskinnu*.

<sup>381</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. xxiii.

kringum miðja 11. öld og rekur svo tengsl sögunnar við ákveðna efnisþætti fornaldarsagna.<sup>382</sup> Hann tekur þó í raun aldrei afstöðu til þess hvort *Bragða-Ölvis saga* sé fornaldarsaga eða ekki. Hann lætur þessa yfirlýsingu um að sagan líkist fornaldarsögum að efni og stíl duga. Eftir þau skrif hefur sagnaefnið um Ölvi ekki verið sett í samhengi við neinar aðrar bókmenntategundir. Eftir standa þessar tvær hugmyndir, af ólíkum toga, sem í raun benda aðeins á tengsl eða skyldleika fremur en að þær séu viðleitni til að finna efninu stað innan ákveðinnar bókmenntategundar. Annars vegar hefur efnið verið túlkað í ljósi konungasagna og konungasagnaþátta og hins vegar í ljósi fornaldarsagna, en þó án þess að skýr niðurstaða um tegund þess hafi nokkurn tíma fengist.

Skilgreining fyrri fræðimanna á fornaldarsögum hefur lengi verið lituð af hugmyndum um sannleiksgildi, og við skilgreiningu fornaldarsagna sem bókmenntategundar hefur landfræðileg staðsetning og sögutími vegið einna þyngst. Fornaldarsögur eru sögur sem gerast fyrir landnám Íslands og á norðlægum slóðum. Við skilgreiningu fornaldarsagna hefur ekki verið tekið jafn mikið mið af efnistöfum, formgerð eða öðrum einkennum sem máli skipta. Erfitt reynist því að festa sagnaefnið um Ölvi Hákonarson í sessi innan einnar ákveðinnar bókmenntagreinir. Þrátt fyrir að efnið falli, að vissu leyti, vel undir fornaldarsögur sker það sig frá í vissum aðalatriðum, það er varðandi tímarammann og tengingu við sögulega konunga á 11. öld. Þá passar efnið betur inn í annað form, konungasagnaþætti. Hugsanlega gæti það reynst gagnlegt að bera þetta efni enn betur saman við þann flokk.

#### 2.4.1 Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson sem konungasagnaþáttur

Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson hefur sterk tengsl við konungasagnaþætti og skyldar frásagnir, bæði hvað varðar handritageymd og tengsl við persónur annarra sagna eða þátta. Sú hugmynd kom auk þess fram hjá Peter Erasmus Müller og Frederik Suhm, þar sem Müller taldi hana vera hliðarsögu við *Hákonar sögu Hárekssonar* og að báðar væru þær undir áhrifum *Haraldar sögu Sigurðssonar* í *Heimskringlu*. Sagnaefnið um Ölvi Hákonarsson, eins og rakið verður hér, passar einna best inn í form konungasagnaþátta. Í raun er það einungis varðveisla þess sem vefst fyrir því að skipa megi sögunni af Ölvi Hákonarsyni með konungasagnaþáttum – þar sem skilgreining þeirra er bundin við það að þeir séu hlutar stærri heildar konungasagna. Þótt fræðimenn hafi áður fjallað um þætti sem sérstaka bókmenntagrein er öll sú umræða lituð af útgáfuhefð þátta á 20.

---

<sup>382</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. xxiii–xxxv.

öld, eins og Ármann Jakobsson hefur bent á.<sup>383</sup> Þættir eru ekki sjálfstæð bókmenntategund, en þar með er ekki sagt að þættir hafi ekki staðið sjálfstæðir í handritageymdinni.

Flestar þær frásagnir sem nefnast þættir eru vissulega hlutar þekkra konungasagna, en sumir þættir hafa svo verið einangraðir frá þeirri heild ýmist í síðari handritum eða útgáfum. Þættir geta verið af ýmsu tagi; efni þeirra getur verið í ætt við fornaldarsögur og einhverjir þættir – sem sannarlega eru hlutar stærri konungasagna – eru engu að síður taldir samtímis til fornaldrasagna, eins og *Helga þáttur Þórissonar*, *Norna-Gests þáttur*, *Sörla þáttur (Héðins saga og Högna)*, *Tóka þáttur Tókasonar* og *Þorsteins þáttur bæjarmagns*. Virðist því sem ein flokkun útiloki ekki aðra í þeim efnum. Aðrir þættir laga sig að dæmisögum eða *exempla*, og fjalla um rétta hegðun, um gildi kristinnar trúar eða eiginleika konunga.

Sameiginlegt þáttum þessum er að þeir, með einu eða öðru móti, varpa ljósi á konunga þá er þar koma fyrir og eru því órjúfanlegur hluti konungasagna þrátt fyrir tilraunir útgefanda og fræðimanna til að einangra þá. Þetta eru oftast en ekki stuttar frásagnir sem snúast um samskipti þegna við konunga Noregs eða Danmerkur:

Þættir mynda hluta af konungasögum, aðallega Morkinskinnu, í upphafi 13. aldar sem kaflar (eða þættir) með skýrt hlutverk í frásögninni, til að mynda að skýra samband konungsins og íslenskra þegna hans, varpa ljósi á konungsvaldið sem stofnun og konunglegar dyggðir eða draga fram í dagsljósið persónueinkenni ákveðins konungs. Sama einkenni má sjá á ýmsum öðrum stuttum frásögnum í þessum sagnaritum, þar með töldum frásögnum sem aldrei voru nefndar þættir í handritum eða gefnar út undir því heiti á 20. öld. Engar vísbendingar eru um að þættir hafi verið sjálfstæðir á þeim tíma, hvað þá álitnir sérstök bókmenntagrein á þessu stigi eða hinu fyrri.<sup>384</sup>

Kynning þátta eða upphaf er oft fremur stutt, algengt er að sögupersóna sé nefnd og hvaðan hún kemur, einstaka sinnum er getið um ættir en almennt er aðeins getið um föðurnafn sögupersónunnar. Konungasagnaþættir gera oft ráð fyrir mikilli þekkingu á efni konungasagna sem ekki er inni í þættinum sjálfum og passar það atriði ekki beint við hugmyndina um sjálfstæða tilvist þeirra.<sup>385</sup>

Vissulega eru til þeir þættir sem varðveist hafa utan konungasagna, og á þetta við um þætti sem afritaðir hafa verið í handrit og hafa verið dregnir út úr konungasögnum sem þeir tilheyrðu og skráðir einir sér. Örfáir þættir eru einnig varðveittir sem hvergi eru í nú varðveittum konungasögum, en virðast þó eiga uppruna sinn þar. Stóra spurningin þar er hvort þeir hafi áður tilheyrt konungasögum sem ekki hafa varðveist, tilheyrt einhverri sérstakri gerð konungasögu sem ekki hefur varðveist, hefðu staðið í eyðum sem seinna mynduðust innan þeirra eða hvort um

<sup>383</sup> Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: Saga hugmynda*, bls. 62.

<sup>384</sup> *Ibid.*, bls. 124.

<sup>385</sup> Ármann Jakobsson, tölvupóstasamskipti, 10. 10. 2023.

sjálfstæða frásögn er að ræða sem er þá ekki konungasagnaþáttur en er undir sterkum áhrifum frá þeirri sagnahefð, ef slík „tegund“ er þá til?

Þættir konungasagna koma víða fyrir í stórum konungasögum, í *Morkinskinnu*, *Flateyjarbók*, *Heimskringlu* og víðar. Hið áður nefnda dæmi um dulnefni Sveins Danakonungs, Vandráð, er til að mynda aðeins að finna í *Heimskringlu*, þrátt fyrir að *Haralds saga Sigurðarsonar* sé einnig hluti af texta *Morkinskinnu*. Hlutar *Morkinskinnu* rötuðu inn í *Flateyjarbók*, í yngri gerð, en þar á meðal eru yngri gerðir *Magnúsar sögu góða* og *Haralds sögu Sigurðasonar*.<sup>386</sup> Í *Morkinskinnu*-hluta *Flateyjarbókar* er einnig *Hemings þáttur Áslákssonar*, sem ekki er að finna í texta *Morkinskinnu*.<sup>387</sup> Þótt margir þættir *Morkinskinnu* hafi ratað inn í *Flateyjarbók* eru þar gerðar breytingar. Sumir þættir hafa breyst lítillega, einhverjum þáttum er endurraðað innan textans og öðrum þáttum bætt inn í: „Tveir þáttanna hafa aftur á móti verið færðir til í *Flateyjarbókargerðinni* og standa þar í lok sögu Magnúsar og Haralds ásamt nokkrum þáttum sem ekki eru í elsta handriti *Morkinskinnu* (þar má nefna *Hemings þátt*)“.<sup>388</sup> Þá eru einnig dæmi þess að þáttum sem eru í *Morkinskinnu* hafi verið sleppt í *Flateyjarbókar*-gerð *Morkinskinnu*, eins og *Hreiðars þætti*, *Halldórs þætti*, *Brands þætti örva* og *Íslendinga þætti sögufróða*.<sup>389</sup> Á 15. öld má fyrst sjá þess merki að þættir séu dregnir út úr samhengi konungasagna og skráðir stakir.<sup>390</sup> Í yngri hluta *Flateyjarbókar* frá síðari hluta 15. aldar er til að mynda *Auðunar þáttur vestfirska* og *Sneglu-Halla þáttur* teknir út fyrir konungasöguna og skráðir sér aftan við.<sup>391</sup> Fleiri dæmi frá 15. öld sýna einnig að þættir hafi verið skráðir stakir í handritum sem engar konungasögur geyma. Í þeim handritum eru þeir í nástöðu við fornaldarsögur og riddarasögur, en ekki Íslendingasögur<sup>392</sup> sem myndi einnig benda til þess að á þá hafi fyrst og fremst verið litið sem skemmtiefni en ekki sagnfræðilegt efni. Skemmtanagildi þeirra öllu fremur olli því að þeir voru skráðir stakir og urðu nokkrir þættir allvinsælir ef marka má handritageymd þeirra.

Ef litið er til þeirra þátta sem þegar á 15. öld einangruðust frá samhengi sínu innan konungasagna eiga þeir það sammerkt að hafa áberandi skemmtanagildi, þeir eru flestallir ævintýralegir að efnistöfum eða fjalla um klókindi og orðsnilli að einhverju leyti. Þó nokkrir þeirra falla undir kristniboðspætti með ævintýralegum áhrifum. Í alls átta handritum frá 15. öld eru nú varðveittir fjórtán þættir sem hafa verið teknir út úr samhengi sínu við konungasögur.

<sup>386</sup> Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: Saga hugmynda*, bls. 73.

<sup>387</sup> *Ibid.*, bls. 73.

<sup>388</sup> *Ibid.*, bls. 81.

<sup>389</sup> *Ibid.*, bls. 81.

<sup>390</sup> *Ibid.*, bls. 37.

<sup>391</sup> *Ibid.*, bls. 30.

<sup>392</sup> *Ibid.*, bls. 29.

Handritið AM 564 a 4to er tímasett milli 1390–1425<sup>393</sup> og eru þar þrjú þættir skráðir stakir, allir í röð: *Bergbúa þáttur*, *Kumlbúa þáttur* og *Draumur Þorsteins Síðu-Hallssonar*.<sup>394</sup> AM 557 4to, tímasett milli 1420–1450,<sup>395</sup> inniheldur jafnframt stærsta safn þátta frá 15. öld eða alls fimm þætti.<sup>396</sup> Þetta eru *Rögnvald þáttur ok Rauðs*, *Hróa þáttur heimiska (Slysa-Hróa saga)*, *Stúfs þáttur*, *Karls þáttur vesæla* og *Sveinka þáttur Steinarssonar*. GKS 2845 4to er skrifað milli 1440–1560<sup>397</sup> en þar eru *Norna-Gests þáttur*, *Orms þáttur Stórólfsssonar* og *Rauðúlfs þáttur*. Í AM 589 d 4to, skrifuðu 1450–1500<sup>398</sup>, er *Stúfs þáttur*. Í AM 589 e 4to, sem er skrifað milli 1450–1500<sup>399</sup> og upphaflega hluti af sama handriti og áður nefnt AM 589 d 4to, er *Þorsteins þáttur bæjarmagns* og *Hákonar saga Hárekssonar*. Í AM 593 b 4to, sem er skráð milli 1450–1500<sup>400</sup>, er *Sneglu-Halla þáttur*. Handritið AM 343 a 4to er skrifað milli 1450–1475<sup>401</sup>, og inniheldur *Þorsteins þátt bæjarmagns*. Loks í AM 577 4to, sem er skrifað 1450–1500<sup>402</sup>, er aftur *Þorsteins þáttur bæjarmagns*. Vissulega eiga þessir þættir sömuleiðis sammerkt að þrátt fyrir að hafa ratað sjálfstæðir út í handritageymdina á 15. öld má finna og rekja þá til stærri konungasagna þar sem þá má einnig finna í *Morkinskinnu*, *Flateyjarbók*, eða í öðrum stórum konungasögum – það er alla nema einn, *Hákonar sögu Hárekssonar*. Þá mætti einnig íhuga handritið AM 132 fol. þar sem finna má *Ölkofra þátt*, en hann er einnig þekktur undir heitinu *Ölkofra saga* og er ekki tengdur konungasögu svo það er óljóst hvort hann ætti að telja með eða ekki, þegar rætt er um þessa tilhneigingu á 15. öld að einangra þætti og skrá staka. Sagnaefnið um Ölvi Hákonarson passar vel inn í þetta tímabil þar sem fyrst gætir tilhneigingar til að einangra þætti á 15. öld, því *Ölvis rímur sterka* eru ortar á þessu tímabili og þær hafa áberandi skemmtanagildi með ævintýralegum efnistöfum auk þess að bera sterk einkenni konungasagnaþátta.

<sup>393</sup> *Ordbog over det Nørøne prosasprog: Registre* (Kaupmannahöfn: Den arnamagnæanske kommission, 1989), bls. 454.

<sup>394</sup> Bent hefur verið á að þessir þættir, og annað efni handritsins, sé líkast til komið frá Vatnshyrnu eða Pseudo-Vatnshyrnu, en bæði handrit voru skráð um 1390. Vatnshyrna brann í Kaupmannahöfn árið 1728. Sjá Stefán Karlsson, „Um Vatnshyrnu“, *Opuscula IV* (1970), bls. 282–283 og McKinnell, The reconstruction of Pseudo-Vatnshyrna, *Opuscula IV* (1970), bls. 304–338. Því mætti telja þá tilhneigingu að einangra þætti og skrá sér hefjast undir lok 14. aldar eða í kringum 1400.

<sup>395</sup> Stefán Karlsson, „Ritun Reykjafrjóðarbókar: Excursus, bókagerð bænda“, *Opuscula IV* (1970), bls. 137–138.

<sup>396</sup> Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: Saga hugmynda*, bls. 25–26.

<sup>397</sup> Halldór Hermannsson tímasetti handritið til 1450 í *Icelandic manuscripts*, *Islandica*, vol. XIX (Ithaca: Cornell University Library, 1929), bls. 25 og Seelow, *Hálfs saga ok Hálfsrekka*, Rit 20 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1981), bls. 106 er á sama máli. Jón Helgason taldi það skrifað á fyrsta fjórðungi 14. aldar, *The saga manuscript 2845, 4° in the Old royal collection in the Royal library of Copenhagen, Manuscripta Islandica*, II. bindi (Kaupmannahöfn: Einar Munksgaard Forlag, 1955), bls. xii.

<sup>398</sup> Loth, *Fornaldarsagas and late medieval romances: AM 586 4to and AM 589 a–f 4to* (Kaupmannahöfn: Rosenkilde and Bagger, 1977), bls. 19.

<sup>399</sup> *ONP: Registre*, bls. 456.

<sup>400</sup> *Ibid.*, bls. 456.

<sup>401</sup> *Ibid.*, bls. 452.

<sup>402</sup> *Ibid.*, bls. 456.

Undir lok 17. aldar verður sú iðja að skrá þætti sjálfstæða í handrit algengari og nær hámarki á 19. öld.<sup>403</sup> Þetta má sjá í Holm. Papp. 67 sem skrifað er á seinni hluta 17. aldar, en þar eru þó nokkrir þættir skráðir sjálfstæðir, ásamt *Bragða-Ölvis sögu* og *Hákonar sögu Hárekssonar*.<sup>404</sup> Í slíkum tilfæringum má ímynda sér að ákveðnir þættir gætu hafa einangrast frá samhengi sínu, og eftir standa einungis yngri afrit þeirra sem sjálfstæðar einingar. Það er ekki óhugsandi að einhver eða einhverjir þættir, sem með þessum hætti hafi varðveist sem sjálfstæðar frásagnir, séu ekki varðveittir í upprunalegu samhengi. Það má vel ímynda sér að í einhverjum tilvikum hafi þáttur verið skráður sér, sökum skemmtanagildis eða annars, og svo í kjölfarið hafi konungasagan sem hann er sprottinn upp úr glatast eða í hana myndast eyður þar sem þátturinn mun hafa staðið. Þannig standi þá eftir aðeins sjálfstæð frásögn sem ekki er hægt að finna stað inni í varðveittri konungasögu.

*Hákonar saga Hárekssonar* er líklega gott dæmi um þetta, því að eins og hún er varðveitt nú er hún sjálfstæð frásögn. Hún er ekki varðveitt í konungasögum en er jafnan nefnd þáttur í handritum, *Hákonar þáttur Hárekssonar* eða *Hákonar þáttur norræna*. Frásögnin um Hákon Háreksson fellur vel að móti konungasagnaþátta, hún er stutt og fjallar um Hákon, samskipti hans við Svein Danakonung, og dvöl hans við dönsku og ensku hirðina. Í útgáfu sinni af *Hákonar sögu Hárekssonar* rekur Mariane Overgaard ítarlega handritageymd sögunnar. Um tegundargreiningu hennar segir Overgaard hins vegar fátt, og er niðurstaða hennar sú að sagan sé best skilin sem miðaldaævintýri eða *exemplum*.<sup>405</sup> Erfitt er að fullyrða um það hvort sagan sé konungasagnaþáttur þegar varðveisla hennar styður það ekki með beinum og afgerandi hætti. Overgaard nefnir tengsl sögunnar við aðra þætti, sérstaklega *Auðunnar þátt vestfirska* og *Hreiðars þátt heimiska*.<sup>406</sup> Kynning sögunnar, sem er stutt, vísar í Hárek föður Hákonar og staðsetningu þeirra í Víkinni, í valdatíð Haralds Sigurðarsonar. Eftir fylgir stutt frásögn um kynni Hákonar við Svein Danakonung, þau heilræði sem hann þiggur af Sveini og hvernig það verður honum til góðs að fylgja þeim ráðum. Í frásögninni er undirliggjandi kristinn boðskapur. Í *Morkinskinnu* eru nokkrir þættir sem fjalla um gjafmildi Sveins Danakonungs, og það mætti alveg leiða líkur að því að til hafi verið þættir, eins og *Hákonar saga Hárekssonar* kannski, sem fjallað hafi um heilræði hans og ímynd hans sem konungs sem heldur vel kristna trú. Bæði í *Hákonar sögu Hárekssonar* og í *Bragða-Ölvis sögu* er kristinn boðskapur nátengdur Sveini Danakonungi. Þá hefur einnig verið bent á að mannanafnið Ölvir er jafnan táknrænt í

---

<sup>403</sup> Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: Saga hugmynda*, bls. 37.

<sup>404</sup> Þá mætti benda á að í handritnu eru einnig þættir sem talið er að rekja megi til Vatnshyrnu og Pseudo-Vatnshyrnu, sjá nánar í 4. kafla.

<sup>405</sup> *Hákonar saga Hárekssonar*, bls. 127–129.

<sup>406</sup> *Ibid.*, bls. 128.

konungasögum og þar iðulega notað um heiðnar persónur, „devout heathen“,<sup>407</sup> sem halda fast í sið sinn og eru nátengdar blótum.<sup>408</sup> Í *Auðunar þætti vestfirska* er áherslan fremur á gjafmildi Sveins, en þar gefur hann engu að síður heilræði, hér aðeins eitt, en það reynist Auðuni vel. Í *Hákonar sögu Hárekssonar* og *Bragða-Ölvis sögu* eru heilræðin þrjú. Það mætti vel bera þessar tvær frásagnir saman ítarlega í því ljósi.

Bæði Hákon og Ölvir eru norskir, ungir menn. Þeir halda að heiman til að leita sér fræðgar og frama, eða til að endurheimta föðurleifð sína. Í báðum tilvikum er einhvers konar blekking hluti af fundi þeirra við Svein Danakonung; Hákon tekur sér dulnefni og kynnir sig sem Vigfús. Ölvir blekkir með orðaleik sínum um vígaferli sín. Báðir þiggja svo af Sveini þrenn heilræði, en meðan Hákon heldur þau heilræði vel og fer eftir þeim svo hann nýtur góðs af þá brýtur Ölvir gegn þessum heilræðum og kemst í vanda. Í báðum tilvikum virðast fyrstu tvö heilræði Sveins hanga saman að einhverju leyti. Hákonni gefur hann fyrst það heilræði að treysta ekki manni með rautt skegg, sem verður til þess að Hákon grunar enska meistarann um græsku og fer ekki út í skóg eins og umbeðinn, heldur fer fyrst til kirkju. Þar kemur svo seinna heilræði Sveins við sögu, en annað heilræði hans var að sitja alltaf messu til enda. Hákon fylgir því einnig og dvelur því einhverja stund í kirkjunni. Þetta verður honum til lífs því meðan hann situr messuna fer hinn enski meistari til skógar, þar sem tilræðismenn áttu að drepa þann er fyrst kæmi þangað. Hann hyggur nú nægan tíma liðinn síðan Hákon hélt á brott og hyggst finna hann dauðan í skóginum. En þar sem Hákon situr messuna til enda er sá enski á undan honum í skóginn og er þá drepinn. Þannig kemst Hákon lífs af.

Tvenn heilræði virðast líka hanga saman hjá Ölvi. Fyrsta heilræði Sveins er að svíkja ekki mann í tryggðum, en það er brotið þegar Ölvir heggur Rauð í svefni þrátt fyrir að hafa þegið grið náttlangt af honum. Eins og rakið hefur verið virðist þennan efnisþátt skorta eitthvað, þar sem annað heilræði Sveins, að höggva ekki óvin sinn á helgum tímum, kemur í raun ekki fram. Það mætti hugsa sér að Ölvir hafi vegið Rauð á helgum degi og Ölvir þá brotið tvö heilræði hvort af öðru á stuttum tíma, líkt og Hákon fylgir tveim heilræðum á stuttum tíma. Annað heilræði Sveins til Ölvis virðist falla undir stýft minni, eins og áður hefur verið nefnt, og gefur til kynna að eitthvað hafi fallið niður, þótt erfitt sé að segja hvað það muni hafa verið eða hvar innan frásagnarinnar. En það er freistandi að ímynda sér að svona hafi þetta verið, að Ölvir hafi ekki aðeins svikið Rauð í tryggðum heldur einnig á helgum degi. Í frásögninni hefur þetta færst yfir á Rígarð greifa sem þyrmir Ölvi á helgum degi, þótt hann hafi engin heilræði þegið af Sveini

---

<sup>407</sup> Sigurður R. Helgason, „Ölvir in Iceland and in the Austrfaravísur“, *Saga-Book*, 41. árg. (2017), bls. 109.

<sup>408</sup> Ibid., bls. 109; sjá einnig Näsström, *Blot: Tro och offer i det förkristna Norden* (Stokkhólmur: Norstedts, 2002), bls. 108–110.

Danakonungi. Rauður er í raun eini óvinurinn sem kemur til greina, enda er hann sá eini sem verður á vegi Ölvis eftir að hafa þegið heilræði Sveins. Því mætti vel leiða líkur að því að þetta annað heilræði Sveins hafi aðeins getað passað þar inn í frásögnina. Eftir Rauð hittir Ölvir engan skilgreindan óvin, nema Áka – en fyrir honum liggur að vera veginn af Ölvi því Sveinn konungur sendi hann einmitt burt frá hirð sinni í þeim erindagjörðum. Þar getur heilræði hans með öðrum orðum ekki hindrað Ölvi í að ljúka því verkefni. Hvernig sem á þetta er litið, þá hanga þessi tvö heilræði saman í frásögninni af Ölvi, því þegar Rauður hefur fengið banasár sitt leggur hann á Ölvi. Þessi álög valda svo því að Ölvir brýtur þriðja heilræði Sveins, að girnast ekki annars manns konu. Ef til vill hefði það heilræði ekki verið brotið, hefði Ölvir ekki brotið hið fyrsta. Að minnsta kosti gefur hann í skyn í upphafi sögunnar að konur séu honum ekki sérlega ofarlega í huga. Heilræðin hanga þannig saman, því hefði Ölvir ekki brotið það fyrsta, hefði hann að öllum líkindum ekki brotið það síðasta.

Þá er kristinn boðskapur einnig áberandi í báðum frásögnum. Hákon er ráðlagt að sitja messu og lesa þrisvar *pater noster* sem verður til þess að bjarga lífi hans og koma í veg fyrir að hann óafvitandi verði sínum eigin syni að bana. Þegar Ölvir sér hvílíkar nauðir hann hefur ratað í, í einvígi sínu við Áka berserk, heitir hann á þann guð er Sveinn Danakonungur tilbiður og nær þannig að sigrast á Áka. Þetta er eftir að ákall hans til fóstru sinnar hefur ekki borið árangur. Boðskapurinn er skýr: Fyrir þeim sem fylgja vel kristnum siðum, eins og Hákon, fer vel að lokum og þeir sem láta af allri forneskju og tilbiðja hinn sanna kristna guð, eins og Ölvir, verða hólpnir. Að endingu þiggja svo báðir skip af Sveini Danakonungi, snúa aftur heim til Noregs og setjast að föðurleifð sinni sem miklir gæfumenn. Þannig eru sögulok, og ekki er meira frá þeim sagt. Slík sögulok eru alltaf í konungasagnaþáttum, en í annars konar frásögnum, hvort heldur sem er Íslendingasögum, fornaldarsögum, riddarasögum eða annars konar sögum er iðulega getið um að hetjan hafi kvænst og átt afkomendur, sem taldir eru upp.

Þessi rammi og þessi ríku tengsl gefa tilefni til að setja *Bragða-Ölvis sögu* og *Hákonar sögu Hárekssonar* í samhengi hvora við aðra. Erfitt er þó að fullyrða það að *Hákonar saga Hárekssonar* og *Bragða-Ölvis saga* séu í raun konungasagnaþættir. Varðveisla þeirra styður ekki þá hugmynd. Hins vegar blasir það einnig við að hin raunverulega söguhetja þeirra er Sveinn Danakonungur, en ekki Hákon eða Ölvir. Þeir koma litlu sem engu áleiðis og eru aðeins það í þeirri fléttu sem sniðin er í frásögninni til þess að varpa ljósi á Svein Danakonung. Allt sem gerist í frásögnum þessum, öll ævintýri Hákonar og Ölvis, gerast fyrir tilstuðlan Sveins. Það er konungurinn sem er drifkraftur frásagnarinnar í raun.

Ein skilgreining konungasagnaþátta er að þættirnir eru frásagnir, samofnar konungasögum, sem hafa það hlutverk að varpa ljósi á konung; þeir lýsa einstökum konungum, lýsa góðum

eiginleikum sem konungur þarf að hafa og lýsa rétttri hegðun þegna við konunglega hirð.<sup>409</sup> Öll þessi einkenni er að finna í *Hákonar sögu Hárekssonar* og í *Bragða-Ölvis sögu*, sem báðar varpa ljósi á Svein Danakonung, þar sem konungi er lýst sem heilráðum, réttisnum, gjafmildum og sem sérlegum fulltrúa kristinnar trúar – hann gegnir jafnvel eiginlegu kristniboðshlutverki. Þá er einnig rík áhersla á að ráðum konungs skuli fylgja, það fer vel fyrir þeim sem fylgir ráðum konungs, líkt og Hákon gerir, en sá sem brýtur gegn ráðum konungs mun aðeins rata í vandræði, eins og Ölvir.

Sé titið til *Bragða-Ölvis sögu* nánar má sjá hvernig Sveinn Danakonungur er í raun í aðalhlutverki frásagnarinnar og öll framvindan miðast við að varpa ljósi á hann. Fyrst má nefna það hve réttisynn Sveinn konungur er. Þegar Ölvir leitar til hans og biður hann að dæma í máli sínu og lýsir því yfir að hann hafi vegið úlf og björn dæmir konungur á þann veg að Ölvir hafi verið í rétti þar sem úlfar og birnir eiga engan rétt á sér. Eftir að Sveinn hefur fellt þann dóm játar Ölvir fyrir honum að hann hafi í raun vegið þá bræður Úlf og Björn. Konungur hefði þar getað refsað Ölvi fyrir þau vígaferli, en þar sem hann hafði þegar fellt dóm í málinu segist hann ekki ætla að taka aftur orð sín, dómurinn skal standa. Hins vegar refsar hann Ölvi fyrir þessa blekkingu með því að hann skuli fara sendiferð konungs að drepa útlagan Áka. Þar er Ölvi refsað fyrir blekkinguna, en ekki fyrir vígaferlin. Í þessari senu er lögð áhersla á Svein sem réttlátan konung en sömuleiðis er hann gjafmildur. Hann eykur við nafn Ölvis og nefnir hann Bragða-Ölvi og gefur honum þar með gullhring að nafnfesti. Hann gefur honum enn fremur menn og skip til þess að Ölvir megi koma þessari sendiferð hans til leiðar, þar með Sverri sem verður félagi Ölvis. Sverrir er að vissu leyti líka aðeins framlenging á Sveini sjálfum innan frásagnarinnar, og þegar Ölvir segist vilja drepa skálabúann Rauð í svefni ráðleggur Sverrir honum gegn því og minnir hann á fyrsta heilræði Sveins. Sömuleiðis þegar menn borgargreifans hafa handtekið Ölvi er Sverrir óbeint þess valdandi að annað heilræði Sveins verði ekki brotið – með því að biðja Randiborgu um að hjálpa Ölvi og hún biður klukkarana að hringja til tíða á hvítasunnu forðar hann Ölvi frá því að vera líflátinn á helgum degi.

Þrátt fyrir að vera aðalsöguhetjan, þá gerir Ölvir í raun fátt annað en að koma sér í vandræði. Honum tekst að koma sér í klandur í Danmörku og drepa þar Úlf og Björn, og hann glatar skipi sínu og mönnum sem faðir hans sendi hann að heiman með. Heilræði Sveins konungs eru það sem drífa frásögnina áfram í raun og veru, Ölvir brýtur gegn þessum heilráðum og kemur sér þannig í enn frekari vandræði. Að lokum tekst Ölvi ekki að ljúka sendiferð sinni af eigin rammleik, hann er ekki fær um að sigrast á útlaganum og berserknum Áka nema aðeins með

---

<sup>409</sup> Ármann Jakobsson, „Rundt om kongen; en genvurdering af Morkinskinna“, bls. 86.

guðlegri aðstoð, með því að heita á þann guð er Sveinn konungur lofar. Þannig er Sveinn Danakonungur ávallt í kjarna frásagnarinnar og í raun gegnir hann hinu eiginlega aðalhlutverki í frásögninni.

Í heilræðum Sveins má einnig sjá tilvísun til konungasagnanna, þar sem vísað er óbeint í efni sem þar kemur fram og stendur utan við hina eiginlegu frásögn. Heilræði Sveins má setja í samhengi við líf Sveins Danakonungs og sögu hans – ein og sér eru heilræðin góð og brot gegn þeim drífur frásögnina vissulega áfram. En séu heilræðin sett í samhengi við upplýsingar sem fram koma í konungasögunum öðlast þau enn meiri dýpt. Fyrsta heilræði Sveins, að svíkja ekki mann í tryggðum, mætti setja í samhengi við tryggðarrof Haralds harðráða við Svein eftir að þeir höfðu gert með sér félag og herjað gegn Magnúsi góða eins og sagt er frá í *Haralds sögu harðráða*<sup>410</sup> eða þá við tryggðarrof Sveins við Magnús góða eftir að hann hafði fengið jarlsnafn en gerðist svo konungur eins og *Magnús saga góða* segir frá.<sup>411</sup>

Annað heilræði Sveins, að höggva eigi óvin sinn á helgum tíðum, öðlast að sama skapi aukið vægi sé það sett í samhengi við frásögn 152.–153. kafla *Ólafs sögu helga* í *Heimskringlu*, þar sem segir af Úlfi jarli, föður Sveins, en hann var veginn á Mikjálsmessu:

Knútr konungr reið upp til Hróiskeldu dag inn næsta fyrir Mikjálsmessu ok með honum sveit mikil manna. En þar hafði gort veizlu í móti honum Úlfr jarl, mágr hans. Veitti jarl allkappsamliga ok var allkáttr. Konungr var fámálugr ok heldr ófrýnn. Jarl orti orða á hann ok leitaði þeira málsenda, er hann vætti, at konungi myndi bezt þykkja. Konungr svarar fá. Þá spurði jarl, ef hann vildi leika at skáktafli. Hann játti því. Tóku þeir þá skáktaflit ok léku. Úlfr jarl var maðr skjótorðr ok óvæginn bæði í orðum ok í qllum qðrum hlutum ok inn mesti framkvæmdarmaðr um ríki sitt ok hermaðr mikill, ok er saga mikil frá honum sǫgð. Úlfr jarl var maðr ríkastr í Danmǫrku, þegar er konunginn líddi. Systir Úlfs var Gyða, er átti Guðini jarl Úlfnaðarsson, ok váru synir þeira Haraldr Englandskonungr, Tósti jarl, Valþjófr jarl, Mǫrukári jarl, Sveinn jarl. Gyða hét dóttir þeira, er átti Eatvarðr inn góði Englakonungr. En er þeir léku at skáktafli, Knútr konungr ok Úlfr jarl, þá lék konungr fingrbrjót mikinn. Þá skækði jarl af honum riddara. Konungr bar aptr tafl hans ok segir, at hann skyldi annat leika. Jarl reiddisk ok skaut niðr taflborðinu, stóð upp ok gekk í brot. Konungr mælti: „Rennr þú nú, Úlfr inn ragi.“ Jarl snøri aptr við dyrrin ok mælti: „Lengra myndir þú renna í Ánni helgu, ef þú kvæmir því við. Kallaðir þú eigi þá Úlf inn raga, er ek lagða til at hjálpa þér, er Svíar bǫrðu yðr sem hunda.“ Gekk jarl þá út ok fór til svefns. Litlu síðar gekk konungr at sofa. Eptir um morguninn, þá er konungr klæddisk, þá mælti hann við skósvein sinn: „Gakk þú,“ segir hann, „til Úlfs jarls ok drep hann.“ Sveinninn gekk ok var á brott um hrið ok kom aptr. Þá mælti konungr: „Draptu jarl?“ Hann svarar: „Eigi drap ek hann, því at hann var genginn til Lúcius-kirkju.“ Maðr hét Ívarr hvíti, norrœnn at kyni. Hann var þá hirðmaðr Knúts konungs ok herbergismaðr hans. Konungr mælti til

<sup>410</sup> 18.–22. kafli í *Heimskringlu*, 3. bindi, bls. 91–98; 16. kafli í *Morkinskinnu*, 1. bindi, bls. 120–124, 51.–52. kafli í „Fagurskinnu“, *Ágrip af Noregskonunga sǫgum, Fagrskinna – Noregs konunga tal*, bls. 238–243.

<sup>411</sup> 22.–25. kafli í *Heimskringlu*, 3. bindi, bls. 36–41; 5. kafli í *Morkinskinnu*, 1. bindi, bls. 43–55; 49. kafli í „Fagurskinnu“, *Ágrip af Noregskonunga sǫgum, Fagrskinna – Noregs konunga tal*, bls. 218–221.

Ívars: „Gakk þú ok drep jarl.“ Ívarr gekk til kirkju ok innar í kórin ok lagði þar sverði í gognum jarl.  
Fekk þar Úlfr jarl bana.<sup>412</sup>

Reyndar mætti einnig setja þennan atburð í samhengi við heilræði Sveins í *Hákonar sögu Hárekssonar*. Heilræði Sveins þar um að sitja messu vekur upp tengsl við það hvernig það að fara til kirkju og sitja messu forðaði Úlfi jarli frá því að vera veginn af skósveini Knúts konungs, þótt það hafi ekki forðað honum frá Ívari hvíta. Í bráðri reiði og fljótræði Knúts konungs yfir skákinni sem varð þess valdandi að Úlfr jarl var veginn mætti einnig túlka heilræði Sveins um að lesa þrisvar *pater noster* áður en óvinur væri hogginn til bana.

Þriðja og síðasta heilræði Sveins til Ölvis, að girnast ekki annars manns konu, mætti einnig með góðum vilja finna samsvörun við – þótt það sé ekki jafn borðleggjandi og hin fyrri. Frá samtímaheimildum, og seinni tíma heimildum, er vitað að Sveinn konungur átti sér margar frillur og frillubörn. Í einhverjum heimildum er einnig vísað í að hann kunni að hafa ratað í einhver vandræði fyrir að giftast náfrænku sinni, í sumum heimildum móður fyrri eigikonu sinnar, sem var ekkja.<sup>413</sup> Þá eru einnig til seinni tíma heimildir sem gefa í skyn að Sveinn hafi kvænst Ellisif af Kiev, sem kvænt var Haraldi harðráða.<sup>414</sup> Nákvæmlega hver kvennavandræði Sveins voru er óljóst og ekki mikið ritað um þau í varðveittum heimildum sérstaklega – en þeim ber þó saman um að hann hafi ratað í kvennavandræði. Heilræði Sveins virðast vísa til konungasagna og til atburða sem eiga sér stað utan við frásögn *Bragða-Ölvis sögu*, sem ætti vel við væri efnið konungasagnaþáttur, en væri erfðara að útskýra væri frásögnin aðeins sjálfstæð frásögn.

Þá er einnig áhugavert að líta á kenningu Joseph Harris um konungasagnaþætti sem karllægar bókmenntir, þar sem hann benti á að konur eru sjaldnast með viðamiklú hlutverk í þáttum og þegar þær koma fyrir eru þær iðulega í hlutverki sem miðar frásögninni áfram: „In the dozen or so stories of this group where a woman does play a more than nominal role, she is usually an agent (or merely an incident) in the alienation or reconciliation of the men“.<sup>415</sup>

Við fyrstu sýn virðist þetta stangast á við *Bragða-Ölvis sögu*, þar sem allavega tvær kvenpersónur virðast gegna þýðingarmiklu hlutverki. Hér ber ef til vill að líta nánar á konurnar í sögunni. Fyrst er Hildur, fóstura Ölvis. Hún er í raun ekki annað en fulltrúi heiðni og fjölkynngi, sem er teflt upp á móti Sveini konungi og kristinni trú. Hún veitir Ölvi yfirnáttúrulega aðstoð, en aðstoð hennar bregst eftir að Ölvir kemst í kynni við Svein. Það að aðstoð fósturrar fjölkunnugu dugir ekki til að vinna sigur á útlaganum Áka, jafnvel eftir að Ölvir hefur nefnt hana

<sup>412</sup> *Ólafs saga helga*, Heimskringla, 2. bindi, bls. 284–285.

<sup>413</sup> Adam frá Brim og Saxo Grammaticus vekja máls á þessu.

<sup>414</sup> Nielsen, *Danmarks konger og dronninger* (Kaupmannahöfn: Lademann Forlagsaktieselskab, 1981), bls. 14.

<sup>415</sup> Harris, „Gender and genre: Short and long forms in the saga literature“, „*Speak useful words or say nothing*“: *Old Norse studies by Joseph Harris*, ritstj. Deskis og Hill (New York: Cornell University Library, 2008), bls. 275.

og heitið á hana, er til þess að beina frekari dýrðarljóma á Svein sem fulltrúa kristinnar trúar. Guð sá sem Sveinn konungur trúir á, og stendur fyrir, er henni yfirsterkari. Randiborg hefur einnig veigamikið hlutverk, en hún er þó tengd kristilegum boðskap og þjónar hlutverk hennar frekar þeim tilgangi að varpa ljósi á Svein. Tilfinningarík viðbrögð hennar við ódæði Ölvis draga fram hve illt er að brjóta gegn heilræði konungs, og það að hún láti klukkarana hringja til tíða á hvítasunnu verður til þess að öðru heilræði hans er óbeint framfylgt. Hún gegnir, eins og Sverrir, aðeins því hlutverki að vera framlenging eða fulltrúi Sveins í frásögninni. Eftir brúðkaup hennar og Ölvis er hún með öllu úr sögunni, þótt hún haldi áfram að vera fulltrúi hinna nýju trúarbragða sem fylgja nú Ölvi inn í nýtt líf.

Þá mætti vel ímynda sér að þessi jákvæða mynd sem birtist af Sveini Danakonungi geti þjónað því hlutverki að varpa ljósi, í víðari samhengi, á fleiri konunga, eins og Magnús hinn góða eða Harald harðráða. Einnig ber að líta á hlutverk Sveins sem fulltrúa kristinnar trúar, sem er áberandi í bæði *Hákonar sögu Hárekssonar* og *Bragða-Ölvis sögu*, en sú ímynd kemur að öðru leyti ekki fram í íslenskri sagnahefð eins og sjá má af konungasögunum, en er hins vegar sótt í samtímaheimildir og sagnarit fyrri alda. Ljóst er að þessar tvær frásagnir hafa notfært sér þau rit sér til stuðnings – sem samræmist vel konungasagnaritun þar sem heimildir liggja að baki frásögninni – en passar engan veginn ef líta ætti á efnið í samhengi við fornaldarsögur þar sem slíkar frásagnir hafa enga þörf fyrir sagnfræðilegan áreiðanleika.

Ein og sér getur *Bragða-Ölvis saga*, að einhverju leyti, alveg staðið sem frásögn. Hún er knöpp en rík af ævintýraleikum minnum og hefur visst skemmtanagildi, en aðeins með því að setja hana í samhengi við konungasagnaþætti og lesa hana út frá til dæmis *Heimskringlu* og *Morkinskinnu*, út frá *Magnús sögu góða* og *Haralds sögu harðráða*, fæst ákveðin dýpt í sagnaefnið sem gefur henni meira vægi. Hugmyndin um að *Bragða-Ölvis saga* og *Hákonar saga Hárekssonar* gætu verið konungasagnaþættir í grunninn, sem síðar hafi einangrast, orðið viðskila við stærri heild konungasagna og aðeins varðveist sem sjálfstæðar frásagnir er að öllu saman lögðu, ekki ólíkleg. Báðar frásagnir má rekja til 15. aldar í handritum, annars vegar í prósa og hins vegar í rímum, báðar eru sprotnar upp úr því tímabili þar sem fyrst verður vart við þá tilhneigingu að taka þætti út fyrir heild konungasagna og skrá sjálfstætt. Í báðum tilvikum eru vísbendingar um að þær byggist á eldri og glötuðum skrifum og báðar falla þær vel að þáttum konungasagna hvað form og efnistöð varðar. Þær bera allt með sér sem til þarf, til þess að falla undir konungasagnaþætti – nema varðveisluna. Þá má á sama tíma draga athygli að þeirri staðreynd að varðveisla Ölvis-efnisins er mjög flókin og þar er enn margt á huldu um elstu stig varðveislunnar eins og rakið er í 4. kafla. Á meðan öðrum vísbendingum er ekki að heilsa, verður þó erfitt að sýna fram á það með óyggjandi hætti að *Bragða-Ölvis saga*, og *Hákonar saga*

*Hárekssonar*, séu konungasagnaþættir í raun. Hvernig sem þessar sögur kunna að hafa þróast á síðari tímum, í sjálfstæðri mynd sinni, þá er engu að síður gagnlegt að skoða þær í samhengi og í ljósi þeirrar hefðar sem umkringir konungasögur. Í því ljósi verður *Bragða-Ölvis saga* best skilin.

## 2.5 Flokkun *Ölvis rímna sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*

Umræðan hér að framan sýnir að þrátt fyrir tengsl við fornaldarsögur, Íslendingasögur og annað efni eru tengsl *Bragða-Ölvis sögu* og *Ölvis rímna sterka* mest áberandi við konungasögur og konungasagnaþætti. En sagan er hvergi varðveitt nema sem sjálfstæð frásögn. Hvar skal nú skipa Ölvi Hákonarsyni á bekk?

Sagnaefnið um Ölvi, eins og það er varðveitt í dag, verður best skilið með því að setja það í samhengi við tvenns konar frásagnir, konungasagnaþætti og fornaldarsögur. Það hefur varðveist sem sjálfstæð frásögn sem í núverandi mynd minnir hvað mest á fornaldarsögur. Einkenni fornaldarsagna innan frásagnarinnar þjóna því hlutverki að upphefja og skerpa á kristilegum boðskap hennar. Söguefnið á sér rætur í nú glataðri prósafrásögn sem hefur að einhverju leyti verið fyllri. Líkast til var sú frásögn þó ekki mikið lengri, en það eru örfá atriði sem virðast hafa fallið burt, og þá aðallega í kringum hina fjölkunnugu fóstru, Rauð og annað heilræði Sveins. Það þurfa því ekki að vera nema nokkrar línur af rituðum texta sem féllu brott eða rötudu ekki inn í rímurnar. Sé litið til formgerðar og efnistaka mætti vel setja sagnaefnið um Ölvi Hákonarson í samhengi við þætti konungasagna, þótt erfitt reynist að skilgreina það sem slíkt, sökum varðveislú. Bæði vegna þess að þættir eru í raun ekki sérstök bókmenntategund heldur hlutar stærri konungasagna og vegna þess að efnið um Ölvi hefur ekki varðveist sem slíkt heldur aðeins sem sérstæð frásögn. Þó verður að benda á að samhengi handritageymdar sögunnar styður við tengsl hennar við slíkar frásagnir. Í elstu varðveittu handritum er *Bragða-Ölvis saga* oft í návígi við þætti konungasagna eða konungasögur, ásamt því að standa með fornaldarsögum og riddarasögum. Eigi að skipa sögunni um Ölvi sæti innan íslenskra bókmenntategunda miðalda, fer best á því að setja hana í samhengi við konungasagnaþætti eða þá að kalla sagnaefnið í núverandi mynd frásögn með sterk tengsl við eða áhrif frá konungasögum. Þrátt fyrir að sú konungasaga finnist ekki, sem geymir Ölvis-efnið og til dæmis Hákonar-efnið saman, þá hlýtur niðurstaðan engu að síður að verða sú að söguna beri að telja til þeirra. Hvort sem litið er á efni, formgerð, stíl og minni verður ekki annað séð en að þar sé *Bragða-Ölvis saga* best geymd. Bygging hennar og efnistöð falla vel að formi konungasagnaþátta og áhrif þaðan eru skýr. Ekki

er hægt að líta fram hjá þeim áhrifum og tengslum þegar tilraun er gerð til þess að setja efnið í samhengi við íslenska bókmenntaflóru fyrri alda. Visast mætti líta á sagnaefnið sem ævintýrlegan konungasagnabátt með kristilegu ívafi – sem sagnaefni sem hefur skilist frá upphaflegu samhengi sínu og þróast í aðra átt, þar sem frásögnin fór að hverfast meir um kynferðisleg átök og örlög.

### 3. Ölvis rímur sterka

Rímnaflokkurinn um Ölvi sterka Hákonarson er varðveittur í heild sinni í tveim handritum, AM 616 d 4to og NKS 1133 fol., en einnig er brot af sjöttu og síðustu rímunni varðveitt á einu blaði í þriðja handritinu, AM 603 4to, sem jafnan er nefnt *Hólsbók*. Rímnaflokkinn er því að finna í alls þremur textavitnum (þ.e. mismundandi handritum/uppskriftum) en töluverður munur er á milli þeirra. Samanburður texta sýnir þó að um sama rímnaflokk er að ræða; þetta eru ekki tveir eða fleiri rímnaflokkar ortir af sitthvoru rímnaskáldinu um sama efni heldur einn og sami flokkurinn. Mismun uppskriftanna má rekja til munnlegrar geymdar og afritunar. Frá 17. öld er einnig varðveitt prósagerð, *Bragða-Ölvis saga*, byggð á rímunum, en hana er að finna í alls sautján handritum. Prósaagerðin varðveitir þó lítið efni umfram rímurnar nema í yngsta handriti hennar. Rímurnar virðast byggðar á eldri sögu, líkast til þætti úr konungasögu, sem nú er glötuð.

Elsta handrit rímnanna er brotið í *Hólsbók*, en handritið er talið vera skrifað á 16. öld – þar eru nú aðeins varðveittar 22 vísur aftan af sjöttu og síðustu rímu flokksins. Upp úr miðri 17. öld er handritið AM 616 d 4to skrifað, en þar eru rímurnar mjög frábrugðnar því sem varðveitt er á brotinu – niðurlag sjöttu rímu er allt öðruvísi og eru rímurnar 6, eða alls 260 vísur. Á seinni hluta 18. aldar er NKS 1133 fol. skráð eftir AM 603 4to, að talið er.<sup>416</sup> Þar eru rímurnar líka 6 talsins, en vísurnar eru alls 291. Þá er einnig smávægilegur munur á orðmyndum milli *Hólsbókar* og NKS 1133 fol. sem má líklega rekja til afritunarinnar.

Aldur *Ölvis rímna sterka* er óviss og fyrri tilraunir til aldursgreiningar eru byggðar á lauslegum samanburði, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ákveðinna atriða. Þá hefur líka reynst erfitt að greina flokkinn hingað til þar sem ekki voru fyrir hendi uppskriftir eftir öllum textavitnum. Alfred G. Hooper, sá eini sem hingað til hefur rannsakað *Ölvis rímur sterka* sérstaklega, taldi rímurnar vera frá 15. öld, en benti á mögulegan uppruna þeirra á fyrri hluta aldarinnar.<sup>417</sup>

Björn Karel Þórólfsson skipaði íslenskum miðaldarímum í aldursröð í bók sinni *Rímur fyrir 1600* (1934) og skipti þeim jafnframt upp í fjögur tímabil. Björn mótaði skiptingu tímabila og reyndi að afmarka þau við þekkt og nafngreind skáld.<sup>418</sup> Þar af leiðandi eru tímabil hjá Birni mislög; þau skiptast m.ö.o. ekki upp eftir aldarhelmingum, enda verða þau

---

<sup>416</sup> Kålund, *Katalog over de Oldnorsk-Islandske håndskrifter i det store Kongelige bibliotek og i Universitetsbiblioteket (udenfor den Arnemagnæanske samling) samt den Arnemagnæanske samlings tilvækst 1894–99*, I. bindi (Kaupmannahöfn: Gyldendalske boghandel, 1900), bls. 117.

<sup>417</sup> Hooper, „Bragða-Ölvis saga“, bls. 44.

<sup>418</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 289–291.

að teljast fremur óhentug, þar sem hæpið er að miða aldursgreiningu rímna við nafngreind skáld sem óvíst er hvenær voru uppi og hvort þau hafi án alls vafa ort þá rímnaflokkka sem þeim eru eignaðir.<sup>419</sup> Í umfjöllun sinni um *Ölvis rímur sterka* telur hann rímurnar ungar, og skipar þeim sess á þriðja skeiði rímna, sem hann setur á milli Orms Loftssonar (1400–1446) og Sigurðar blinds (s.h. 15. aldar – f.h. 16. aldar).<sup>420</sup>

Haukur Þorgeirsson endurskoðaði flokkun Björns í doktorsritgerð sinni frá árinu 2013, *Hljóðkerfi og bragkerfi: Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*, og aðlagði hann tímasteiðin fjögur að aldarhelmingum.<sup>421</sup> Haukur færir *Ölvis rímur sterka* þó ekki mikið til og tímasetur þær einnig á þriðja skeið rímna, sem er í hans framsetningu á árunum milli 1450 og 1500.<sup>422</sup> Í grein sinni um fyrstu rímnaskáldin setur hann þó einnig fram kenningar um hvernig notast megi við ákveðin máleinkenni rímna til að aldursgreina þær. Miðað við aðferð hans þar greinir hann *Ölvis rímur sterka* sem innihaldandi 13,7% unglegra einkenna, en það hnikar röðun þeirra í raun ekki. Þau unglegu einkenni *Ölvis rímna sterka* eru 3 tilvik af samrímum langra og stuttra sérhljóða og 1 tilvik um samrímum e:é, engu að síður benda þær niðurstöður til þess að rímurnar ætti að tímasetja fyrir 1450, þegar slík unleg einkenni verða algengari.<sup>423</sup>

Það er ýmsum vandkvæðum háð að aldursgreina rímur og því þarf að athuga öll aldursgreinandi einkenni ítarlega áður en unnt er að tímasetja rímnaflokkka með vissu. Rímnahefðin virðist föst í skorðum og er sérstök að því leyti að ákveðnir steingervingar í málinu festast í rímum og haldast þar lengi og á móti eru mörg tökuorð sem skjóta fyrst upp kollinum í rímum. Þá er einnig óljóst hvernig rímurnar enduðu í meðferð skrifara. Elstu rímur eru ekki varðveittar í frumriti og skrifarar aðlöguðu gjarnan stafsetningu og orðmyndir að hætti nýrra tíma, svo að erfiðara er að greina þau atriði nema með ítarlegri athugun. Hér verður gerð tilraun til að aldursgreina *Ölvis rímur sterka* með ítarlegri bragfræðilegri og málsögulegri athugun, en með því verður reynt að sýna fram á að rímnaflokkurinn muni vera heldur eldri en gert er ráð fyrir hjá þeim Birni og Hauki. Rímurnar verða hér taldar til elstu rímna og gætu verið ortar milli 1400 og 1450, eins og Hooper hafði áður getið sér til um.

---

<sup>419</sup> Sem dæmi mætti nefna Sigurð blind sem eru eignaðir nokkrir rímnaflokkar, en óvíst er nákvæmlega hvenær hann var uppi. Sjá Ármann Jakobsson, „The Homer of the north or who was Sigurður the blind?“, *European journal of Scandinavian studies*, 44. árg. (2014), bls. 4–19.

<sup>420</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 418–419.

<sup>421</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 248.

<sup>422</sup> *Ibid.*, bls. 255.

<sup>423</sup> Haukur Þorgeirsson, „Fyrstu rímnaskáldin“, *SÓN: Tímarit um óðfræði*, 19. árg. (2021), bls. 29–31.

### 3.1 Handrit og varðveisla

Minnstu mátti muna að rímurnar um Ölvi sterka Hákonarson hefðu glatast með öllu. Aðeins brot, eða eitt blað, hefur varðveist af rímunum á skinni og þar fyrir utan hafa aðeins varðveist tvö textavitni rímnanna í heild sinni. Á milli þeirra er þó nokkur munur sem ber vitni um að rímnaflokkurinn hafi snemma ratað inn í munnlega geymd og tekið þar breytingum. Rímurnar byggjast á eldri sögu, eða söguþætti, sem ekki hefur varðveist en virðist hafa verið þekkt um 1400. Prósagerð, sem byggist á rímunum, er þó varðveitt en er lítið annað en knöpp endursögn á efni rímnanna. Ef til vill mætti álykta sem svo að þessi fáu textavitni bendi til þess að *Ölvis rímur sterka* hafi ekki verið vinsælar, þar sem fjöldi handrita ber að jafnaði vitni um vinsældir sagna og rímna. Einnig gæti verið að efni rímnanna hafi þótt svo klúrt að menn hafi veigrað sér við að skrá þær á blað. Líklegast má þó telja að aðgengi manna að textavitnum rímnanna hafi ráðið mestu um útbreiðslu þeirra. Eins og safnmörk eldri handritanna beggja vitna um, bárust þau bæði utan með Árna Magnússyni snemma á 18. öld og tilheyrðu þar eftir safni hans. Því má gera ráð fyrir að eftir að Árni hafi farið utan með handrit rímnanna hafi engin textavitni verið eftir á Íslandi og tækifæri til uppskrifta því ekki til staðar.

Þrátt fyrir þessar litlu vinsældir rímnanna, að því er virðist, var enn ort um Ölvi Hákonarson á 19. öld, þegar rímnaskáldið Sigurður Breiðfjörð (1798–1846) mun hafa ort nú glataðan rímnaflokk um Bragða-Ölvi. Í *Rímunum af Þórði hræðu* segir hann í mansöng fyrir 10. rímu: „Fyrsta sinn um fræðalag/ fór ég við að leita/ kvað þá Ölvis bragða brag/ basl þó megi heita.“<sup>424</sup> Sigurður kveðst hafa ort um Ölvi þegar hann var einungis 11 ára gamall, eins og fram kemur í mansöngsvísu fyrir *Svoldar rímunum*: „Af Bragða-Ölvi brag ég gerði í basli letra/ átta þá og þriggja vetra“.<sup>425</sup> Sigurður gæti ekki hafa komist í færi við þau rímnahandrit sem voru erlendis, enda fór hann ekki utan til náms fyrr en þremur árum eftir að hann orti rímurnar – svo það mætti ætla að hann hafi ungur ort út frá prósagerðinni, sem gekk í uppskriftum fram á 20. öld. Hugsanlega hefur Sigurður heyrt eða lesið söguna ungur, en hann er fæddur og alinn upp að Rifgirðingum á Breiðafirði,<sup>426</sup> þar sem prósagerðin gekk manna á milli til uppskrifta á seinni hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar.

---

<sup>424</sup> Sigurður Breiðfjörð, „Rímur af Þórði hræðu“, *Rímnasafn*, 1. bindi, útg. Sveinbjörn Beinteinsson (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1971), bls. 127, X 4; Arndís Hulda Auðunsdóttir, „Lítil sköpun þroska nær“: Rannsókn á mansöngvum Sigurðar Breiðfjörð, Lokaritgerð til meistaraprófs, 2015, bls. 61; Jóhann Gunnar Ólafsson, „Sigurður Breiðfjörð: 150 ára minning“, *Andvari*, 73. árg, 1. tbl. (1948), bls. 55.

<sup>425</sup> Sigurður Breiðfjörð, „Svoldarrímur“, *Rímnasafn*, II. bindi, útg. Sveinbjörn Beinteinsson, bls. 64, VII 5; Arndís Hulda Auðunsdóttir, „Lítil sköpun þroska nær“: Rannsókn á mansöngvum Sigurðar Breiðfjörð, bls. 61; Jóhann Gunnar Ólafsson, „Sigurður Breiðfjörð: 150 ára minning“, bls. 55.

<sup>426</sup> Jóhann Gunnar Ólafsson, „Sigurður Breiðfjörð: 150 ára minning“, bls. 36.

Auk hinna þriggja varðveittu textavitna þá er titilsíðu fyrir *Ölvis rímur sterka* að finna í fjórða handritinu, JS 65 4to, en þar á eftir fylgja auðar blaðsíður og ekki annað að sjá en að rímurnar hafi aldrei verið skrifaðar upp. Það handrit mun Jón Eggertsson hafa keypt á Íslandi fyrir 2 ríkisdali árið 1682 þegar hann safnaði handritum fyrir Svía. Í skýrslu sinni yfir Íslandsferð sína og handritakaup er handritið númer 27 á lista hans yfir keypt handrit í fjórðungsbroti og er því nefnt \*JE 27 4to.<sup>427</sup> Í skýrslunni nefnir hann að í handritinu séu *Rémundar rímur Rígarðssonar*<sup>428</sup>, *Vilhjálmur rímur sjóðs*<sup>429</sup>, *Egils rímur Skallagrímssonar*<sup>430</sup>, *Griplur*, *Ölvis rímur sterka* og *Skotlands rímur*.<sup>431</sup> Samkvæmt lýsingu hans munu *Ölvis rímur sterka* þar einnig hafa verið 6 rímur. Hann segir handritið vera gamalt, en það getur varla staðist því megnið af þeim rímum sem handritið hafði að geyma eru ortar á tímabilinu 1600–1645. Líklegast hefur það verið skráð um miðja 17. öldina. Handritið endaði hjá Svíum ásamt öðrum handritum sem Jón safnaði í þessari ferð sinni en það hefur ekki varðveist, svo líklegt verður að teljast að það hafi glatast í brunanum í Stokkhólmshöllinni Tre kronor árið 1697, en þar var konunglega bókhlaðan í Stokkhólmi hýst. Talið er að af rúmlega 1400 handritum bókhöfundunnar hafi einungis um 300 handrit bjargast úr eldinum.<sup>432</sup> Handritið \*JE 27 4to var að öllum líkindum þar á meðal. Það er því ljóst að varðveisla efnisins um Ölvi Hákonarson er fremur stopul, textavitni rímnanna fá til skiptanna og þar með ekki úr miklu að móða – svo fyrir vikið þarf að greina það sem þó hefur lifað af, þeim mun ítarlegar.

### 3.1.1 *Hólsbók* – AM 603 4to (H)

Örstutt brot aftan af sjöttu og síðustu rímu *Ölvis rímna sterka*, eða 22 vísur, er varðveitt í *Hólsbók*, sem var skrifuð um 16. öldina miðja.<sup>433</sup> Skrifari skiptir vísu upp með því að setja // aftan við hverja vísu. *Hólsbók* er skinnhandrit, blaðsíðumerkt, með hendi ónefnds skrifara<sup>434</sup>

<sup>427</sup> Klemming, *Ur en antecknares samlingar* (Uppsala: E. Berling, 1880–82), bls. 38.

<sup>428</sup> *Rémundar rímur Rígarðssonar*, 24 að tölu, ortar af Jóni Guðmundssyni í Rauðseyjum, sjá *Rímnatal*, 1. bindi, útg. Finnur Sigmundsson, bls. 399–400.

<sup>429</sup> *Vilhjálmur rímur sjóðs*, 20 að tölu, ortar af Óttari Guðmundssyni um árið 1640. Aðeins nú varðveittar í einu handriti, Lbs 132 8vo, og enda þar í 13. rímu. Sjá *Rímnatal*, 1. bindi, útg. Finnur Sigmundsson, bls. 498.

<sup>430</sup> *Egils rímur Skallagrímssonar* 40 að tölu, ortar árið 1643 af Jóni Guðmundssyni í Rauðseyjum fyrir Eggert Björnsson, sjá *Rímnatal*, 1. bindi, bls. 110.

<sup>431</sup> *Skotlands rímur*, 6 að tölu, ortar af séra Einari Guðmundssyni á fyrri hluta 17. aldar. Nú aðeins varðveittar í einu handriti, AM 146 a 8vo. Sjá *Rímnatal*, 1. bindi, útg. Finnur Sigmundsson, bls. 440; Craigie, *Skotlands rímur: Icelandic ballads on the Gowrie conspiracy* (Oxford: Clarendon Press 1908).

<sup>432</sup> Grandien, *Stockholm i lågor* (Stokkhólmi: Bonnier 1968), bls. 18.

<sup>433</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir, „Jóðmæli“, *SÓN: Timarit um óðfræði*, 3. árg. (2005), bls. 52 og Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 5.

<sup>434</sup> Björn K. Þórólfsson telur að handritið sé allt skráð með einni hendi, sjá *Rímur fyrir 1600*, bls. 4. Stefán Karlsson taldi það þó rangt, og taldi að a.m.k. tvær hendur væru greinanlegar. Hann benti á að hlutar *Hólsbókar* væru skráðir

og telur nú 56 blöð, eða 112 blaðsíður. Skorist hefur ofan af síðum, svo titlar og textabrot eru ólæsileg eða illlæsileg víða. Skinnið er þykkt, blöðin mislit og sum hver mjög dökkleit og ógreinileg. Handritið er fremur máð og heilmikið hefur týnst úr því miðað við handritaskrá Jóns Ólafssonar úr Grunnavík í AM 477 fol, sem tekin var saman 1721–1741.<sup>435</sup> Skrá Jóns bendir til þess að mikið, jafnvel heilu rímnaflokkarnir, hafi glatast úr handritinu. Handritið inniheldur nú aðeins brot af *Ölvis rímum sterka*, á bl. 29r. *Hólsbók* er rímnabók, eða safn rímna sem telur nú um 20 rímnaflokkka, varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, í Reykjavík.

Eins og *Hólsbók* er varðveitt í dag, þá felur hún í sér:

- 1: *Klerka rímur*, 5 rímur, bls. 1–9.
- 2: *Áns rímur bogsveigis*, 8 rímur, bls. 9–25.
- 3: *Reinalds rímur gömlu*, brot – vantar aftan við, bls. 25–26.
- 4: *Sigurðar rímur þögla*, tvö brot, bls. 27–29.
- 5: *Geiplur*, brot – vantar aftan af, bls. 29–32.
- 6: *Hjálmþérs rímur*, brot, bls. 33–34.
- 7: *Skáld-Helga rímur*, brot, bls. 35–37.
- 8: *Sálus rímur og Nikanórs*, 11 rímur/brot, bls. 37–58.
- 9: *Ölvis rímur sterka*, brot, bls. 59.
- 10: *Blávus rímur og Viktors*, brot, bls. 59–60.
- 11: *Rímur af Sturlaugi starfsama*, 7 rímur/brot, bls. 61–71.
- 12: *Filippó rímur*, brot, bls. 71–72.
- 13: *Máðilar rímur*, brot, bls. 73.
- 14: *Ólafs rímur Tryggvasonar*, brot, bls. 73–80.
- 15: *Heimsósómi*, brot, bls. 81.
- 16: *Skaufhalabálkur*, brot, bls. 81–82.
- 17: *Deilur karls og kerlingar*, brot, bls. 83.
- 18: *Andra rímur*, 11 rímur/brot, bls. 84–110.
- 19: *Dínus rímur*, brot, bls. 110–112.
- 20: *Þorsteins rímur á Stokkseyri*, brot, bls. 112.

Árni Magnússon (1663–1730) fékk handritið á Íslandi árið 1704 frá Magnúsi Jónssyni frá Snóksdal (1675–1752) í Dalasýslu, en nefndi það *Hólsbók*: „Árni kenndi Magnús við Snóksdal en kallaði bókina *Hólsbók*. Magnús Jónsson var lærður í Skálholtsskóla, sonur séra Jóns Hannessonar í Snóksdal, og konu hans Guðbjargar Jónsdóttur, bjó með móður sinni, þá

---

með sömu hendi og AM 584 4to, sem geymir *Hektors sögu*, en það handrit er tímasett til 1500–1550. Sjá Stefán Karlsson, „Bókagerð Ara lögmanns Jónssonar“, *Gripla* XIX (2008), supra 34, bls. 23.

<sup>435</sup> Sjá AM 477 fol., og einnig handrit.is, færslu við AM 603 4to. Meðal þess efnis sem Jón telur upp, en er nú glatað, er: *Geðraunir* (*Hrings rímur og Tryggva*), *Rímur af Geirarð*, *Skikkju rímur*, *Landrés rímur*, *Virgiles rímur* og *Griplur*.

ekku að Hóli á Hörðudal árið 1703, því kenndi Árni bókina við þann bæ.<sup>436</sup> Þess er ekki getið hvaðan Magnús hafði handritið, en hann var vel ættaður og átti ættir að rekja til Magnúsar prúða Jónssonar, rímnaskálds og sýslumanns, og til Hannesar Eggertssonar hirðstjóra.<sup>437</sup> Það er því ef til vill ekki svo skrytið að Magnús hafi átt rímnahandrit, eða þá átt handrit með rímum um norska hetju í þjónustu við danskan konung – án þess að nokkur ályktun verði dregin þar af.

Árni Magnússon hefur átt við handritið; á spássíum þess má finna athugasemdir með hans hendi og eftir að hann fékk það í hendur skipti hann handritinu í tvennt. *Hólsbók*, sem er sögð rímnabók, innihélt einnig nokkuð af trúarlegum kveðskap. Hlutarnir bera nú safnmörkin AM 720 b 4to og AM 603 4to; hið fyrrnefnda geymir kvæðasyrþuna, en hið síðarnefnda rímur.<sup>438</sup> Ferill handritsins er ekki rakinn í handritaskrár að öðru leyti, en það var afhent Árnastofnun í Reykjavík þann 3. mars 1978, eftir að hafa verið innan um önnur handrit Árna í Kaupmannahöfn.<sup>439</sup>

### 3.1.1.1 Mállýsing

Í *Hólsbók* er eitt blað varðveitt af *Ólvis rímum sterka*, svo hafa þarf í huga að úrtak til mállýsingar er takmarkað, og er mállýsing hér því ívið ítarlegri en við önnur handrit. Stafsetning á brotinu gefur einungis að litlu leyti vísbendingu um aldur, en það litla sem varðveitt er bendir til tímabils um 1400. Málstig textans samræmist ekki ritunartíma hans, sem er um miðja 16. öld, þar sem fáein forn málfarseinkenni blandast við stafsetningu skrifarans. Þetta gæti bent til þess að skrifari hafi reynt að fylgja forriti sínu vel eftir. Svo langt sem hún nær, mætti telja að stafsetning í handriti endurspegli að einhverju leyti glatað forrit, sem hefur e.t.v. verið skrifað á fyrri hluta 15. aldar. Skrifari skrifar rímurnar án braglínuskila, eins og gert er í öðrum skinnhandritum. Hann tölusetur ekki vísurnar, en skilur á milli þeirra með því að setja tvöfalt skástrik // milli vísna. Eftirfarandi einkennir stafsetningu textans:

*Sérhljóð*: Gömul löng sérhljóð eru oftast ekki táknuð, en fáeinar undantekningar eru þar á. /á/ er táknað sem límingur, æ, í forsetningunni á (aðeins einu sinni er lengdin ekki táknuð sérstaklega; „ut a fneckiu frida“, VI 37.2). Að öðru leyti er forsetningin ávallt táknuð með

<sup>436</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir, „Jóðmæli“, bls. 51–52.

<sup>437</sup> Gísli Sigurðsson, „Heimsreisur og herför Árna frá Geitastekk: Viðförull Íslendingur á 18. öld“, *Morgunblaðið*, Lesbók Morgunblaðsins, 15. janúar 2000.

<sup>438</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir, „Jóðmæli“, bls. 52. Í AM 720 b 4to eru nú: *Heilags anda vísur* (brot), *Lilja* (brot), *Dæglur* (brot), *Niðurstigningarvísur* (brot), *Boðorðavísur* (brot), *Barnagælubálkur*, *Adamsóður*, *Píslargrátur* (brot), *Kristskvæði*, *Cathechismus vísur* og *Lasarusvísur* (brot).

<sup>439</sup> Sjá handrit.is, færslu við AM 603 4to.

límingi (VI 25.1; VI 26.1; VI 27.4; VI 28.4; VI 32.3; VI 34.4; VI 41.1). Límingurinn er notaður einstaka sinnum þar utan: „aaka“ VI 25.4; „fa“ VI 30.1; „Raada“ VI 36.2; „Ræd“ VI 38.4 og „fida“ VI 39.4 (röng notkun). Slíkir límingar urðu algengir eftir því sem leið á 14. öldina.<sup>440</sup>

/é/ er oftast skrifað *e*, en í nokkrum tilvikum er skrifað *ie*: „hiellt“ VI 26.4; „hiet“ VI 29.3; „liet“ VI 29.3; „mier“ VI 31.1; „hier“ VI 33.2; „þier“ VI 34.1; „þier“ VI 34.4. Í fjórum síðustu dæmunum felst rithátturinn að hluta til í bandi.

/í/ er stöku sinnum táknað með broddi: „fueinn“ VI 27.4; „uín“ VI 30.2; „fpiota“ VI 33.4; „ríkar“ VI 34.2; „líkar“ VI 34.4. Forsetningin *i* er einu sinni táknuð með *j* (VI 42.2) en annars með *ij* (VI 24.4; VI 25.3; VI 28.3; VI 33.3; VI 39.3; VI 42.2; VI 42.4). Í eitt skipti er *j* notað til að tákna /i/: „jnn“ VI 42.1. Að öðru leyti er /j/ táknað með *i*. Á 14. öld dró úr notkun brodda yfir löngum sérhljóðum, en broddurinn hélst áfram yfir *i-i*.<sup>441</sup>

Broddur er ekki hafður yfir /ú/, sem oftast er skrifað *u*. Sama tákn er notað til að tákna /u/, /ú/ og /v/ og er oftast *u*, en það samræmist meginreglu skrifara á 14. öld.<sup>442</sup> /ú/ er tvívegis táknað með *w*: „fw“ VI 29.3 og „bw“ VI 33.3. Í eitt skipti kemur *w* fyrir sem /u/: „Wnni“ VI 24.1 og tvívegis sem tákn fyrir /v/: „woru“ VI 22.2 og „Wel“ VI 34.1. Á síðari hluta 14. aldar varð sífellt algengara að setja tvíbrodda yfir *u* til að tákna /ú/, en hér hefur verið haldið í norska ritunarhefð sem barst til landsins á 14. öldinni.<sup>443</sup>

Hljóðunum /i/, /í/, /ei/ og /y/, /ý/, /ey/ er haldið aðskildum. /ý/ er oftast táknað með *y* en tvö dæmi eru um lengdarmerkingu með broddi: „flýter“ VI 26.2 og „dýr“ VI 33.1.

/æ/ er aðeins einu sinni táknað með *æ*, en annars er *æ* með lykkju, *æ*, notað: „frægðar“ VI 21.1; „Frægðar“ VI 25.2; „Fæ“ VI 34.3; „fæði“ VI 35.2; „mækis“ VI 39.2; „uæna“ VI 42.3. Frá um 1400 verður *æ* algengasta *æ*-táknid.<sup>444</sup>

/ö/ er táknað á mismunandi hátt, oftast með *o* en einnig er *au* notað víða.

/au/ er ávallt táknað með *au*.

Á undan *ng/nk* er *ei* skrifað: „þeingell“ VI 27.1; „dreingium“ VI 28.3; „ftreíngia“ VI 39.3 (ath. hér ritað með *i-i*). Að öðru leyti er *i* eða *u* á undan *ng/nk*, og koma þá ávallt fyrir sem

<sup>440</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, *Stafkrókar: ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni sjötugsafmælis hans 2. desember 1998* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2000), bls. 49.

<sup>441</sup> Ibid., bls. 49.

<sup>442</sup> Ibid., bls. 49.

<sup>443</sup> Ibid., bls. 49.

<sup>444</sup> Ibid., bls. 48.

stuttir sérhljóðar, en almennt tóku stutt sérhljóð á undan *ng/nk* að lengjast um 1300.<sup>445</sup>

Í áherslulausum atkvæðum og endingum koma *-e* og *-i* jafnhendis fyrir, en áherslulausar *o* endingar eru ekki til staðar.

*Samhljóð*: Löng samhljóð eru ávallt tvírituð, og hvorki eru notaðir límingar né hásteflingar. Langt /k/ er skrifað *ck*, að öðru leyti kemur *c* ekki fyrir nema þá sem uppskrifuð stytting í fornafninu *ec*.

/l/ er oftast tvíritað á undan /d/ og /t/: „Fiolldi“ VI 20.4; „uallda“ VI 31.2; „hallda“ VI 31.4; „ollden“ VI 37.1; „fkiolldung“ VI 37.3; „milldingf“ VI 39.1; „ftolltar“ VI 21.3; „hiellt“ VI 26.4.

Þrívægis er þó ritað eitt *l* á undan /d/: „figldi“ VI 27.3; „fkildiz“ VI 37.4; „Heldu“ VI 38.1.

/r/ er táknað með hefðbundnu *r-i*, nema á eftir stöfunum *o*, *u*, *y*, *d*, *g*, *f* þar sem *krók-r* er notað. Þá kemur *krók-r* einu sinni fyrir í framstöðu.

Hljóðin *n* og *nn* eru aðgreind og aðeins eitt dæmi um að *n* sé ofaukið: „peninnugum“ VI 29.2. Algengast er að skrifari noti hér nefhljóðsband til að tákna *nn*.

Eitt fornlegasta einkenni *Hólsbókar* er *-z* í miðmyndarendingum, og á þetta við um öll tiltæk dæmi: „byz“ VI 23.3; „fkildiz“ VI 37.4. Miðmyndarendingin *-z* er algeng á 14. öld og heldur velli fram á 15. öld, en verður að teljast ívið fornlegt einkenni fyrir handrit skráð á 16. öld.<sup>446</sup> Efsta stig lýsingarorða er táknað með *z*: „bezt“ VI 33.3. Að auki kemur *z* fyrir alls fjórum sinnum í rithætti nafnorða: „mozt“ VI 34.3; „goz“ VI 34.3; „iotlandz“ VI 39.4; „buzann“ VI 42.1.

Samtengingin *og* er iðulega skrifuð fullum stöfum (*og*), eða stytt með sérstöku *og*-bandi – eins konar *z* tákni án þverstíks.

Í áherslulítilli bakstöðu er oftast stytt með uppskrifuðu *t* eða orð skrifuð út með *d*. Athyglisvert er þó að orðið *það* er ávallt skrifað út sem *þad* (nema þegar orðið hefur verið stytt) en orðið *að* er alltaf skrifað *ath*, en aldrei *ad/at*: VI 28.2; VI 32.4; VI 42.1. Vera má að þetta sé jafnframt fornt einkenni í stafsetningu *Hólsbókar*, þar sem slíkur ritháttur finnst í elstu handritum en er annars sjaldgæfur.<sup>447</sup> Hugsanlega er notkun *th* komin til fyrir norsk áhrif, sem væri þá einnig fornt einkenni þar sem norsk áhrif voru áberandi á 13. og 14. öld en að mestu

<sup>445</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 25–26. Þessi breyting er þó ekki ávallt greinileg í stafsetningu handritanna þar sem lengdarmörking fylgir ekki alltaf löngum sérhljóðum. Þó mætti ætla, miðað við hve algengt í með broddi er í handritinu, að hér mætti finna dæmi um langt sérhljóð á undan *ng/nk* í orðum eins og sikling, en svo er ekki.

<sup>446</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 59; sjá einnig Kjartan G. Ottósson, *The Icelandic middle voice: The morphological and phonological development* (Lund: Lund University, 1992).

<sup>447</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 47.

horfin um 1400.<sup>448</sup>

*Einstök máleinkenni og málstig rímnanna*: Nafnorð í þágufalli hafa *-a* endingu, en ekki *-u* endingu, sbr. „þackar honum med blida“, VI 27.2; þetta gæti þó einnig verið fast orðasamband. Nafnorðsendingunni *-ur* er sleppt einstaka sinnum, t.d. í „sia digrar tenn“, VI 26.3, sem er dæmi um forna fleirtölu en flest dæmi þess virðast rímbundin. Orðmyndin *frá* af *fregna* kemur fyrir og *sté* fyrir *steig*. Forsetningin *viðr*, í stað *við*, kemur fyrir í VI 35.3 og VI 36.1, en forsetningin var algeng á 14. öld, þótt hún hafi lifað eitthvað frameftir.<sup>449</sup> Ábendingarfornafnið *þessi* kemur aðeins fyrir í eldri beygingarmynd – *þenna*, án *-n*-endingar, en orðmyndin ‘þennan’ tekur við af ‘þenna’ sem ráðandi mynd á 15. öld.<sup>450</sup> Að minnsta kosti eitt dæmi finnst um óhljóðverpta mynd, en það kemur til fyrir norsk áhrif þar sem u-hljóðvarp var fátítt, svo íslenskir skrifarar áttu það til að rita óhljóðverptar myndir á 14. öld.<sup>451</sup> Í lok rímnanna kemur fyrir óhljóðverpt mynd, „hafn“ í staðinn fyrir „höfn“ (VI 42.3) – hér ber þó að hafa í huga að orðmyndin er rímbundin í þessu tilviki (rímorðin eru *stafn-hafn*). Óhljóðverptar myndir kvenkenndra nafnorða eru að öllu jöfnu fremur algengar í rímum miðalda.<sup>452</sup> Þá bregður einhljóðun við, þar sem „bænum“ verður að „banum“ (VI 42.1) og er orðið í því tilviki ekki rímbundið, svo óvíst er hvað veldur rithættinum. Tökuorð eru ekki mörg á brotinu úr Hólsbók, en þó má finna fáein tökuorð úr lágbýsku, sem öll eru gömul og algeng í rímum og öðrum textum, svo sem *búza* (skip; varð mjög algengt á 14. öld), *góz* (varningur; algengt frá 13.–14. öld), *lukka* (hamingja, örlög; 14. öld).

### 3.1.2 AM 616 d 4to (C)

Frá miðri 17. öld eru varðveittar 6 rímur, eða 260 vísur, í AM 616 d 4to, blaðmerktu pappírshandriti sem telur 10 blöð, og inniheldur aðeins *Ölvis rímur sterka*. Handritið er fremur illlæsilegt, skorið til og máð á köflum, og skrifað með hendi óþekkt skrifara. Það var áður bundið inn með öðrum rímnahandritum, AM 616 a–e 4to,<sup>453</sup> en þeim var skipt upp í 5 smærri einingar því ljóst var að um samtíning frá mismunandi tímabilum væri að ræða, þótt

<sup>448</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 53–54.

<sup>449</sup> Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornálinu: Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar* (Reykjavík: Fjeldsprentsmiðjan, 1925), bls. 73.

<sup>450</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 23.

<sup>451</sup> Ibid., bls. 54.

<sup>452</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 232.

<sup>453</sup> Í handritunum sem aðskilin voru frá AM 616 d 4to má finna eftirfarandi efni: AM 616 a 4to (1650–1700), 8 blöð = *Rímur af Tiódel riddara*; AM 616 b 4to (1663), 91 blað = *Rímur af Viktor og Blávus, Landrésrímur, Rímur af Þóri hálegg, Andra rímur, Rímur af Gibbon og Rímur af Flóres og Leó*; AM 616 c 4to (1690–1710), 87 blöð = *Rímur af Vilmundi viðutan*; AM 616 e 4to (1675–1700), 19 blöð = *Rímur af Ingvari Ölvessyni*. Rímnabókin mun því hafa verið 215 blöð áður en Árni skipti henni upp í smærri einingar.

öll væru í sama broti.

Björn K. Þórólfsson taldi að rímurnar í AM 616 d 4to væru „afbakaðar“ að einhverju leyti og að handritið geymi „slæman texta“.<sup>454</sup> Að vissu leyti má taka undir þá skoðun, en eins og sýnt hefur verið fram á hefur textinn að öllum líkindum ratað inn í munnlega geymd, tekið þar breytingum og vísur riðlast til. Þrátt fyrir það virðist handritið bera upprunalegri leshætti en önnur textavitni í ýmsum þáttum.

Handritið er varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, í Reykjavík. Ferill þess er ekki rakinn í handritaskrár að öðru leyti en því að það hafi verið afhent Árnastofnun í Reykjavík þann 28. apríl 1983 þegar það var flutt úr safni Árna í Kaupmannahöfn.<sup>455</sup> Þó er seðill, með hendi Árna Magnússonar, inni í einu handritanna sem skilið var frá AM 616 d 4to, þ.e. í AM 616 b 4to, þar sem fram kemur að Árni hafi fengið handritið frá Ragnheiði Jónsdóttur í Flatey (f. 1639).<sup>456</sup> Þar sem Árni klauf bókina upp í smærri einingar, má vera að athugasemdin eigi við rímnabókina í heild sinni, fremur en einstaka hluta hennar.

Ragnheiður Jónsdóttir var fyrri eiginkona Torfa Jónssonar (f. 1646), sýslumanns í Flatey.<sup>457</sup> Virðast þau hjón hafa haft gaman af kveðskap og átt eitthvað af kvæðahandritum – Torfi átti Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar, AM 147 8vo, heilmikið kvæðasafn sem Árni Magnússon fékk í hendur frá honum.<sup>458</sup> Kvæðasafnið mun vera skráð um svipað leyti og rímnahandritið. Hafi Kvæðabókin borist Árna frá Torfa og hlutar rímnahandritsins AM 616 b 4to frá Ragnheiði, er ekki fjarri lagi að álykta að aðrir hlutar þess, AM 616 d 4to þar á meðal, gætu hafa komið frá þeim hjónum líka.

### 3.1.2.1 Mállýsing

Málstig rímnanna í AM 616 d 4to samræmist að mestu leyti stafsetningarvenjum á ritunartíma, en fáein forn einkenni skína í gegn sem gætu verið komin frá forriti rímnanna. Skrifari skrifar rímurnar án braglínuskila, eins og gert er í skinnhandritum.

*Sérhljóð:* Löng sérhljóð eru iðulega tvírituð eða tvídepluð, en einnig kemur fyrir að löng sérhljóð séu táknuð með einföldum staf.

/á/ er oftast táknað með *ä*, eða tvíritað, *aa*.

---

<sup>454</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 418.

<sup>455</sup> Sjá handrit.is, færslu við AM 616 d 4to.

<sup>456</sup> Ibid.

<sup>457</sup> Jón Espólin, *Íslands árbækur í sögu-formi* (Kaupmannahöfn: Eð íslenska bókmentafélag, 1821), bls. 76.

<sup>458</sup> Sjá handrit.is, færslu við AM 147 8vo.

/é/ er oftast táknað með *ie*, en einfalt *e* er einnig notað, t.d. í persónufornafninu *eg* og sögninni *sér*, sbr. „fer“, III 30.3.

/í/ kemur oftast fyrir sem einfalt *i, j* eða *y*. Ekki kemur fyrir ritháttur með tvídeplum, *i*, eða broddum, *í*. Forsetningin *í* er nánast alltaf rituð sem *j*.

/ó/ er ýmist ritað með einföldu *o*-i, eða tvídeplað *ö*.

/ú/ er ýmist táknað með einföldu *u*-i, eða með tvídepluðu *ü*.

Skrifari gerir ekki greinarmun á /i/, /í/, /ei/ og /y/, /ý/, /ey/.

/æ/ er einungis 4 sinnum táknað með *æ* (II 3.2; II 17.3; IV 20.4; IV 47.1). Að öðru leyti er lykkjað *æ*, *æ*, notað í öllum tilvikum (yfir 100 tilvik).

/ö/ er ýmist táknað með einföldu *o*-i eða með *o*.

/au/ er ávallt skrifað með *au*.

Á undan *ng/nk* er *ei* algengt; *i* kemur fyrir nokkrum sinnum á undan *ng/nk* en *ú* er hvergi notað á undan *ng/nk*.

Í áherslulausum atkvæðum og endingum kemur *-e* oftast fyrir, en einnig *-i* ending.

*Samhljóð*: Löng samhljóð eru ávallt tvírituð, og hvorki eru notaðir límingar né hásteflingar.

Langt /k/ er táknað með tvennum hætti, jöfnum höndum. 40 dæmi hafa *ck* og 40 önnur dæmi hafa *ch*.

/l/ er oftast tvíritað á undan /d/ og /t/, en einnig má sjá nokkur dæmi um samruna *rl//ll* og *rn//nn*.

/v/ er oftast táknað með *u*-i, án aðgreiningar frá /u/, en *v* kemur líka víða fyrir. *w* kemur hvergi fyrir.

*z* kemur fyrir í nánast öllum miðmyndarendingum (aðeins ein miðmyndarending er rituð *-st*), og er því enn fornlegt einkenni. *z* kemur einnig fyrir í bakstöðu orða og stendur ýmist fyrir /ss/, /ts/, /ds/ eða /ps/.

Samtengingin *og* er oftast skrifuð *og*.

Öngljóð í bakstöðu eru ýmist skrifuð *-at/-it* eða *-ad/-id*. Rithátturinn *ath* kemur hvergi fyrir.

Stoðhljóðið *-ur* er til staðar.

*Einstök máleinkenni og málstig rímnanna*:

Orðmyndir þar sem samruni *ll* og *rl* eða *nn* og *rn* er greinanlegur koma fyrir víða, svo sem í *valla* fyrir *varla* og *eyrn* fyrir *einn*. Orðmyndinni *Noreg* bregður fyrir í staðinn fyrir *Noregi*. Nefnifallsendingunni *-ur*, er víða sleppt í nafnorðum eins og *dögling*, *milding*.<sup>459</sup> Slíkt varð

<sup>459</sup> Sjá Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 1–2.

snemma algengt í rímum og hélst lengi í hefðinni.<sup>460</sup> Nefnifallsendingar vantar í einstaka sérnöfnum, svo sem *Rigard*.<sup>461</sup> Sagnorð með *-a* endingum koma nokkrum sinnum fyrir: *villda* í stað *vildi*. Sagnmyndin „Gackta“ kemur fyrir í stað *gekk* (II 19.1). Stöku sinnum bregður orðmyndum fyrir með *vá* fyrir *vo*, svo sú hljóðbreyting virðist ekki alveg að fullu yfiringin, en þó hafin. Þá má einnig sjá að orð eru notuð í gamalli merkingu, svo sem *skákmenn* í merkingunni *stigamenn*. Orðmyndin *herð* fyrir *herðar* kemur fyrir. Lýsingarorð enda oft en ekki á *-ligr* í stað *-legr*, en það mun vera norskustæling sem varð fremur almenn á 14. öld og hélst lengi áfram í ritmáli og í rímum.<sup>462</sup> Orðmyndirnar *frá* af *fregna*, *gá* í stað *ganga* og *sté* fyrir *steig* koma fyrir. Orðmyndir með *hn-* fyrir *kn-* koma einnig fyrir, sbr. *hnär* og *hnie*, en *hn-* kemur upp í ritháttum orða á seinni hluta 14. aldar.<sup>463</sup> *Öngvum* kemur fyrir í bland við *engum*. Samtengingin *eða* kemur fyrir í hliðarmyndinni *eðr/eður* en sú mynd kemur oft fyrir á 14. öld og síðar. Þá kemur stýriorðið *með* einnig fyrir í hliðarmyndinni *meður*. Orðið *grér* kemur fyrir sem hluti kenningar, en ekki hafa fundist dæmi um það sem hluta af kenningum nema í elstu rímum.<sup>464</sup>

Tökuorð eru flest gömul og rótgróin, svo sem *mekt* (vald; algengt frá 14. öld); *mektugr* (valdamikill; algengt frá 14. öld); *snart* (hratt; algengt frá 13. öld); *snarlíga* (hratt; algengt frá 13. öld); *burgeis* (greifi; algengt frá 14. öld); *víf* (eiginkona; algengt frá 14. öld); *kíf* (deilur; 15. öld)<sup>465</sup>; *glæðél* (spjót; 13. öld); *búza* (skip; varð mjög algengt á 14. öld); *góz* (varningur; algengt frá 13.–14. öld); *lukka* (hamingja, örlög; 14. öld). Unglegast af tökuorðum er *strax* (undir eins; algengt frá 15. öld).<sup>466</sup>

### 3.1.3 NKS 1133 fol. (B)

6 rímur *Ölvis rímna sterka*, eða 291 vísa, eru varðveittar í NKS 1133 fol. sem talið er vera skráð eftir *Hólsbók* á seinni hluta 18. aldar. Handritið er blaðsíðumerkt pappírshandrit sem telur alls 98 blöð, eða 196 blaðsíður, og mun vera skráð með hendi Markúsar Magnússonar (1748–1825). Það er vel varðveitt í marmaraskreyttri kápu með ljósbrúnum leðurkili. Fremst í handritinu er titilsíða með efnisyfirliti, ásamt eftirfarandi klausu: „Rímur| af| ... eru útskrifaðar

<sup>460</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 232.

<sup>461</sup> Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 2–3.

<sup>462</sup> Jóhannes L. L. Jóhannsson, *Nokkrar sögulegar athuganir um helztu hljóðbreytingar o. fl. í íslenzku, einkum í miðaldamálinu (1300–1600)* (Reykjavík: Fjelagsprentsmiðjan, 1924), bls. 37–39.

<sup>463</sup> *Ibid.*, bls. 42.

<sup>464</sup> Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. 6

<sup>465</sup> Orðið *kíf* gæti vel hafa ratað fyr inn í málið þótt ritdæmi orðmyndarinnar *kíf* finnist ekki fyrir en á 15. öld. Orðmyndin *kífan* og sagnorðið *kífa* er þekkt í ritdæmum frá 14. öld.

<sup>466</sup> Þessi listi tökuorða er ekki tæmandi. Tímasetningar tökuorða eru fengnar frá ONP.

eftir Codice Membran: Biblioth: A. Magnæi No. 603 in 4<sup>to</sup> af Magnússon“.

Handritið inniheldur 3 rímnaflokk:

- 1: Titilsíða og formálar, bls. 1–2.
- 2: *Skáld-Helga rímur*, 7 rímur, bls. 3–83.
- x: autt blað, bls. 84.
- 3: *Ólafs rímur Tryggvasonar*, 8 rímur, bls. 85–144.
- 4: *Ólvis rímur sterka*, 6 rímur, bls. 145–196.

Aftan við titilsíðuna eru stuttir formálar, þar sem finna má svohljóðandi klausu um *Ólvis rímur sterka*: „Aulvers rímur eru hér ei allar, vantar aftan við þær, í þessum Codice hafa þær aldrei fleire verið Magnússon“. Af þessu mætti skilja að Markús hafi þekkt til handritsins AM 616 d 4to, eða sambærilegs handrits, þar sem sérstakar niðurlagsvísur er að finna og að þær vísur hafi aldrei verið í *Hólsbók*. Af því ályktar Markús að rímurnar séu óheilar í uppskrift sinni.

Í handritaskrá Kálunds er handritið talið skrifað milli 1750 og 1800.<sup>467</sup> Það virðist hafa verið í eigu Peters Frederiks Suhm þaðan sem það rataði á Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn.<sup>468</sup> Markús Magnússon, skrifari handritsins, var prestur að Görðum á Álftanesi og fékkst við ýmis ritunar- og félagsstörf. Markús Magnússon gekk í Skálholtsskóla og útskrifaðist þaðan 1770 og fór utan til náms 1771. Hann lauk prófi árið 1779 og tók við prestsembætti ári síðar.<sup>469</sup> Það má vel gera ráð fyrir að Markús hafi skráð handritið á námsárum sínum 1771–1779, þá jafnvel beinlínis fyrir Peter F. Suhm sem naut aðstoðar íslenskra námsmanna við að skrifa upp handrit úr Árnasafni. Árið 1790 stofnaði hann, ásamt Jóni Sveinssyni landlækni, eitt fyrsta lestrarfélagið á Íslandi og var einnig einn stofnenda Biblíufélagsins árið 1816.<sup>470</sup> Ferill handritsins virðist því nokkuð ljós – en eftir að Markús skráði handritið var það hjá Peter F. Suhm og þaðan mun það hafa farið beint á Konunglega bókasafnið.

---

<sup>467</sup> Kálund, *Katalog over de Oldnorsk-Islandske håndskrifter*, bls. 117.

<sup>468</sup> Ibid., 118.

<sup>469</sup> Hannes Þorsteinsson, *Guðfræðingatal eða Ritgerð um íslenska stúdenta, er tekið hafa embættispróf í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla frá 1707–1907. Með stuttri skýrslu um hina upphaflegu tilhögun og síðari breytingar á nokkrum prófum við háskólann*, 3. hefti (Reykjavík: Sögufélag, 1909), bls. 212.

<sup>470</sup> Hannes Þorsteinsson, *Guðfræðingatal*, bls. 213.

### 3.1.3.1 Mállýsing

NKS 1133 fol. er eftirrit AM 603 4to en Markús Magnússon er þó ekki svo nákvæmur að hann stafsetji eftir forriti sínu, heldur aðlagar hann stafsetningu að mestu að eigin stafsetningarvenju. Hann virðist einnig reyna að lagfæra rímurnar á stöku stað, svo sem þegar hann setur „skjöldung“ inn í staðinn fyrir „sikling“, til að rétta stuðlasetninguna (*sk-stuðlar*).<sup>471</sup> Að megni til er sömu fornlegu einkenni þó að finna í uppskrift hans og á *Hólsbók* og AM 616 d 4to, þótt hann hafi vissulega aðlagð ýmislegt og lagfært. Af því litla samanburðarefni sem varðveitt er (þ.e. frá 20. vísu VI. rímu) má sjá nokkurn mun. Markús virðist hafa reynt að gera uppskrift sína eins læsilega og aðgengilega og kostur var, hann setur rímurnar upp og líkir eftir prentuðum bókum, þar sem vísuorðum er skipt á línur, vísur eru númeraðar og hann notar ekki eina einustu styttingu. Þá skilur hann líka eftir eina eyðu í texta sínum, þar sem hann virðist ekki hafa getað lesið úr forriti sínu – í því tilviki dregur Markús strik í staðinn, eitt strik fyrir hvern ólæsilegan staf (sjá I 31.3 á bls. 343).

*Sérhljóð*: Löng sérhljóð eru langalgengust með einföldum broddi, svo að /á/ er ritað sem *á*, /é/ er oftast ritað sem *é*, en örfá dæmi eru einnig um að /é/ sé ritað *ie*, /i/ er oftast skrifað *í* og /ó/ er að sama skapi ritað sem *ó* og /ú/ sem *ú*. Í einstaka tilviki er langt sérhljóð þó táknað með einföldum sérhljóða.

/æ/ er ávallt táknað með *æ*, og kemur lykkjað *æ*, *æ*, ekki fyrir.

/ö/ er aftur á móti nánast alltaf skrifað *ö*, líklegast til að aðskilja ritunartákn /ó/, *ö*, frá /ö/.

/au/ er alltaf skrifað *au*.

Á undan *ng/nk* er *ei* aldrei táknað, en *í* er víða táknað á undan *ng/nk*; *ú* á undan *ng/nk* kemur ekki fyrir. Í áherslulausum atkvæðum og endingum er *-e* langtum algengara en *-i*.

*Samhljóð*: Langir samhljóðar eru ávallt tvíritaðir. Langt /k/ er oftast táknað með *ck*, en þó má finna 5 tilvik þar sem *kk* er tvíritað. Rithátt með *ch* er hvergi að finna.

/l/ er oftast tvíritað á undan /d/ og /t/.

/r/ er aldrei táknað með *krók-r*.

/v/ er oftast skrifað með *v*, en í 5 skipti er /v/ táknað með *u*.

*z* kemur fyrir í örfá skipti sem miðmyndarending og í bakstöðu nafnorða fyrir /ts/ eða /st/. Annars er miðmyndarendingin *-st* algengust.

Samtengingin *og* er iðulega skrifuð fullum stöfum.

Stoðhljóðið *-ur* er algengt.

---

<sup>471</sup> Sjá VI.37, bls. 390.

/ð/ kemur víða fyrir. Í áherslulausri bakstöðu notar Markús *ð*, *t* og *d* og er *ð* nokkuð algengt, líka í innstöðu orða. Á ritunartíma handritsins var *ð* löngu fallið úr stafsetningarvenju, og komst í raun ekki í almenna notkun aftur fyrr en með skrifum Rasmusar Rask árið 1818.<sup>472</sup> Eggert Ólafsson tók saman rit um stafsetningu eftir árið 1760. Rit hans var aldrei prentað en gekk í uppskriftum meðal manna og hafði þó nokkur áhrif á stafsetningu fólks. Til að mynda höfðu tillögur hans um notkun *ð* áhrif á útgáfur Ólafs Olavíusar og útgáfur prentaðar hjá Hrappseyjarprenti.<sup>473</sup> Notkun Markúsar á *ð* í bland við önnur tákni er sérkennileg en virðist þó ekki úr takti við tímann. Vitað er til þess að *ð* hafi verið notað á prenti við stafréttar útgáfur á forntextum, svo sem í *Syntagma Historico-Ecclesiasticum de Baptismo* og *Diatribes Historico-Ecclesiasticae de Cognatione Spirituali* sem Jón Svefneyingur Ólafsson, bróðir Eggerts Ólafssonar, lét prenta árin 1770 og 1771 og þá einnig í Njáluútgáfu Olavíusar árið 1772.<sup>474</sup> Þá hefur einnig verið bent á að Jón Grunnvíkingur (1705–1779) hafi tekið saman ritgerð um íslenska stafsetningu fyrir þann tíma, þar sem hann minnst á *ð*, án þess að telja ástæðu til að taka stafinn upp í íslensku máli. „Átti Jón þó sjálfur til að grípa til *ð*-sins í skrifum sínum á efri árum“.<sup>475</sup> Það mætti því ætla að Markús hafi komist í kynni við þessi áður nefndu rit þar sem *ð* var notað og tekið þau sér til fyrirmyndar hvað þetta varðar í rímnauppskrift sinni. Í hið minnsta er öruggt að álykta sem svo að handritið sé skráð einhvern tímann á milli 1771 og 1779, meðan Markús var utan í námi og er þá ekki svo ólíklegt að hann hafi kynnst hugmyndum Eggerts Ólafssonar, og samferðamanna hans, um notkun *ð* og tekið það upp eftir þeim.

Rithátturinn *ath* kemur nánast alfarið í stað *at/ad/að* – líklegast er sú ritmynd tekin beint upp eftir *Hólsbók*.

*Einstök máleinkenni og málstig rímnanna*: Nefnifallsendingunni *-ur* er víða sleppt í nafnorðum eins og *dögling*, *milding*. Nefnifallsendingar vantar í einstaka sérnöfnum, svo sem *Rigard*. Hvort tveggja er sambærilegt ritháttum í *Hólsbók* og AM 616 d 4to. Persónufornafn fyrstu persónu í eintölu er ávallt skrifað *ek* en ekki *eg*. Óhljóðverpt mynd kemur fyrir í lok rímunnar, á sama stað og hana er að finna í *Hólsbók*, þ.e. *hafn* fyrir *höfn*, en slíkt er ekki óalgengt í rímum. Orðmyndir með *vá* í stað *vó* eru fátíðar en þó til staðar og gætu verið komnar frá *Hólsbók*. Sagnorð taka oft *-a* endingar, svo sem *vilda* í stað *vildi*. Sömu fornlegu máleinkenni er almennt að finna í uppskrift Markúsar og í *Hólsbók*, sem rennir stoðum undir

<sup>472</sup> Stefán Pálsson et al., *ð ævisaga* (Reykjavík: Crymogea 2012), bls. 101.

<sup>473</sup> Sjá Jón Aðalstein Jónsson, „Ágrip af sögu íslenskrar stafsetningar“, *Íslensk tunga*, 1. árg. 1.tbl (1959), bls. 76, og Vilhjálmi Gíslason, *Eggert Ólafsson* (Reykjavík: Þorsteinn Gíslason 1926).

<sup>474</sup> Stefán Pálsson et al., *ð ævisaga*, bls. 99–100.

<sup>475</sup> Ibid., bls. 99.

að hann hafi fylgt forriti sínu dyggilega við uppskriftina.

Markús bætir ekki við nýjum tökuorðum en notar þó burgeis ívið oftar en AM 616 d 4to, ef til vill eftir *Hólsbók*.

### 3.1.4 JS 65 4to

Til viðbótar mætti nefna handritið JS 65 4to sem var skrifað í Kaupmannahöfn árið 1816, en þar er að finna eftirfarandi titil og klausu á bl. 115v:

Bragða Ölvers| rímur,| er lifde á dögum konúng|anna Magnúfar hins góda| ok Sveins Úlfssonar.| Skrifat eptir afgangallri fkinna| fkruddu fem hingat ok þangat| vantar miket í, af Trínitatis| handfkrifa safni, No 603 í/ fiögra blada formi./ NB hrein íslendfka, enn léttvægr fkaldfkapr.<sup>476</sup>

Rímurnar voru þó aldrei skrifaðar inn í handritið – á eftir klausu þessari er eyða sem nær frá bl. 115r–117r.<sup>477</sup> Miðað við þær upplýsingar sem skrifarinn gefur má ætla að til hafi staðið að afrita *Ölvis rímur sterka* eftir *Hólsbók*, en það var aldrei gert – hvort sem til stóð að skrifa rímurnar að fullu eða einungis að hluta til. Ef til vill má álykta sem svo að *Hólsbók* hafi á þeim tíma verið skemmd og hugsanlega þá þegar of mikið glatað af rímunum til að unnt væri að skrifa eftir henni.

NKS 1133 fol. er skráð eftir *Hólsbók*, og mætti þar af ætla að *Hólsbók* hafi skemmst stuttu eftir að það var gert. Einhver smávægilegur munur er á orðmyndum milli NKS 1133 fol. og *Hólsbókar*, svo mögulega má gera ráð fyrir glötuðum millilið þar, en að öðru leyti má ætla að *Hólsbók* hafi enn verið heil undir lok 18. aldar en orðið fyrir skemmdum í kringum aldamótin. Því til stuðnings að *Hólsbók* hafi skemmst upp úr aldamótunum 1800 má benda á handritið UB 323 4to, sem inniheldur *Skáld-Helga rímur* í uppskrift eftir *Hólsbók*, en það handrit er tímasett milli 1800 og 1850. Þá er víst að *Hólsbók* var enn heil þegar Grunnavíkur-Jón tók saman sína skrá rétt fyrir 18. öldina miðja. Því er mögulegt að *Hólsbók* hafi orðið fyrir skemmdum á árunum 1800–1816. Því hefur verið haldið fram að týnst hafi úr bókinni þegar Bretar gerðu árás á Kaupmannahöfn árið 1807 en þá voru handritin flutt til í óðagoti.<sup>478</sup>

<sup>476</sup> JS 65 4to, bl. 115r. Sjá einnig handrit.is, færslu við JS 65 4to.

<sup>477</sup> Handritið, sem er samtíningur af fræðaeftni á íslensku og dönsku auk ungra kvæða, inniheldur mikið af sundurleitu efni. *Ölvis rímur sterka* eru þar eini rímnatitillinn. Þar fyrir utan má finna *Færeyinga sögu* í handritinu, en annað efni er ungt og er að megni til glósur um einstakar sögur og efni um þjóðhætti eða orðasöfn.

<sup>478</sup> Jón Helgason, „Noter til Þrymlur“, *Opuscula V* (1975), bls. 242.

### 3.2 Samanburður textavitna

Meðferð texta og uppröðun rímnaflokksins eru misjafnar milli handritanna. Nokkuð augljóst er að rímurnar hafi ratað í munnlega geymd og tekið þar breytingum þar sem röð vísna brenglast, vísur falla úr eða bætast við, orðum er skipt út fyrir samheiti og kenningum skipt út fyrir jafngildar kenningar. Rím helst þó oftast óbreytt þótt ný orð komi til en stuðlasetning getur breyst mikið milli textavitna. Ekkert handritanna fer eins með stafsetningu, orðmyndir eða uppsetningu textans, svo ekki blasir við í fyrstu sýn að nán tengsl eða beint samband sé þeirra á milli. Við fyrstu sýn virðist brotið í *Hólsbók* vera víðsfjarri NKS 1133 fol., sem samkvæmt handritaskrá er þó eftirrit þess.

Með nánari athugun má sjá, af því samanburðarefni sem varðveitt er í handritunum, að röð vísna raskast ekki og að lítið er um eiginleg lesbrigði. Munur texta í *Hólsbók* og NKS 1133 fol. er oftast tengdur orðmynd, svo sem þegar greini er bætt við eða breytt er um tíð eða fall, en að öðru leyti er erindaröð sú sama. Það er ljóst að *Hólsbók* og NKS 1133 fol. eru náskyld handrit; mismun þeirra á milli má eflaust rekja til mislesturs Markúsar Magnússonar á *Hólsbók* og viðleitni hans til að bæta textann. Alfred G. Hooper benti á skyldleika handritanna, en hann taldi að NKS 1133 fol. væri ígildi *Hólsbókar*: „It may, therefore, be fairly safely presumed that B represents quite closely the original complete text of F, the oldest surviving MS“.<sup>479</sup>

Dæmi um einkennandi lesbrigði milli *Hólsbókar* (H) og NKS 1133 fol. (B) eru:<sup>480</sup>

**H VI 25 og H VI 39:**

Stefner leid æ stillif fkeid

fteyper frægðar uerka

haluren bar j hendi þar

hofutid æka enf fterka.

Mikill er breftur milldingf gestur

mækif bardi frida

ftrengia hind j ftorum uind

ftraul firir iotlandz fida<sup>481</sup>

**B VI 25 og B VI 39:**

Stefner leið á stillis fkeið

fteiper frægðar verka

haluren bar i hende þar

höfut Aka ens fterka.

Mikill er breftur milldíngr gestur

mækis barde frida

ftrengia hind í ftórum vind

ftóck fyrer Jótlands fida<sup>482</sup>

<sup>479</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. ix.

<sup>480</sup> Lesbrigði í orðmynd/samheiti eru hér undirstrikuð.

<sup>481</sup> *Ölvis rímur sterka*, *Hólsbók*, AM 603 4to, VI.25, bls. 289 og VI.39, bls. 291.

<sup>482</sup> *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., VI.25, bls. 289 og VI.39, bls. 391-392.

Í örfáum tilvikum má finna dæmi þess að orði hafi verið skipt út fyrir samheiti – af óljósum ástæðum (sjá lesbrigði hér að neðan). Í eitt skipti virðist stuðlasetning hafa ráðið breytingunni. Ljóst er að skrifara NKS 1133 fol. var fremur í mun að gera textann skiljanlegan og auðlæsilegan, auk þess sem hann setur rímurnar upp eins og í prentuðum kvæðabókum og aðgreinir erindin. Það má þó ætla að hann hafi reynt að hafa uppskrift sína nákvæma því stöku sinnum leiðréttir hann villur í texta sínum á spássíu.

Sjá lesbrigði milli *Hólsbókar* og NKS 1133 fol.:

20.4 fióllda] Fiólldi 603 29r; 21.4 ftie] ftigr 603 29r; 22.4 í] ÷ 603; 23.4 Garda] *leiðr. úr* Hrínga; 25.4 hófut] hofutid 603 29r; 26.4 drengium] dugum 603 29r; 30.1 fá] er 603 29r; 31.3 frída] f[00]ra 603 29r; 34.4 farma] farm æ 603 29r; 35.1 Þeísa] Þeífi 603 29r; 36.3 ef] af 603 29r; 39.4 ftóck] ftrauk 603 29r; 40.3 kappa ferð] kapp ferd 603 29r.

Munur milli texta í NKS 1133 fol. og AM 616 d 4to er mun meiri og áberandi, þar sem fjöldi vísna og röð þeirra er frábrugðin, vísur er jafnvel víxlað og vísuorðum blandað saman eða þá að annað handritið innihaldi vísur sem hitt hefur ekki. Hooper veitti þessu einnig athygli en taldi flest lesbrigðin hafa lítið vægi, en þó væru inn á milli veigamikil lesbrigði: „Differences in reading in corresponding parts of each version are numerous and of varying importance, most being slight, but some considerable“.<sup>483</sup> Strax við upphafsvísu rímnaflokksins í I. rímu á bl. 1r má sjá mun, þar sem AM 616 d 4to (C) hefur viðbótarvísu. Viðbótarvísan er sú eina í rímnaflöknum sem gæti talist eiginleg mansöngsvísa. Að öðru leyti er engar mansöngsvísur í eiginlegum skilningi að finna í rímnaflöknum, utan vísuhelminga sem koma fyrir í upphafi og niðurlagi hvernar rímu og draga saman efni rímanna að einhverju leyti. Þeir vísuhelmingar gætu talist vísir að mansöngshefð í mótun.

Lyten kann eg lioda þätt,  
ad leita þo uid fræde  
yrke eg stirtt og furdu fätt,  
fer eg þo fylft med kvæde.<sup>484</sup>

Vísan þar á eftir, I.2, er svo sambærileg upphafsvísu I. rímu í NKS 1133 fol. – þó með orðamun. Í raun er aðeins ein vísa í rímnaflöknum öllum sem er án nokkurra lesbrigða og eins með farið í AM 616 d 4to og NKS 1133 fol, vísa C I 20 og B I 13. Aðrar vísur innihalda einhver lesbrigði, samsvara hlutum af fleiri en einni vísu eða þá að vísur er sleppt eða bætt

<sup>483</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. ix–x.

<sup>484</sup> *Ölvis rímur sterka*, AM 616 d 4to, I.1, bls. 293.

við (sjá töflu hér á eftir).

Dæmi um einkennandi lesbrigði milli NKS 1133 fol (B) og AM 616 d 4to (C):<sup>485</sup>

**B VI 25, B VI 37 og B VI 41:**

Stefner leið á ftillis skeið

fteiper frægðar verka

haluren bar i hende þar

hófut Aka ens sterka.

Aulver fór ok öldenn stór

út á sneckiu frída

fkýrdan mann vid sklöldúng þann

skilldift þá með blída

Ruddu skeið á ránar leid

rekar Ölvis teiter

þengils fetur var þennan vetur

þar fem Túnsberg heiter.<sup>486</sup>

**C VI 20 og C VI 29:**

Stefnde leid a stillers skeid

ftar til fnilldar verka

haluren*n* þar j hende bar

haus af Aka sterka.

Skiolldung fann hinn skyrde mann

og skiallda lundar leiter

þennann uetur uar þeingels fetur

þar fem Tunsberg heiter.<sup>487</sup>

Ekki er unnt að bera AM 616 d 4to saman við texta *Hólsbókar* nema að litlu leyti, en niðurlag síðustu rímu er að sama skapi mjög frábrugðið og bætir þar AM 616 d 4to við niðurlagsvísu sem ekki er að finna í öðrum textavitnum. Björn K. Þórólfsson ýjaði að því að um innskot væri að ræða: „Í AM 616 eru felld burt fáein erindi aftan af sjöttu rímu, og önnur ort í staðinn, með nokkurri frásögn af Ölvi, eftir að hann kom til Noregs“.<sup>488</sup> Björn virðist þó aðeins hafa athugað allra síðustu erindin því af því sem varðveitt er af samaburðarefni milli *Hólsbókar* og AM 616 d 4to er heilmikið um aukavísu í AM 616 d 4to eða víxl á víshelmingum. Orðamunur milli handritanna tveggja felst oftar en ekki í samheitum eða jafngildum kenningum og yrðingum. Þegar öllu er á botninn hvolft virðist sem rímurnar af Ölvi sterka hafi ratað inn í munnlega geymd og tekið þar breytingum; notkun samheita og jafngildra kenninga, víxl og tilfæring eða ólag á stuðlasetningu benda eindregið til þess.

<sup>485</sup> Lesbrigði í uppröðun/orðmynd/samheiti eru hér undirstrikuð. Vísa B VI 37 á sér enga samsvörun í C að undanskildu þriðja vísuorði, sem er sambærilegt fyrsta vísuorði í C VI 29.

<sup>486</sup> Ölvis rímur sterka, NKS 1133 fol., VI.25, bls. 389, VI.37, bls. 391 og VI.41, bls. 392.

<sup>487</sup> Ölvis rímur sterka, AM 616 d 4to, VI.20, bls. 336 og VI.29, bls. 338.

<sup>488</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 419.

### 3.2.1 Mismunur textavitna NKS 1133 fol. – AM 616 d 4to

Hér að aftan er tafla yfir mismun rímnagerðanna, þar sem B og C eru borin saman – vísu fyrir vísu. Af *Hólsbók* er ekkert samanburðarefni varðveitt fyrr en í VI. rímu og fer það allnærri (næstum samhljóma) NKS 1133 fol. (B). Því er *Hólsbók* sleppt í töflunni og NKS 1133 fol. látið standa sem fulltrúi beggja textavitna.

Í þriðja dálkinum má finna athugasemdir. *Sambærilegt* þýðir að vísurnar séu eins. *Sambærilegt; orðamunur* þýðir að vísurnar séu að mestu eins, en einhvern orðamun sé þó að finna og þar með e.t.v. merkingarmun á milli rímnagerða. *Vísa ekki í...* merkir að engin sambærileg vísa sé í hinni rímnagerðinni og tákna því umframefni. *Víxl* tákna að vísu hafi verið víxlað í erindaröð og þar með haft áhrif á merkingu textans og framvindu atburðarásar. Stundum er það helmingavíxl, svo vísuhelmingum hefur verið skeytt saman. *Sambærilegt* eða *sambærilegt; orðamunur* er innifalið í víxlinu. Þá er einnig vísað í staðsetningu víxluðu vísanna í hvorri rímnagerð fyrir sig.

#### 3.2.1.1 Tafla yfir mismun textavitna í I. rímu

NKS 1133 fol. (B)	AM 616 d 4to (C)	Athugasemdir
	1. Lyten kann Eg lioda þátt	Vísa ekki í B.
1. Varla trúég ath vífna íþekt	2. Ualla kann eg uýfnaþekt	Sambærilegt; orðamunur.
	3. Þefse naade ad gofga gud	Vísa ekki í B.
	4. Sueirn Uar nefndur Siöle rykur	Víxlað; sjá B25–C4.
	5. Mektugur og miog fo frægur	Vísa ekki í B.
	6. Heilrádur uar hilmær fá	Vísa ekki í B.
	7. Dogling helldur Danmork frä	Víxlað; sjá B26–C7.
	8. Skyffdu þefser fkiolldenn blä	Víxlað; sjá B27–C8.
2. Bragurinn hefur þat geýra giálfur	9. Kóngurenn hefur það geyragialfur	Sambærilegt; orðamunur.
3. Hákon nefndiðt haulldurin gladur	10. Hakon nefniðt herrann gladur	Sambærilegt; orðamunur.
4. Brúde átte burgeis vafkur	11. Brude átte budlungur uafkur	Sambærilegt; orðamunur.
5. Hákon öl vid Hildegunn	12. Hakon öl uid hilldigunn	Sambærilegt; orðamunur.
6. Fóltra hans af Finnmórk var		Vísa ekki í C.
7. Ölver giórðiðt allvel knár		Vísa ekki í C.
8. Enge vid hönum reifer rönd	13. Eingen uid honum reyfti rond	Sambærilegt; orðamunur.
	14. Ölver þotte Odæll helldur	Vísa ekki í B.
9. Þá var eider ellda flóds	15. Þa uar eider ollduflödz	Sambærilegt; orðamunur.
10. Geck fyrrer Hákon hiórfa týr	16. Giech fyrrer Hakon hryngatyr	Sambærilegt; orðamunur.
11. Hákon fvarar ok hlær á mót	17. Hakon fvarar og hlær ä mót	Sambærilegt; orðamunur.
12. Þegninn reidur vid þetta bráft	18. Þegnenn reidur þar uid bráft	Sambærilegt; orðamunur.
13. Bóndenn gaf honum byrdíng einn	19. Fader hans gaf honum 15 menn	<b>Sambærilegt B13–C20.</b>
		Víxlað; sjá B13–C20.
14. Fader hans gaf honum fimtán menn	20. Bondenn gaf honum birding eyrn	Víxlað; sjá B14–C19.
15. Sætan veik ath fundarein	21. Seggurenn giech ad fundareyn	Sambærilegt; orðamunur.

16. Brúdurinn talade búenn med fkraut	22. Brudurinn anfar buinn med fkraut	Sambærilegt; orðamunur.
17. Aulver fegir ath ei mune tíá	23. Ølver fegir ei mune tíá	Sambærilegt; orðamunur.
	24. Þu munt foftri fimur til alls	Víxlað; sjá B22–C24.
18. Ek vil gefa þer gilldýngs bál	25. Eg uil gíefa þier gillingsbál	Sambærilegt; orðamunur.
19. Einatt bid ek qvad ágiæt fnót	26. Avallt bidur fu agiæt fnót	Sambærilegt; orðamunur.
20. Ef kemur þú þar fem kvinnan ein	27. Komer þu þar fem kvinnann ein	Sambærilegt; orðamunur.
21. Þegar þú lætur um líóða hurd	28. Later þu umm Líftuft flíod	Sambærilegt; orðamunur.
22. Fóstrinn muntu framr til alls		Víxlað; sjá B22–C24.
23. Hilldur fkillft vid hólða þar	29. Hilldur fkillft uid holda þar	Sambærilegt; orðamunur.
24. Aulver lætur auftur í haf	30. Ølver liet þá auftur J haf	Sambærilegt; orðamunur.
25. Kóppum rædur kongurín Sveinn		Víxlað; sjá B25–C4.
26. Dóglíng príder Danmórka á		Víxlað; sjá B26–C7.
27. Jafnan fkiódu fkatnar tveir		Víxlað; sjá B27–C8.
28. Aulver kom þar ath vid fión	31. Ølver kom þar ad med þiöd	Sambærilegt; orðamunur.
29. Úlfur herfir fyrda fann	32. Ulfur þefse uirda fann	Sambærilegt; orðamunur.
30. Huadan af lóndum helldu þer	33. Huadan ur londum hielldu þier	Sambærilegt; orðamunur.
31. Herfir talar vid höllda enn	34. Garpurinn fvaradi greitt J fenn	Sambærilegt; orðamunur.
32. Aulver greip upp eitthvert fpiöt	35. Olver greip upp eitt þa fpiöt	Sambærilegt; orðamunur.
33. Drengurenn fnídur dofra þak	36. Dorenn fnydur Dofraþak	Sambærilegt; orðamunur.
34. Biuggu þeir um þennann dreing	37. Þeir biuggu þar Umm daudann dreing	Sambærilegt; orðamunur.
35. Bæde geck þeim móte ok medur	38. Jmíft geingur möt eda medur	Sambærilegt; orðamunur.
36. Vedrit tók ath vaxa þar	39. Uindurenn bar þa Ueftur umm mar	Sambærilegt; orðamunur.
37. Druckna þeir vid diúpan fand	40. Druchnudu þar uid diupan fand	Sambærilegt; orðamunur.

Þó nokkuð er um víxl á vísunum í I. rímu milli textavitnanna tveggja og orðamunur er mikill. Mismunur byggist oftast á orðamun með notkun samheita og því að rím helst alltaf eins, þótt önnur rímorð komi til sögunnar. Það sama má segja um kenningar; þótt önnur kenning sé notuð þá er fyrri eða seinni liður kenningar jafnan sá sami (sjá t.d. B10–C16). Í einstaka tilfellum getur orðamunur textavitnanna breytt merkingu rímunnar mikið (sbr. B2–C9). Í fyrstu rímu er aðeins ein vísa sem er nákvæmlega eins með farið í báðum rímnagerðum (B13–C20), þótt staðsetning vísunnar hafi víxlast. Kynningu á konungunum og missætti þeirra er víxlað allmikið innan rímunnar, en miðað við framvindu í prósaerð er staðsetning kynningarinnar í C röklegri en virkar meira eins og innskot í B. Fóstru-minnið er aftur á móti ófullkomnara í C, því þar kemur hvergi fram að fóstura Ölvis hafi verið frá Finnmörku eða að hún sé fjölkunnug, svo þar skortir upplýsingar sem eru til staðar í B. Samræður Hildar við fóstura sinn, Ölvi, eru styttri í C og þau kveðjast ekki jafn innilega, þótt hann fái galdragripi að gjöf í báðum textavitnum. Þátturinn um fund Ölvis og Úlfs á Fjöni virðist einnig vera fyllri eða röklegri í C, auk þess sem þar er fyllt inn í eyðuna sem skilin er eftir í B (Magnús menn – m \_\_ \_\_ ner menn“. Í báðum textavitnum er fyrstu rímu lokið á sama stað í atburðarásinni og með sambærilegri vísu, með niðurlagi.

### 3.2.1.2. Tafla yfir mismun textavitna í II. rímu

NKS 1133 fol. (B)	AM 616 d 4to (C)	Athugasemdir
	1. Fiorlaufn öma fyrir beyd, J frædamäla	Visa ekki í B.
1. Reckar villdu regnis feing reifa í fefse		Visa ekki í C.
2. Drucknat hófdu drenger hans í diúpum æge	2. Druchnudu aff honum dreinger Hans J diupum mar	Sambærilegt; orðamunur.
3. Biörn ok Tóke brædur Úlfs er biuggu á Fiöne	3. Biorn og Töke brædur þeir biuggu a Fiöne	Sambærilegt; orðamunur.
4. Skialldameidur íkundar upp á fkógin frída	4. Skiallda Alfur íkundar ut a skoenn uyda	Sambærilegt; orðamunur.
	5. bada kiende hann brædur þefsa biörn og Tóka	Visa ekki í B.
5. Garpurenn ftendur geife kjrr ath grundar faxe		Víxl; sjá B5–C12.
6. Reckar vilia reina afl ok ríða nærre		Visa ekki í C.
7. Aulver ívarar ok allvel treifte afle fínu		Visa ekki í C.
8. Hólldar keýra hefða fram med hórdu bólví	6. Holdar keyra hefða fram med hordu bolue	Sambærilegt; orðamunur.
9. Getur hann ecke geimt fitt líf fyrer garpe megnunum		Visa ekki í C.
10. Hitt er fagt ath hældíft Biörn enn heiptarfkióte	7. Þa tru eg ad hældéft biorn heyfttar höte	Sambærilegt; orðamunur.
11. Fengit hef ek fe quat Biörn ok frídlegt vellde		Visa ekki í C.
12. Þefse mællte þá vid Biörn i þetta finn	8. Þa mun anfa þegn uid biorn J þetta finn	Sambærilegt; orðamunur.
13. Sveiper til med faxe biörtu fveiger efsa	9. Sv[e]iflar til med faxe glæftu, fveiger efsa	Sambærilegt; orðamunur.
14. Flóka dró fem fyrr var fagt ýfer fialla bý		Víxl; sjá B14–C11.
15. Jtar villdu Ólvi ná ok urdu ítríder		Visa ekki í C.
16. Tóku þeir ath búa um Biörn i breidre grund	10. Þeyrr biuggu þar umm breitenm Biorn a breydre grund	Sambærilegt; orðamunur.
	11. Flökann drö fem fyrr uar fagt yfer fioll og bý	Víxl; sjá B14–C11.
	12. Garpurenn ftöd þa geyfekirr hia grundarfaxe	Víxl; sjá B5–C12.
17. Kominn var þangat kóngurenn Sveinn med kappa ftinna		Visa ekki í C.
18. Garpurenn þefse geck í hól er gátum fordum	13. Garpurinn þefse giech J holl fem greint uar fordum	Sambærilegt; orðamunur.
19. Fýlker fþurde frægur ath nafne fleýna veiter		Visa ekki í C.
20. Dróttir villde drepa mik her er	14. Dróttenn uilldi drepa mig oll ad	Sambærilegt; orðamunur.

drengurinn kallar	dreingurinn fpiallar	
21. Ertu borinn qvad milldning merkur málinu röngu	15. Þu munt borenn qvad millding merkur mäle röngu	Sambærilegt; orðamunur.
22. Fann ek Úlf af Fiöne hér qvad fleýger ríta	16. Fann eg ulfa a fiöne hier qvad fleyer yta	Sambærilegt; orðamunur.
23. Garpar villdu grípa mik med gilldum megnum	17. Aller fogdu ulfur þefse aldyr uęre	Víxl; sjá B23–C18.
24. Aller fógdu ath Ulfur þefsi ali dýr være	18. Garpar uilldu grypa mig med grimmeik megnum	Víxl; sjá B24–C17.
25. Hvórki vann ek geig ne grand á garpe neinum	19. Gackta eg hvorke geig nie grand, af garpe einum	Sambærilegt; orðamunur.
26. Var mer fyrer ath vernda mik nu veiftu hid fanna	20. Mier vard þa fyrer ad ueria mig eg uifse hid fanna	Sambærilegt; orðamunur.
27. Úlfur ok Biörn á óngan frid þó ath þeim leggium	21. Ulfur og biorn ä ongann frid, nær ad þeim leggium	Sambærilegt; orðamunur.
28. Lofdung talade lýftum gæddur leit um fik		Visa ekki í C.
29. Herran gef mer hýrdmans nafn qvad hrifter branda		Víxl; sjá B29–C26.
30. Kappan tók med kærleik óllum Kongfins fuerde		Visa ekki í C.
31. Hófudit lagde hilme í kne hrínga fpiller	22. Hofeded Lagde J Hylmers hnie fa Hrynga fpiller	Sambærilegt; orðamunur.
32. Drap ek þá báda Biörn ok Úlf í brandagóllu	23. Bæde Drap eg hann biorn og Ulf J brandagollu	Sambærilegt; orðamunur.
33. Tek ek nú alldrei ord mín aptur qvad eider fverda		Víxl; sjá B33–C27.
34. Dóglíng hefur þú dárat helldur Danfkra fveita	24. Därad hefur þu Dreingurenn tiggia Danfkra fveita	Sambærilegt; orðamunur.
35. Ræfir dregur fér raudan hríng af rítar arme	25. Ræfer   gaf honum raudan hryng hia Reckafafne	Sambærilegt; orðamunur.
	26. Herra gief mier hirdnafn gott qvad hrauftur branda	Víxl; sjá B29–C26.
	27. Eche tek eg ord myn aftur uid eyder fuerda	Víxl; sjá B33–C27.
36. Hallda fkalldu limum ok lífi lofter barda		Visa ekki í C.
37. Þar mun Áke útlæge vorr á Jótlands fídu	28. Áke heiter utlæge uor af Jutlandz fydu	Sambærilegt; orðamunur.
38. Jafnan ber hann á borda þingi briniu fnäka	29. Ber hann J huoriu   broddaþyngie briniu fnäka	Sambærilegt; orðamunur.
39. Aulver feiger ath Áke fkal med ýtum falla	30. Ølver feiger äke fkal fyrer ytum falla	Sambærilegt; orðamunur.
40. Kongurenn gaf honum kappa þann er kallaft Sverre	31. Kongurenn gaf honum kappann þann fem kallaft Sverrer	Sambærilegt; orðamunur.
41. Aulver býft fem ódaft má fyrir alla grein	32. Ølver biöft er ätte meft a alla greyn	Sambærilegt; orðamunur.
42. Dýran vil ek þik dóglíng bidia Danfkra láda		Visa ekki í C.
	33. Aller bädu ytar mig	Visa ekki í B.

	fyrer yður að renna	
43. Þat er fyrfta fylkifrád með fullum dýgdum	34. Það uar fyrfta filkers raad, með fremd og diggdum	Sambærilegt; orðamunur.
44. Ef þú finnur óvin þinn með ecka ítrídum	35. Hvar þu lytur ouin þinn með ecka ftrydum	Sambærilegt; orðamunur.
45. Þóttu komer í kurteíft rann hiá kvintum ívanna	36. Komer þu fram J Liftugt Land og lyter ívanna	Sambærilegt; orðamunur.
46. Kappinn fagnar Kónge ráð ok kvadde menge	37. Kappenn þachar konge ráð, og kvadde meynge	Sambærilegt; orðamunur.

Textavitnin hefja II. rímu á einstakri vísu hvort um sig. Báðar þjóna þær þó þeim tilgangi að vera samantekt um efnið þar sem frá var horfið; B endursegir sennu Ölvis við Úlf á Fjóni, á meðan C horfir ekki svo langt aftur í atburðarásina og endursegir aðeins hvernig Ölvir braut skip sitt. Viðureign Ölvis við bræðurna Björn og Tóka er mun fyllri í B og þar er meira um samræður og tilsvör þeirra í millum þar sem Ölvir stærir sig af drápi Úlfs og eignar bræðurna áfram. Slíkt gerir hann ekki í C. Í B virðist vera gert ráð fyrir að Björn hafi sært Ölvi með spjóti sínu og með því unnið Ölvi – hann hælíst um þar sem hann telur Ölvi óvígán og þykíst fagna sigri. Í C er hins vegar hvergi minnst á að Ölvir sé særður og þegar Björn hælíst um hreysti sína er fremur eins og hann sé að hótá Ölvi án innistæðu. Þó virðist senan í B vera fyllri og röklegri, a.m.k. þegar litið er á tilsvár Ölvis: „hællftu lítt um hrauftleik þinn, hér er hann Aulver, kompán minn“, sbr. vísu B II.12. Ef þeir Ölvir og Björn væru að hittast fyrsta sinni væri þetta tilsvár fremur skrítið, en ef litið er á atburðarás B kemur tilsvár Ölvis ekki á óvart ef Björn hefur náð að særa hann en hann rís aftur upp til að berjast. Hins vegar er þátturinn um skýjaflókann betur útskýrður í C, þar sem gert er ráð fyrir að hann sé eins konar gerningaveður – auk þess sem flókinn er nefndur tvisvar og því passar það betur þegar sagt er: „Flökann drö fem fyrr uar fagt yfer fioll og bý“, sbr. C II.11. Það sama mætti segja um senuna þegar Ölvir hittir Svein konung, en þá virðist framvindan í C vera röklegri.

### 3.2.1.3. Tafla yfir mismun textavitna í III. rímu

NKS 1133 fol. (B)	AM 616 d 4to (C)	Athugasemdir
1. Þar íkal renna rognis vín	1. Fram skal renna rogners vyn	Sambærilegt; orðamunur.
	2. Bärann liek uid bræddann ítafn	Víxl; sjá B12–C2.
2. Lender þar er Liensborg heiter	3. Lender þar fem Lynsborg heiter	Sambærilegt; orðamunur.
3. Alfur het fá er Ölver fann	4. Alfur hiet fá audarlund	Sambærilegt; orðamunur.
4. Bióren alldreí burgeis mætur		Víxl; sjá B4–C12.
5. Aulver íþyr fá er afrek vann	5. Ölver ípurde afreksmann	Sambærilegt; orðamunur.
6. Ordum frá ek ath veiter víke	6. Seigia uil eg þier fyft með ykie	Sambærilegt; orðamunur.
7. Stadanna tólf er ftutt á mille	7. Stadirnir 12 með storre fnille	Sambærilegt; orðamunur.

8. Her er nú fyrft ath fara med lande		Visa ekki í C.
9. Fara má þar ed fremra allt	8. Ferdaft fkalft fyrir framann allt	Sambærilegt; orðamunur.
10. Stendur önnur ftittre leid	9. Stendur onnur ftittre leid	Sambærilegt; orðamunur.
11. Skálar ftanda fkóge á	10. Skálabue a Skoge lä	Sambærilegt; orðamunur.
12. Alfur fkillft vid Ölvi þar		Visa ekki í C.
	11. Ræfer liet þa reyfa ftir	Visa ekki í B.
	12. Biorenn ecki burgeys mætur	Víxl; sjá B4–C12.
13. Báran leikur blá vid fax		Víxl; sjá B12–C2.
14. Skatnar feftu fkeidar brand		Visa ekki í C.
15. Bónde nockur bió þar enn		Visa ekki í C.
16. Skiótlega braut til fkógar fnýr	13. Skundar ut ä Skogenn dyr	Sambærilegt; orðamunur.
17. Skatnar hittu fkála einn	14. Skatnar lyta skala eyrn	Sambærilegt; orðamunur.
18. Aulver hlióp á hurd af mátt	15. Ölver hliöp a hurd af mátt	Sambærilegt; orðamunur.
19. Geck í rann fá garpurin mætur	16. Ölver giech þar Jnn hinn mæte	Sambærilegt; orðamunur.
20. fterklega var þar ftundu fídar	17. Sterkur heyrda stundu fydar	Sambærilegt; orðamunur.
21. Leikner hefur langar tenn	18. Loddarenn hafde liotar tennur	Sambærilegt; orðamunur.
22. Aulver anfar kátur ok kýrr		Visa ekki í C.
23. Heitit muntu halurinn knár	19. Ölver talar uid aulann hnär	Sambærilegt; orðamunur.
	20. Rumurenn ried ad reyfaft uid	Visa ekki í B.
24. Síá var helldur í fvörunum traudur	21. Sa uar leinge a fvörunum traudur	Sambærilegt; orðamunur.
25. Eýder mællte allfá ord	22. Þadan af mællte hann ecki ord	Sambærilegt; orðamunur.
26. Raudur þotte rembilátur		Víxl; sjá B26–C26.
27. Þegninn mælltte þefse ord	23. Raudur tók þa riett til ordz	Sambærilegt; orðamunur.
28. Kallfar Ölver kátur vid recka	24. Halurenn mællte horfenner	Sambærilegt; orðamunur.
	25. Luta onguer lender menn	Visa ekki í B.
	26. Raudur þottiz rembilátur	Víxl; sjá B26–C26.
29. Ölver rædur upp ath ftanda		Víxl; sjá B29–C28..
30. Aulver lætur eggium fkarpa		Visa ekki í C.
31. Bles hann upp á brýniu laut		Víxl; sjá B31–C29.
32. Raudur frá ek ath reigdi ft vid	27. Raudur nam fig reifaft uid	Sambærilegt; orðamunur.
	28. Ölver geymde Undatein	Víxl; sjá B29–C28.
	29. Kom hann nu J þunga þraut	Víxl; sjá B31–C29.
33. Gridunum játar geyra þundur	30. Ræða uerdur raude frá	Sambærilegt; orðamunur.
34. Aulver tók þann undatein	31. Ölver geymde undatein	Sambærilegt; orðamunur.
35. Raudur leggt í reckiu þá	32. Raudur feft J reckiu þa	Sambærilegt; orðamunur.
36. Lágu þeir fyrir innan elld	33. Ölver legft fyrir Jnnann elld	Sambærilegt; orðamunur.
37. Giftan hófum vid galldra mann	34. Giftum uid hia galldramanne	Sambærilegt; orðamunur.
38. Garpurin talar í huganum hreinn	35. Hinn uar helldur J huganumm hreyrn	Sambærilegt; orðamunur.
39. Skal ek af life reckenn ráda	36. Rumenn uil eg af rykum ráda	Sambærilegt; orðamunur.
	37. Ölver anfar furdu fliott	Visa ekki í B.
	38. Þeyr fleigdu fkydum fram a golf	Visa ekki í B.
	39. A midiu golfe skallt madurenn bäl	Visa ekki í B.
	40. Ei mun byta undateyrn	Visa ekki í B.
	41. Uppa stochenn báder brätt	Visa ekki í B.
	42. Eg fkal hlaupa ad haukaftroind	Visa ekki í B.
	43. Sverdi nädu fegger bratt	Visa ekki í B.
40. Hreiftemann ath hvílu gengur	44. Reckurenn framan ad reckiu gengur	Sambærilegt; orðamunur.
41. Ótæpt let hann ath honum ríða	45. Ölver liet þa otæft ryða	Sambærilegt; orðamunur.
42. Umbrot urdu eige gód	46. Ummbrot urdu ecki god	Sambærilegt; orðamunur.

43. Sofandi mannin fagde Raudur	47. Sofande blytt ad fagde raudur	Sambærilegt; orðamunur.
44. Þú munt ætla ath erfa mik	48. Þu munt ætla ad erfa mig	Sambærilegt; orðamunur.
45. Þar ed þu lítur fliódit frítt	49. Hvar þu finnur flióded hyrt	Sambærilegt; orðamunur.
46. Sie þat brudur edur burgeis mær	50. Hvort þad er helldur bondans mær	Sambærilegt; orðamunur.
47. Fáer þú eige ed fefka víf	51. Fæer þu eche fagra uyf	Sambærilegt; orðamunur.
48. Veitter þu mer af fáxe fár	52. Þu hefur uaked med fáxe fár	Sambærilegt; orðamunur.
49. Mun ek um qvad míger ríta	53. Munde eg qvad meider yta	Sambærilegt; orðamunur.
50. Nema þér kome til nockr madur	54. Nema þar kome til nacktur madur	Sambærilegt; orðamunur.
51. Þá mun garpurenn geirel fnart	55. Garpurenn hafde gladJel fnart	Sambærilegt; orðamunur.
52. Drógu þann fyrer dýrnar út	56. Þeir drou þann fyrer dýrnar ut	Sambærilegt; orðamunur.
53. Skilldu epter allan aud	57. Effter fkilldu allan aud	Sambærilegt; orðamunur.
54. Jtar lágu átta nætur	58. Lyted tru eg þeim bereft J bætur	Sambærilegt; orðamunur.
55. Hólldar gengu heidum frá	59. Holdar ganga umm heydar þä	Sambærilegt; orðamunur.
56. Garpar líta gudvefs tialld	60. Segger lyta silkietialld	Sambærilegt; orðamunur.
57. Ute ftód þar leikara lidur	61. Þar uar üte leikara lydur	Sambærilegt; orðamunur.
58. Aulver renner auga til	62. Ölver rende augum til	Sambærilegt; orðamunur.
59. Aulver gaf fér ecke um þá		Víxl; sjá B59–C65.
60. Júngfrúen ber á hvórium fíngri		Víxl; sjá B60–C64.
61. Hann horfer uppá heidurs víf	63. Horfde hann uppa hryngafryd	Sambærilegt; orðamunur.
	64. Rygardz fru bar hreyrna gull	Víxl; sjá B60–C64.
	65. Ölver gaf fier ecki ad þeim	Víxl; sjá B59–C65.
62. Hættulegt var þat harma tál	66. Hættleg fiech hann higgjital	Sambærilegt; orðamunur.

III. ríma í báðum textavitnum hefst á sambærilegri vísu, sem er eins konar samantekt á atburðum fyrri rímunnar. Textavitnin enda þriðju rímu einnig á sambærilegri vísu. Þó nokkuð er um víxl í þeim þætti þar sem Ölvir hittir bóndann Álf og í B er senan nokkuð lengri en í C. Þar kemur Ölvir aðeins við hjá Álfi og skilur menn sína eftir þar en í B virðist gert ráð fyrir að Ölvir hafi hitt annan bónda eftir að hann fór frá Álfi og að þar hafi hann skilið menn sína eftir. Textavitnin eru bæði sammála um að Ölvir hafi farið einn, ásamt Sverri, að skálanum en skilið menn sína eftir hjá bóndanum. Þátturinn um viðureign Ölvis og Rauðs er fyllri í C og lengri, þar sem sjö vísur sem undirbúa dráp Rauðs eiga sér ekki hliðstæðu í B.

### 3.2.1.4. Tafla yfir mismun textavitna í IV. rímu

NKS 1133 fol. (B)	AM 616 d 4to (C)	Athugasemdir
1. Þar ma ek hefia fónarfund	1. Upp skal briaft fónar fund	Sambærilegt; orðamunur.
2. Aulver ípýr hvat audargrund het	2. Ölver spyr hvad audargrund hiet	Sambærilegt; orðamunur.
3. Fardu i burt ok forda þer		Víxl; sjá B3–C6.
4. Enn þó Kóngfon kome til bráður		Víxl; sjá B4–C8.
5. Aulver ípýr fá afrek ítídur	3. Ölver ípir med elfku ftig	Sambærilegt; orðamunur.
6. Hann let mik feger hríngalín	4. Hann liet med fier hryngarein	Sambærilegt; orðamunur.
7. Blíðri fvarar hann bauga gná	5. Bráðlega talar uid brude þä	Sambærilegt; orðamunur.
	6. Fardu burt og fordadu þier	Víxl; sjá B3–C6.

	7. Hrædeft eg ecki hefnder þær	Visa ekki í B.
	8. Þó ad kome til kongíson bradur	Víxl; sjá B4–C8.
8. Svo er mer orden lýftug lund		Visa ekki í C.
9. Skýldig ei vid fkialara þinn		Visa ekki í C.
10. Þu munt ecke ath þeísu frett		Visa ekki í C.
11. Kofsin gat hann kærú veitt	9. kofstenn gat hann kíæru ueitt	Sambærilegt; orðamunur.
12. Þegar ath úngum eidar Frey	10. Þegar ad uænum uellafrey	Sambærilegt; orðamunur.
13. Þinn mun herran drófin dýr	11. Er þinn herra drófenndyr	Sambærilegt; orðamunur.
14. Hrópa eige herra minn	12. Hröpadu ecki herrann minn	Sambærilegt; orðamunur.
15. Mikin aungva meine getur		Visa ekki í C.
16. Miíftak alldrei meidóms dýgd		Visa ekki í C.
17. Sætan grætur ok feger með hrýgd		Visa ekki í C.
18. Aulver ívarade audar grund		Visa ekki í C.
19. Væntir mik qvat vífit her	13. Uon er þeífs qvad uyfed hier	Sambærilegt; orðamunur.
20. Aulver feger ath eingen fórg	14. Ólver feiger ad eingenn fórg	Sambærilegt; orðamunur.
21. Aulver fór með únga fnót	15. Ólver greip upp unga fnót	Sambærilegt; orðamunur.
22. Fræga leit hann fyrda fveit		Víxl; sjá B22–C18.
23. Sværrer talar vid fegg ok frú	16. Sværrer talar uid fegg og fru	Sambærilegt; orðamunur.
24. Sveiten villde Sværrer ná	17. Sveitenn uillde Sværrer ná	Sambærilegt; orðamunur.
	18. Fræga leit hann firda fveit	Víxl; sjá B22–C18.
25. Talar vid kappan kurteis frú		Víxl; sjá B25–C25.
26. Ádur fkalltu játa þá		Víxl; sjá B26–C26.
27. Fliódit gaf férfátt um þat		Víxl; sjá B27–C27.
28. Nú mun kofstur ath hræra hendur	19. Nu mun kofstur ad hræra hendur	Sambærilegt; orðamunur.
29. Aulver reider unda lax	20. Ólver reiddi undalags	Sambærilegt; orðamunur.
30. Vardift ívo fyrer výrda her	21. Uerft hinn eins og uygur her	Sambærilegt; orðamunur.
31. Branduren fneid þann beran í fundur	22. Brandurenn klauf þa berann J fundur	Sambærilegt; orðamunur.
32. Sundur í midiu íverdit íkar	23. Sværded þá J fundur skar	Sambærilegt; orðamunur.
33. Skutu ath hönúm fkatnar þá	24. skatnar ad honumm fkiöta þá	Sambærilegt; orðamunur.
34. Ráku fýrft í ramman ítreng		Visa ekki í C.
	25. Sydann talar uid Sværrer fru	Víxl; sjá B25–C25.
	26. Ádur skalltu játa nu	Víxl; sjá B26–C26.
	27. Flioded gaf fier fátt umm þad	Víxl; sjá B27–C27.
35. Bera nú heim til borgar þá	28. Þá uar borenn til borgar heym	Sambærilegt; orðamunur.
36. Hóggva ætlar herran vendur		Víxl; sjá B36–C30.
37. Kæran talar vid kluckara tvo	29. Kíæran talar uid kluchara 2	Sambærilegt; orðamunur.
	30. Greyfenn higft ad hoggva hann þá	Víxl; sjá B36–C30.
38. Þegar ath heirde herran fá	31. Þegar ad herrann heyra mä	Sambærilegt; orðamunur.
39. Aulvi lætur Auðlíng trúr	32. Hann uar færður fotunum úr	Sambærilegt; orðamunur.
40. Burgeis hefur ííá bróður átt	33. Burgeis hefur fier broður att	Sambærilegt; orðamunur.
41. Baugagrund med barne var	34. brudurinn íu med barne uar	Sambærilegt; orðamunur.
42. Sagt var her ath feima gná	35. Hef eg þad friett ad hrynga gná	Sambærilegt; orðamunur.
43. Herran ííálfur hvöria nótt		Visa ekki í C.
44. Þennan fama funnudag	36. Bar þad til eirn blydan dag	Sambærilegt; orðamunur.
45. Treífter uppá tignar heim	37. Treífter hann uppa tygenn feim	Sambærilegt; orðamunur.
46. Hvór fem græder gullhladz bil	38. Hvor fem læknar audarbil	Sambærilegt; orðamunur.
47. Bróder þinn hefur bundit mann	39. Bróder þinn hefur bunded mann	Sambærilegt; orðamunur.
48. Sá mun vinna vífe bót		Visa ekki í C.
49. Burgeis hitter bróður finn	40. Burgeis hitte broður finn	Sambærilegt; orðamunur.

50. Gilldan hefur þú geýra þund	41. Dyrann hafe þier darrameið	Sambærilegt; orðamunur.
51. Lækni hann eigi lyftugt víf		Visa ekki í C.
52. Þóad hann hafe falsat frú	42. Þo hann hafe fallat fru	Sambærilegt; orðamunur.
53. Aulver leyfer afreks madur	43. Er fo leiftur afrex madur	Sambærilegt; orðamunur.
	44. Bundenn kom eg a bragnafund	Visa ekki í B.
54. Saxe nádi feima týr	45. Saxe näde feymatyr	Sambærilegt; orðamunur.
55. Þegar hann leggur ath laukarein	46. Þegar hann lagde umm laukarein	Sambærilegt; orðamunur.
56. Nu feck halur harma tíon	47. Hættlegt fiech hann harma tíon	Sambærilegt; orðamunur.
	48. Eg girneft ecki af godvilld betur	Visa ekki í B.
57. Hatar þó meft af finne förg	49. Hratt hann allri finne förg	Sambærilegt; orðamunur.
58. Hofkan lítur hiörva meid		Visa ekki í C.
	50. Greifenn ía nam geyralund	Visa ekki í B.
59. Aulver hefur fik undann meir	51. Olver hefur fig undann meir	Sambærilegt; orðamunur.
60. Garpuren kallar geife fnart	52. Anfar greifenn yfred fnart	Sambærilegt; orðamunur.
61. Aulver beid vid eina lind	53. Olver beid uid eyna lund	Sambærilegt; orðamunur.

Bæði textavitni hefja IV. rímu á sambærilegri vísu, með endursögn að hluta til. Þátturinn í tjaldi Randiborgar er styttri í C og fyrir vikið ekki jafn tilfinningaþrunginn. Mikið er um víxl í þeim þætti, sem hefur áhrif á framvindu sögunnar og túlkun. Önnur atriði sem víxlast, svo sem flótti Sverris til skógar og vörn Ölvis á eikarstofninum, virðast þó ekki hafa áhrif á túlkun atburða eða framvindu. Orðamunur milli textavitna er áfram mikill, en athyglisvert er að rím helst gjarnan óbreytt þótt orðum sé skipt út. Einhver smávægilegur munur er á útreið Ölvis og fundi hans með Rígarði greifa; tilfinningalegt ástand Ölvis er ólíkt milli textavitna (B57–C49) og ekki eins með það farið hvor þeirra Rígarðs átti frumkvæði að samræðum þeirra (B58–C50). Í IV. rímu verður einnig vart við að skáldið vísi í munnlega frásögn þótt orðalag sé frábrugðið milli rímnagerðanna, en þar segir í vísu B IV.42 „Sagt var her ath feima gná“ og jafnframt í vísu C IV.35, þar sem skáldið tjáir sig aukinheldur í 1. persónu og segir „Hef eg það friett ad hrynga gná“. Slíkt orðalag er þó fremur algengt í rímum.

### 3.2.1.5. Tafla yfir mismun textavitna í V. rímu

NKS 1133 fol. (B)	AM 616 d 4to (C)	Athugasemdir
1. Berlíngs knórenn braut ek þann	1. Berlings knorenn braut eg þann	Sambærilegt; orðamunur.
2. Framm á eina græna grund		Visa ekki í C.
3. Aulver mun ek þat inna þer	2. Ölver eg uil Jnna þer	Sambærilegt; orðamunur.
4. Her fyrrer vil ek þer bióða bót	3. Þar uil eg giarnann bióða a bót	Víxl; sjá B4–C3 og B5–C4.
5. Rigard ívarade reindur ath dýgd	4. Rygard mællte reindur af digd	Víxl; sjá B5–C4 og B4–C3.
6. Harmurin fæker hríngabil		Visa ekki í C.
7. Hríngur fader minn herra mildur	5. Hryngur hiet eirn herrann milldur	Sambærilegt; orðamunur.
8. Nu er þat hrýgd ath herma vard		Víxl; sjá B8 og B9–C6.
	6. Reinalldsdotter riöð og fkiær	Víxl; sjá B8 og B9–C6.

9. Þegar ath júngfrú augum fá		Víxl; sjá B8 og B9–C6.
10. Heidin madur bad hennar ádur	7. Hier kom lox eg hennar bad	Víxl; sjá B10–C8.
11. Her kom nú ath ek hennar bad	8. Heydenn bad hennar herrann adur	Víxl; sjá B11–C7.
12. Fyrftu nátt med frygðar líf	9. Fyrftu nott med frigdarmund	Sambærilegt; orðamunur.
13. Gallduren verður mörgum meinn	10. Morgum uerður galldurenn giernn	Sambærilegt; orðamunur.
14. Litlu vil ek þat launa þer	11. Lytt mun eg þad launa þier	Sambærilegt; orðamunur.
15. Mun ek þar eige fkila um fkamt	12. Hverfe þefse hrigd ad þier	Víxl; sjá B15–C13.
16. Su fkal hverfa hrýgd ath þer	13. Uid hliotum ad skilia umm skamt	Vísl; sjá B16–C12.
17. Frídan tók ek fetla hæng	14. Frydan tók eg fetla hæng	Sambærilegt; orðamunur.
18. Út um hnackan oddurin fló	15. Ut umm hnachann oddurenn smiö	Sambærilegt; orðamunur.
19. Vifse þetta vella hnofs	16. Uifse þetta uella hnofs	Sambærilegt; orðamunur.
20. Ann hún þer med undrum heitt		Vísa ekki í C.
21. Eige mun ek qvad afreks drengur	17. Nu uil eg ei kvad afreks dreingur	Sambærilegt; orðamunur.
22. Dálega vann ek daudafegt		Vísa ekki í C.
23. Aulver muntu audnu fterkur		Vísa ekki í C.
24. Bróder þinn á borg ok lád	18. Broder minn ä borgum räd	Sambærilegt; orðamunur.
25. Aulver talar vid afreks mann	19. Ølver talar uid afreksmann	Víxl; sjá B25 og B26–C19.
26. Aka ftendur ecke vid		Víxl; sjá B25 og B26–C19.
27. Sätter kvomu fegger heim	20. Sydan geingu fegger heym	Sambærilegt; orðamunur.
28. Jtar búaft med afl ok þrótt		Vísa ekki í C.
	21. Ølver helldur ött a stad	Vísa ekki í B.
29. Þat mun výrdum vekia forg		Vísa ekki í C.
30. Aki íþýr þegar Aulver fer	22. Ølver þegar Äka fá	Sambærilegt; orðamunur.
31. Anfar þá med afrek vendur	23. Ølver feiger ei mune tiä	Sambærilegt; orðamunur.
32. Jtum verður ath eida hiör	24. Jta komstu ad eyda hiord	Sambærilegt; orðamunur.
33. Ake ívarade ödur ok ær	25. Akie kallar ödur og ær	Sambærilegt; orðamunur.
34. Ake bilade ecke hót		Vísa ekki í C.
35. Sára fengu fegger hel		Víxl; sjá B35–C28.
36. Víkingurinn í vopnaþróng		Víxl; sjá B36–C29.
37. Staung var reidd af ftála þund	26. Stongenn hans J styriarfund	Sambærilegt; orðamunur.
38. Flein í gegnum fyrda rak	27. Flein J giegnum firda rak	Sambærilegt; orðamunur.
	28. Segger feingu fär og hel	Víxl; sjá B35–C28.
	29. Æraft tók hann Akie þä	Víxl; sjá B36–C29.
39. Hvalsan brodd ok hafa ftöng		Vísa ekki í C.
40. Aulver hefur fik undan fnart		Vísa ekki í C.
41. Galldra madurin gialla brá		Vísa ekki í C.
42. Haluren mællte ok hrifte geir	30. Ake svarar og yffter geir	Sambærilegt; orðamunur.
	31. Olver helldur ort J stryd	Vísa ekki í B.
43. Fýrðar flidra fiólnis bál	32. Firdar flydra fiolners bär	Sambærilegt; orðamunur.

Bæði textavitni hefja V. rímu á sambærilegri vísu, með endursögn. Í V. rímu er nokkuð um helmingavíxl, þ.e. vísuhelmingum eða vísuorðum er víxlað á milli. Þannig er seinni vísuhelmingur B4 sambærilegur C4, en seinni vísuhelmingur B5 sambærilegur C3. Þrefalt víxl á sér stað í vísu B8, B9 og C6; þar er vísuorðum víxlað svo að fyrri vísuhelming B8 er ekki að finna í C, en seinni vísuhelmingurinn er notaður sem fyrri vísuhelmingur C6. Það sama gildir um B9; þar er fyrri vísuhelming ekki að finna í C, en seinni vísuhelmingur B9 er

sambærilegur seinni vísuhelming C6. Þetta gerist aftur við vísur B25, B26 og C19; þar er fyrri vísuhelmingur B25 sambærilegur fyrri vísuhelming C19, en seinni vísuhelming B25 er ekki að finna í C. Fyrri vísuhelming B26 er ekki að finna í C, en seinni vísuhelmingur B26 skipar þó seinni vísuhelming C19, svo að C19 er samsett úr helmingum B25 og B26.

Þó nokkur munur er hér á rímnagerðunum hvað merkingu varðar, þótt vísur séu sambærilegar. Víxl vísna og vísuhelminga (þar með uppröðun tilsvara) hefur áhrif á framvindu sögunnar og merkingu. Samtal Ölvis og Rígarðs er ólíkt eftir textavitnum, þar sem B gefur skýrari mynd af atburðum og útskýrir hvernig á því stendur að Rígarð vilji kvæna Ölvi frú Randiborg. Það er fremur óljóst í C hvað veldur þeim ráðahag. Meiri áhersla er lögð á tilfinningar Randiborgar í B en í C. Þá breytir það miklu hver ljóðmælandi í B24–C18 er – hvort Ölvir afneitar ríkinu eða Rígarður heimti að bróðir sinn stýri ríkinu. Átök Ölvis og Áka eru fyllri og ítarlegri í B og virðist þar vanta inn í atburðarásina í C, svo sem lýsingu á stöng Áka og að Áki er sagður göldróttur. Textavitnin enda þó V. rímu á sambærilegri vísu með niðurlagi, en þar hefur eitthvað skolast til í C ef litið er til rímorðanna.

### 3.2.1.6. Tafla yfir mismun textavitna í VI. rímu

NKS 1133 fol. (B)	AM 616 d 4to (C)	Athugasemdir
1. Lamdið þar sem leikurinn var	1. J lande þar sem leikurenn uar	Sambærilegt; orðamunur.
2. Tekur af ser enn tíad er her	2. Tel eg af mier Enn tia meige þier	Sambærilegt; orðamunur.
3. Aulver veit ath ecke beit	3. Ölver ueit ad eche beit	Sambærilegt; orðamunur.
4. Mæker ángur meгнаft lánkur		Vísa ekki í C.
5. Lenge dags ath lýftugt fax		Vísa ekki í C.
6. Fleýger braut med fremd ok íkraut	4. Hann fleigde a braut med fremd og íkraut	Sambærilegt; orðamunur.
7. Aulver íþráng í Aka fáng	5. Ölver íþrang J Áka fang	Sambærilegt; orðamunur.
8. Undraft her er Aulver ber	6. Undraft her hann Ölver ber	Sambærilegt; orðamunur.
9. Nagler hver ath haluren ber		Vísa ekki í C.
10. Hóndum þreif fá holldit reif		Vísa ekki í C.
11. Nadda týr í naudum fkýr	7. Naddatyr J naudum hýr	Sambærilegt; orðamunur.
12. Feingig líf úr fleina dríf	8. Feingie eg lyf ur fleinadryf	Sambærilegt; orðamunur.
13. Híalpi ofs vid hiórfa fofs	9. Hialpe ofs ur hiorva fofs	Sambærilegt; orðamunur.
14. Þegar í ítad er þeísa bad	10. Þegar J stad fem þeísa bad	Sambærilegt; orðamunur.
15. Aulver brá med afli þá	11. Þegar J stad fem þeísa bad	Víxl; B15–C11.
16. Aulver mætur Aka lætur		Vísa ekki í C.
17. Breiter ftáls er brotin á háls	12. Briotur stáls uar brotenn umm hals	Sambærilegt; orðamunur.
18. Brendan feim í borgum þeim	13. Brendann seim ur borgum þeim	Sambærilegt; orðamunur.
	14. Rygard fann og riftel þann	Vísa ekki í B.
19. Hvarf í braut med heidri ok íkraut	15. Hiellt a braut med heidur og skraut	Sambærilegt; orðamunur.
20. Brullaup dreckur brógnum þeckur		Vísa ekki í C.
21. Frægðar maður furðu gladur		Vísa ekki í C.
22. Bítte feim í borgum þeim		Víxl; B22–C17.

23. Aulver gaf fyrer auftan haf	16. Ølver gaf fyrer auftann Haf	Sambærilegt; orðamunur.
	17. Lagde J haf þa leided gaf	Víxl; B22–C17.
24. Unne þá fem æfkia má	18. Unne fa fem æfkia mā	Sambærilegt; orðamunur.
	19. Odling framur ærufamur	Vísa ekki í B.
25. Stefner leið á ftillis fkeið	20. Stefnde leid a Stillers fkeid	Sambærilegt; orðamunur.
26. Fiornis ftorð á fkeiðar bord	21. Framm a bord uid fiika ftord	Sambærilegt; orðamunur.
27. Þengill fiálfur þreiter giálfur	22. Þeingell fialfur þa uid gialfur	Sambærilegt; orðamunur.
28. Sverrir bad enn fagt var þat	23. Sverrer bad og sagt er það	Sambærilegt; orðamunur.
29. Frú var gipt ok fenu skipt	24. Fru uar gifft og fienu kfíft	Sambærilegt; orðamunur.
30. Dagur kom enn fá er Dóglíngs menn		Vísa ekki í C.
31. Leif mer gramur lýfta framur		Víxl; sjá B31–C25.
	25. Olver þa fem eg uil tiä	Víxl; sjá B31–C25.
32. Þú munt einn er fagde Sveinn		Víxl; sjá B32–C26.
	26. Það er ós mein ad sagde svein	Víxl; sjá B32–C26.
33. Húfa dýr qvad hilmer fkýr		Vísa ekki í C.
34. Vel þer fiálfur vigra álfur	27. Raad þu fialfur ordaalfur	Sambærilegt; orðamunur.
35. Þeísa dýgð enn þrotin er hrýgd		Vísa ekki í C.
36. Budlúngs nidur brofte vidur		Vísa ekki í C.
37. Aulver fór ok ólldenn ftór		Víxl; sjá B37–C29.
38. Helldu þá braut med heidur ok fkraut		Vísa ekki í C.
39. Mikill er breftur milldíngs gestur		Vísa ekki í C.
40. Reina vónd ok ramleg bónd		Víxl; sjá B40–C28.
	28. Lagde J haf þa leided gaf	Víxl; sjá B40–C28.
41. Ruddu fkeið á ránar leid		Víxl; sjá B41–C29.
	29. Skioldung fann hinn fkyrde mann	Víxl; sjá B41–C29.
42. Búísan ftinn ath bænum inn		Vísa ekki í C.
	30. Lendann mann giorde Lofdung þann	Vísa ekki í B.
	31. Fleyra umm þann hinn fræga mann	Vísa ekki í B.
	32. Dvnye Liöd enn þagne þiöd	Vísa ekki í B.

Bæði textavitni hefja VI. rímu á sambærilegri vísu, með endursögn. Í VI. rímu, líkt og V. rímu, er talsvert um helmingavíxl, þar sem víshelmingum eða vísuorðum er víxlað á milli. Í C11 er fyrsta vísuorð C10 endurtekið en seinni víshelmingur C11 er sambærilegur seinni víshelmingi B15. Vísu B22 er ekki að finna í C, en seinni víshelming hennar má þó finna í vísu C17, sem aftur á móti er ekki að finna í B. Það sama er með vísur B31 og B32; þær er ekki að finna í C, en þó er seinni víshelmingur B31 notaður sem seinni víshelmingur í vísu C25 (sem aftur er ekki í B) og hluti B32 (lína 3) er tekinn upp sem fyrsta vísuorð í C26, sem ekki á sér samsvörun í B. Þetta er gert aftur með hluta vísu B37 (lína 3), sem er ekki í C, sem er tekin upp sem fyrsta vísuorð í vísu C29, sem er ekki í B. Þá má einnig finna sambærileg helmingavíxl í lok rímunnar í vísu B40 og B41, sem hvorugar eru í C. Seinni víshelmingur B40 er tekinn upp sem seinni víshelmingur í C28, sem ekki er í B og seinni víshelmingur B41 er einnig tekinn upp sem seinni víshelmingur í C29.

Það er umtalsverður munur á textavitnunum í VI. og síðustu rímu; viðureign Ölvis og Áka

er mun fyllri og ítarlegri í B. Þar kemur einnig fram að Áki hafi ráðist að Ölvi með nöglum sínum í glímunni (eitthvað sem berserkir gera vanalega ekki, heldur afturgöngur og haugbúar). Þetta atriði kemur hvergi fram í C, en kemur fyrir í prósagerðinni. Brúðkaup Ölvis er varla nefnt í C og þátturinn um skilnað Ölvis við Svein konung er einnig styttri þar. Í B lýkur rímunni eftir að Ölvir er kominn að ströndum Noregs og hefur vetursetu í Túnsbergi. Rímunum í B lýkur með niðurlagserindi, sem á sér enga samsvörun í C. Í C eru fleiri niðurlagserindi, sem aftur á móti eiga sér ekki samsvörun í B. Þar kemur fram að Ölvir hafi hitt Magnús Noregskonung við Túnsberg og haft vetursetu með honum þar. Hann hafi þá verið gerður lendur maður í Noregi og tekið við búi föður síns og lýkur rímunni með tveim niðurlagsvísum, sem á sér heldur enga samsvörun í B. Við rímnalok er því mun meira efni sem ber á milli textavitnanna heldur en í fyrri rímunum fimm.

### 3.2.1.7 Mismunur textavitna: Samantekt

Við samanburð rímnanna má sjá allmikinn mismun, en þá má einnig sjá að II. og IV. ríma hafa flestar vísur sambærilegar, enda er kjarna sögunnar að mestu að finna í þeim rímum. Aðeins ein vísa er með öllu eins í báðum textavitnum, vísa B 13 eða C 20. Flestar vísur innihalda einhvern orðamun, þar sem orðum hefur verið skipt út fyrir samheiti. Mikið er um víxl í rímnaflokknum og þá oftast helmingavíxl. Alls eru það 75 vísur sem innihalda víxl af einhverju tagi. Í I. og II. rímu er 10 vísur víxlað í hvorri rímu fyrir sig og í III. og IV. rímu eru það 14 vísur sem innihalda víxl. Í V. rímu er 15 vísur víxlað en í VI. rímu er 12 vísur víxlað.

Vísur sem ekki eiga sér samsvörun í öðru textavitninu eru alls 86. Fæstar eru þær í I. rímu, þar sem aðeins 7 vísur eiga sér ekki samsvörun. Í II. rímu eru 15 vísur sem ekki eiga sér samsvörun. Í III. rímu eru 16 vísur án samsvörunar, þar á meðal heil sena sem undirbýr víg Rauðs í skálanum. Í IV. rímu eru einnig 16 vísur án samsvörunar, en þar munar mest um nauðgun Randiborgar, þar sem C sýnir ekki sama tilfinningaþunga og B og Randiborg tjáir sig ekki eftir verknaðinn líkt og hún gerir í B. Í V. rímu eru 13 vísur sem ekki eiga sér samsvörun. Flestar vísur án samsvörunar eru í VI. rímu, alls 19 vísur, þar sem niðurlag rímnanna hefur margar vísur án samsvörunar. Samanburðirinn sýnir að varðveisla rímnanna er fremur flókin og væntanlega má gera ráð fyrir glötuðum millilið og munnlegri geymd í varðveislufurli *Ölvis rímna sterka*.

### 3.2.2 Orðamengjafræðileg stílrannsókn á textafjarlægð *Ölvis rímna sterka*

Mismun milli textavitna má setja fram á sjónrænan hátt, til viðbótar og stuðnings við töflurnar hér að framan, með *orðamengjafræðilegri stílrannsókn* (en. *lexomic analysis*).<sup>489</sup> Aðferðin byggist á hefðbundnum tölvustuddum stílfræðirannsóknnum, í bland við nýja nálgun á stílfræðirannsóknir og hefðbundna textafræði. Þar er fjarlægð milli texta mæld með því að bera saman öll textaeinkenni á borð við orðanotkun og dreifingu orða.<sup>490</sup> Aðferðin var þróuð með engilsaxneska texta í huga, en nýttist þó einkar vel á norræna og íslenska texta um leið, þá sérstaklega til að bera saman texta eða textaeiningar.<sup>491</sup> Til að bera saman texta eru þeir keyrðir í gegnum forrit sem m.a. telur fjölda orða og hve oft þau koma fyrir og raðar saman orðamengjum í kladda eftir textafjarlægð, frá 0–1. Niðurstöðurnar birtast á sjónrænan hátt í svokölluðu *trjámengi* (en. *dendrogram*)<sup>492</sup> – sem er nánast eins og órói. Textar eða textaeiningar kallast *lauf* (en. *leaves*). Ef líkindi eru á milli texta eða textaeininga eru laufin tengd saman í *kladda* (en. *clade*). Fjarlægð milli laufanna stjórnar hæð kladdanna. Lægstu kladdarnir innihalda því lauf með minnstu fjarlægðina milli sín, þ.e. mestu textalíkindin. Séu laufin alveg eins fellur kladdinn saman niður á núlllínu, þar sem fjarlægð er þá 0. Einstæð lauf nefnast *einlaufungar* (en. *simplicifolious*). Hæstu kladdarnir innihalda þá lauf með mestu textafjarlægðina á milli sín, þ.e. minnstu textalíkindin. Sé ekkert sameiginlegt með laufunum myndast enginn kladdi og úr verður eyða í trjámenginu.

#### 3.2.2.1 Fjarlægð innbyrðis textavitna

Ef við berum saman textafjarlægð innbyrðis textavitna *Ölvis rímna sterka* getum við séð hvernig samsetning stílformsins kemur saman í eina heild með sjónrænum hætti. *Trjámengi 1.1* sýnir textafjarlægð innbyrðis *Ölvis rímna sterka* í AM 616 d 4to. Trjámengi rímnanna í AM 616 d 4to myndar þreppalaga form (en. *stepwise*) sem almennt gefur til kynna einsleitt stílform.<sup>493</sup> Einsleitt stílform getur verið túlkað sem vísbending um t.d. sama höfund, sama tímabil eða, líkt og hér, um eðlilega framvindu í texta. Einsleitt stílform bendir til þess að lítið sé um rof eða stílbrot í textanum:

<sup>489</sup> *Lexomics*, Kleinman et al., Lexos v3.1.1, (2017),

<https://wheatoncollege.edu/academics/special-projects-initiatives/lexomics/>

<sup>490</sup> *Kosinus*-fjarlægð er mæld milli  $n$  algengustu orða, dreifingu þeirra, stöðu og tíðni innan textaeininganna.


<sup>491</sup> Berger og Drout, „The relationship between Víga-Glúms saga and Reykdæla saga: Evidence from new lexomic methods“, *Viking and medieval Scandinavia*, 11. árg. (2015), bls. 1–32.

<sup>492</sup> Einnig þekkt sem *trjári* eða *greinarit* í líffræði, en hér er notast við orðið *trjámengi*.

<sup>493</sup> Berger og Drout, „The relationship between Víga-Glúms saga and Reykdæla saga: Evidence from new lexomic methods“, bls. 1–32.

A stepwise dendrogram, which begins with a single pair of segments to which each subsequent segment adds individually (i.e. a structure with little hypotaxis) and which is characterized by short vertical distances between the branch points is diagnostic of a text with homogeneous vocabulary distribution.<sup>494</sup>

Í þessu tilviki styrkir þrepalaga trjámengi AM 616 d 4to þá kenningu að textinn þar sé heildstæðari heldur en í NKS 1133 fol. (sjá *trjámengi* 6.2). Lítið er um stílbrot í texta rímnanna í AM 616 d 4to, sem bendir til þess að efni rímnanna hafi ekki færst mikið til, eða brenglast, borið saman við texta rímnanna í NKS 1133 fol.




Trjámengi 1.1: Fjarlægð rímnna innbyrðis C

*Trjámengi 1.2* sýnir textafjarlægð innbyrðis *Ölvis rímna sterka* í NKS 1133 fol. Trjámengið er ekki þrepalaga, heldur myndar B\_I hér einblöðung á móti hinum textaeiningunum sem raðast saman í tvílaufa kladda. Það myndi gefa til kynna að eitthvað sé frábrugðið í stíl B\_I – sem styrkir þá hugmynd að ákveðnar vísur, væntanlega kynning og missætti konunganna, hafi þar færst til og þar með rofið röklega framvindu rímunnar, bæði hvað efnislega framvindu og stíl varðar, svo mikið að úr verður greinanlegt stílbrot á trjámenginu. Hvort þessi tilfærsla var til staðar í *Hólsbók* eða er komin til í afritun NKS 1133 fol. þar eftir (t.d. með uppskriftarvillu þar sem farið var línuvillt eða blaðsíðuvillt) er óljóst. *Trjámengi 1.1* og *trjámengi 1.2* sýna því að efnisleg framvinda og stíll rímnanna er röklegri í AM 616 d 4to, en sker þó ekki úr um hvort

<sup>494</sup> Drout et al., *Beowulf unlocked: New evidence from lexicomic analysis* (London: Palgrave MacMillan 2016), bls. 10.

textavitnið feli í sér eldri textann. Hins vegar benda trjámengin til þess að rímurnar í NKS 1133 fol. hafi orðið fyrir meiri röskun á efni og stíl.




Trjámengi 1.2: Fjarlægð rímna innbyrðis B

### 3.2.2.2 Fjarlægð milli textavitna – heild

Ef fjarlægð milli textavitnanna er mæld sem heild, þar sem textafjarlægð milli allra rímna innan *Ölvis rímna sterka* er mæld í bæði AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. fæst bogamyndað trjámengi. *Trjámengið 2.1* raðar saman einstökum rímum beggja textavitna, svo I. ríma, II. ríma, III. ríma, IV. ríma, V. ríma og VI. ríma enda saman í kladda, enda ekki óeðlilegt þar sem um sama rímnaflokk er að ræða þótt lesbrigði séu mikil. Hins vegar einangrar trjágrammið kladdann sem inniheldur VI. rímu frá öllum hinum klöddum trjámengisins. Það gefur til kynna að eitthvað við stílform textaeininganna sem innihalda VI. rímu sé almennt séð frábrugðið öðrum textaeiningum *Ölvis rímna sterka*. Það gæti verið vegna þess að VI. ríma feli í sér mikið af hefðbundnu efni (svo sem þegar hetja skilst við kóng og fær skip að launum, kvænist, snýr aftur heim) og trjámengið greini það sem hefðbundna formúlu sem ber annað stílform, eða þá að efni VI. rímu sé sótt í aðra heimild en aðrar textaeingar – hvort sem sú heimild er munnleg eða rituð. Trjámengið sýnir einnig að fjarlægðin innan IV. rímu er minnst, eða um 3,71 %, svo sú ríma hefur tekið minnstum breytingum í munnlegri geymd og/eða afritun. Svipaða sögu er að segja


um III. rímu, 3,95%, en fjarlægðin fer hækkandi með I. rímu (4,15%), II. rímu (4,30%) og V. rímu (4,45%). Mest er fjarlægðin í VI. rímu, yfir 5% fjarlægð eða 5,06%, sem staðfestir að þar hafi mest af efni skolest til og tekið breytingum. Þá er einnig áhugavert að sjá hvernig einmitt sá kladdi sem trjámengið einangrar frá hinum er einnig sá kladdi sem hefur mesta textafjarlægð innbyrðis.



Trjámengi 2.1: Fjarlægð rímna milli textavitnanna B og C

### 3.2.2.3 Fjarlægð vísna innan I. rímu


Ef litið er sérstaklega á fjarlægð milli vísna *Ölvis rímna sterka* í I. rímu fæst ítarlegri mynd af mismun textavitnanna en þá sem birt er í töflunni í kafla 3.2.1.1 hér á undan. Trjámengi 3.1 greinir strax að vísa C\_I\_13 og B\_I\_20 eru sambærilegar, þar er enginn orðamunur og raðast þær því saman í kladda sem fellur niður á grunnlínuna, því fjarlægð þeirra á milli er 0. Það er jafnframt eina vísan sem er með öllu samhljóma í báðum textavitnum. Mest líkindi eru á milli vísna C\_I\_17 og B\_I\_11 (undir 10%, eða 8,20%), þar sem aðeins munar um eitt heiti (köppumgörpum), milli C\_I\_15 og B\_I\_9 (undir 10%, eða 9,39%) þar sem aðeins munar um einn kenningarlið (eyðir öldu flóðs-eyðir elda flóðs) og svo milli C\_I\_22 og B\_I\_16 (rétt yfir 10%, eða 12,97%), þar sem skipt er um sagnorð og tíð (ansar-talaði). Aðrar vísur hafa 15% textafjarlægð sín á millum eða meira. Alls má greina 33 vísur sem raðast saman í litaða kladda og innihalda léttvæg lesbrigði en aðrar vísur eru fjarlægari og raðast ofar á trjámenginu.



Trjámengi 3.1: Fjarlægð milli vísna I. rímu milli textavitnanna B og C

### 3.2.2.4 Fjarlægð vísna innan II. rímu


Trjámengi 4.1 sýnir fjarlægð milli vísna *Ölvis rímna sterka* í II. rímu og sýnir mismun milli textavitnanna beggja. Engar vísur í II. rímu eru samhljóma, en þó nokkrar eru sambærilegar að einhverju leyti. Engar vísur eru þó svo nánar að fjarlægðin milli þeirra sé innan við 10% líkt og í I. rímu. Þar með sýnir trjámengið að meira hefur færst til í stíl og efnislegri framvindu innan II. rímu heldur en í I. rímu. Hér raðast 28 vísur saman í litaða kladda, sem innihalda léttvæg lesbrigði og hafa textafjarlægð sín á millum innan við 25%. Aðrar vísur eru fjarlægari, og hafa því breyst meira, en þær raðast ofar á trjámenginu. Í lægsta kladdanum, með 15,38% fjarlægð sín á millum, raðast saman vísur C\_II\_21 og B\_II\_27, en þar hefur verið skipt um tvenn atviksorð (nær-þó; hvar-þótt) og um tíð (verða-verði) auk þess sem fornafnið *þér* vantar í B\_II\_27. Af því má sjá að orðalag hefur breyst meira í vísur II. rímu, þar sem ekki finnast dæmi um eins-orða breytingar eins og í I. rímu.



Trjámengi 4.1: Fjarlægð milli vísna í II. rímu milli textavitnanna B og C

### 3.2.2.5 Fjarlægð vísna innan III. rímu

Trjámengi 5.1 sýnir fjarlægð milli vísna *Ölvis rímna sterka* í III. rímu eftir AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. Engar vísur eru samhljóma með öllu, en þó nokkrar eru sambærilegar að einhverju leyti og raðast í litaða kladda með innan við 28,3% fjarlægð sín á millum. Alls eru 44 vísur paraðar í lituðu klöddunum. Aðrar vísur eru fjarlægari og raðast ofar á trjámenginu. Einn kladdi er langtum lægri en aðrir á menginu. Sá kladdi parar saman vísur C\_III\_48 og B\_III\_44, með 10,26% fjarlægð sín á millum, en þar hefur þriðja visuorð breyst lítillga í uppröðun (leggja skal ég-ég skal leggja) auk þess sem mislestur virðist hafa átt sér stað þar sem *last* í C\_III\_48 verður *laust* í B\_III\_44. Fyrir utan þessa uppstokkun visuorðsins, þá eru vísurnar alveg samhljóma. Allar aðrar vísur III. rímu innihalda frekari lesbrigði og er fjarlægð þeirra á milli yfir 15%.




Trjámengi 5.1: Fjarlægð milli vísna í III. rímu milli textavitnanna B og C

### 3.2.2.6 Fjarlægð vísna innan IV. rímu

Trjámengi 6.1 sýnir fjarlægð vísna *Ölvis rímna sterka* í IV. rímu í AM 616 d 4to og í NKS 1133 fol. Engar vísur eru samhljóma milli beggja textavitna, en þó nokkrar vísur sýna léttvæg lesbrigði þar sem fjarlægð þeirra á milli er lítil. Þrjár vísur mynda lægstu kladdana, með innan við 15% fjarlægð á milli vísna. Lægsti kladdinn raðar saman vísnum C\_IV\_33 og B\_IV\_40, með 11,25% fjarlægð, þar sem fornafninu *sér* bregður fyrir í stað *sjá* í fyrsta vísuorði og orðmynd nafnorðs í öðru vísuorði er ólík þar sem *skildi* í C\_IV\_33 kemur fyrir *skjöldu* í B\_IV\_40. Næst á eftir raðast saman vísur C\_IV\_20 og B\_IV\_29, með 11,68% fjarlægð, þar sem ólík tíð sagnorðs kemur fyrir (reiddi-reiðir) og annað atviksorð (þá-þó). Þar eftir parast saman vísur C\_IV\_51 og B\_IV\_59, með 12,88% fjarlægð, en þar vantar fornafnið *sá* í B\_IV\_59, auk þess sem þriðja vísuorð hefur annað orðalag (hugsar hann-því hann hyggur). Aðrar vísur hafa 15% textafjarlægð

sín á millum eða meira. Alls má greina 41 vísu sem raðast saman í litaða kladda og innihalda léttvæg lesbrigði en aðrar vísur eru fjarlægari og raðast ofar á trjámenginu.




Trjámengi 6.1: Fjarlægð milli vísna í IV. rímu milli textavitnanna B og C

### 3.2.2.7 Fjarlægð vísna innan V. rímu

Trjámengi 7.1 sýnir fjarlægð milli vísna *Ölvis rímna sterka* í V. rímu eftir AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. Engar vísur eru samhljóma með öllu, en þó nokkrar eru sambærilegar að einhverju leyti og raðast í litaða kladda með innan við 25% fjarlægð sín á millum. Alls eru 23 vísur paraðar í lituðu klöddunum. Aðrar vísur eru fjarlægari og raðast ofar á trjámenginu. Einn kladdi er langtum lægri en aðrir á menginu. Sá kladdi raðar saman C\_V\_32 og B\_V\_43, með 10,51% fjarlægð sín á millum, en þar hefur aðeins einu sagnorði verið skipt út (veður-gekk). Því næst eru tveir kladdar sem báðir falla innan við 15% fjarlægð, en þar raðast saman vísur C\_V\_15 og B\_V\_18 í kladda með 14,88% fjarlægð, þar sem sagnorði er skipt út (smjó-fló), skipt er um tíð (hverfa-hurfu) eða orðmynd (hef-hefi). Þar á eftir eru vísur C\_V\_17 og B\_V\_21 paraðar saman, með 14,88% fjarlægð á milli sín, en þar hefur fyrsta vísuorðið breyst nokkuð (nú vil ég ei-eigi

mun ég), sem og annað vísuorðið (ykkar blíðu-yndi hennar). Þá vantar einnig fornafnið ég í C\_V\_17. Aðrar vísur V. rímu innihalda frekari lesbrigði og er fjarlægð þeirra á milli yfir 15%.




Trjámengi 7.1: Fjarlægð milli vísna í V. rímu milli textavitnanna B og C

### 3.2.2.8 Fjarlægð vísna innan VI. rímu

Trjámengi 8.1 sýnir fjarlægð milli vísna *Ölvis rímna sterka* í VI. og síðustu rímu AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. Engar vísur eru samhljóma, en þó nokkrar vísur eru sambærilegar að einhverju leyti og raðast saman í litada kladda, þar sem lesbrigði þeirra á milli eru léttvæg og textafjarlægð lítil, eða innan við 26%. Alls eru 20 vísur paraðar saman í lituðu klöddunum. Aðrar vísur eru fjarlægari og raðast ofar á trjámenginu. Einn kladdi er langtum lægri en aðrir á menginu, og er um leið eini kladdi rímnanna sem er ekki samhljóma en ber þó undir 5% fjarlægð. Í þeim kladda, sem inniheldur textafjarlægð um 4,86%, raðast saman vísur C\_VI\_16 og B\_VI\_23, en þar er eina breytingin milli textavitna sú að atviksorðinu er skipt út (með-við). Þar eftir eru tveir kladdar sem báðir falla innan við 15% fjarlægð. Sá fyrri parar saman C\_VI\_18 og B\_VI\_24, með

14,28% fjarlægð, þar sem ábendingarfornafni er skipt út fyrir atviksorð (sá-þá), og atviksorðum með lýsingarorðum skipt út í þriðja vísuorði (með fölván flein-við fagan flein). Hinn seinni raðar saman C\_VI\_4 og B\_VI\_6, með 14,33% fjarlægð, þar sem upphaf fyrsta vísuorðs styttist (hann fleygir á-fleygir) og sagnorði fjórða vísurorðs er skipt út (kvaðst-lést). Aðrar vísur VI. rímu innihalda frekari lesbrigði og er fjarlægð þeirra á milli yfir 15%.




Trjámengi 8.1: Fjarlægð milli vísna í VI. rímu milli textavitnanna B og C

Orðmengjafraeðileg stílrannsókn á sambærilegum hlutum varðveittum úr VI. rímu *Ölvis rímna sterka* eftir öllum þremur varðveittum textavitnum sýnir að fjarlægð milli *Hólsbókar* og NKS 1133 fol. er mjög lítil – meðan fjarlægðin er ívið meiri milli AM 616 d 4to og annarra textavitna. Þá er miðað við að brot *Ölvis rímna sterka* í *Hólsbók*, vísur H VI 20–42, sé sambærilegt samsvarandi vísnum, B VI 20–42, í eftirritinu NKS 1133 fol. og að þær vísur megi bera saman við hluta VI. rímu í AM 616 d 4to, sem telur vísur C VI 16–32.

Á trjámengi 8.2 má sjá hvernig *Hólsbók* og NKS 1133 fol. raðast saman í kladda á meðan AM 616 d 4to stendur eftir í meiri fjarlægð sem *einlaufungur*. Það gefur til kynna að *Hólsbók* og NKS 1133 fol. séu skrifaðar eftir sömu heimild, og nær sú niðurstaða einnig yfir þann möguleika

að NKS 1133 fol. sé afrit *Hólsbókar* (með smávægilegum breytingum skrifara). Hins vegar má einnig áætla, að þar sem AM 616 d 4to myndar hér einlaufung, eigi það sér sjálfstætt forrit og virðist það óskýlt *Hólsbók* og NKS 1133 fol., eins og Hooper hafði áður getið sér til um.<sup>495</sup> Sjá *trjámengi* 8.2:




*Trjámengi* 8.2: Fjarlægð VI. rímu milli textavitnanna H, B og C

Þegar litið er á VI. rímu *Ölvis rímna sterka* í AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. í bland við það samanburðarefni sem varðveitt er af *Hólsbók* (H VI 20–42) sérstaklega má fá enn nákvæmari samanburð á fjarlægð milli einstakra vísna VI. rímu. Með þessu móti má greina þær vísur sem haldast óbreyttar milli textavitna og eru samhljóma; 11 vísur í *Hólsbók* og NKS 1133 fol. en engin vísa milli AM 616 d 4to og hinna tveggja. Hér raðast saman 32 vísur í litaða kladda sem innihalda léttvæg lesbrigði og hafa textafjarlægð innan við 26,5%. Efst raðast svo þær vísur sem hafa mesta fjarlægð sín á millum og hafa tekið mestum breytingum. Tvær vísur innihalda innan við 5% líkindi, milli H og B. Það eru vísur H/B VI 22, þar sem vantar forsetninguna *i* í H VI 22, og H/B VI 30, þar sem samtenginguna *er* vantar í B VI 30. Þar eftir raðast svo 8

<sup>495</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. xi.



upphafsstaf (t.d. niður/viður). Í aðeins eitt skipti virðist breyting hans vera vísvitandi, í vísu 47 þegar hann réttir stuðlasetningu með því að skipta *sikling* út fyrir *skjöldung*. Sjá *trjámengi* 8.4



Trjámengi 8.4: Fjarlægð milli vísna brota í VI. rímu á milli H VI 20-42 og B VI 20-42

### 3.2.3 Skáldamál *Ölvis rímna sterka* eftir textavitnum

Þrátt fyrir þann mun á textavitnum *Ölvis rímna sterka* sem greiningin hér að framan sýnir fram á, þá fylgjast þau að hvað varðar bragfræði (sjá nánar í kafla 3.3), og það sama gildir um skáldamál að mestu leyti. Þó nokkur dæmi eru um að heitum og kenningum hafi verið skipt út fyrir jafngildar kenningar. Oft er aðeins hluta kenningarinnar skipt út, fyrri lið eða seinni lið í tvíkenndum kenningum, svo sem: *skjalda týr – spjalda týr*, *vigra álfur – orða álfur*, *auðargná – auðarbrú*, *vellagrér – vopnagrér*. Í einhverjum tilvikum hefur kenningunum verið skipt út

til að leiðrétta stuðlasetningu eða rím og enn aðrar gætu hafa breyst í munnlegri geymd eða í afritun, sbr. *hrunes tenn og gorns beð*.

Árin 1926–1928 gaf Finnur Jónsson út *Ordbog til rímur*,<sup>496</sup> þar sem fletta má upp flestum kenningum, heitum og orðum sem koma fyrir í rímnaflokkum sem þá voru útgefnir. Bókin veitir ekki tæmandi lista yfir skáldamál rímna, og oft þarf að fletta upp bæði í fyrri og seinni lið í tvíkenndum kenningum til að finna þær, en hún er engu að síður gagnleg til notkunar þó takmörkuð sé. Flestar kenningar og heiti Ölvis rímna sterka eru þekktar úr öðrum rímum og eru skráðar í *Ordbog til rímur*. Þó eru einnig dæmi um óljósar kenningar sem líkast til eru afbakaðar, þ.e. eru skráðar eftir misheyrn eða mislestri skrifara. Enn aðrar kenningar gætu verið frumsmíð rímnaskáldsins og e.t.v. óljósar nútímalesendum, sbr. kenninguna *jarðar eik*.

Í eftirfarandi listum er skáldamál *Ölvis rímna sterka* gefið upp eftir hverju handriti. Dæmi um skáldamál eru skráð og staðsetning fyrsta tilviks innan textans er gefin upp hverju sinni, þar sem ríma, erindi og braglína er gefin upp. Í sumum tilvikum kemur sama skáldamál fyrir oft, en það er ekki útlistað nánar hér. Í flokkunum *heiti* og *kenningar* er þekkt og algengt skáldamál skráð, sem finnst í öðrum rímnaflokkum og í yfirlitsritum um skáldamál, á borð við *Ordbog til rímur*. Í flokknum *óljóst skáldamál og frumlegar kenningar* er skráð það skáldamál sem ekki er þekkt eftir öðrum heimildum en *Ölvis rímum sterka*, þarfnast útskýringar að einhverju leyti eða telst einkennandi fyrir *Ölvis rímur sterka* sérstaklega. Eitthvað er um endurtekningu á skáldamáli á milli NKS 1133 fol., AM 616 d 4to og *Hólsbókar*; í þeim tilvikum er þekkt skáldamál listað upp eftir staðsetningu innan textans, en þegar kemur að flokknum *óljóst skáldamál og frumlegar kenningar* er vísað í skýringar sem finna má í *kafla 3.2.3.1* og *kafla 3.2.3.2*.

### 3.2.3.1 Skáldamál í *Hólsbók*

Hér á eftir fer tæmandi listi yfir skáldamál *Ölvis rímna sterka* í *Hólsbók*.

#### **Heiti:**

gull: *seimur* VI 22.1.

kona: *frú* VI 23.3; *sprund* VI 24.2; *svanni* VI 20.2; *víf* VI 21.2.

---

<sup>496</sup> Finnur Jónsson, *Ordbog til de af samfund til udg. af gml. Nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur* (Kaupmannahöfn: Carlsbergfondet, 1926–1928).

konungur: *buðlungur* VI 36.1; *drótt* VI 36.3; *döglingur* VI 30.1; *gramur* VI 31.1; *hilmir* VI 33.1; *mildingur* VI 39.1; *siklingur* VI 28.2; *skjöldungur* VI 37.3; *tiggi* VI 30.2; *þengill* VI 27.1; *öðlingur* VI 30.3.

maður/menn: *bragnar* VI 20.1; *halur* VI 25.3; *rekkar* VI 41.2; *seggir* VI 27.3; *öld* VI 37.1.

skip: *búza* VI 42.1; *skeið* VI 25.1.

### ***Kenningar:***

kona: *stolltar sprund* VI 21.3.

maður/menn: *bendir spjóta* VI 33.4; *flýtir dróttu* VI 26.2; *fæðir ylgja* VI 35.2; *stála þundur* VI 21.3; *steypir frægðar verka* VI 25.2.

sjór: *ránar leið* VI 41.1.

### ***Óljóst skáldamál og frumlegar kenningar:***

*Buðlungs niður* (=konungur/konungsson), VI 36.1. Kenningin fyrirfinnst ekki í *Ordbog til rímur* en er þó nokkuð gegnsæ sem *konungs*-kenning. *Buðlungur* er konungsheiti, en *niður* er niðji, þ.e. afkomandi konungs. *Buðlungs niður* er því kenning, eða skáldleg yrðing, sem stendur fyrir konung. *Buðlungs niður* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Hind* (=dádýr, virðist eiga hér við *segl*, sbr. „strengja hind í stórum vind“, en merking hér virðist vera *skip*), VI 39.3. Kemur ekki fyrir í *Ordbog til rímur*, en ekki er óalgengt að skip séu kennd við dýr. *Hind* kemur þó fyrir í rímum,<sup>497</sup> oftast sem seinni kenningarliður, í kenningum fyrir *skip* eða *skáldskap*, þótt engin færsla sé í *Ordbog til rímur*. Út frá samhengi rímnanna er harla víst að *hind* á hér við *skip* eða nánar tiltekið *segl* eða jafnvel *skip með segli*. *Hind* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Fjörnir storð* (=hjálma land, virðist vera *höfuð*-kenning), VI 26.1. Kenningin finnst ekki í *Ordbog til rímur*, en virðist nokkuð ljós út frá samhengi. Í vísunni á undan er sagt að Ölvir hafi haft höfuð Áka með sér og eftir vísuþartinum „fjörnir storð á skeiðar borð“ er því lýst hvernig dönskum mönnum sló ótta við að sjá svo „digrar tenn“. Hér er því nokkuð ljóst að *fjörnir storð* er kenning fyrir *höfuð*, og svipar nokkuð til *höfuð*-kenninga á borð við *fjörnir land* og *hjálma storð*. *Fjörnir storð* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

<sup>497</sup> Til að mynda í *Króka-Refs rímum* og *Sigurðar rímum þögla*.

*Hlauðu hreinn* (= geymslu/hlaðinn hreinn), VI 38.2. Kenningin finnst ekki í *Ordbog til rímur*, en þó er algengt að kenna skip við dýr svo sem hrein eða hind. Miðað við samhengi er nokkuð víst að hér er átt við *skip*, jafnvel *skip hlaðið varningi* eða *kaupskip*. *Hlauðu hreinn* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Mækis barði* (= sverða skjöldur, virðist vera *mann*-kenning), VI 39.2. Kenningin fyrirfinnst ekki í *Ordbog til rímur*, barði virðist vísa til skjaldar en þá klifa kenningarliðirnir á vopnum. Barði getur þó einnig vísað til skips eða manns með skegg, en út frá samhengi virðist merking ráðin. Vopn eru algeng í kenningarliðum *mann*-kenninga. *Mækis barði* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Stillis skeið* (=skip), VI 25.1. *Stillir* er *konungs*-heiti og *skeið* er *skipa*-heiti. Virðist *stillis skeið* þá vera kenning fyrir skip, hugsanlega skip konungs. *Stillis skeið* kemur einnig fyrir í AM 616 d 4to og NKS 1133 fol.

*Vigra álfur* (=spjóta álfur, er *mann*-kenning), VI 34.1. Kenningin finnst ekki í *Ordbog til rímur*, en svipar til þekktra *mann*-kenninga, svo sem *menja álfr*, *brodda álfr*, *skjalda álfr*. Seinni liður kenningarinnar er algengur í *mann*-kenningum þar sem fyrri liðurinn er kenndur við vopn. *Vigra álfur* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol. Berist saman við *orða álfur* í AM 616 d 4to.

*Virða drótt* (=menn), VI 34.2. Kenningin fyrirfinnst ekki í *Ordbog til rímur* en er þó nokkuð gegnsæ sem *mann*-kenning. *Virðar* eru menn, og það sama gildir um *drótt* sem vísar til manna, flokks eða hirðliðs, svo hér er einskonar skáldlegt klif. *Virða drótt* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

### 3.2.3.2 Skáldamál í AM 616 d 4to

Hér eftir fer tæmandi listi yfir skáldamál og skáldlega orðanotkun *Ölvis rímna sterka* í AM 616 d 4to.

#### **Heiti:**

ást: *afmor* IV 2.2.

barn: *jóð* I 28.3.

fjötur: *drómi* IV 32.4.

gull: *seimur* VI 13.1.

hús: *garður* III 12.4; *rann* III 29.2.

kona: *brúður* I 11.1; *drós* IV 11.1; *fljóð* I 28.1; *frú* IV 6.2; *kvinna* I 18.4; *kæra* IV 9.1; *mær* IV 7.3; *ristill* IV 2.3; *snót* I 26.1; *sprund* V 9.2; *svanni* II 36.1; *víf* III 51.1.

konungur: *buðlungur* I 11.1; *dróttinn* II 14.1; *döglingur* I 7.1; *fylkir* II 34.1; *gramur* I 3.2; *hilmir* I 6.1; *lofðungur* I 10.4; *mildingur* I 7.3; *ræsir* II 25.1; *sjóli* I 4.1; *skjöldungur* VI 29.1; *stillir* II 22.2; *tiggi* II 24.1; *þengill* VI 19.3; *öðlingur* VI 19.1.

kveðskapur: *fræði* I 1.2; *óður* I 2.2; *ríma* V 36.4.

land: *frón* III 3.3; *grund* II 10.1; *lád* I 37.4.

maður/menn: *arfi* I 12.1; *berserkur* V 31.3; *bónði* III 25.3; *bagnar* II 24.2; *burgeis* III 12.1; *drengir* I 7.2; *drengur* I 37.1; *drótt* VI 14.3; *fólk* II 28.2; *fyrðar* I 23.3; *garpar* I 16.4; *garpur* I 34.1; *greifi* IV 30.1; *gumar* IV 48.2; *halur* I 14.3; *herra* I 10.1; *hlýri* IV 40.3; *höldar* I 5.4; *höldur* IV 19.2; *kappar* I 17.4; *kappi* II 31.1; *kompán* I 8.3; *kæri* IV 38.2; *lýðir* I 6.2; *mengi* I 18.2; *rekkar* I 38.2; *rekkur* III 30.3; *seggir* II 21.3; *seggur* II 34.2; *skatnar* III 14.1; *sveinar* II 19.2; *sveinn* I 21.3; *virðar* I 32.1; *ýtar* II 30.1; *þegn* I 18.1; *þagnar* II 18.3; *þjóð* V 7.4; *þjóðir* IV 17.4; *þundur* IV 50.3; *öld* IV 52.2.

nótt: *gríma* III 27.4.

orrusta: *róma* I 35.2.

skip: *byrðingur* I 20.1.

spjót: *dörr* I 36.1; *fleinn* V 27.1; *geir* II 18.2; *gláðél* III 55.1.

sverð: *brandur* I 16.2; *hjör* II 9.2; *hrotti* I 19.3; *lauf* III 44.4; *oddur* IV 20.2; *sax* III 34.4.

sjór: *geimur* VI 22.3; *græðir* I 40.2; *mar* I 39.1.

tröll: *flögð* III 24.4.

vopn: *eggjar* II 21.2.

### **Kenningar:**

brynja: *Sörlla (bjartar) voðir*<sup>498</sup> IV 23.2.

---

<sup>498</sup> Sölla voðir er þekkt *brynju*-kenning, og er líklega sama kenning og hér (ll/rl samruni).

fundur: *bragna fundur* IV 44.1.

gull: *flæðar eldur* I 4.4; *Góins beð* VI 27.3; *orma lagð* I 5.2.

handleggur: *haukaströnd* III 42.1.

kona: *auðar bil* IV 38.1; *auðar brú* IV 26.4; *auðar grund* IV 1.3; *auðar rein* IV 28.3; *auðar þilja* IV 48.4; *auðgrund* IV 35.3; *auðþöll* I 23.2; *beðja gulls* III 64.3; *falda eik* VI 8.3; *gullhlaðs gátt* IV 33.3; *gullhlaðs rein* V 17.3; *gullhlaðs tróða* III 65.4; *hringa fríð* III 63.1; *hringa Gná* IV 35.1; *hringa lín* V 6.3; *hringa rein* IV 4.1; *hringþöll* IV 12.2; *lauka rein* IV 46.1; *menja bil* V 12.4; *refla fold* IV 8.4; *seima bil* III 62.3; *silki Nanna* II 20.2; *silki rein* V 11.4; *skarlags ná* IV 5.3.

kveðskapur/skáldskaparmjöður: *Berlings knörr* V 1.1; *Sónar sund* IV 1.1; *Suðra nökkvi* VI 1.2; *Suðra siglu hind* IV 53.3; *Suttungs brúðar gjald* IV 1.2; *Suttungs ... mjöður* III 66.3-4.

maður/menn: *auðar lundur* III 4.1; *bauga limur* IV 39.2; *brjótur (grænna) sverða* IV 5.2; *brjótur stáls* VI 12.1; *býtir (grænna) skjalda* IV 28.2; *darra meiður* IV 41.1; *darra ruður* VI 23.3; *drengja dróttir* IV 41.2; *eyðir öldu flóðs* I 15.1; *eyðir spanga* III 41.4; *eyðir stála* III 22.2; *eyðir sverða* II 27.1; *fellir dróttu* VI 21.2; *fleina beitir* III 3.3; *fleina lundur* III 37.2; *fleina stillir* III 10.4; *fleygir (hjalta) ljóma* VI 30.4; *fleygir skjalda* VI 25.2; *fleygir ýta* II 16.1; *folda lið* V 20.4; *fyrða sveit* IV 18.1; *geira lundur* IV 50.1; *hjørva njótur* I 25.3; *hraustur branda* II 26.1; *hringa meiður* I 9.4; *hringa spillir* II 22.1; *hringa Týr* I 16.1; *laufa Týr* III 3.2; *málma lundur* III 43.3; *meiðir ýta* III 53.1; *menja Baldur* IV 18.2; *nadda Týr* VI 7.1; *reynir stála* II 1.3; *rumnir sverða*<sup>499</sup> III 30.2; *seima Týr* IV 45.1; *skjalda álfur* II 4.1; *skjalda beitir* III 13.2; *skjalda lundar leitir* VI 29.2; *spjalda Týr* IV 11.4; *stála Freyr* IV 18.3; *stála þreyngvir* III 9.2; *sveigir essa* II 9.1; *sverða Týr* III 13.3; *Ullur geira* V 21.4; *vopna grér* I 33.3; *örva runnur* I 12.3.

orrusta: *branda göll* II 23.1; *branda rógur* III 60.4; *brodda þing* II 29.1; *fförva hreimur* VI 13.3; *fleina dríf* VI 8.1; *geira gjálfur* I 9.1; *hjørva foss* VI 9.1; *oddapálmur*<sup>500</sup> VI 2.3; *randaruð* I 3.3; *styrjar fundur* V 26.1; *sverða fár* VI 3.3.

silfur: *handings svell*<sup>501</sup> III 64.2.

skip: *flæða dýr* I 16.3; *húfa rein* II 32.2; *siglu mar* I 29.3; *Ægis dýr* II 1.3.

sverð: *benja vöndur* III 42.3; *benja naður* III 54.3; *brynju snákar* II 19.1; *fetla hængur* V 14.1; *Fjölnis bár* V 32.1; *Gildings bál* I 25.1; *Herjans (hallar) tundur* IV 22.3.

<sup>499</sup> Líklega afbrigði af *runnur sverða* sem er þekkt *mann*-kenning.

<sup>500</sup> Líklega afbrigði af *odda psálmur/ odða sálmur* sem er þekkt *orrustu*-kenning.

<sup>501</sup> Líklega afbrigði af *handar svell* sem er þekkt *silfur*-kenning.

sær: *fiska storð* VI 21.1.

***Eignarfallsumritanir:***

elska: *elsku stig* IV 3.1.

hyggja: *hyggju tal* III 66.1.

hrygð: *hrygðar íma* IV 49.2.

sút: *sútar kíf* IV 9.2.

tryggð: *tryggðar grein* I 27.3.

yndi: *yndis band* III 49.4; *yndis grein* V 11.3.

***Skáldlegar yrðingar af öðru tagi:***<sup>502</sup>

brjóst: *hjarta rann* III 46.4.

dauði: *frændatjón* II 3.2.

ferð: *kappaferð* VI 28.3.

galdur: *forn leikur* VI 8.3.

harmur: *harma tjón* IV 47.1.

hús: *bóndans rann* I 14.4; *fólans rann* III 38.2.

kona: *bóndans mæð* III 50.1.

kveðskapur: *fræðamál* II 1.1; *ljóða þáttur* I 1.1; *visnaspekt* I 2.1.

land: *harma land* III 66.2.

maður/menn: *afreks drengur* V 17.1; *afreks kempur* I 30.2; *afreks maður* III 5.1; *auli* III 40.2; *bragða maður* VI 4.3; *foldalið* V 20.4; *galdramaður* III 34.1; *heiðurs kappar* I 33.2; *hreysti maður* III 29.4; *illsku maður* III 38.4; *listamaður* I 10.3; *loddari* III 18.1; *rausnar kappi* I 13.2;

---

<sup>502</sup> Sumar hverjar í *Ordbog til rímur*, en aðrar virðast frá rímnaskáldinu komnar út frá yrkisefni og samhengi. Fremur ofljóst skáldamál.

*rausnar menn* III 26.2; *rekkasafn* II 25.1; *risi* III 37.3; *rumur* III 20.1; *skjalari* IV 21.3; *sæmdar drengur* V 4.3; *sæmdar kempa* IV 50.4; *ýtalið* I 20.4.

sorg: *gleðinnar bann* V 10.3.

### **Óljóst skáldamál og frumlegar kenningar:**

*Brynju skjöldur* (=brynja), VI 19.4. Eins konar hálfkenning eða skáldleg lýsing: „þaktur brynju skildi“. Konungur er hér á *brynvörðum bát*.

*Búnings bót* (=umbúnaður), I 26.3. Umbúnaður að gjöf til að *betrumbæta búning* Ölvis. Fóstra Ölvis hefur þegar gefið honum sverð og bætir um betur með linda og saxi. *Búnings bót* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Dofra þak* (=höfuð), I 36.1. *Dofri* er jötanafn, *Dofraþak* virðist vera *höfuð*-kenning. Ölvir heggur í höfuð óvinnar síns, „sníður Dofraþak“. *Dofraþak* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Essa högg* (=hesta högg), V 31.4. *Ess* er hestur. Óljóst, en virðist vera *sverð*-kenning eða *mann*-kenning. *Ess* kemur oftast fyrir í *skipa*-kenningum. Þekkt er *mann*-kenningin *brynju hess*, svo e.t.v. eru *ess* og *hess* skyldir liðir að einhverju leyti.<sup>503</sup> Hér virðist „essa högginn rýr“ vísa til Ölvis og sverðs hans sem beit ekki á óvin hans.

*Fjölnis (rauður) brími* (=eldur Fjölnis/sverð), VI 4.2. Virðist vera *sverð*-kenning. *Fjölnir* er Óðinsnafn. *Brími* er algengur seinni liður í *gull*-kenningum, sbr. *ægis brími* og *sjávar brími*. *Brími* kemur þó einnig fyrir í *sverð*-kenningum, sbr. *unda brími* og virðist *Fjölnis brími* hér vera notað sem *sverð*-kenning, eins og samhengi vísunnar sýnir. Hefðbundið er að kenna sverð við *Óðins eld*, sem virðist vera grunnur þessarar kenningar. Sverð Ölvis er bitlaust svo hann fleygir frá sér „Fjölnis rauðum bríma“ og tekur svo að glíma við andstæðing sinn. *Fjölnis (rauður) brími* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Fjörlausn Óma* (=kveðskapur/rímulok), II 1.1. *Ómi* er dvergsheiti. *Fjörlausn Óma* vísar í kveðskap og virðist hér vera notað um rímulok. *Fjörlausn* kemur fyrir í svipuðu samhengi í *Friðþjófs rímum*, en *Ómi* er algengur liður í *kveðskapar*-kenningum.

*Fófnis feldur* (=feldur Fáfnis/gull), III 64.4. *Fófnis feldur* virðist vera *gull*-kenning, en er ekki þekkt. Fófnir er algengur liður í *gull*-kenningum sbr. *Fófnis arfur* og *Fófnis mold*. Feldur er ekki svo algengur í kenningum og kemur þá oftast fyrir í hólmgöngu-senum, eða *brynju*-kenningum

<sup>503</sup> Finnur Jónsson er óviss með *hess*, en tengir það ekki við *ess*. Sjá *Ordbog til rímur*, bls. 169.

sbr. *Högna feldur*. Hér vísar *Fófnis feldur* líklegast í þann feld sem ormurinn liggur á, þ.e. gullið, og virðist *gull*-kenning eiga vel við hér þar sem Randiborgu og útbúnaði hennar er lýst.

*Frygðar mundur* (=ást), V 9.1. *Frygðarmundur* er ást, eða ástaratlot, *frygðarmundur* er ekki þekkt, en *frygðarfundur* kemur þó fyrir í rímum.

*Grímir ess* (=hestur Grímnis/maður), V 8.3. *Grímir ess* er óþekkt, en út frá samhengi í rímunni má ráða að um *mann*-kenningu er að ræða: „galdra kunni grímir ess“. *Grímnir* er jötnanafn og kemur oftast fyrir í *kveðskapar*-kenningum, en er ekki þekktur liður í *mann*-kenningum. Hér er *Grímir ess* notað um óvin.

*Grundar fax* (hár jarðar/skógur), II 12.1. *Grund* er jörð, og kemur oftast fyrir í *kven*-kenningum eða *gull*-kenningum. *Faxi* er hestur og kemur fyrir sem liður í *úlfa*-kenningum, sbr. *fálu faxi* og *gýgjar faxi*. Ölvir kemur fram á lund, stendur hjá „grundarfaxi“ og virðist þaðan komast heill á húfi undan óvinum sínum. Hér er átt við skóg (hár jarðar). *Grundar fax* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Heiftar hót* (=reiðihótun), II 7.1. Á við reiðihótun, svipað og kemur fyrir í *Geiplum*. Björn „hælist um heiftar hótí“, þ.e. hann virðist mikill með sig og hótar Ölvi reiðilega. Berist saman við *heiftarskjóti* í NKS 1133 fol.

*Hrungnis tenn* (=Tennur Hrungnis/spjót), I 19.3. Stafsett *hrunes* í handriti, ef til vill afbakað. Orðasambandið er ekki þekkt en virðist hér vera eins konar *vopna*-kenning, ef til vill *spjót*-kenning. *Hrungnir* er jötnanafn og kemur fyrir í *skjalda*- og *gull*-kenningum. *Tennur* eða *tenn* er þekktur liður í *vopna*-kenningum á borð við *Tyrfings tenn* og *Böðvars tenn*, og virðist þar vísa í odd eða eggvopn. Hér í rímunni er upptalning á útbúnaði manna, þeir báru *hrotta* (sverð), *Hrungnis tenn* og *skildi*, svo líklega er hér átt við eggvopn, annað en sverð. Berist saman við *Hrímnis tenn* í NKS 1133 fol.

*Ígultanni* (=maður/björn) II 19.3. Finnst ekki í *Ordbog til rímur*, en kemur þó fyrir í allnokkrum rímum.<sup>504</sup> Oftast notað yfir björn eða mann (óvin). Á vel við hér, þar sem óvinurinn heitir Björn. *Ígultanni* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Jarðar eik* (=banamaður) V 30.3. *Jarðar eik* finnst ekki í öðrum rímum. Út frá samhengi má ráða að þetta sé eins konar hótun. Ölvir og Áki eru að berjast og Áki segist munu verða „jarðar eik“ Ölvís ef enginn skakkar með þeim leik. *Eik* kemur oftast fyrir í *kven*-kenningum, þar sem annar

---

<sup>504</sup> Til dæmis í *Hrólfis rímum kraka*, *Rímum af Auðuni vestfirska*, *Króka-Refs rímum* Hallgríms Péturssonar, *Rímum af Ajax frækna* og *Rímum af Hjálmari hugumstóra*.

kenningarliðurinn vísar þá í gull, hringa eða klæðnað. Svo er þó ekki hér og út frá samhengi vísunnar er ljóst að ekki er átt við kvenmann. Líklegast er hér einhverskonar afbökun, en hugsanlegt er að *jarðar eik* sé hér í merkinunni *jarðar auki*. Áki hótar að gerast banamaður Ölvís með því koma honum í jörð. Ef till vill mætti líta svo á að *eik* sé hér í merkingunni *auki*, en verði *eik* (*eyk*) vegna ríms. *Jarðar eik* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Kvenna kalls* (=kvennamál), I 24.3. *Kalls* merkir háð, spott, gys eða spaug en getur einnig merkt hörð krafa. Hér virðist kvennakalls vísa í kvennamál, þar sem fóstura Ölvís varar hann við að spotta konur (brjóta gegn þeim) eða lenda í kvennamálum. *Kvenna kalls* kemur fyrir í þjóðkvæðum.

*Máttar lag* (=kröftuglega), IV 36.3. Notað hér í eins konar áherslumerkingu, mjög kröftuglega. Sambærileg orðnotkun og *máttarplag* í Landrés rímum.

*Norra sprund* (=nótt), III 37.4. Virðist eitthvað afbakað. *Norri* er líklegast misritun á *Njörvi*, sem er faðir Nætur sbr. *Gylfaginningu*. *Norra sprund* virðist hér vísa til næturinnar, en er ekki þekkt kenning. *Döllings sprund*, *Dellings mær* og fleiri svipaðar kenningar eru þó þekktar *nætur*-kenningar og gætu verið sambærilegar þeirri sem hér er á ferð. Berist saman við *Siðru sprund*.

*Orða álfur* (=maður), VI 27.1. Virðist eitthvað afbakað, en svipar til þekktra *mann*-kenninga, svo sem *menja álfur*, *brodda álfur*, *skjalda álfur*. Seinni liður kenningarinnar er algengur í *mann*-kenningum þar sem fyrri liðurinn er kenndur við vopn, þótt hér sé kennt við orð. Berist saman við *vigra álfur* í *Hólsbók* og AM 616 d 4to.

*Rofnis eldur* (=sverð), IV 30.2. Virðist eitthvað afbakað, en út frá samhnegi má ráða að um sverð, eða þá öxi, sé að ræða. Hugsanlega er hér á ferð misritun á *rögnis eld*, sem er þekkt *sverð*-kenning.

*Rósa barð* (=öl/kveðskapur) III 1.2. Virðist vera *kveðskapar*-kenning, eða hluti kenningar. Sjá *Rögnis vín*; hangir saman. *Rögnis rósa flóð* kemur fyrir í *Konráðs rímum*, þar sem átt er við skáldamjöðinn. Líklegast skyld notkun og hér. *Rósir barða* kemur fyrir í fleirtölu í NKS 1133 fol.

*Rósa sund* (=öl), III 4.3. *Rósa sund* er hér notað í merkingunni drykkur, líklegast öl. *Rósa sund* er ekki þekkt, en *að drekka rós* er þekkt, og rós er algengur liður í *drykkjar*-kenningum og *kveðskapar*-kenningum.

*Rögnis vín* (=kveðskapur), III 1.1. *Rögnir* er Óðins nafn, og er algengt í *kveðskapar*-kenningum. Óðins-nafn í fyrri lið, ásamt víni í seinni lið er algeng uppbygging í *kveðskapar*-kenningum. Hér

er því ótvírætt vísað í skáldskaparmjóðinn. Berist saman við *Rósa barð*; hangir saman. *Rögnar vín* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol, með ólíkri beygingarendingu.

*Sendir kraka sáða* (=maður), VI 26.2. *Sendir* er algengur forliður í mannkenningum. *Kraki* er stöng eða stjaki. *Sáð* er korn. Virðist vera *sendir* með *gull*-lið, *grettis sæði* er þekkt *gull*-kenning. Líklegast er að hér sé vísað í *Hrólfs sögu kraka* og þann hluta sögunnar þar sem Hrólfur kraki sáir gulli í jörð. *Sendir* gullsins væri þá ríkur maður eða konungur.

*Siðru sprund* (=nótt), III 43.2. Virðist eitthvað afbakað. *Siðru* vísar líklegast til *Suðra*, sem er dvergsnafn sem kemur oft fyrir í *kveðskapar*-kenningum. *Siðru sprund* virðist hér vísa til næturinnar, en er ekki þekkt kenning. *Döllings sprund*, *Dellings mær* og fleiri svipaðar kenningar eru þó þekktar *nætur*-kenningar og virðast sambærilegar þeirri sem hér er á ferð. Berist saman við *Norra sprund*.

*Siglu fákar* (=skip), II 29.3. Hér notað sem *skip*-kenning. *Fákur* er hestur. Algengt er að kenna skip við sjávarheiti og dýr; siglu hestur er þekkt. *Siglu fákar* koma einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Skyggðum unda rjóðum* (=sverð), I 8.2. *Und* er sár, *rjóður* merkir *sá sem rjóður* og kemur oft fyrir í mann-kenningum, sbr. *rjóður branda* og *rjóður nadda*. Lýsingarorðið *skyggður* fylgir oft sverðum, sbr. *skyggður brandur* og *skyggð rönd*. *Skyggðar unda rjóðir* virðast hér vísa til sverða þeirra er konungarnir tveir skífðu (klufu) skyldi með: „Skífðu þessir skjöldinn blá, með skyggðum unda rjóðrum“.

*Skelfir stríða Skrímnis fjarðar* (=maður), III 17.3–4. Óljóst, hugsanlega afbakað en virðist samsett kenning. *Skelfir* er algengur liður í *mann*-kenningum, ásamt vopnum og gulli, sbr. *skelfir sverða* og *skelfir ægis bríma*. *Skrímnir* er jötunnafn sem kemur fyrir í *gull*-kenningum. Virðist sambærilegt *mann*-kenningunni *skelfir Skrímnis seims* í *Grettis rímum*. Berist saman við *Skelfir gríðar sköfnungs jarðar* í NKS 1133 fol.

*Stillis skeið* (=skip), VI 20.1. Sjá skýringu í kafla 3.2.3.1.

*Sundarein* (=sjór/strönd), I 21.1. *Rein* er mjó landræma. Hér virðist vera átt við *sjó* eða *strönd*, jafnvel *flæðarmál*. Ölvir gengur að *sundarein* eftir að faðir hans gefur honum skip. *Sundarein* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Tiginn seimur* (=maður), IV 37.1. Hugsanlega eitthvað afbakað, virðist vera hér *mann*-kenning. *Seimur* er gull, en *tiginn* er lýsingarorð fyrir tign. Út frá samhengi má ráða að hér sé átt við

mann, nánar tiltekið við bróður greifans. Þá má einnig benda á að *tiggi* er konungs-heiti og hugsanlegt að hér sé á ferð einhver afbökun á því.

*Undarlag* (=sár), III 45.2. *Und* er sár, *lag* er hér í merkingunni stunga, hér er því átt við stungusár. Hugsanlega er *undarlag* hér notuð sem eignarfallsumritun, en báðir liðir virðast þó halda merkingu sinni. *Undarlag* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol. Berist einnig saman við *unda gnag* í NKS 1133 fol.

*Undateinn* (=sverð), III 28.1. *Und* er sár. *Teinn* kemur oft fyrir í *sverð*-kenningum, sbr. sára teinn.

*Vella Freyr* (=maður), IV 10.1. *Freyr* er goðaheiti og er algengur liður í mann-kenningum, sér í lagi með vopnum eða gulli. *Vell* er gull. *Vella Freyr* er því mann-kenning.

*Vella Hnoss* (=kona), V 16.1. *Hnoss* er gyðjunafn og algengur liður í kven-kenningum. *Vell* er gull, en konur eru jafnan kenndar við gull og skart. *Vella Hnoss* kemur einnig fyrir í NKS 1133 fol.

*Vernis skáli* (=haf) II 1.2. Notað hér yfir sjó eða bjarg, þegar rakið er að Ölvir hafi brotið skip sitt. *Ver* er þekkt fyrir haf. Hugsanlega er hér óregla á ve>vö og gæti kenningin þá átt við *Vörnir* sem er jötunsheiti, en skáli jötuns væri þá vísun í Ægi, s.s. haf.

*Þagnarslóð* (=endir), VI 32.3. Notað hér yfir rímnalok, sambærilegt orðalag finnst í *Bjarka rímum*: *ríman renni niður til þagnar*, svo e.t.v. er hér um einshvers konar formúlu að ræða.

*Öldu fákur* (=skip), III 5.2. Hér sem *skip*-kenning. *Fákur* er hestur. Algengt er að kenna skip við sjávarheiti og dýr.

### 3.2.3.3 Skáldamál í NKS 1133 fol.

Hér er gefinn upp listi yfir skáldamál og skáldlega orðanotkun *Ölvis rímna sterka* í NKS 1133 fol.

#### **Heiti:**

barn: *burður* I 21.3.

fjötur: *drómi* IV 39.4.

gull: *seimur* VI 18.1; *vell* III 60.2.

hús: *garður* III 4.4; *rann* II 45.1.

kona: *brúður* I 4.1; *drós* IV 13.1; *fljóð* III 45.1; *frú* IV 25.1; *jungfrú* III 60.1; *kvinna* I 12.4; *kæra* IV 11.1; *mær* IV 12.3; *ristill* IV 2.4; *snót* I 11.3; *sprund* IV 8.3; *svanni* II 45.1; *sæta* I 15.1; *víf* III 47.1.

konungur: *döglingur* I 26.1; *fylkir* II 19.1; *gramur* VI 31.1; *hilmir* II 31.1; *lofðungur* I 3.4; *mildingur* I 26.3; *ræsir* II 35.1; *siklingur* VI 28.2; *sjóli* II 18.3; *stillir* II 31.2; *tiggi* VI 30.2; *þengill* VI 27.1; *öðlingur* I 25.3.

kveðskapur: *bragur* I 2.1; *fræði* I 37.4; *óður* I 1.2; *ríma* VI 42.4; *spil* III 19.2.

land: *fold* III 2.3; *grund* II 16.1; *hauður* III 55.2; *láð* I 34.4.

maður/menn: *arfí* I 5.2; *berserkur* VI 3.4; *bóndi* I 13.1; *bragnar* I 24.3; *burgeis* I 4.1; *drengir* I 26.2; *drengur* I 33.1; *drótt* V 28.2; *dróttir* II 20.1; *eyðir*<sup>505</sup> III 25.1; *fólk* II 3.3; *fyrðar* I 6.2; *garpar* I 10.4; *garpur* II 5.1; *greifi* V 1.3; *gumar* III 27.3; *halur* III 23.1; *herra* II 29.1; *herrar* I 27.3; *hlýri* IV 49.3; *höldar* I 23.1; *höldur* I 3.1; *kappar* I 25.1; *kappi* II 30.1; *kompán* II 12.3; *kæri* IV 46.2; *leiknir* III 21.1; *lýðir* IV 27.4; *mengi* II 46.1; *nistir* I 6.3; *rekkar* II 1.1; *rekkur* III 39.1; *seggir* I 23.3; *seggur* II 28.2; *skatnar* I 27.1; *sveinar* II 25.2; *sveinn* IV 55.3; *virðar* IV 19.2; *víkingur* V 29.1; *ýtar* I 17.2; *þegn* I 7.3; *þegnar* II 9.2; *þjóð* IV 24.4; *þjóðir* IV 24.4; *öld* VI 37.1.

nótt: *gríma* III 32.4.

orrusta: *róma* I 32.2.

skip: *búza* VI 42.1; *byrðingur* I 13.1.

spjót: *fleinn* III 17.3; *geyr* II 23.2; *geyrél* III 51.1.

sverð: *brandur* I 10.2; *gjöll* V 41.1; *hjör* II 13.2; *holti*<sup>506</sup> I 14.3; *hrotti* III 49.3; *laufi* III 40.4; *oddur* IV 29.2; *sax* II 13.1.

sjór: *mar* III 12.3; *ægir* I 37.2.

tröll: *flögð* III 28.4.

vopn: *eggjar* II 27.2.

---

<sup>505</sup> Hugsanlega afbrigði eða hálfkenning. Í vísunni er klif: „Eyðir mælti allfá orð við eyðir stála“. *Eyðir* virðist fremur koma fyrir sem kenningarliður en sem stakt heiti.

<sup>506</sup> Líklegast afbrigði; *hrotti* er þekkt *sverð*-kenning.

### ***Kenningar:***

brynja: *Sörla (bjartar) voðir* IV 32.2

gull: *sjávar brími* I 25.4; *ægisbrími* IV 57.2.

hjarta: *hyggju land* III 62.2.

kona: *auðar Gná* IV 26.3; *auðgrund* IV 42.3; *auðar grund* IV 1.3; *bauga Gná* IV 7.1; *bauga grund* IV 41.1; *falda eik* VI 12.3; *gullhlaðs Bil* IV 46.1; *gullhlaðs gátt* IV 40.3; *gullhlaðs rein* V 21.3; *gullhlaðs trúða* III 59.1; *hringa Bil* V 6.1; *hringa hrund* IV 18.3; *hringa lín* IV 6.1; *hringa þella* IV 8.2; *hring þöll* IV 14.2; *lauka rein* IV 55.1; *menja Bil* V 16.4; *refla fold* IV 4.4; *seima Bil* III 58.3; *seima Gná* IV 42.1; *silki Nanna* II 26.2; *silki rein* V 14.4; *skarlags Freyja* IV 9.2; *skarlags ná* IV 7.3.

konungur: *flýtir drótta* VI 26.2.

kveðskapur/skáldskaparmjóður: *Berlings knörr* V 1.1; *Regnis fengur*<sup>507</sup> II 1.1; *Sónar sund* IV 1.1; *Suðra nökkvi* VI 1.2; *Suðra siglúvundur* IV 61.3; *Suttungs bróður gjald*<sup>508</sup> IV 1.2; *Suttungs mjóður* II 62.3-4.

maður/menn: *auðar runnur* I 5.3; *bauga njótur* IV 31.2; *bauga viður* IV 47.2; *bendir (snarpra) spjóta* VI 33.4; *breytir stáls*<sup>509</sup> VI 17.1; *brjótur (snarpra) sverða* IV 7.2; *döglings menn* VI 30.1; *eiðar Freyr* IV 12.1; *eyðir elda flóðs* I 9.1; *eyðir stála* III 25.2; *eyðir sverða* II 33.1; *fleina skerðir* II 30.3; *fleina spillir* III 11.4; *fleina veitir* II 19.1; *fleygir ríta* II 22.1; *fæðir ylgja* VI 35.2; *geymir sverða* III 33.2; *geira þundur* III 33.1; *hjørva meiður* IV 58.1; *hjørva Týr* I 10.1; *hringa Baldur* IV 22.2; *hringa meiður* I 2.4; *hringa njótur* I 32.3; *hringa skreyti runnur* IV 41.4; *hringa spillir* II 31.1; *hristir branda* II 29.1; *hrotta sveigir* III 38.2; *hölda lið* V 27.4; *laufa Týr* III 2.2; *lofðungs sveit* VI 17.3; *mýgir ríta* III 49.1; *nadda Týr* VI 11.1; *seima Týr* III 16.3; *skjalda meiður* II 4.1; *skjalda veitir* III 16.2; *spjóta Týr* IV 13.3 ; *stála Týr* IV 22.3; *stála þundur* V 37.1; *stála þröngvir* III 10.2; *steypir frægðar verka* VI 25.2; *veitir handis klæða* IV 48.2; *vella grér* I 30.3; *þreytir stáls* VI 15.3.

orrusta: *borða þing* II 38.1; *branda göll* II 32.1; *branda rógur* III 56.4; *fleina drífa* VI 12.1; *fleina söngur* V 39.2; *geira gjálfur* I 2.1; *hjørva fár* VI 3.3; *hjørva foss* VI 13.1; *hjørva seimur* VI 18.3; *randa þeyr* V 34.3; *örva sálmur* VI 2.3.

---

<sup>507</sup> Líklega afbrigði af *Rögnis feng*, sem er þekkt *kveðskapar*-kenning.

<sup>508</sup> Líklega afbrigði af *Suttungs brúðar gjald*, sem er þekkt *kveðskapar*-kenning.

<sup>509</sup> Líklega afbrigði af *brjótur stáls*, sem er þekkt *mann*-kenning.

skip: *flæðar dýr* I 10.3; *skeiðar brandur* III 14.1.

spjót: *fetla hængur* V 17.1.

sverð: *brynju snákar* II 38.1; *Fjölnis bál* V 43.1; *Gilldings bál* I 18.1; *Herjans hallar tundur* IV 31.3; *unda snákur* III 5.2; *undateinn* III 34.1.

sjór: *Ránar leið* VI 41.1.

### ***Eignarfallsumritanir:***

elska: *elsku band* III 45.4.

frygð: *frygðar líf* V 12.1.

grimmd: *grimmdar veldi* IV 36.2.

mekt: *mektar plag* IV 44.3.

sút: *sútar kif* IV 11.2.

tryggð: *tryggðar grein* I 20.3.

yndi: *yndis grein* V 14.3.

### ***Skáldlegar yrðingar af öðru tagi:***

brjóst: *hjartarann* III 42.4.

dauði: *frændatjón* II 3.2.

ferð: *kappaferð* VI 40.3.

galdur: *forn leikur* VI 12.3.

handleggur: *rítar armur* II 35.1.

harmur: *harmatjón* IV 56.1.

hús: *bragðarann* III 31.2.

kona: *burgeis mæð* III 46.1; *heiðurs víf* III 61.1; *stoltar sprund* VI 21.3.

klór: *nagla gangur* VI 10.3

kveðskapur: *vísna spekt* I 1.1.

maður/menn: *afreks drengur* V 21.1; *afreks kappar* I 24.2; *afreks maður* III 42.2; *bragða maður* VI 6.3; *frægðar maður* IV 54.3; *galdra maður* V 41.1; *heiðurs garpar* I 30.2; *hreysti maður* III 31.4; *illsku maður* V 18.2; *kóns son* IV 4.1; *maðurinn frægi* II 2.3; *rausnar garpur* I 8.2; *rausnar menn* III 26.2; *skjalari* IV 30.3; *yta lið* I 13.4.

sjór: *bjargar mar* I 36.3.

skip: *skeiðar borð* VI 26.1.

sorg: *gleðinnar bann* V 13.3; *krankar sorgir* IV 37.2.

svik: *harma tál* III 62.1.

### ***Óljóst skáldamál og frumlegar kenningar:***

*Bótar menja sáði* (=maður), IV 35.2. Kenningin fyrirfinnst ekki í *Ordbog til rímur* og er hugsanlega afbökuð, en út frá samhengi má ráða að hún er notuð sem *mann*-kenning. Menn Rígarðs greifa hafa fangað Ölvi og bera þá heim til borgar *bótar menja sáða*, þ.e. Ölvi. Berist saman við *sendir kraka sáða* í AM 616 d 4to.

*Búnings bót* (=umbúnaður), I 19.3. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Buðlungs niður* (=konungur/konungsson), VI 36.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1*.

*Brynju laut* (=vopn), III 31.1. Óljóst, en virðist vera vopna-kenning. Ölvir leggur til Rauðs með sverði sínu en Rauður blæs það úr hendi honum.

*Dofra þak* (=höfuð), I 33.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Fjölnis angur* (=broddur), V 37.3. Er ekki þekkt kenning en á við brodd eða eins konar spjót hér. Fjölnir er Óðinsnafn og kemur oft fyrir í vopna-kenningum.

*Fjölnis (rauður) brími* (=eldur Fjölnis/sverð), VI 6.2. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Fjörnir storð* (=hjálmaland, hér sem *höfuð*-kenning), VI 26.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1*.

*Grundar fax* (hár jarðar/skógur), II 5.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Hlauðu hreinn* (=geymslu/hlaðinn hreinn), VI 38.2. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Heimir hers* (=maður), V 10.3. Virðist afbakað, en út frá samhengi má ráða að kenningin eigi við mann.

*Heiftar skjótur* (=snöggreiður), II 10.1. Að vera skjótur til heiftar – snöggreiðast. Sambærilegt orðum á borð við viðbragðsskjótur. „Hitt er sagt að hældist Björn hinn heiftarskjóti“, þ.e. Björn hælist af hraustleik sínum í kjölfar þess að hann hefur höggvið til Ölvis og telur hann af. Hælist Björn og þykist nú hafa hefnt bróður síns. Berist saman við *heiftar hót* í AM 616 d 4to.

*Heimsins makt* (=vald heimsins), V 12.3. Óljóst, hugsanlega afbakað. *Makt er vald*, svo heimsins makt er vald heimsins. Ef til vill er hér átt við örlög.

*Hind* (=dádýr, virðist eiga hér við *skip*, sbr. „strengja hind í stórum vind“, eða þá *skip*), VI 39.3. Sjá skýringu í kafla 3.2.3.1.

*Hrímnis tenn* (=Tennur Hrímnis/spjót), I 14.3. Stafsett *hrimes* í handriti, ef til vill afbakað. Ekki þekkt en virðist hér vera eins konar *vopna*-kenning, ef til vill *spjót*-kenning. *Hrímnir* er jötnanafn og kemur fyrir í *skjalda*- og *gull*-kenningum. *Tennur* eða *tenn* er þekktur liður í *vopna*-kenningum á borð við *Tyrfings tenn* og *Böðvars tenn*, og virðist þar vísa í odd eða eggvopn. Hér í rímunni er upptalning á útbúnaði manna, þeir báru *holta*, *Hrímnis tenn* og *skyldi*, svo líklega er hér átt við spjót. Einnig getur verið að hér sé klif, og *Hrímnis tenn* eigi þá við annað hvort skjöld eða sverð. Berist saman við *Hrunnis tenn* í AM 616 d 4to.

*Ígul tanni* (=maður/björn) II 26.3. Sjá skýringu í kafla 3.2.3.2.

*Jarðar eik* (=banamaður) V 42.3. Sjá skýringu í kafla 3.2.3.2.

*Kvenna kalls* (=kvennamál) I 22.3. Sjá skýringu í kafla 3.2.3.2.

*Ljóða hurð* (=kona), I 21.1. Óljóst, ljóða hurð þekkt ekki en fræða hurð er þekkt kveðskaparkenning. Þrátt fyrir að ljóða hurð virðist sambærileg kenning þá er hún hér notuð yfir konu. Galdragripur Ölvis, lindinn góði, mun gagnast vel í barnsburði: *þegar þú lætur um ljóða hurð linda þenna kljúfast, skjótlega skal hún skilin við burð*. *Ljóða hurð* virðist því vera *kven*-kenning, en gæti hugsanlega einnig átt við *kvenmannskvið* eða fæðingarveg, þar sem *ljóðar* gæti átt við menn.

*Lostir barða* (=maður), II 36.1. Óljóst, en virðist vera *mann*-kenning. *Barði* er *skjalda*-heiti, *Lostir* er hugsanlega afbökun á *ljóstri*, þ.e. sá sem *ljóstrar sundur skjöldum* (ber skyldi sundur).

*Mækis angur* (=sverð/broddur), VI 4.1. *Mækir* er *sverðs*-heiti, *angur* er *skaði* eða *hryggð*. Hér virðist átt við sverð eða brodd, sár sem vopnið veitti. Berist saman við *Fjölnis angur*.

*Mækis barði* (= sverða skjöldur, virðist vera *mann*-kenning), VI 39.2. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1.*

*Rósir barða* (=öl/kveðskapur) III 1.1. *Rósa barð* kemur fyrir í eintölu í AM 616 d 4to. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2.*

*Rögnar vín* (=kveðskapur), III 1.1. *Rögnis vín* kemur einnig fyrir í AM 616 d 4to, með ólíkri beygingarendingu. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2.*

*Siglu fákar* (=skip), II 38.3. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1.*

*Skelfir gríðar sköfnungs jarðar* (=maður), III 20.3–4. Óljóst, hugsanlega afbakað en virðist samsett kenning. *Skelfir* er algengur liður í *mann*-kenningum, ásamt vopnum og gulli, sbr. *skelfir sverða* og *skelfir ægis bríma*. *Gríður* er kven-jötunnafn sem kemur fyrir í *vopna*-kenningum. *Sköfnungur* er sverðs-heiti. Berist saman við *Skelfir stríða Skrímis fjarðar* í AM 616 d 4to.

*Stillis skeið* (=skip), VI 25.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1.*

*Sveigir essa* (=maður), II 13.1. Óþekkt kenning en virðist vera *mann*-kenning. *Sveigir* er algengur liður í *mann*-kenningum þar sem kennt er við vopn eða gull í öðrum lið. *Ess* er hestur. Beinast liggur við að *sveigir essa* sé *mann*-kenning.

*Sveigir slöngu* (=maður), II 21.2. Óþekkt kenning en virðist vera *mann*-kenning. *Sveigir* er algengur liður í *mann*-kenningum þar sem kennt er við vopn eða gull í öðrum lið. *Slanga* virðist ekki koma fyrir í kenningaliðum, en *snákar*, *ormar* og *nöðrur* koma oft fyrir sem liðir í *vopna*-kenningum. Beinast liggur við að *sveigir slöngu* sé sambærileg *sveigi sverða* og sé *mann*-kenning.

*Sunda rein* (=sjór/strönd), I 15.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2.*

*Tignar heimur* (=maður), IV 45.1. Hugsanlega eitthvað afbakað, virðist vera hér *mann*-kenning. *Heimur* er veröld en gæti einnig vísað til manna, en tíginn er lýsingarorð fyrir tign. Út frá samhengi má ráða að hér er átt við mann, nánar tiltekið við bróður greifans. Berist saman við *tiginn seim* í AM 616 d 4to.

*Unda gnag* (=sverð/stungusár), III 41.2 *Und* er sár, *gnag* er hér í merkingunni nag eða bit. Af samhengi má ráða að um *vopna*-kenningu er að ræða, líkast til *sverðs*-kenningu eða þá að unda gnag sé samskonar og undalag og merki þá stungusár. Hvort tveggja gæti átt við í rímunni. Berist því saman við *undar lag*.

*Undarlag* (=sár), IV 29.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Vella hnoss* (=kona), V 19.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.2*.

*Vigra álfur* (=spjóta álfur, er *mann*-kenning), VI 34.1. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1*. Berist saman við *orða álfur* í AM 616 d 4to.

*Virða drótt* (=menn), IV 43.3. Sjá skýringu í *kafla 3.2.3.1*.

*Virða her* (=menn), IV 30.1. Yrðingin fyrirfinnst ekki í *Ordbog til rímur* en er þó nokkuð gegnsæ. *Virðar* eru menn, og það sama gildir um *her* sem er flokkur manna, svo hér er einskonar skáldlegt klif, svipað og *virða drótt*.

### 3.2.3.4 Samantekt um skáldamál

Með samanburði á skáldamáli *Ölvis rímna sterka* milli handrita sést að skáldamál helst að mestu milli textavitna. Svo til engar breytingar á skáldamáli eru á milli *Hólsbókar* og eftirrits þess, NKS 1133 fol. Meira er um breytingar á skáldamáli milli AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. en þar er þó áberandi að heitum og kenningarliðum er oftast nær skipt út fyrir samheiti. Í öllum textavitnum má finna sérstakt skáldamál sem ekki á sér samsvörun í öðrum rímnaflokkum og er það ýmist afbakað skáldamál sem er þá væntanlega komið til vegna munnlegrar geymdar, afritunar og mislesturs eða er frumlegt skáldamál sem gæti verið smíð rímnaskáldsins. Innan *Ölvis rímna sterka* er fjöldi ljósra heita og kenninga, svo ekki hefur verið lögð áhersla á dýrleika rímnanna þegar þær voru ortar. Þá er einkennandi fyrir skáld *Ölvis rímna sterka* sá fjöldi almennra orða sem koma fyrir í rímunum með skáldlegum blæ.

### 3.2.4 Munnleg einkenni og breytingar í munnlegri geymd

Þótt ógerlegt sé að tímasetja textavitni *Ölvis rímna sterka* með vissu, þ.e. aldur textanna í handritunum, er ljóst að *Hólsbók* muni ekki vera frumrit rímnanna. *Hólsbók* er talin skrifuð í kringum 1550 og hafa skal í huga að hún er safnrit og inniheldur að mestu eldra efni. Þegar AM 616 d 4to var skrifað, 1650–1700, sést greinilega að rímurnar hafi verið skráðar eftir munnlegri geymd, þar sem þær höfðu tekið breytingum í meðferð kvæðamanna. Ekki má þó útiloka þann möguleika að breytingarnar megi rekja til eins manns, þ.e. heimildarmanns sem hafði þá e.t.v. lært rímurnar nokkurn veginn utan að, en að ýmislegt hafi svo skolast til í meðferð hans á efninu. Ummerki munnlegrar geymdar, hvort heldur sem er hjá einum eða fleiri heimildarmönnum, eru

greinileg: „Einhvert greinilegasta merkið um [munnlega geymd] er að erindaröðin í handritunum tveim er mjög mismunandi og hvort tveggja handritið hefur vísur sem hitt hefur ekki“.<sup>510</sup> Aftur á móti er framvinda hins undirliggjandi söguþráðar oftar röklegri í AM 616 d 4to, sem virðist einnig bera upprunalegri leshætti víða, en þá hendir einnig að NKS 1133 fol. beri upprunalegri leshætti á móti AM 616 d 4to – svo óvíst er hvor textinn sé í raun eldri eða upprunalegri og hvenær *Ölvis rímur sterka* voru frumortar. Þá er eins óvíst hve mikið *Ölvis rímur sterka* gætu hafa breyst frá því þær voru ortar, frá því frumrit þeirra var skráð, og þar til nú varðveitt textavitni voru skrifuð.

Í doktorsritgerð sinni benti Alfred G. Hooper á breytingar milli textavitnanna og þá sérstaklega í formi rímnanna og uppröðun. Hann segir þær vera: „...recorded in full only in two copies which differ considerably in form and arrangement of the verses“.<sup>511</sup> Hooper benti einnig á fjölda þeirra vísna sem hvort handrit fyrir sig bætir við eða fellir niður – bæði handrit hafa þannig vísur sem eiga sér enga samsvörun annars staðar. Þar með kemst Hooper að þeirri niðurstöðu að hvorugt handritið geymi betri texta rímnanna í heild: „...it cannot justly be claimed that either is better than the other as a whole“.<sup>512</sup> Bæði textavitnin innihalda meirihlutalestur (en. *majority reading*), fram yfir hitt, á víxl:

Each is superior to the other in certain passages. In the first ríma, for example, A has the advantage in verses 34 and 36, reading ‘Þetta allt eru Magnus menn’ in the former case besides ‘þeir eru aller m.....gner menn’ of B.v.31, and ‘dugdu ongar gierdar’ in the latter instance besides ‘dugde eggjar gierdar’ of B.v.33 which is apparently corrupt. Further, in B.v.37 (cf. A.v. 40) the rhyme is defective although there is assonance. B also omits the verses which are numbered in A 1, 3, 5 and 6, and it is in v. 6 that Sveinn is called ‘heilráður’, whilst in B.v.2 (A.v.9) there is no mention of ‘Lingolfs heide’, B reading ‘giort með lymsku og seide’ besides A’s ‘giort a Lingolfs heide’. It is noteworthy that in each of these two cases, the saga and A are in agreement against B... On the other hand B in v. 28 (:A.v.31) probably has the better reading, ‘Aulver kom þar ath við frón er Úlfur herser stýrir’ being more normal syntax than A’s ‘Olver kom þar ad med þiod ulfs sem herenn styryr’ which is unnatural although it may make sense. Again in v. 9 (A.v.15) B is superior, reading ‘eider ellda flóds’ beside A’s ‘olldu’ which is almost certainly a corruption of ‘ellda’. A further point of interest occurs in B.v.6 which introduces Hilldur and says ‘Fóstra hans af Finnmörk var’. This information is lacking in both the saga and A.<sup>513</sup>

<sup>510</sup> Haukur Þorgeirsson, „Gullkársljóð og Hrafnagaldur: Framlag til sögu fornryðislags“, bls. 323. Haukur á hér við handritin AM 713 4to og AM 716 a 4to sem hvorugt geymir að vísu *Ölvis rímur sterka* – en engu að síður má heimfæra ályktunina yfir á AM 616 d 4to og NKS 1133 fol.

<sup>511</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. viii.

<sup>512</sup> *Ibid.*, bls. ix.

<sup>513</sup> *Ibid.*, bls. x–xi. Hooper nefnir *Hólsbók AM 603 4to F* (sem hér er iðulega nefnd H), *NKS 1133 fol. B* og *AM 616 d 4to A* (sem hér er iðulega nefnt C) í umfjöllun sinni.

Þá var Hooper sannfærður um að þrátt fyrir líkindi á milli AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. væri ljóst að handritin væru óskyld og ekki komin af sameiginlegu forriti: „...the above instances reveal traces of the varied descent of the two versions, and make it clear that in their present forms they are not very closely connected“.<sup>514</sup>

Ítarleg athugun á mismun milli textavitnanna staðfestir þessar niðurstöður Hoopers; fjarlægð milli AM 616 d 4to og *Hólsbókar* eða NKS 1133 fol. er mikil og ljóst að þau deila ekki sama forriti. AM 616 d 4to er þó ekki „slæmur texti“ – líkt og Björn K. Þórólfsson hélt fram<sup>515</sup> – heldur er framvinda rímnanna í AM 616 d 4to oft öllu röklegri heldur en í NKS 1133 fol. og hvort handritið um sig inniheldur vísur (og þar með upplýsingar) sem hitt hefur ekki. Fjarlægðina á milli AM 616 d 4to og annarra textavitna má væntanlega rekja til munnlegrar geymdar og er fjarlægðin mismikil milli hveirrar rímu flokksins. Það er athyglisvert að þær rímur sem taka minnstum breytingum eru III. og IV. ríma – en þar er sögukjarninn sjálfur (Ölvir hittir Randiborgu, verður ástfanginn af henni og nemur hana á brott; Ölvir svíkur Rauð sem leggur á hann álög). Sá kjarni virðist því standa nær upprunalegu formi heldur en t.d. VI. ríma þar sem sagt er frá einvígi Ölvis og Áka og heimferð Ölvis og virðist hafa breyst þó nokkuð í munnlegri geymd frá sinni upphaflegu mynd.

Hugsanlega mætti líta til prósagerðarinnar, *Bragða-Ölvis sögu*, til að fá skýrari mynd af þróun *Ölvis rímna sterka*. Hooper taldi að prósagerðin væri samin eftir rímunum í AM 616 d 4to fremur en *Hólsbók*.<sup>516</sup> Því til stuðnings má benda á að framvinda sögunnar í AM 616 d 4to stemmir betur við framvindu prósagerðarinnar, þótt ýmis atriði í rímunum séu ekki tekin með. *Bragða-Ölvis saga* er fátt annað en knöpp endursögn á efni rímnanna en hún kemur fram á sjónarsviðið á seinni hluta 17. aldar.

Elstu handrit sem innihalda prósagerðina eru frá seinni hluta 17. aldar; AM 601 b 4to sem er talið vera frá 1600–1700 og er skráð af Jóni Eggertssyni (1643–1689), Holm papp. 67 fol. sem einnig er skráð af Jóni Eggertssyni árið 1687, Lbs. 222 fol. sem Jón Þórðarson á Birnustöðum<sup>517</sup> skrifaði upp 1695 og loks BL Add. MS 4859, einnig með hendi Jóns Þórðarsonar, og mun vera skráð á tímabilinu 1693–1697. Prósaerðin virðist hafa verið gerð á seinni hluta 17. aldar, eða stuttu eftir að AM 616 d 4to er talið vera skrifað. Prósaerðin inniheldur þó mörg fornleg einkenni svo sem leifar af norvagisma. Hooper taldi víst að ekkert samband væri á milli

<sup>514</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. xi.

<sup>515</sup> Björn K. Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, bls. 418.

<sup>516</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. x–xi og „*Bragða-Ölvis saga*“, bls. 43–44.

<sup>517</sup> Jón Þórðarson (um 1640 til um það bil 1703) á Birnustöðum var skrifari Magnúsar Jónssonar í Vigur. Þetta mun vera sami Jón og kenndur var við Kálfavík. Rangt er að Jón Þórðarson prestur á Söndum hafi skráð handritið, eins og fram kemur í sumum handritaskráum.

*Hólsbókar* og AM 616 d 4to. Hann taldi að munnleg gerð hafi byrjað að þróast á 16. öld og að samblöndun hafi átt sér stað í AM 616 d 4to, sem síðar varð að prósa-gerðinni:

F, the oldest of the rimur-MSS., dates from the sixteenth century. B, copied from F, is already corrupt, and omits passages contained in A, whilst the ‘mansongvar’ are short. It therefore seems probable that the rimur-original was composed during the fifteenth century and possibly within the first half. Whether A and B are ultimately related through a common original is doubtful. It is perhaps more likely that a later version arose during the sixteenth or seventeenth centuries through corruption and recasting of an earlier model similar in form to B, and that the saga is a seventeenth century prose reproduction of this late version represented by A.<sup>518</sup>

Óhætt er að taka undir þessa niðurstöðu Hoopers og hana má einnig styðja með nýrri athugunum, svo sem orðamengjafræðileg rannsókn hefur sýnt fram á.

### 3.3 Bragfræði og aldursgreinandi einkenni í *Ölvis rímum sterka*

Hér er ætlunin að fjalla um þau bragfræðilegu atriði innan *Ölvis rímna sterka* sem gætu reynst aldursgreinandi. Í *Ölvis rímum sterka* má sjá bæði reglulega ferkvæða hætti og óreglulegt úrkast ásamt óreglulegri braghendu. Vel getur hugsast að þessi bragfræðilega óregla gæti gefið vísbendingu um aldur að einhverju leyti. Þrátt fyrir misræmi milli textavitna á fjölda og uppröðun vísna fylgjast þau að hvað varðar bragfræði að mestu leyti.

I. ríma er ort undir óbreyttum ferskeyttum hætti, svo sem algengt var með elstu rímur. Miðað við stafsetningu varðveittra handrita virðist sem óbreyttur ferskeyttur háttur hafi hér í fyrstu rímu blandast við draghendu, þar sem af og til koma fyrir óstýfðar frumlínur, og bera þær vísur þá auka atkvæði miðað við óbreyttan ferskeyttan hátt. Í AM 616 d 4to eru 7 vísur sem virðast draghendur, en í NKS 1133 fol. eru slíkar vísur 5 talsins. Hins vegar kemur í ljós, þegar betur er að gáð að í öllum þeim vísuorðum sem bera óstýfðar frumlínur kemur fyrir endingin *-ur*. Þá ber að hafa í huga að stoðhljóðið *-ur* er ekki atkvæðisbær eining samkvæmt málstigi miðaldarímna.<sup>519</sup> Háttur I. rímu er því óbreyttur ferskeyttur háttur þótt samkvæmt nútímaframburði myndi hann teljast bera einkenni draghendu í þessum vísu.

II. ríma, í báðum textavitnum, er braghenda – en ekki án undantekninga/afbrigða. Í annarri rímu er lengd vísuorða á reiki, svo misjafnt er hvort allar braglínur eru óstýfðar eða stýfðar. Í raun slær braghendu (óstýfðri) þannig saman við valhendu (stýfðri) í II. rímu. Ekki koma fyrir dæmi um stýfðar og óstýfðar braglínur í sömu vísu. Í AM 616 d 4to eru 32 af 37 vísu undir

<sup>518</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. xxii–xxiii og „*Bragða-Ölvis saga*“, bls. 44.

<sup>519</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 129–212.

óbreyttum braghendum hætti, en 5 af 37 undir óbreyttum valhendum hætti. Í NKS 1133 fol. eru 41 af 46 vísur í annarri rímu undir óbreyttum braghendum hætti en 5 vísur af 46 eru valhendur. Vísurnar sem ortar eru undir valhendum hætti eru allar sambærilegar í textavitnunum, að undanskilinni einni vísu í hvoru handritinu fyrir sig. Aðeins 9 rímnaflokkar ortir fyrir 1550 slá saman braghendu og valhendu, eins og áður var komið að. Hátturinn virðist því hafa verið enn í mótun þegar *Ölvis rímur sterka* voru ortar.

III. ríman er úrkast, en langt í frá reglulegt; frumlínur eru ýmist óstýfðar (úrkast óbreytt) eða stýfðar (úrkast frumstýft) sem hefur þó aldrei talist skipta háttum.<sup>520</sup> Aftur á móti hendir það einnig að síðlínur séu stýfðar en þannig fá vísurnar á sig form dverghendu, ýmist óbreyttar eða frumstýfðar þar sem bæði óstýfðar frumlínur koma fyrir og alstýfðar vísur. Í AM 616 d 4to er aðeins ein vísa undir óbreyttu úrkasti af 66 vísur, vísa 17, og sú vísa er þó afbökun að einhverju leyti því sama rímorðið er þar endurtekið, sem annars kemur ekki fyrir í rímunni. Flestar vísur hafa frumstýft úrkast, eða 46 vísur. Þá eru 19 vísur dverghendar, þar af 7 óbreyttar dverghendur og 12 frumstýfðar dverghendur. Í NKS 1133 fol. eru 5 vísur af 62 undir óbreyttu úrkasti. Líkt og í AM 616 d 4to eru flestar vísurnar undir frumstýfðu úrkasti, 34 vísur. Þá eru 23 dverghendar vísur, 9 óbreyttar og 14 frumstýfðar dverghendur. Hlutfall samsetningar bragformsins er því ólíkt eftir textavitnum, meira en verður vart við í I. og II. rímu og e.t.v. endurspeglar það að meira hafi færst til í efni og uppröðun III. rímu en hinna sem á undan fara. Niðurstaðan er þó sú sama; hátturinn er með engu móti reglulegur í III. rímu, óháð textavitnum. Allt stemmir þetta við hugmyndina um að elstu rímur geri ekki greinarmun á úrkasti óbreyttu og frumstýfðu, eða þá úrkasti (með og án afbrigða) og dverghendu.<sup>521</sup> Bragform þriðju rímu telst því vera fornlegt einkenni og hátturinn enn í mótun þegar *Ölvis rímur sterka* voru ortar.

IV. ríma, eins og I. ríma, er ort undir óbreyttum ferskeyttum hætti, reglulegum. Líkt og í I. rímu eru í IV. rímu í AM 616 d 4to 5 vísur sem eru nánast draghendur, en eiga þó allar sameiginlegt að bera *-ur* endingu í frumlínu. Í NKS 1133 fol. eru slíkar vísur 7, en allar þó með *-ur* endingar í frumlínu. Þar með eru allar vísurnar með óbreyttum ferskeyttum hætti; þótt þessar 5 eða 7 vísur myndu teljast draghendur samkvæmt nútímaframburði þá skiptir ríman ekki háttum á því tímabili sem um ræðir.

Í V. rímu er hátturinn reglulegur, stafhent, allar vísur í AM 616 d 4to eru alstýfðar; 9 vísur þar virðast hafa óstýfð braglínupör, en öll braglínupörin enda á atkvæðislausu *-ur* (4 vísur með *-ur* í frumlínum og 5 vísur í síðlínunum; jöfn dreifing). Í NKS 1133 fol. eru allar braglínur líka stýfðar; 12 vísur virðast þar hafa óstýfð braglínupör en innihalda atkvæðislausu *-ur* endingu (5 vísur með

<sup>520</sup> Kristján Eiríksson (ritstj.), *Óðfræðivefurinn Bragi*, færslu við „Úrkast“.

<sup>521</sup> Ibid. Sjá einnig umfjöllun hér að framan í kafla 1.2.3.

-ur í frumlínum og 7 vísur í síðlínum; jöfn dreifing). Stafhendan virðist því hafa verið fullmótað og regluleg þegar *Ölvis rímur sterka* voru ortar, enda hátturinn þekktur á 14. öld.

VI. ríma, sem jafnframt er síðasta og dýrasta ríma flokksins, er undir skáhendum hætti. Skáhent er gamall háttur, þótt dýr sé, enda ekki erfitt að ímynda sér hvernig hann hefði getað þróast úr dróttkvæðum hætti. Í *Ölvis rímum sterka* er hátturinn reglulegur, með öll vísuorð alstýfð. Af því litla sem varðveitt er af *AM 603 4to* sést að þar er hátturinn líka reglulegur. Skáhendu má finna í *Sörla rímum* (V. rímu; sem einnig er sú síðasta) frá 14. öld; hún hefur því snemma orðið fullmótaður háttur og hefur verið það þegar *Ölvis rímur sterka* voru ortar.

### 3.3.1. Önnur aldursgreinandi einkenni í bragfræði og máleinkennum *Ölvis rímna sterka*

Eitt helsta vandamálið við rannsóknir á rímum er tengt varðveislu, enda eru miðaldarímur ekki varðveittar í frumritum. Ekki var almenn venja að skrá handritin upp nákvæmlega, afritarar aðlöguðu texta sína að eigin málvitund og stafsetningarvenjum<sup>522</sup> og því skila forn einkenni í máli sér síður inn í uppskriftir rímnanna. Þó kann að vera að einhver atriði hafi ratað inn í uppskriftir skrifaranna, en fjöldi þeirra er takmarkaður og nýtist ekki til aldursgreiningar til fulls. Aftur á móti eru í skáldskaparhefðinni ákveðnar hefðarreglur þannig að forn máleinkenni, einskona steingervingar í málinu, haldast lengi inni í rímum þótt annars staðar hafi þeir glatast úr málinu.<sup>523</sup>

Það er einna helst að forn einkenni skíni í gegn í bragfræði rímnanna sjálfra og skili sér þá aðallega inn í afritaðar rímur í stuðlabrenndum (sem bera þá forn einkenni) eða í rími (sem sýna þá fornar orðmyndir eða hljóðbreytingar). Þá má einnig skoða notkun skáldamáls almennt og bera saman skáldamál rímnaflokka, sem og bragform þeirra og málstig. Með slíku móti má sjá að í *Ölvis rímum sterka* eru þó nokkur fornleg einkenni, sem eru líkast til ekki frá hendi skrifaranna, heldur leifar frá forriti rímnanna, hugsanlega frumriti. Bragform *Ölvis rímna sterka*, sem og önnur einkenni, virðast því gefa til kynna að rímurnar hafi verið ortar fyrir 1450; hugsanlega um 1400 eða skömmu þar eftir, þar sem einungis þekktir grunnhættir eru notaðir óbreyttir og tveir þeirra bera það með sér að vera enn í mótun, braghenda og úthenda sem talin er með elstu afbrigðum ferkvæða háttarins.

Önnur forn einkenni í bragfræði *Ölvis rímna sterka* mætti telja upp, svo sem stuðlun *j* við sérhljóð; í *AM 616 d 4to* eru 5 slík braglínupör, en 7 í *NKS 1133 fol*. Af þeim 22 vísum sem varðveittar eru aftan af VI. rímu í *AM 603 4to* finnast engin pör með *j*-stuðlun, en í þeim vísum

<sup>522</sup> Sjá nánar um málblöndun t.d. hjá Haraldi Bernharðssyni, „Málblöndun í sautjándu aldar uppskriftum íslenskra miðaldahandrita“, *Málfræðirannsóknir*, 11. hefti (Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1999).

<sup>523</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 29–30.

er heldur ekki *j*-stuðlun að finna í afritinu NKS 1133 fol. Gera má því ráð fyrir að í *AM 603 4to* hafi *j*-stuðlun einnig verið til staðar. *J*-stuðlun við sérhljóð er þó ekki afgerandi aldursgreinandi einkenni, því að slíka stuðlun má finna í yngri rímum einnig, en „kveðskapur þar sem verulega ber á stuðlun *j* við sérhljóð er líklegur til að vera að öðru jöfnu eldri en sá þar sem hún er ekki til staðar“.<sup>524</sup> Slík stuðlun virðist hafa haldist í rímum fram til 1600.<sup>525</sup> Haukur Þorgeirsson hefur tekið saman hlutfall *j*-stuðlunar við sérhljóð í rímum fyrir 1550, og greinir þar 6 tilvik *j*-stuðlunar við sérhljóð í *Ölvis rímum sterka* eða um 1,03% hlutfall.<sup>526</sup> Þar eru engin dæmi þess að *j*-stuðlun við sérhljóð sé með *J*-sérnafni og engin dæmi þess að *j* stuðli við sjálft sig, og því er aðeins *j*-stuðlun við sérhljóða í flokknum. Haukur telur 582 stuðlaþrenndir í *Ölvis rímum sterka* sem samræmist rímunum í uppskrift NKS 1133 fol. þar sem vísur eru 291, eða einmitt 582 stuðlaþrenndir. Hann tekur saman meðaltöl *j*-stuðlunar eftir tímabilum og setur upp í töflu:

9.–13. öld	3,20%
1300–1350	2,84%
1350–1400	1,50%
1400–1450	1,05%
1450–1500	0,88%
1500–1550	0,44%. <sup>527</sup>

Hlutfall *j*-stuðlunar við sérhljóð í *Ölvis rímum sterka*, 1,03%, stemmir því vel við meðaltal *j*-stuðlunnar á tímabilinu 1400–1450, en Haukur slær þó varnagla við því að nota *j*-stuðlun sem afgerandi aldursgreinandi einkenni. Þó hann noti vissulega *j*-stuðlun til aldursgreiningar gefur hann henni jafnan lítið vægi. Engu að síður styrkir þetta hlutfall, í bland við áður nefnd aldursgreinandi einkenni, tilgátuna um að *Ölvis rímur sterka* séu ortar milli 1400 og 1450.

Að auki má finna fornleg einkenni í rími (þótt stafsetning endurspegli ekki ávallt rímið). Í *AM 616 d 4to* má t.d. finna rímorðin *Ölver (Ölvi)-bölvi*,<sup>528</sup> *Ölver (Ölvi)-bölvi-fölvi*.<sup>529</sup> Í NKS 1133 fol. má t.d. finna rímorðin *Ölver (Ölvi)-bölvi*<sup>530</sup> og *Ölver (Ölvi)-bölvi, fölvi*.<sup>531</sup> Þessi rímorð gefa til kynna að orðmynd á eigin nafni hetjunnar gæti hafa breyst úr *Ölvir* í *Ölver*,<sup>532</sup> sbr. rithátt í textavitnum, en í rímorðum þar sem eigin nafnið kemur fyrir skín eldri orðmynd í gegn, nema það endurspegli þá aðeins rithátt sérnafnsins.

<sup>524</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 48.

<sup>525</sup> Ragnar Ingi Aðalsteinsson, *Íslensk bragfræði*, bls. 133.

<sup>526</sup> Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, bls. 45.

<sup>527</sup> *Ibid.*, bls. 47.

<sup>528</sup> Sjá *AM 616 d 4to*, 1v, vísu I 21.

<sup>529</sup> Sjá *AM 616 d 4to*, 2v, vísu II 6.

<sup>530</sup> Sjá *NKS 1133 fol.*, 147, vísu I 15.

<sup>531</sup> Sjá *NKS 1133 fol.*, 153, vísu II 8.

<sup>532</sup> Sjá umfjöllun um sérnafnið hjá Guðrúnu Kvaran & Sigurði Jónssyni, *Nöfn Íslendinga* (Reykjavík: Heimskringla, 2011), bls. 606.

Í rímunum virðist hljóðbreytingin *vá>vo* vera gengin yfir, enda talið að hún hafi átt sér stað á 14. öld. Sums staðar má þó enn sjá leifar af eldri orðmyndinni, svo sem í rímorðunum og *láða-váða* (*voða*)-*ráða* í NKS 1133 fol., í vísu II 42 á bls. 159. Þetta gæti þó borið vott um hefðarreglu.

Skrifrarar eiga það til að rugla saman *i, í, ei* og *y, ý, ey* á seinni tímum og svo virðist einnig eiga við um textavitni *Ölvis rímna sterka*, en þegar betur er að gáð sést að þótt skrifrarar rugli þessu saman haldast þessi atriði aðskilin í öllum rímorðum. Afkringing *y, ý* og *ey* hefst á 15. öld.<sup>533</sup> Þá er *e:é*-rím ekki algengt, en slík samrímun kemur fyrst fram á 14. öld;<sup>534</sup> *é* rímar oftast við sjálfst sig í rímorðum sem innihalda tvíhljóðið. Í AM 616 d 4to eru 11 rímpör sem ríma *é* á móti *é* – aðeins eitt dæmi er um *e:é* rím.<sup>535</sup> Í NKS 1133 fol. eru engin dæmi um samrímun á *e:é*, en 16 dæmi um að *é* rími á móti *é*. Einnig eru örfá dæmi um rímorð með löngu *r*-i, svo sem *fýrr-dýrr*, en þeim er oftast ruglað saman.<sup>536</sup> Langt *r* styttist smám saman á 14. og 15.öld,<sup>537</sup> svo orð sem höfðu áður langt *r*, eins og *kærr*, styttust svo úr varð *kær*.<sup>538</sup> Þessi einkenni virðast, samanlögð, benda eindregið til tímasetningar snemma á 15. öld, eða jafnvel fyrr, til tímabils þegar þessar breytingar voru ekki að fullu yfiringnar. Ekkert þessara einkenna ber afgerandi aldursgreinandi vægi, en samanlögð geta þau engu að síður gefið sterka vísbendingu um líklegan aldur.

Þegar þessi fornu einkenni eru borin saman við aldursgreinandi einkenni í stafsetningu og málfræði handritanna styrkist þessi hugmynd um aldursgreiningu til muna. Þar eru þó nokkur einkenni sem benda til fyrri hluta 15. aldar og jafnvel síðari hluta 14. aldar, svo sem norvagismar (ritháttur *th* í stað *ð/d*) og norsk tökuorð eða fornar miðmyndarendingar. Þó hafa þessi atriði takmarkað vægi, því þau eru öll háð meðferð skrifarans hverju sinni fremur en rímnaskáldinu. Þessi atriði í bland við fornleg einkenni í prósagerðinni, sem byggist á rímunum, styrkja þó tilgátuna um uppruna rímnaflökksins snemma á 15. öld. *Ölvis rímur sterka* verða því með nokkurri vissu heimfærðar upp á tímabilið 1400–1450 út frá bragfræðilegum einkennum, og þá jafnvel upphaf þess tímabils, um eða upp úr 1400. Það myndi staðsetja *Ölvis rímur sterka* með elstu varðveittu rímunum. Þá mætti einnig benda á að rímurnar eru án mansöngs, eru fremur stuttar, og eru almennt ljósar (þ.e. innihalda ekki myrkt eða illskiljanlegt skáldamál) sem oft er talið tilheyrja eldri rímunum. Fræðimenn hafa oft látið sér nægja að benda á óbrotna eða óreglulega bragarhætti, skort á mansöng, stuttar rímur, einfaldar kenningar og léttan stíl til að tímasetja

<sup>533</sup> Aðalsteinn Hákonarson, *Tvíhljóð í íslensku: Um tvíhljóðun og þróun tvíhljóða í íslensku máli til forna*, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2010, bls. 46–47.

<sup>534</sup> *Ibid.*, bls. 91–94.

<sup>535</sup> Í *AM 616 d 4to* eru 14 rímpör sem innihalda *é*-rím. 11 rímpör ríma *é* við *é*. Eitt rímpar notar *e:é*-rím, C VI 31 *hérsker*. Tvö rímpör innihalda *é*, en eru afbökðuð svo rím er ófullkomið.

<sup>536</sup> Oftast er ósamræmi í þessu, svo sem í B II 24: *væri-færrí-nærrí*.

<sup>537</sup> Björn K. Þórolfsson, *Um íslenskar orðmyndir*, bls. xxx.

<sup>538</sup> Sjá t.d. *Ölvis rímur sterka*, NKS 1133 fol., I.25, bls. 343.

rímur um 1400.<sup>539</sup> Út frá þeim einkennum sem talin hafa verið upp hér, mætti vel halda því fram að *Ölvis rímur sterka* hafi verið ortar um 1400 og eigi seinna en 1450. Nánari samanburður við aðra rímnaflökka gæti þó leitt af sér fleiri og sterkari vísbendingar um aldur flokksins, svo sem hvað varðar skáldamál annarra rímnaflökka.

### 3.4 Samanburður á skáldamáli

Skáldamál rímna virðist að miklu leyti vera arfur frá dróttkvæðum, þar sem heiti og kenningar eru veigamikill hluti af skáldskapnum. Rímnahefðin nýtir áfram og þróar þetta skáldamál og með tíð og tíma varð til heilmikil flóra kenninga og heita innan hefðarinnar. Sum heiti og sumar kenningar virðast hafa notið mikilla vinsælda, allt frá elsta skeiði rímna og fram eftir öldum. Önnur heiti og aðrar kenningar koma þó einungis fyrir í rímum frá seinni tíma. Með ítarlegri athugun á notkun skáldamáls í miðaldarímum má sjá ákveðið mynstur, þar sem tiltekið skáldamál hefur verið ríkjandi á ákveðnu tímabili. Með því að skoða skáldamál rímnaflökka ítarlega mætti því beita samanburðarrannsókn til að styrkja hugmyndir um aldursgreiningu.

Unnt er að bera skáldamál *Ölvis rímna sterka* saman við skáldamál annarra flokka út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja í *Ordbog til rímur*. Í inngangi sínum viðurkennir Finnur að bókin sé takmörkuð að vissu leyti, en heldur því þó fram að í henni sé um að ræða yfirlit skáldskaparmáls rímna í kringum 1400: „Ved hjælp af ordbogen vil man nu kunne undersøge skjaldesproget omkr. 1400 i dets enkeltheder“.<sup>540</sup> Finnur tekur 36 rímnaflökka með í *Ordbog til rímur*. Þessi útgáfa, ásamt *Íslenzkum miðaldarímum*, I–IV. bindi,<sup>541</sup> og *Hemings rímum*,<sup>542</sup> lágu til grundvallar í samanburðarrannsókn sem gerð var á skáldamáli *Ölvis rímna sterka* og annarra flokka frá tímabilinu 1350–1550. Samtals voru 40 rímnaflökkar athugaðir og alls 153 kenningar og heiti skoðuð.<sup>543</sup> Kenningar voru teknar eftir AM 616 d 4to, þar sem vitað er til þess að Markús, skrifari NKS 1133 fol., hafi átt það til að breyta og lagfæra skáldamál í uppskrift sinni eftir *Hólsbók*. Þar að auki bendir orðmengjafræðileg stílrannsókn til þess að texti AM 616 d 4to sé heildstæðari jafnframt því að vera elsta textavitnið sem inniheldur óskerta uppskrift. Sjaldgæf

<sup>539</sup> Sjá t.d. Ólaf Halldórsson, „Höfundur – aldur – efni“, *Íslenzkar miðaldarímur*, I–IV. bindi, þá sérstaklega aldursgreiningu Ólafs á *Haralds rímum Hringsbana*, I. bindi, bls. 16–17 og *Áns rímum bogsveigis*, II. bindi, bls. 72–74.

<sup>540</sup> *Ordbog til rímur*, útg. Finnur Jónsson, bls. iii.

<sup>541</sup> *Íslenzkar miðaldarímur*, I–IV. bindi.

<sup>542</sup> *Hemingsrímur*, útg. den Hoed.

<sup>543</sup> Sjá lista yfir kenningar og heiti í samanburðarrannsókn á skáldskaparmáli: Teresa Dröfn F. Njarðvík, „Ölvis rímur sterka: Aldur og bragfræði“, bls. 140–142. Hér ber að hafa í huga að síðan rannsóknin var gerð árið 2016 hafa fundist örfáar samsvaranir til viðbótar (sem aukið gæti samsvörunargildi einstakra flokka lítilla), en þær aukasamsvaranir eru flestar ekki skráðar í *Ordbog til rímur*.


heiti voru hins vegar tekin eftir öllum þremur textavitnum því þau vekja sérstaka athygli og gætu reynst aldursgreinandi. Þegar skáldamálið er borið saman við aðra rímnaflokkka, miðað við þau gögn sem lágu fyrir um viðeigandi rímnaflokkka, kemur fram áhugavert mynstur. Hlutfall sameiginlegra kenninga er hærra á ákveðnu tímabili og gætu því samanburðarrannsóknir á skáldamáli haft aldursgreinandi vægi. Þó þarf að hafa í huga að úrtak rannsóknarinnar er takmarkað og áhugavert væri að endurtaka hana með stærra úrtaki og ítarlegri gögnum. Þá væri einnig fróðlegt að gera orðamengjafræðilega stílrannsókn á notkun skáldamáls, en til þess að unnt sé að ráðast í slíkar rannsóknir þarf talsvert mikinn undirbúning.

Í rannsókn þessari er rímnaflokkum raðað upp eftir aldursröð, bæði samkvæmt skiptingu hjá Birni K. Þórólfsyni í *Rímur fyrir 1600* og hjá Hauki Þorgeirssyni í doktorsritgerð hans. Björn afmarkar tímasteið rímna við nafngreind skáld fremur en föst ártöl, á meðan Haukur lætur tímasteiðin standa á aldahelmingum. Þar sem þeir voru ósammála um aldur var aldursröð Hauks gefið meira vægi þar sem sú rannsókn er nýlegri og svo virðist sem Björn hafi ekki ávallt haft aðgang að uppskriftum rímnaflokkanna og greining hans á aldri því ekki sérlega traust.<sup>544</sup> Í rannsókninni er rímnaflokkunum skipt í tvo flokka eftir tímabilum, 1350–1450 og 1450–1550. Þeir rímnaflokkar sem báðir telja til 1. og 2. skeiðs rímna mynda fyrra tímabilið, en 3. og 4. skeið rímna mynda hið síðara. Þeir rímnaflokkar sem báðir töldu vera eldri en 1450 voru að mestu leyti teknir með í fyrri flokkinn, á meðan aðrir, svo sem *Lokrur*, féllu undir seinni flokkinn. *Áns rímur bogsveigis* voru að sama skapi teknar með í fyrri flokkinn.

Í þeim gögnum sem liggja til grundvallar teljast 22 rímnaflokkar líklega ortir á milli 1350 og 1450: *Sörla rímur*, *Völsungs rímur*, *Þrymlur*, *Geðraunir*, *Ólafs rímur helga*, *Friðþjóðs rímur*, *Úlfhams rímur*, *Ólafs rímur Tryggvasonar*, *Griplur*, *Áns rímur bogsveigis*, *Filippó rímur*, *Virgíles rímur*, *Blávus rímur*, *Dámusta rímur*, *Geiplur*, *Geirharðs rímur*, *Grettis rímur*, *Hjálmþérs rímur*, *Sálus rímur*, *Sigurðar rímur fóts*, *Skáldhelga rímur* og *Þrændlur*. Þá töldust 18 rímnaflokkar líklega ortir á milli 1450 og 1550: *Bjarka rímur*, *Dínus rímur*, *Gríms rímur* og *Hjálmars*, *Haralds rímur Hringsbana*, *Herburts rímur*, *Konráðs rímur*, *Landrés rímur*, *Lokrur*, *Mágus rímur*, *Skikkju rímur*, *Sturlaugu rímur*, *Skiða ríma*, *Bósarímur*, *Jóns rímur leiksveins*, *Klerka rímur*, *Krókarefs rímur*, *Hemings rímur* og *Vilmundar rímur*.

---

<sup>544</sup> Eins og t.a.m. umfjöllun hans um *Ölvis rímur sterka* ber með sér.



Úrtakið, eins og áður segir, byggist á þeim rímnaflokkum sem koma fyrir í *Ordbog til rímur*, en ákveðið var að bæta við *Áns rímum bogsveigis*, *Haralds rímum Hringsbana*, *Vilmundar rímum viðutan* og *Hemings rímum* til að ná fleiri yngri flokkum inn í mengið, þar sem flestir flokkar í *Ordbog til rímur* eru eldri og allir þessir flokkar eru aðgengilegir á prenti. Þá gætu einnig verið einhver efnisleg og ættfræðileg tengsl milli *Ölvis rímna sterka* og *Hemings rímna*, því í báðum er Áslákur á Torgum nefndur, og Hemingur, líkt og Ölvir, blekkir konung. Af þeim sökum þótti því einboðið að taka hann einnig með í rannsóknina. *Hemings rímur* eru þó ívið lengri en *Ölvis rímur sterka*, eða um 414 vísur.

Af þeim 153 heitum og kenningum sem voru til athugunar var mest samsvörun við rímnaflokkum sem talið er að séu ortir á milli 1350 og 1450; alls 133 tilvik um samsvörun þar sem annar rímnaflokkur notaði sömu kenningu eða sama heiti. Á tímabilinu 1450–1550 voru aðeins 92 tilvik um samsvörun, en margar þeirra samsvarana má einnig finna í fyrri flokknum. Sammerkt skáldamál virðist því fara minnkandi eftir því sem fram líður. Sumar kenningar og heiti koma oftast en einu sinni fyrir í ákveðnum flokkum, þær eru aðeins taldar einu sinni en ekki tvímerktar. Þá eru einnig margar kenningar í *Ölvis rímum sterka* sem hvergi finnast annars staðar og gætu verið nýsköpun rímna-skáldsins eða þá afbakaðar og því ekki tækar til samanburðar. Skáldamálið í *Ölvis rímum sterka* er almennt skýrt og ljóst og oftast notar rímna-skáldið þekktar einingar í fyrri og seinni lið tvíkenndra kenninga, t.d. *auð-* eða *eyðir-* í fyrri lið og *-Bil* eða *-lundr* í þeim seinni. Ekki ber mikið á milli AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. í skáldamáli; oftast en ekki eru sömu kenningar notaðar eða þá að fyrri eða seinni lið í kenningu sé skipt út fyrir sambærilega liði. Engu að síður er mynstrið skýrt, það er meiri samsvörun í skáldamáli á tímabilinu 1350–1450 og virðist það benda til að sama skáldamál hafi verið algengara á því tímabili.

Í þessari töflu má sjá yfirlit um sammerkt skáldamál, þ.e. samsvaranir milli *Ölvis rímna sterka* og annarra miðaldarímna:

Skammstafanir rímnaflokka	Aldursröð BKB	Aldursröð HB	Sammerkt skáldamál
Bj= Bjarka rímur (í Hrólfs sögu kraka)	24 (II)	30 (III)	4
Bl= Blávus rímur (II)	14 (II)	19 (II)	7
Bó= Bósa rímur (utg. af O. Jiriczek)	38 (III)	48 (IV)	2
Dá= Dámusta rímur (II)	12 (II)	11 (II)	3
Dí= Dínus rímur (II)	33 (III)	18 (II)	2
Fi= Filippó rímur (í Riddararímur)	21 (II)	16 (II)	0
Fr= Friðbjófs rímur (I)	5 (I)	5 (I)	8
G= Geðraunir (II)	9 (I)	7 (I)	9
Gei= Geiplur (II)	28 (II)	23 (II)	2
Ger= Geirharðs rímur (II)	23 (II)	24 (II)	1
Gr= Grettis rímur (I)	22 (II)	26 (II)	12
GrH= Gríms rímur og Hjálmars	18 (II)	28 (III)	4
Gri= Griplur (I)	26 (II)	8 (I)	19
He= Herburts rímur (í Riddararímur)	27 (III)	27 (III)	0
Hj= Hjálmþérs rímur (II)	13 (II)	25 (II)	9
Jó= Jóns rímur leikara (II)	15 (II)	37 (III)	0
Kl= Klerka rímur (II)	35 (III)	17 (II)	2
Ko= Konráðs rímur (í Riddararímur)	32 (III)	33 (III)	4
Kr= Krókarefs rímur (í Krókarefssaga)	42 (III)	50 (IV)	2
La= Landrés rímur (II)	30 (III)	31 (III)	7
Lo= Lokrur (I)	4 (I)	39 (III)	3
Má= Mágus rímur (II)	36 (III)	35 (III)	3
ÓIA, B= Ólafs rímur Tryggvasonar A, B (I)	6 (I)	13 (II)	9
ÓIH= Ólafs ríma helga (I)	2 (I)	2 (I)	3
Sá= Sálus rímur (II)	20 (II)	15 (II)	2
Sf= Sigurðar rímur fóts (II)	19 (II)	22 (II)	5
Sk= Skikkju rímur (II)	31 (III)	32 (III)	4
Skh= Skáldhelga rímur (I)	25 (II)	21 (II)	10
Skí= Skíða ríma (I)	29 (III)	27 (III)	5
St= Sturlaug's rímur (I)	34 (III)	34 (III)	5
Sq= Sqrila rímur (II)	1 (I)	1 (I)	3
U= Úlfhams rímur (II)	7 (I)	12 (II)	3
Vi= Virgíles rímur (II)	16 (II)	14 (II)	0
Vq= Vølsungs rímur (I)	3 (I)	4 (I)	10
Þr= Þrændlur (I)	11 (II)	10 (II)	4
Þry= Þrymlur (I)	8 (I)	6 (I)	3

Yfirlit um samsvaranir innan flokka sem ekki eru í *Ordbog til rímur*:

Skammstafanir rímnaflokka	Aldursröð BKB	Aldursröð HB	Sammerkt skáldamál
Án= Áns rímur bogsveigis	40 (III)	9 (I)	11
Har= Harald's rímur hringsbana	37 (III)	20 (II)	7
Hem= Hemings rímur	51 (IV)	40 (III)	19
Vil= Vilmundar rímur viðutan	39 (III)	51 (IV)	22

Sammerkt skáldamál virðist hér vera einna mest milli *Ölvis rímna sterka* og *Vilmundar rímna viðutan*, eða 22 tilvik. Þar verður þó að hafa í huga að vegna lengdar eru lengri rímnaflokkar líklegri til að sýna hærri samsvörun. Því verður einnig að líta til þess hve langir flokkarnir eru, hve margar rímur og hve margar vísur. *Vilmundar rímur viðutan* eru 16 talsins og í þeim eru alls 1143 vísur. Því er hlutfallsleg samsvörun skáldamáls milli flokkanna ívið minni en við fyrstu sýn. Hér er samt sá fyrirvari gefinn að hlutfallsleg samsvörun gæti ýkt líkindi við stutta flokka,

og á sama tíma dregið úr líkindum lengri flokka.

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit um hlutfallslega samsvörun skáldamáls:

Rímnaflokkar	Fjöldi rímna	Fjöldi vísna	Samsvaranir	Hlutfallsleg samsvörun	%
Gri	6	365	19	0,0520	5,20%
ÓIH	1	65	3	0,0461	4,61%
Hem	6	414	19	0,0458	4,58%
Þry	3	79	3	0,0379	3,79%
Vö	6	279	10	0,0358	3,58%
ÓlA, B	3, 5 (8)	275	9	0,0327	3,27%
GrH	4	138	4	0,0289	2,89%
Skh	7	384	10	0,0260	2,60%
Fr	5	311	8	0,0257	2,57%
Har	6	277	7	0,0252	2,52%
Gr	8	478	12	0,0251	2,51%
Skí	1	202	5	0,0247	2,47%
Sk	3	189	4	0,0211	2,11%
Lo	4	145	3	0,0206	2,06%
Án	8	545	11	0,0201	2,01%
Vil	16	1143	22	0,0192	1,92%
Sf	6	281	5	0,0177	1,77%
Bl	8	415	7	0,0168	1,68%
Hj	11	592	9	0,0152	1,52%
Sö	6	204	3	0,0147	1,47%
Dá	4	230	3	0,0130	1,30%
La	9	563	7	0,0124	1,24%
St	7	408	5	0,0122	1,22%
Dí	4	169	2	0,0118	1,18%
G	13	765	9	0,0117	1,17%
U	6	270	3	0,0111	1,11%
Þr	9	398,5	4	0,0100	1,00%
Bj	8	405	4	0,0098	0,98%
Gei	4	231	2	0,0086	0,86%
Kl	5	240	2	0,0083	0,83%
Ko	8	550	4	0,0072	0,72%
Má	9	503	3	0,0059	0,59%
Kr	8	494	2	0,0040	0,40%
Sá	11	586	2	0,0034	0,34%
Bó	10	600	2	0,0033	0,33%
Ger	8	415	1	0,0024	0,24%
Fi	8	429	0	0,0000	0,00%
Her	4	165	0	0,0000	0,00%
Jó	3	140	0	0,0000	0,00%
Vir	2	102	0	0,0000	0,00%

Hlutfallslega er allra mest samsvörun í skáldamáli á milli *Ölvis rímna sterka* og *Griplna*, alls 19 samsvaranir eða 5,20% sammerkt skáldamál, mun meiri samsvörun en milli annarra flokka. Sex rímnaflokkar bera sammerkt skáldamál umfram þrjú prósent: *Griplur* (5,20%), *Ólafs ríma helga* (4,61%), *Hemings rímur* (4,58%), *Brymlur* (3,79%), *Völsungs rímur* (3,58%) og *Ólafs rímur Tryggvasonar* (3,27%). Allir þessir rímnaflokkar, að *Hemings rímum* undanskildum, teljast ortir milli 1350–1450 og þá flestir í raun milli 1350–1400.

Hér ber að athuga að tveir flokkar, *Ólafs ríma helga* og *Brymlur*, eru ívið styttri en *Ölvis rímur sterka*, svo líkindi þar á millum gætu verið ýkt. Þó gætu þessi atriði bent til þess að *Ölvis*

*rímur sterka* ættu í raun að teljast með allra elstu rímum, líkast til ortar milli 1350–1400. Sjá töflu:

Skammstafanir rímnaflokka	Aldursröð BKÞ	Aldursröð HP
Gri	26 (II: ~1400–1450)	8 (I: 1350–1400)
ÓIH	2 (I: ~1350–1400)	2 (I: 1350–1400)
Hem	51 (IV: ~1500–1550)	40 (III: 1450–1500)
Þry	8 (I: ~1350–1400)	6 (I: 1350–1400)
Vǫ	3 (I: ~1350–1400)	4 (I: 1350–1400)
ÓIA, B	6 (I: ~1350–1400)	13 (II: 1400–1450)

Háa samsvörun í skáldamáli milli *Ölvis rímna sterka* og *Hemings rímna* mætti líklegast skýra með efnislegum og ættfræðilegum tengslum flokkanna. Ef til vill hefur hin glataða saga, eða þáttur, sem stendur að baki *Ölvis rímna sterka* tengst *Hemings þætti Áslákssonar*. Það er vel hugsanlegt að *Ölvis rímur sterka*, og sagan sem rímurnar byggjast á, hafi haft áhrif á *Hemings þátt Áslákssonar* og *Hemings rímur*. Fróðlegt væri að kanna þau tengsl nánar við tækifæri.

Einna athyglisverðast er að sá flokkur sem á mest sameiginlegt með skáldamáli *Ölvis rímna sterka* eru *Griplur*, alls 19 tilvik um sameiginlega kenningu eða heiti, alls 5,20% samsvörun. Þar á ofan eru *Griplur* eini rímnaflokkurinn utan *Ölvis rímna sterka* sem nota heitið *komþán* á kaldhæðinn máta, um óvin en ekki vin. Þetta er einkar áhugavert í ljósi þess að prósagerðir rímnaflokkanna eru oft samferða í handritum og virðist náið samband milli þeirra. Óljóst er hvort rímnaflokkarnir hafi fylgst að frá öndverðu, en báðir eru varðveittir í fáum textavitnum. Í *Hólsbók* voru rímnaflokkarnir saman – Jón Grunnvíkingur getur um það í skrá sinni að *Griplur* hafi verið í *Hólsbók* en nú hafa blöðin sem geymdu rímurnar glatast. *Griplur* eru ekki í afriti *Hólsbókar*, NKS 1133 fol., sem gæti bent til að þær hafi þegar verið aðskyldar frá handritinu er *Ölvis rímur sterka* voru afritaðar. AM 616 d 4to hefur ekkert efni umfram *Ölvis rímur sterka*. Um helmingur textavitna sem innihalda *Bragða-Ölvis sögu* geyma líka *Hrómundar sögu Gripssonar* og oftar en ekki standa þær saman. Ljóst er að samband er á milli þessara tveggja sagna og samanburðarrannsókn á skáldamáli styrkir hugmyndina um náið samband á milli rímnaflokkanna. Því verður að skoða bæði *Ölvis rímur sterka* og *Griplur* betur í samhengi, ásamt prósagerðum þeirra, til að fá nákvæmari mynd af tengslunum.

### 3.5 Samanburður á bragarhátum

Bragarhættir í *Ölvis rímum sterka* virðast ekki gefa fleiri vísbendingar um aldur umfram þær sem nú þegar hefur verið tæpt á um óreglu bragarhátta. Athugun á öðrum rímnaflokkum fyrir 1600 hefur leitt í ljós að ekkert rímnaskáld notar nákvæmlega sömu bragarhætti, í nákvæmlega sömu

röð eða með nákvæmlega sömu einkennum.

Sjá yfirlit hér í töflu:

Rímnaflokkur	Óbr. fersk.	Stafhent	Skáhent	Braghent	Úrkast	Samhent	Dýrari hættir
Öl	x (2)	x	x	x	x		
Fr	x (3)		x				x <sup>545</sup>
G	x (4)	x (3)	x	x	x (2)	x	x <sup>546</sup>
ÓlH	x						
Sö	x (2)	x	x			x	
Vö	x (6)						
Þry	x	x		x			
U	x (6)						
ÓlA	x (3)						
ÓlB	x (2)		x				x (2) <sup>547</sup>
Gri	x (3)	x					x <sup>548</sup>
Án	x (4)	x		x	x	x	
Lo	x (3)	x					
Bl	x (4)	x (2)		x			x <sup>549</sup>
Dá	x	x	x				x <sup>550</sup>
Gei	x (2)	x				x	
Ger	x (4)	x				x	x (2) <sup>551</sup>
Gr	x (3)	x (2)	x	x			x <sup>552</sup>
Hj	x (7)	x	x	x	x		
Sá	x (4)	x	x	x	x	x	x <sup>553</sup>
Sf	x (3)	x		x		x	
Skh	x (3)	x (2)	x	x			
Þr	x (3)	x (4)		x	x		
Bj	x	x	x	x	x	x	x (2) <sup>554</sup>
GrH	x	x		x			x <sup>555</sup>
Dí	x (2)	x		x			
Har	x (2)			x (3)	x		
Her	x (2)	x	x				
Ko	x (3)	x	x			x	x (2) <sup>556</sup>
La	x (2)	x	x	x		x	x (3) <sup>557</sup>
Má	x (3)	x (4)	x				x <sup>558</sup>
Sk	x	x				x	
Skí	x (2)	x				x	
St	x (2)	x (2)				x	x (2) <sup>559</sup>
Bó	x (3)	x	x	x	x		x (3) <sup>560</sup>
Kr	x (5)			x		x (2)	
Hem	x (2)	x	x	x			
Vil	x (5)	x	x		x		x (7) <sup>561</sup>

<sup>545</sup> Ferskeytt framhent (V).

<sup>546</sup> Stafhent framhent (XIII).

<sup>547</sup> Stafhent oddhent framhent (IV) og stafhent framhent (V).

<sup>548</sup> Braghent framhent (II) og oddhent (V).

<sup>549</sup> Stuðlafall (VIII).

<sup>550</sup> Ferskeytt framhent (IV).

<sup>551</sup> Stafhent framhent (VI) og úrkast oddhent (VII).

<sup>552</sup> Valhent (II).

<sup>553</sup> Samhent oddhent (VI).

<sup>554</sup> Braghent framhent (VII) og ferskeytt framhent (VIII).

<sup>555</sup> Stafhent framhent (IV).

<sup>556</sup> Ferskeytt framhent (í 1. og 3. vo.) (V) og ferskeytt framhent (í öllum vísuorðum) (VI).

<sup>557</sup> Úrkast oddhent (III).

<sup>558</sup> Skothenent (V).

<sup>559</sup> Valhent (V) og ferskeytt framhent (VI).

<sup>560</sup> Fráhent (V), skothenent (IX) og oddhent (X).

<sup>561</sup> Stuðlafall (III), ferskeytt framhent (í 1. og 3. vo.) (IV), afhent (V), framhent (VI), fráhent (VIII og XII), oddhent (XIII) og samhent oddhent (XIV).

Vir	x (2)						
Jó	x (3)						
Kl	x (2)	x			x		x <sup>562</sup>
Fi	x (3)	x			x	x	x (2) <sup>563</sup>
Samtals	42 (114)	32 (19)	18	19 (3)	12 (2)	15 (2)	19 (25)
Samtals alls	156 rímur	51 ríma	18 rímur	22 rímur	14 rímur	17 rímur	44 rímur

Sömu bragarhættir eru einungis notaðir í *Hjálmþérs rímum*, en í annarri röð og þar eru fleiri rímur undir óbreyttum ferskeyttum hætti og flokkurinn lengri. Það eina varðandi bragarhætti sem virðist vera aldursgreinandi er sú óregla háttanna sem nú þegar hefur verið lýst.

### 3.6 Aldur *Ölvis rímna sterka*

*Ölvis rímur sterka* er rímnaflokkur sem aðeins er varðveittur í heild sinni í AM 616 d 4to frá miðri 17. öld og NKS 1133 fol. frá fyrri hluta 18. aldar. Þá er varðveitt brot af síðustu rímu flokksins á einu blaði í *Hólsbók*, skinnhandriti frá 16. öld. Flokkurinn í NKS 1133 fol. er afritaður eftir *Hólsbók*, en mikill munur er á textanum í AM 616 d 4to og NKS 1133 fol. Svo virðist sem rímnaflokkurinn hafi snemma ratað inn í munnlega geymd og tekið þar breytingum, svo á 15. öld hafi verið til tvær ólíkar útgáfur af *Ölvis rímum sterka*. Síðar, um miðja 17. öld, var rímunum snúið yfir í prósagerð, en líklegt er að efnið í rímunum hafi verið til í prósagerð sem nú er glötuð og rímurnar byggðust á. *Ölvis rímur sterka* eru því dæmi um sagnaefni sem færðist úr prósagerð yfir í rímur og svo aftur úr rímum yfir í nýja prósagerð.

Eins og fram hefur komið er erfitt er að greina aldur rímnaflokka með vissu, og nánast ógerlegt að ákvarða nákvæman aldur einstakra flokka. Það eru ekki nægar heimildir til þess að skera úr um aldur flokka en vel er hægt að leiða líkur að aldri þeirra og ramma þá inn við ákveðin tímabil með því að skoða bragfræði og málstig rímna ítarlega. Í *Ölvis rímum sterka* eru óbrotinir eða óreglulegir bragarhættir notaðir, mansöngur er enginn og rímurnar eru stuttar auk þess sem ákveðin einkenni í bragfræði svo sem stuðlasetning og rím benda eindregið til þess að málstig flokksins stemmi við mörk 14. og 15. aldar.

Skáldamál rímna getur einnig haft aldursgreinandi vægi. Þrátt fyrir að heiti og kenningar séu rótgróin fyrirbæri í rímnahefðinni gætir þess að mikil nýsköpun og þróun hafi átt sér stað í notkun skáldamáls á miðöldum. Sum heiti og kenningar virðast vera sígild og eru notuð frá upphafi rímnaskeiðs og fram á 20. öld. Önnur heiti og kenningar virðast þó algengari á ákveðnu tímabili og gæti notkun þeirra endurspeglad ákveðna strauma innan rímnahefðarinnar meðan hún

<sup>562</sup> Ferskeytt framhent (í 2. og 4. vo.) (IV).

<sup>563</sup> Oddhent (IV) og ferskeytt framhent (í 1. og 3. vo.) (VIII).

var enn í mótun og gert okkur kleift að skyggjast inn í „rímnaumhverfi“ skáldsins. Samanburður á skáldamáli í *Ölvis rímum sterka* hefur leitt í ljós að þær kenningar og þau heiti sem þar koma fyrir eru algengari á tímabilinu 1350–1450, þá sérstaklega um 1350–1400. Rímnaflokkinn mætti hiklaust flytja frá þriðja skeiði rímna yfir á annað skeið – hugsanlega fram á elsta skeið rímna.

Þegar öll þessi atriði eru lögð saman, sem í einangrun hafa þó takmarkað aldursgreinandi vægi, liggur beinast við að *Ölvis rímur sterka* þurfi að færa til milli aldursflokka, miðað við greiningar þeirra Bjarnar og Hauks. Flokkurinn á mun meira sammerkt með rímum sem ortar eru á tímabilinu 1350 til 1450, og virðist fremur skera sig frá rímum sem ortar voru eftir 1450. Í stað þess að álykta sem svo að flokkurinn sé einfaldur eða „léttvægur kveðskapur“ mætti fremur halda því fram að einfaldleiki hans gæti verið aldurseinkenni og bendi til þess að rímnahefðin hafi enn verið í mótun þegar hann var ortur, eins og óregla á bragarháttum virðist gefa til kynna. Atriði sem styðja hærrí aldur *Ölvis rímna sterka* eru of mörg samanlagt til að geta talist tilviljun ein. Á meðan ekkert annað í bragfræði, skáldamáli eða málstigi rímnafloksins bendir sterklega til þess að hann hafi verið ortur á seinni hluta 15. aldar má álykta með nokkurri vissu að hann sé ortur kringum 1400 eða á fyrsta fjórðungi 15. aldar.

## 4. *Bragða-Ölvis saga*

Sagan af Bragða-Ölvi er ekki varðveitt í gamalli prósagerð en eins og sýnt hefur verið fram á er líklegt að *Ölvis rímur sterka* hafi verið ortar eftir slíkri frásögn. *Ölvis rímunum sterka* var síðan snúið yfir í prósa á 17. öld og nefnist prósagerðin *Bragða-Ölvis saga*. Sagan er varðveitt í alls sautján pappírshandritum frá 17. öld og fram til 20. aldar. Elst þeirra er AM 601 b 4to frá seinni hluta 17. aldar en það ber með sér að vera skráð eftir glötuðu forriti. Flest textavitni *Bragða-Ölvis sögu* virðast vera eftirrit þess forrits, beint eða óbeint, og þótt eitthvað sé um lesbrigði á milli þeirra þá eru þau að mestu smávægileg. Prósaerðin, framan af, varðveitir ekkert efni umfram *Ölvis rímur sterka*, og er endursögn á efni rímnanna. Af yngri afritum má þó sjá að skrifarar hafa bætt við söguna þar sem þeim þótti atburðarásin óljós.

Strax undir lok 17. aldar eru minnst fjögur textavitni *Bragða-Ölvis sögu* skráð. Tvenn þeirra, AM 601 b 4to og Holm papp. 67 fol., eru skrifuð af Jóni Eggertssyni (1643–1689). Hin textavitnin tvö, BL Add. MS 4859 og Lbs. 222 fol., skrifaði Jón Þórðarson (um 1640–um 1703), sem var skrifari Magnúsar Jónssonar í Vigur (1637–1702). Frá 18. öld eru varðveitt sex textavitni: Lbs. 840 4to, Lbs. 633 4to, AM 395 fol., BL Add. MS 4875, JS 160 fol. og Lbs. 479 VI 8vo. Á 19. öld voru handritin Lbs. 3565 4to, Ms. Germ. qu. 27, Lbs. 1940 4to, ÍB 426 4to og SÁM 6 skráð. Að auki er eitt handrit til í Vesturheimi, MB 034 (Jóhannesson B), sem var skrifað á seinustu árum 19. aldar að hluta til í Norður-Dakóta og svo á Hecla Island, í Kanada.<sup>564</sup> Það er nú á bókasafni í Háskólans í Manitoba, Kanada. Þar sem handritið var skrifað í Vesturheimi, á Hecla Island í Kanada, er ljóst að a.m.k. eitt annað handrit *Bragða-Ölvis sögu* hefur einnig ratað til Vesturheims og verið notað sem forrit Jóhannesson B, en það handrit hefur ekki fundist. Yngsta handrit *Bragða-Ölvis sögu* er Lbs. 1503 4to, skrifað árið 1905 af Magnúsi Jónssyni í Tjaldanesi. Þar hefur Magnús þó stóraukið við söguna og lagað að eigin smekk, eflaust bæði í þeim tilgangi að skýra atburðarásina og gera hana fyllri.

Í handritinu AM 1055 4to, sem ber titilinn „Nokkurra skálda og rithöfunda eður fræðimanna tal á Íslandi frá DCCCCX til MDCCCXX“ hefur höfundur þess, Einar Bjarnason á Mælifelli (1785–1856), tekið saman lista yfir íslensk bókmenntaverk. Í handritinu, sem var skráð árin 1836–1838, telur hann upp sögur og flokkar í þrennt: Íslendingasögur, Norðurlandasögur og „Ímislegar sögr flestar mér ókenndar nema at nafninu einu“. Aftast í flokknum Norðurlandasögur má finna *Bragða-Ölvis sögu* þar sem hún er skráð undir titlunum: „[sagan af] Ölver Snjalla“ og aftur „[sagan af] Ölver Bragðakarli, mun hún

---

<sup>564</sup> Parsons, „Albert Jóhannesson and the scribes of Hecla Island: Manuscript culture and scribal production in an Icelandic-Canadian settlement“, *Gripla* XXX (2019), bls. 22–24.

sama“.<sup>565</sup> Þessa titla sögunnar er þó hvergi að finna í varðveittum handritum sögunnar.

*Bragða-Ölvis saga* er einnig talin upp meðal þekktra sagna af Norðmönnum í riti Hálfðans Einarssonar, *Sciagraphia* árið 1777<sup>566</sup> og á lista yfir þekktar sögur hjá Uno von Troil í *Brev rörönde en resa til Island* það sama ár.<sup>567</sup> Peter Frederick Suhm nefnir *Bragða-Ölvis sögu* í umfjöllun sinni um Svein Úlfsson/Ástríðarson í 4. bindi *Historie af Danemark* sem kom út árið 1790.<sup>568</sup> Þá er stutta samantekt um efni sögunnar, á dönsku, að finna í glósum Peters Erasmus Müller í handritinu *NKS 1685 b 4to* og í bók hans *Sagabibliothek* sem birtist á prenti árið 1820. Þar telur hann að *Bragða-Ölvis saga* sé líklega einskonar hliðarsaga við *Hákonar sögu Hárekssonar*, og hafi jafnvel tengsl við *Haralds sögu Sigurðarsonar*.<sup>569</sup>

Sömuleiðis er stutta samantekt á efni *Bragða-Ölvis sögu* á þýsku að finna í handritinu Rostock Mss. Philol. 78/2, á bl. 447v-448v, en handritið er á háskólabókasafninu í Rostock, Þýskalandi. Handritið mun vera skrifað á 18. öld, líkast til í Stokkhólmi. Ludger Zeevaert hefur leitt líkur að því að útdrættir sagna á þýsku í handritinu séu með hendi Friedrich von Bessewitz og þá skrifaðir á bilinu 1718 – 1727 þegar hann var í Svíþjóð.<sup>570</sup> Útdráttur *Bragða-Ölvis sögu* þar er gerður eftir Holm. Papp. 67 fol. þar sem efnisþættir eru í sömu röð í báðum handritum (frá útdrætti af *Stjörnu-Odda draumi*, á bl. 445r, til *Albanus sögu Vígvaldssonar* á bl. 450r).

Fræðimenn hafa lítið fjallað um *Bragða-Ölvis sögu* – en þó ber að nefna tvo þeirra sem gefið hafa prósagerðinni sérstakan gaum. Fyrstur til að fjalla lítillega um söguna var A. LeRoy Andrews, sem tók hana til athugunnar í grein sinni „Studies into the Fornaldarsögur Norðurlanda“ frá árinu 1911, þar sem hann ræddi þó aðallega um *Hrómundar sögu Gripssonar*. Í greininni fjallar hann um handritið AM 601 b 4to, sem hefur að geyma *Hrómundar sögu Gripssonar* ásamt *Bragða-Ölvis sögu*, en hann taldi að handritið væri frumrit þeirra beggja.<sup>571</sup> Hann veitti því einnig athygli að sögurnar tvær fylgjast að í nokkrum yngri handritum.<sup>572</sup> Niðurstaða Andrews var sú að báðar sögurnar væru ritaðar eftir eldri rímum.<sup>573</sup>

Alfred Gifford Hooper komst að sömu niðurstöðu og Andrews og taldi handritið AM 601 b

---

<sup>565</sup> AM 1055 4to, bl. 19r.

<sup>566</sup> Hálfðan Einarsson, *Sciagraphia historiae literariae Islandicæ autorum et scriptorum tum editorum tum ineditorum indicem exhibens* (Kaupmannahöfn: Santer et Schröder, 1777), bls. 116.

<sup>567</sup> Troil, *Brev rörönde en resa til Island MDCCLXXII* (Uppsala: Magnus Swederus, 1777), bls. 150.

<sup>568</sup> Suhm, *Historie af Danemark*, bls. 482.

<sup>569</sup> Müller, *Sagabibliothek med anmærkninger og indledende afhandlinger*, 3. bindi, bls. 470–471.

<sup>570</sup> Zeevaert, „Eine deutsche zusammenfassung von Njáls saga im manuskript Rostock Mss. Philol. 78/2“, *Scripta Islandica*, 69. árg. (2018), bls. 99–139.

<sup>571</sup> Andrews, „Studies in the fornaldarsögur Norðurlanda“, *Modern philology*, 8. árg., 4. tbl. (1911), bls. 530–531; 537–538.

<sup>572</sup> *Ibid.*, bls. 531.

<sup>573</sup> *Ibid.*, bls. 532–533; 537–538.

4to vera frumrit *Bragða-Ölvis sögu*.<sup>574</sup> Eftir ítarlegan samanburð á texta rímnahandritanna og prósagerðarinnar komst hann að þeirri niðurstöðu að prósagerðin væri sannarlega komin frá rímunum; eins og sjá mætti af atburðarás og miklum líkindum í orðalagi.<sup>575</sup> Hann benti þó á að prósagerðin gæti aðeins verið komin frá rímunum í AM 616 d 4to í gegnum millilið, þ.e. að hún hefði ekki verið byggð beint á AM 616 d 4to, heldur nú glötuðu handriti sem hefur staðið nær AM 616 d 4to en öðrum varðveittum handritum rímnanna.<sup>576</sup>

Niðurstöður þeirra Andrews og Hoopers um uppruna prósagerðarinnar eftir rímunum standa enn fyrir sínu og óhætt er að fullyrða að nú varðveitt prósagerð sé knöpp endursögn á efni rímnanna, þótt hún virðist ekki byggð á nú varðveittum rímnatexta. Eins og umfjöllunin hér á eftir sýnir fram á virðist AM 601 b 4to þó ekki vera frumrit prósagerðarinnar, líkt og þeir Andrews og Hooper töldu, þótt það hafi vissulega staðið mjög nærri frumritinu.

Í nýlegri doktorsritgerð sinni bendir Katarzyna Kapitan á að handritið sé *codex optimus* eða „besta handrit“ beggja sagna, *Hrómundar sögu Gripssonar* og *Bragða-Ölvis sögu*<sup>577</sup> – og þrátt fyrir að það sé ekki frumrit þessara sagna verður ekki betur séð en að sú niðurstaða standi; í ljósi þess að frumrit *Bragða-Ölvis sögu* er nú glatað og AM 601 b 4to felur í sér upphaflegasta textann verður það að teljast *codex optimus*. Í eftirfarandi umfjöllun verður AM 601 b 4to því lýst ítarlega, en látið nægja að fjalla stuttlega um önnur textavitni *Bragða-Ölvis sögu*. Lesbrigðaskrár handrita frá 17. öld verða birtar og dregnar af þeim niðurstöður um frumrit *Bragða-Ölvis sögu* og uppruna prósagerðarinnar; lesbrigðaskrá yngri textavitna verður ekki birt.

#### 4.1 Vitnisburður handrita frá 17. öld

Hin fjögur varðveittu textavitni *Bragða-Ölvis sögu* frá 17. öld eru skráð af tveim skrifurum, þeim Jóni Eggertssyni og Jóni Þórðarsyni, á tímabilinu 1682–1695. Handrit Jóns Eggertssonar eru eldri, líkast til skrifuð um 1682–1683 á Íslandi og um 1687 í fangelsi í Kaupmannahöfn. Auk þessara tveggja handrita eru varðveittar tvær uppskriftir frá árinu 1695 með hendi Jóns Þórðarsonar, skrifara Magnúsar Jónssonar í Vigur, en vitað er til þess að þriðja uppskrift hennar í fjórblöðungsbroti – nú glötuð – hafi verið í eigu Magnúsar.<sup>578</sup> Ekkert nú varðveittira handrita virðist vera frumrit sögunnar í prósagerð og um uppruna hennar er erfitt að fullyrða.

<sup>574</sup> Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. iii.

<sup>575</sup> Ibid., bls. xi.

<sup>576</sup> Ibid., bls. xi–xxiii.

<sup>577</sup> Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Gripssonar* (Kaupmannahöfn: University of Copenhagen, 2018), bls. 46.

<sup>578</sup> Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur: AM 148 8vo* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1955), bls. 12–13.

#### 4.1.1 AM 601 b 4to

Handritið AM 601 b 4to er pappírshandrit og telur tíu blöð. Það var skráð af Jóni Eggertssyni, og er skrifað með svokallaðri kansellíbrotaskrift, sem þykir einkennandi fyrir Jón.<sup>579</sup> Kapitan taldi að það væri skrifað á fangelsisárum hans í Kaupmannahöfn, milli 1684 og 1687 og að endurnýttur pappír handritsins gæti rennt stoðum undir þá tilgátu.<sup>580</sup> Líklegra er þó að Jón hafi skrifað AM 601 b 4to í Íslandsferð sinni árið 1682–1683, þar sem hann ferðaðist um landið og safnaði handritum fyrir Svía. Í þeirri sömu ferð keypti hann meðal annars rímnahandrit, \*JE 27 4to, sem í voru *Griplur og Ölvis rímur stekra*, ásamt *Rémundar rímum Rígarðssonar*, *Vilhjalms rímum Sjóðs*, *Egils rímum Skallagrímssonar* og *Skotlands rímum*.<sup>581</sup> Það handrit er nú glatað. Í skýrslu sinni um ferð sína og handritakaup kvartar hann undan pappírsskortri á Íslandi, sem gæti einnig útskýrt endurnýttan pappírinn.<sup>582</sup> Kapitan telur það þó ólíklegra en hitt, því þá sé óútskýrt hvers vegna Jón geti ekki um þessar uppskriftir í skýrslu sinni um Íslandsferðina. Hins vegar er ekkert víst að hann hefði skrifað um það í skýrslunni, þar sem handritið AM 601 b 4to var aldrei ætlað Svíum, heldur virðist það fremur hafa verið til einkaeignar og endað svo að lokum hjá Árna Magnússyni. Eins og sést á annarri uppskrift Jóns, í Holm. papp. 67 fol., sem óneitanlega var ætlað Svíum, beitir Jón þar öðrum vinnubrögðum, leysir úr böndum og skráir á spássíur helstu persónunöfn og atriði frásagnarinnar með nákvæmari hætti. Handritin voru því ekki skrifuð í sama tilgangi.

Í AM 601 b 4to er *Bragða-Ölvis saga* á bl. 6v–10v, titluð „Sagan af Bragða Ölver“. Framan við söguna er uppskrift *Hrómundar sögu Gripssonar*, á bl. 1r–6r. Ekki eru fleiri textar í handritinu, sem er vel varðveitt. Blöð þess eru ljós og bera ekki merki um mikla notkun. Í handritinu eru leiðréttingar og athugasemdir á spássíum, flestar með hendi Árna Magnússonar, en nokkrar með hendi Jóns. Jón hefur að auki fært persónu- og staðarnöfn út á spássíu, og undirstrikað textann þar sem persónur eru kynntar eða farið er með beina ræðu. Í einu tilviki eykur hann við söguþráðinn á spássíunni, þar sem atburðarásin var óljós, en viðbót hans á sér enga hliðstæðu í öðrum varðveittum handritum. Þar bætir hann við bardagasenuna milli Ölvis og manna Rígarðs greifa og skrifar um hinn nakta mann sem hleypur undir sverð Ölvis, og brýtur

---

<sup>579</sup> Jucknies, *Der horizont eines schreibers: Jón Eggertsson (1643–89) und seine handschriften*, Texte und untersuchungen zur Germanistik und Skandinavistik, 59. bindi (Frankfurt am Main: Peter Lang, 2009), bls. 93. Í færslu við AM 601 b 4to á handrit.is segir þó að skrifari sé óþekktur.

<sup>580</sup> Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 44.

<sup>581</sup> Klemming, *Ur en antecknar samlingar*, bls. 38.

<sup>582</sup> Kapitan, „When a king of Norway became a king of Russia: Transmission and reception of Hrómundar saga Greipssonar in scholarly networks of early modern Scandinavia“, *Scandinavian studies*, 94. árg., 3. tbl. (2022), bls. 333.

þar með álög Rauðs: „þessi nakti (madur) meinaz verid hafi af fólfru aulverz fendr“ á bl. 8v.<sup>583</sup> Hann lagar einnig stafsetningu og skýtur inn orðum, ofan línu eða á spássíu, og í þeim tilvikum er blekið ljósara svo lagfæringarnar virðast hafa verið gerðar síðar. Lagfæringar Jóns benda til þess að hann hafi skráð textann eftir forriti. Væri AM 601 b 4to frumrit prósagerðarinnar, líkt og Andrews og Hooper héldu fram, væru slíkar lagfæringar ekki til staðar þar sem prósagerðin er sett saman eftir rímunum og orðalag hennar ekki komið úr rímnahandritunum. Því virðist Jón Eggertsson hafa leiðrétt uppskrift sína í AM 601 b 4to eftir öðru handriti. Gera verður ráð fyrir að Jón hafi leiðrétt og bætt við texta sinn eftir glötuðu handriti, A<sub>1</sub>\*.

Árni Magnússon leiðréttir einnig textann og bætir við upplýsingum, oft atriðum sem samræmast rímunum en einnig atriðum sem hvergi eru þekkt í nú varðveittum rímnagerðum. Þá bætir Árni einnig við setningum og orðum sem virðast ekki vera komin beint eftir rímunum, svo hann virðist hafa haft fyrir sér texta prósagerðarinnar í öðru glötuðu handriti, A\*. Hann bendir á að efnið sé útdregið úr rímunum, efst á bl. 6v við upphaf *Bragða-Ölvis sögu* þar sem hann skrifar: „Utdreiged ur Rímunum af Ölver sterka fem eru 7 ad tólu“. Öll varðveitt textavitni rímnanna af Ölvi sterka innihalda þó aðeins 6 rímur.

Handritið var áður hluti af AM 601 4to, sem Árni hafði safnað saman í eina heild, en var síðar aðskilið í a-, b-, c- og d-hluta.<sup>584</sup> Þegar Jón Ólafsson tók saman skrá yfir handrit Árna Magnússonar í AM 477 fol. sem skrifuð er í kringum 1731 var AM 601 4to ennþá ein heild, sbr. lýsingu hans á bl. 41v. Handritið AM 601 b 4to er nú í bandi sem Matthias Larsen Bloch batt það í á árunum 1772–1780. Þar með má nokkuð örugglega áætla að AM 601 4to hafi þá þegar verið skipt upp í fjóra hluta. Einnig á því tímabili mun hafa týnst, eða verið komið fyrir innan annars handrits, prósagerð eftir *Ásmundar rímun og Tryggva*, sem Jón Ólafsson telur upp meðal efnis AM 601 4to en er hvergi að finna í aðskildum hlutum handritsins nú.

Um feril handritsins AM 601 b 4to er einungis lítillega getið í handritaskrá. Það mun vera skrifað fyrir dauða Jóns Eggertssonar árið 1689 og hefur Árni Magnússon eignast það fyrir lát sitt árið 1730, þar sem athugasemdir með hans hendi er að finna á spássíum handritsins. Aðrir hlutar AM 601 4to, það er a, c og d hlutar, eru skrifaðir í kringum 1700. Nákvæmlega hvenær Árni hefur eignast handritið AM 601 b 4to er ekki vitað. Hafi AM 601 b 4to verið skrifað á fangelsisárum Jóns þá má gera ráð fyrir því að Árni Magnússon hafi á sínum tíma fengið það beint frá Jóni Eggertssyni, eins og önnur handrit með hendi Jóns í safni Árna. Árni hafi svo komið b hlutanum fyrir með hinum sem allir höfðu að geyma efni rímna í endursögn. Annar möguleiki væri sá að hafi Jón Eggertsson skrifað AM 601 b 4to á Íslandi og það orðið eftir á

<sup>583</sup> *Bragða-Ölvis saga*, AM 601 b 4to, bl. 8v, bls. 398.

<sup>584</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir hefur fjallað ítarlega um AM 601 a 4to, sjá *Úlfhams saga*, bls. I–liv.

Íslandi, þar sem Árni Magnússon hafi komist yfir það í Íslandsferð sinni árið 1702, eins og hugsanlegt er með AM 601 a 4to<sup>585</sup> eða fengið það sent í gegnum milliliði á Íslandi eins og Magnús Jónsson í Vigur og Magnús Jónsson á Leirá, eins og raunin virðist hafa verið með AM 601 c 4to og AM 601 d 4to.<sup>586</sup> Handritið barst til Stofnunar Árna Magnússonar í Reykjavík árið 1975 en fram að því var það varðveitt á systurstofnun hennar í Kaupmannahöfn.

#### 4.1.1.1 Athugasemdir Árna Magnússonar á spássíu

Árni Magnússon hefur borið uppskrift Jóns Eggertssonar saman við handrit *Ölvis rímna sterka* og leiðrétt eftir því. Þannig bætir hann við textann og breytir einnig kaflaskilum með því að færa 2. kafla sögunnar til, svo að kaflaskilin passi við rímnaskil I. og II. rímu. Í öðrum handritum prósagerðarinnar eru kaflaskil þó ekki á sama stað og rímnaskil. Árni lagfærir um leið þau kaflaskil sem á eftir koma, með því að breyta tölusetningu þeirra. Upphaf 2. kafla setur hann út á spássíu en merkir fyrir innan texta hvar hann hefst. Þar eftir breytir hann tölusetningum í fyrirsögnum kafla innan texta. Það hefur hann gert með því að bæta striki aftan við rómverskar tölur í fyrirsögnunum, og þannig áfram allt að 4. kafla, en þar sem áður stóð skrifað *IIII* hefur hann bætt þverstriki í kaflafyrirsögn, *IIII*, til að strika hana út. Hann setur þá á spássíu nokkrum línunum þar fyrir neðan, neðst á bl. 9r „V. cap“, og merkir fyrir athugasemd sinni innan texta, einmitt þar sem rímnaskil IV. og V. rímu liggja. Fyrirsögn 5. kafla breytir hann þó ekki og setur þar ekki I aftan við V.

Árni Magnússon hefur sums staðar bætt við staðarnöfnum og upplýsingum um persónur, þar sem vantaði í textann. Annars staðar eykur hann við, eða skýrir, atburðarás sögunnar. Ekki verður betur séð en að Árni leiðrétti og bæti við eftir rímnahandriti, því að viðbætur hans koma flestar fyrir í öllum varðveittum textavitnum *Ölvis rímna sterka*. Í einstaka tilvikum eiga þær sér aðeins hliðstæðu í einu textavitni rímnanna en í örfáum tilvikum bætir hann við atriðum sem hvergi eiga sér hliðstæðu í nú varðveittum textavitnum rímnanna. Viðbætur hans eru eftirfarandi:

Á bl. 6v bætir Árni við ættfærslu Hildigunnar, móður Ölvis, sem er sögð dóttir Ölvis asks, en hann bætir þar við „Aflaks sonar fra Torgum“. Sú ættfærsla kemur fram í texta rímnanna í AM 616 d 4to, en ekki í NKS 1133 fol. Neðar á bl. 6v bætir Árni við aldri Ölvis er hann fékk skip og menn frá föður sínum og skrifar „Þa var olver XV. vetra“. Í báðum varðveittum textavitnum I. rímu kemur fram að Ölvir hafi þá verið „Ára 12 og 3ia“, þ.e. fimmtán ára. Þá bætir hann enn við á bl. 6v og skeytir inn í „fion i“ aftan við orðið *vid* þar sem Jón Eggertsson hafði skrifað „lendu

<sup>585</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. liv.

<sup>586</sup> Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftensamlung*, 1. bindi, bls. 770.

vid Danmorc“, á bl. 6v. Í NKS 1133 fol. kemur fram að Ölvir „kom þar ath vid fion“.

Á bl. 7r bætir Árni við staðarnafni öðru sinni; eftir að Ölvir og menn hans hafa brotið skip sitt bætir hann við að það hafi verið „vid fion“. Efst á bl. 7v eykur Árni við atburðarásina með tveim viðbótum eftir rímunum, og bætir því við fund Ölvis með Sveini konungi að Ölvir hafi lagt höfuð sitt í kné konungs þegar hann játar fyrir honum lygi sína og hafi þar eftir þegið gullhring að nafnfesti. Þá bætir hann einnig við á bl. 7v að útlaginn Áki hafi átján skip til umráða og að Ölvir hafi fengið hundrað menn frá Sveini til að leiða gegn Áka. Árni tekur það líka fram að Ölvir og menn hans hafi lent austur í Görðum „þar er Lynsborg heiter“ og hefur þar sama rithátt á borgarnafninu og kemur fyrir í AM 616 d 4to. Þar á spássíu er einnig athugasemd sem vísar til *Hrómundar sögu Gripssonar*: „Hromund S: Þp.i. Gardar“. Við *Hrómundar sögu Gripssonar* hefur Árni sett athugasemd á spássíu, þar sem tilgreint er að *Gardar* þeir sem koma þar fyrir séu í Danmörku, og telur Árni sömu athugasemd eiga við um *Bragða-Ölvis sögu*. Samkvæmt skilningi Árna væri Lynsborg því í Danmörku. Neðarlega á bl. 7v lagfærir Árni textann ofan línu með viðbættu x-i og segir Ölvi hafa dvalist alls 13 nætur hjá Álfi bónda, þar sem Jón Eggertsson hafði áður aðeins 3 nætur. Leshátturinn 13 nætur samræmist báðum nú varðveittum textavitnum rímnanna.

Á bl. 8r lagfærir Árni ræðu Ölvis við skálabúann Rauð og bætir við: „mælti við hann þú ert geifli falatr við gefti þina“. Í sömu athugasemd á spássíu leiðréttir hann mælanda textans sem eftir kemur, en í AM 601 b 4to gefur Jón í skyn að Ölvir mæli einnig næstu orð og segi: „þeir munu vylft meiga bióþa er fyrir ero“, en Árni leiðréttir og skrifar „Skala buinn“ á spássíu. Þetta atriði fer saman við rímurnar í AM 616 d 4to, þar sem skálabúinn mælir svipuð orð og segir í III. rímu, v. 20: „þeyr eiga holdar heilfa fyr, er heyma uoru“ á bl. 4r. Í NKS 1133 fol. koma þessi orð ekki fyrir. Þar eftir tekur Árni enn af allan vafa um mælanda þegar Rauður er spurður að nafni og skeytir framan við „Olver quad“. Í AM 616 d 4to kemur hvergi fram að Ölvir spyrji hann til nafns, en gefið er í skyn að hann biðji Rauð um heiti í NKS 1133 fol.

Á bl. 8r eykur Árni enn við atburðarásina og bætir við: „þeir kindtu nu bal a miþiu golfi síþan lte ölver uppa óxl Sverris oc naþu so rifans sverþi þar þeir hugþu litt ei bita mundu“. Þetta á sér enga hliðstæðu í NKS 1133 fol., en í AM 616 d 4to kemur fram í III. rímu, v. 39–43 að þeir kompánar kynda bál og ná sverði Rauðs þar sem þeirra beit ekki, en það kemur hvergi fram í nú varðveittum rímnahandritum að Ölvir hafi staðið á öxlum Sverris. Þetta atriði á sér því enga hliðstæðu í varðveittum rímnauppskriftum. Að lokum bætir Árni við lýsinguna á tjaldi Randiborgar á bl. 8r og tekur fram að það hafi verið úr silki. Á bl. 8v tilgreinir Árni að það hafi verið hundrað manns sem komu út af borginni og eltu Ölvi og Sverri eftir að Randiborg var

numin á brott.

Á bl. 9r hefur Árni aðeins átt við fyrirsagnir kafla, en á bl. 9v bætir hann inn í ræðu Rígarðs og tekur fram að sá sem beðið hafði Randiborgar áður hafi verið „fjölunnigr“. Á bl. 10r bætir hann einnig við ræðu Ölvis við útlagann Áka og leggur þau orð í munn Ölvis að hann sé „hirþmadr Sveins k(ongs)“. Hann bætir einnig nokkru við bardaga þeirra Ölvis og Áka á bl. 10r, og segir: „nu bärüz fár a Ölvi“, en það á sér ekki hliðstæðu í öðrum varðveittum textavitnum. Einnig bætir hann við atburðarásina meðan á einvígi Ölvis og Áka stendur: „Ölver nefndi nu fólfru sína, oc var hann óngu að nær þa m(ælti) hann komift eg ur þessum nauþum skal ek all dri treifta a foftru mina, helldr á guþ þann er Sveirn k(ong)r truir á. Þegar hann hafdi þetta sagt dro afl ur Aka“. Þetta kemur fram í AM 616 d 4to, VI. rímu, v. 11–13, en er ekki að finna í NKS 1133 fol.

Á bl. 10v bætir Árni við staðarheiti á spássíu, þegar Ölvir fer frá Rígarði greifa með Randiborgu, jafnvel þótt Jón Eggertsson hafi sjálfur sett inn leiðréttingu þar á sama stað og leiðrétt „þadan“ með yfirstrikun og skrifað „Garþariki“ til hliðar á spássíu. Þar bætir Árni um betur og setur „ur Gardariki“ á spássíuna ofan við línu. Hann bætir einnig við nafni dóttur Úlfs af Fjóni, þeirrar konu sem Sverrir kvæntist og segir hana heita „Afu“, sem kemur einnig fyrir í AM 616 d 4to, en ekki í NKS 1133 fol. Að lokum bætir Árni við á bl. 10v að Ölvir hafi orðið lundur maður í stað föður síns eftir heimkomuna til Noregs, sem á sér hliðstæðu við rímnalok í AM 616 d 4to, en kemur hvergi fyrir í NKS 1133 fol.

Af þessu má sjá að Árni Magnússon hefur leiðrétt prósagerðina að því er virðist með hliðsjón af öðru handriti prósagerðarinnar, \*A. Ljóst er að hann hefur ekki leiðrétt eftir AM 616 d 4to, því að stöku sinnum koma fram í athugasemdum hans orð eða upplýsingar sem eiga sér ekki hliðstæðu í varðveittum rímnahandritum eða þá að þeim ber saman við NKS 1133 fol. sem Árni hafði ekki.

#### 4.1.1.2 Málþyrning Jóns Eggertssonar

Hér eftir fer lýsing á stafsetningu og máleinkennum *Bragða-Ölvis sögu* í AM 601 b 4to og er vísað til handritsins þegar dæmi eru tekin sérstaklega. Í handritinu er mikið um styttingar á borð við bönd, líminga og hásteflinga. Málstig prósagerðarinnar fer ekki saman við ritunartíma AM 601 b 4to, en textar *Hrómundar sögu Gripssonar* og *Bragða-Ölvis sögu* bera viss fornleg einkenni sem stafa líkast til af málþyrningu Jóns Eggertssonar. Mörg einkenni eru ærið forn og eru ekki algeng nema í allra elstu textum eða handritum frá 13. öld, á meðan önnur einkenni

verða almenn á 15. öld og enn önnur endurspegla ritunartíma handritsins.

Það verður að teljast hæpið að Jón hafi haft fyrir sér handrit frá 13. öld, þó ekki útilokað, þegar hann skráði sögurnar tvær í AM 601 b 4to, enda rímurnar yngri en það og eldri prósagerð hvergi varðveitt. Það verður því ekki betur séð en að þessi fornlegu einkenni séu frá honum komin og því um málfyrningu að ræða. Þá ber að hafa í huga að Jón var afkastamikill skrifari og skráði m.a. upp handrit frá 13. öld og hefur því ekki verið ókunnugur stafsetningu þess tíma. Þá er einnig vitað til þess að hann hafi reynt að selja Svíum handrit sín og ekki ólíklegt að með því að fyrna stafsetningu uppskrifta sinna gæti hann aukið verðgildi þeirra. Helstu einkenni stafsetningarinnar eru eftirfarandi:

*Sérhljóð:* Gömul löng sérhljóð eru táknuð með misjöfnum hætti og án sérstakrar reglu.

/á/ er í flestum tilvikum táknað með broddi, *á*, en kemur einnig fyrir sem *a* án lengdarmerkingar í nokkuð jöfnum hlutföllum. Verulega dró úr notkun brodda yfir löngum sérhljóðum og tvírtaðir sérhljóðar urðu algengari lengdartáknun á 14. öld.<sup>587</sup>

/é/ er oftast skrifað *ie*, en er jafnframt haft án lengdarmerkingar, *e*, en aldrei með broddi yfir. Tvíhljóðun *é*, með rithættinum *ie* varð smám saman algengari á 14. öld.<sup>588</sup>

/í/ er aldrei táknað með broddi, en er skrifað án lengdarmerkingar sem *i*, eða táknað með *j*, og jafnvel sem *ij*. Táknin *i*, *í* og *j* voru gjarnan notuð fyrir /i/ og /í/ jöfnum höndum á 14. öld.<sup>589</sup> Þá er einnig nokkur ruglingur á /i/ og /ý/, en þar er broddur hafður yfir *y*.

/ó/ er oftast skrifað án lengdarmerkingar, *o*, en kemur þó einnig fyrir með broddi, *ó*. Tvíritun með *oo* á sér ekki stað í handritinu, en slík tvíritun varð algeng á 14. öld, þegar hljóðin /á/, /ó/ og /ú/ voru aðgreind frá samsvarandi stuttum hljóðum.<sup>590</sup>

Broddur er ekki hafður yfir /ú/, sem oftast er skrifað *u* en í tveim tilvikum er *w* notað til að marka lengd: „*frw*“ 10r23 og „*Wlfz*“ 10v8. Þá hendir einnig að /ú/ sé táknað með *v*, sbr. „*vfridr*“, 6v26. Einnig má finna dæmi um að /u/ sé táknað með *v*-i og jafnvel með *eyleturs* *v*-i, *γ*, sbr. „*γnga*“ 6v13. *Eyleturs* *v* er mjög sjaldséð í handritum og er einna helst að finna í allra elstu handritum, rituðum á 12. og 13. öld.<sup>591</sup>

Þó nokkur breytileiki er á hljóðunum /i/, /í/, /ei/ og /y/, /ý/, /ey/, en afkringing þeirra átti sér stað á 15. og 16. öld, og ruglingur skrifara á þeim verður algengur um það leyti.<sup>592</sup>

/æ/ er í flestum tilvikum táknað með *æ*, en stöku sinnum er það skrifað með *ϕ*, „*Bϕpi*“ 6v8, „*fϕpa*“ 6v20, „*Brϕpr*“ 7r9 og 7v1, „*dϕma*“ 7r16, „*frϕklega*“, 8v18, „*frϕgr*“ 10v7. Ritháttur með *æ*

<sup>587</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 49.

<sup>588</sup> Ibid., bls. 49.

<sup>589</sup> Ibid., bls. 49.

<sup>590</sup> Ibid., bls. 49.

<sup>591</sup> Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic script* (Reykjavík: Handritastofnun Íslands, 1965), bls. 22–25.

<sup>592</sup> Aðalsteinn Hákonarson, *Tvíhljóð í íslensku: Um tvíhljóðun og þróun tvíhljóða í íslensku máli til forna*, bls. 26.

varð algengur um 1400.<sup>593</sup>

/ö/ er skrifað á ýmsa vegu, án sýnilegrar reglu, með *au*, líming *a*, *ø* og *o*.

/au/ er ávalt táknað með *au*.

Á undan *ng/nk* er *ei* og *e* skrifað jöfnum höndum. Þá kemur einnig fyrir að *á* með broddi sé ritað á undan *ng/nk* í stað *a*. Stutt sérhljóð á undan *ng/nk* tóku að lengjast um 1300.<sup>594</sup>

Endingasérhljóðar eru misjafnir og koma *-e*, *-i*, *-u* og *-o* jafnhendis fyrir. Í elstu handritum eru sérhljóðarnir *-e* og *-o* nær einráðir, en þegar leið á 13. öldina vék *-o* að mestu fyrir *-u* í endingum.<sup>595</sup>

*Samhljóð*: Löng samhljóð eru oft tvírituð, en jafnframt eru notaðir límingar og hásteflingar. /ð/ er oftast skrifað með *þ*-i, bæði í innstöðu og bakstöðu orða, en það er einnig táknað með *d*. Leturtáknið *þ* í innstöðu og bakstöðu orða kemur aðeins fyrir í elstu handritum, áður en notkun *ð* breiddist út á fyrri hluta 13. aldar. Notkun *ð*-s var skammlíf og snemma tóku rithættir með *d* og *t* við. Stafurinn *þ* varð snemma á 14. öld fátíður í innstöðu og bakstöðu orða og er horfinn úr þeim stöðum með öllu um 1400.<sup>596</sup>

/g/ er oftast táknað á hefðbundinn hátt en í einu tilviki er það ritað með *h*-i, sbr. „fangha“ 7r1, en ritun *gh* fyrir *g* var algeng hjá skrifurum á 13. og 14. öld, þó einkum fyrir önghljóðs *-g*.<sup>597</sup> Þá má einnig finna hástefling, *g*, en hásteflingar voru að mestu horfnir úr skrift á 15. öld.<sup>598</sup>

Langt /k/ er skrifað *ck*, en *c* kemur einnig fyrir í orðum með einföldu *k*-i víða, sér í lagi samtengingunni *oc* og persónufornöfnum á borð við *ec* og *mic*, í bland við *ok*, *ek* og *mik*; en lokhljóðið *k* vék smám saman fyrir *g* upp úr 1300.<sup>599</sup> Þá er *q* víða sett fyrir samstöfu *kv*, samkvæmt latneskri ritreglu, og var almennt fram eftir 13. öld.<sup>600</sup>

/l/ er oftast tvírituð á undan /d/ og /t/ og kemur víða fyrir sem límingur eða „brotið l“, í. Slík táknun var algeng á 12. og 13. öld.<sup>601</sup>

/n/ er víða táknað með hásteflingi, *n*, en sá hásteflingur varð langlífur í ritmáli og var enn í notkun hjá einstaka skrifara á 15. öld.<sup>602</sup>

/p/ kemur fyrir með líming fyrir tvöfalt *p*, *pp*.

/r/ er oftast skrifað á hefðbundinn hátt en víða kemur einnig fyrir *r* með síðlegg, *r*, sem er

<sup>593</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 48.

<sup>594</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, *Ibid.*, bls. 25–26.

<sup>595</sup> *Ibid.*, bls. 49.

<sup>596</sup> *Ibid.*, bls. 50.

<sup>597</sup> *Ibid.*, bls. 53.

<sup>598</sup> *Ibid.*, bls. 55.

<sup>599</sup> *Ibid.*, bls. 30.

<sup>600</sup> *Ibid.*, bls. 51.

<sup>601</sup> Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic script*, bls. 47.

<sup>602</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 55.

fremur sjaldgæft tákni en kemur fyrir í einstaka handritum frá 13. öld. Hljóðið er einnig tvíritað með hásteflingi, *ʀ*, sem varð fátíður í ritmáli um 1400.<sup>603</sup>

/v/ er víða táknað með eyleturs *v-i*, *ʏ*, en það tákni er helst að finna í allra elstu handritum, frá 12. öld og fram á 13. öld.<sup>604</sup>

/x/ er ritað í handritinu, einnig á þeim stöðum þar sem vænta mætti *gs*, sbr. „Norex“ 7r1.

#### *Önnur einkenni í skrift og stafsetningu:*

Mikið er um líminga, svo sem *af*, sem kemur víða fyrir sem límingur *ʞ*; *au* sem er víða táknað með *ʌ* og notað fyrir bæði /au/ og /ö/; *ll* sem kemur oft fyrir sem brotið *l*, *ʟ*; *om* er víða skrifað með líming *oɪ*.<sup>605</sup> Tvíritunin *pp* er víða táknuð með *pp* og *sk* er oft táknað með *ʃ*. Nokkuð ber á notkun hásteflinga, en einungis eru notaðir hásteflingar sem voru langlífir í ritmáli og héldust inni í ritmáli á 14. öld og fram til um 1500, þ.e. hásteflingarnir *g* (*gg*), *n* (*nn*) og *r* (*rr*). Annað fornlegt einkenni sem kemur fyrir í handritinu er rúnin *Maður* sem er notuð til að styttu sama orð, *ʏ*. Kon-stytting, *ɔ*, er einnig víða notuð, t.d. *ɔa* (kona) á bl. 6v, l. 8. Í miðmyndarendingum koma fyrir *-z* og *-st* á víxl og orðmyndir með *-vá* og *-vo* koma fyrir jöfnum höndum.

Þau atriði sem hér hafa verið dregin saman virðast benda ýmist til 13. aldar, 14. aldar eða jafnvel til 15. aldar. Þessi blöndun aldurseinkenna og há tíðni fornra einkenna sem eru fremur sjaldgæf í íslenskum handritum, jafnvel í þeim elstu, svo sem eyleturs-*v* og *r* með síðlegg, skjóta því skökku við. Miðað við áætlaðan aldur söguefnisins verður að teljast afar ólíklegt að Jón hafi haft undir höndum svo gamalt og sérstakt handrit *Bragða-Ölvis sögu* og er líklegasta niðurstaðan sú að þessi fornlegu einkenni í skrift hans séu tilkominn vegna fyrningar hans. Ekki verður betur séð en að Jón hafi í uppskrift sinni reynt að fyrna mál og stafsetningu sína í samræmi við þau fornu handrit sem hann þekkti eða hafði áður skráð eftir.

#### **4.1.2 Holm papp. 67 fol.**

Handritið Holm Papp. 67 fol. er skráð af Jóni Eggertssyni árið 1687, meðan á fangelsisdvöl hans stóð. Handritið er fagurlega skrifað og inniheldur alls 179 blöð, með snotri brotaskrift. Jón nefnir á titilsíðu þess að það sé skráð eftir „gamalli membrana“ í Kaupmannahöfn. Ljóst þykir að hann hafi skrifað fjórar fyrstu sögurnar upp eftir *Vatnshyrnu* – sem nú er glötuð – en ekki er gott að

<sup>603</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 55.

<sup>604</sup> Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic script*, bls. 22–25.

<sup>605</sup> Límingur finnst ekki í Palemonas MUFÍ leturgerð.

segja hvaðan annað efni er fengið.<sup>606</sup>

*Hrómundar saga Gripssonar* og *Bragða-Ölvis saga* standa saman í handritinu. Þar má finna fáeinar athugasemdir á spássíu með hendi Jóns, einna helst persónunöfn og staðarnöfn, líkt og í AM 601 b 4to. Texti handritsins er einnig undirstrikaður sums staðar þegar persónur eru kynntar, eða bein ræða fer fram. Þá eru ekki leiðréttingar og viðbætur á spássíum og hvergi fært inn í texta, hvorki í meginmálið né á spássíu, viðbótin um fóstru Ölvis sem þó er til staðar í AM 601 b 4to. Eyður hafa verið skildar eftir fyrir upphafsstafi og textinn aðeins skrifaður á verso-síður á meðan recto-síður eru auðar, frá og með bl. 92v. Neðst á hverri síðu er að finna griporð með kansellíbrotaskrift Jóns.

Handritið hefur að geyma sagnaefni af ýmsu tagi:

- 1: titilsíða, bl. 1r.
- 2: *Stjörnu-Odda draumur*, bl. 2r–11r.
- 3: *Bergbúa þáttur*, bl. 11v–13r.
- 4: *Kumlbúa þáttur* (Af Þorsteini Þorvarðssyni), bl. 13v–14r.
- 5: *Draumur Þorsteins Síðu-Hallssonar*, bl. 14r–14v.
- 6: *Svarfdæla saga*, bl. 15r–55v.
- 7: *Valla-Ljóts saga*, bl. 56r–71r.
- 8: *Æfintýri af einum bónda og einum fugli*, bl. 71v.
- 9: *Æfintýri af tveimur kaupmönnum*, bl. 72r–73r.
- 10: *Æfintýri um þrjá stallbræður*, bl. 73v.
- 11: *Filippó rímur*, bl. 74r–90v.
- 12: tvær gátur, bl. 90v.
- 13: vísa úr *Eddu*, bl. 91r.
- 14: vísur úr *Grettis sögu*, bl. 91r.
- 15: vísur úr *Gunnlaugs sögu ormstungu*, bl. 91v.
- 16: *Gríms rímur og Hjálmars*, bl. 92v–101v.
- 17: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 102v–116v.
- 18: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 117v–128v.
- 19: *Hákonar þáttur Hárekssonar*, bl. 129v–144v.
- 20: *Þorsteins þáttur forvitna*, bl. 145v–147v.
- 21: *Þorsteins þáttur Austfirðings*, bl. 148v–151v.
- 22: *Þorsteins saga hvíta*, 152v–167v.
- 23: *Albanus saga Vígalldssonar*, bl. 168v–179v.

Aftan við titilsíðu er þess getið að handritið hafi borist til Antikvariats Kollegiet í Stokkhólmi þann 15. október 1687 frá Kaupmannahöfn, en Jón Eggertsson mun hafa sent það til Svíþjóðar. Það er nú varðveitt á Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi.

<sup>606</sup> Sjá Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 80.

*Bragða-Ölvis saga* er skrifuð eftir sama forriti og AM 601 b 4to að því er virðist en ekki leiðrétt eftir öðru handriti. Jón virðist því aðeins hafa haft forritið fyrir sér við skrifin en engin önnur handrit til samanburðar. Handritið er með sömu stafsetningareinkennum og finnst í AM 601 b 4to, en helsti munur handritanna liggur í því að minna er um styttingar í Holm Papp. 67 fol. en í AM 601 b 4to og milli þeirra eru smávægileg lesbrigði sem rekja má til breytinga í afritun, þar á meðal einföldunar. Regina Jucknies, sem rannsakað hefur Jón Eggertsson sérstaklega og skrifaravenjur hans, telur það stafa af því að Jón hafi ætlað sér að falska aldur sögunnar í AM 601 b 4to með því að fyrna mál hennar og fjölga styttingum, en í eftirriti sínu sem tekið var saman fyrir Svía hafi hann síður haft þörf fyrir styttingar og þar með hafi textinn um leið lengst svo Jón hafi getað fengið betur greitt fyrir vinnu sína. Jón hefur því fyrnt stafsetningu sína í báðum handritum til að gera texta sagnanna fornlegri, en í Holm papp. 67 fol. hefur hann færri styttingar til að gera textann læsilegri fyrir Svía:

Außerdem weist alles darauf hin, daß AM 601 b, 4to als Vorlage für die ebenfalls von Jón Eggertsson erstellte Handschrift Holm Pap. 67, fol. diente, in der die Abkürzungen der ersteren Handschrift aufgelöst werden. Diese Erweiterung der Textmenge von der Vorlage zur Kopie hat nicht ausschließlich die Erhöhung der Seitenzahl und damit des Lohns zur Ursache, denn es war eine erklärte Absicht der Kopierarbeit der beim Antiquitätenkollegium angestellten Schreiber, den Zugang zu den Texten für Nicht-Isländer zu ermöglichen, indem sie die Schrift lesbarer machten und dazu auch die Abkürzungen auflösten.<sup>607</sup>

Áður höfðu bæði Andrews og Hooper haldið því fram að Holm Papp. 67 fol. (sem þeir nefna báðir b), sé eftirrit handritsins AM 601 b 4to, og Hooper bætti því einnig við að af þeim handritum sem eru eftirrit AM 601 b 4to, þá standi Holm Papp. 67 fol. því allra næst.<sup>608</sup> Hooper athugaði þó aðeins þrjú handrit í því samhengi, AM 601 b 4to, Holm Papp. 67 fol og AM 395 fol. Ef handrit Jóns Þórðarsonar, Lbs. 222 fol. og BL Add. MS 4859, eru skoðuð ásamt þessum tveim handritum Jóns Eggertssonar má finna í þeim fáein lesbrigði, flest smávægileg. Þó eru nokkur tilvik þar sem bæði handrit Jóns Þórðarsonar og Holm Papp. 67 fol. standa saman með meirihlutalestur, þ.e. eru samhljóma, á mótí AM 601 b 4to eins og sýnt verður fram á síðar. Niðurstaðan hlýtur því að verða sú að ekkert nú varðveitt handrit geti talist vera frumrit prósagerðarinnar sem hin handritin eru svo skráð eftir. Nánar verður fjallað um þetta í kafla 4.1.5 hér á eftir.

---

<sup>607</sup> Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 96. Kapitan tekur undir þá skoðun í doktorsritgerð sinni *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 46.

<sup>608</sup> Andrews, „Studies in the fornaldarsögur Norðrlanda“, bls. 530–531 og Hooper, *Bragða-Ölvis saga and rímur*, bls. iii.

### 4.1.3 Lbs. 222 fol.

Handritið Lbs. 222 fol. var skráð árin 1695–1698 af Jóni Þórðarsyni, fyrir Magnús Jónsson í Vigur og telur 347 blöð. Ártöl eru rituð aftan við flestar sögur þess og hefur Jón sett nafn sitt aftan við margar þeirra með ártali og jafnvel dagsetningu. Aftan við *Sturlaugs sögu starfsama*, á bl. 42v, hefur hann skrifað aftan við nafn sitt „illr skrifari“. Handritið er nokkuð skaddað, bókaormar hafa gert sér mat úr blöðum þess, það hefur verið klippt og skorið ótæpilega til svo spássíur hafa minnkað til muna, jafnt ofan sem neðan til af blöðum. Stundum hefur texti, jafnvel nokkrar línur af texta, horfið með. Pappírinn er nokkuð snjádur og rifinn á stöðum, sem skerðir einnig textann. Að öðru leyti er handritið fagurlega frágengið, með snoturri brotaskrift.

Í handritinu kemur *Bragða-Ölvis saga* næst á eftir *Hrómundar sögu Gripssonar*. Aftan við *Hrómundar sögu Gripssonar* hefur Jón fært inn ártalið 1695. Ekki verður betur séð en að Jón Þórðarson hafi haft fyrir sér sama forrit og Jón Eggertsson hafði af *Bragða-Ölvis sögu*, jafnvel frumrit sögunnar sem nú er glatað, þar sem sum þau sömu fornlegu einkenni er að finna í báðum handritum og sömu styttingar víða. Fornleg einkenni eru þó víðar í handritinu, í nánast öllum sögum, og ekki verður betur séð en að Jón Þórðarson hafi verið vanur að skrifa t.d. *þ* í innstöðu, -*o* endingar og jafnvel orðmyndir með *gh* fyrir *g* og *ea/eo* fyrir *jál/jó*. Þó hefur hann aðlagð stafsetningu að einhverju leyti og leyst töluvert upp úr styttingum við uppskrift sína, auk þess sem hann notar ekki límingsstafi og sjaldan hásteflinga. Hann virðist því fremur notast við eigin stafsetningarvenju fremur en að taka beint upp eftir forriti sínu.

Upphafsstafir eru á stöku stað, en autt pláss er jafnframt skilið eftir sums staðar þar sem gert er ráð fyrir upphafsstaf sem aldrei var þó gerður. Þá hefur Jón einnig skilið eftir auðar síður, bl. 240r–242r og 345r–347r, sem síðar voru fylltar með viðbótum á 18. öld. Eins og handritið er varðveitt í dag ber það nýja titilsíðu fremst sem Brynjólfur Oddsson (1824–1887), bókbindari og fyrrum eigandi handritsins, hefur skrifað.

Handritið er veglegt sögusafn, með ýmsu sagnaefni:

- 1: auðar síður, bl. 1r–1v.
- 2: titilsíða, bl. 2r.
- 3: auð síða, bl. 2v.
- 4: *Klárus saga*, bl. 1r–13r.
- 5: *Haralds saga Hringsbana*, bl. 13v–26r.
- 6: *Sigurðar saga fóts*, bl. 26v–30.
- 7: *Sturlaugs saga starfsama*, 31r–42v.
- 8: *Knýtlinga saga*, 43r–89r.
- 9: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 89v–93r.

- 10: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 93v–96r.
- 11: *Grishildar saga þolinmóðu*, bl. 96v–99v.
- 12: *Galmeys saga riddara*, bl. 100r–175v.
- 13: *Bósa saga og Herrauds*, bl. 176r–195v.
- 14: *Stjörnu-Odda draumur*, bl. 196r–202r.
- 15: *Esópus saga*, bl. 202–214v.
- 16: *Trönu þáttur*, bl. 218r–219r.
- 17: *Siggarðs saga frækna*, bl. 219v–233r.
- 18: *Valdimars saga*, bl. 233v–239.
- 19: *Sendibréf Alexanders mikla*, bl. 240r–242r.
- 20: *Njáls saga*, bl. 243r–345r.
- 21: vísur úr *Njáls sögu*, 345v–347r.

Handritið er varðveitt á Landsbókasafni Íslands í Reykjavík og kom þangað úr safni Jóns Péturssonar (1812–1896), sem einnig hefur ritað nafn sitt og setninguna „ég á nú bókina“, í handritið á viðbættu titilblaði Brynjólfs Oddssonar. Gera má ráð fyrir því að Jón Pétursson hafi keypt handritið af Brynjólfi, að viðgerðum loknum, á seinni hluta 19. aldar. Í handritinu eru fleiri nöfn sem vísa til eigenda þess, en óljóst er hverjir þeir eru með vissu og í hvaða röð þeir eignuðust handritið.

#### 4.1.4 BL Add. MS 4859

Handritið BL Add. MS 4859 er með hendi Jóns Þórðarsonar og var skrifað fyrir Magnús Jónsson í Vigur, eins og sjá má á veglegri tileinkun á forsiðu þess. Það er skrifað árin 1693–1697 og eru ártölin rituð aftan við flestar sögurnar, en sögunum er ekki raðað eftir ártölum í handritinu. Handritið er veglegt, í folio-broti, fagurlega skrifað með brotaskrift og telur 370 blöð. Það er einkar vel varðveitt. Fremst er titilsíða með tileinkun til verkbeiðandans, Magnúsar Jónssonar í Vigur. Titlar sagna og upphafsstafir eru gjarnan skreyttir, griporð eru víða í handritinu og stöku sinnum eru athugasemdir á spássíum.

Í handritinu standa *Hrómundar saga Gripssonar* og *Bragða-Ölvis saga* saman, fremst. Aftan við *Hrómundar sögu Gripssonar* skrifar Jón: „Anno 1695 manudaginn fystann í Gooe manude“ og aftan við *Bragða-Ölvis sögu*: „Endud fama Är og dag sem hin fyrir farande“. Mörg hinna sömu fornlegu einkenna koma fyrir í handritinu sem finna má í öðrum uppskriftum prósagerðarinnar frá 17. öld. Í uppskrift sinni af *Bragða-Ölvis sögu* hefur Jón Þórðarson skotið inn í fyrsta heilræði Sveins konungs „þinn Laanadrottinn“, svo nokkuð víst er að hann hafi þegar lesið söguna áður og jafnvel afritað hana, þá væntanlega í Lbs. 222 fol. sem hann virðist hafa

skráð á undan. Því til stuðnings má benda á orð og hluta setninga sem vantar í BL Add. MS 4859, en eru til staðar í uppskrift Jóns í Lbs. 222 fol.

Handritið geymir ólíkt sagnaefni:

- 1: titilsíða og tileinkun, bl. 1r.
- 2: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 2v–6r.
- 3: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 6v–9v.
- 4: *Valdimars saga*, bl. 10r–14v.
- 5: *Mírmanns saga*, bl. 15r–31v.
- 6: *Ívens saga*, bl. 32r–45v.
- 7: *Parcevals saga*, bl. 46r–60v.
- 8: *Valvers þáttur*, bl. 61r–65v.
- 9: *Erex saga*, bl. 66r–74v.
- 10: *Möttuls saga*, bl. 75r–81r.
- 11: *Virgilius saga*, bl. 81v–91r.
- 12: *Illuga saga Gríðarfóstra*, bl. 91v–94r.
- 13: *Hálfðanar þáttur svarta*, bl. 94v–96r.
- 14: *Göngu-Hrólf's saga*, bl. 96v–118v.
- 15: *Ármanns saga og Þorsteins gála*, bl. 119r–128v.
- 16: *Böðvars þáttur bjarka*, bl. 129r–142r.
- 17: *Sögubáttur af Katillius*, bl. 142v–145v.
- 18: *Hervarar saga og Heiðreks*, bl. 146r–162v.
- 19: *Hákonar saga Hákonarsonar*, bl. 163r–237v.
- 20: auðar síður, bl. 238r–239v.
- 21: *Lykla-Péturs saga og Magelónu fögru*, bl. 240r–264v.
- 22: *Knýtlinga saga*, bl. 265r–312v.
- 23: *Sniðúlfs þáttur*, bl. 313r–313v.
- 24: *Rémundar saga keisarasonar*, bl. 314r–344v.
- 25: *Kirjalax saga*, bl. 345r–366r.
- 26: auð síða, bl. 366v.
- 27: *Sagan af Titó og Gesippó*, bl. 367r–370v.

Aftan við *Erex sögu*, á bl. 74v, er eftirfarandi klausa:

Hier næst æ að fkrifaft sagan af samföni fagra. En med þui hun er ædurfeinginn og innskrifud æ adrar sögubækur virdulegs höfðingia Magnusar Jonssonar er hun hier undanfelld og briaft hier þui mottuls þættur. Huor næft epttir hana epttir riettle setningu Artuskappa sagna standa a. Eg meina og þessum

sögum fylgia Eiga Vicgoli sögu er mier riect skileft hefur, er hun og Adur feingen og af uirdulegum  
M.J.S. ur dönsku utlogd.<sup>609</sup>

Út frá þessari klausu má álykta að Jón Þórðarson hafi almennt reynt að endurskrifa ekki þær sögur sem verkbeiðandi hans, Magnús Jónsson í Vigur, átti fyrir í bókum sínum. Það mun þó ekki alltaf hafa verið svo, því að vissulega eru varðveitt handrit úr eigu Magnúsar Jónssonar þar sem hægt er að finna önnur afrit þessara sagna, eins og Lbs. 222 fol. ber vitni um, en þar má einnig finna uppskriftir *Hrómundar sögu Gripssonar*, *Bragða-Ölvis sögu*, *Knýtlinga sögu* og *Valdimars sögu*. Einnig eru dæmi um að Magnús hafi átt einstaka sögur í þríriti og það gildi um *Bragða-Ölvis sögu*, en hana var einnig að finna í sögubók úr eigu Magnúsar í fjórblöðungsbroti, sem geymdi uppskriftir *Hrómundar sögu Gripssonar* ásamt *Bragða-Ölvis sögu*, en það handrit er nú glatað.<sup>610</sup> Þetta gæti bent til þess að *Bragða-Ölvis saga*, og um leið *Hrómundar saga Gripssonar*, hafi þótt áhugaverðar að einhverju leyti eða að Magnús Jónsson í Vigur hafi haft sérstakar mætur á þeim.

Handritið er varðveitt á Þjóðarbókasafni Bretlands, British Library, í London, Englandi og tilheyrir safni Josephs Banks, *Banks Collection vol. III*. Handritasafnarinn og náttúrufræðingurinn Joseph Banks mun hafa fengið handritið að gjöf á árunum 1772–1779, og gefið það áfram til British Library árið 1782, þegar hann gaf bókasafninu allt safn sitt. Svo virðist sem handritið hafi gengið manna á millum fyrir þann tíma meðal afkomenda Magnúsar, þar sem handritið er að finna í skrám yfir bækur í eigu Páls Vídalín (1667–1727), sem kvæntur var Þorbjörgu, dóttur Magnúsar. Það er einnig að finna í skrám yfir bækur í eigu Bjarna Halldórssonar (1703–1773) en hann var kvæntur Hólmsfríði, dóttur Páls og Þorbjargar.<sup>611</sup> Ekki er vitað með hvaða hætti Banks eignaðist handritið, en líklegast fékk hann það í Íslandsferð sinni árið 1772, jafnvel frá Bjarna Halldóssyni beint, eða með milligöngu Bjarna Pálssonar (1719–1779), yfirlæknis á Nesi sem sendi Banks bækur til Englands.<sup>612</sup>

---

<sup>609</sup> BL Add. MS 4859, bl. 74v.

<sup>610</sup> Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur: AM 148 8vo*, bls. 12–13. Í handritinu voru *Hrómundar saga Gripssonar* og *Bragða-Ölvis saga* fremstar, ásamt mörgum þeirra sagna sem eru nú varðveittar í BL Add. MS 4859 og Lbs. 222 fol.

<sup>611</sup> Jón Helgason, „Bækur og handrit á tveimur húnvetnskum höfuðbólum á 18du öld“, *Árbók Landsbókasafns Íslands*, 9. árg (1983), bls. 17 og 35; Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 40–41.

<sup>612</sup> Teresa Dröfn F. Njarðvík, *Gorms saga gamla og Þorkels saga aðalfara: Tilfærsla og þróun fram til 1900*, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2016, bls. 9 og Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 41.

#### 4.1.5 Lesbrigðaskrá 17. aldar handrita

Í eftirfarandi lesbrigðaskrá er texti AM 601 b 4to notaður sem viðmiðunartexti. Leitast verður við að sýna fram á að þótt handritið sé *codex optimus*, geti það ekki talist frumrit *Bragða-Ólvis sögu*. Vísað er í blaðsíðutal og línutal útgefins texta eftir AM 601 b 4to sem birtur er í viðauka, en vísað er í blaðatöl handrita fyrir lesbrigði. Sú lesbrigðaskrá sem hér er tekin saman sýnir sterk lesbrigði (en. *major variants*) og afritunarlesbrigði (en. *minor variants*). Þau byggjast á samheitum, merkingarbærum orðamun, orðaröð, viðbættum greini sem og breytingum orðmynda og tíða. Tilbrigði í stafsetningu eru ekki tekin með. Í lesbrigðaskránni er lesháttur AM 601 b 4to framan við hornklofa og leshættir samanburðarhandrita aftan við hornklofa. Auðkenni þeirra eru hér stýtt sbr. 67, 222 og 4859. Í skránni táknað + viðbót en ÷ að leshátt vantar.

**394.** 2. Sögu] Söguna 67 117v; 4. er] ÷ 67 117v; 5. Danmörk] Danmórku 67 117v; 6. milli] millum 67 117v, 4859 6v, 222 93v; 6. háðu] Haufdu 4859 6v, 222 93v; 7–8. við þessa sögu sialfr] sialfur við þessa sögu 67 117v; 8. noreg] norege 67 117v; 10. gáto] attu 222 93v; 10. á] í 67 117v; 10. er] sem 67 117v; 10. óx] vox 67 117v, 4859 6v, 222 93v; 10. upp] + og 67 117v, 222 93v; 13. qvonfángz] kuonfang 67 117v; 13. quad ] + þat 67 117v; 13. eigi] ei 67 117v; 13. skip oc menn] ö.r. 67 117v; 14. frýþa] priþa 4859 6v; 19. qvinna] kona 4859 6v; 19. eigi] ej 67 118v; 19. eigi] ei at 4859 6v; 23. eigi] ei 67 118v, 4859 6v.

**395.** 3. *sua var*] oc *var fua* 222 93v; 3. *veftr*] Austr 4859 6v, 222 93v; 3. *bægþuft*] báruft 67 118v; 4. þar] vantar í 67 118v; 4. þeirra] ÷ 67 118v; 4. *utan*] nema 222 93v; 5. *menn hanz*] ö.r. 4859 6v, 222 93v; 6. *litip*] at lyta 67 118v; 6. *mannz*] menn 67 118v, 4859 6v; 7. *fengu*] ÷ 67 119v; 5. *æ*] ÷ 67 119v; 8. *suo*] + *ap* 67 119v; 8. *þui*] þeffu 4859 7r, 222 94r; 9. *Ecki*] ei 4859 7r; 9. *haufuþ*] Haufudit 4859 7r, 222 94r; 9. *hann*] + og 4859 7r; 13. *varþ*] var 67 119v, 4859 7r, 222 94r; 13. *er*] oc 4859 7r, 222 94r; 14. *er*] +hann 67 119v, 222 94r; 14. *fólnom*] daiþom 4859 7r; 15. *þan*] þat 4859 7r; 15. *er*] sem 67 119v; 15. *var*] + ydar 67 119v; 15. *a mic*] at mier 67 119v; 16. *eigi*] ei 67 119v; 17. *haufuþ*] haufit 67 119v; 17. *ek*] ÷ 222 94r; 17. *fyrir ap*] þuiat 4859 7r; 19.

vegnir] drepner 67 119v; 19. Sanleyk] sanleiþka 67 119v; 22. lýfi] + þjnu 67 119v; 22. þu fkal] og fkal]tu 67 120v; 24. á] ÷ 67 120v.

**396.** 1. einn knqr] ö.r. 67 120v; 2. hann] kongur 67 120v; 2. hiet Suerrer] ö.r. 67 120v; 3. heýlrad] Heilręþi 4859 7r, 222 94r; 3. firft þier] ö.r. 67 120v; 3. a½drei] + þinn Lanardrottinn 4859 7r; 4. forgfulaN] ÷ 4859 7r; 5. fkalto eigi glepia] glep eie 67 120v; 6. brott] i burto 67 120v; 9. greiþa] Beina 67 120v; 10. norþr] Auftr 4859 7v, 222 94r; 15. pýfaþ] tilvysad 67 121v; 15. honum] + þeir 67 121v; 17. JN] þeir inni syþan 222 94v; 17. nockru] nokcut 4859 7v; 17–18. stýgiþ faft] ö.r. 4859 7v; 19. er] sem 67 121v; 20. huert] huad 67 121v, 4859 7v, 222 94v; 22. eigi] ei 67 121v; 22. eþr] nie 4859 7v, 222 94v; 22. eigi] ei 67 121v; 23. koft] vift 67 121v.

**397.** 1. reckio] + Enn 67 121v; 2. þann] + er 222 94v; 3. eigi] ej 67 121v; 6. fuerþiþ] + og 67 121v; 6. sier] + þá 67 121v; 7. hiarta] Hiartanu 4859 7v, 222 94v; 7. vit faft] ö.r. 67 122v; 8. eigi] ei 67 122v; 8. ek fkal] og skal eg 67 122v; 9. eigi] ei 67 122v; 10. fkalto] fkal þu 67 122v; 11. imeftri] i ftorri 4859 7v; 11. eigi] ei 67 122v; 12. Raþ] + sydan 67 122v; 12–13. upp á E½di] til Øfko 67 122v; 15. Skála Raþs] skálanum og 67 122v; 15. Raþs] + oc 222 94v; 15. fagra] ÷ 67 122v; 16. eigi] ei 67 122v; 17. þeffum] þui 67 122v; 17. JN] ÷ 67 122v; 17. tia½dit] + Hann 67 122v; 17. frýþa] priiþa 4859 8r, 222 94v; 19. eigi] ei 67 122v; 21. ho½uni] Borgenne 67 122v; 21. skógie] skögenum 67 122v; 22. eina hier] hier alleina 67 122v; 22. eigi] ei 67 122v; 23. Burt] brott 4859 8r, 222 95r; 24. þui eigi kuýþa] ei kuyda þui 67 123v; 25. eigi] ei 67 123v; 25. aþ] ÷ 67 123v.

**398.** 1. `hafdi' h½t fin vilia med heni [haft] ] hafþi med henne vilia med henni driigt 222 95r; 1. su] hun 67 123v; 1. h½þi] + haft 67 123v; 3. eigi] ei 67 123v; 4. hirþa] + oc 4859 8r, 222 95r; 4. Burt] brott 4859 8r; 25. 5. fýna] fýnum 67 123v, 4859 8r, 222 95r; 8. fra sier] firer sig 67 123v;

8. hæþi] + ädur 67 123v; 10. klauf] tök 67 123v; 10. kroppin] bvken 67 123v; 10. þar eptir] sydan 67 123v; 11. mannz] + oc 4859 8r, 222 95r; 12. aþ hialpa æ 0lum truþkap] af 0llum tru fkap at hialpa 222 95r; 12. 0lver] + kompan minum 67 123v; 13. fáu] fätt 67 123v; 13. var] Vard 67 124v; 16. láta] ÷ 67 124v; 20–21. pæna oc unga] ö.r. 67 124v; 22. eigi] ei 67 124v; 23. er] fem 67 124v; 23. kvino] kono 4859 8v; 23. pina] + sagde hann 67 124v.

**399.** 2. heyrþi] hafde heijrt 67 124v; 3. er] sem 67 124v; 4. geta unit] kunna vinna 67 124v; 4. sott] söttarfare 67 124v; 4. kono] kvinno 67 124v; 4. þui] þar firer 67 124v; 5. hæi glept] Hefde glepet 67 125v; 5. leyftr] + og 67 125v; 5. oc] ÷ 67 125v; 5. hann] + suo 67 125v; 6. kom] + hann 67 125v; 6. þangat] þar 67 125v; 6. varþ hon liettari] fædde hun 67 125v; 7. þóckuþu] + honum 67 125v; 7. þóckuþu] + honum þetta 222 95v; 7. eigi] ei 67 125v; 8. vetrarvift] vetur vift 67 125v; 9. alver] + og 67 125v; 10. þui] + at 222 95r; 10. nu] at 222 95v; 11. suývirþingar] + og 67 125v; 11. þángaþ] þar 67 125v; 14. kueþz] kvad 67 125v; 14. þetta] þad 67 125v; 15. eigi] ei 67 125v; 15. hieþan æ um þetta] ö.r. 222 95v; 15. mýn] þetta 222 95v; 17. mannz] manna 222 95v; 19. Brvþkaup] Brullaup 4859 8v, 222 95v; 21. hieþan æ] ÷ 222 95v; 22. kuna aþ] ÷ 4859 9r; 23. anarar] ÷ 4859 9r, 222 95v; 24. hættu ftora] ö.r. 4859 9r.

**400.** 2. eigi] ei 67 126v; 2. Ok] So 4859 9r; 3. ek vil] ÷ 4859 9r; 3. fiálfr ganga] ö.r. 4859 9r; 6. geingo] komu 4859 9r; 7. vc] xv 67 126v; 7. mannz] manna 222 96r; 6. 9. fra] af 67 126v; 9. vard] + sem 67 126v, 4859 9r, 222 96r; 10. þar] þa 4859 9r; 10. ín0c fuipan] Haurd svipan, oc snogg 4859 9r; 12. gangr] + Þá 67 127v; 12. alver] + i 67 127v; 13. iv] v 4859 9r, 222 96r; 13. ä] + menn 67 127v; 15. Jarn] + enn 67 127v; 16. fva bvit] suovit 67 127v; 16. má] mon 4859 9r; 16. eigi] ei 67 127v, 4859 9r; 16. bitu] bijtha 4859 9r, 222 96r; 17. faft] + so 67 127v; 18. æ] upp 67 127v; 18. fólk] + nu 67 127v; 18. fólk] folked 4859 9r, 222 96r; 18. eigi] ei 67 127v; 21.

hárlzliði] hárlzliðnum 67 127v; 21–22. aler upp áka menn] ö.r. 67 127v; 22. feingu þeir] ö.r. 67 127v; 22. hiełt] hiełldu 222 96r; 23. eigi] ei 67 127v.

**401.** 1. liufu fam þicki hennar] ö.r. 67 127v; 2. Brudkaup] Brullaup 4859 9v, 222 96r; 4. þadan [Garþariki] \ur Gardariki] þadan 67 128v, 4859 9v, 222 96v; 5. getr eigi af þeirra ferþom] greiner eij umm þeirra ferder 67 128v; 5. eigi] ei 4859 9v; 5. en hann kom] þeir koma 67 128v; 5. en] + hann 4859 9v; 6. hugþi] hafði 67 128v; 6. fagnar k(on)gr nu] ö.r. 67 128v; 8. þeirri ferþ] ferd þefzare 67 128v; 11. kildiz vit hann] fkilduft þeir 67 128v; 11. blýþo] + Þeir Ölver 67 128v; 11. gæ] + þeim 67 128v; 11. vit] i 67 128v; 12. kipun] skipit 67 128v; 12. hann] + sijþan 67 128v; 14. hier] + med 222 96v.

#### 4.1.5.1 Greining lesbrigða

Þegar þessi lesbrigði eru tekin til athugunar má sjá að öll handritin eru náskyld. Lesbrigðin eru flest smávægileg, og gefa ekki tilefni til að greina textavitni 17. aldar í gerðir. Lesbrigðum má skipta upp í tvo flokka: sterk lesbrigði (en. *major variants*), sem líklegri eru til að berist með uppskrift frá forriti til eftirrits, og minniháttar lesbrigði (en. *minor variants*), sem líklegt er að komi til vegna afritunar skrifara og berast sjaldnast milli forrits og eftirrits.<sup>613</sup> Hvor flokkur fyrir sig greinist svo í undirflokkum:<sup>614</sup>

##### 1. Sterk lesbrigði

- Brottfall, viðbót eða skipti á nafnorðum, sbr. veftr] Austr.
- Brottfall, viðbót eða skipti á sagnorðum, sbr. hápu] Haufdu.
- Brottfall, viðbót eða skipti á lýsingarorðum, sbr. imeftri] i ftorri.

<sup>613</sup> Þessi flokkun byggir á skiptingu Kapitan, „A choice of relationship-revealing variants for a cladistic analysis of old Norse texts: Some methodological considerations“, *Digital humanities symposium proceedings*, 2017. Sjá einnig Greg, *The calculus of variants, an essay on textual criticism* (Oxford: Clarendon Press 1927) og „The rationale of copy-text“, *Studies in bibliography*, 3. hefti (1950), bls. 19–36; Robinson, „Computer assisted stemmatic-analysis and „best-text“ historical editing“, *Studies in stemmatology* (Amsterdam: John Benjamins Publishing Company, 1996). Um flokkun lesbrigða má einnig lesa hjá Ólafi Halldórssyni, *Mattheus saga postula* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1994), bls. lxxxiv–xcii og Wilson, *Scribes and scholars: A guide to the transmission of Greek and Latin literature* (Oxford: Clarendon Press, 1991), bls. 222–233.

<sup>614</sup> Sjá Kapitan, „A choice of relationship-revealing variants for a cladistic analysis of old Norse texts: Some methodological considerations“. Dæmi eru fengin úr lesbrigðaskrá *Bragða-Ölvis sögu*.

- Brottfall, viðbót eða skipti á setningum og setningahlutum, sbr. *varþiz* a1 frøklega.

EN huort fín er hann] vantar.

- Sjónræn lesbrigði, sbr. þrýþa] þrijþa.

## 2. Minniháttar lesbrigði

- Tala nafnorða og sagnorða, sbr. hie1t] hie1ldu.

- Tíðir sagnorða, sbr. eN kom] þeir koma.

- Staða, brottfall, viðbót eða skipti á forsetningum, lýsingarorðum og samtengingum, sbr. *sua var*] oc *var* fua.

- Málfræðileg tilbrigði, sbr. þui] þeffu.

- Víxlun, sbr. *vid þessa sögu sialfr*] sialfur, *vid þefza sögu*.

- Töluorð, sbr. vc] xv.

Lesbrigði í textavitnum 17. aldar eru að mestu leyti minniháttar lesbrigði, sem líkleg eru til þess að rata inn í uppskriftir texta frá skrifara heldur en forriti. Við greiningu á skyldleika handrita almennt er þó oftast fremur einblínt á sterk lesbrigði, sem meiri líkur eru á að komi frá forriti og eru líkleg til þess að varpa ljósi á tengsl handrita. Einnig er lítið til tvígreinandi lesbrigða (en. *type-two variants*) sem eru minniháttar lesbrigði sem þó greinast milli tveggja kvísla á skyldleikatré (en. *stemma*) handrita.<sup>615</sup> Þar sem lítið er um sterk lesbrigði milli textavitna *Bragða-Ölvis sögu* frá 17. öld er hér á eftir fremur einblínt á meirihluta lestur, þ.e. tvígreinandi lesbrigði auk sterka lesbrigða þar sem þau þó koma fyrir.

Þegar lítið er til sterkra lesbrigða og tvígreinandi lesbrigða sem mynda meirihluta lestur má draga upp lýsandi mynd af skyldleika handrita *Bragða-Ölvis sögu* á 17. öld. Þeim mætti gróflega skipta upp í tvær kvíslir, sem endurspeglar einnig skrifara þeirra: kvísl Jóns Eggertssonar, AM 601 b 4to og Holm Papp. 67 fol., og kvísl Jóns Þórðarsonar, Lbs 222 fol. og BL Add. MS 4859.

Lesbrigði milli AM 601 b 4to og Holm Papp. 67 fol. bera það með sér að vera flest til komin vegna afritunar, svo sem þegar orðaröð er víxlað, smáorð falla úr textanum eða er bætt inn í og greini er skeytt aftan við orð. Í sumum tilvikum hefur orðum verið skipt út fyrir samheiti, hugsanlega til að einfalda textann. AM 601 b 4to, Lbs. 222 fol. og BL Add. MS 4859 standa nær hvert öðru, á meðan Holm. Papp. 67 fol. felur í sér fleiri lesbrigði og stendur fjær. Ástæða þessa

<sup>615</sup> Sjá Greg, „The rationale of copy-text“, bls. 19–36 og Kapitan, „A choice of relationship-revealing variants for a cladistic analysis of Old Norse texts: Some methodological considerations“.

gæti verið sú að Holm. Papp. 67 fol. var ætlað Svíum og mál þar einfaldað um leið og leyst var úr styttingum. Í 23 tilvikum ber Holm Papp. 67 fol. einstök sterk lesbrigði og stendur þá á mótí öðrum 17. aldar textavitnum. Handritið sker sig því frá heildarmyndinni og var ekki afritað svo vitað sé, væntanlega þar sem það var svo snemma komið í hendur Svía.

Lesbrigði milli AM 601 b 4to og Lbs. 222 fol. eru flest smávægileg og eru til komin vegna afritunar, þar sem smáorðum er breytt með notkun samheita, sleppt eða bætt við, orðum er víxlað og leyst úr böndum með öðrum hætti eða greini skeytt við. Í tvö skipti hefur orði verið skipt út fyrir samheiti. Á einum stað, á bl. 95r, virðist Jón Þórðarson hafa breytt setningu verulega, en setningin er bjöguð með endurtekningu svo úr verður lesbrigði: „*fa hafði med henne vilia med henni drijgt*“. Þá virðist sem hann hafi lagfært texta handritsins í nokkrum tilvikum, til dæmis þegar kemur að áttavísunum með því að breyta „*vefr*“ og „*norþr*“ í „*Austr*“, sem samræmist ekki texta rímnahandritanna. Þetta gæti líka verið komið af ólíkum skilningi þeirra Jóns Eggertssonar og Jóns Þórðarssonar á örnefninu „*Görþum*“. Jón Eggertsson hefur skilið staðarheitið sem svo að það lægi í Danmörku, en Jón Þórðarson hefur reiknað með að hér væri vísað til Garðaríkis og því lagfært áttavísanir til samræmis við það. Breyting vestur og norður í austur mætti skýra með betri landafræðilegri þekkingu, þar sem Hólmgarðar liggja réttilega í austur, en hvorki í vestur né norður miðað við ferðalög Ölvis. Líklegast hefur Jón lagfært þetta með hliðsjón af landafræðiþekkingu og vitnisburði annarra sagna sem eiga sér stað á svipuðum slóðum. Jón Eggertsson hafði vestur og norður leshætti sem samræmdist skilningi hans að um Garða í Danmörku væri að ræða, en ekki Garðaríki. Í alls þremur tilvikum er Lbs 222 fol. með lesbrigði sem ekki er að finna í öðrum textavitnum 17. aldar. Þá vantar í tveim tilvikum leshátt í Lbs 222 fol. sem eru til staðar í öllum öðrum textavitnum. Ef tvígreinandi lesbrigði eru tekin með bætist við einn lesháttur sem vantar í handritið, en er að finna í öllum öðrum textavitnum.

Handritum Jóns Þórðarssonar, Lbs. 222 fol. og BL Add. MS 4859 ber saman um nokkur lesbrigði, sem má rekja til afritunar í flestum tilvikum, þar sem víxlun orða hefur átt sér stað, smáorð hafa fallið brott eða verið bætt inn í og á stöku stað er orðum skipt út fyrir samheiti, og gætu þau tilvik endurspeglad málvenju. Þó eru þrjú tilvik sérstaklega athyglisverð; vestur og norður er breytt í austur og iv. álnir verða v. álnir í uppskriftum Jóns Þórðarssonar. Hins vegar er ekki auðséð hvers vegna hann breytir iv. álnum í v. álnir, en hugsanlega má rekja það til mislesturs. Í alls átta tilvikum standa uppskriftir Jóns Þórðarssonar á mótí uppskriftum Jóns Eggertssonar. Ef tvígreinandi lesbrigði eru tekin með verða tilvikin alls tíu. Líta má á öll þessi dæmi sem lagfæringar af hendi Jóns Þórðarssonar, eins og í þeim dæmum sem nú þegar hafa verið rakin. Líklegast er að uppskriftir Jóns Þórðarssonar séu skráðar eftir sama frumriti og Jón

Eggertsson hafði en að hann hafi um leið lagfært uppskriftir sínar lítillega.

Handritið BL Add. MS 4859 hefur örlítið fleiri lesbrigði en Lbs. 222 fol. og þar má einnig sjá dæmi um að línur eða hluti af línu hafi fallið burt, væntanlega vegna mislesturs. Þá hefur Jón Þórðarson einnig skeytt inn í heilræði Sveins konungs: „þinn lánadrotinn“ og bendir það til þess að hann hafi áður lesið eða skráð söguna upp og þekkt til atburðarásarinnar og ákveðið að draga þetta atriði fram með viðbót sinni. Það er greinilegt að Jón hafi ekki notað uppskrift sína í Lbs. 222 fol. þegar hann skráði BL Add. MS 4859, því þau eru ekki með öllu samhljóma um sterk lesbrigði þótt bæði handrit feli í sér ákveðin sameiginleg lesbrigði. Í tíu tilvikum er BL Add. MS 4859 með lesbrigði sem ekki er að finna í öðrum textavitnum, þar með eina viðbót. Af þessu má einnig sjá lagfæringar Jóns Þórðarsonar á textanum. Þá vantar fimm leshætti í BL Add. MS 4859 sem eru allir til staðar í öðrum handritum, þar af þrír setningahlutar. Ef tvígreinandi lesbrigði eru tekin með vantar alls sex.

Einstaka sinnum standa handritin BL Add. MS 4859, Lbs. 222 fol. og Holm Papp. 67 fol saman með meirihlutalestur á móti AM 601 b 4to, og virðast þau því benda til þess að glatað forrit standi þeim öllum að baki. Þá mætti sérstaklega benda á lesbrigðið „þaðan“ sem í AM 601 b 4to er yfirsrikað og leiðrétt í Garðaríki, en það gefur sterklega til kynna að glatað forrit liggi þar að baki, því leshátturinn er tekinn upp í hinum handritunum, en leiðréttingin ekki. Ef AM 601 b 4to væri réttilega frumrit *Bragða-Ölvis sögu* og hin handritin skráð eftir því, mætti ætla að þessi leiðrétting hefði verið tekin með í meginmál, sér í lagi þar sem hún er tvítekin; Jón Eggertsson sjálfur hefur leiðrétt þar „Garðaríki“ en Árni Magnússon „úr Garðaríki“. Þá eru athugasemdir og leiðréttingar Árna ekki heldur teknar með í öðrum 17. aldar handritum. Það bendir því allt til þess að öll handritin séu skráð eftir einu og sama forritinu, sem nú er glatað. Því til stuðnings má benda á leiðréttingar á spássíum AM 601 b 4to sem gefa til kynna að þar hafi Jón verið að skrá eftir uppskrift, hugsanlega frumritinu. Þau atriði sem leiðrétt eru á spássíum AM 601 b 4to eru höfð með í meginmáli hinna handritanna, og eru þau því líkast til öll skráð eftir frumritinu. Í tveim tilvikum deila öll textavitnin leshætti á móti AM 601 b 4to, og ef tvígreinandi lesbrigði eru tekin með þá deila öll textavitnin alls fimm lesháttum á móti AM 601 b 4to. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að textavitni 17. aldar séu ekki skráð eftir AM 601 b 4to, heldur nú glötuðu forriti sem þó hefur staðið því afar nærri.

Til að draga niðurstöður samanburðarins betur saman verða hér tekin fáein dæmi. AM 601 b 4to getur ekki verið forrit hinna þriggja textavitna 17. aldar þar sem þau deila bæði sterkum og minniháttar lesbrigðum í meirihlutalestri (en. *majority reading*) gegn AM 601 b 4to:

**601] 67, 222, 4859**

varþ] var

Garþariki] þadan

milli] millum

óx] vox

Lesbrigðin benda til þess að handrit Jóns Þórðarsonar geta ekki verið komin beint frá handritum Jóns Eggertssonar. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir sameiginlegu forriti og að flest lesbrigði megi rekja til lagfæringar Jóns Þórðarsonar á textanum:

**601, 67] 222, 4859**

háþu] haufdu

veftr] Austur

heilrad] Heilrępi

norþr] Austur

þrýþa] þrijþa

Burt] brott

Brupkaup] Brullaup

eþr] nie

iv] v

Handrit Jóns Þórðarsonar eru ekki skráð hvort eftir öðru, heldur hvort um sig eftir forritinu. Lbs. 222 fol. getur ekki verið forrit BL Add. MS 4859:

**222] 4859**

attu] gáto

vantar] ek

fa hafpi med henne vilia med henni drijgt] hafdi sinn vilia med henne haft  
vantar] hieþan af

Að sama skapi þá getur BL Add. MS 4859 ekki verið forrit Lbs. 222 fol.:

#### 4859] 222

+ madr] kuongaþr

prijþa] þrýþa

kona] qvinna

daþom] follnum

berþi] færþi

+ þinn Lánardrottinn] alldrei

i storri] i mestri

kono] kvino

vantar] kunna aþ

vantar] annarar

komo] geingu

haurd svipan oc snogg] snögg svipan

vantar] ek vil

#### 4.1.6 Uppruni prósagerðarinnar

Eins og sýnt hefur verið fram á er AM 601 b 4to ekki frumrit prósagerðarinnar, heldur afrit eftir nú glötuðu frumriti. Ljóst er að uppskriftin hefur staðið mjög nærri frumritinu. Andrews og Hooper höfðu báðir talið að AM 601 b 4to væri frumrit prósagerðarinnar, bæði í tilviki *Hrómundar sögu Gripssonar* og *Bragða-Ölvis sögu*, en hvorugur þeirra hafði upplýsingar um skrifara handritsins, Jón Eggertsson. Niðurstaða þeirra um AM 601 b 4to sem frumrit stenst heldur ekki ef öll 17. aldar handritin eru borin saman, en Andrews og Hooper tóku ekki tillit til þeirra allra í umfjöllun sinni. Andrews nefnir hvorki Lbs. 222 fol. né BL Add. MS 4859 í sinni umfjöllun. Hooper nefnir heldur ekki Lbs. 222 fol. en taldi að BL Add. MS 4859 bæri engin merk lesbrigði svo ekki er að sjá að hann hafi skoðað það sérstaklega, því eins og kemur fram í umfjölluninni hér að framan eru þar vissulega áhugaverð lesbrigði.<sup>616</sup> Bæði handritin standa að

<sup>616</sup> Hooper, „Bragða-Ölvis saga“, bls. 42.

vísu mjög nærri AM 601 b 4to, en það er ekki fyrr en með nákvæmum samanburði að ljóst verður að gera þurfi ráð fyrir öðru og nú glötuðu frumriti *Bragða-Ölvis sögu*. Allir þræðir prósagerðarinnar á 17. öld liggja til þessa frumrits.

Í doktorsritgerð sinni kemst Katarzyna Kapitan að þeirri niðurstöðu að Jón Eggertsson sé höfundur *Hrómundar sögu Gripssonar* og telur að líklegt sé að hann beri einnig ábyrgð á prósagerð *Bragða-Ölvis sögu*:

In this context it is worth observing that there are other texts in Jón Eggertson's manuscripts which are rímur-based narratives and it would be worth exploring whether Jón could be the author of at least some of them. One of the obvious candidates would be *Bragða-Ölvis saga* as preserved in A601 and P67 but also *Áns saga bogsveigis* as preserved in Papp. 4to nr. 2, written also in Jón's hand.<sup>617</sup>

Hún bendir einnig á að textahefð *Hrómundar sögu Gripssonar*, og þar mætti bæta við *Bragða-Ölvis sögu*, einkennist framan af af umhverfi elítunnar, lærðra manna og áhrifum fornmenntastefnu, á tíma þegar Danir og Svíar kepptust um að safna fornsögum sem tengdust þessum tveim þjóðum og því vel hugsanlegt að uppruna prósagerðanna sé að finna í því samhengi:

Therefore it cannot be excluded that Jón Eggertsson, who is known to have collaborated with Thomas Bartholin and Árni Magnússon during his time in Copenhagen, decided to satisfy contemporary need and provide a prose redaction of the story of *Hrómundur*.<sup>618</sup>

Jóni Eggertssyni hafði áður verið teft fram sem eiginlegum höfundi *Hrómundar sögu Gripssonar*, eins og hún er nú varðveitt í prósagerð.<sup>619</sup> Árni Magnússon gekk jafnvel svo langt að kalla söguna hreina fölsun af hendi Jóns: „*impostura, enim est, Jons Eggertsonar*“.<sup>620</sup> Líklegra er þó að Jón hafi snúið rímunum yfir í prósagerð í anda þeirrar endursköpunarhefðar sem greinanleg er í bókmenntahefð Íslendinga, þar sem rímunum var snúið yfir í prósa og prósanum svo aftur yfir í nýja rímnasmíð. Hugsanlegt er að prósagerðin hafi orðið til þar sem miðaldasagan sem lá rímunum að baki var glötuð, en það sama á við um aðrar prósagerðir sem byggðar eru á rímunum eins og *Hrómundar sögu Gripssonar* og *Úlfhams sögu*. Slíkar prósagerðir ber fremur að líta á sem hluta af lifandi bókmenntahefð sem einkenndist af endursköpun en falsanir.

Að sömu niðurstöðu kemst Regina Jucknies, sem telur Jón Eggertsson vera höfund bæði

<sup>617</sup> Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 55.

<sup>618</sup> Ibid., bls. 56.

<sup>619</sup> Sjá m.a. Faulkes, *Magnúsarkver* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1993), bls. 133; Bjarni Einarsson, „Om Jón Eggertsson, Antikvitetskollegiets Islandske agent: Et trehundretsårminde“, *Gardar*, 15. árg. (1984), bls. 18; Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 93–96 og Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 27, 53–55.

<sup>620</sup> Jón Helgason, „Athuganir Árna Magnússonar um fornsögur“, *Gripla IV* (1980), bls. 41 og Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 94.

*Hrómundar sögu Gripssonar* og *Áns sögu bogsveigis* í prósagerð, þar sem hann hafi sett sögurnar saman eftir rímunum. *Áns saga bogsveigis* er til í tveim gerðum, sem báðar tengjast Jóni. Eldri gerð sögunnar er í handritum frá 15. öld, og var skrifuð upp af Jóni í handritinu Holm papp. 60, fol. Önnur yngri gerð sögunnar mun vera höfundarverk Jóns, eftir rímunum, en þar er efni sem ekki finnst í eldri prósagerðinni. Þessi yngri prósagerð Jóns Eggertssonar er varðveitt í handritinu Holm papp. 2 4to, en það handrit minnir að vissu leyti á AM 601 b 4to. Holm papp. 2 4to er skrifað á Íslandi, í Íslandsferð Jóns árin 1682–1683, og á endurunninn pappír eða gömul sendibréf – líkt og AM 601 b 4to.<sup>621</sup> Í sama handriti er einnig að finna þýðingu *Áns sögu bogsveigis*, í prósagerð Jóns, yfir á latínu. Það er því vitað að Jón tók sér einnig fyrir hendur að skrifa upp sögur í Íslandsferð sinni og notaðist þá við endurunninn pappír vegna pappírsskorts. Því er ekki ólíklegt að AM 601 b 4to sé í raun skrifað á Íslandi, en ekki á fangelsisárum Jóns í Kaupmannahöfn. Jucknies bendir sömuleiðis á að handrit eldri prósagerðar *Áns sögu bogsveigis*, þ.e. Holm papp. 60 fol, sé skrifað í fangelsinu í Kaupmannahöfn og það beri með sér að hann hafi þar ekki skort pappír. Væntanlega hefur Holm papp. 67 fol. einnig verið skrifað um það leyti þar sem það er komið til Svíþjóðar árið 1687, sama ár og Jón losnaði úr þrúundinni. Það er ekki að sjá að Jón hafi skort pappír í fangelsinu, ekki frekar en sögur til afrita og annað sem hann þurfti á að halda. Vitað er að fangelsið á Hestemøllerstræde var tiltölulega vel búið og að fangar hafi notið þar vissra fríðinda, miðað við það sem tíðkaðist í öðrum fangelsum:

Die Zellen für die einsitzenden Schuldner besserer Herkunft darf man sich nicht als finsteres Verließ vorstellen, denn die Insassen hatten sogar die Möglichkeit, Besuch zu empfangen oder spazieren zu gehen, und es wird berichtet, daß die Insassen sich die Zeit mit Punsch, Kartenspiel und anderer Kurzweil vertrieben.<sup>622</sup>

Jón Eggertsson skorti hins vegar fé á meðan hann sat í þrúund og vissi að hann gat unnið sér það inn hjá Svíum í skiptum fyrir uppskriftir.<sup>623</sup> Hann afritaði þó nokkuð efni á þeim árum sem hann sat í fangelsi í Kaupmannahöfn, en á þeim tíma skráði hann ýmsar sögur niður sem hann vonaðist til að geta selt utan til Svíþjóðar, enda hafði hann safnað upp skuldum árin áður sem og meðan á fangelsisdvölinni stóð.<sup>624</sup> Framan af skráði hann sögur eftir miðaldahandritum og virðist hafa haft gott aðgengi að handritum í fangelsinu. Síðar varð hann uppiskroppa með efni til uppskrifta og tók upp á því m.a. að þýða alþýðlegar sögur og ævintýri úr dönsku yfir á íslensku.<sup>625</sup> Þá gegndi hann því þríþætta hlutverki að vera jafnframt dyggur afritari miðaldasagna

<sup>621</sup> Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 81–82.

<sup>622</sup> Ibid., bls. 52.

<sup>623</sup> Bjarni Einarsson: *Om Jón Eggertsson*, bls. 14–15.

<sup>624</sup> Ibid., bls. 14–15.

<sup>625</sup> Ibid., bls. 14–15.

og skapandi skrifari auk þess að vera þýðandi.

Þar sem Jón virðist ekki hafa skort pappír til skrifta meðan á fangelsisdvölinni stóð, hlýtur það að teljast líklegra að AM 601 b 4to, líkt og Holm papp. 2 4to, sé skrifað á endurunninn pappír í Íslandsferð hans á árunum 1682–1683. Eftir stendur þá spurningin um það hvort ganga megi út frá því að Jón sé höfundur prósagerðarinnar *Bragða-Ölvis sögu*, eins og raunin er með *Hrómundar sögu Gripssonar* og yngri gerð *Áns sögu bogssveigis*? Jucknies taldi nokkur líkindi á því að Jón væri höfundur *Bragða-Ölvis sögu*: „Jón Eggertssons Handschrift ist die älteste erhaltene, und es steht zu vermuten, daß er der Autor dieser Prosafassung war“.<sup>626</sup> Þó virðist hún ekki alveg sannfærð, því hún telur *Bragða-Ölvis sögu* ekki upp á meðal höfundarverka Jóns þrátt fyrir þennan grun.<sup>627</sup>

Af því sem nú hefur þegar komið fram má álykta sem svo að Jón hafi skrifað *Bragða-Ölvis sögu* á Íslandi á árunum 1682–1683 eftir forriti sem nú er glatað. Lesbrigði í varðveittum handritum frá 17. öld benda eindregið til þess að AM 601 b 4to sé hvorki frumrit *Bragða-Ölvis sögu* né *Hrómundar sögu Gripssonar*. Í klausu aftan við *Hrómundar sögu Gripssonar* í AM 601 b 4to skrifar Jón: „Sw Saga Sem þetta war Effter skriffad, ward naumlega lesenn...“, og hefur klausan verið túlkuð sem tilraun Jóns til að fyrna sögunna og vísa þar með máli sínu til stuðnings í eldra handrit.<sup>628</sup> Þó má einnig vera, eins og Jucknies hefur bent á, að klausan sé ekki með öllu röng og að Jón hafi verið að vísa í rímnahandritið, sem myndi útskýra hve torlesin sagan var: „Der Schreiber bzw. Verfasser der Hrómundar saga hätte allerdings nur insofern gelogen, als die schlecht lesbare Vorlage nicht die Saga, sondern die Rímur enthielt“.<sup>629</sup> Í athugasemdum Árna Magnússonar á spássíum AM 601 b 4to kemur skýrt fram að efnið er „Utdreiged ur Rímunum“ og aftan við þessa klausu Jóns á bl. 6r um illlæsilegu söguna hefur Árni skrifað hreint út að það sé lygi ein: „mendacium est“.<sup>630</sup> Það er því mögulegt að Jón hafi átt við söguna í rímnaformi. Þá, eins og bent hefur verið á, verður ekki betur séð en að hann hafi virkilega skrifað eftir forriti, þótt það megi teljast hæpið að það forrit hafi verið gamalt, en hugsanlega engu að síður illlæsilegt. Hvernig sem í því liggur er óþarfi að draga fullyrðingu hans í efa.

Andrews athugaði fullyrðingu Jóns sérstaklega, sér í lagi þar sem Árni Magnússon hélt því fram að klausa hans um illlæsilegt forrit væri lygi ein, og vísaði einnig til kollega síns Eugene Kölbing sem taldi hana trúlega í *Beiträge zur vergleichenden geschichte der romantischen*

---

<sup>626</sup> Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 95.

<sup>627</sup> Ibid., bls. 189–192.

<sup>628</sup> Faulkes, *Magnúsarkver*, bls. 133 og Jón Helgason, *Gamall kveðskapur: Íslenzk rit síðari alda*, 7. bindi (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1979), bls. 175–176.

<sup>629</sup> Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 94.

<sup>630</sup> Ibid., bls. 94.

*poesie und prosa des mittelalters* frá árinu 1896.<sup>631</sup> Andrews bar því saman texta rímnanna, þ.e. *Griplna*, við prósagerðina og eftir þá athugun tók hann undir með Árna Magnússyni og taldi að báðar sögurnar í AM 601 b 4to væru vissulega komnar frá rímunum en ekki eldri uppskrift prósagerðanna:

On the other hand, it is to be remembered that this MS (e) contains only one other saga, of which it appears also to be the original, and that this other saga is pretty certainly the paraphrase of the corresponding rimur. Can the “saga” in the supplement refer to the rimur (Griplur)? Or can we assume a paraphrase of earlier date, of which e is a poor copy? Against this supposition is only to be said that there is no other evidence of such and that mistakes of a mere copyist (apart from the names) cannot be demonstrated in e.<sup>632</sup>

Í þessu samhengi bendir Jucknies á handritið Holm Papp. 2 4to sem inniheldur *Áns sögu bogsvægis*, sem Jón á einnig að hafa samið eftir samnefndum rímum, en þar virðist hann fyrna stafsetningu sína og letur, líkt og hann gerir í AM 601 b 4to og Holm Papp. 67 fol.: „Dort macht Jón ebenfalls den Versuch, möglichst archaisierend zu schreiben, d.h. mit vielen Abkürzungen und altertümlichen Buchstabenformen“.<sup>633</sup> Þessi sömu fornlegu einkenni finnast í AM 601 b 4to og Holm Papp. 67 fol, og gætu þau sem best verið komin frá Jóni sjálfum.<sup>634</sup> Í Holm Papp. 67 fol. eru þó færri styttingar en í AM 601 b 4to, og textinn aðlagður og mál einfaldað, en það er líklegast vegna þess að það handrit átti að nýtast öðrum en Íslendingum til aflestrar.<sup>635</sup>

Víst er að *Bragða-Ölvis saga* í uppskrift, líklegast þá forritið sjálft, hefur á einhverjum tímamarki verið aðgengilegt Magnúsi Jónssyni í Vigur, sem fékk skrifara sínum Jóni Þórðarsyni söguna til uppskriftar. Hugsanlega hefur Árni Magnússon sent Magnúsi eintak eða þá öfugt, að Magnús Jónsson í Vigur hafi sent Árna eintak. Ómögulegt er að segja til um hvort líklegra er. Í bréfi sem Árni sendi Magnúsi þann 25. maí 1691, kemur fram að Árni hafi sent honum nokkrar sögur og söguþætti, og um leið beðið Magnús um að útvega sér aðrar: „og i sannleika hafa þær sögur er eg idar vinsemd sendt hefi kostad mig meir enn þier kannskie trua kinnud... Elskulege vin, nu i sumar bid eg idur til þacka ad taka þessa hier innlagda söguþætte...“.<sup>636</sup> Eins og áður hefur komið fram er vitað til þess að Magnús

<sup>631</sup> Andrews, „Studies in the fornaldarsögur Norðrlanda“, bls. 527–544. Sjá einnig Kölbing, *Beiträge zur vergleichenden geschichte der romantischen poesie und prosa des mittelalters* (Breslau: W. Köbner, 1876), bls. 160 og 181.

<sup>632</sup> Andrews, „Studies in the fornaldarsögur Norðrlanda“, bls. 533.

<sup>633</sup> Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 95.

<sup>634</sup> Ibid., bls. 95.

<sup>635</sup> Ibid., bls. 96.

<sup>636</sup> *Arne Magnussons private brevvæxling*, útg. Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat (Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel, 1920), bls. 242.

hafi átt uppskrift af *Bragða-Ölvis sögu* í fjórðungsbroti sem ekki hefur varðveist, og ekki er vitað hver skrifari hennar var.

Miðað við þær heimildir og vísbendingar sem fyrir liggja um uppruna prósagerðar *Bragða-Ölvis sögu* standa nokkrir möguleikar til boða hvað „höfund“ prósagerðarinnar varðar. Annars vegar sá möguleiki að Jón Eggertsson beri ábyrgð á prósagerðinni, líkt og raunin er með *Áns sögu bogsveigis* og *Hrómundar sögu Gripssonar*. Þá verður að gera ráð fyrir því að Jón hafi snúið sögunni yfir í prósa í Íslandsferð sinni og í þeirri ferð sinni heimsótt Magnús Jónsson í Vigur og fengið honum eintak sögunnar. Þetta er í sjálfu sér ekki ólíklegra en annað, en í handritum úr eigu Magnúsar Jónssonar í Vigur er að finna uppskriftir af *Hrómundar sögu Gripssonar* og *Áns sögu bogsveigis*.

Í skýrslu sinni um Íslandsferðina má lesa milli lína að Jón Eggertsson hafi vissulega farið að finna Magnús Jónsson í Vigur. Hann nefnir Magnús ekki á nafn, en hann segist hafa farið til Ísafjarðarsýslu<sup>637</sup> og á lista hans yfir keypt handrit er að finna handrit úr eigu Magnúsar Jónssonar í Vigur, þ.e. Holm papp. 16 4to<sup>638</sup> sem er enn varðveitt á Konunglegu bókhöðunni í Stokkhólmi. Þar með er ljóst að Jón og Magnús hafi hist í þessari Íslandsferð Jóns, en þeir voru líka náfrændur, þremmenningar, og eðlilegt að Jón hafi sótt frænda sinn heim til að kaupa af honum bækur í ferð sinni. Jón hefur keypt í hið minnsta eitt handrit hjá Magnúsi og mögulega fleiri. Það má t.d. ekki útiloka að glataða rímnahandritið, \*JE 27 4to, hafi hann sömuleiðis fengið hjá Magnúsi. Magnús var mikill kvæðamaður, og skrifaði sjálfur og lét skrifa fyrir sig kvæði, sbr. Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo) og rímnasafnið AM Acc. 22. Þá var hann líka náskyldur Eggerti Björnssyni, sem *Skotlands rímur* voru ortar fyrir, og ekki ólíklegt að Magnús hafi því eignast eintak af þeim rímum hjá náfrænda sínum. *Skotlands rímur* eru nú aðeins varðveittar í einu öðru handriti, AM 146 a 8vo, sem skrifað er af Jóni Finnssyni á fyrri hluta 17. aldar, þ.e. á sama tíma og rímurnar voru ortar og virðast því aldrei hafa náð vinsældum eða útbreiðslu. Hins vegar er það ekkert ólíklegt að Magnús, sem hafði dálæti á hverskyns kveðskap, hafi falast eftir rímunum hjá frænda sínum.

Annar möguleiki í þessari framvindu er sá að Magnús Jónsson í Vigur sjálfur, en ekki Jón Eggertsson, hafi tekið sér fyrir hendur að snúa efni *Ölvis rímna sterka* yfir í prósa. Vitað er að Magnús lét ekki aðeins skrifa upp fyrir sig sögur, heldur þýddi hann sömuleiðis

---

<sup>637</sup> Klemming, *Ur en antecknar samlingar*, bls. 34.

<sup>638</sup> Í skýrslu Jóns talið upp sem 15. handritið í fjórðungsbroti, Klemming, *Ur en antecknar samlingar*, bls. 37. Sjá einnig Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur*, bls. 8.

sjálfur sögur úr dönsku og þýsku eins og *Gorms saga gamla*<sup>639</sup> og *Ævintýr af einum brögðóttum millumanni*<sup>640</sup> eru dæmi um. Hann hefur líka snúið efni rímna yfir í prósagerð, eins og AM 601 c 4to ber vott um, en þar er að finna *Þóris sögu háleggs* í prósagerð eftir samnefndum rímum. Árni Magnússon bað sérstaklega um efni þeirra rímna og hefur með eigin hendi skrifað á fylgiseðil að það muni vera „Excerpte Magno Jonæ de Vigur“ eða útdráttur Magnúsar Jónssonar í Vigur. Það sama handrit endaði í samsettu handriti Árna Magnússonar, AM 601 4to, með *Bragða-Ölvis sögu*, *Úlfhams sögu* og fleirum – eins og áður var nefnt.

Hér hafa verið settir fram tveir álitlegir möguleikar og erfitt að sjá á milli hver líklegri er. Bæði Jón og Magnús eru þekktir fyrir að setja saman prósafrásagnir eftir rímum og úr fórum þeirra beggja liggja tvenn handrit *Bragða-Ölvis sögu* frá 17. öld. Ekkert handrit *Bragða-Ölvis sögu* er varðveitt, utan þau sem koma frá þessum tveim mönnum. Þeir þekktust, voru náfrændur, hittust og skiptust á bókum þegar Jón var á Íslandi og báðir voru þeir í samskiptum við Árna Magnússon.

Þá má heldur ekki líta fram hjá þeim möguleika að einhver enn annar beri ábyrgð á prósagerð *Bragða-Ölvis sögu*, en sá hinn sami hlýtur þá að hafa verið tengdur Magnúsi Jónssyni í Vigur. Magnús byrjaði snemma að safna sögum og handritum og er oft verkbeiðandi. Hann biður um að ákveðnar sögur séu skrifaðar í handrit, svo skrifarar hans hafa sömuleiðis sett saman sögur að hans beiðni, en ekki bara hann sjálfur.<sup>641</sup> Það er athyglisvert að í AM Acc. 22 er fjöldi rímna sem einnig eru til í prósagerð frá seinni hluta 17. aldar, sem einnig voru skrifaðar upp í bókum Magnúsar og væri það vert verkefni að athuga hvort einhverjar þeirra gætu sömuleiðis verið gerðar eftir rímunum að beiðni Magnúsar.<sup>642</sup>

Það má vart á milli sjá hvor þeirra, Jón Eggertsson eða Magnús Jónsson í Vigur, hefur staðið að baki því að snúa *Ölvis rímum sterka* yfir í prósa. Hugsanlega getur stílmæling skýrt uppruna prósagerðarinnar að einhverju leyti. Séu textar þeirra sagna sem vitanlega eiga uppruna sinn hjá


<sup>639</sup> Teresa Dröfn F. Njarðvík, „Gorms saga gamla“, væntanleg.

<sup>640</sup> Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur*, bls. 8–9.

<sup>641</sup> Jón Helgason, *Kvæðabók úr Vigur*, bls. 7–14. Einnig McDonald, *Icelandic scribes project – Scribal networks in 17th century Iceland: The patronage of Magnús Jónsson í Vigur*, janúar 2025, <https://icelandicscribesproject.com/>

<sup>642</sup> Þarna á meðal eru *Áns rímur bogsveigis* (AM Acc. 22) og *Áns saga bogsveigis* (Lbs. 272 fol), *Griplur* (AM Acc. 22) og *Hrómundar saga Gripssonar* (BL Add. MS 4859; Lbs. 222 fol), *Dínus rímur* (AM Acc. 22) og *Dínus saga drambláta* (LS 27fol), *Haralds rímur Hringsbana* (AM Acc. 22) og *Haralds saga Hringsbana* (Lbs. 222 fol), *Viktors rímur ok Blávus* (AM Acc. 22) og *Viktors saga ok Blávus* (JS 27 fol; Holm papp. 16 4to; AM 125 8vo). Ef gert er ráð fyrir að rímnahandritið \*JE 27 4to hafi einnig komið frá Magnúsi, sem er líklegt, bætast þar við *Ölvis rímur sterka* (\*JE 27 4to) og *Bragða-Ölvis saga* (BL Add. MS 4859; Lbs. 222 fol), *Rémundar rímur* (\*JE 27 4to) og *Rémundar saga keisarasonar* (BL Add. MS 4859; JS 27 fol; Holm papp. 16 4to; AM 125 8vo) og *Vilhjálmss rímur Sjóðs* (\*JE 27 4to) og *Vilhjálmss saga Sjóðs* (JS 27 fol).

öðrum hvorum bornir saman við *Bragða-Ölvis sögu* kemur í ljós áhugavert mynstur. Í stílmælingu, með orðmengjafræðilegri rannsókn (en. *Lexomic analysis*), raðast *Hrómundar saga Gripssonar* og *Áns saga bogsveigis* saman á kvísl, enda báðar skrifaðar af Jóni Eggertssyni. Sömuleiðis raðast *Póris saga háleggs* og *Gorms saga gamla* saman á kvísl, en báðar eru skrifaðar af Magnúsi Jónssyni í Vigur. *Bragða-Ölvis saga*, aftur á móti, einangrast í stílmælingu, á sér kvísl. Það bendir til þess að sagan eigi sér annan uppruna, þ.e. sé hvorki höfundarverk Jóns né Magnúsar.



Það er þó engu að síður rökrétt, þrátt fyrir niðurstöðu stílmælingarinnar, að líta á uppruna *Bragða-Ölvis sögu* sem einskonar afurð tengda bæði Magnúsi og Jóni. Að öllum líkindum hefur sagan í prósagerð orðið til að beiðni Magnúsar Jónssonar í Vigur og líklegt er að einhver skrifara hans hafi snúið rímunum yfir í prósa. Hugsanlega hefur rímnahandritið \*JE 27 4to verið grunnur þeirrar prósagerðar, því hana má ekki rekja til þeirra rímnahandrita sem nú eru varðveitt. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að einhver skrifara Magnúsar, líkast til að beiðni hans, hefur snúið efni rímnanna í prósa. Þar eftir hefur Jón Eggertsson sótt Magnús heim og keypt af honum handrit. Hann hlýtur þá einnig að hafa bæði skrifað upp *Bragða-Ölvis sögu* eftir forriti hennar, sem og látið Magnúsi prósagerðir *Hrómundar sögu Gripssonar* og *Áns sögu bogsveigis* í té. Magnús Jónsson í Vigur hefur svo fengið skrifara sinn Jón Þórðarson til þess að afrita *Bragða-Ölvis sögu* í tvenn folio-handrit árið 1695. *Bragða-Ölvis saga* í fjórðungsbroti, sem var í eigu Magnúsar, er ekki varðveitt og ekki er vitað hver skrifaði hana eða hvenær. Það er hugsanlegt að þetta sama handrit hafi verið frumrit sögunnar, og að það hafi snemma borist til Kaupmannahafnar. Þegar Jón Eggertsson skrifar upp *Bragða-Ölvis sögu* í Holm papp. 67 fol., á fangelsisárum sínum 1684–1687, bendir allt til þess að hann hafi skráð það eftir sama forriti og hann skrifaði AM 601 b 4to eftir. Hann getur þó hvergi um handrit *Bragða-Ölvis sögu* í skýrslu sinni yfir keypt handrit í Íslandsferð sinni, svo hann virðist ekki hafa haft það meðferðis utan.

Það er þó mögulegt að Árni Magnússon hafi fengið þetta handrit og það svo seinna glatast, t.d. í Kaupmannahafnarbrunnum árið 1728.

*Bragða-Ölvis saga* mun hafa verið til skrifuð á Íslandi á árunum 1682 til 1683. Á lista sem Jón Eggertsson skrifar aftan við skýrslu sína um Íslandsferðina, sem skrifaður er snemma árið 1684, er að finna „Sagna Registor Epter Alphabeth Jfer þær Historíur sem J Íslandi hefur verid ad finna“ en á því registri eru bæði *Bragða-Ölvis saga* og *Hrómundar saga Gripssonar* taldar upp.<sup>643</sup> Hugsanlega mun það hafa verið AM 601b 4to, ef gert er ráð fyrir því að handritið hafi orðið eftir á Íslandi. Listinn virðist vera upptalning þess efnis sem Jón og aðstoðarmenn hans fundu og/eða vissu að væri til í landinu. Jucknies bendir á að þar séu merkilega margar almúgasögur, eða þýðingar á íslensku úr þýskum og dönskum alþýðubókum (þýs. Volksbücher). Það virðist passa vel við bókasafn Magnúsar Jónssonar í Vigur, sem ekki aðeins átti stórt safn slíkra sagna heldur þýddi þó nokkrar sjálfur. Listinn virðist því endurspegla það efni sem Jón og aðstoðarmenn hans fundu í handritum eða vissu að væru til á Íslandi, þótt þeir hafi ekki fengið þau keypt eða skrifað það upp.

Að öllu þessu upptöldu liggur beinast við að álykta að *Bragða-Ölvis saga*, sem og fáeinar aðrar sögur, hafi orðið til í prósagerð í tengslum við söfnunar- og fræðastarfsemi Magnúsar Jónssonar í Vigur. Einhver, líklegast einn af skrifurum Magnúsar, hefur snúið *Ölvis rínum sterka* yfir í prósagerð og skömmu eftir það hefur Jón Eggertsson skrifað hana upp.

## 4.2 Yngri textavitni *Bragða-Ölvis sögu*

Yngri textavitni *Bragða-Ölvis sögu* eru ýmist skráð eftir glötuðu forriti \*A<sub>1</sub>, eða eftir uppskriftum Jóns Þórðarsonar og handriti \*B sem hefur verið náskylt uppskriftum hans. Þær eru með öðrum orðum þá allar komnar frá frumritinu \*X í gegnum millilið. Sumar yngri uppskriftir taka upp viðbót Jóns Eggertssonar um fóstruna og hljóta að hafa þar forritið \*A<sub>1</sub> fyrir sér, eitt handrit, Lbs. 1940 4to, inniheldur texta skyldan athugasemdum og viðbótum Árna Magnússonar af spássíum AM 601 b 4to og hlýtur að vera komið frá hinu glataða handriti \*A, og enn aðrar halda breytingum Jóns Þórðarsonar á textanum. Öll handritin fela í sér sömu gerð sögunnar, með smávægilegum lesbrigðum. Í aðeins einu handriti, Lbs. 1503 4to, sem er jafnframt yngsta handrit sögunnar, skrifað af Magnúsi Jónssyni í Tjaldanesi, hafa verið gerðar verulegar breytingar á texta og atburðarás sögunnar, og mætti skilgreina uppskrift hans sem aukið tilbrigði af *Bragða-Ölvis sögu*.

---

<sup>643</sup> Holm U 89, Kungliga bibliotek Stokkhólmi. Registor þetta er birt í viðauka hjá Jucknies, *Der horizont eines schreibers*, bls. 296–303.

#### 4.2.1 Lbs. 840 4to

Handritið Lbs. 840 4to er pappírshandrit, skrifað að mestu með einni hendi, en skrifari þess er óþekktur. Það telur 334 blöð og er illa varðveitt. Skorið hefur verið af spássíum og blöðin eru dökkleit og götótt, svo sums staðar er texti þess skertur eða illlæsilegur. Auð innskotsblöð eru á milli sumra sagna handritsins, þar sem vantað hefur texta í það. Væntanlega var það gert til að fylla inn í textana síðar, þegar forrit gæfist – en það var aldrei gert. Upphaf eða niðurlag vantar á sumar sögur og einnig eru innskotsblöð inni í sögum, til að merkja eyður innan sagna. Samkvæmt titilsíðu var handritið skrifað á Skarði á Skarðsströnd árið 1737 fyrir Bjarna Pétursson (1681–1768) sýslumann sem þar bjó. Titilsíðan er svo endurtekin á bl. 2r, af óljósum ástæðum en blöð 1v og 2v eru skilin eftir auð. Titilsíðurnar báðar bera titilinn:

„Frödlegr sagnafiesjödur Innehalldande Velmargar afbragðsvænar Historíur, sem skýra frá frægd og framaverkum Jflendfkra Kappa samt Utlendra Könga, Hertoga og Jalla, fräbærum hreystiverkum, Kynðugum Klökendum, er þeir med Furdulegre Snilld og furdulegu äræde framed hafa, eftir þeim Æfe-Elldftu og Ordriettuftu Bökum sem tilfeingilt hafa samanndregnar og uppkrifadar þeim til skiemmtunar er lefa og heyra gyrnaft“.

Af þessu má sjá að val sagnanna hefur einkum ráðist af skemmtanagildi þeirra. Þá er orðalagið líkt þeim titlum sem finnast víða í handritum Magnúsar Jónssonar í Vigur.<sup>644</sup> Leshættir sýna sömuleiðis að handritið sé skrifað eftir uppskrift úr eigu Magnúsar, sbr. lesháttinn austur.

Í handritinu standa *Hrómundar saga Gripssonar* og *Bragða-Ölvis saga* saman, en þar má finna blandað sagnaefni, svo sem Íslendinga-, riddara- og fornaldarsögur:

- 1: titilsíða, 1r.
- 2: auð síða, 1v.
- 3: titilsíða, 2r.
- 4: auð síða, 2v.
- 5: *Fóstbræðra saga*, bl. 3–39v, eyða innan, bl. 24r–25v.
- 6: auðar síður, 40r–40v.
- 7: *Harðar saga*, bl. 41r–54v.
- 8: *Heiðarvíga saga*, bl. 55r–70v.
- 9: auðar síður, bl. 71r–71v.
- 10: *Bjarnar saga Hitdælakappa*, bl. 72r–106r, eyða innan, bl. 84v.
- 11: skýringar við *Hallmundarvísur*, bl. 106r–106v.
- 12: *Ölkofra þáttur*, bl. 107r–111r.

---

<sup>644</sup> Sjá t.d. titla fyrir BL Add. MS 4857, BL Add. MS 4859, BL Add. MS 4865, BL Add. MS 4868, BL Add. MS 4869, JS 43 4to.

- 13: *Bergþúá þáttur*, bl. 111r–112v.
- 14: *Rémundar saga keisarasonar*, bl. 113r–156r.
- 15. auð síða, bl. 156v.
- 16: *Helenu saga*, bl. 157r–182v.
- 17: *Jarlmanns saga og Hermanns*, bl. 183r–200r.
- 18: *Viktors saga og Blávus*, bl. 200r–210v.
- 19: *Ectors saga*, bl. 211r–249r, eyða innan, bl. 216r–218v.
- 20: *Eiríks saga víðförla*, bl. 249r–254r, eyða innan, bl. 251r–251v.
- 21: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 254r–260r, eyða innan, bl. 259r–259v.
- 22: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 260r–264v.
- 23: *Sigurðar saga fóts*, bl. 264v–271r.
- 24: *Hákonar þáttur Hárekssonar*, bl. 271r–277r.
- 25: *Sörla þáttur*, bl. 277r–283r.
- 26: *Úlfs saga Uggasonar*, bl. 283r–292r.
- 27: *Guimars saga*, bl. 292r–299v.
- 28: *Jóns saga leikara*, bl. 299v–304v, eyða innan, bl. 300r–300v.
- 29: *Partalópa saga*, bl. 304v–317r.
- 30: *Ála flekks saga*, bl. 317r–324v.
- 31: *Hálfðanar saga Brönufóstra*, bl. 324v–334r.
- 32: efnisyfirlit, bl. 334v.

Handritið er varðveitt á Landsbókasafni Íslands í Reykjavík en tilheyrði áður, líkt og Lbs. 222 fol., safni Jóns Péturssonar. Landsbókasafn keypti handritið úr dánarbúi hans árið 1898. Í handritinu má einnig finna nöfn tveggja fyrrum eigenda: Skúla Magnússonar (1711–1794), landsfógeta í Viðey og Magnúsar Ketilssonar (1732–1803), sýslumanns í Búðardal á Skarðströnd. Móðir Magnúsar, Guðrún Magnúsdóttir, var systir Skúla og hugsanlega hefur Skúli fengið handritið frá Bjarna sýslumanni á Skarði og gefið eða selt frænda sínum Magnúsi sýslumanni það síðar meir.

#### 4.2.2 Lbs. 633 fol.

Lbs. 633 fol. er stórt og mikið handrit sem telur 567 blöð. Handritið var skráð fyrir Lauritz Gottrup (1648–1721), lögmann norðan og vestan, á Þingeyrum, V-Húnavatnssýslu, vafalaust á árunum 1695–1721.<sup>645</sup> Á því eru ýmsar hendur og ekki er vitað hverjir skráðu það. Samkvæmt álímingi í handritinu mun Kár Ólafsson (1740–1804), bóndi að Munaðarnesi, hafa bundið bókina

<sup>645</sup> Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, nmgr. 39, bls. 93, 94 og Slay, „Hitherto unused manuscripts of Hrólf Saga Kraka“, *Opuscula IV* (1970), bls. 261 og *Mírmanns saga*, Editiones Arnarnæ, A17 (Kaupmannahöfn: Reitzel, 1997), bls. lxii.

inn að nýju árið 1781 en þar lætur hann þess getið að móðurfrænda hans, Þorbjörn Bjarnason, hafi gefið honum handritið árið 1740.<sup>646</sup>

Handritið er í alskinnsbandi og sæmilega varðveitt. Skorið hefur verið af spássíum, svo texti hefur skaddast að einhverju leyti. Ný titilsíða ásamt efnisyfirliti frá 19. öld eru nú fremst í handritinu. Þar næst eru álímingar með hendi Kárs bónda. Á nýrri titilsíðu er því haldið fram að handritið hafi verið að nýju innbundið árið MDCCLX, eða 1760, sem samræmist ekki upplýsingum Kárs. Titlar sagna og upphafsstafir eru skreyttir og gríðarstórir sums staðar, ná jafnvel yfir hálf blað, en meginmál sagna er skrifað með fljótaskrift. Sögurnar hefjast ávallt á recto-síðum, svo verso-síður eru skildar eftir auðar við skil sagna. Uppskrift *Bragða-Ölvis sögu* er gerð eftir handriti komnu frá Magnúsi í Vigur, eins og m.a. má sjá af leshættinum „Auftr“.

Í handritinu er samtíningur sagna:

- 1: *Viga-Glúms saga*, bl. 1r–24v.
- 2: *Reykðæla saga*, bl. 25r–51r.
- 3: *Finnboga saga ramma*, bl. 52r–75v.
- 4: *Kormáks saga*, bl. 76r–91v.
- 5: *Grettis saga*, bl. 92r–168r.
- 6: auð síða, bl. 168v.
- 7: *Bárðar saga Snæfellsáss*, bl. 169r–190r.
- 8: auð síða, bl. 190v.
- 9: *Gísla saga Súrssonar*, bl. 191r–214r.
- 10: auð síða, bl. 214v.
- 11: *Hávarðar saga Ísfirðings*, bl. 215r–227r.
- 12: auð síða, bl. 227v.
- 13: *Odds þáttur Ófeigssonar*, bl. 228r–241v.
- 14: *Kjalnesinga saga*, bl. 242r–250v.
- 15: *Jökuls þáttur Búasonar*, bl. 251r–253v.
- 16: *Ármanns saga og Þorsteins gála*, bl. 254r–265v.
- 17: *Ketils saga hængs*, bl. 266r–270v.
- 18: *Gríms saga loðinkinna*, bl. 271r–274v.
- 19: *Örvar-Ödds saga*, 275r–319v.
- 20: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 320r–323v.
- 21: *Áns saga bogsveigis*, bl. 324r–335v.
- 22: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 336r–339v.
- 23: *Mírmanns saga*, bl. 340r–359v.

---

<sup>646</sup> Ártalið er óljóst og þar gæti átt að standa 1750. Þorbjörn Bjarnason er væntanlega frá Síðumúla. Faðir Kárs, Ólafur Jónsson, bjó hjá Þorbirni um skeið og kvæntist síðar fösturdóttur Þorbjarnar. Þorbjörn var barnlaus, og ekki óhugsandi að hann hafi látið Ólafi og afkomendum hans eftir eignir sínar. Sjá Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Greipssonar*, bls. 94–95 og Aðalstein Halldórsson et al., *Borgfirzkar æviskrár*, XII. bindi (Akranes: Sögufélag Borgarfjarðar, 2003), bls. 163.

- 24: *Kirjalax saga*, bl. 360r–386v.
- 25: *Hálfðanar saga Eysteinsonar*, bl. 387r–394v.
- 26: *Elís saga og Rósamundu*, bl. 395r–404v.
- 27: *Fertrams saga og Plató*, bl. 405r–413v.
- 28: *Friðþjófs saga frækna*, bl. 414r–418v.
- 29: *Vilhjálmssaga sjóðs*, bl. 419r–436v.
- 30: *Sörla saga sterka*, bl. 437r–445v.
- 31: *Nikulás saga leikara*, bl. 446r–451v.
- 32: *Adonías saga*, bl. 452r–492v.
- 33: *Hrólfs saga kraka*, bl. 493r–511r.
- 34: auð síða, bl. 511v.
- 35: *Úlfs saga Uggasonar*, bl. 512r–516r.
- 36: auð síða, bl. 516v.
- 37: *Böðvars þáttur bjarka*, bl. 517r–534v.
- 38: *Hervarar saga og Heiðreks*, bl. 535r–547v.
- 39: *Illuga saga Gríðarfóstra*, bl. 548r–550v.
- 40: auðar síður, bl. 551r–551v.
- 41: *Bærings saga*, bl. 552r–574v.
- 42: auðar síður, bl. 575r–575v.
- 43: brot af óþekktum texta, bl. 576r.

Óljóst er með hvaða hætti handritið rataði frá Lauritz til Þorbjarnar. Eftir að handritið komst í eigu Kárs hefur Brynjólfur Benedictsen (1807–1870), kaupmaður í Flatey, eignast handritið og merkt sér það á titilsíðu með „Benedicti possesor“. Dóttir Brynjólfs, Sigríður Brynjólfsdóttir Benedictsen (1834–1912), mun hafa eignast það eftir hans daga og gefið tengdasyni sínum séra Sigurði Jenssyni (1853–1924). Sonur hans, Jón Sigurður Sigurðsson (1887–1924), mun hafa fengið handritið frá föður sínum en ekkja Jóns, Sigríður Einarsdóttir (1892–1988), seldi Jóni Jónssyni úr Vör (1917–2000) handritið. Jón úr Vör seldi Landsbókasafni handritið árið 1956.<sup>647</sup>

#### 4.2.3 AM 395 fol.

Handritið AM 395 fol.<sup>648</sup> er veglegt og virðulegt handrit, skrifað árin 1760–1766 fyrir Jón Árnason (1727–1777), sýslumann á Ingjaldshóli í Snæfellssýslu. Það er í upprunalegu skinnbandi, og er titill þess og nafn eigenda framan á kápunni með gyllingu. Handritið telur 496 blöð. Upphafsstafir eru víða skreyttir og titlar sagna gjarnan skreyttir líka. Handritið skrifaði

<sup>647</sup> Sjá handrit.is, færslu við Lbs. 633 fol.

<sup>648</sup> Sjá einnig Teresu Dröfn F. Njarðvík, „Sagnaskart Jóns sýslumanns“, Handritapistlar, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2017, <https://www.arnastofnun.is/is/greinar/sagnaskart-jons-syslumanns-am-395-fol> og Kapitan, „Between truth and fiction“, bls. 103–129.

Þorkell Sigurðsson, bóndi á Hömrum í Hraunhreppi, en hann setur upphafstafi sína aftan við tvær sögur með ártali. Ekki er sama leturgerð á öllum sögum handritsins, en þó er líklegt að það sé allt með hendi Þorkels.<sup>649</sup> Þorkell lætur sögurnar hefjast á recto-síðum og skilur verso-síður eftir auðar framan við upphaf sagna ef þess þarf, og skilur eftir auðar síður þar sem greinilega hefur verið eyða í forriti hans. Í slíkum tilvikum er oft gerð athugasemd á spássíu. Önnur leturgerð er notuð frá bl. 175r og til enda, en hið sama gildir um upphafssíður nýrra sagna sem áður.

Handritið er sæmilega varðveitt, en víða vantar í það texta og eru auðar síður hafðar milli efnispáttta, og innan, til að merkja eyður í textanum. Á innanverðum spássíum neðst eru tvö samsíða göt á öllum blöðum handritsins, hugsanlega eftir fyrra band. Aftast í handritinu er efnisyfirlit, þar sem allar sögur þess eru taldar upp, en einnig má finna lista, sem er seinni tíma viðbót,<sup>650</sup> yfir sögurnar aftarlega í handritinu þar sem þeim er raðað eftir sannleiksgildi, þ.e. sannar sögur, blandaðar og lognar. Í þeirri flokkun er *Bragða-Ölvis saga* talin upp meðal blandaðra sagna, sem þóttu bæði sannar og lognar. Seinni hluti handritsins hefur margar sögur í sömu röð og Lbs. 633 fol. og svo virðist sem handritið sé skráð eftir því.

Í handritinu má finna margvíslegar sögur, Íslendinga-, fornaldar- og riddarasögur:

- 1: auð síða með uppboðsupplýsingum, 1r.
- 2: auð síða, 1v.
- 3: *Ljósvetninga saga*, 2r–37r.
- 4: auðar síður, bl. 37v–39v.
- 5: *Valla-Ljóts saga*, bl. 40r–52v.
- 6: auðar síður, bl. 53r–56v.
- 7: *Svarfdæla saga*, bl. 57r–92v, eyða innan, bl. 67v–71v.
- 8: *Flóamanna saga*, bl. 93r–113v, milli bl. 112v og 113r er lítið blaðsnífsi með athugasemd frá Árna Magnússyni um feril.
- 9: *Gunnars saga Keldugnúpsfífls*, bl. 114r–122v.
- 10: *Finnboga saga ramma*, bls. 123r–153r.
- 11: auð síða, bl. 153v.
- 12: *Brandkrossa þáttur*, bl. 154r–157v.
- 13: *Vopnfirðinga saga*, bl. 158r–173r, eyða innan, bl. 167v–169r.
- 14: auðar síður, bl. 174r–174v.
- 12: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 175r–182r.
- 13: auð síða, bls. 182v.
- 14: *Áns saga bogsveigis*, bl. 183r–200r, eyða innan, bl. 189v–190r.
- 15: auð síða, bl. 200v.

<sup>649</sup> Sjá Kapitan, *Studies in the transmission history of Hrómundar saga Gripssonar*, bls. 96–98.

<sup>650</sup> Kapitan, „Between truth and fiction“, bls. 105.

- 16: *Bragða-Ólvis saga*, bl. 201r–206r.
- 17: auð síða, bl. 206v.
- 18: *Mírmanns saga*, bl. 207r–238v.
- 19: auðar síður, bl. 239r–239v.
- 20: *Kirjalax saga*, bl. 240r–284r, auð síða að mestu innan, bl. 276v.
- 21: auð síða, bl. 284v.
- 22: *Hálfðanar saga Eysteinsonar*, bl. 285r–302r.
- 23: auð síða, bl. 302v.
- 24: *Elís saga og Rósamundu*, bl. 303r–328r.
- 25: auð síða, bl. 328v.
- 26: *Fertrams saga og Plató*, bl. 329r–351r.
- 27: auð síða, bl. 351v.
- 28: *Friðþjófs saga frækna*, bl. 352r–365r.
- 29: auð síða, bl. 365v.
- 30: *Úlfs saga Uggasonar*, bl. 366r–374r.
- 31: auð síða, bl. 374v.
- 32: *Hervarar saga og Heiðreks*, bl. 375r–402r.
- 33: auð síða, bl. 402v.
- 34: *Ála flekks saga*, bl. 403r–415r.
- 35: auð síða, bl. 415v.
- 36: *Klárus saga*, bl. 416r–432r.
- 37: auð síða, bl. 432v.
- 38: *Parcevals saga*, bl. 433r–449v.
- 39: auðar síður, bl. 450r–450v.
- 40: *Ívens saga*, bl. 451r–465v.
- 41: auðar síður, 466r.
- 42: flokkað efnisyfirlit, 466v.
- 43: auðar síður, bl. 467r–468v.
- 44: efnisyfirlit, bl. 469r.

Handritið rataði á uppboð í Kaupmannahöfn árið 1779, eftir andlát Jóns sýslumanns, eins og fram kemur á bl. 1r. Líklega hefur Skúli Thorlacius (1741–1815) keypt handritið,<sup>651</sup> þar sem það komst síðar í eigu Birgis Thorlacius (1775–1829) prófessors og svo að honum látnum var handritið aftur boðið upp árið 1830. Hvort það var keypt, og þá af hverjum, er óljóst en það barst að lokum til Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab í Kaupmannahöfn, þar sem handritið var komið árið 1846.<sup>652</sup> Árnastofnun í Kaupmannahöfn fékk handritið svo afhent árið 1883, en systurstofnun hennar í Reykjavík tók að lokum við varðveislu þess árið 1994.

<sup>651</sup> Sjá Slay, *Mírmanns saga*, bls. lxxviii og Kapitan, „Between truth and fiction“, bls. 109.

<sup>652</sup> Kapitan, „Between truth and fiction“, bls. 110–111.

#### 4.2.4 BL Add. MS 4875

Handritið BL Add. MS 4875 er skrifað að mestu árið 1763 af Eggert Hákonarsyni (1746–1787), á meðan hann dvaldi á Söndum í Dýrafirði þangað sem hann hafði verið sendur til náms hjá föðurbróður sínum, séra Magnúsi Snæbjörnssyni (1705–1783). Eggert mun hafa verið 17 ára þegar hann skrifaði handritið, og ber uppskrift hans þess merki, þar sem skriftin er vanþjálfuð og blönduð, stafir eru misstórir og hann hefur átt erfitt með að leysa upp úr böndum. Eitthvað er um endurtekningar og hann notar t.d. *kon*-syttingu (o) á rangan hátt, les hana sem *k*-tákn. Á bl. 54r er einskonar æfingarblað með sögutitlum og nöfnum á sögupersónum og ef til vill hefur handritið verið einskonar æfingakver í námi Eggerts hjá séra Magnúsi. Faðir Eggerts var Hákon Snæbjörnsson (1711–1798), en afi hans Snæbjörn Pálsson (1677–1767) var kvæntur Kristínu Magnúsdóttur (1672–1712), dóttur Magnúsar Jónssonar í Vigur.<sup>653</sup> Eggert hefur skrifað handritið að mestu eftir handriti langafa síns, Lbs. 222 fol.

Í handritinu standa *Hrómundar saga Gripssonar* og *Bragða-Ölvis saga* saman í röð. En auk þeirra eru þar margvíslegar sögur og ævintýri:

- 1: *Valdimars saga*, bl. 1r–10r.
- 2: *Sigurðar saga fóts*, bl. 10v–15v.
- 3: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 16r–21v.
- 4: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 22r–25v.
- 5: *Ævintýr af einum riddara er kallast Walltari*, bl. 25v–29r.
- 6: *Sturlaugs saga starfsama*, 29v–42v.
- 7: blöð úr þýskri prentaðri bók og dönsk fréttablöð, bl. 43r–53v.
- 8: æfingarblað með titlum, bl. 54r.
- 9: *Ævintýr af Rúdent drambláta*, bl. 54r–55v.
- 10: *Þorsteins saga Víkingssonar*, bl. 56r–79v.
- 11: dönsk dagblöð, bl. 80r–88v, úrklippur frá 1738.

Páll Hákonarson (1751–?), bróðir Eggerts, eignar sér handritið og skráir nafn sitt í það víða. Nathaniel Þorsteinsson (1752–1794) hefur einnig skrifað nafn sitt í handritið, en að öðru leyti er ferill þess óljós. Á æfingablaðinu eru nöfn Páls og Nathaniels skráð ásamt ártalinu 1768. Hugsanlega hafa þeir verið saman í námi á Söndum það árið og haft handritið til æfingar. Einhverju síðar endaði það þó í förum Josephs Banks, en líklegt er að Banks hafi fengið það sent frá Söndum í gegnum millilið eða keypt það beint frá Eggert á námsárum hans í Skálholtsskóla um 1772, en um það leyti heimsótti Banks Skálholt. Banks gaf handritið með safni sínu til British Library árið 1782.

<sup>653</sup> Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1976), II. bindi, bls. 234–235, III. bindi, bls. 433, IV. bindi, bls. 310.

#### 4.2.5 JS 160 fol.

Handritið JS 160 fol. er skrifað árin 1772–1799 af fræðimanninum og atvinnuskrifaranum Jóni Egilssyni (1724–1807) á Stóra-Vatnshorni, Haukadal. Elsti hluti handritsins, bl. 6r–319v, er skráður milli 1772–1773 með laglegri settaskrift, en yngri hlutar þess, bl. 320r–354v, sem skrifaðir voru undir lok 18. aldar eru með hálfgerðri fljótaskrift, en þó með einkennum settaskriftar. Jón setur nafn sitt aftan við einstaka sögur með ártali í báðum hlutum þess og því ljóst að handritið er allt skrifað með hans hendi, en á ólíkum tímabilum, eins og sést af leturgerð og pappír. Þá eru tvær uppskriftir af *Droplaugarsona sögu* í handritinu, í sitthvorum hlutanum.

Handritið er vel varðveitt, telur 354 blöð alls og eru víða skreyttir titlar og upphafsstafir, jafnvel með lituðu bleki. Á fremstu blöðunum hafa verið límdar inn prentaðar mannsmyndir sem tákna heimsálfurnar, og hafa þær verið skornar úr prentaðri bók. Í handritinu er *Bragða-Ölvis saga* aftast, aftan við ýmsar smásögur og þætti. Aftan við söguna setur Jón upphafsstafi sína og segir hana skrifaða á seinustu árum 18. aldar.

Í uppskrift sögunnar eru tvær viðbætur sem ekki hafa fundist í eldri uppskriftum, en þeim svipar til athugasemda Jóns Eggertssonar um aðkomu fóstu Ölvis á spássíu AM 601 b 4to, en er þó ekki orðuð á sama hátt og virðist ekki vera tekin beint eftir AM 601 b 4to, heldur í gegnum millilið. Þá eru í uppskriftinni leshættir sem ekki eru í öðrum handritum, til dæmis verður Jótlands síða að Skotlands síðu. Í elsta hluta handritsins eru uppskriftir Íslendingasagna ásamt nokkrum fornaldar- og riddarasögum. Yngri hlutinn er sundurleitari og hefur ýmsan samtíning á borð við smásögur og ævintýri, kvæði, Íslendingasögur og fornaldarsögur:

- 1: auð síða, bl. 1r.
- 2: prentuð mannsmynd: Evrópa, bl. 1v.
- 3: prentuð mannsmynd: Asía, bl. 2r.
- 4: auðar síður, bl. 2v–3r.
- 5: prentuð mannsmynd: Afríka, bl. 3v.
- 6: prentuð mannsmynd: Ameríka, bl. 4r.
- 7: auðar síður, bl. 4v–5v.
- 8: *Laxdæla saga*, bl. 6r–72v.
- 9: *Bolla þáttur*, bl. 72v–78v.
- 10: *Eyrbyggja saga*, 79r–127v.
- 11: appendix við *Eyrbyggja sögu*, bl. 127v–128r.
- 12: *Fljótsdæla saga*, bl. 128v–156r.
- 13: *Droplaugarsona saga*, bl. 156r–163v.
- 14: *Gunnlaugs saga ormstungu*, bl. 164r–175v.
- 15: *Kormáks saga*, bl. 176r–203v.
- 16: *Þóris þáttur hasts og Bárðar birtu*, bl. 204r–206v.

- 17: *Eiríks saga rauða*, bl. 207r–218r.
- 18: auð síða, bl. 218v.
- 19: *Hervarar saga og Heiðreks*, bl. 219r–251r.
- 20: *Ajax saga frækna*, bl. 251v–257v.
- 21: *Ásmundar saga og Tryggva*, bl. 258r–266v.
- 22: *Harðar saga*, bl. 266v–289r.
- 23: *Valla-Ljóts saga*, bl. 289v–297v.
- 24: *Ásmundar saga víkings*, bl. 297v–315r.
- 25: *Tiodels saga riddara*, bl. 315r–319v.
- 26: *Brandkrossa þáttur*, bl. 320r–322v.
- 27: *Droplaugarsona saga*, bl. 323r–332v.
- 28: kvæði eftir Jón Ólafsson, bl. 333r.
- 29: auð síða, bl. 333v.
- 30: *Hátta- eður Braglykill Snorra Sturlusonar*, bl. 334r–340r.
- 31: *Ormars þáttur Framarssonar*, bl. 340v–341v.
- 32: *Lítill frásaga*, bl. 342r–342v.
- 33: *Önnur historia*, bl. 342v–343r.
- 34: *Þriðja historia*, bl. 343r–343v.
- 35: *Fjórða historia*, bls. 343v.
- 36: *Fáheyrður viðburður*, bl. 344r–344v.
- 37: *Jóns þáttur biskups Halldórssonar*, bl. 345r–349r.
- 38: *Smásaga af Gullasna*, bl. 349r–351r.
- 39: *Þessi tíðindi skeðu í Danmörk sem hér eftir fylgja*, bl. 351v.
- 40: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 352r–354v.

Lítið sem ekkert er vitað um feril handritsins eftir að Jón Egilsson skrifaði það upp. Í handritaskrá Landsbókasafnsins er að engu getið um feril þess,<sup>654</sup> en það er skráð sem hluti af safni Jóns Sigurðssonar (1811–1879), sem Landsbókasafn keypti árið 1878 og fékk afhent að honum látnum árið 1879.

#### 4.2.6 Lbs. 479 8vo

Handritið Lbs. 479 8vo er 145 blöð og inniheldur margvísleg stutt brot, sem eru bundin saman í skinnband og aðskilin með innskotsblöðum. Brotin eru sjö talsins og eru skrifuð af ólíkum skrifurum yfir langt tímabil, frá 1778–1832. Bandið mun vera gert af Runólfi Guðjónssyni, sem var bókbindari Landsbókasafns frá 1908–1942. Á vefnum handrit.is hefur handritinu verið skipt upp í stakar einingar eftir aldri brotanna og skrifurum, I–VII; Lbs. 479 I 8vo, bl. 1r–10v (1802),

<sup>654</sup> Sjá *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2. bindi (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1927), bls. 487.

Lbs. 479 II 8vo, bl. 11r–34v (1778), Lbs. 479 III 8vo, bl. 35r–58v (1803), Lbs. 479 IV 8vo, bl. 59r–71v (1802), Lbs. 479 V 8vo, bl. 72r–86v (1801), Lbs. 479 VI 8vo, bl. 87r–98v (1799) og Lbs. 479 VII 8vo, bl. 99r–145v (1832).<sup>655</sup>

*Bragða-Ölvis saga* er í VI. hluta handritsins, með óvandaðri skrift og er fyrsta blað sögunnar fremur máð en aftan við söguna (bl. 94r): „Endadar 22 december 1799, EEfonne“. Þrátt fyrir að hafa sett upphafstafi sína í handritið, ásamt dagsetningu, er skrifarinn óþekktur.

Í Lbs 479 VI 8vo eru aðeins:

- 1: *Bragða-Ölvis saga*, 1r–8r (eldri blaðmerking bl. 87r–94r).
- 2: *Saga af Júdasi Ískariot*, 8r–12v (eldri blaðmerking bl. 94r–98v).

Um feril handritsins er lítið annað vitað en að það kom á Landsbókasafn Íslands árið 1893, þegar safn Eggerts Ólafs Briem (1840–1893), sýslumanns á Ísafirði og síðar í Eyjafirði, var keypt. Um feril þess er ekki getið í handritaskrá.<sup>656</sup>

#### 4.2.7 Lbs. 3565 4to

Handritið Lbs. 3565 4to er skrifað á árunum 1802–1804 af Gunnlaugi Guðmundssyni (1751–1809), bónda á Svarfhóli í Dalasýslu. Handritið, sem er nú 109 blöð, er mjög illa varðveitt. Blöð vantar inn í víða og skorið hefur verið meðfram spássíum, svo texti þess er víða illlæsilegur eða skertur. Aftan við flestar sögurnar hefur Gunnlaugur sett nafn sitt og ártal. Uppskrift Gunnlaugs af *Bragða-Ölvis sögu* er mjög lík þeirri sem er í Lbs. 479 VI 8vo og hugsanlegt að sama forrit liggi þeim að baki.

Handritið felur í sér:

- 1: *Rímur af Trójumönnum*, bl. 1r–74v.
- 2: leifar af blaði með nafni Gunnlaugs, bl. 75r.
- 3: auð síða, bl. 75v.
- 4: brot af *Hjálmþérs sögu og Ölvis*, bl. 76r–76v.
- 5: *Heiðarvíga saga*, bl. 76v–87v.
- 6: brot af *Hrólfs sögu Gautrekssonar*, bl. 88r.
- 7: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 88v–93r.
- 8: *Þorsteins þáttur bæjarmagns*, bl. 93v–103r, vantar inn í.
- 9: *Árna saga*, bl. 103r–107r.
- 10: brot af *Ormars þætti Framarssonar*, bl. 107r–109r.

<sup>655</sup> Sjá handrit.is, færslu við „Lbs. 479 I–VII 8vo“.

<sup>656</sup> Sjá *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2. bindi, bls. 99.

Fátt er vitað um feril handritsins. Á einhverjum tímamarki eftir lát Gunnlaugs hefur Kristján Einar Kristjánsson (1817–1900) eignast það og merkt sér. Þaðan hefur það komist í hendur Kára S. Sólmundarsonar (1877–1960) með einhverjum hætti, en Kári gaf það til Landsbókasafns.

#### 4.2.8 MS Germ. qu. 27

Handritið MS Germ. qu. 27 er skrifað af séra Þórði Þorsteinssyni (1760–1846) á Kvennabrekku í Dalasýslu árið 1806. Handritið er fremur vel varðveitt, telur 137 blöð, í snjáðu leðurbandi. Aftan við titilsíðuna má finna þýðingu hennar ásamt stuttri lýsingu á efnisþáttum handritsins á þýsku, með annarri rithönd, og er þar undirskriftin „Rühs“ neðan við. Það mun vera undirskrift Friedrich Rühs (1781–1820), prófessors í Berlín, en hann var ráðinn til starfa við háskólann í Berlín, við Friedrich-Wilhelms-Universität Berlin, þegar skólinn var stofnaður 1810. Rühs fékkst m.a. við rannsóknir á íslenskum fornkvæðum. Það er þó ekki ljóst með hvaða hætti Rühs eignaðist handritið.

Í handritinu standa *Bragða-Ölvis saga* og *Hrómundar saga Gripssonar* saman í röð, en ólíkt öðrum textavitnum þar sem sögurnar tvær fylgjast að í, er *Bragða-Ölvis saga* fyrir framan *Hrómundar sögu Gripssonar*. Uppskrift Þórðar deilir nokkrum lesháttum með handritinu JS 160 fol. og er eflaust skrifuð eftir sama forriti.

Handritið felur í sér Íslendingasögur, Íslendingaþætti og fornaldarsögur:

- 1: titilsíða, bl. 1r., þýðing titilsíðu og lýsing innihalds á þýsku, bl. 2r–2v.
- 2: *Reykðæla saga*, bl. 3r–26v.
- 3: *Valla-Ljóts saga*, bl. 27r–37r.
- 4: *Vopnfirðinga saga*, bl. 37v–50v.
- 5: *Brandkrossa þáttur*, bl. 51r–54r.
- 6: *Droplaugarsona saga*, bl. 54r–68r.
- 7: *Hákonar þáttur Hárekssonar*, bl. 69r–74v.
- 8: *Þorsteins þáttur forvitna*, bl. 74v–75v.
- 9: *Þorsteins þáttur Austfirðings*, bl. 75v–76v.
- 10: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 77r–80v.
- 11: *Hrómundar saga Gripssonar*, bl. 80v–85v.
- 12: *Hálfðanar saga Eysteinsonar*, bl. 86r–99r.
- 13: *Göngu-Hrólfss saga*, bl. 99v–136r.

Handritið er nú varðveitt á Staatsbibliothek zu Berlin - Preußischer Kulturbesitz. Í handritaskrá er að engu getið um feril handritsins eða hvernig og hvenær það barst til Þýskalands,<sup>657</sup> en í Berlín eru alls sex handrit með hendi Þórðar Þorsteinssonar, MS. Germ. qu. 23–28. Líkast til hefur handritið annað hvort endað í eigu Friedrich-Wilhelms-Universität, þar sem Rühls kenndi, eða í eigu Konunglega bókasafnsins í Berlín. Allt frá stofnun var háskólinn í nánnum tengslum við Konunglega bókasafnið, sem í dag heitir Staatsbibliothek zu Berlin - Preußischer Kulturbesitz.

#### 4.2.9 Lbs. 1940 4to

Handritið Lbs. 1940 4to skrifaði Sveinn Sigurðsson (1761–1839), bóndi og hreppstjóri að Kirkjubóli við Skutulsfjörð, árið 1820. Handritið telur 123 blöð og er vel varðveitt, í gömlu skinnbandi. Framan og aftan við efnisþætti handritsins, innan á kápuna og á næstu blöð, eru innlímd sendibréf sem skrifuð voru til Bjarna Gíslasonar, hreppstjóra í Ármúla.

Uppskrift Sveins af *Bragða-Ölvis sögu*, sem ber í handritinu titilinn *Saga af Ölvi sterka*, er fremur sérstök, en hann hefur átt töluvert við kaflaskiptingu sögunnar, svo úr verða 10 kaflar. Uppskriftin innlimar líka leshætti sem samræmast athugasemdum Árna Magnússonar af spássíum handritsins AM 601 b 4to en engar af athugasemdum Jóns Eggertssonar um fóstur Ölvis. Engar heimildir eru fyrir því að Sveinn hafi farið utan og ómögulegt að hann hafi viðbæturnar eftir AM 601 b 4to. Því verður að gera ráð fyrir að þessar viðbætur megi rekja til glataðs forrits, sem Árni hafi skráð eftir á spássíur AM 601 b 4to og Sveinn skrifað upp eftir árið 1820. Í umfjöllun sinni um handritið í doktorsrannsókn sinni um *Úlfhams sögu* nefnir Aðalheiður Guðmundsdóttir þann möguleika að það sé „skrifað eftir glötuðu handriti“, \*A.<sup>658</sup> Svo virðist einnig eiga við í tilfalli *Bragða-Ölvis sögu* þar sem ekkert annað nú varðveitt handrit inniheldur athugasemdir Árna með svo beinum hætti.

Handritið felur í sér:

- 1: efnisyfirlit, bl. 1r.
- 2: nöfn eigenda, bl. 1v.
- 3: *Hálfðanar rímur Brönufóstra*, bl. 2r–29v.
- 4: *Ketils saga hængs*, bl. 30r–35r.
- 5: *Gríms saga loðinkinna*, bl. 35v–38v.
- 6: *Áns saga bogsveigis*, bl. 38v–47v.
- 7: *Þóris saga háleggs*, bl. 47v–52r.

<sup>657</sup> Sjá Degering, *Kurzes verzeichnis der Germanischen handschriften der Preussischen staatsbibliothek: II. Die handschriften in quartformat* (Leipzig: Verlag von Karl W. Hiersemann, 1925), bls. 4–5.

<sup>658</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, *Úlfhams saga*, bls. lxxvii.

- 8: *Hemings þáttur Áslákssonar*, bl. 52r–56v.
- 9: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 56v–60v.
- 10: *Úlfhams saga*, bl. 60v–63r.
- 11: *Egils saga einhenda og Ásmundar saga berserkjabana*, bl. 63r–75v.
- 12: *Ála flekks saga*, bl. 75v–81v.
- 13: *Sagan af Villifer og Grími*, bl. 81v–96v.
- 14: *Rímur af Ingvari Ölvessyni*, bl. 97r–112r.
- 15: *Búlands ríma*, bl. 112r–113r.
- 16: *Vilmundar saga viðutan*, bl. 113v–123v.

Á bl. 1v hefur eiginkona Sveins, Ólöf Jónsdóttir (1767–1853), eignað sér bókina: „Þessa bók á með réttu Madame Ólöf Jónsdóttir á Kirkjubóli í Skutilsfirði og enginn annar. Guð blessi þá sem bókina á“. Frá þeim hjónum hefur sonur þeirra Sölvi Sveinsson (1791–1855) eignast handritið en árið 1846 hefur hann látið það í hendur Gísla Bjarnasyni (1815–1898), bónda í Ármúla, eins og önnur klausa á bl. 1v ber vott um. Faðir hans, Bjarni Gíslason (1788–1863) hreppstjóri, hefur þó einnig sett nafn sitt í handritið auk þess sem sendibréf til hans eru límd innan á kápuna og næstu blöð upp við kápuna. Þess er hvergi getið hvernig handritið barst til Landsbókasafns.<sup>659</sup>

#### 4.2.10 ÍB 426 4to

Handritið ÍB 426 4to er skrifað árið 1877 af Guðmundi Hjartarsyni (1850–1882) í Grjótá, Reykjavík. Guðmundur hefur verið fjölbærur maður, hann var skráður lausamaður í Grjótá, en var seinna húsbóndi og sjómaður á Helgabæ í Reykjavík. Hann fékkst einnig við útgáfur fornsagna og gaf m.a. út riddarasögur á prenti<sup>660</sup> „og var umhugað um íslensk rit og handrit, þó hann væri lítt menntaður“.<sup>661</sup> Handritið er vel varðveitt og spássíur afmarkaðar með blýanti, en þó vantar inn í fáein blöð svo sögurnar eru sumar óheilar. Handritið er blaðsíðumerkt og hefur upphaflega talið 251 blaðsíður, en nú vantar í bls. 41–60 (milli *Sigurgarðs sögu frækna* og *Bærings sögu fagra*) og bls. 141–188 (frá eyðu að *Flóres sögu og Leós*). Óvist er hvaða sögur hafa týnst úr handritinu. Á bl. 1r hefur Jón Borgfirðingur Jónsson (1826–1912) merkt sér handritið, bæði með undirskrift og blekstimpli.

Í handritinu eru:

- 1: *Flóres saga konungs og sona hans*, bl. 1r–10r.
- 2: *Héðins saga og Hlödvers*, bl. 10r–17v.

<sup>659</sup> Sjá einnig umfjöllun um handritið og feril þess hjá Vilborgu Rósu Einarsdóttur, „fellur þar hvor um þverann annan“: *Sagan af þeim bræðrum Villifer og Grími*, Lokaritgerð til meistaraþrófs, Háskóli Íslands, 2021.

<sup>660</sup> Guðmundur Hjartarson gaf út *Sögu af Vilmundi viðutan* (1878) og *Sögu af Marteini málara* (1880).

<sup>661</sup> „Mannalát“, *Þjóðólfur*, 34. árg., 14. tbl., 6. júlí 1882, bls. 58.

- 3: *Sigurgarðs saga frækna*, vantar í, bl. 17v–19v.
- 4: *Bærings saga fagra*, vantar í, bl. 20r–30v.
- 5: *Ásmundar saga og Tryggva*, bl. 30v–36r.
- 6: *Hálfðanar saga Barkarsonar*, bl. 36r–41r.
- 7: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 41r–44r.
- 8: *Jarlmanns saga og Hermanns*, bl. 44v–59r.
- 9: auð síða, bl. 59v.
- 10: *Flóres saga og Leós*, bl. 60r–91v.

Handritið tilheyrir safni Hins íslenska bókmenntafélags, sem áður var í Kaupmannahöfn en tilheyrir nú Landsbókasafni Íslands. Landbókasafn keypti safnið árið 1901. Í handritaskrá er ekki getið um feril handritsins.<sup>662</sup> Þrátt fyrir það er ferill þess fremur auðrekjanlegur. Eftir fráfall Guðmundar hefur Jón Borgfirðingur eignast það, þar sem hann merkir sér handritið á bl. 1r. en hann var ötull handrita- og bókasafnari og gaf heilmikið úr safni sínu til Hins íslenska bókmenntafélags.

#### 4.2.11 SÁM 6

Handritið SÁM 6 er líklegast skrifað snemma á 19. öld, og inniheldur 299 blöð; fátt er vitað um feril þess og uppruna. Það er skrifað með fljótaskrift, með einni hendi. Handritið ber upprunalega blaðsíðumerkingu, frá bls. 3 til 607, en þar af má sjá að bls. 387–398 vantar, eða nánast allt kverið, á milli þess sem nú er bl. 194v–195v, innan *Sturlaugs sögu starfsama*. Á bl. 1r má lesa nafnið Sigmundur Erlingsson, sem á líklegast við um Sigmund Erlingsson (1830–1897) selskyttu og óðalsbónda að Vigur við Ísafjarðardjúp.<sup>663</sup> Nafnið er skrifað með unglegu lettri, að því er virðist, og ekki með sömu hönd og textar handritsins, svo skrifari þess er óþekktur. Skriftin ber með sér að handritið muni hafa verið skráð snemma á 19. öld, jafnvel undir lok 18. aldar. Á bl. 299v eru læsileg nöfnin Halldór og Hafsteinn. Brot af blöðum eru í handritinu þar sem nöfnin Ólöf Guðmundsdóttir og Arnfríður Jónsdóttir koma fyrir. Ekki er þó vitað til hverra þessi nöfn vísa. Handritið er óinnbundið, en kverin liggja í harðspjaldaumslagi með reimum. Það var tekið úr bandi við viðgerð árið 1976. Handritið er í slæmu ástandi, sum blaðanna eru ekki nema rifrildi, jaðrar morknaðir, skorist hefur neðan af sumum blöðum svo texti er skertur eða leturflötur máður og illlæsilegur sums staðar. Ekki verður betur séð en að handritið hafi verið

<sup>662</sup> Sjá *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2. bindi, bls. 826.

<sup>663</sup> Einungis einn annar maður kemur til greina, Sigmundur Erlingsson (1764–1826) bóndi í Tungu við Ísafjarðardjúp og síðar Kroppstöðum. Þó er Sigmundur í Vigur líklegri eigandi. Að sömu niðurstöðu kemst Margrét J. Gísladóttir, „Verði þér allt til lukku“; Sagan af kóngabörnum í ljósi handrita og hefðar, bls. 25. Þar fjallar hún einnig um handritið.

mikið lesið, enda spássíur og jaðrar sérstaklega óhreinir. Leshættir handritsins bera með sér að það sé skrifað eftir Lbs. 633 fol.

Í handritinu er samansafn af Íslendingasögum, riddara- og fornaldarsögum:

- 1: pennaprufur, bl. 1r.
- 2: efnisyfirlit, bl. 1v.
- 3: autt viðgerðarblað, 2r–2v.
- 4: *Nikulás saga leikara*, bl. 3r–28v, vantar framan af.
- 5: *Sigurðar saga og Signýjar*, 29r–48v.
- 6: *Partalópa saga*, bl. 48v–67r.
- 7: *Ketils saga hængs*, bl. 67r–77r.
- 8: *Gregu saga*, bl. 77r–106v.
- 9: *Sagan af Remundi og Melusínu*, bl. 106v–118v.
- 10: *Sagan af Dámusta*, bl. 119r–143v.
- 11: *Þjalar-Jóns saga*, bl. 144r–168r.
- 12: *Sagan af Drauma-Jóni og Hinriki jarli*, bl. 168v–176r.
- 13: *Sturlaugs saga starfsama*, bl. 176v–202v, óheil, vantar í kver.
- 14: auðar síður, bl. 203r.
- 15: auð síða með pennaprufu af titli *Þorsteins sögu Víkingssonar* og lausavísu, bl. 203v.
- 15: *Þorsteins saga Víkingssonar*, bl. 204r–235v.
- 16: *Jarlmanns saga og Hermanns*, bl. 236r–258v.
- 17: blað óheilt, líkast til autt, bl. 259r–259v.
- 18: *Víglundar saga*, bl. 260r–288v.
- 19: *Illuga saga Gríðarfóstra*, bl. 289r–294r.
- 20: *Bragða-Ólvis saga*, bl. 294r–299r.
- 21: auð síða, bl. 299v.

Handritið er nú á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík en stofnunin keypti það af Jóhanni Gunnari Ólafssyni (1902–1979), bæjarfógeta á Ísafirði. Ekki er ljóst með hvaða hætti Jóhann komst yfir handritið en hann mun hafa verið mikill bókaáhrifur, og var m.a. hvatamaður að stofnun Héraðskjalasafns Ísafjarðar, sem og Sögufélags Ísafjarðar. Ekki er óhugsandi að hann hafi eignast handritið á þeim árum sem hann var á Ísafirði, jafnvel frá afkomendum Sigmundar.

#### 4.2.12 MB 034 (Jóhannesson B)

Handritið MB 034, einnig þekkt sem Jóhannesson B, er skrifað í Vesturheimi, að hluta til í Norður-Dakóta og á Hecla Island, í Manitoba, Kanada. Skrifari þess er Albert Jóhannesson

(1847–1921) og mun það vera skrifað að mestu leyti árið 1892 í Norður-Dakóta, en síðustu 8 sögurnar virðast vera skrifaðar seinna á Hecla Island. Á titilsíðu stendur: „Fornar riddarasögur og Heimskringla Snorra goða. Samansafnað og skrifað hefur Albert Jóhannesson 1892“.<sup>664</sup> Handritið er nú á bókasafni Háskólans í Manitoba í Kanada. Í handritinu er samtíningur af ýmsu tagi:

- 1: *Július saga Sesars*, bls. 1–52.
- 2: *Óðins saga Ásakóns (Ynglinga saga)*, bls. 52–108.
- 3: *Frosta saga og Fjalars*, bls. 108–200.
- 4: *Leós saga og Hjartar*, bls. 201–244.
- 5: *Vilhjálmss saga sjóðs*, bls. 244–292.
- 6: *Hrómundar saga frækna*, bls. 293–327.
- 7: *Natons saga Persakonungs*, bls. 328–352.
- 8: *Amaliu saga keisaradóttur*, bls. 352–367.
- 9: *Sigurðar saga snarfara*, bls. 367–402.
- 10: *Sigurðar saga turnara*, bls. 402–417.
- 11: *Tistrans saga og Indiönu*, bls. 418–463.
- 12: *Flóres saga og Blankiflúr*, bls. 463–485.
- 13: *Bálants saga konungs (Ferakuts saga)*, bls. 485–548.
- 14: *Randvers saga fagra*, bls. 548–578.
- 15: *Fertrams saga og Platós*, bls. 578–604.
- 16: *Jasonar saga bjarta*, bls. 605–624.
- 17: *Dínus saga drambláta*, bls. 625–636.
- 18: *Hermanns saga og Ingvars*, bls. 636–683.
- 19: *Títus saga og Silönu*, bls. 683–697.
- 20: *Vilmundar saga viðutan*, bls. 697–734.
- 21: *Ála-flekks saga*, bls. 735–747.
- 22: *Eiríks saga frækna*, bls. 747–777.
- 23: *Starkaðar saga gamla*, bls. 777–857.
- 24: *Aristómenus saga og Gorgus*, bls. 857–896.
- 25: *Bernótus saga Borneyjarkappa*, bls. 897–944.
- 26: *Hjálmars saga hugumstóra*, bls. 945–982.
- 27: *Bragða-Ölvis saga*, bls. 983–991.
- 28: *Drauma-Jóns saga*, bls. 991–996.
- 29: *Tíodels saga*, bls. 997–998.
- 30: *Virgilius saga*, bls. 998–1021.
- 31: *Avisenna saga spekings*, bls. 1022–1032.

---

<sup>664</sup> Parsons, „Albert Jóhannesson and the scribes of Hecla island“, bls. 22–25.

-32: *Pýramusar saga og Tispu*, bls. 1032–1036.

-33: *Kristins saga Blokks*, blaðsíðutal vantar.<sup>665</sup>

Það er óljóst hvernig uppskrift *Bragða-Ölvis sögu* í Vesturheimi tengist öðrum yngri textavitnum. Albert hafði jafnan fyrir sér handrit sem fylgdu út með vesturförum en virðist einnig hafa snúið efni rímna yfir í prósa í einhverjum tilvikum.<sup>666</sup> Það virðist þó ekki eiga við um *Bragða-Ölvis sögu* uppskrift hans, en uppskriftin virðist vera skyld \*A<sub>4</sub>, þar sem sagan hefur lesháttinn „styrði Sveinn Úlfs son Danmörk“ í upphafi. Sá lesháttur er að öðru leyti aðeins í Lbs. 1503 4to, sem inniheldur aukna gerð Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi en hann hafði texta \*A<sub>4</sub> til hliðsjónar. Þar sem Jóhannesson B er skrifað í Vesturheimi liggur beinast við að gera ráð fyrir glötuðum millilið, \*A<sub>5</sub>, sem borist hefur út til Kanada með vesturförum og ekki varðveist eða fundist.

#### 4.2.13 Lbs. 1503 4to

Handritið Lbs. 1503 4to er skrifað árið 1905 af Magnúsi Jónssyni (1867–1922) í Tjaldanesi, vel varðveitt og ber hans einkennandi skrift, eins konar sambræðingi af kansellískrift undir áhrifum fljótaskriftar. Magnús var einn afkastamesti skrifari 19. aldar og eftir hann eru fjölmörg handrit varðveitt.<sup>667</sup> Handritið tilheyrir flokki handrita sem bera öll titilinn Fornmannasögur, og eru varðveitt í alls tuttugu bindum, Lbs. 1491 4to–Lbs. 1510 4to, skrifuð á árunum 1880–1905. Í þeim flokki er Lbs. 1503 4to þrettánda bindið. Handritin eru öll sett upp á sama hátt, og telur hvert um sig 800 blaðsíður eða 400 blöð. Handritin eru blaðsíðumerkt af Magnúsi sjálfum og bundin inn í leður með gyllingu á kili. Handritið ber titilinn „Fornmannasögur Norðurlanda þrettánda bindi, at nýu uppskrifaðar árit Nítján hundrut fimm“.

Handritið felur í sér sérstaka aukna gerð *Bragða-Ölvis sögu*, og ekki verður betur séð en að Magnús hafi hér sett sig í hlutverk skapandi skrifara og bætt stórlega við söguna, bæði þar sem

<sup>665</sup> Parsons, tölvupóstsamskipti 26.10 2017.

<sup>666</sup> Parsons, „Albert Jóhannesson and the scribes of Hecla island“, bls. 21.

<sup>667</sup> Sjá nánari umfjöllun um Magnús Jónsson í Tjaldanesi og handrit hans hjá Driscoll: „Um gildi gamalla bóka“, Magnús Jónsson í Tjaldanesi und das ende der isländischen handschriftenkultur“, *Text — Reihe — Transmission: Unfestigkeit als phänomen skandinavischer erzählprosa 1500–1800*, ritstj. Glauser og Richter, Beiträge zur Nordischen philologie, 42. bindi (Tübingen: A. Francke Verlag, 2012), „The long and winding road: Manuscript culture in late pre-modern Iceland“, *White fields, black seeds: Nordic literacy practices in the long nineteenth century*, ritstj. Kuusmin (Helsinki: The Finnish Literature Society, 2013), „Last man standing“, *Skandinavische schriftlandschaften: Vänbok till Jürg Glauser*, ritstj. Müller-Wille, et al., Beiträge zur Nordischen philologie, 59. hefti (Tübingen: A. Francke Verlag, 2017) og „Writing in the twilight“: the manuscripts of Magnús í Tjaldanesi“, *Hidden harmonies: manuscript and print on the north atlantic fringe 1500-1900*, ritstj. Driscoll og Cathmaoil (Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2021), bls. 187-223.

atburðarásin þótti óljós en einnig þar sem hún var fremur heildstæð. Hann hefur aukið við samtöl, bætt nýjum köflum við og lengt vissa þætti frásagnarinnar ásamt því að breyta orðalagi verulega. Aftan við titilsíðu hefur Magnús ritað formála, þar sem hann gerir grein fyrir þeim sögum sem skráðar eru í handritinu og hvaðan þær eru fengnar. Í formálanum við *Bragða-Ölvis sögu* segir hann:

Þessi saga er skrifut eptir handriti Eyríks Pálssonar á Litluháeyri við Eyrarbakka, en hann segist hafa skrifat hana eptir handriti fræðimannsins Jóns Jónssonar á Skúmsstöðum. Ateins eina Ölvers sögu hefi ek áðr séð á sögubók er Ólafur bóndi Gíslason á Kolbeinsá hafði undir höndum fyrir átján hundrut sextýgi, ok hafði verit í eigu Jóns kammerráðs á Melum í Hrutafirði. Á þeirri bók voru margar sögr, man þó ecki vel hverjar þær voru; síðar ætlaði ek at fá þá bók ok þat áðr en Ólafur dó, en þat varð árangurs laust. Þat er svo undarlegt at þessar gömlu bækr hverfa, svo at enginn veit hvat af þeim verði. Ek hefi reynt svo mikit til at fá þessa bók, at ek efast um at hún sé lengr til ok hafi eyðilagst hjá einhverjum. Af bragða Ölver eru til fjórar rímur eptir Sigurð Breiðfjörð.<sup>668</sup>

Þrátt fyrir þennan formála er ekki hægt að finna handrit úr fórum þessara manna með uppskrift *Bragða-Ölvis sögu* og því ógerlegt að fá úr því skorið hvort breytingarnar séu komnar frá Magnúsi sjálfum eða Jóni Jónssyni. Rannsóknir á verklagi Magnúsar hafa þó sýnt fram á að hann hafi átt það til að breyta orðalagi sagna og jafnvel samhengi þeirra, en sjaldnar átt við efnisatriði þeirra.<sup>669</sup> Í örfáum tilvikum hefur hann þó átt við efnisatriði einstakra sagna í uppskriftum sínum.<sup>670</sup> Í þeirri uppskrift sem hér um ræðir hefur heilu köflunum hins vegar verið bætt inn. Í sumum tilvikum er verið að fylla í eyður, en sums staðar er efnið aukið út frá þeim upplýsingum sem þegar er að finna í sögunni. Ekki er með öllu ljóst hvaða forrit Magnús hefur nýtt við uppskrift sína og ekkert handrit sögunnar úr fórum Jóns Jónssonar á Skúmsstöðum eða Eiríks Pálssonar á Litlu-Háeyri hefur varðveist. Það er þó vitað að Jón Jónsson hafi fengið sagnahandrit lánuð til uppskrifta frá Guðmundi Hjartarsyni á Grjótá, skrifara ÍB 426 4to.<sup>671</sup> Það er því vel hugsanlegt að handrit Jóns hafi verið eftirrit þess og mætti kalla það A4\* og líklegt er að

<sup>668</sup> Lbs. 1503 4to, bl. 4r–4v. Hér vísar Magnús til Eiríks Pálssonar (1858–1932), bónda á Litlu-Háeyri á Eyrarbakka síðar í Simbakoti og Jóns Jónssonar (1834–1912) fræðimanns og handritasafnara í Simbakoti og Einarshörfn á Eyrarbakka, en hann bjó um tíma á Skúmsstöðum á Eyrarbakka. Eiríkur skrifaði eitthvað af handritum fyrir Jón. Þá mun Guðmundur Hjartarson, skrifari ÍB 426 4to, líka hafa léð Jóni handrit til að skrifa upp eftir. Það er því nærri lagi að áætla að Jón hafi átt *Bragða-Ölvis sögu* í handriti sem ekki hefur varðveist, og Magnús Jónsson í Tjaldanesi hafi haft það handrit til hliðsjónar við uppskrift sína. Þegar Jón lést lét hann eftir sig 177 bækur sem seldar voru á uppboði en slitrur af bókum hans hafa ratað inn á Landsbókasafn Íslands, sjá Grím M. Helgason, „Jón Jónsson í Simbakoti“, *Árbók Landsbókasafns Íslands*, 12. árg (1988), bls. 58–64. Magnús vísar líka til Ólafs Gíslasonar (1809–1889), hreppstjóra og hafnsögumanns á Kolbeinsá í Hrutafirði. Engin handrit eru þó varðveitt úr fórum þeirra né með þeirra hendi – svo ógerningur er að sannreyna þessar fullyrðingar Magnúsar um forrit. Þá vísar Magnús einnig til *Ölvis rímna* Sigurðar Breiðfjörð í formálanum en þær rímur hafa ekki varðveist.

<sup>669</sup> Driscoll, „The long and winding Road: Manuscript culture in late pre-modern Iceland“, bls. 60.

<sup>670</sup> Sjá nánar hjá Driscoll, „„Um gildi gamalla bóka“: Magnús Jónsson í Tjaldanesi und das ende der isländischen handschriftenkultur“.

<sup>671</sup> Grímur M. Helgason, „Jón Jónsson í Simbakoti“, bls. 62.

uppskrift Magnúsar sé byggð á því handriti.


Í handritinu eru sögur af ólíku tagi:

- 1: titilsíða, bl. 1r.
- 2: auð síða, bl. 1v.
- 3: formálar, bl. 2r–4v.
- 4: *Partalópa saga*, bl. 5r–35v.
- 5: *Rígabels saga og Alkanus*, bl. 36r–69v.
- 6: *Hrólfs saga Gautrekssonar*, bl. 70r–141v.
- 7: *Marons saga sterka*, bl. 142r–179v.
- 8: *Sigurðar saga turnara*, bl. 180r–199v.
- 9: *Falentínus og Ursins saga*, bl. 200r–334v.
- 10: *Bragða-Ölvis saga*, bl. 335r–360v.
- 11: *Sagan af Hreiðmar og Farbata*, bl. 361r–400v.

Ferill handritins er auðrakinn; Landsbókasafn Íslands keypti safn Magnúsar frá honum beint, þar með öll bindi Fornmannasagna árið 1909 og greiddi fyrir þau 250 kr. Á þeim tíma hafði Landsbókasafnið alla jafna 500 kr. á ári til bókakaupa.<sup>672</sup>

### 4.3 Landfræðileg dreifing textavitna

Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um varðveitt handrit *Bragða-Ölvis sögu* á Íslandi, má sjá að dreifing hennar einskorðast við Vesturland og Vestfirði, að fráskildu einu handriti sem skrifað var í Reykjavík og öðru sem skrifað var í Vesturheimi, sem og vitnisburð Magnúsar Jónssonar um handrit á Eyrarbakka (nú glatað). Elstu handrit *Bragða-Ölvis sögu* eru skráð í Vestur-Ísafjarðarsýslu, en hið yngsta í Dalasýslu. Önnur textavitni má rekja til Vestur-Húnavatnssýslu, Snæfellsnessýslu og Barðastrandasýslu. Meirihluta þeirra má rekja til Dalasýslu.



<sup>672</sup> Driscoll, „The long and winding road: Manuscript culture in late pre-modern Iceland“, bls. 60 og Teresa Dröfn F. Njarðvík, *Gorms saga gamla og Þorkels saga aðalfara: Tilfærsla og þróun fram til 1900*, bls. 19.

#### 4.4 Samanburður textavitna

Lítill munur er á yngri textavitnum *Bragða-Ölvis sögu*, að uppskrift Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi undanskildri. Textavitnum sögunnar mætti skipta lauslega upp í tvo flokka sem afmarka textaflokk eða ættkvíslir, fremur en að endurspegla sagnagerðir. Fyrst mætti telja þau handrit sem falla undir  $\alpha$ -flokk: AM 601 b 4to, Holm Papp. 67 fol., JS 160 fol., Lbs. 479 VI 8vo, Lbs. 3565 4to, MS Germ. qu. 27, Lbs. 1940 4to, ÍB 426 4to, MB 034 og Lbs. 1503 4to. Öll textavitni flokksins, að Holm papp. 67 fol. undanskildu, innihalda að einhverju leyti viðbætur – þær sömu og skrifaðar eru upp á spássíum handritsins AM 601 b 4to. Það eru þó ekki sömu viðbæturnar sem rata inn í meginmál allra textavitnanna og þeim mætti þar eftir skipta í undirflokk. Meirihluti þeirra bætir aðeins inn í meginmálið viðbótum sem viðkoma fósturu Ölvis, en önnur þeirra er sú sama og Jón Eggertsson skráði upp á spássíu AM 601 b 4to. Þessi hópur handrita hefur þó aðra viðbót um fósturu Ölvis, sem ekki er að finna í AM 601 b 4to. Sú viðbót er þess efnis að fósturan hafi valdið þokunni þegar kemur að viðureign Ölvis við bræðurna Björn og Tóka og er hún óþekkt úr öðrum ritheimildum. Hún hlýtur að vera komin beint frá forritnu  $A_1^*$ , því öll handrit sem rekja má til þess forrits hafa þessa viðbót. Seinni viðbótin skýrir aðkomu hins nakta manns í bardaganum við menn Rígarðs greifa, og svipar sömuleiðis til athugasemdar Jóns Eggertssonar á spássíu AM 601 b 4to. Þessi hópur handrita er kominn frá glötuðum millilið,  $A_1^*$ , sem hefur kynnt þessar viðbætur til sögunnar. Þá er athyglisvert að Jón Eggertsson skráir þessa viðbót um fósturu Ölvis og aðkomu nakta mannsins á spássíu AM 601 b 4to – en ekkert um fósturuna er að finna í öðru handriti hans Holm papp. 67 fol. sem að öðru leyti er mjög samhljóma AM 601 b 4to. Þar með má telja öruggt að bæði handritin hafi verið skráð eftir glötuðu forriti,  $X^*$ , en viðbætur sem snúa að fósturinni hafi aðeins verið í eftirritinu  $A_1^*$ . Handritin Lbs. 3565 4to og Lbs. 479 VI 8vo eru að mestu samhljóma og gætu verið komin beint frá  $A_1^*$ . Þá standa handritin JS 160 fol. og MS Germ. qu. 27 nærri hvort öðru, en eru þó ekki með öllu samhljóma. Í meginmáli þeirra eru einnig viðbætur um fósturu Ölvis, en með öðru orðalagi svo þau hljóta að teljast vera komin frá  $A_1^*$  í gegnum glataðan millilið  $A_2^*$ . Handritið ÍB 426 4to inniheldur blandaða leshætti, leshætti sem finnast í eftirritum  $A_1^*$  og leshætti svipaða þeim sem koma fyrir í  $A_2^*$  en þó með tilbrigðum, svo gera verður ráð fyrir öðrum millilið þar,  $A_3^*$ . Aðeins í einu handriti, Lbs. 1940 4to, hefur megnið af viðbótum Árna Magnússonar af spássíum AM 601 b 4to verið felld inn í meginmál og verður það að teljast ritað eftir glötuðum millilið  $A^*$ . Orðamunur er á milli Lbs. 1940 4to og AM 601 b 4to og viðbætur um fósturu Ölvis eru ekki teknar með svo það er óhugsandi að AM 601 b 4to hafi verið forrit Lbs. 1940 4to. Því verður að gera ráð fyrir  $A^*$ .

Síðan mætti telja þau handrit sem rekja má til uppskrifta Jóns Þórðarsonar fyrir Magnús í

Vigur, og kalla mætti  $\beta$ -flokk, en sá flokkur inniheldur meirihluta 18. aldar textavitna. Í  $\beta$ -flokki eru handritin: Lbs. 222 fol., BL Add. 4859, BL Add. MS 4875, Lbs. 633 fol., AM 395 fol., SÁM 6 og Lbs. 840 4to. Þau deila öll lesháttum sem koma fyrst fyrir hjá Jóni Þórðarsyni, sbr. lesháttinn *austur*. Þeim flokki má skipta í undirflokka; fyrst handritum Jóns Þórðarsonar og textavitnum sem eru komin þaðan eftir beinni afritun glataðs forrits (sjá umfjöllun í kafla 4.1.5.1) og telur sá undirflokkur handritin Lbs. 222 fol., BL Add. 4859, og BL Add. MS 4875 sem er eftirrit Lbs. 222 fol. Þar næst eru handrit sem innihalda leshætti sem finnast innan afrita  $\beta$ -flokks, en eru öll varðveitt í sitthvoru handritinu og verður því að gera ráð fyrir öðru textavitni sem hefur innihaldið lesbrigðin sameinuð, B\*, þar er Lbs. 633 fol. og eftirrit þess AM 395 fol. og SÁM 6. Eftir stendur þá eitt handrit sem inniheldur viðbætur og skýringar innan textans, Lbs. 840 4to, sem stendur nærri öðrum handritum innan  $\beta$ -flokks, en er þó ekki samhljóma þeim en mætti líkast til rekja til B\*.

Handrit Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi, Lbs. 1503 4to, er að mörgu leyti frábrugðið og gæti talist sérstök gerð *Bragða-Ölvis sögu* vegna fjölda breytinga og viðbóta. Erfitt er að gera grein fyrir skyldleika uppskriftarinnar við önnur handrit sökum breytinganna sem eiga sér ekki hliðstæðu. Þó eru í uppskriftinni fáeinar viðbætur sem rekja má til A<sub>1</sub>\*, eins og sú um afskipti fóstru Ölvis í tilviki nakta mannsins, þótt uppskrift Magnúsar skeri sig þar einnig stórlega frá öðrum handritum sem komin eru frá A<sub>1</sub>\*. Í handriti Magnúsar er sérstakur kafli sem skýrir hvernig aðkoma fóstrunnar atvikaðist þegar nakti maðurinn birtist og leysir Ölvi undan álögum Rauðs, og er sú viðbót í sjálfu sér einkar athyglisverð í ljósi þróunar sagnaefnisins. Því er margt á huldu um skyldleika Lbs. 1503 4to við önnur handrit, en þar sem engir leshættir skyldir  $\beta$ -flokki og engar viðbætur skyldar A\* eru til staðar, þá verður sú ályktun dregin að uppskrift Magnúsar hljóti að vera skyld eftirritum A<sub>1</sub>\*. Magnús vísar til þess að hann hafi haft fyrir sér forrit úr eigu Eiríks Pálssonar á Litlu-Háeyri við Eyrarbakka og að það hafi verið skráð eftir handriti úr eigu Jóns Jónssonar fræðimanns á Skúmsstöðum og í Simbakoti. Sá Jón fékk af og til sagnahandrit að láni frá Guðmundi Hjartarsyni á Grjóta, skrifara ÍB 426 4to. Því er nærri lagi að áætla að handrit Jóns, sem Magnús Jónsson skrifaði eftir, hafi verið skylt ÍB 426 4to. Ekkert handrit *Bragða-Ölvis sögu* úr fórum Jóns í Simbakoti er nú varðveitt en hér verður það nefnt A<sub>4</sub>\*.


Vesturheimshandritið MB 034, eða Jóhannesson B, virðist einnig komið frá A<sub>4</sub>\*, en þar sem það er skrifað í Kanada verður að reikna með glötuðum millilið \*A<sub>5</sub>. Jón Jónsson í Simbakoti fór aldrei til Kanada, svo líklegast er að A<sub>5</sub>\* hafi verið skrifað eftir handriti hans, A<sub>4</sub>\*, á Íslandi og svo ratað til Kanada þar sem MB 034 svo skrifað eftir því. Sagan í Jóhannesson B deilir einhverjum lesháttum með handriti Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi, en er ekki aukin gerð eins og uppskrift Magnúsar. Þær viðbætur sem eru í MB 034, eins og viðbót um að Sveinn Úlfsson

hafi verið kóngur yfir Danmörku og í sögulokum að af Ölvi sé komin mikil ætt, hljóta að eiga uppruna sinn í A<sub>4</sub>\*.

Flokkarnir virðast endurspeglar ákveðna þróun í varðveislu *Bragða-Ölvis sögu*. Undir β-flokk fellur megnið af textavitnum *Bragða-Ölvis sögu* frá 18. öld, en aðeins eitt þeirra, SÁM 6, er frá 19. öld. Innan þessa flokks er ekki mikið um eiginlegar breytingar, þótt allir textar eigi það sammerkt að hafa hið lagfærða lesbrigði *austur*. Eigendasaga handrita úr β-flokki, þar með töldum textavitnum 17. aldar, einkennist af stórum hluta af velefnuðum mönnum úr hærri stéttum samfélagsins, á borð við höfðingjann og stórbóndann Magnús Jónsson í Vigur, sýslumennina Bjarna Pétursson og Jón Árnason eða þá lögmanninn Lauritz Gottrup.

Textavitni frá 19. og 20. öld falla öll, að SÁM 6 undanskildu, undir α-flokk, auk tveggja sem eru frá 18. öld, og í þeim er nokkuð um viðbætur við meginmál textans. Eigendasaga handrita í α-flokki er blönduð, handritin hafa verið í eigu fræðimanna og sýslumanna úr efri stéttum en einnig í eigu bænda. α-flokkur er einkar áhugaverður í ljósi þess að þar hefur átt sér stað ákveðin þróun innan textahefðar *Bragða-Ölvis sögu*, þar sem leitast hefur verið við að skýra og bæta söguna þar sem samhengi hennar var óljóst.

Líklegustu sviðsmynd yfir skyldleika handrita *Bragða-Ölvis sögu* mætti setja fram á eftirfarandi hátt:



#### 4.4.1 Viðbætur og breytingar í í α-flokki textavitna

Áhugaverð þróun hefur átt sér stað meðal textavitna í α-flokki og felst hún í viðbótum sem vinda smám saman upp á sig svo úr verður aukin gerð *Bragða-Ölvis sögu*. Fyrst ber að nefna tvær viðbætur sem eru í handritum komnum frá glötuðum millilið A<sub>1</sub>\*. Þessar viðbætur eru þess eðlis að þær skýra atburðarás prósagerðarinnar þar sem hún hefur þótt óljós og snúa báðar að aðkomu fósturu Ölvis inn á sögusviðið. Hér er því greinilega leitast við að skýra yfirnáttúrulega og ótrúlega atburði textans með vísan í hina fjölkunnugu fósturu. Þetta atriði á sér ekki hliðstæðu í rímunum og virðist fremur vera tilraun skrifara sem hefur leitast við að laga hinn ófullkomna söguþráð.

Fyrri viðbótin kemur fyrir innan textans eftir skipskaða Ölvis, þar sem hann stendur einn á mótí bræðrunum Birni og Tóka ásamt liði þeirra. Þar er undankoma hans og velgengi í bardaga þar sem hann er ofurliði borinn skýrð með aðstoð hinnar fjölkunnugu fósturu. Bæði í rímnagerð og prósagerð kemur fram að skollið hafi á dimm þoka. Í þessum hópi handrita er þó bætt við að fóstura Ölvis hafi magnað upp þokuna honum til aðstoðar og er viðbótin sem sambærilegu orðalagi í handritunum. Þessi viðbót á sér enga hliðstæðu í eldri textavitnum og nú varðveittum rímnahandritum, og virðist vera komin úr A<sub>1</sub>\*. Í handritunum Lbs. 479 VI 8vo, Lbs. 3565 4to, MB 034 og ÍB 426 4to er bætt inn í textann eftir að þokan er nefnd: „meina menn ad föftra øl(vers) hafe olled þui“.<sup>673</sup> Í handritum komnum frá A<sub>2</sub>\*, JS 160 fol. og MS Germ. qu. 27, er álíka viðbót með breyttu orðalagi: „meina menn ad foftra Olvers Riede þvi“.<sup>674</sup>

Með síðari viðbótinni hafa menn leitast við að skýra tilkomu hins nakta manns sem rennur frá skógi og undir sverð Ölvis, í bardaga hans við menn Rígarðs eftir að hafa numið Randiborgu á brott. Þá er Ölvir enn borinn ofurliði auk þess sem álög skálabúans Rauðs hafa gert sverð hans bitlaust. Þá hefur þótt óljóst hvaðan þessi óvænta björg barst Ölvi. Jón Eggertsson skrifaði þessa viðbót á spássíu AM 601 b 4to svo: „þessli nakti maþur meinaz verid hafi af föftru aulverz fendr“.<sup>675</sup> Viðbótin er ugglaut komin frá A<sub>1</sub>\* og hefur Jón bætt henni við á spássíu AM 601 b 4to eftir því handriti. Hvoruga viðbótina má finna í öðru handriti hans, Holm papp. 67 fol. Þessa sömu viðbót er að finna í öllum handritum sem rekja má til A<sub>1</sub>\*, þó með nokkrum lesbrigðum. Í handritunum Lbs. 479 VI 8vo, MS Germ qu. 27 og Lbs. 3565 4to er bætt inn í textann: „mein<a>ft þefse nakte madur hafe vered fendur af foftru øl(vers) t(il) ad taka älög `Rauds´ af

<sup>673</sup> *Bragða-Ölvis saga*, Lbs. 479 VI 8vo, bls. 465, Lbs. 3565 4to, bls. 473, MB 034, bls. 511 og ÍB 426 4to, bls. 495. Í ÍB 426 4to er hér veikt lesbrigði þar sem „meina“ er skipt út fyrir „meintu“.

<sup>674</sup> *Bragða-Ölvis saga*, JS 160 fol., bls. 458 og MS Germ qu. 27, bls. 480.

<sup>675</sup> *Bragða-Ölvis saga*, AM 601 b 4to, bls. 398.

Sverde hans.“<sup>676</sup> Í MB 034 er lesbrigði þar sem „meinast“ er skipt út: „og er það hald manna að þessi nakti madur muni hafa verið sendur af fósturu Ölvers til að taka álg Rauds af sverdi hans.“<sup>677</sup> Lesbrigði eru einnig í hinum tveim handritum hópsins þar sem lýsingarorðið nakti fellur burt, í JS 160 fol. verður viðbótin: „meinaft að þesse madr hafe verið fendr af fósturu Ölvers, til að taka álg af fverde hans.“<sup>678</sup> Eins er í ÍB 426 4to en með smávægilegum orðamun: „meintu menn að þessi madur hefði verið sendur af fósturu Ölvers, til að taka álg af sverdi hanz.“<sup>679</sup>

Þessu næst má nefna handritið Lbs. 1940 4to, sem innleiðir allar viðbætur Árna Magnússonar af spássíum AM 601 b 4to orðrétt inn í meginmál textans, en engar af viðbótum Jóns Eggertssonar. Því verður að gera ráð fyrir því að Árni hafi skráð þær á spássíuna eftir glötuðu handriti A\* og að Lbs. 1940 4to sé eftirrit þess. Þar er ekkert minnst á aðkomu fósturrar í sambandi við þokuna eða nakta manninn. Hins vegar er þar að finna viðbót um ákall Ölvis til fósturrar í einvíginu við Áka og svo í framhaldi um ákall hans til þess guðs sem Sveinn kóngur tilbiður. Þessi viðbót samræmist rímnagerð, en er ekki í öðrum textavitnum prósagerðarinnar. A\* virðist því hafa staðið rímnagerðinni nærri.

Í MB 034 eru svo viðbætur sem skjóta inn nánari upplýsingum um persónur sögunnar, til að mynda persónu Sveins hins heilráða, sem er ekki nefndur „hinn heilráði“ í uppskrift sögunnar heldur er auðkenndur sem Sveinn Úlfsson. Ónefndar persónur fá nöfn og sumsstaðar er aukið við textan með ítarlegri lýsingum. Þá er tekið fram við sögulok að af Ölvi sé komin mikil og stór ætt.

Að lokum er það handritið Lbs. 1503 4to, sem er um leið athyglisverðast hvað sagnaþróun varðar. Auðséð er að skrifari þess, Magnús Jónsson í Tjaldanesi, hefur átt við söguna og tekið sér hlutverk skapandi skrifara fremur en að vera nákvæmur afritari, þótt hugsanlegt sé að einhverjar textabreytingar gætu hafa komið frá forriti hans. Svo virðist sem hann hafi einna helst leitast við að skýra óljósa þæði sögunnar og um leið auka skemmtanagildi hennar. Þar eru breytingar og viðbætur við texta prósagerðarinnar svo fjölmargar að úr verður sérstök gerð *Bragða-Ölvis sögu*. Texti prósagerðarinnar hefur verið lengdur og stílfærður að miklu leyti. Ónefndum persónum eru gefin nöfn, svo sem bróður Rígarðs greifa og hinum fjölkunnuga vonbiðli Randiborgar. Stórlega hefur verið bætt við lýsingar og samtöl í prósagerðinni. Margt sem óljóst var er skýrt, svo sem skyndileg ást Randiborgar til Ölvis, sem er skýrð með leynilegu sambandi á milli þeirra.

Prósagerðin, sem oftast telur sex kafla, verður að sautján köflum í meðferð Magnúsar og nokkrir kaflar eiga sér enga samsvörun í öðrum textavitnum. Hugsanlegt er að Magnús hafi ætlað

---

<sup>676</sup> *Bragða-Ölvis saga*, Lbs. 479 VI 8vo, bls. 468. Í MS Germ qu. 27 er „hafa vered“ sleppt, sjá bls. 483, meðan í Lbs. 3565 4to er „mune hafa“ skrifað í stað „hafa“, sjá bls. 475-476.

<sup>677</sup> *Bragða-Ölvis saga*, MB 034, bls. 514.

<sup>678</sup> *Bragða-Ölvis saga*, JS 160 fol., bls. 460.

<sup>679</sup> *Bragða-Ölvis saga*, ÍB 426 4to, bls. 498.

sér að bæta söguna og gera hana vænni til upplesturs á kvöldvökum, þar sem áherslan snýr einkum að því að bæta flæði hinnar knöppu prósagerðar með málalengingum, auka spennu og fylla upp í framvindu sögunnar þar sem hún var óljós. Megintilgangur Magnúsar virðist hafa verið sá að auka skemmtanagildi sögunnar, svo að viðbrögð hans við textanum eru einnig frásagnarfræðileg í eðli sínu.

Ekki gefst rúm til að rekja allar þær breytingar og viðbætur sem verða á textanum í meðferð Magnúsar en vert er að gera grein fyrir þeim sem hafa mætti til samanburðar við viðbætur hinna. Ólíkt öðrum handritum sem rekja má til A<sub>1</sub>\* eru engar viðbætur sem nefna föstru Ölvis og aðkomu hennar að þokunni eða til að létta álögum Rauðs af sverði hans, allavega ekki í beinu orsakasamhengi. Framvindan í þeim tilvikum er mjög frábrugðin öðrum textavitnum. Þegar Ölvir brýtur skip sitt villist hann á skógi og hittir svo fyrir Björn og Tóka, bræður Úlfs. Þar verður honum á að segja til nafns síns, svo bræðurnir vilja leggja til atlögu við hann. Ölvir reynir að ná sáttum og vill skjóta máli þeirra til Sveins konungs, en bræðurnir neita því og vilja sjálfir kveða upp dóm. Björn ræðst gegn Ölvi en Ölvir verst og heggur höfuð af Birni. Engin er þokan til að auðvelda Ölvi undankomu, heldur húmar að kveldi og í náttmyrkrinu kemst Ölvir undan til skógar og felur sig þar meðan Tóki og menn hans leita Ölvis árangurslaust í myrkrinu.

Til að skýra tilkomu hins nakta manns tekur Magnús sér enn skáldaleyfi. Þegar Ölvir hefur numið Randiborgu á brott þá hyggst hann renna til skógar með hana ásamt Sverri kompán sínum. Í því kemur Rígarð greifi heim af veiðum og ræsir út menn sína á eftir þeim. Ölvir sér að þau myndu ekki komast undan og fær Sverri frána og segir honum að koma henni fyrir í fylgsni nokkru, en sjálfur myndi hann verða eftir og verjast. Sverrir og Randiborg halda inn í skóg og fela sig undir eikartré en fjórir af mönnum greifans veittu þeim eftirför og komu að eikinni. Sverrir berst við menn greifans og drepur þrjá þeirra en handtekur hinn fjórða. Hann flettir manninn klæðum og vopnum, en gefur honum grið með þeim skilmála að hann skuli fara til bardagans með skjöld yfir höfði sér og hlaupa undir sverð Ölvis. Sagði Sverrir að sverð Ölvis myndi ekki bíta á hann og að með þessu myndi hann afstýra ógæfu. Þessu lofar maðurinn og heldur því nakinn af stað frá skógi með skjöld yfir höfði sér.

Á meðan verst Ölvir eftir besta megni gegn mönnum Rígarðs, en sverð hans bítur ekki vegna álaga skálabúans Rauðs. Ölvir hyggur að vörn sín muni tapast og hugsar þá til Randiborgar en því næst til föstru sinnar. Þá heitir hann á föstru sína og nefnir hana til þess að hjálpa sér úr nauðum þessum. Í því kemur nakti maðurinn sem Sverrir hafði sent frá skógi og með skjöldinn yfir sér. Hann hleypur upp að Ölvi, sem heggur til hans og tekur skjöldinn í sundur og klýfur manninn um leið niður. Þannig afléttir nakti maðurinn álögunum með dauða sínum. Magnús virðist með þessu vilja skýra með hvaða hætti föstra Ölvis hefur áorkað þessu.

Viðbætur Magnúsar draga innblástur úr öðrum fornaldar- og riddarasögum sem hann hefur þekkt til. Beinast liggur við að óskýr framvinda sögunnar hafi orðið til þess að Magnús tók sér skáldaleyfi til að auka við frásögnina. Fleiri dæmi um Magnús sem skapandi skrifara þekkjast, þar sem hann hefur átt við og aukið efni sagna<sup>680</sup> þótt hann geri það alla jafna ekki.

#### 4.5 Uppruni og þróun *Bragða-Ölvis sögu*

Eins og umfjöllunin hér að framan ber með sér bendir flest til þess að *Ölvis rimum sterka* hafi verið snúið yfir í prósagerð seint á 17. öld og sé afurð bókmenntastarfs Magnúsar Jónssonar í Vigur. Yfirgnæfandi líkur eru á því að rímunum hafi verið snúið í prósa að hans beiðni, en hver tók sér það verk fyrir hendur er ekki með öllu ljóst. Það mætti leiða líkur að því að þar hafi Magnús sjálfur verið að verki eða þá frændi hans Jón Eggertsson, enda tóku þeir sér báðir slík verk fyrir hendur eins og *Þóris saga háleggs* og *Hrómundar saga Gripssonar* eða *Áns saga bogsveigis* vitna til um. Þá eru elstu handrit sögunnar í prósagerð úr þeirra fórum. Hins vegar bendir stílmæling til þess að hvorugur þeirra hafi samið prósagerðina. Engu að síður er rökréttast að setja tilurð prósagerðarinnar í samhengi við bókmenntaáhuga Magnúsar, sem virðist hafa lagt sig fram við að safna að sér rímunum og sagnaefni þeirra, samhliða öðrum sögum. Það er vel hugsanlegt að einhver skrifara hans hafi gert prósagerðina að hans beiðni eftir rímunum.

Hvernig svo sem prósagerðin er til komin, gekk hún manna á milli í handritum og var afrituð fram á 20. öld, en yngsta handrit sögunnar er skrifað af Magnúsi Jónssyni í Tjaldanesi árið 1905. Eftirrit sögunnar má rekja, ýmist beint eða óbeint, til glataðs forrits og skiptist textahefð þeirra upp í tvær ættkvíslir, A-kvísl sem inniheldur nokkrar ólíkar textaviðbætur og B-kvísl sem rekja má til afrita þeirra sem Jón Þórðarson skrifaði fyrir Magnús Jónsson í Vigur.

*Bragða-Ölvis saga* er framan af ekki annað en knöpp endursögn á inntaki rímnanna, en þó má greina vissa sagnaþróun meðal yngri uppskrifta sögunnar – þar sem leitast hefur verið við að fylla upp í óljósa framvinduna með viðbótum og lýkur því ferli með skapandi skrifum Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi þar sem hann breytir sögunni og bætir við köflum til að fylla enn betur upp í söguþráðinn. Sagnaumhverfið helst að mestu óbreytt þar sem *Bragða-Ölvis saga* fylgist að með riddara- og fornaldarsögum í meirihluta handrita, en framan af er áberandi samfylgd með konungasagnaþáttum og konungasögum í handritum frá 17. öld og áfram. Sagan er fram eftir 18. öld nánast ávallt í slagtogi við *Hrómundar sögu Gripssonar* og í einhverjum tilvikum fylgir hún

---

<sup>680</sup> Sem dæmi má nefna meðferð hans á *Gorms sögu gamla* sem hann nefnir *Þorkels sögu aðalfara*. Sjá Teresa Dröfn F. Njarðvík, *Gorms saga gamla og Þorkels saga aðalfara: Tilfærsla og þróun fram til 1900* og Driscoll, „Um gildi gamalla bóka“: Magnús Jónsson í Tjaldanesi und das ende der Isländischen handschriftenkultur“.

*Hákonar sögu Hárekssonar.*

*Bragða-Ölvis saga*, sem þó er varðveitt í sautján handritum, hefur ekki verið sérlega útbreidd þar sem dreifingasvæði hennar er að mestu bundið við Vesturland og Norð-Vesturland, eins og algengt er, þá einkum Dalasýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Barðastrandasýslu, Snæfellsnessýslu og Vestur-Húnavatnssýslu. Þá virðast einhver eintök sögunnar hafa verið í umferð á Suðurlandi og eitt eintak hennar hefur með einhverju móti ratað til Vesturheims þar sem MB 034 var svo skráð eftir því. Þá virðast handrit sögunnar einkum hafa verið bundin við efnamenn, þar sem eigendaferill hennar einkennist af sýslumönnum, hreppstjórum og fræðimönnum framan af og jafnvel eru þekkt dæmi þess að hún hafi gengið innan fjölskyldna, eins og meðal afkomenda Magnúsar Jónssonar í Vigur.

## 5. Niðurstöður

Hér lýkur umfjöllun um *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis sögu*, um söguefni sem sannarlega er margslungið og áhugavert og hefur fram til þessa ekki hlotið verðskuldaða athygli. Þrátt fyrir að hafa verið nefnt á nafn í áhrifamikilli útgáfu Peters Erasmus Müller, *Sagabibliothek*, snemma á 19. öld, sem og þar áður í riti Peters Frederich Suhm *Historie af Danemark* árið 1790, og þrátt fyrir að hafa verið efni doktorsritgerðar Alfreds Gifford Hooper árið 1932 rataði þetta efni aldrei inn í fræðilega umræðu sem skyldi. Sagnaefnið á sér eflaust rætur í glataðri frásögn í prósagerð, sem þekkt var á 14. öld en hefur ekki varðveist fram á okkar daga. Megininntak þess efnis varðveittist hins vegar í *Ölvis rímunum sterka*, sem munu vera ortar um 1400 eða á fyrsta fjórðungi 15. aldar. Líkt og algengt er í íslenskri bókmenntahefð er þetta sagnaefni sem flakkaði frjálst milli miðlunarforma, úr prósafrásögn yfir í rímur, og svo aftur úr rímnagerð yfir í prósafrásögn þegar Magnús Jónsson í Vigur lét skrifara sinn rita *Bragða-Ölvis sögu* seint á 17. öld. Við hverja tilfærslu var efnið að einhverju leyti endurunnið og aðlagð að samfélagi þess tíma, bæði við flutning rímnanna, afritun þeirra og með tilfærslu yfir í prósagerð og svo aftur með afritun hennar.

Sagnaefnið sjálft er í raun einkar athyglisvert, en í því má sjá strauma úr ólíkum áttum renna saman og blandast í vel samsetta frásögn. Úr sagnabrunni konungasagna og þáttum þeirra var sagan um Ölvi Hákonarson samsett, með sterkum áhrifum frá fornaldarsögum. Meginviðfangsefni sögunnar snýst um átök sem hverfast um kynferðisleg málefni sem er tvinnuð saman við álög og örlög og varða getuleysi, frygð og meydóm. Hið kynferðislega umfjöllunarefni er ekki aðeins sérstakt í sagnaefninu, heldur einnig sú viðleitni að ljá kvenpersónu rödd og rými til að tjá tilfinningar sínar í aðdraganda og kjölfar nauðgunar. Þetta veitir sagnaefninu vissulega sérstöðu innan íslenskrar bókmenntaflóru fyrri alda, og jafnvel þótt víðar væri leitað. Sagnaefnið verður best skilið í samhengi við hefð konungasagna og konungasagnaþátta, en ekki má líta fram hjá tengslum þess við fornaldarsögur. Tengsl sagnaefnisins við slíkar frásagnir er veigamikill hluti þess, og sagan sækir í form þeirra og efni samhliða því að sækja í sagnabrunn fornaldarsagna. Sé efnið um Ölvi Hákonarson skoðað verður ekki hjá því komist að taka eftir tengslum þess við *Hákonar sögu Hárekssonar*, *Haraldar sögu Sigurðssonar*, *Hemings þátt Áslákssonar* og hinar ýmsu fornaldarsögur. Hér er listilega unnið með hefðina og blandað saman, ekki til að kollvarpa ríkjandi hefðum heldur í leitni við að dýpka hefðina og öðrum þræði víkka hana. Sagnaefnið skapar sér rými innan hefðarinnar með blöndun sinni til að ræða viðfangsefni sem alla jafna rúmast ekki innan hefðarinnar, eins og kynferðislegt umfjöllunarefnið ber með sér. Það varpar öðru ljósi á hetju-frásögnina um hetjuna sem fer að

utan í leit að frægð og frama og berst við berserki og tröll, á samskipti við konung og leikur sér svo að formi og byggingu konungasagna og fornaldarsagna samtímis.

*Ölvis rímur sterka* eru ortar um eða upp úr 1400 og skipa þær sér sess með elstu rímum sem varðveist hafa. Máleinkenni rímnanna og bragfræðileg einkenni benda eindregið til þess að þær séu eldri en áður hefur verið talið, enda hefur enginn beint sjónum að máleinkennum þeirra sérstaklega fram til þessa. Mál- og bragfræðileg einkenni benda einarðlega til þess að rímurnar hafi verið ortar á mörkum 14. og 15. aldar, eins og bragfræðileg óregla í braghendu og úrkasti bendir til. Braghendu er slegið saman við valhendu, en slík samblöndun bendir til þess að þar hafi hátturinn enn verið í mótun. Óregla í úrkasti er sömuleiðis til staðar þar sem frumlínur eru ýmist óstýfðar eða stýfðar – sem alla jafna hefur ekki talist skipta háttum, en aftur á móti kemur fyrir að síðlínur séu stýfðar og taki þá á sig form dverghendu – ýmist stýfðrar, óstýfðrar og alstýfðar. Aðeins í elstu rímum á slík samblöndun úrkasts við dverghendu sér stað. Hlutfall *j*-stuðlunar við sérhljóð í *Ölvis rímum sterka*, sem er 1,03%, fellur sömuleiðis vel að meðalhlutfalli *j*-stuðlunar á tímabilinu 1400-1450. Þá er afkringing *y*, *y* og *ey* ekki til staðar, þar sem *i*, *í* og *ei* er haldið aðskildum frá *y*, *y* og *ey* í öllum rímordum auk þess sem *é*-rím, en ekki *e:é*-rím virðist vera ráðandi. Þar að auki er skáldamál þeirra að mestu sameiginlegt rímum sem ortar eru fyrir 1450 og samsvörun er einna mest við rímur sem tímasettar eru á tímabilinu 1350 til 1400. Það má vel nýta slíkan samanburð til stuðnings við aldursgreiningu, ofan á máleinkenni og bragfræðileg atriði, þótt slíkur samanburður dugi ekki til einn og sér. Rímurnar sem eru í heild sinni varðveittar í tveim textavitnum sýna sömuleiðis þær breytingar sem geta átt sér stað við afritun þeirra eftir minni eða flutningi þar sem hver einasta vísa þeirra felur í sér einhvern orðamun, og ber víxlun vísuorða eða víxlun vísna innan rímu það skýrt með sér. Aðeins ein vísa er með öllu óbreytt í báðum handritum rímnanna. Þessi mismunur er þó ekki slíkur að hægt sé að tala um sitthvorn rímnaflokkinn. Augljóst er að um sama rímnaflokk er að ræða og þessi mikli textamunur verður ekki útskýrður með afritun einni og sér, heldur verður að taka tillit til og gera ráð fyrir áhrifum munnlegs flutnings og að ritað sé eftir minni.

Upp úr rímunum var *Bragða-Ölvis saga* dregin fram. Sagan í prósagerð er svo miklu meira en bara ung og ómerkileg frásögn. Hún er áframhald hefðar sem var lifandi og fólst í að færa sagnaefni milli miðlunarforma; úr prósa í rímur og svo aftur í prósa. Sagan þróaðist áfram í höndum viðtakenda, sem juku við hana með viðbótum og að lokum með því að endurskapa og bæta inn í söguna köflum þar sem vanta þótti skýringar eða samhengi. Margt er enn óljóst um feril *Bragða-Ölvis sögu*; til að mynda er frumrit hennar glatað og óvíst hver sneri henni yfir í prósa. Prósaerðin hefur vegferð sína í höndum bókasafnarans Magnúsar Jónssonar í Vigur, ratar snemma til fræðimanna erlendis og gengur síðan á milli hátt settra embættismanna úr efsta lagi

samfélagsins á Íslandi. Að endingu ratar hún í hendur alþýðufólks, jafnvel alla leið til Vesturheims, en er þó áfram að mestu svæðisbundin við Vesturland og Norð-Vesturland. Feril sinn endar sagan í höndum Magnúsar Jónssonar skrifara í Tjaldanesi, sem eykur við söguna og útskýrir það sem áður var óljóst og gerir söguna með þeim hætti að sinni eigin.

Með því að einblína á sagnaefnið um Ölvi Hákonarson og þróun þess, opnast í og með gluggi til að kanna sagnaþróun á Íslandi almennt. Í þessu efni má sjá það endurspeglast hvernig frásagnarform voru fremur fljótandi; frásagnir gátu auðveldlega runnið milli ólíkra forma úr lausamáli í bundið mál og aftur til baka. Um það eru fjölmörg dæmi og eru *Ölvis rímur sterka* og *Bragða-Ölvis saga* aðeins eitt dæmi af mörgum um slíkt flæði. Í sagnaþróun þessa efnis má með sama móti sjá hvernig endursköpun og áhrif flutnings, eða ritun athugasemda á spássíu, höfðu áhrif á efnið sjálft og afritun þess. Einnig hvernig blind eða stýfð minni innan textans kölluðu eftir því að aukið væri við efnið og það aðlagað þörf lesenda fyrir skýrt samhengi innan frásagnarinnar. Hér sést vel hvernig sögurnar og rímurnar risu upp af blöðunum sem þær voru skráðar á, lifnuðu á vörum þeirra sem miðluðu þeim og líka þegar þeir tóku sér penna í hönd til að festa aftur á blöð. Frásagnir fyrri alda stöðnuðu ekki við það eitt að vera skrifaðar á blað. Þær urðu ekki staðlaðar og festust ekki í viðjum bleksins á blöðunum, heldur áttu þær sér marglaga og margþætt líf sem einkenndist af síbreytileika, endursköpun, tilfærslu og aðlögun. Frásagnir fyrri alda eru hluti lifandi hefðar, hefðar sem hefst í upphafi sagnaritunar og hélt áfram fram á 20. öld. Þessi lifandi hefð leitast sífellt við að bæta, miðla, breyta, aðlaga, auka við og auðga, bæði bókmenntahefðina sem sögurnar eru skrifaðar inn í hverju sinni en um leið að auka og auðga sagnaefnið sjálft sem fyrir vikið öðlast hálf í hvoru sjálfstætt líf utan við ramma hins upphaflega texta. Í þessu tilliti er söguefnið að baki *Ölvis rímna sterka*, rímurnar sjálfar sem og afleidda prósagerðin *Bragða-Ölvis saga* í senn saga sagnaþróunnar á Íslandi fyrir á öldum.

# Heimildir

## Frumheimildir:

### Handrit

*Landsbókasafn Íslands:*

JS 160 fol.

Lbs. 222 fol.

Lbs. 633 fol.

ÍB 426 4to

JS 65 4to

Lbs. 840 4to

Lbs. 1503 4to

Lbs. 1940 4to

Lbs. 2121 4to

Lbs. 3565 4to

Lbs. 479 8vo

*Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík:*

AM 395 fol.

AM 601 b 4to

AM 603 4to

AM 604 4to

AM 605 4to

AM 616 a–e 4to

AM 1055 4to

SÁM 6

*Den Arnamagnæanske Samling, Kaupmannahöfn:*

AM 477 fol.

*Kongelige Bibliotek, Kaupmannahöfn:*

NKS 1133 fol.

NKS 1685b 4to

*Kungliga Bibliotek, Stokkhólmur:*

Holm. pap. 60, fol.

Holm. pap. 67, fol.

Holm perg. 22 4to

Holm perg. 23, 4to

Holm. pap. 2, 4to

Holm. pap. 16, 4to

*British Library, London:*

BL Add. MS 4859

BL Add. 4875

*Staatsbibliothek zu Berlin - Preußischer Kulturbesitz, Berlin:*

MS Germ. qu. 27

*Universitätsbibliothek Rostock, Rostock:*

Rostock Mss. Philol. 78/2

*Herzog August Bibliothek, Wolfenbüttel:*

Wolfenbüttel 42 4to

*Manitoba University Library, Kanada:*

MB 034 (Jóhannesson B)

### **Handritalýsingar af vef handrit.is**

- „AM 147 8vo“, janúar 2025, <https://handrit.is/is/manuscript/view/AM08-0147>
- „AM 603 4to“, janúar 2025, [https://handrit.is/en/manuscript/view/is/AM04-0603#side\\_](https://handrit.is/en/manuscript/view/is/AM04-0603#side_)
- „AM 616 b 4to“, janúar 2025, <https://handrit.is/is/manuscript/view/AM04-0616b>
- „AM 616 d 4to“, janúar 2025, <https://handrit.is/en/manuscript/view/is/AM04-0616d>
 9 Aulver Rædf*t* | í möte hön*um*, og biria þeir fitt Ein vige, äke hefur aungvann | skiöld, þvj hann  
 býta Eingenn Jár*n*, otar fram*m* skallanum*m*, sier | nú Aulver ad ej mä fo büed standa, fleiger  
 Aulver þá sverden*u* | og Riede ä Äka, Ruddu*ft* þeir um*m* fa*ft*, Jörden*n* geck upp, Enn gaur | en*n*  
 12 lagde neglurnar ad sídum*m* Aulvers, fo hollded sprack af. | undra*ft* fólked þennann ad gá*ng*, og  
 mä*tte* ej uppä fiä huór sigra*ft* | munde, Enn ad liktum*m* fiell äke, braut Aulver hann þá úr  
 häls | lide, gäfu*ft* síðann aller upp äka menn, lofande Aulver fyrer | lína hreife, feingu þeir grid,  
 15 tók Aulver þar miked fie, hiell*t* | síðann af stad, hafde med fier höfud äka, liette hann ej ferd |  
 finne fyr, Enn hann hitte Rýgard greifa, var hön*um* þar vel fagn | ad, Síðann giffter Greifenn  
 Bragda Aulver frú Randeborg, | med liúfu samþic*ke* hennar, Enn greifenn hiell*t* á burt, og  
 18 sett | eft í helgann stein, Enn Aulver Drack Bru[dkaup sitt] | med mikelle príde, og ad lidnu bl. 299r  
 Brudkaupe hiell*t* Aulver | þadann med Randeborg, fiöldda sveina og fiárafla mik | en*n*, greiner ej  
 af þeirra ferdum*m*, fyrr en*n* hann kom í Eyr | ar sund, var Sveirn kón*g*ur þar komenn, og hugde  
 21 ad le | leita Aulvers, fagnar kón*g*ur hön*um* nú vel, Aulver | færde hön*um* höfud äka, og fagde  
 kónge allt af ínum*m* | ferdum*m*, þackar kón*g*ur hön*um* þetta starf, og bídur | Aulver heim til  
 veitflu, þad þiggur hann, Drucku þeir | nú med glede, Svo er fagt ad fverrer yrde frægur | madur,  
 24 af þefsare ferd, hann fieck Döttur Ulf*s* af | Fióne, hún var vel ad fier, urdu þeirra samfarer | gó*ð*ar,

---

11 Riede] svo í hdr. 21 le leita] endurtekning í hdr.

hier epter vill Aulver halda af Danmørk, | Sveirn kóngur gaf hõnumm vænt skip og vel lidad, |  
og filgde hõnumm til strandar, og skilde vid hann med | blídu, hieilt Aulver fo í haf, og gaf vel  
3 byr, þar til | þeir lendtu vid Noreg í výkenne, Ruddu þeir skipenn | og dvóllduít þar umm  
viturenn, fem Tünsberg heiter, | setteft Aulver umm kyrt, og bió i Noreg, og | þótte mikell  
madur, og hafde þar | stór Räd og metord. Og | Endaft hier þátturenn af | Bragda Aulver. | |

## Sagan af | bragda Ölver |

3 J þann Tima sem Magnus kongur godi redi Norveigi stýrði | Sveinn Úlfs son Danmörk var þá  
 missætti milli | konganna og hádu oft orustur og heldu mönnum kvur firir | ödrum einkarlega  
 ef ferd áttu i gegnum rikinn bördust | þeir oft á Bingalsheidi og kemur Magnus kongur litt vid |  
 6 þessa sögu sá madur bió austur í Fiördum i Norveigi er | Hákon het hann var lendur madur og i  
 ráðagiörd med | kongi kona hans het Hildigunn dóttir Ölvers Asa þaug áttu | þann son er Ölver  
 het hann óx upp og vard bædi stór og | sterkur og giördist heldur hardleikinn vid heimamenn |  
 9 hann var so sterkur ad hann baud 4 mönnum adra hönd sina | 1 dag gekk Hákon á tal vid Ölver  
 son sinn og mælti viltu | ad eg leiti þer kvonfáangs Ölver kvað ei sina girn(d) ad | giftast enn heldur  
 vil eg ad þú fáir mer skip og menn gaf | þá fadir hans honum góðan birðing og 15 menn vel vaska  
 12 og | únga fóstra Ölvers het Hildur hún fór á hans fund og | spir kvarfirir hann vill úr landi sigla  
 medann so góður | fridur var innbirdis i landinu Ölver sagdist hafa list | til ad síá fleiri menn enn  
 þræla hún mælti það uggir mig | þó fóstri minn ad þú munir rata i nokkrar þrautir einkar | lega  
 15 vid kvenfólk her er 1 sverd er eg vil gefa þer med umm | giörd og lindis belti sertu nærstaddur  
 þar sem jódsíúk | kvinna er kvur ei kann ad fæda og bindir þú þessum linda umm | konu skal hún  
 strax verda laus vid sitt fóstur sidann skildu | þaug og bad hún vel firir honum undu þeir so upp  
 18 segl og | sigldu austur i haf og lentu vid Danmörk þar sem | Ölver lenti redi sá madur er Úlfur  
 het hann atti 1 dóttir og urdu margir til ad bidia hennar Úlfur kom | til skips og spir kvurier þeir  
 væru Ölver sagdi til sín | sem var því hann vissi ekki ad ófridur var á milli Norvegs | og  
 21 Danmerkur Úlfur bad strax at fanga þá og kvað það | þóknast Sveini kongi þá skaut Ölver spióti  
 til Úlfs | svo út gekk umm herdarnar og dó Úlfur þar bad þá | Ölver menn sina draga upp streingi  
 og halda frá | landi og svo var giört bægi þeim vedur vestur i haf | | so nær ad skipid brotnadi í  
 24 spón og drukknudu allir | nema Ölver enn þeir kongs menn sem veittu honum | eftirför  
 drukknudu enn Ölver komst i einn lækiar | farveg og á eitt biarg gekk so þaðann útá skóg og |

gat ad líta 100 menn ríða ad sér vóru þar med 2 bræð|ur Úlfs Biörn og Tóki þeir höfdu friett  
brædra| látid enn sem þeir sáu Ölver reid Biörn geist framm| og kvadst vilia Ölver i heliu slá  
3 dró þá alt| i einu upp skýflóka so dimmt vard og meina menn| ad fósttra Ölvers hafi ollid því þá  
mælti Ölver ekki| þarftu Biörn ad láta þer flaslega því hér skaltu fá ad| siá Ölver og hió höfud  
af Birni og disiadi hann þar giördi| þá mirkvidri so ekkert sást komst Ölver þá ad höllu| Sveins  
6 kongs og mælti þer eigid ad dæma öll mál eg| komst i nokkur vandrædi margir menn fliktust  
ad| mer og vildu drepa mig kongr bad hann segia rett frá| þessu efni Ölver mælti her var einn  
Úlfur i lidinu og| vildi rifa mig og bita kvern eg skaut i gegn til dauds| enn ad honum föllnum  
9 vildu menn fá mig i heliu firir| þá sök þeir kvádu mig hafa drepid þennann Úlf er| var alid dír  
enn þá sigudu þeir á mig alibirni eltu| mig þá margir menn enn eg grandadi aungvum af þeim|  
utan eg færði öxi i höfud birninum so eg drap hann| vard mer það firir ad veria mig og legg eg  
12 þetta mál| undir idar dóm kongr mælti Úlfar og Birnir eiga| aungvann rett á ser kvar sem þeir  
eru veignir þá| mælti Ölver nú vil eg segia idur allann sannleik herra| eg hef veigid þá brædur  
Úlf og Biörn og er mitt ráð| á idru valdi kongr mælti þú hefur ordid mer ifirsterkari| og skaltu  
15 hedann af kallast bragda Ölver enn þó má| eg ei aftur taka ord min enn fara skaltu í sendiferd|  
mina og finna þann mann er Áki heitir hann er utanvert| vid Jótlands sidu hann skaltu drepa  
hann er illur vidur| eignar á hann bita eingin járn Ölver kvadst slíka| för fara vilia ef kongr feingi  
18 ser filgdarmenn og skip| kongr fekk honum 1 knör og menn sem þurfti og einn mann| gaf hann  
honum serdeilis er Sverrir het og er knör| inn var tilbúin gekk Ölver firir kong og bad hann  
leggia ser| heilrædi kongr mælti það ræd eg þer ad þu svikir aldrei| mann i trigdum það annad  
21 þó þú finnr óvin þinn þá högg| hann aldrei á helgum deigi þridia kvar þú kemur í fram|andi  
lönd skaltu ei glepia gipta konu Ölver þakkar kongi| öll þessi ráð fer so til skips og siglir á burt|

## 2 Kapítuli|

24 Ölver gaf vel bir uns hann kom skipi sínu austur í garda| riki j eina góða höfn þar redi firir sá  
madur er Albert het| hann tók vel vid Ölver og veitti góðann beina Ölver spir| Albert kvar Aki

bls. 985

se norður i Holmgardaríki seigir | Albert `þar' eru 12 stadir nálágt kvur öðrum og er hann i  
ein | umm þeirra og stírir honum það má fara fyrir framann alt mæ(iti) | Albert og síðan upp umm  
3 Eistrasalt við Jótlands síðu | önnur leið er til stítri og liggur ífir fagra heidi enn þá leið | þora  
aungvir að fara því eirn skáli stendur á veiginum | á skógnum og rædur honum illfeingur risi og  
girnast sem | fæstir menn hann að hitta Ölver þakkar Albert þessa fregn | og dvaldi þar 3 nætur  
6 helt síðann á skógin sem honum | var tilvísad og Sverrir með honum fundu þeir einn skála |  
hann var með sterkum járnspaugum aftur læstur Ölver | hlióp á hurðina og hratt upp geingu  
þeir so inn sáu þeir | eitt sæti og sæng stóra og mikin varning nokkru síðar | heirdu þeir heldur  
9 fast stígid til Jarðar kom þá maður inn | í skálan stór og illilegur ámatlegur og sk(r)ítinn Ölver |  
mælti þer mun víst mega bióða innfirir dirastafin eða | kvert er nafn þitt skálabúi mælti heldur  
remblings | lega eg heiti Raudur Háreks son og bar fram biarnar | slátur og munngát gekk til  
12 bords og mælti gáangi þeir | fram til bords sem girnast Ölver mælti ei vil eg með | flögðum eta  
ne drekka og láta útlendir menn ei so lítid | að lúta að leifum þínum og höfum við kompánar  
kost handa | oss Raudur reiddist við þetta stóð upp og mælti eg vil | gefa ikkur grid til morguns  
15 Ölver brá þá sverdi enn Ra | udur bles það ur hendi hans og birdi aftur dirnar | Ölver tók sverdid  
og geimdi enn Raudur gekk til kvílu enn | þeir fósrbrædur biuggust um annarsstadar og breiddu  
á | | sig feld eirn er Raudur átti Ölver talar við Sverrir | að hann vill drepa Raud Sverrir það hann  
18 muna það | sem Sveinn kongr hefði ráðlagt honum að hann skildi ald | rei svíkja þann sem  
honum trúði Ölver kvad Raud annars | drepa þá báða nær hann vaknadi tók síðan sverdid gekk  
að | kvílu Rauds snieri hann þá upp og lá á vinstri hlið | Ölver lagdi sveridinu i gegnum hann so  
21 i hiarta nam | stadar Raudur brást við og mælti þú svíkur mig sof | andi og er ei gott að trúa þer  
þú munt vilja taka | fe mitt og skal eg það á þig leggja kvar sem þú sérd | konu kvurt sem hún er  
gift eða ógift skaltu þá ólidandi | girnd til hennar so fáir þú ei framkomid þínum vilja | með  
24 henni (skaltu) og af hugarángri lífid missa það annað legg eg | á þig þegar þú ert staddur í mestri

bls. 986

---

23 þá] svo í hdr.

mannhættu og att | ad veria líf þitt skal sverd þitt ei bíta utan einn | nakin madur hlaupi undir  
sverdid let Ölver | Raud ei rausa meir og hiö af honum hausin sváfu | þeir fóstbrædur þar so af  
3 umm nóttina |

### 3 Kapítuli |

Morguninn eftir brendu þeir Raud til ösku geingu | síðann frá kastalanum og láu nokkrar nætur  
6 úti | á fiöllum síá þeir nú logs eina borg og eitt Tjald | utanvert vid hana rett vid skógin þar stódu  
úti | nokkrir menn ekki þekti Ölver þá hann gaf sig ei | heldur ad þeim enn gekk inn í Tjaldid og  
sá þar sitia | eina fagra konu á stóli vel klædda Ölver heilsadi | henni virdulega og fekk brennandi  
9 elsku á henni | undireins so ad hann redi ser ekki hann spir hana | ad heiti enn hún kvadst  
Randiborg heita og er eg | kona Rígarðs greifa er her rædur firir borg þess | ari er þú serd her  
skamt frá let hann mig ríða | útaf borginni med ser og skal eg her bíða hans her þar | til hann  
12 kæmi af skóginum Ölver mælti dauflega | lætur hann vid þig ad skilia þig eina her eftir vil | eg  
nú undireins fá þína blíðu hún bad hann ei | so mæla heldur hrada þer burt þvi minn herra mun |  
annars heingia þig og taka til fanga þvi hann kemur | | skiött aftur Ölver kvadst því ei kvíða og  
15 seigir ad ser þiki | eingin betri tilfallin ad nióta hennar blíðu og er ei þar | umm sagnir ad skrafa  
ad Ölver lagdist þar med henni kvad | sem hún sagdi og sem hann hafdi sinn vilia med henni  
haft | fann hann ad hún hafdi sinn mejdóm óspilltann þangad til | haft Ölver mælti þessi þinn  
18 madur hefur dáðlaus verid | ad spilla mejdómi þínum hún bad hann ei lasta sinn herra | og  
hefur hann giört alt vel til mín enn þú munt bíða | þúngt firir þetta þitt tiltæki Ölver kvadst ei  
umm það | hirda tók hana so burt frá Tjaldinu og hugdi renna | med hana til skógar í því koma  
21 margir menn útaf | borginni og ríða eftir honum þá fekk Ölver Sverrir | fóstbródur sínum konuna  
fór hann med hana til skógar | enn Ölver stökk á 1 Ejkar stofn og vill veríast það | ann allfrækilega  
enn kvurt sinn er hann hió sverdinu | frá ser beit það ekki fremur enn vöndur eins og Raudur |  
24 mælti firir í þessu bili hlióp 1 madur nakinn ~~madur~~ | fram af skóginum undir sverdid enn nær

bls. 987

---

11 her bíða hans her] endurtekning í hdr. 13 bad] leiðr. úr mælti. 24 madur] leiðr. í hdr.

Ölver rei | ddi sverdid klauf þad berann kroppin og sídan beit | þad og er þad hald manna ad þessi  
nakti madur muni | hafa verid sendur af fósturu Ölvers til ad taka álög | Rauds af sverdi hanns  
3 feldi Ölver þá 50 manns á | stuttum tíma skutu þeir þá skialdborg í kringum | hann og vard Ölver  
so handtekin þá mælti Frúinn | til Sverrirs ber þú mig nú heim til borgar | Sverrir mælti þá skaltu  
hiálpa Ölver af öllum trú | skap og lofadi hún því bar þá Sverrir hana heim | ad borginni og var  
6 þeim þar vel fagnad nú sá Ölver | frúna koma þángad sem hann lá bundinn bad hún þá ad |  
Hringia 2 klukkum því Kvítasunnu Hátíd var | ad morni þad sama sinn hugdi Ríkarð greifi ad |  
Hálshöggva Ölver enn sem hann heirir hringinguna | til Týða bannar hann ad deida Ölver var  
9 hann þá | flettur klædum og færður bundin i diblissu |

#### 4 kapítuli |

Ríkarður greifi átti eirn bróður sem þar bió í | borginni hann átti ser únga og væna konu hann  
12 unni | | henni mikid og var hún med barni er her var komid sög | unni leid nú ad þeim tíma ad  
hún skildi lettari verda | gat hún þá ekki fædt lá hún so 8 dægur ad ekkert skip | adist umm firir  
henni eirn dag sem menn höfdu hlídt | Týðum kom madur til þessa meistara og sagdi kvuriu |  
15 mundir þú launa þeim manni sem læknadi konu þína | alt vilda eg til vinna sagdi hann sá sem  
kom sagdi | eg veit af manni sem Ríkarður greifi bródir þinn | let setia i diblissu er sá besti læknir  
og getur | læknad konu þína Jafnsnart sem hann heirdi þetta | gekk hann til Ríkarðs greifa bróður  
18 síns og seigir | ad ser hafi verid sagt ad sá madur sem hann hefði | látid kasta í diblissuna væri sá  
besti læknir og mundi | hann geta unnid bót á sótt sinnar kvinnu bad hann því | ad gefa ser  
lausann fangan Ríkarður greifi kvad so | skildi vera firir hanns bón og naudsin þó hann hefði |  
21 Frúna glept og var þá Ölver leistur og færður í klædi | fekk sverd sitt og linda og kom so þángad  
sem konann | lá hann vafdi umm hana lindanum og vard hún | jafnskiótt lettari er lindinn snerti  
hana hiónin þökk | udu Ölver vel og báðu hann kíosa laun firir hann kvadst | ei annad kíosa enn  
24 mega hafa þar veturvist þeir sögdu | þad til reidu einn dag reid Ölver út umm Torg Ríkarður |  
greifi sá hann og kallar á eftir honum og bad hann | bíða sín Ölver reid alt ad einu undann

bls. 988

Ríkardur| greifi mælti bíða máttu mín því eg vil ekkert| ýlt gera þer þess meir reid Ölver og  
hugdi að Rík|ardur greifi mundi vilja hefna sinnar svivirdingar| reid Ölver þar til hann kom að  
3 einri lind og nam| þar stadar kom þá Ríkardur greifi þar til hanns og| mælti við skulum ganga  
2 einir úti skógin og| gerdu þeir það þá mælti Ríkardur greifi þú komst| her ófirirsiniu og varstu  
liótur í þinni breitni| enn Ölver kvadst vilja bæta það allt Ríkardur greifi| kvadst aungva fiármuni  
6 fyrir þetta taka því þá| irði kona sín álitin Hóra enn kvadst samt skildi| ekki saka hann um þetta  
efni og skal eg nú seigia|| þer Ölver allann sannleik um min efni fadir minn| het Hringur hiá  
honum ólst eg upp þar til eg| varð fulltíða maður og þótti eg umfram flesta menn| eitt sin  
9 reid eg út með 60 manna og bad Randiborgar| Reinalds dóttur og fekk hennar til eiginkonu enn  
1| maður hafði bedid hennar áður og var honum neitad kvad| honum mislíkadi enn sem eg  
drakk brudkaup mitt| til hennar og var komin í rúm til hennar láum við| í fadmlögum kom  
12 maður uppá gluggan og mælti Rík|ardur greifi þú hefur giört mer gledibann þar þú| fekkst  
þeirrar konu er mer var siniad og þess skaltu| gjalda þú skalt hedann af aldrei kunna að verða  
dugleg|ur til kallmannsnáttúru til þess að spilla meidómi| Randiborgar edur nokkrar annarar  
15 meiar kvursu sem| þær vilja blídka þig og kvur sem fær hennar meidóm| skal koma í stóra hættu  
þá tók eg gladiel og sendi| út um gluggann og varð þetta galdrafól fyrir því| og varð það hanns  
bani kvurfu þá þessi ósköp til mín| vissi Randiborg þetta og hefur hún vel umborid þennann|  
18 brest og verid mer eftirlát hef eg ekki sagt þetta| nokkrum manni firr enn þer og þar þer hefur  
audnast að| <ná> hennar blíðu þá vil eg gifta þer hana enn eg vil ganga| í Helgan stein Ölver  
mælti vilie hún það samþykkia| vil eg giarnan eiga hana þarf eg og miög við idar| stirk til að  
21 vinna Áka sem er útlægi Sveins kongs| í Danmörk Ríkardur greifi mælti Áki er ekki| audunninn  
hann er mikill og sterkur og skal eg fá þer| stirk þar til síðann fóru þeir heim kom þá Sverr|ir í  
móti þeim Ríkardur greifi gaf Ölver 500| manns heldu þeir fóstbrædur á stad og hittu bigdir|  
24 Áka hann tók Ölver lítt og kvad hann mundi heria| vilja á ríki sitt Ölver sagdist sendur vera af|

bls. 989

---

18 fær] leiðr. úr þær.

Sveini Ulfs sini Dana kongi ad slá þig af hin | armi Hundur sem ert útlægi hanns og mesti  
spill | virki Aki vard reidur og bad menn sína heingia Ölver | vard þá hörd svipan og hardur  
3 bardægi gekk Öl | ver hart fram m og drap margann mann slíkt ad sa`ma´ | | giördi Sverrir vard Aki bls. 990  
þá ódur og ær og kom á hann | berserksgángur snír Ölver þá á móti honum m hafdi | Aki digra  
járnstaung í hendi hún var 18 Pund | þar framúr var 4 álna lángr gaddur þar med | vo hann  
6 menn undvörpum hrópar hann þá á Ölver | og kvad þeir skildu berias 2 einir Ölver redst á | móti  
honum biria þeir so sitt Eýnvíg med stórum | höggum og sterkum adgáangi hafdi Aki aungvann |  
skiöld því á hann bitu eingin járn og etur hann fram m | skallanum ser nú Ölver ad svobúid má  
9 ei duga þar | eingin járn bitu á hann fleigir Ölver þá sverdinu | og hleipur á Aka ridias þeir um m  
fast so jördinn | gekk þar upp enn Aki lagdi neglurnar so fast ad | sídum Ölvers ad holdid sprakk  
í sundur undrudust | allir er sáu þennann adgáng og hættu ad berias | mátti eingin milli síá kvur  
12 sigrast mundi enn ad likt | um m fell Aki og braut Ölver hann úr hálslidnum m | gafst þá upp  
bardægin allir Aka menn lofudu Ölver | firir sína hreisti gaf Ölver þeim öllum grid og tók þar |  
mikid fe helt sídan á stad og hafdi med ser höfud | Aka og letti ei ferd sinni firr enn hann hitti  
15 Ríkarð | greifa var honum þar vel fagnad |

#### 5 kapýtuli |

Eftir lítinn tíma lidin gifti Ríkarður greifi | bragða Ölver Frú Randiborg Reinalds dóttir | med  
18 hennar líufu samþikki enn Ríkarður greifi | helt í burt og settist í Helgan stein enn Ölver | drakk  
brudkaup sitt med stórri virðingu og ad því | búnu helt hann þadann med konu sína Randiborg  
og | fiölda sveina og mikin fiárafla getur ei um m ferd | ir þeirra firr enn þaug komi í Eýrarsund  
21 var þá | Sveinn kongr þar kominn og fann Ölver fagnar kongr | honum m vel færði þá Ölver kongi  
höfud Aka og sagði | honum alt af sínum ferdum m þakkar kongr honum | þetta og bídur honum m  
heim til veislu og þáði Ölver | þad drukku menn nú gladir og kátir í 12 daga og urdu | þeir Ölver  
24 og Sverrir frægir af þessari ferd í þes | | ari veistlu giftist Sverrir dóttur Úlfs af Fióni | sem Ölver bls. 991  
drap hún var vel ad ser urdu samfarir | þeirra góðar eftir þad vill Ölver halda af Danmörk | gaf

þá Sveinn kongr Ölver vænt skip og fildi honum*m* | til strandar og skildi við hann með blíðu helt  
Ölver so | í haf og gaf vel bir þar til hann lenti við Norveg í | Vykinni ruddu þeir þar skipid og  
3 dvaldi Ölver þar | um*m* veturinn sem Túnsberg heitir settist so um*m* | kirt og bió altaf í Norveigi  
og þótti mikill maður | hafði hann stór ráð og mikil metord og er mikil ætt | af honum komin og  
líkur hér frá honum*m* að seigia endar | so sagan af bragda Ölver |

Saga | bragða ölvers |

1. kap(ituli) Í þann tíma sem Magnús kongr góði réð | fyrir Noregi stýrði Danmörku Sveinn  
3 kongr Ulfs | son; þar var mikit missætti mikit milli þeirra konganna | ok háðu þeir hernað ok oruzr  
huer í annars ríki ok | feldu menn huer fyrir öðrum, ok eina mikla orustu | áttu þeir á  
Lingólfsheiði; en lítt kemr Magnus kongr | við þessa sögu. Maðr er Hákon nefndr, hann átti bú |  
6 í austr fjörðum í Noregi hann var lendr maðr ok vel | metinn, ok þó eigi talinn fjáðr sem margir  
aðrir, hann | var vel at sér ger, ok mikill ráðagerðamaðr, var hann | einn þeirra er opt var í ráðum  
með kongi. Hákon var kvæ | ntr, hét Hildigunn kona hans, hún var dóttir Ölvers | asks lends  
9 manns í í Víkinni í Noregi, þau áttu son | þann er Ölver hét, hann óx upp með foreldrum sínum | | bls. 670  
ok þótti ódæll þegar í æsku, ok harðleikinn við jafnning | ja sína ok svo alla menn, ok engan gerði  
hann manna | mun, mikill var hann vexti, ok sterkari at afli en flestir | aðrir, ok sem hann var  
12 fulltíða at aldri svífst hann enkis | þat bar til at hann bauð fjórum mönnum aðra hönd ok unnu  
eigi á. Menn kærðu harðýðgi Ölvers fyrir föðr | hans, ok vandar hann um við son sinn, en þá var  
svo | komit tíma fram, at Ölver gaf at því angvan gam; | fór þá opt í bága saman með þeim  
15 feðgum. Einn tíma | geck Hákon á tal við son sinn ok mælti: svo er nú | komit aldri þínum ok  
orku at þú mátt þik sjálfir ann | ast vil ek afla þér staðfestu ok góðs kvonfangs er | vera skyldi við  
þitt hæfi. Vel er þetta boðit faðir sagði | Ölver, en eigi er mér hugr á at giptast nockurri konu |  
18 at sinni; hitt er heldr at þú fá mér skip ok menn nockra | ok þat sem þar til þarf at ek megi úr  
landi fara, ok reyni | svo hvat fyrir vill verða, með því at mér verðr engin | framkvæmd at vist  
minni á þínum garði lengr. | Sva skal þetta vera sem þú biðr, sagði Hákon þá af | vanefnum verðir  
21 þú heiman búinn, faðir hans fær honum | byrðing ok fimmtán menn, klæði ok vopn lét hann | af  
hendi þat er hann mátti. Ölver kunni þat alt vel | | at þiggja. Ölver átti sér fósturu hón hét Hildir, bls. 671  
fæddiz | hann upp með henni í föðurgarði, ok annaðist hann er | hann var ungr. Nú var hón við  
24 aldr, hón var talin fróð | ok forspá, unni hón Ölver mikit ok mælti alt eptir honum, er | hann

---

3 mikit] leiðr. í hdr. 9 í í] endurtekning í hdr. 12 enkis] svo í hdr.

gerði. Þegar Ölver var ferðbúinn til burtfarar | geck Hildir á fund hans, ok spyr því hann vill ór  
landi fara | þar sem nú er góðr friðr í landinu, ok átt í vændum | staðfestu eptir föður þinn ef þér  
3 endist líf til. Hér | er lítið við at skilja, sagði Olver, en margt í þverúð kom | it með ockr föður  
mínum, fýsir mik ok at líta aðra menn | en leiksveina mína er hér hafa uppalist. Hón kvað honum |  
vorkun á því, ok muntu þó fátæklega ór garði ger, en | ek er þess uggandi at þar muni koma at  
6 þú ratir í nockr | ar þrautir, ok kennir kvennraunir. Nú er hér sverð er ek | vil gefa þér með  
umgerðinni, brá hón því undan skyck | ju sinni ok feck honum, þat var bjart ok fagrt, ok þó eigi |  
búið at því jöfnu. Hér er ok beltis lyndi er þú skalt | þiggja, mætti hann at gagni koma ef þú kemr  
9 þar | er jóðsjúk kvinna getr eigi barn alið, en þá má binda | um hana þessum linda, kann þá vera  
at greiðist um | hag hennar von bráðara; far nú heill ok vel, ok nýt | þat mest er þér er bezt gefit.  
Ölver þackar fóstru | | sinni forkunnarvel heilræði ok gjafir, ok at þessu | skilja þau, fer kerlíng í bls. 672  
12 bæinn inn. |

## II Kap(ítuli)

Ölver geck á skip ok menn hans, vinda upp segl, ok | sigla til Danmerkr. Ölver kemr þar við land  
15 er fyrir | réð sá maðr sem Ulfr hét, hann var ríkr bóndi ok | mikilla ætta í fram, dóttir átti hann  
eina barna, hón | var ógefin heimasæta hjá föður sínum. Ulfr bóndi | var hvatráðr ok illgjarn. Ulfr  
kom til skips við nockra | menn ok spyr hverir þeir væri, ok hvaðan þar komnir. | Ölver segir  
18 þar til satt ok rétt. Ulfr lét brún síga, ok | segir þessa vera norðmenn ór fjandmannaliði Sveins |  
kongs, bað sína menn taka þá ok setja í bönd; menn hans | gera sik þar til líklega ok vilja draga  
skip Ölvers | at landi. En sem Ölver sér þetta skaut hann spjóti at | Ulfi fyrir brjóst honum ok  
21 rann út um bakit; þá sló | felmtri yfir menn hans ok hrucku frá skipinu á land | upp. Ölver bað  
flota skipi sínu burt þaðan, lýzt mér | hér eigi friðvænlegt fyrir vera, ok vil ek sigla héð | an burt  
sem fljótast. Nú láta þeir út aptr; var þat síðla dags, taka þeir til segls ok sigla með landi fram |  
24 <við> óhagstætt veðr. Um nóttina gerir at þeim óðan storm | | með ófærum sjógangi ok myrkri, at bls. 673

---

24 óhagstætt veðr] svo í hdr.

menn sjá enga | leið fyrir sér, ok sigla með öllu viltir, hreppa þeir áföll | hvert eptir annat; en sem  
lýsir af degi ber skipit at | landi, en með því að þeir fá við ecki ráðit fyrir liðleysi | ok vosbúð  
3 brjóta þeir skipit, týndust þar menn allir ok fé. | Ölver skolar einum á land upp með  
skipbrotunum | mjök þrekuðum, en þó fær hann borgit sér undan sjó, ok | bar hann í lítinn lækjar  
farveg, þar var bjarg hátt fyrir | ofan. Ölver liggr þar um stund, en með því at veðr | gerir blítt ok  
6 hiti mikill af sól, hrestist hann vonum | fljóttara. Þá rís hann upp vonum bráðara, sér hann | þar  
reka á fjörunni af skipi sínu, þar finnr hann | vopn sín er hann hafði kastað í örk eina í sjáfar  
rót | inu ok var hón upprekin, varð hann við þat mjök glaðr. | Nú geck hann upp á björgin ok  
9 litast um, þar var | skógr þyckr upp á landit at líta, ok þat þyckist Ölver | kenna fullgerla at hann  
er þar komin eigi alllangt | þar frá, er hann kom skipi sínu í fyrstu, kendi | hann landslag á mörgu,  
þyckist hann nú illa settr | svo sem hann hafði fyrir sér gert áðr í drápi Ulfs | bónda. Nú reikar  
12 hann þar fram ok aptr um hríð | ok líðr þá eigi langt áðr hann lítr mannaflokk | | koma fram með bls. 674  
skóginum, ok er hann gætir vel at | sér hann at þat er fjölmenni, svo at fátt mundi skorta | á  
h(un)ðrat manna; þeir stefndu beint þar at er hann var. | Ölver lét sér eigi bregða, ok gengr í móti  
15 þeim. Tveir | voru menn voru fremstir ok gengu fyrir flokknum heldr | víglegir. Þeir kalla til  
Ölvers, ok spyrja hann at nafni. | Hann segir sem var, ok spyr á móti hverir þessir menn | eru,  
ok hvort þeir vilja fara. Skamt munum vér nú | fara, segja þeir, er vér höfum fyrir oss hitt óhappa |  
18 manninn Olver Hákonarson, er drepit hefr Ulf bónda | bróður vorn, heitir annar Björn en annar  
Tóki | ertu nú komin hæfilega í vorar hendr, ok skalt nú | fá makleg málagjöld fyrir illvirki þín.  
Ek átti þar | hendr mínar at verja sagði Ölver, því Ulfr veitti | mér árás saklausum í fyrstu, vil ek  
21 vér leggjum þessa vora deilu undir órskurð Sveins kongs munda | ek því allvel una. Fjarri fer því,  
sagði Björn, munum | vér bræðr sjálfir segja upp dóm yfir þér í þessu máli, | ok er þó Sveinn  
kongr skamt héðan, ok sitr at veizlu | með hirð sinni. En á meðan þetta var, er svo komit | tíma  
24 at farið var at dimma af náttmyrkri. Björn | eggjar þá menn sína at taka Ölver höndum, ok

---

15 voru] leiðr. í hdr. 16 hverir] svo í hdr.

hleypr | | sjálfr fram á undan hinum. Ölver brá við skjótt | brá sverði sínu ok hljóp á móti Birni bls. 675  
ok hjó í höfud | honum svo í heila stóð, þurfti hann eigi meir, því hann | féll dauðr niðr. Mönnum  
3 brá mjök við atburð þennan | an er svo bar at brátt, en Tóki skipar mönnum sínum | at taka Ölver.  
Þustu þeir nú at honum ok vilja umkringja | hann; en Ölver lét undan hefjast ok vill ná skóginum |  
ok þat fær hann leikit, ok nær skóginum, ok kemst ór | höndum þeim, fyrir því at þá var  
6 myrknætti á komit. | Þeir Tóki fara víða um skóginn, en ecki finna þeir | Ölver, ok þó var opt  
svo skamt í millum, at hann heyrir til þeirra málskrá ok vopnaglamr. Svo lýkr þessu | at þeir  
Tóki hætta leitinni í myrkrinu, en Ölver er | í skóginum um nóttina. |

9 III kap(ítuli)

Ölver huxar nú um sitt vandæði, þykist | nú illa komin at vera þar umkringðr í eyðiskógi | af  
óvinum sínum hrakinn af skipbroti ok húngr | aðr, þykist hann vita at þeir muni fá tekið sik þá  
12 er | ljós dagr er, ok eigi hlíði honum at láta þar fyrir berast atgerðalaust. Þat kemr honum helzt  
í hug at | ná fundi Sveins kongs, ef verða mætti honum at nockurri | líkn, var þat þó allmikil  
áhætta, svo mikit sem hann | hafði fyrir sér gert, sýnist ok eigi auðvelt at ná | kongsgarðinum er bls. 676  
15 hann var ókunnigr ok óvinir hans | fyrir tám og hælum. Ok þó verði nú þetta ráð hans ok | leitar  
nú burt ór skóginum meðan myrkr má endast | honum, gengr hann rösklega þar til skóginn þraut  
ok | verðr ecki við menn varr. En sem lýsir af degi er | hann staddr á hæð nockurri, þar nemr  
18 hann stað, ok | litast um er bjart var orðit. Þá sér hann bæ mikinn | fyrir sér fram, þangat strýkr  
hann hvatlega ok er | þar kemr hittir hann menn, þeir segja at þar sé Sveinn | kongr fyrir, svo ok  
at nú muni hann á þessum tíma sestr | í dryckju stofu sína með mönnum sínum. Ölver spyr |  
21 hvort honum leyfist at ná fundi kongs. Þeir segja, þat muni | honum auðvelt vera, er enginn kongi  
vorum lítlátari né | hollráði er á hans fund leita ef nockurs þarf við. Ölver | geck í dryckju skálan  
þar er kongr sat við hirð sinni | ok alt inn fyrir kong, ok kveðr hann virðulega. kongr | tekr honum  
24 ok spyr hver hann sé. Ölver heiti ek segir | hann. kongr horfir á hann fast. En Ölver tók til máls |

---

22 lítlátari né hollráði er á hans fund leita] svo í hdr.

ok segir svo: þér eigit herra; at dæma öll mál. Svo | er þat, segir *kongr*, eðr er mál þér á hendi.  
Ölver mæ(iti) | margir menn sóttu at mér ok vildu drepa mik | | Eigi eru þat eindæmi segir *kongr*, bls. 677  
3 eðr vóru nockurir | atburðir er þar af leiddu. Lítið var þat, segir Ölver, | en í liði þeirra var úlfr  
einn, sá vildi rífa og bíta, | en ek skaut spjóti í gegnum hann, svo hann féll dauðr. | Þá bar at  
undarlega at menn vildu hefna úlfsins | kváðu hann verit hafa tamið alidýr ok hit mesta met | fé,  
6 á búgarði nockrum, ok vildu mik í helju hafa. Nú | fyrir fráleik minn komst ek ór höndum þeirra  
ok náði bát | einum ok lét frá landi, þetta var að kveldi dags ok myrk | ur ákomið, síðan gerði  
storm um nóttina svo ákaf | ann, at ek feck við ecki ráðit, bátinn sveyf at landi ok | hitti fyrir  
9 grunngangu við sker ok flúðir, lýkr svo at | hann brotnaði í spón, en mik bar á land með viðum |  
ódaudan at eins, ok lá þar um stund milli heims | ok helju, ok hrestist þá vonum fljótara eptir  
mikið | sjóvolk ok mannháska, ok reikaði svo á land upp | þóttist ek þá hirðr at öllu, með því at  
12 hitta menn þá er | vildu liðsinna manni komnum ór skipbroti; en þat | fór á annan veg, því þá er  
ég var skamt frá sjó | kominn kom at mér mannflochr er vildi ná lífi mínu | ok lýztu því at nú  
skyldu þeir hefna úlfsins grimlega | höfðu þeir fyrir flocki sínum alidýr eitt mikit ok | | illi legt er bl. 678  
15 þeir kölluðu vera skógarbjörn, var ok því | líkt sem hann væri nýlega kominn ór bæli sínu, þetta |  
grimma dýr sótti at mér ok vildi granda lífi mínu, | brá ek þá sverði mér til varnar, ok hjó í höfuð  
dýrinu | svo hausin kloffnaði ok fell þat dautt niðr. | Við þetta | espuðust menn þeir er dýrinu  
18 fylgðu, ok sóttu at `mér` með ofsa | ok grimd en ek flýða undan, ok sætti eigi áverkum | né  
vopnaskiptum við nockurn mann frammar en nú | var sagt, komst ek undan í skóginn, en síðan  
leitaði | ek á yðvarn fund herra! ok bið yðr dóm á leggja hvort | ek hafi unnit mér til óhelgi með  
21 drápi þessara alidýra | þar sem ek var með öllu saklaus, en átti hendr mínar | at verja, ok svo sem  
ek em nú kominn á yðar vald ok | miskun eptir mikin háska ok þrautir, mun ek þeim | dómi  
hlýta er þér uppkveðit. |

Sveinn *kongr* sat í háseti sínu ok hlíddi vand|lega á frásögn Ölvers, en síðan tók *kongr* til orða  
ok| mælti svo: úlfar ok birnir eiga engan rétt á sér ok| eru því réttdræpir hvar sem þeir hittast;  
3 nú með því at| vera kann at þú talir í líkingum, ok örvænt sé at| þú hafir villidýr drepit, teljum  
vér þó líklegt at þú| munir frá öllum atburðum satt segja, ok ef svo reyn| ist viljum vér þér bls. 679  
griðum heita, ok seg oss nú ætt| þína ok ævi til þessarar stundar. Ölver þackar *kongi* mildi| sína  
6 ok réttvísi, en síðan hóf hann sögu upp ok segir| frá ætt sinni ok óðali ok öllum atburðum til  
þess er| þá var komit, ok hermdi frá öllu rétt. En sem lokit| var mælti *kongr*: þú hefr Ölver!  
orðit mér at nockuru| ráðvísari, en fyrir þat má ek eigi orð mín aptr taka| þótt þú hafir gert mér  
9 skaða mikinn í drápi þeirra bræðra| var þér ok mikil vorkun er þú áttir at verja líf þitt, en| illa  
beiddr ok saklaus fyrir, en bragðvís maðr máttu| kallast, ok fyri því skaltu bragða Ölver nefnast.  
En| með líknar orðum vorum skal nú leggja fyrir þik| nockra þraut, er þú skalt af hendi leysa,  
12 mun þá annat|hvort at `þér' mun aukast frægð ok frami, ella muntu at engu| verða. Hver er  
þraut sú? sagði Ölver. Þú skalt, segir| *kongr*, fara sendiför mína ok finna mann þann er Áki|  
heitir, hann liggr við Jótlands strendr at vestan, ok| stýrir nockrum skipum, eru þau vel skiput  
15 at mönn|um og fjármunum, Áki er útlagi vor, ræningi illr| ok ódæll, ok svo er hann torsótttr at  
ecki festir járn| á hlífum hans né sjálfum honum, at því at sagt hefr verit;| þennan mann skaltu  
drepa ef þér verðr þess auðit. || Það er víst, sagði Ölver, at dýr seld verða mér griða| orð yðar bls. 680  
18 herra, þá er þetta verðr leist af hendi minni, ok| þó mun ek þessu játa með fulltýngi yðar. Til  
hvers mæl|ist þú? sagði *kongr*. Ölver mælti: þér skulit fá mér skip| ok menn at þat sé allvel  
skipað, ok mun ek þó eigi fjöl|menni með mér draga. *kongr* mælti: vér munum fá| þér einn  
21 knör með nockrum mönnum, ok mann einn| skulum vér fá þér þann er Sverrir heitir, mun þér  
at honum| góð fylgð í mannaunum. Ölver kvazt þá mundi til| hætta at fara þessa ferð, hversu  
sem tækist. Var þá bú|it skipið at vopnum ok vistum. Ok sem alt var búit| þat er þurftu at hafa,  
24 geck Ölver fyrir *kong* ok bað hann| leggja heilla orð með ferð sinni, ok þar með vilda ek| góð

---

10 beiddr] svo í hdr.

heilræði af yðr þiggja oss til velfarnaðar kongr | mælti: þat er mitt fyrsta heilræði, at aldrei skaltu  
nock | urn mann í trygðum svíkja. Þat annat: at þá er þú | hittir mann þann sem er þinn óvinur,  
3 þá skaltu aldri | höggva hann á helgum degi. Þat þriðja at hvar er | þú kemr í framandi land,  
skaltu aldrei glepja gipta | konu er fyrir þér verðr. Ölver þackar kongi heilræðin | ok kvazt rækja  
vilja; síðan gengr hann með mönn | um sínum á skip, draga upp segl, ok sigla frá | | landi (við) bls. 681  
6 hagstæðan byr. |

### V kap(ítuli)

Þat er nú frá Ölver at segja at hann siglir | sem leið liggr þar hann er kominn vestr fyrir Jótlands |  
9 skaga, ok siglir svo í vestrhafið allnærri landi, ok | þar er hann kemr við annes ok eyar spyrst  
hann fyrir | um Aka þar er hann hittir menn, en þat var lengi at eng | inn veit um hann. At lyktum  
fær hann þá fregn at Aki | illi hafi siglt frá Jótlandi fyrir átta dögum, ok haft á | orði at hann vildi  
12 ferðast um hit Eystrasalt. Ölver þykir | þetta illar fréttir telr Aka komin at fullu sér ór greyp | um,  
ok hann aldrei finna. Þat verðr þó hans ráð at sigla | austr, ok svo gerir hann, ok sem þeir eru  
komnir austr | í haf fá þeir byr góðan, ok létta eigi fyrr en þeir eru komn | ir | austr um Gautland  
15 ok þvínæst Svíþjóð, ok hvar | sem Ölver hittir menn á sjó eðr landi spyr hann eptir | Aka, en at  
litlu varð hann fróðari. J einum stað | var þat at menn hitta þrjú skip, er þat sögðu at þeir | vildu  
til Garðaríkis halda, en eigi vissu þeir hver var | farmaðr skipa þessara. Ölver íhugarmeð sér at  
18 þar | gæti Aki verit hafa, ok svo sagði Sverrir at hann | hefði heyrð þat sagt eptir Aka at hann vildi  
frá Dan | mörk fara þá er hann fengi sér viðkomit. Ölver sagði | | at eigi megi þar við nema, ok bls. 682  
siglum nú í Garða | austr segir hann. Nú gera þeir svo, ok fá enn hag | stæða veðrátt, segir eigi af  
21 ferð þeirra fyrr en þeir koma | við Garðaríki, fer Ölver nú at öllu heldr tómlaga ok | kemr allvíða  
ok fréttir þá ecki af Áka. Einn tíma er | Ölver genginn á land upp ok hittir bónda bæ einn | hét  
bóndinn Alfr, hann tók vel við Ölver, ok var hann | þar um nótt við góðan beina. Bóndi sagði  
24 Ölver | at þar við land hafi komit víkingr sá af norðr lönd | um er Aki var nefndr fyrir tveim  
mánuðum. En | Ölver spyr bónda hvort hann vissi hvar hann sé | nú kominn. Bóndi segir: at

norðr í landi séu tólf| bæir hver nærri öðrum, ok at Aki hafi sér bústað| tekið í einum þeirra, er þangat at fara tórsóttir vegr| fara má á skipum norðr með landi alt norðr undir| kirjálabotn, ok  
3 síðan á landi til bæjar Áka. Önnr| leið er styttri er liggir yfir Fagrheiði, en þann veg| vill enginn fara, því at þar búa spellvirkjar á þeim| vegi, skæðir ferðamönnum ok illir viðreignar;| Þar er ok skáli mikill við veginn, ræðr honum karl sá| er fæstir girnast at finna, sagt er at hann sé  
6 fjöl|kunnugr, hafa þar margir menn týnst ok horfit| | með öllu, vil ek fráráða þér at fara þá leið bls. 683 þótt skem|ri sé. Ölver þykir nú allvænt um þessa fregn ok þackar| bónda fyrir frásögu sína, lét hann þat uppskátt at| hann mundi á landi fara hina styttri leið þótt nockr| háski fylgði, taldi ok  
9 eigi síðr glæfralegt ofara á| skipi ókunnar leiðar en vetr fyrir hendi. Bónði| bað hann því ráða, áttu þar sjálfur mest í hættu. Ölver| bað bónda sjá um skipverja sína þar til hann kæmi| aprt ef þess yrði auðit, en Sverrir skal mér fylgja. Þessu| heitir bóndi. Ölver dvelzt þrjár nætr hjá Alfi  
12 bónda| við góðan beina; en fjórða daginn bjóst hann til| ferðar ok Sverrir með honum, vóru þeir allvel búnir at| vopnum ok klædum sem faung vóru til, kvöddu síðan| Alf bónda ok skildu með kærleikum.|

15 VI kap(ítuli)

Ölver heldr nú á stað árla morguns ok Sverrir með honum, þeir ganga þann dag allan, ok bar ecki til tíð|inda, þeir gengu yfir holt og hæðir ok þyckva skóga þess í| milli; um kveldit lögðust  
18 þeir undir eik eina ok búast| þar um ok eta náttverð, síðan sofna þeir ok sofa þá nótt| alla. Morguninn eptir er dagr sást á lopt komin, rísa| þeir upp ok birja ferð sína, ok halda áfram fullum| fetum allan þann dag, en sem líðr at aptni sjá þeir| | hús mikit á lengðar, þá var kalt í bls. 684  
21 veðri, ok gerði fjúk| ok dimmu er leið á kveldit, tóku þeir þá gang mikinn| ok ná húsi þessu áðr náttmyrkr féll á. Þetta hús var| skáli mikill ok rammgerr at sjá, ok stóð í skógar rjóðri| á litlum hól, bar því sýn at húsinu langt at; skálinn| var aprt luktr með sterkri járnsþang. Ölver tók ór|  
24 grópi slána ok hratt upp hurðinni, ok gengu þeir inn| ok litast um, þótti þeim þar vistlega fyrir búit, ok| sáu brátt at þar vóru manna híbýli, því eldr lifði á| arni innarlega í skálanum; þar skamt

frá var | sæng ein harla vel uppbúin, ok sæti þar hjá með dýn | um á varníngr margskonar var með  
öllum hlið | vegg skálans gegnt sænginni, var auðsýnt á öllu | at skálabúi mundi eigi snauðr vera.

3 Nú líðr lítil | stund þar til þeir heyra at stígið er þúngt til jarðar | úti fyrir, ok vonum fyrr er lokit  
upp skálahurðinni | ok gengr inn maðr sá var stór vexti ok illilegr und | ir brún at líta, hann var  
móðr mjök, þóttust þeir því | vita at hann hefr langt at gengit; allvel var hann búinn | at klæðum

6 ok vopnum. Ölver heilsar honum, en hann lét | sem hann heyrði þat eigi. Ölver mælti: þú munt  
hús | bóndi bjóða þeim vist sem fyrir eru komnir, ok svo | | fýsir oss at heyra nafn þitt ok hver þú bls. 685  
ert, en vér | erum þreyttir ferðamenn langt at komnir, ok bar oss | hér at húsi þessu. Þá anzar  
9 skálabúi ok segir heldr | bistr. Rauðr er nafn mitt ok em ek Háreksson, ætla | ek eigi þurfa at segja  
yckr meir af mínum högum. | Nú skulu þit vera hér í nótt; en þar eptir býr Rauðr | borð, ok bar  
á bjarnar slátr ok dryck, ok þótti þeim hann | skipa því kurteislega; síðan mælti hann til Ölvers:  
12 þat | er nú ráð at ganga til matar með förunaut þínum | en vita skulu þit at grið hafi þit eigi lengr  
en þar til | ek vakna á morgun er dagr lýsir, hefr enginn komist | undan minni hendi sá er ek hefi  
dauða ætlað. | Ölver verðr skapbrátt, hann mælti: mat og dryck | höfum vér nóg með oss, ok  
15 þurfum ecki at eiða þín | um kosti, en griðaheit þín þarftu eigi oss at bjóða | frammar en vér bjóðum  
þér. Síðan brá hann sverði | ok vill höggva til skálabúa. Rauðr stóð kyrr fyrir | og blés í móti  
högginu ~~svo~~ með svo miklum krapti | at sverðit hraut ór hendi Ölvers á skálagólfít, en | síðan  
18 hleypr Rauðr at skáladyrum ok rekr fyrir | þær sterka slagbranda ór jární, ok mælti: nú veit | ek  
víst at þit komist ecki burt ór skála mínum þó | | at þit við leitið sem eigi mun uggandi. Lítit bls. 686  
mun | um vér þar til leita, sagði Ölver. Sá mun ok yckr beztr | sagði Rauðr, at þér bíðit kyrrir  
21 yckar skapadægurs; | Ölver tekr sverð sitt ok geymdi; en Rauðr geck til | hvílu sinnar, leggst niðr  
ok sofnar fast. Þeir félagar bú | ast um í öðrum stað og breiddu feld á sik er skála | búi átti. Ecki  
verðr þeim félögum svefnsamt; spyr | Sverrir hvat nú væri til ráða. Þat eitt er til, segir | Ölver, at  
24 vér freistum at vinna á Rauð í nótt með | an hann er í svefni. Vansét er hvort þú vinnur á honum |

---

17 svo] leiðr. í hdr.

sagði Sverrir, hefr þú eigi vopn þat er á hann bítr, því | hann mun vera hinn versti galdrhundr.  
Ölver mælti: | Þat sagði fóstura mín er hón gaf mér sverðit at þat | mundi flest bíta þótt nockr raun  
3 væri. Svo má vera | sagði Sverrir, en manstu heilræði Sveins kongs er hann | sagði at aldrei skyldir  
þú þann mann svýkja er þér | trydi. Ölver mælti: telr þú Rauð í trygðum við oss, | er hann hefr  
lýzt því at hann ætlar ockr dauða þá er | hann vaknar á morgun. Nú mun ek þegar í stað til | hans  
6 ráða. Sverrir bað hann ráða. Þeir rísa nú upp ok | fara at öllu hljóðlega ok ganga at sæng Rauðs,  
þá | snýr hann upp ok hallast á vistri hlið. Ölver | | geck at sænginni djarflega, ok lagði sverðinu  
með | afli fyrir brjóst honum, ok geck í gegnum hann, svo at í | beðnum nam staðar. Rauðr brá  
9 vit snart við tilræðit | ok mælti: nú svíkr þú mik sofandi, ok þess skaltu gjalda, | síðan muntu taka  
fé mitt, ok þó skulum við eigi at þessu | skilja, því ek legg þat á þik, at nær er þú sér konu hvort |  
hón er gipt eðr ógipt skaltu fá til hennar svo sterka | ástar girnd, at hón skal þik at öllu yfirstíga,  
12 ok fáir þú | eigi náð vilja þínum með henni, skaltu af hugarstríði líf | it láta. Í öðru lagi skulu þau  
mín ákvæði á þér hrína | at þá er þú ert staddr í mestum mannháska í bardaga | at verja líf þitt,  
skal sverð þitt ecki bíta, utan einn nakinn | maðr hlaupi undir sverðit. Ölver þótti nú nóg  
15 ummælt | ok hjó á háls honum, var þat ærit fult banasár, ok lét Rauðr | þar líf sitt; því næst tóku  
þeir hræ hans, ok brendu upp | til kaldrar ösku. En eptir `þat` leggjast þeir niðr í sæng | Rauðs,  
ok sofa nú vært þat sem eptir var nætrinnar | þar til bjart var af degi. |

18 VII kap(ítuli)

Þeir félagar rísa upp um morguninn ok | taka klæði sín, kanna því næst skálan, vóru þar mikil |  
auðæfi af flestum hlutum. Síðan fá þeir brotist út | ór skálanum með miklu erviði, en þar eptir  
21 byrgja þeir | | skálan aptr ramlega, ok skilja þar við, en halda á | fram ferð sinni, hafa þeir allmiklar  
tafir fyrir þat, at | þeir vóru ókunnugir, en vegrinn torsótt ok faumfarinn | tóku nú við hæðir  
hálsar ok fjöll, ok lágu þá úti svo | dægum skipti, ok hafa ecki skýli yfir sér. Einn dag fara | þeir  
24 um skóg mikin ok þyckan er þeim þótti seint taka enda; | þó kom þar at sá skógr þrýtr, þá líta  
þeir bæjarþorp fyrir | sér standa á fögrum velli við elfu eina eigi vatnsmikla | Þessi bær var vel

settr, ok þó eigi mikill, en fagrt var þar | umhorfs at líta. Skamt frá skóginum í milli ok bæ | jarins  
 stóð tjald eitt hvítt sem traf; úti fyrir tjaldinu | stóðu nockrir menn. Þeir Ölver koma þangat ok  
 3 kasta | kveðju á þá. Þeir tóku þeim ok þó seinlega, ok verður | þeim fátt at orðum. Ölver spyr  
 hver eigi þat hit fagra | tjald. En þeir svara fáu þar til, eðr því at Ölver mætti | þar af nockut ráða  
 eða vísari verða. Ölver snýr frá | mönnum þessum, ok geck inní tjaldit, þar sér hann sitja | konu  
 6 eina á stóli, eigi var þar fleyra manna. kona | þessi var svo fríð ásýndum, ok fagrlega búin at  
 Ölver | hafði aldrei slíka sét um sína æfi. Ölver heilsar | henni. Hón tók *honum* vel ok glaðlega.  
 Ölver fellir svo | mikla ást til kvinnu þessarar at með aungvu móti fær | | hann stýrt sjálfum sér, bls. 689  
 9 né sefað þann girndarbruna | er hlaupinn var í hugskot *hans* ok hjarta, vill nú fyrir hvern | mun  
 fá konu þessa til samlags ok samfara. Ok nú spyr hann | konu þessa at nafni. En hón kvazt  
